Alþingistíðindi

1899.

B.

UMRÆÐUR Í NEÐRI DEILD.

Reykjavík.
Ísafoldarprentsmiðja
1899.

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. eða brtill. eða brt. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. eða e. h. = einu hljóði.
flutnm. eða flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsm. eða frsm. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. eða háttv. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög (laga)
lagafrv. eða lfrv. = lagafrumvarp.
landsh. eða ldsh. eða lh. = landshöfðingi.
Nd. = neðri deild.
skrif. = skrifari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. eða sþ. = samþykt.
till. = tillaga.
t. = til.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Árn. = þingmaður Arnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyarsýslu.
þm. Rangv. = þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvk. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmanneyasýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu.
þskj. eða þgskj. = þingskjal.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

FYRSTI FUNDUR, laugardag 1. júlí. Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Björn Sigfússon, 1. þm. Húnv.
3. Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
4. Eiríkur Gíslason, þm. Snæf.
5. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand
6. Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
7. Halldór Daníelsson, þm. Mýr.
8. Jens Pálsson, þm. Dal.
9. Jón Jensson, þm. Rvík.
10. Jón Jónsson, þm. A. Sk.
11. Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.
12. Jón Þórarinsson, 2. þm. G.-K.
13. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
14. Ólafur Briem, 1. þm. þm. Skagf.
15. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
16. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangv.
17. Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múl.
18. Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísf.
19. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árn.
20. Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
21. Þórður Guðmundsson, 2. þm Rangv.
22. Þórður Thoroddsen, 1. þm. G.-K.
23. Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.
24. Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árn.

Samkvæmt áskorun landshöfðingja gekk þá elzti þm. deildarinnar, Sighv. Arnason, 1. þm. Rangv., til forsetasætis og stýrði hann kosning forseta, og kvaddi sér til aðstoðar Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu, og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyjafjarðarsýslu.

Forsetakosning féll þannig, að lektor *Þórhallur Bjarnarson*, þingm. Borgfirðinga, var kosinn með 12 atkvæðum. Sigurður Gunnarsson, 1. þingm. Suður-Múlasýslu, fekk 11 atkv.

Því næst var kosinn varaforseti, *Jón Jensson*, þingm. Reykvíkinga, með 12 atkvæðum; Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árnesinga, fekk 9 atkvæði.

Skrifarar voru kosnir Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu, með 22 atkv., og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga með 13 atkv. Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaftfellinga, fekk 9 atkv.

ANNAR FUNDUR, mánudag 3. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að skrifstofustjóri væri ráðinn cand. theol. Steingrímur Johnsen, og skrifarar á skrifstofunni landshöfðingjaskrifari Brynjólfur Þorláksson og cand. phil. Pétur Hjaltested, og skrifarar hér í deildinni cand. theol. Jóhannes Sigfússon og amtsskrifari Hjálmar Sigurðsson.

Landshöfðingi lagði fram af hendi

stjórnarinnar þessi lagafrumvörp, er síðan var útbýtt meðal þingdeildarmanna:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1900—1901.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898—99.
3. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1896—97.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897.
5. Frv. til laga um skipun læknahéraða á Íslandi o. fl.
6. Frv. til laga um brú og ferju á Lagarfljóti.
7. Frv. til laga um viðauka við lög 13. apríl 1894 um vegi.
8. Frv. til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

Þá lét forseti útbýta ráðgjafabréfi viðvíkjandi boðskap konungs til alþingis (5. tbl. Stjórnartíðindanna 1899, B deild).

Breyting á yfirsetukvennalögunum.

FRUMVARP til laga um breyting á yfirsetukvennalögum 17. des.br. 1875 (C. 23); 1. umr., 5. júlí.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Þótt mál þetta kæmi til umræðu hér á þingi 1897, og sætti þá þeim forlögum að vera felt, þá hef eg eigi að síður ásamt öðrum háttv. þingdm. (Þorl. G.) leyft mér að bera nú fram fyrir h. deild frumv. í líka átt.

Öllum er það kunnugt, að það eru ekki svo lítil laun, sem þessum flokki embættismanna landsins — að eg komist svo að orði — eru greidd; sömuleiðis er mönnum það kunnugt, að þau eru greidd úr sýslusjóði. En nú vita menn, að sívaxandi fara bæði álögur á sýslusjóðina og peningavandræði manna. Af þessum ástæðum hafa komið fram almennar raddir um, að færa laun yfirsetukvenna yfir á landssjóð. Eg veit, að það má færa þá mótbáru gegn því, að lítið sé unnið við þetta, því að það séu þó landsmenn, sem verði að borga í landssjóðinn. En þar er þó þess að gæta, að það reynist hægra, að ná inn þeim gjöldum, sem í landssjóð eiga að ganga, en sýslusjóðsgjöldum. Það er komið svo, að það leiðir því nær til vandræða, að ná inn öllu því fé, sem í sýslusjóð á að ganga; það væri því æskilegt, að þessu gjaldi yrði af þeim létt. Það virðist ekki heldur nema eðlilegt, að landssjóður taki það að sér, með því að hér er um gjald að ræða, sem hlutfallslega snertir svipað land alt, og er næsta líks eðlis, eins og laun læknanna, sem, eins og kunnugt er, eru greidd úr landssjóði.

Mál þetta mun ekki margbrotnara en svo, að varla gjörist þess brýn nauðsyn, að nefnd sé skipuð í því; vil eg því að eins óska, að það fái að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 5 atkv.

Önnur umræða, 7. júlí.

Einar Jónsson: Eg get ekki annað en verið á móti frv. þessu eða breytingum þeim, sem hér er farið fram á, því eg álít ekki rétt, að leggja þær fjárgreiðslur á landssjóð, sem eftir eðli sínu heyra til hinum einstöku héruðum, og ekki rétt að íþyngja landssjóði með þeim gjöldum, sem honum ættu að vera óviðkomandi. Þess er og að gæta, að þó að þessum gjöldum yrði komið á landssjóð, þá sleppa landsmenn auðvitað ekki við að gjalda þau til hans. Breytingin verður að eins sú, að menn verða á einhvern hátt að greiða honum gjaldið í peningum, en gætu greitt það með innskriftum til kaupmanna, ef í sýslusjóð ætti að greiða, og komið þannig að

greiðslu í vörum óbeinlínis. Það er eins og kunnugt er, að sýslumenn sýna oft þá lipurð í viðskiftum við gjaldendur til sýslusjóðanna, að þeir fá að greiða gjöld sín í innskriftum í reikning sýslumanns hjá kaupmönnum, og svo getur sýslumaður einnig oft komið því við, ef hann er lipur maður, að greiða gjöld þau úr sýslusjóðunum, er greiða skal til sýslubúa, í milliskriftum milli reikninga, og geta laun yfirsetukvenna stundum greiðst þannig. Á þennan hátt getur það því beinlínis orðið til þæginda fyrir gjaldendur, að laun yfirsetukvenna séu framvegis greidd úr sýslusjóðum, eins og hingað til hefir átt sér stað. Eg vildi því óska, að hætt yrði við frumv. þetta og að það fengi ekki frekari framgang.

Þorldkur Guðmundsson: Oss flutnm. frumv. þessa kemur það ekkert óvart, þótt mótbárur komi fram gegn frumv., því við slíku má ætíð búast, þótt um gagnlegt nýmæli sé að ræða. Vér getum þó ekki gjört mikið úr mótbárum h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), eða álitið ástæður hans á miklum rökum bygðar. Það getur að sönnu verið, að ástand manna á Austurlandi sé þannig, að menn eigi þar hægt með að greiða gjöld í innskriftum til sýslusjóðanna, og að gjaldheimtumenn taki það gilt; en því er ekki að heilsa sunnan- og austanlands, því þar er efnahagur almennings þannig, að fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti verið neitt aflagsfærir úr reikningum sínum upp í greiðslur til sýslusjóðanna, þar sem verzlunarskuldir manna eru svo miklar, að þeim veitir oft næsta örðugt að fá nauðsynjar sínar. Vanalega mun því og þannig varið, að hrepparnir geta ekki greitt gjöld sín til sýslusjóðanna í innskriftum, heldur verða að greiða þau í peningum, og eru einmitt krafðir um þetta gjald í peningum, og yfirsetukonur munu eiga fulla kröfu til að fá það greitt í peningum. En þó svo færi, að frumv. þetta fengi ekki framgang á þessu þingi, þá er það, að öllum líkindum, ekki annað en tímaspursmál þangað til það fær framgang, að yfirsetukonum verði greidd laun sín úr landssjóði, enda eru laun yfirsetukvenna að eins ein grein af læknalaunum, og er því eðlilegt, að þau séu greidd úr landssjóði, eins og læknalaunin; og þó landssjóður hafi í mörg horn að líta, þá stendur hann þó betur að vígi með greiðslur en einstakir menn og sýslufélög og fær margar tekjur viðsvegar að, enda mætti afla honum tekjur með því að leggja toll á ýmsar óþarflegar og skaðlegar vörur, sem fluttar eru til landsins og eru til einkis annars en eyða fé fávíss og glysgjarns almennings, og skaðlegar fyrir heilsu og líf manna.

Landshöfðingi: Eg verð að taka undir með h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), að eg álít frumv. þetta óheppilegt, og betur farið, að það fari ekki lengra en komið er, og að því verði ekki vísað til 3. umr. Eg er algjörlega mótfallinn stefnu þeirri, sem kemur fram í máli þessu, að vilja flytja þau gjöld yfir á landssjóð, sem eftir eðli sínu og gildandi lögum eru sveitamálefni og eiga þá að greiðast úr sveitasjóðunum. Það er nú þegar búið að koma ýmsum gjöldum af jafnaðarsjóðunum yfir á landssjóð, og nú á sami rekspölurinn að byrja með því að demba gjöldum sýslusjóðanna yfir á landssjóðinn líka. En að hér sé um sveitastjórnarmál að ræða, sést ljóslega bæði af tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, og líka af yfirsetukvennalögunum frá 17. des. 1875. Eg verð að telja hættulegt og viðsjárvert, að demba nýum og nýum gjöldum á landssjóð. Eg tala hér ekki um gjöld þau, sem greidd eru í eitt skifti fyrir öll, svo sem þegar lands-

sjóður hleypur undir bagga með sýslusjóð til framkvæmdar vegabótum, sem sýslusjóður er ekki fær um af eigin ramleik. Slík útgjöld koma ekki fyrir nema einu sinni, en hér er um gjald að ræða, sem á að greiða á ári hverju, og er slíkt varhugavert, hvar lendir á endanum, þar sem jafnframt koma stöðugt fram tillögur um, að klípa af tekjum landssjóðs. Og gjald þetta er heldur ekkert smáræði, sem hér er um að ræða. Nú sem stendur munu vera að minsta kosti nokkuð á þriðja hundrað yfirsetukonur, því þegar yfirsetukvennaumdæmin voru stofnuð fyrst, voru þau 160, en þeim hefir verið talsvert fjölgað síðan, svo nú munu vera töluvert á 3. hundrað yfirsetukonur, og yrði frv. þetta að lögum, væri það því sama sem fast tillag úr landssjóði um 15000 kr. væri greitt árlega til sýslusjóðanna, og verð eg að segja, að munar þó minna sé.

Enn er eitt atriði, sem gjörir uppást. þessa allsendis óaðgengilega. Eftir yfirsetukvennalögunum eiga amtsráðin að ákveða tölu yfirsetukvennaumdæmanna í sýslu hverri eftir tillögum sýslunefnda, eða með öðrum orðum, að sveitastjórnirnar fá að ákveða, hvað mikið fé landssjóður á að greiða til yfirsetukvenna árlega, en þingið hefir ekkert atkvæði í því máli, úr því það í eitt skifti fyrir öll hefir ákveðið, að laun yfirsetukvenna skuli greidd úr landssjóði. Þegar svo væri komið, er eg hræddur um, að yfirsetukvennaumdæmunum færu, töluvert að fjölga. Því það sem til þessa hefir valdið því, að þau hafa ekki fjölgað miklu meira, er það, að laun yfirsetukvenna eru greidd úr sýslusjóði, en þegar landssjóður ætti að borga, er eg hræddur um að sýslunefndir hikuðu ekki við að fjölga umdæmunum, ef til vill, fram úr öllu hófi.

Eg verð því að vera algjörlega mótfallinn frumv. þessu, og þótt 2. þm. Arn. (Þorl. G.) hóti því, að frumv. þetta skuli koma þing eftir þing, og spái því, að ekki líði á löngu áður það verður samþykt, þá er hann ekki svo spámannlega vaxinn, að hann geti sagt slíkt fyrir með nokkurri vissu. Eg skal geta þess, að þegar lögin frá 17. des. 1875 voru fyrir þinginu í fyrsta sinni, kom einn þm. með sömu uppást., um að laun yfirsetukvenna væru greidd úr landssjóði, og það var einmitt þm. úr sama kjördæmi og nú, nefnil. Rangárvallasýslu, en þá var uppást. feld með yfirgnæfandi atkvæðafjölda í Ed., og enginn hreyfði við henni í Nd. Síðan hefir uppást. þessi legið í þagnargildi um 24 ár, og verði hún feld nú aftur, tel eg meiri von þess, að hún fái enn að hvíla sig um nokkur ár, áður bryddir á henni á ný.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Eg hefi ekki miklu að bæta við ræðu þá, er eg hélt við 1. umr. þessa máls. Þar sem eg tók greinilega fram ástæðurnar fyrir því, að frumv. þetta væri komið fram, og þar sem frumv. gekk með miklu atkvæðamegni til 2. umr., vonast eg til, að mótbárur þær, er komið hafa fram við þessa umræðu, muni ekki breyta skoðun h. þingdeildarm. Við 1. umr. sýndi eg ljóslega fram á, af hvaða ástæðum frumv. væri komið fram, og að áskoranir hefðu komið frá mörgum þingmálafundum um að hreyfa þessu máli, og er því ekki ástæða til, að endurtaka það. —

Mótmælum þeim, sem komu frá h. 1. þm. N.-Múlas. (E. J.) hefir meðflytjandi minn svarað að fullu og öllu; en hvað ræðu hæstv. landsh. snertir, þá vil eg ekki neita því, að hún hafi við rök að styðjast, að því leyti, að fyrirkomulag það, sem hér er farið fram á, verður til þess, að íþyngja nokkuð landssjóði; en eg hef líka tekið fram, að þar sem gjöldin hvíla á landsmönnum, þá ætti

það að vera undir þeim sjálfum komið, hvort þeir vilja heldur greiða þau í landssjóð eða sýslusjóð.

Þar sem hæstv. landsh. óttaðist það, að syslunefndir mundu verða óhlífnar í því, að fjölga yfirsetukvennaumdæmum, ef laun yfirsetukvenna væru borguð úr landssjóði, þá verð eg að álíta slíkt getsakir, sem hafi ekki við veruleg rök að styðjast, því reynslan sýnir, að syslunefndir eru vanar að vera fremur sparar á fjárveitingar, og mundu því ekki fremur vilja íþyngja landssjóði. En væru yfirsetukvennaumdæmi of fá í einhverri sýslu, þá álít eg það sannarlega nauðsynlegt, að þeim væri fjölgað, því það má segja með fullum sanni, að það varði líf og heilsu manna, að hafa nægar og góðar yfirsetukonur, ekki síður en hæstv. landsh. fórust orð um daginn um læknana, þegar læknaskipunarmálið var hér til umræðu.

Eg vona því, að ræða hæstv. landsh. hafi ekki þau áhrif á háttv. þingd., að hún breyti atkv. sínu, sem hún gaf máli þessu við 1. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. feld með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Benidikt Sveinsson,
Halldór Daníelsson,	Guðjón Guðlaugss.
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Jens Pálsson,
Sighvatur Árnason,	Jón Jensson,
Þórður Guðmundss.,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Þorl. Guðmundsson.	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen.

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Frumv. var þar með fallið.

Kjörgengi kvenna.

FRUMVARP til laga um kjörgengi kvenna (C. 34); 1. umr., 8. júlí.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Þetta frumv. er að öllu leyti samhljóða frumv. því, sem samþykt var á þinginu 1897, en sem stjórnin hefir þrisvar sinnum synjað staðfestingar.

Þingið hefir því gert þetta mál að sínu máli, og þar sem eg hefi áður verið flutningsmaður þessa máls, áleit eg mér skylt, að bera það fram enn á ný.

Finn eg ekki ástæðu til, að tala meira fyrir málinu, því eg vona, að allur þingheimur sé á því, að það eigi að fá framgang.

Eg óska því að eins, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Önnur umr., 11. júlí.

ATKV.GR.: Frumv.greinin samþykt með 13 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhljóða atkv.

Þriðja umr., 13. júlí.

Landshöfðingi: H. flutnm. frv. þessa (Sk. Th.) gat þess í ræðu sinni undir umr. um annað mál í gær, að eg hefði áður lýst því yfir, að eg væri ekki mótfallinn þessu frumv., en hefði þó lagt á móti því við stjórnina. Eins og kunnugt er, var mál þetta fyrst samþykt á þingi 1893. Að sönnu var það borið upp árið 1891, en var þá kæft í nefnd í Ed. Þegar frumv. var fyrir þinginu

1893, mælti eg á móti því í báðum deildum, og tók það sérstaklega fram, að mér virtist það að eins vera tildur, úr því engar raddir hefðu komið frá kvenfólkinu sjálfu um þau réttindi, sem hér er farið fram á að veita, eða konur óskuðu eftir frekari pólitiskum réttindum. Aftur á móti gat eg þess á þinginu 1895, að eg væri ekki frumv. mótfallinn í sjálfu sér, án þess þó að eg lofaði að veita því meðmæli mín við stjórnina, eða að minsta kosti man eg ekki til að mér hafi farist þannig orð.

Hvað till. mínar við stjórnina í máli þessu snertir, get eg vitnað í Stjórnartíðindin 1896, 15, bls. 236., að eg alls eigi hef mælt á móti frumv. En eg tók þar fram, að óskir hafi komið til þingsins 1895 frá fjölda íslenzkra kvenna um aukin pólitisk réttindi, sérstaklega að því er snertir kjörgengi við þær kosningar, sem ræðir um í frumv., án þess eg hafi haft frekari ummæli, heldur hef eg skotið því til stjórnarinnar, hvernig hún færi með málið, án þess að leggja þar með eða móti.

Eg skal í þetta sinn taka það fram um frumv. þetta, að eg er því alls ekki mótfallinn, en mér finst það þýðingarlítið, og get eg því ekki lagt með því, bæði af því að eg álít, að það sé ekki til neins, þar sem stjórnin hefir tvisvar neitað því um staðfesting, og hins vegar af því, að eg álít það til lítilla bóta.

Eg held ýmsir h. þm. greiði atkv. með frumv. fremur af vana, en þeir álíti, að það sé til verulegra bóta. Eg álít, að það geti ekki gert skaða, en að það geri ekki heldur neitt gott. Eg hef viljað taka hér fram afstöðu mína í þessu máli, og að mér finst það vera tildur og ekkert annað, og sem engin áhrif hafi hvorki til góðs né ills. En vilji þingið halda áfram að samþykkja frumv., þá verður það að vera þingsins sök, þótt það viti fyrirfram, að það má ekki búast við að, frumv. fái staðfestingu. Slíkt verður að vera á þingsins valdi, en eg ætla ekki að blanda mér í það.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg álít ástæðulaust, að fara nokkuð að þrátta um framkomu hæstv. landsh. gagnvart frumv. þessu að undanförnu, því að um hana má dæma bæði af Stjórnartíðindunum og Alþingistíðindunum; skal eg því að eins geta þess, að þar sem hæstv. landsh. gat þess, að frumv. væri ekki til bóta, þá er bæði eg og aðrir á annari skoðun en hann, því vér lítum svo á, að bæði í sveitamálum og í pólitiskum málum væri það til bóta, að kvenfólk fengi að fjalla um þau, með því að kvenfólk hafi að eðlisfari ýmsa þá eiginlegleika, sem síður ber á hjá karlþjóðinni, og því sé nauðsynlegt, að hvað bæti annað upp, og hjálpist að í opinberum málum, sem í öðru.

Eg hefi áður tekið það fram, þegar rætt hefir verið um þetta mál, að það mundi hafa mjög góð áhrif á meðferð sveitamála, að greindar og ráðsettar konur í sveit, sem eru sjálfum sér ráðandi, t. d. ekkjur, ættu að fjalla um fátækramál, sérstaklega að því er snertir ráðstafanir um uppeldi og fræðslu fátækra barna, því til þess eru konur yfir höfuð betur, mun betur fallnar en karlmenn; en í þessu máli, sem fleirum, höfum vér rekið oss á það, hve óþægilegt það er fyrir oss, að ráðgjafi Íslands er jafnframt dómsmálaráðherra í Danmörku; því að það, sem aðallega mun hafa skapað máli þessu aldur hjá stjórninni, er það, að ráðherrann mun hafa óttast, að ef hann veitti Íslandi meira frelsi í þessu efni en Danir hafa, mundi honum verða slegið því í nasir, að hann væri ekki sjálfum sér samkvæmur, þar sem hann stæði á móti því í Danmörku, sem hann styddi á Íslandi;

en þar sem málið um réttindi kvenna er nú komið á dagskrá í Danmörku, og þar sem þar getur orðið stjórnarbreyting á hverri stundu, og sú stjórn þá máske til valda komist, er lítur á mál þetta alt öðrum augum en núverandi stjórn, þá væri það mjög illa farið, ef þingið hafnaði nú frumv. þessu.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en er þess fullviss, að h. deild muni afgreiða málið frá sér með miklum atkvæðafjölda, eins og hún hefir áður gjört.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í heild sinni með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Tugamál og tugavog.

FRUMVARP til laga um tugamál og tugavog (C. 50); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jensson): Þetta frumv., sem eg og annar h. þm. (Ó. Br.) höfum leyft okkur að bera fram, er ekki nú í fyrsta sinn hér fyrir h. deild, því að það var einnig borið hér upp á þingi 1897; var því þá fremur vel tekið, en, eins og eðlilegt var, varð það ekki leitt til lykta, því að það var svo seint borið upp. Frumv. er nú í sama formi og þá, og óbreytt að öðru leyti en því, að fyrirsögninni hefir verið breytt eftir bendingu, sem þá kom fram.

Aðalástæðan fyrir því, að við höfum borið þetta frumv. fram, og mælumst til þess, að það fái framgang, er sú, að vér erum þess vissir, eins og eg gjöri ráð fyrir að aðrir séu, að mál þetta muni fyr eða síðar komast á.

Tugamálið mun nú vera komið á í öllum löndum Norðurálfunnar, nema Danmörku og Rússlandi; því má og vænta þess, að það hljóti einnig að komast bráðlega á á Íslandi, og eg sé enga ástæðu fyrir oss Íslendinga, að bíða eftir því, að það komist á í Danmörku, og vér höfum því meiri ástæðu til að hraða oss að koma því á, sem verzlunarviðskifti vor eru engan veginn eingöngu við Danmörku bundin, heldur og að miklum mun við þær þjóðir, sem þegar hafa tekið upp tugamálið: Norðmenn og Englendinga. Lögleiðsla tugamálsins mundi því verða til þess að greiða fyrir viðskiftunum við þjóðir þessar.

Það sem helzt kynni að vera á móti því, að samþ. frumv. þetta, og það sem helzt kynni að verða því til fyrirstöðu, að það fengi konunglega staðfestingu, er þetta, sem eg drap á, að tugamál hefir enn eigi verið lögleitt í Danmörku, en það má búast við, að lög í þessa átt verði samþykt þar þegar minst varir, og þá væri einmitt mjög heppilegt, að frumv. þetta lægi þar fyrir sem lög frá alþingi, er gætu náð staðfestingu um leið og breytingin kæmist á í Danmörku. Og þótt svo færi nú, að Danir semdu eigi lög um þetta á næsta tveggja ára bili, þá sé eg ekki, hvaða ástæða gæti verið fyrir stjórnina að synja lögleiðslu tugamálsins hér á landi; slíkt ætti í engu að geta komið í bága við hagsmuni Dana. Skal eg svo ekki mæla fleira fyrir frumv. þessu að sinni, en vona að það fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Eg get verið samþykkur h. flutnm. (J. Jenss.) í því, að í sjálfu sér væri það æskilegt, að hið franska tugamál og vog yrði lögleitt hér á landi eins og orðið er í flestum öðrum löndum Norðurálfunnar, en eg er ekki samdóma um það, að neina brýna nauðsyn beri til að hrapa að því að lögleiða það þegar í stað. Eg álít að það sé ekki hagkvæmt, að lögleiða það hér, á meðan það er hvorki lögleitt í Danmörku né á Englandi, þeim löndunum, sem vér höfum mest viðskifti við. Eg kannast nefnilega ekki við,

að mál þetta og vog sé enn lögleitt í Englandi, þótt að eins sé leyft, að brúka það þar. Það gæti gjört töluverðan glundroða í viðskiftum vor og Dana, að hvor þjóðin hefði sína vog og sitt mál, hvort öðru ólíkt.

Eitt er það, sem vantar í frumv. þetta, sem eitt út af fyrir sig mundi gjöra ómögulegt að staðfesta það, eins og það liggur fyrir. Það er nefnilega, eins og það nú er orðað, óframkvæmilegt. Það er meiningarlaust, að skipa mönnum að nota tugavog og tugamál, án þess að sjá þeim fyrir slíkum vogum og málum; stjórnin hlýtur að hafa á reiðum höndum handa mönnum þessi áhöld. Það er alls ekki gjört ráð fyrir því í frumv., hvernig stjórnin eigi að fara að því, að útvega handa oss nægar birgðir af metramálum og tugavogum og mælikerum; slíkt gæti orðið örðugt fyrir, þó ákvæði væru um það í frumv., á meðan þetta mál og vog er ekki lögleitt í Danmörku, en hvernig sem á er litið, þurfa einhver ákvæði að vera um þetta atriði í frumvarpinu.

Eftir öllum atvikum get eg alls eigi búist við, að frumv. þetta mundi ná staðfesting stjórnarinnar, þótt það yrði samþykt hér á þingi.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Hæstv. landsh. hefir þegar tekið það fram, að frumv. þetta muni ekki ná staðfesting konungs að þessu sinni, en þrátt fyrir það getur verið ástæða til, að ræða málið nú; það getur orðið til að skýra það og flýta fyrir því síðar meir; þó vil eg ekki að svo stöddu stinga upp á, að nefnd sé skipuð í því, þótt eg álíti það að vísu hagkvæmt, ef málið á að ganga lengra.

Þegar málið var hér fyrir á síðasta þingi og mér þá hlotnaðist að komast í nefnd þá, sem skipuð var í því, þá var það eitt atriði, sem mér gat ekki komið saman um við h. meðnefndarmenn mína, sem nú hafa gjörst flutningsmenn frumv. þessa; það voru hin nýu nöfn á vogar- og málseiningum, sem frumv. vill lögleiða. Ef vér ætlum að fara að víkja frá fornri vog og máli og leggja niður hin gömlu nöfn á því, sem sum hafa haldist við alt frá því, er land vort bygðist — ef vér ætlum að gjöra þetta, þá finst mér þó betur við eiga, að velja í stað þeirra önnur góð og gild íslenzk nöfn, en eigi útlend, og eg hygg það heppilegast, að koma þessum nýu íslenzku nöfnum inn í meðvitund alþýðu þegar frá upphafi, jafnframt breytingunni.

Eg veit að tillögur þær, sem eg kom með í þá átt, hafa sætt all-mikilli mótspyrnu, og einhver Eyfirðingur hefir tekið sér fyrir hendur, að reyna að gera gys að þeim; segir hann, að torvelt muni að finna öllu óheppilegri orð en eg hafi valið. En því miður kemur hann ekki með neitt annað í staðinn; honum hefir ekki þóknast að láta í ljós hinn heppilega nafnaforða, sem kann að hafa geymst í djúpi sálar hans, ef þar hefur þá ekki alt verið galtómt. Eg mun vel treysta mér til að sýna, að nöfn mín voru engu fráleitari né óheppilegri en önnur slík nöfn, sem mynduð hafa verið í útlöndum, eða tíðkast hafa að fornu fari; en ýmsum kann í fljótu bragði að þykja þau óviðkunnanlegri en útlend nöfn af sama tægi, sökum þess, að útlenda málið hylur frummerkinguna fyrir þeim. Eg tek það fram, að mér finst þinginu næsta óskylt, að löghelga útlend orð í tungu vora; það verða nógir aðrir til þess, þótt það gangi undan. Eg skil ekki í því, að brýn þörf sé fyrir oss, að lögleiða hin útlendu nöfn á máli og vog, þótt þau gangi all-víða um Norðurálfu. Íslenzkan er svo orðauðug og svo vel fallin til að mynda ný orð, að það virðist allsendis óþarft fyrir oss,

að grípa til útlendu orðanna. Það getur enginn skaði verið, þótt íslenzku nöfnin séu tekin upp og reynd; reynslan fær þá að skera úr, við hvort menn fella sig betur og hvort ber sigur úr býtum, íslenzku nöfnin eða hin útlendu. Það er ekki eins dæmi, þótt vér tökum upp íslenzk nöfn á tugamálinu og tugavoginni í stað hinna útlendu; bæði Hollendingar og Grikkir hafa gjört hið sama, og þótt Grikkir sé smáþjóð, eru þeir einhver helzta verzlunar- og siglingaþjóð í Austurheimi. Englendingar og Rússar, tvær hinar stærstu þjóðir heimsins, halda enn sínu gamla máli og vog; ekki finst þeim bráð nauðsyn á að breyta því, og í raun réttri ætti oss ekki að vera vandara um en þeim, að bíða enn um stund með breytinguna. Eg tek það enn upp: eg held það verði nógir til að taka upp útlend orð, þótt þingið sneiði hjá því. Það getur verið, að sumir telji það framfaramerki, að taka upp útlend orð, sem víða eru tíðkuð, en þá væri framfarirnar býsna-auðfengnar, því að þetta getur hver ónytjungurinn, og þótt ýmsir nýtir menn kunni líka að eiga þátt í því, þá er þeim það til lítilla sæmdar, að spilla tungunni, og það situr sízt á þinginu, sem á að vera vörður íslenzkrar tungu og íslenzks þjóðernis, að stuðla á nokkurn hátt að slíku.

Vér megum ekki víkja eitt strik — eða, eins og h. flutningsm. frumv. þessa kynni að vilja komast að orði, ekki einn »millimetra« — frá því, að heiðra og vernda forntungu vora, og aldrei leiðast til þess að löghelga útlend orð, þar sem hjá því verður komist. Ræktarsemi við tungu vora og þjóðerni mun aldrei standa í vegi fyrir framförum vorum, heldur þvert á móti ræktarleysið við alt, sem íslenzkt er.

Eg vil að lokum skjóta því til h. flutningsm. (J. Jenss. og Ól. Br.), hvort þeim virðist ekki full ástæða til að taka það til alvarlegrar íhugunar, að rétt muni að setja íslenzk nöfn á vog og máli í stað hinna útlendu í frv. þessu, hvort sem það nú kynnu að verða nöfn þau, sem eg hef stungið upp á, eða þá að önnur kynnu að finnast, sem heppilegri þættu.

Flutningsmaður (Jón Jensson): Hæstv. landsh. gat þess í ræðu sinni, að frv. þetta mundi ekki geta öðlast konunglega staðfestingu, þótt það yrði samþ. hér á þingi, og færði hann nokkrar ástæður fyrir því, hví svo mundi fara. Skal eg nú leyfa mér að athuga dálítið ástæður þessar og ræðu hæstv. landsh. yfir höfuð. Hann gat þess, að það væri ekki rétt hermt, að tugamál væri lögleitt á Englandi. Eg get fallist á það, að því leyti að það er ekki skylda að brúka það þar, en leyfilegt er það þó, svo að því leyti er það alveg rétt, sem eg tók fram áður, að tugamálið væri lögleitt þar. Það gera ekki heldur lög þessi stórum þýðingarminni, þótt tugamálið sé ekki lögboðið á Englandi. Aðalatriðið er það, að Englendingar, sem við höfum svo mikil viðskifti við, þekkja tugamálið mikið betur en vort mál og vog, og er því miklu greiðara að nota það í viðskiftum við þá en vort mál.

Hæstv. landsh. sagði, að það eitt mundi nægja til að verða málinu til falls, að stjórnin mundi ekki geta framkvæmt lögin, kæmust þau á, vegna þess, að því er mér skildist, að sú stofnun í Danmörku, sem á að hafa umsjón með vog og máli í ríkinu, hefði enga skyldu til að skifta sér af tugamálinu og jafnvel eigi föng á því. Mér finst það sannarlega nokkuð hart, ef það ætti að verða því til hindrunar, að vér gætum komið á tugamáli hér á Íslandi, ef þessi stofn-

un í Danmörku, sem einnig er skyld að annast vog og mál að því er oss snertir, — ef hún vill ekki eða getur ekki annast þessa breytingu fyrir oss. En þó nú svo væri, að þessi stofnun álitist ekki skyldug að ljá oss stoð til þess að koma breytingunni á, þá sé eg enga ómöguleika fyrir stjórnina á því, að vera sér annarsstaðar í útvegum með hinar nýu vogir og mæla, sem vér þurfum á að halda. Eg get ekki annað skilið en að danska stjórnin gæti útvegað þetta hjá stjórn einhvers þess ríkis, sem þegar hefir komið breytingunni á hjá sér.

Eg hafði einmitt hugsað rækilega um það, hvort þetta atriði mundi geta orðið frumv. að falli, áður en hæstv. landsh. benti á það, og hafði komist að þeirri niðurstöðu, að slíkt mundi ekki geta átt sér stað; mér finst það satt að segja hrein hégómaástæða, að bregða slíku fyrir sig, og eg skil ekki, hvað stjórninni á að geta gengið til þess, að setja sig á móti lögleiðslu metramáls hér á landi, ef það á annað borð er álitið hagkvæmara en það, sem vér nú höfum.

Þótt hæstv. landsh. hafi tekið heldur dauft í málið og gefið litlar vonir um, að það muni fá byr hjá stjórninni, vona eg eigi að síður, að hann gefi því meðmæli sín, ef það fer sem lög héðan frá þingi.

Í frumv. er ekki sagt annað en að konungur skipi nákvæmar fyrir um, að lögin komist í framkvæmd, en það leiðir af sjálfu sér, að ef ráðstafanir stjórnarinnar hafa kostnað í för með sér, þá verður sá kostnaður að greiðast af Íslandsfé; vér þurfum ekki í því að vera neinir beiningamenn Dana og eigum ekki að vera það. Hér verður hvort sem er ekki um neina stórupphæð að ræða.

Eg get ekki stilt mig um að benda á það, að það virðist koma dálítið kynlega við, ef stjórnin færi að setja sig mjög á móti frumv. þessu, þar sem hún þó hefir sjálf við haft tugamálið hér á landi, t. d. við mælingu á vegum; þetta frumv. er því í fullu samræmi við fyrirskipanir stjórnarinnar, og miðar að því að koma þessum fyrirskipunum í samræmi við mál vort að öðru leyti. Það má beinlínis búast við því, að ef það er stjórnin ein, sem notar tugamálið hér á landi, þá muni almenningur lítt skilja í áteiknunum þeim, er hún nú lætur gera á kílómetrasteina sína.

H. þm. A.-Sk. (J. J.) talaði um, að hann kynni betur við, að nöfnin á máli og vog væru innlend orð; og skal eg gjarna játa, að slíkt væri æskilegt, ef að eins tækist að finna heppileg orð og jafnleiðbeinandi eins og hin útlendu þó eru; en eg hef ekki getað séð, að nafnaval hans í hitt eð fyrra væri svo heppilegt eða praktiskt, að keppandi væri eftir að lögleiða það.

Landshöfðingi: Út af orðum h. flutnm. (J. Jenss) skal eg taka það fram, að það hafa nýlega farið fram bréfaskriftir milli mín og stjórnarinnar um það, hvort tími væri kominn til að lögleiða metramálið hér á landi, og endalyktirnar á bréfaskriftum þessum hafa orðið þær, að stjórnin áleit, að það ekki væri gjörlegt, að leggja fyrir þingið frumv. í þessu efni, fyr en búið væri að lögleiða metrakerfið í Danmörku. Eg get heldur ekki fallist á, að búið sé að lögleiða tugamálið á Englandi. Eg veit að sönnu, að það er leyft, en í praxis er notað yard, en ekki metri, og enskt pund en ekki kilogram, og um þetta sannfærðist eg, þegar eg var staddur á Skotlandi ekki alls fyrir löngu.

Til þess að frumv. þetta gæti fengið framgang eða orðið framkvæmanlegt, þyrfti stjórnin að hafa talsverðan undirbúning, því hún yrði að útvega justeraða

tugavog og metramál handa öllum, sem óskuðu þess, en nú er það heimtað af kaupmönnum, að þeir hafi jústerað mál og vog; því annars sæta þeir hegningu. En þegar lögleiða á nýa vog og nýan mæli, úrheimtir það töluverða fyrirhöfn og hefir nokkurn kostnað í för með sér, þar sem stjórnin er skyld til að hafa jústeraða vog og mæli handa öllum, er æskja þess.

Svo sem kunnugt er, áttu flest ríki Norðurálfunnar og Ameríku fund með sér í París árið 1872, eftir óskum frönsku stjórnarinnar, til að gjöra ákvarðanir um lögleiðslu metramálsins. Var þar samþykt, að franska stjórnin skyldi hafa til normalmeter og normalkilogram, sem allir gætu farið eftir, og sem þau ríki, er tóku þátt í fundinum, gætu fengið eftirmynd af, til þess að láta smíða eftir jústerað mál og vog. Skömmu síðar en þetta var, skipaði danska stjórnin nefnd til að íhuga, hvort ekki ætti að lögleiða metramálið í Danmörku, og lagði nefndin til, að svo væri gjört. Síðan hefir stjórnin lagt þetta mál tvisvar sinnum fyrir ríkisþingið, en það hefir ekki orðið á eitt sátt enn sem komið er, og er þó stjórnin enn þá málinu sinnandi.

Normalmálin eru búin til að $^9/_{10}$ hlutum úr platínu og $^1/_{10}$ hluta úr iridium, sem eru ærið dýrir málmar, og er því all-dýrt að koma þessu á. Það er því ekki nóg að segja, að stjórnin skuli gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir frumv. til framkvæmdar. Því þingið þarf líka að veita það fé, sem þarf til þess, að koma málinu til framkvæmda; en það er ekki nóg að gefa nokkurs konar almenna heimild til að taka kostnaðinn, hversu mikill sem hann svo yrði, úr landssjóði. Til þess að nokkur von sé, að frumv. þetta ætti að geta fengið framgang, mundi þurfa að stofna nýa jústeringsstofu, og það líklega hér á Íslandi, og fá frá Frakklandi normalmetr ann og normalkilogramm, og veit eg þó ekki, hvort franska stjórnin mundi vilja láta það í té handa Íslandi, sem ekki telst í sérstakra ríkja tölu.

Þar sem frumv. þetta hefir talsverðan kostnað í för með sér, má ganga að því vísu, að framkvæmdarvaldið geti ekki komið því í verk, nema fjárveitingarvaldið veiti fé það, er með þarf; að öðrum kosti er ekki að tala um, að frumv. verði samþykt.

Eg vil geta þessa, til þess að þingið sé ekki að eyða tíma sínum í að ræða mál, sem ekki eru líkur til, að geti borið nokkurn árangur.

Flutningsmaður (Jón Jensson): Mér finst h. landsh. gera of mikla grýlu úr vandræðum þeim, sem séu á framkvæmdunum á frumv. þessu. Eg skil ekki annað en að stjórnin geti gert samning við aðrar stjórnir, t. d. frönsku stjórnina, um, að fá frá jústeringsstofunni í París bæði löggilt mál og vogir, svo ekki þurfi að setja upp sérstaka jústeringsstofu í því skyni, og gætum vér látið oss nægja það, sem vér fengjum frá Frakklandi fyrir milligöngu stjórnarinnar. Mér finst það því vera grýla, að segja, að vér þurfum allar þær ráðstafanir og allan þann kostnað, sem landsh. talar um.

En þótt nú svo væri, að töluverður kostnaður væri á því, að koma lögum þessum í framkvæmd, er frumv. ekki dauðadæmt fyrir það, og eg álít rétt, að þingið samþ. það fyrir því, og vér bíðum svo átekta, hvort stjórnin synjar því staðfestingar, sem eg get ekki búist við, og það því síður, sem stjórnin hefir áhuga á því, að koma lögum þessum á í Danmörku, eins og hæstv. landsh. tók fram. Má því búast við, að frumv. verði þá og þegar lögleitt í Danmörku, og það jafnvel ef til vill á komanda vetri, og þá er öll fyrirstaða horfin fyrir stað-

festingu þessa frumv. Eg sé því ekki, að það sé að sjálfsögðu til að eyða tíma þingsins að óþörfu, að samþ. frumv., þar sem búast má við, ef til vill, að Danir samþ. bráðlega lög um þetta efni, og enda hvort sem svo verður eða ekki, skil eg ekki að vér þurfum endilega að binda oss við þá í þessu máli.

Valtýr Guðmundsson: Eg er á sama máli og h. flutnm. (J. Jenss.), að eg álít heppilegt, að komið væri á tugamálinu hér á landi, en mér finst hann gjöra það að of miklu kappsmáli, þar sem komin er fram skýlaus yfirlýsing h. hæstv. landsh. um, að stjórnin muni ekki vilja staðfesta frumv. að svo stöddu, og lögin mundu hinsvegar hafa töluverðan kostnað í för með sér, meðan þau eru ekki komin á í Danmörku. Mér finst til all-mikils ætlast hjá h. flutnm., að Danir fari að setja upp sérstaka »justerings«-stofu fyrir oss. Auðvitað mætti hafa þá aðferðina, sem h. flutnm. benti á, að fá áhöldin erlendis, t. d. á Frakklandi, en mér finst það þó nokkuð óviðkunnanlegt. Fyrst það hefir sýnt sig, að stjórnin hefir áhuga á málinu, má búast við, að hún leggi það fyrir þingið, jafnskjótt og það verður samþ. í Danmörku. (*Jón Jensson*: Eftir 2 ár). Það er ekki víst, að það gæti ekki orðið fyr, og þó svo yrði, þá sé eg ekki neina hagsmuni í hættu, þótt það drægist svo lengi. Mér finst það óviðkunnanlegt, að þingið fari að samþ. mál, sem það veit fyrirfram, að ekki muni fá framgang. (*Jón Jensson:* Hver veit það?). Jú, fulltrúi stjórnarinnar hefir lýst því yfir, og eg hef ekki ástæðu til að efa orð hans. Eg vildi því óska, að h. flutnm. vildi taka frumv. aftur, því það er leiðinlegt fyrir þm. að greiða atkv. móti því, þar sem eg veit, að flestir muni því fylgjandi. Eg skora því á h. flutnm. að taka frumv. aftur, svo hann setji ekki þm. í slíka klípu.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að gjöra dálitla athugasemd út af ræðu h. þm. Vestm. (V. G). Hann byggir svo mikið á þeirri yfirlýsingu stjórnarfulltrúans, að frumv. þetta verði ekki samþ., að eg get ekki varist að lýsa því yfir, að mig furðaði stórum að heyra slíka ræðu hér í þingsalnum. Hvað mig snertir, verð eg að segja, að eg get ekki bygt svo mikið á þeirri yfirlýsingu hans, því þess eru mörg dæmi, að um frumv. hefir farið alt öðru vísi en stjórnarfulltrúinn hefir gefið í skyn hér á þingi, þar sem það bæði hefir komið fyrir, að frumv. hafa verið staðfest, þó hann hafi hótað, að þeim yrði synjað staðfestingar, og á hinn bóginn hefir þeim frumv. verið hafnað, sem hann hefir þózt ætla að veita meðmæli sín. Það er því ekki mikið að reiða sig á slíkar yfirlýsingar hér á þingi af stjórnarfulltrúans hálfu, og verður að mínu áliti yfir höfuð réttast að líta svo á, sem stjórnin sé fulltrúalaus hér á þinginu, og nægir í því efni að vísa á framkomu stjórnarfulltrúans í stjórnarskrármálinu á síðasta þingi, þar sem ljóst er orðið, að yfirlýsingar hans um vilja ráðherrans í því máli voru þá beinlínis villandi fyrir þingið.

Þá verð eg og að mótmæla því, að Íslandi komi það nokkuð við, hvað löggjöf Dana í þessu efni líður, þar sem mál þetta er algjörlega sérmál Íslands, og stjórn Íslands sérstöku mála þarf ekkert tillit að taka til þess. Hér er eingöngu um íslenzkt sérmál að ræða, og að varpa því fram, að vér eigum að bíða eftir danskri löggjöf um sams konar efni, verð eg að meta sem móðgandi fyrir þingið, og þm. óskylt, að taka nokkurt tillit til þess.

Landshöfðingi: Eg verð að leyfa mér, út af ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) að neita því afdráttarlaust, að eg hafi nokkuru sinni lýst því yfir, að það eða

það mál yrði ekki samþ. af stjórninni, nema áður lægi fyrir skýr yfirlýsing hennar í því efni, og mér þætti gaman að biðja h. þm. að benda mér á dæmi þess, að eg hafi hiklaust sagt, að frumv. yrði ekki staðfest, sem hafi öðlast staðfestingu. Heldur ekki hef eg nokkuru sinni fullyrt, að þetta og þetta frumv. yrði staðfest, án þess að hafa vissu fyrir mér í því efni. Hitt er annað mál, að eg hef stundum látið í ljósi, hvort eg mundi leggja með staðfestingu eins eða annars frumv. eða ekki, og þá kannast eg ekki við, að eg hafi nokkurn tíma lofað frumv. fylgi mínu, en síðan lagt á móti því við stjórnina. Orð h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) eru því digurmæli, sem ekki hafa við rök að styðjast.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Eg ætla að taka það fram út af ræðu h. þingm. Vestm. (V. G.), að það er misskilningur, að byggja svo mikið á yfirlýsingu hæstv. landsh, án þess að mér detti í hug að vefengja orð hans. — Yfirlýsing hans var þannig orðuð, að hún snerti að eins þá hliðina, hvort sjórnin sjálf vildi leggja frumv. fyrir þingið, meðan lög um þetta efni væru ekki komin á í Danmörku, og það er alt annað en að gefa vissu fyrir því, að stjórnin vildi ekki staðfesta frumv. þetta á næstu 2 árum, því verði lög um þetta efni samþykt í Danmörku á þessu tímabili, þá væri hægt fyrir stjórnina, að gefa bæði lögin út samhliða hvor öðrum. — Þótt frumv. væri samþykt, gæti aldrei farið ver en svo, að stjórnin synjaði því staðfestingar, en frumv. mundi þó sýna, að þingið óskar eftir þessum lögum, og það væri því hvöt fyrir stjórnina, að taka málið upp, hvenær sem færi gefst, og leggja frumv. þess efnis fyrir þingið jafnskjótt og lög þess efnis yrðu samþykt í Danmörku.

Hvernig svo sem eg lít á málið, þá á deildin að minu áliti að samþykkja frumv.

Skúli Thoroddsen: Út af áskorun hæstv. landsh. vil eg svara honum því, að ræða hans bar þess ljósan vottinn, að hann hyggur þingið all-gleymið, ef hann hyggur, að það skyldi ekki muna eftir því, að hann t. d. lýsti yfir því árið 1895, hvað eftir annað, og í báðum deildum þingsins, að fjárlögin frá því þingi mundu ekki verða staðfest af konungi, ef fjárveiting ein, sem við báðir könnumst við, yrði samþykt. — (*Landshöfðingi*: Hvar stendur það?) Það stendur í Alþingistíðindunum, svo sem umræðurnar um fjárlögin sýna. Á hinn bóginn lofaði hæstv. landsh. á síðasta þingi, að leggja meðmæli sín með læknaskipunarfrumv.; en ekki var það þó staðfest af stjórninni. (*Landshöfðingi*: Eg sagði ekki, að það yrði staðfest, heldur að eg vildi mæla með því). Þá hefur hæstv. landsh. lýst því yfir hér á þinginu, að hann væri meðmæltur frumv. um lagaskólastofnun, og lofaði að mæla með staðfestingu þess; en engu að síður varð þó raunin sú, að hann mælti gegn staðfestingu, er hann afgreiddi málið til stjórnarinnar. Sama er að segja um frumv. um kjörgengi kvenna, sem hæstv. landsh. á síðasta þingi lýsti yfir, að hann hefði ekkert á móti, að yrði að lögum, en sem hann lagði þó á móti við stjórnina, og fekk synjað staðfestingar.

Þetta hygg eg nægja, þótt leitinni sé ekki lengra áfram haldið, til þess að sýna, að þau orð voru eigi ófyrirsynju mælt, að stjórnin væri sama sem fulltrúalaus hér á þinginu.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 14 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Klemens Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Benidikt Sveinsson,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.
Jón Jensson,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Jónss., 2. þm. Eyf.	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Þórður Thoroddsen.	Sighvatur Árnason,
	Sigurður Gunnarss.
	Tryggvi Gunnarss.
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Löggilding Suðureyrarmala.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu (C. 27); 1. umr., 7. júlí.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Frumv. þetta er svo einfalt mál, að mér virðist óþarfi, að fara um það mörgum orðum. Flyt eg það eftir ósk kjósenda minna í Súgandafirði, en þar hagar svo til, að þaðan er mjög örðugt að sækja til verzlunar. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum, sem ilt er yfir að fara, hvort sem farið er yfir Botnsheiði til Ísafjarðar eða til Flateyrar yfir Klofningsheiði. Sjóleiðin til Ísafjarðar er aftur á móti of löng til þess, að hún geti orðið notuð, og sjóleiðis til Flateyrar er að eins farið, þegar bezt er veður um sumartímann, og eru Súgandafjarðarbúar útilokaðir frá verzlun um mestan hluta ársins. Höfn er þar einhver hin ágætasta, svo sem víðast hvar á Vestfjörðum, enda kemur gufubáturinn »Skálholt« þangað í hverri ferð, þótt þar sé ekki löggilt höfn, og fjöldi útlendra og innlendra fiskiskipa leitar þar hafnar í stormum og illviðrum, og önnur skip, sem fara þar hjá. Eg vona því, að eg þurfi ekki að eyða hér um mörgum orðum, og að þingið muni fylgja sömu stefnu og áður í þess konar málum, og læt mér því að eins nægja, að óska, að málið fái að ganga til 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Eg veit, að það muni ekki vera til neins, að tala í þessu máli til að mæla á móti því, því það er orðin svo gömul venja hjá þinginu, að löggilda verzlunarstaði hvar sem óskað er eftir, hversu ómögulegar sem hafnirnar eru. Hingað til hafa menn þó látið sér nægja, að löggilda voga og víkur, en nú á að fara að löggilda «malir«, og það í Súgandafirði. Þessi höfn verður víst góð, »malir í Súgandafirði«. Það er ekki gott að vita, hvar þetta lendir á endanum. Eg vil biðja h. þm. að hugleiða, að nú er búið að löggilda 46 verzlunarstaði á ýmsum stöðum, síðan þingið fekk löggjafarvald, eða fekk þessa löggildingasýki, og víðast hvar án þess að nauðsynlegar upplýsingar lægi fyrir, hvort þessir staðir yrðu notaðir til verzlunar eða ekki. En reynslan hefir nú sýnt, að að eins 20 eru notaðar enn af þessum 46, og þó að eins mjög lítið sumir, meira að segja að sumir þessara svonefndu verzlunarstaða eru fremur til ógagns en gagns. Eg get tekið til dæmis, að mér var sagt nýlega af kunnugum manni um einn af þessum nýlega löggiltu verzlunarstöðum á Austfjörðum, sem eg ekki hirði að nefna, að þar hafi verið blómleg Bakkusarverzlun næstliðinn vetur, en aðrar vörur en vínföng höfðu ekki verið þar til; hafi sjómenn því verið þar druknir dögum saman. Eg tek þetta fram vegna þess, að í lögum frá 7. nóv. 1879 er fastakaupmönnum leyft að verzla með alls konar vörur, hvar sem er kringum land alt, að undanskildum vínföngum. Furðar mig því á, að Good-Templarar og bindindismenn skuli vilja styðja þessar löggildingar, sem að eins

eru vínsölu og vindrykkju til eflingar. Enn fremur furðar mig á því, að þeir sem vilja hækka og fjölga tollum, skuli vera þess styðjandi, að bæta við nýum höfnum til verzlunar; því lítil trygging er fyrir því, að tollgæzla geti verið svo í lagi fari í smá-verzlunarholum á útkjálkum.

Eg tók eftir því um daginn, að h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) treysti sér ekki að mæla nema mjög dauflega með löggilding verzlunarstaðar á Norðurfirði. Eg held því enn sem fyrri, að rétt sé fyrir þingið, að breyta stefnu í þessu máli og hætta við þessar löggildingar, sem að minsta kosti flestar eru til lítils gagns fyrir landið, og sumar til ógagns. —

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Mér kom nokkuð óvart, að heyra mótmæli h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.). Við flutning þessa máls fylgi eg fram áskorun, sem gjörð var til mín á fundi í Súgandafirði, og eg gjöri það fúslega, þar sem eg veit, að hér um nauðsynjamál fyrir hérað það að ræða, og má því h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) ekki furða sig á því, þótt eg taki þetta tillit til kjósenda minna, þar sem hann vildi ekki greiða atkvæði gegn kjósendum sínum í málinu, sem síðast var hér í dag fyrir háttv. þingd.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gerði gaman að því, að nú ætti ekki að löggilda voga og víkur, heldur einnig malir. Til upplýsingar því skal eg geta þess, að Suðureyri er stór jörð, og væri því óheppilegt, að löggilda alla jörðina til verzlunar. Varð því að velja til löggildingarinnar að eins dálítinn hluta jarðarinnar, og þá liggur næst, að velja til þess Malirnar. Því þar er gott byggingarstæði og fiskiverkunarpláss og skipalægi ágætt. Gufubáturinn »Skálholt« liggur þar í hverri ferð, og hefir skipstjórinn einmitt valið þennan stað fyrir skipalægi, og tel eg það meðmæli mikið, því skipstjórar á skipum hins sameinaða gufuskipafélags eru vanalega varkárir með hafnir þær er þeir leggjast á, enda hefir aldrei hlekst þar á skipi í manna minnum, og koma þangað þó inn fjöldi útlendra og innlendra skipa, sem flýa þangað inn undan hafgörðum, enda er lítill krókur þangað inn, þar sem höfnin liggur svo nærri almennri leið.

Væri því heppilegt, að verzlun væri á þessum stað, svo skip gætu fengið þar nauðsynjar sínar, og efni til viðgjörðar, ef sjóskaða bæri að höndum.

Það er satt, að þingið hefir löggilt marga staði og enda stundum kannske farið nokkuð langt í þeim sökum. En eg vil leggja áherzlu á það, að eg álít rétt að löggilda sem víðast, og láta svo reynsluna skera úr, hvar löggildingin getur orðið að notum, eða heppilegast væri til verzlunar. Að vísu er það satt, að óregla getur komið upp við stofnun nýrra verzlunarstaða, en slíkt sannar ekki það, að löggildingar-principið sé rangt, heldur að eins þá gömlu setningu, að mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera. En að neita um löggilding nýrra verzlunarstaða fyrir þá sök, að hugsanlegt sé, að það geti valdið óreglu og verið misbrúkað, að nýir verzlunarstaðir komi upp, dugir alls ekki, og mundi það verða til að hefta allar framfarir.

Viðvíkjandi rétti kaupmanna eftir lögunum frá 1879 til að spekúlera hingað og þangað kringum landið, þá hefir reynslan sýnt, að slík lög koma ekki Súgandafirði að neinum verulegum notum. Súgandafjörður er að eins einn hreppur og það fremur fátækur hreppur. Er þar landbúnaður lítill og sjávarútvegur aðal-atvinnuvegurinn, sem

auðvitað getur verið stopull. Er því eðlilegt, að kaupmenn hiki við að fara spekúlantsferðir þangað. Þeir geta hugsað, að annar kaupmaður hafi farið þangað á undan sér, og þá sé ekki að vænta mikillar verzlunar á ekki fjölbygðari stað en Súgandafjörður er. — Þannig geta liðið mörg ár, sem spekulant sést ekki koma þangað, en það er bæði of örðugt og hættu undirorpið, að sækja á opnum bátum fyrir Núpa og Sauðanes milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar.

Ekki get eg heldur gert mikið úr mótbárum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um örðugleika þá, sem væru á tolleftirlitinu, og að löggilding nýrra verzlunarstaða væri vegna þess varhugaverð, þegar allir tollar eru krafðir eftir skipsskjölunum eins og nú á sér stað; örðugleikinn verður þá að eins fólginn í því, að sýslumaðurinn þarf að taka á móti fleiri skjölum en áður. Annars mun innan skamms reka að því, að hætt verði að láta sýslumenn hafa tollheimtu á hendi, enda þarf ekki lögfræðing til slíks, því margur leikmaður er fær um að gjöra það. Eg held því, að það sé of mikil grýla, sem gjörð er úr tolleftirlitinu, því að vandinn verður ekki annar með það en að fela það einhverjum greindum og áreiðanlegum manni gegn ákveðnu hundraðsgjaldi í innheimtulaun, sem ef til vill þyrfti reyndar að vera nokkuð hærra en sýslumenn fá nú fyrir innheimtuna.

Eg þykist nú hafa svarað flestum mótbárum h. 1. þm. Árn. (Tr.G.) og vona að þær falli flestar um sjálfa sig. En mig furðar á, að hann skyldi ekki koma með mótbárur sínar, þegar ræða var um löggilding Norðurfjarðar, þar sem öll atvik benda á, að hér sé meiri nauðsyn til löggildingar en á Norðurfirði, sem liggur afar-nærri verzlunarstaðnum á Reykjarfirði, og á Norðurfirði er strjálbygt mjög, en aftur á móti þéttbygt á Súgandafirði.

Guðjón Guðlaugsson: Til upplýsingar þessu máli skal eg geta þess, að eg kom á Súgandafjörð fyrir hálfum mánuði með gufubátnum »Skálholt«, og er það rétt hermt, að þar hlýtur að vera mjög örðugt til verzlunar, því fjörðurinn er luktur háum fjöllum á þrjá vegu, en löng og örðug sjóleið þaðan bæði til Önundarfjarðar og Ísafjarðar. Aftur á móti er það ekki allskostar rétt, að skipstjórinn á »Skálholti« hafi sjálfur valið að koma á þessa höfn, heldur er báturinn neyddur til að koma þangað samkvæmt samningum þeim, sem gjörðir hafa verið við þingið, af hálfu gufuskipafélagsins. Sagði skipstjórinn á »Skálholti« mér, að hann vildi helzt að Súgandafjörður væri strikaður út úr áætluninni, því þangað væri vanalega sárlítil fragt, og oft ekki nema 1 bréf að flytja þangað. Aftur á móti óskar skipstjórinn eftir, að Norðurfirði verði bætt inn í áætlun strandbátsins, en Reykjarfirði slept í þess stað, því bæði er styttra inn á Norðurfjörð en Reykjarfjörð, og þar að auki meiri bygð þar en við Reykjarfjörð, þar sem að eins eru 2 bæir, enda hefir báturinn komið þrisvar á Norðurfjörð, án þess það standi á áætluninni. Aftur á móti álít eg rétt að löggilda Súgandafjörð vegna þess, hve þar er fjöllum lukt, og ferðir örðugar þaðan fyrir íbúana, bæði á sjó og landi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 2.

Önnur umr., 10. júlí.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 16 atkv. gegn 3.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 12. júlí.

ATkV.GR.: Frumv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Ed.

Löggilding Norðurfjarðar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandarsýslu (C. 21); 1. umr., 5. júlí.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Frumv. þetta er sams konar og mörg önnur löggildingafrumv., sem fyrir þingið hafa hafa komið. En það er í fyrsta sinn, sem eg hef flutt slíkt frumv. hér inn á þing.

Það er venjulegt að lýsa ástæðunum fyrir því, hvers vegna farið sé fram á nýar löggildingar, og skal eg ekki með öllu bregða út af þeirri venju. Á þeim stað, sem hér ræðir um, er höfn mjög góð, og einatt griðastaður fyrir skip; auk þess má svo heita að það sé alveg í leiðinni, þegar farið er fyrir Strandir, að koma þar við; miklu minni krókur að koma þangað en að fara inn á Reykjarfjörð, eins og stærri skipin þó gjöra. Það er þegar byrjað að byggja þar hús til að reka í sveitaverzlun, svo að það má telja það sjálfsagt að þar þurfi ekki að bíða eftir því, að föst verzlun komist á fót. Það er ósk sveitarmanna, að löggilding þessi fáist, og samkvæmt þessari ósk hef eg flutt málið hér inn á þing. Að öðru leyti vil eg að þessu sinni helzt vera laus við að lýsa skoðun minni á því, hvort mikil fjölgun verzlunarstaða muni vera holl fyrir landsmenn eða eigi. En eftir undanfarandi venju vona eg og verð að telja sjálfsagt, að frumv. þetta verði samþykt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14:4 atkv.

Önnur umr., 7. júlí.

ATKV.GR. Frumv.gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 10. júlí.

Jón Jensson: Eg hefi litið illum augum hingað til á starf þingsins í löggilding nýrra verzlunarstaða, og það gladdi mig mjög á síðasta þingfundi, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) mælti enn sem fyrri nokkur vel valin orð gegn löggildingunum. Hann kallaði þessa aðferð þingsins »löggildingaveiki«, og er það sannarlega réttnefni, og þessi veiki er svo næm, að hún hefir tekið hvern þm. af öðrum, og það jafnvel þm., sem áður hafa haft þá skoðun, að rétt væri að sinna ekki löggildingunum, svo að nú eru þeir sjálfir farnir að biðja um nýar löggildingar. Þetta er að nokkru leyti skiljanlegt, að þingið hefir komist inn á þessa braut, þegar sumir menn halda því fram, að rétt væri að löggilda alla strönd landsins til verzlunar í einu.

Eg álít þetta ekki rétta stefnu af þinginu, og því hefi eg staðið upp til þess að mæla á móti henni, því eg álít, að þessi löggildingarstörf eyði tíma þingsins til einkins og tefji fyrir öðrum nauðsynlegum og nytsamari störfum. Mín skoðun er sú, að þessar löggildingar gjöri beinlínis ilt eitt. Ástæður þær, sem flutnm. þessara löggildingarfrumv. koma með fyrir þeim, eru vanalega lítils virði, og grípa þeir vanalega það fyrsta, sem þeim dettur í hug, til þess að geta þó sagt eitthvað, sem eigi að réttlæta löggildingarnar. — Þeir segja t. d. að staður sá, er þeir vilja fá löggiltan, sé svo fjarri kaupstöðum, að ómögulegt sé fyrir menn þar, að ná í nauðsynjar sínar. Þessi ástæða er ekki á marga fiska,

þegar þess er gætt, að allir kaupmenn, sem reka hér fasta verzlun, mega hafa spekulantsverzlun hvar sem þeir vilja kring um land alt, enda er það ott venja, að þeir sendi skip með nauðsynjavörur til viðskiftamanna sinna. Þessi ástæða með fjarlægðina frá kaupstað er því skinástæða ein. Auk þess koma strandferðabátarnir víða þangað, sem ekki eru löggiltar verzlunarhufnir og geta menn fengið vörur með þeim. — Stundum er það líka gjört að ástæðu, fyrir löggildingu, að á landi sé svo ljómandi gott fiskiverkunarpláss. — Þá kemur ein ástæðan, sem eg vil kalla ljóta ástæðu, og hún er sú, að með því að löggilda höfn sé hægara til að fá skip vátrygð til að flytja vörur þangað, og vilja menn því blekkja vátryggingarfélögin með löggildingunni. Þetta kalla eg samvizkulausa ástæðu, enda kemur hún oss sjálfum í kollinn, því reynist svo, að »autoriseraðar« hafnir séu óhæfar, verða vátryggingarfélögin varkárari, og það verður dýrara en ella mundi, að senda skip til hafna á Íslandi, og það enda þótt til góðra hafna sé.

Þetta eru nú helztu ástæðurnar, sem formælendur löggildingarfrumv. færa til, og eg er sannfærður um, að þeir frambera þær fremur til þess að segja eitthvað, en að þeir telji þær nokkrar ástæður, enda hef eg ekki í seinni tíð heyrt neinar nýtilegar ástæður fyrir löggilding nýrra verzlunarstaða.

Eg vil biðja menn að athuga, að það er varasamt fyrir þingið, að leika sér að löggildingunum. Enda kom sú skoðun fram á síðasta þingi, og mun vera skoðun flestra landsmanna, að rétt sé að fækka sölustöðum áfengra drykkja. Kom sú skoðun fram í frumvarpsformi á síðasta þingi, og nú er lagt frv. þess efnis fyrir þingið frá stjórninni, og margir landsmenn knýa fast á, að gjörðar séu enn frekari ráðstafanir og eggja þingið enn lengra í þessu efni. Þetta frv., sem liggur fyrir þinginu frá stjórnarinnar hálfu, gengur út á það, að auka örðugleika á því, að áfengissölustaðir aukist í landinu, en löggildingarnar ganga einmitt í gagnstæða átt. Því það sem þessir smá-verzlunarstaðir hafa fram yfir sveitaverzlanirnar er einungis það, að þá er þar leyfð verzlun með áfenga drykki. Þingið gerir því með löggildingunum það, sem í þess valdi stendur, til þess að fjölga þeim stöðum, þar sem verzla má með áfenga drykki. Eg skoða svo, að þegar þingið samþykkir löggildingu nýrra verzlunarstaða, þá fari það þvert ofan í þá skoðun, sem það lét uppi á síðasta þingi, því það er langt um hættulegra að dreifa áfengissölustöðunum á marga staði en þótt margir áfengissölustaðir séu á sama verzlunarstað. Þá myndast samkepnin milli verzlananna innbyrðis, en þegar komið er upp þessum sm-áverzlunarstöðum, er dreift út áfengissölunni og komið á fót aumum og skaðlegum einokunarholum, sem að eins eru mönnum til skaða og niðurdreps.

Eg finn ekki ástæðu til að tala mikið um þetta frv. sérstaklega, sem hér liggur fyrir, en fullyrði að eins, að það muni ekki fremur nauðsynlegt en flest önnur löggildingarlög verzlunarstaða, og ræð eg það af því, að h. flutningsm. (Guðj. Guðl.) mælti mjög dauflega með því, og er hann þó góður þingmaður fyrir kjördæmi sitt.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg finn ekki sérlega ástæðu hjá mér til að svara mörgum orðum ræðu h. þm. Reykv. (J. Jenss.), og kemur það til af því, að eg er að mörgu leyti á sömu skoðun og hann í því, að fjölgun verzlunarstaðanna sé landinu til skaða og byggi eg það á þeirri reynslu, að þar sem nýir verzlunarstaðir hafa risið

upp, hefir það valdið vanþrifum í búskap manna og velmegun manna farið hnignandi.

En orsökin til þess, að eg greiði atkvæði með nokkrum löggildingum og sér í lagi til þess, að eg gaf kost á að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að eg sé að það munar minstu í þessu tillitu, hvort hætt er að löggilda hafnir eða eigi, eða hefir jafnvel enga þýðingu, því á hverjum þeim stað, sem er gott skipalægi og að öðru leyti er svo lagaður, og liggur þannig, að verzlun getur þrifist á honum, þar kemur ný verzlun, ný óþrifahola í þeirri grein, undir nafninu sveitaverzlun, ef löggilding er ekki fáanleg, og eg sé engan mun á afleiðingum of margra sveitaverzlana og of margra löggiltra kauptúna, og ef löggjafarvaldið vill hefta fjölgun verzlunarstaða vegna hinna reyndu og óheppilegu afleiðinga, þá þarf það engu síður að hefta hina stjórnlausu fjölgun sveitaverzlana, sem sýnist ganga langt fram yfir allar nauðsynjar, eins og t. d. við Ísafjarðardjúp, eins og að vera að amast við löggildingunum, sem í rauninni hafa ekkert að þýða í þessu sambandi, og sem ekki koma til framkvæmda á öðrum stöðum, en þeim, sem einhvers konar prang verður framkvæmt á hvort eð er.

Sú eina mótbára, sem hefir verið sérstakleg við löggildingarnar, hefir verið vínsalan í sambandi við þær, en ekki sveitaverzlanir, og þar af leiðandi aukin vínnautn í kringum þessa staði; en eg sé ekki betur en að þessar ástæður fari meir og meir að missa sitt gildi. Komist frv. hér á þessu þingi fram, sem sumir munu búast við, er banni alla vínsölu á landinu, þá er þessi ástæða með öllu horfin. Afreki þingið eigi þetta, sem eg fyrir mitt leyti óska ekki eftir, — þá eru þó líkur til að stjórnarfrumvarpið, sem nú er fyrir efri deild, nái fram að ganga; þá er eða verður í reyndinni sama niðurstaðan, sama sem algjört bann fyrir alla hina smærri verzlunarstaði, því að fullnægja þeim skilyrðum, sem þar eru sett, verður ofvaxið öllum nema stærstu og sterkustu verzlunum. Hin umrædda ástæða fellur þar einnig um koll. En ef nú engin hefting á vínsölu fær framgang, þá er auðvitað, að vínsala byrjar á nýum, löggiltum kauptúnum; en þá er spurningin: er hún óheppilegri en vínpantanir einstakra manna, sem þá að sjálfsögðu kæmu í staðinn, og sem strandferðirnar og viðkoma strandbátanna á þessa staði, hvort þeir eru löggiltir eða eigi, greiða svo mjög mikið fyrir. Eg er þar að minsta kosti gagnstæðrar skoðunar, og skal eg benda á lítið atvik máli mínu til sönnunar, sem nú á leiðinni til þings sannfærði mig betur en áður var.

Það hafði annar maður vakið athygli mína á því, að einn eða tveir menn, sem ávalt hafa talist með hinum mestu hófsemdarmönnum í vínnautn, höfðu að undanförnu verið svo ölvaðir, að augun stóðu í þeim sem freðnum ýsum. Og eg sá, að þetta var rétt athugað, en um ástæðurnar vissi eg ekki. En á leiðinni hingað fann eg orsökina. Af sérstökum ástæðum skoðaði eg tollskrárnar hjá hlutaðeigandi sýslumanni, og sá eg þá, að annar þessara manna hafði fengið sér á 40 potta kút frá Höfn, og af því hafði stafað þetta leiðinlega augnaráð hans, og hið sama mun hafa verið orsökin hjá hinum, og þegar eg svo fór að leita að orsökunum til þessarar nýbreytni, þá fann eg þær einnig. Þeir höfðu verið gintir til þess að skrifa undir áskorun til hlutaðeigandi kaupmanns um að flytja ekkert vín. Að vísu gegndi kaupmaður ekki áskoruninni og flutti vín eftir sem áður, en þessum manni þótti þá vanvirða að

kaupa vín af kaupmanninum, og fór svo að panta sjálfur, og það urðu 40 pottar á ári í staðinn fyrir 4 potta á að geta, sem hann hafði keypt áður. Og svona lagaðar pantanir verða því almennari, sem uppsigling með vörur er víðar, hvort staðirnir eru löggiltir eða eigi. Jú, vínsölubannið leiðir af sér almennar pantanir á vínum, og eg get til, að sumir munu græða sig til muna, jafnvel um $^9/_{10}$ hluta, eins og hér mun hafa átt sér stað. Menn hafa sagt, að tolleftirlitið yrði erfiðara við fjölgun verzlunarstaða, og er það satt, en það gildir eins um sveitaverzlanir, að undanskildum vínfangatollinum, en að því er hann snertir, má búast við, að þeir erfiðleikar tífaldist við pantanir frá einstökum mönnum, og hættan, verður margfalt meiri á því, að tollurinn fáist nokkurn tíma. Sýslumenn verða að kalla þessa tolla eins og manntalsbókargjöld hjá mjög mörgum; hann veit ekkert um þetta fyr en eftir á, og það getur auðveldlega farið svo, að vínið sé þegar sopið upp af eigandanum, þegar sýslumaður fer að rukka um tollinn, og ekkert sé þá til að borga með nema ef vera skyldi tómt bylkið.

Það er heldur ekki örðugt að fá brennivín frá Kaupmannahöfn, þegar potturinn kostar þar að eins 15 aura, og einstakir menn, t. d. Eyjólfur nokkur, sem margir þekkja, mundu eiga hægt með að aura saman fyrir nokkrum pottum brennivíns á þennan hátt; en hvað hann hefði svo til að borga með tollinn, það kynni að verða nokkuð annað mál.

Viðvíkjandi orðum h. þm. Rvík. (J. Jenss.) um að þingið blekki vátryggingarfélögin með löggilding sumra hafna, þá getur verið, að þingið fari stundum of langt í því, að löggilda ótryggar hafnir, en eg held þó að vátryggingarfélögin fari meira eftir grunnmælingum en löggildingum, enda hefir reynslan sýnt það, að skip fást ekki inn á ýmsar hafnir, þótt þær séu löggiltar.

Það er auðvitað satt, að það má nota strandferðaskipin til að láta þau flytja sér vörur, því þau koma inn á ýmsar hafnir, þótt þær séu ekki löggiltar.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er ekki í fyrsta skifti, að því er skotið að oss bindindismönnunum, að vér ættum eftir okkar stefnu að rísa gegn löggildingunum; en slík krafa til vor er ekki á rökum bygð, því það er ekki alls kostar rétt, að það sé einka- eða aðaltilgangur við löggilding nýrra verzlunarstaða, að koma á fót áfengissölu, enda væri mótspyrna frá vorri hálfu gegn löggildingunum lítils virði í því skyni, að hefta vínfangasöluna. Vér sjáum glögt, að slíkt væri að eins þýðingarlaust kák, og ekkert nema hálfverk. Eg mundi heldur vilja, að höft eða tollar til landssjóðs væri engir á áfenginu; því enginn mundi þá efast um, að öll sala og aðflutningur víns yrði bannað innan 2—3 ára, og það væri hið eina rétta. Alt annað er þýðingarlaust fálm og kák.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) gjörði ráð fyrir því, að það mundi hafa lítil áhrif til að draga úr vínfangakaupum, þótt verzlun yrði bönnuð hér, svo að menn yrði neyddir til að panta þau sjálfir frá útlöndum, og ályktar þetta af því, að einhver einn náungi hafði pantað sér vínföng, og var svo staurfullur í viku, þegar kvartilið var komið. Slík og þvílík dæmi er nógu skemtilegt að hlusta á, í ræðum manna, en þau hafa ákaflega léttvægt sönnunargildi í þá átt, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) vill vera láta. Hann veit það náttúrlega ekki, að þetta atriði hefir verið hagfræðislega rannsakað hjá öðrum þjóðum, en sjálfir höfum vér hvorki haft hugsun á né vit til að gjöra slíkt. Reynsla annara þjóða

í þessu efni, og þar á meðal Dana, er sú, að fjölgun eða fækkun útsölustaða hefir minna að þýða, en að það eykur áfengissöluna, að hafa sölustaðina nærri sér, en dregur því meir úr henni, sem lengra þarf að fara til að ná í áfengið. Eg get, af því eg er því persónulega kunnugur, í þessu efni vitnað í eitt víðlent hérað hér á landi, þar sem segja má, að praktiskt sé þar komið á vínsölubann. Hérað þetta er Austur-Skaftafellssýsla. Kaupmaður .sá, er verzlar þar, hefir ekki flutt inn nokkurn áfengan drykk um 2—3 ár. — Nokkrir menn voru óánægðir yfir þessu fyrst, og gjörðu ráð fyrir að sækja á önnur kauptún, en úr því hefir ekki orðið neitt. Pantanir í þessu héraði nema ekki eins mörgum hundruðum króna, eins og salan nam áður þúsundum.

Eg verð aftur að taka það fram, að vegurinn til þess að útiloka brennivínið, er ekki sá, að standa á móti löggildingunum, heldur að banna alla verzlun og aðflutning áfengis, og eg er viss um, að ef tolltekjurnar ekki viltu mönnum sjónir í þessu máli, þá mundi þjóðin fljótt vakna til meðvitundar um, hvílíkt voða-skaðræði hér er að berjast við. Eg hefi að eins talað þetta til að mótmæla því, að pöntun áfengis frá útlöndum, yrði verzlun bönnuð hér á landi, mundi hafa aukna vínfanganautn í för með sér, til að sýna fram á, að afleiðingarnar verða einmitt gagnstæðar því, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) hugsar sér, eða að vínfanganautnin fer við það stórum minkandi. Að tollgæzla þurfi að verða afar-örðug fyrir það, held eg að eigi ekki við veruleg rök að styðjast, heldur sé eins og svo margt annað hjá h. þm. Strand. (Guðj. G.) bygt á auðsæum misskilningi.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 16 atkv. gegn 4, og afgr. til efri deildar.

Löggilding Heiðarhafnar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiðarhöfn í Norður-Þingeyarsýslu (C. 32); 1. umr., 8. júlí.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Eg ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Það er ekki lengra síðan en í gær, að sams konar mál var hér fyrir h. þingd., og vona eg að frumv. þetta fái sömu afdrif. Sjálfur ber eg mál þetta fram fyrir hönd kjósenda minna eða þess hluta þeirra, sem þetta mál snertir, sem eru íbúarnir á Langanesi, úti á yzta tanga á Íslandi, þar sem samgöngur eru mjög litlar og ógreiðar til annara héraða. Eg vil ekki taka munninn svo fullan, að eg staðhæfi, að eins mikil nauðsyn sé til, að löggilda þessa höfn, eins og þar sem þess hefir verið brýnust þörf; en því vil eg halda fram, að þörfin sé *fult* eins mikil og víða annarsstaðar, þar sem hafnir hafa verið löggiltar til verzlunar. Eg álít það alveg rétt princip, að löggjöfin leyfi verzlunarstaði sem víðast, að þeim verður komið við, en reynslan sé svo látin skera úr, hvar verzlunarstaðanna er þörf í raun og veru, því löggjöfin hefir nóg ráð til þess, að hindra það, að slíkt valdi ekki neinum vandræðum.

Eg fjölyrði svo ekki meira um þetta mál, en vona, að h. þingd. fari ekki að »statuera exemplum«, sem menn segja, á þessu frumv., með því að fella það, heldur láti það ganga hiklaust til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 1.

Önnur umr., 11. júlí.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Eg vona, að h. deild láti frumv. þetta eigi sæta harðari forlögum en tvö samkynja frumv. hafa átt að sæta hér í d. Eg vona að h. deild taki tillit til þess, að löggilding sú, sem hér er farið fram á, er til mikils hægðarauka fyrir þá menn, er einna nyrzt búa allra Íslendinga, og þannig verða að sæta svo hörðum kostum frá náttúrunnar hendi

Tryggvi Gunnarsson: Eg ætlaði mér um daginn, þegar eg þá tók til máls, að tala ekki oftar í löggildingarmálum á þessu þingi. En þau orð hafa síðan fallið hér í deildinni í þessu máli, að mér finst þau eigi mega vera ómótmælt. Því var þá haldið fram, að eg teldi höfuðástæðuna gegn löggildingunum, að hægra yrði að ná í vín, svo ofdrykkja ykist í landinu. Auðvitað er þetta nokkur ástæða gegn lögunum, en frá mínu sjónarmiði er það þó alls ekki höfuðástæðan. H. þm. Strand. (Guðj. G.) hélt því fram, að þótt löggilding sumra verzlunarstaðanna kynni að verða gagnslítil eða gagnslaus, þá væri hún í hið minsta skaðlaus. Þessa skoðun h. þm. (Guðj. G.) tel eg ekki rétta. Eg tók það fram í hittiðfyrra, að það væri líkt á komið, að búta verzlunina í sundur í margar smáverzlanir og dreifa þeim út um alt, eins og þegar höfuðbóli væri skift sundur í mörg smábýli; afleiðingin af því verður vanalega sú, að ábúendurnir eru fátæklingar og að jörðin níðist niður. Eg held því hiklaust fram, að tvær öflugar verzlanir séu miklu gagnlegri en 5—6 smáverzlanir, þótt þær allar til samans hafi sömu umsetningu og tvær stærri verzlanir; þær eru þess megnugar, að hafa birgðir af nauðsynjavörum alt árið í kring, en smáverzlanirnar ekki. Slíkt er þó afarnauðsynlegt, einkum á norður- og austurlandi, þar sem ís getur hindrað aðflutninga langt fram á sumar. Eg þekki Heiðarhöfn, þá sem hér er um að ræða, mjög vel, því að eg hefi um 20 ár stýrt verzlun nálægt því svæði. Þá var föst verzlun á Raufarhöfn, en sent skip þaðan á sumrum til Þórshafnar. Með því að hafa undir alt svæðið þar í kring gat þetta borið sig, á meðan gott var í ári; en þegar fór að harðna í ári, þótti stjórnarnefnd Gránufélagsins ekki annað vænna en að leggja niður verzlunina á Raufarhöfn. Nú er þar að eins efnalítill smákaupmaður, og mundu menn hafa verið miður staddir þar um slóðir, ef verzlun Örums og Wulffs á Vopnafirði hefði eigi sett upp verzlun á Þórshöfn. Setjum svo, að verzlunin á Raufarhöfn hlypi 50000 kr. á ári, þá mundi mögulegt að reka þar verzlun þannig, að hafa fyrirliggjandi vöruforða, ef verzlunin væri í eins manns höndum, en þar í móti væri slíkt ómögulegt, ef henni væri skift milli fjögra manna, sem þá hefðu hver um sig ekki nema rúmlega 12000 kr. umsetningu árlega; svo smá verzlun getur ekki staðist, ef hún á að liggja með talsverðar birgðir af nauðsynjavörum yfir veturinn. Eg get því svarað háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) því, að sumar löggildingarnar verða að eins til skaða; þær sundra verzluninni, og gera hana miklu veikari og gagnsminni fyrir landsmenn. Það er því eigi rétt, að allar þessar nýu löggildingar séu að »minsta kosti skaðlausar«.

Eins og eg áður sagði, þekki eg Heiðarhöfn vel, og veit, að smá-skip geta legið þar í hentugri átt. En eg vil geta þess, að þessi staður er að eins fjórar bæarleiðir frá Þórshöfn, og ekki nema 10—12 bæir, sem eiga hægra að sækja þangað en til Þórshafnar. En þótt svona sé, þá getur svo farið, að löggilding Heiðarhafnar yrði til þess, að Örum og Wulff nentu ekki að verzla

lengur á Þórshöfn, sem eg verð að telja óhagræði fyrir héraðið þar í kring. Hið eina, sem má mæla með löggildingum hafna, er, að það létti fyrir aðflutningum; að svo sé, sýnist í fljótu bragði rétt vera. En eg skal leyfa mér að skoða þetta dálítið nákvæmar. Eins og menn vita, er Akureyri öflugur verzlunarstaður inni við botn á Eyafirði, en svo út með firðinum hafa risið upp ýmsar verzlanir, sumpart á löggiltum höfnum þar, og sumpart sveitaverzlanir; má þar til nefna Svalbarðseyri, Hjalteyri o. fl. Þetta eru smáverzlanir, sem ekki hafa kraft til að birgja sig upp með þungavöru; fer því svo oftast, að menn utar í firðinum verða eftir sem áður að sækja þungavörurnar um lengri veg til aðalverzlananna inni við fjarðarbotninn, en fá að eins léttavöruna nálægt sér; það kveður því ekki svo mjög mikið að því, að hinar mörgu smáverzlanir létti fyrir aðflutningunum. Ekki spara þær heldur mikið tíma fyrir mönnum í kaupstaðarferðir, því að það er sannreynt, að þeir sem búa nálægt kaupstöðunum brúka ferfalt meiri tíma til kaupstaðarferða á ári en hinir, sem fjær búa Stöndugir bændur úr Fnjóskadal og Bárðardal fóru ekki nema 2—3 sinnum á ári í kaupstað, en þeir úr Kræklingahlíð og nágrenninu sáust við búðarborðið að minsta kosti annan hvorn dag. Hér er því langt frá því, að um tímasparnað sé að ræða í flestum tilfellum.

Eg tek það enn fram, að þegar nú er búið að löggilda yfir 40 verzlunarstaði hér á landi, en ekki farið að nota nema 20 af þeim til verzlunar, þá sýnist það vera að leika sér að löggjafarvaldinu, að vera að löggilda marga nýa verzlunarstaði á hverju þingi.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Mér kom það á óvart, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) færi nú að ausa úr hinu ótæmanda andmælaforðabúri sínu gegn löggildingu nýrra hafna yfir höfuð yfir þetta litla og meinlausa frumvarp. Það er þó nokkur bót í máli fyrir mig, að hann reis öllu fremur gegn þeim, sem mælt höfðu með löggilding hafna í gær, en á móti mér og frv. þessu. Eg vil ekki lengja umræður nú með því að fara langt út í löggildingamálið, en get þess þó, að eg er samdóma h. þm. (Tr. G.) um, að það væri í sjálfu sér æskilegt, að vér hefðum vistaforðabúr hér á landi, en það mál kemur harla lítið við þessu löggildingarfrv.; það lítur til alt annars skipulags á verzlunarástandinu en snert getur beinlínis þetta frv., og á að því leyti ekki við, að blanda því inn í þetta mál. Eg get annars sagt h. þm. (Tr. G.) það, að eg mundi ekki fráhverfur því, að reyna að stuðla til þess, að hér gætu komið upp öflugri kaupstaðir með góðum forðabúrum. En, eins og nú stendur, verður það aðalatriðið fyrir oss, að reyna að létta aðflutningana, og þá sér í lagi þar, sem þeir eru mjög erfiðir. H. þm. (Tr. G.) sagði, að Heiðarhöfn lægi ekki nema 4 bæarleiðir frá Raufarhöfn; en honum láðist að geta þess, hve langar þær væru, og sömuleiðis hverjum örðugleikum ferðalög eru bundin um þær slóðir, þar sem gróðurleysi er einna mest á landinu og hestahald afardýrt. Ef h. þm. (Tr. G.) vill sem sagt taka í þann streng, að reyna að beina verzlunarfyrirkomulagi voru í rétta átt, þá sé eg ekki betur en að hann ætti að beitast fyrir að hér gætu komið upp öflugir verzlunarstaðir, er hefðu að geyma forðabúr handa minni verzlunarstöðunum, en í þessa stefnu hefir hann aldrei haldið, hvorki fyr né nú í umræðum sínum; en, sem sagt, kemur þetta löggildingarfrv. ekki í minsta bága við þá stefnu,

og sýnist því óþarfi fyrir h. þm. (Tr. Gr.) að líta slíku hornauga til þess og annara því líkra frv., eins og hann hefir hingað til gert.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Mér finst rétt að leiðrétta það, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, þegar hann var að lýsa ástandinu á Þórshöfn og þar í kring. Lýsing hans var rétt að því leyti, að hér er ekki um stórt svæði að ræða, en hitt var ekki alveg rétt, að þar hefðu menn verið í neinum sérlegum vandræðum, þangað til að Örum & Wulff, að því er mér skildist, miskunnuðu sig yfir héraðsbúa; því vék þannig við með þá miskunnsemi, að hún vaknaði fyrir sérstakt atvik. Það vottaði ekki fyrir henni, þótt Langnesingar yrðu að sækja nauðsynjar sínar austur á Vopnafjörð, fyr en héraðsbúar í í kringum Þórshöfn höfðu stofnað svo öflugt vörukaupafélag, að eigi gjörðist þörf að sæka neitt að mun vörur til Vopnafjarðarverzlunarinnar; þá og fyr ekki vaktist hún til að hefja verzlun á Þórshöfn. Sem sönnun fyrir því, að þar sé ekki sáralítil verzlun, má bera það fram, að síðasta ár voru fjórar verzlanir á Þórshöfn, og svo mun vera enn í ár.

ATKVGR.: Frv.greinin samþ. með 13 : 3 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 3 atkv.

Þriðja umr., 13. júlí.

Frv. í heild sinni samþ. með 14 atkv. gegn 3 og afgr. til Ed.

Kaupstaðarlóðin á Ísafirði.

FRUMVARP til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað (C. 42); 1. umr., 12. júlí.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Eg skal geta þess, að verzlunarlóðin í Ísafjarðarkaupstað var ákveðin skömmu eftir það, að verzlunin var gefin frjáls, með útmælingargjörð 24. apríl 1787; er þar ákveðið, að verzlunarlóðin skuli byrja »96 álnum fyrir neðan neðsta fjárhús á prestssetrinu Eyri« og þvermál lóðarinnar talið þar 194 álnir, og tekið fram, að byggingarsvæðið nái yfir Norðurtanga og Suðurtanga; alls er verzlunarlóðin í útmælingu þessari talin 400,725 ferhyrningsálnir. Með makaskiftabréfi 17. maí 1790 hafði svo konungur makaskifti við prestinn á Skutulsfjarðareyri á hinni útmældu verzlunarlóð og lætur fyrir hana jörðina Brekku á Ingjaldssandi.

Önnur ákvæði eru ekki til um takmörk verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað, því að enda þótt kaupstaðurinn Ísafjörður hafi, síðan hann fekk kaupstaðarréttindi 1866, óðum vaxið, og fengið eignarráð yfir kirkjujörðinni Eyri, hjáleigunni Stokkanesi og jörðinni Seljalandi í Skutulsfirði, þá hefir það að sjálfsögðu engin áhrif haft á stærð þess svæðis, er verzlunarhús má reisa á.

Útmælingargjörð sú, sem eg nefndi, er því harla óljós, þar sem miðað er við löngu horfið fjárhús á Eyri, og þar sem kaupstaðarlóðin hefir einnig á svo löngu tímabili orðið ýmsum breytingum undirorpin; það er því ekki hægt, að ákveða með vissu mörk þau, sem í henni eru nefnd, og hefir því komist sú venja á, að verzlunarhús hafa verið reist á öllum Tanganum, eins á þeim hlutanum, sem heyrði til jörðinni Eyri.

Til þess nú að skera úr öllum vafa með takmörk verzlunarlóðarinnar, hefir bæarstjórnin álitið réttast, að fá lögákveðin takmörk hennar. Takmörk þau, sem í frv. eru sett, eru næsta glögg, þar sem þau eru miðuð við

hinn nýa veg, sem lagður hefir verið alla leið úr Krók og suður í Bug; það er með öðrum orðum ætlast til þess, að verzlunarsvæðið nái yfir allan Tangann.

Eg vona, að frv. fái að ganga tregðulaust fram, þar sem það miðar að eins til þess að gera það gleggra, sem nú er fremur óljóst.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Önnur umræða, 14. júlí,

ATKVGR.: Frumvarpsgreinin samþykt með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 17. júlí.

ATKVGR.: Frumvarpið samþ. með 21 atkv. og afgreitt til efri deildar.

Löggilding Flateyar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Flatey á Skjálfandaflóa (C. 37); 1. umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Pétur Jónsson*): Eg ætla ekki að tala langt mál fyrir frv. þessu, en þó verð eg að geta þess, hvernig stendur á beiðni þeirri, sem hingað er komin frá Flatey og Flateyardal um löggilding þessa. Því þó sumir h. þingdm. hafi ef til vill lesið bænarskrána, geri eg ráð fyrir, að þeir hafi ekki lesið hana allir. Eg skal þá fyrst geta þess, að þetta fyrirhugaða verzlunarumdæmi nær að eins yfir eitt prestakall (Þönglabakkaprestakall): Flatey og Flateyardal og Fjörðu, og svo má gera ráð fyrir, að Grímseyingar geti haft not af verzlun á þessum stað, því verzlunarleið þeirra styttist við það um 4 mílur. Mælir það að vísu ekki með löggilding þessari, hvað verzlunarumdæmið sé stórt, en aftur á móti hitt, að það er afar-afskekt. Úr Flatey til Húsavíkur er verzlunarleiðin 4 mílur, þvert yfir Skjálfanda, sem oft er ill sjóleið, einkum á vetrum. Landvegurinn úr Flateyardal styttist að sama skapi. Fjarðamenn eru verst staddir, því þaðan eru um 6 mílur til Húsavíkur, og þó enn lengra til Akureyrar, og styttist því verzlunarleiðin stórum fyrir þá, komist verzlun á í Flatey.

Höfnin á Flatey er góð, eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið af áreiðanlegum mönnum; sjálfur get eg ekki dæmt um það eftir eigin rannsókn. Þar er hlé gott fyrir skip í norðanátt og haldbotn góður, mikið betri en á Húsavík. Höfnin mun ekki vera djúp, en nægileg fyrir smærri skip. Kemur strandbáturinn þar við í hverri ferð og legst þar á höfnina, og mun því ekkert á móti því, að þilskip geti líka legið þar.

Eg er á sama máli og h. þm. Reykvíkinga (J. Jenss.) um það, að ekki sé mikill munur á löggiltri verzlun og sveitaverzlun, eða að löggilt verzlun hafi ekki mikil hlunnindi að bjóða; en eg er á móti honum, þar sem hann taldi löggildingarnar tál fyrir ábyrgðarfélögin. Vátryggingarfélögin eru svo varkár, að skip eru ekki vátrygð nema á bærilegar hafnir, en eg hefi rekið mig á það, að skip hafa ekki viljað koma inn á góðar hafnir, ef þær hafa verið ólöggiltar, eða að minsta kosti ekki viljað hafa þar nægilega langa dvöl. Hefi eg reynsluna fyrir mér í þessu efni með Svalbarðseyri, á meðan höfn var ekki löggilt þar.

Háttv. þm. Strandam. (Guðj. G.) hefir tekið af mér ómakið að geta þess, að sama óhollustan, sem fylgir löggiltum kauptúnum, getur í flestum greinum fylgt sveitaverzlunum; og svo lítil

hlunnindi, sem fylgja löggilding hafna, þá er að sama skapi eða meir horfnar ástæður gegn löggildingum, því þar sem það hefir verið haft á móti löggilding hafna, að þær hefðu mest áhrif í því efni, að leyfa vínfangasölu, þá vil eg taka það fram, að eg hefði ekki komið með þetta frv., ef eg hefði ekki verið nærri viss um, að þetta þing mundi annaðhvort lögleiða algjört vínsölubann, eða þá að minsta kosti frv. stjórnarinnar um gjald á vínsölu, og þótt ekki yrði lengra farið en það fer fram á, þá yrði þó algjörlega fyrir bygt, að vínfangasala færi fram á smáhöfnum.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 4.

Önnur umr., 12. júlí.

ATKVGR.: Frv.greinin samþ. með 12 : 3 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 2 atkv.

Þriðja umr., 14. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 15 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Sjávarháskaráðstafanir.

FRUMVARP til laga um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og ráðstafanir, er skip rekast á (C. 44); 1. umr., 12. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 14. júlí.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. með 18 samhlj atkv.
2. — — — — 17 — —
3. — — — — 18 — —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 18. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. í heild sinni með 19 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Árangur af þingsályktunum 1897.

LANDSHÖFÐINGI gefur skýrslur um framkvæmdir landsstjórnarinnar að því er snertir nokkrar ályktanir, sem gerðar voru af þinginu 1897.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að gjöra grein fyrir því, hvað gjört hafi verið af hálfu stjórnarinnar til þess að fullnægja nokkrum af þeim ályktunum, sem gjörðar voru á þinginu 1897.

Í fyrsta lagi var samþykt hér á þinginu ályktun, um að skora á stjórnina að útvega áætlun um, hvað það mundi kosta, að koma upp landsspítala í Reykjavík, og uppdrætti af honum.

Samfara þessari áskorun var önnur áskorun til stjórnarinnar um, að grenslast eftir um kostnað við bygging á sóttvarnarhúsum hér á landi.

Stjórnin hefir nú leitað upplýsinga um þetta og liggur nú hér fyrir áætlun um kostnaðinn við bygging landsspítala; þessi áætlun er svo há, sem sé rúm 213000 kr., að stjórnin treysti sér ekki til fyrir sitt leyti að fara fram á, að það fé væri lagt fram, sem mundi þurfa til þess að koma þessu í verk.

Upplýsingar þær, sem stjórnin hefir útvegað, afhendast hér með h. forseta, til þess að leggjast fyrir þingið til athugunar.

Þá var og þess óskað, að stjórnin leitaði hófanna hjá bæarstjórninni í Reykjavík og sýslunefndunum í nærliggjandi sýslum um það, að hve miklu leyti þær vildu taka þátt í spítalabygginguni eða kostnaðinum við hann. —

Svör þau, er komið hafa, verða einnig afhent h. deild til athugunar.

Í öðru lagi kom fram áskorun frá þinginu um það, að stjórnin færi þess á leit við söfnuðina í Reykjavíkurprestakalli og Vestmannaeyaprestakalli, að þeir létu uppi, með hvaða kjörum þeir vildu taka að sér fjárhald kirkna sinna. Svörin, sem komið hafa, afhendast einnig h. forseta til þess að leggja fyrir h. deild til athugunar.

Í þriðja lagi var farið fram á það við stjórnina, að hún hlutaðist til um, að sett væru útibú eða framkvæmdarstofur frá Landsbankanum á nokkrum stöðum hér á landi. Tillaga þessi hefir verið borin undir bankastjórnina, og afhendist hér svar hennar, til þess að það sé lagt fram til athugunar fyrir h. deild.

Þá var loks í fjórða lagi veitt fé á fjárlögunum til að undirbúa vitabyggging á Austurlandi. Eins og kunnugt er, kom hingað upp í fyrra sumar verkfræðingur, til þess að rannsaka vitastæði þar, og hefir hann gefið skýrslu um þessar rannsóknir sínar og áætlanir um kostnað við vitabyggingarnar. En jafnframt var hann fenginn af bæarstjórnunum á Akureyri og Ísafirði til þess að skoða vitastæði þar í nágrennunum og gjöra áætlanir um kostnað við vitabyggingar þar. Þessar síðar nefndu rannsóknir hans höfðu ekki í för með sér neinn aukinn kostnað fyrir landssjóð.

Skýrslur verkfræðings þessa afhendast og hér með til athugunar fyrir h. deild.

Vegalagabreyting.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 13. apr. 1894 um vegi; (C. bls. 95); 1. umr., 9. júlí.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg vil stinga upp á því, að mál þetta verði fengið nefnd í hendur til að fjalla um það. Því er eins varið með þetta mál og næsta mál á undan, að í frv. þessu eru ný ákvæði um það, bæði hvernig þjóðvegur skuli ákveðinn, og sömuleiðis um viðhald hans. Nefndin ætti líka að athuga um nauðsyn þá, sem víða á landinu mun vera til að gera vegi og vegakafla að þjóðvegum, og hvernig það gæti orðið framkvæmt. Má og vera, að á öðrum stöðum sé nauðsynin engu minni en á því svæði, er frv. ræðir um.

Leyfi eg mér því, að stinga upp á 3 manna nefnd í málið.

Samkvæmt tillögu 1. þm. Arn. (Tr. G.) var samþ., að kjósa 5 manna nefnd.

Kosningu hlutu:

Jens Pálsson	með	12 atkv.
Halldór Daníelsson	—	11 —
Eiríkur Gíslason	—	10 —
Guðjón Guðlaugsson	—	10 —
Sigurður Gunnarsson	—	8 —

1. umr. frestað.

Framhald fyrstu umr., 13. júlí (C. bls. 95 og þgskj. 54).

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Eins og nefndarálitið (C. 54) ber með sér, hefir nefndin einhuga ráðið til þess, að samþykkja frv. stjórnarinnar óbreytt. Stjórnin hefir að áliti nefndarinnar gert vel í að koma fram með frv. þetta, því að hún lítur svo á, að hér sé bætt úr brýnni þörf og uppfyltar brýnar sanngirniskröfur hlutaðeigandi héraða. Að öðru leyti get eg vísað til ástæðna stjórnarinnar fyrir frumvarpinu, bréfs sýslunefndarinnar í Mýrasýslu til amtsráðsins í Vesturamtinu og til nefndarálitsins sjálfs. Nefndinni gat ekki dulist, að það væri rétt að orði komist í bréfi sýslunefndarinnar í Mýrasýslu, þar sem hún er að sýna fram á nauðsyn vega-

lagningar þeirrar á kostnað landssjóðs, er hér ræðir um, að Mýrasýsla sé nú einna verst stödd í vegalegu tilliti af sýslum landsins, þegar athuguð sé vegalengd, vegvonzka, lítill kraftur til vegagerðar og hin feykilega mikla umferð. Eg vona, að allri h. d. sé eins ljóst og oss nefndarmönnum, að frv. fer fram á að bæta úr brýnni þörf og eg þurfi því ekki að fjölyrða um málið, en vona, að það fái að ganga hiklaust til 2. umr.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur h. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í mál þetta; og sérstaklega er eg henni þakklátur fyrir það, að hún hefir aðhylst skoðun þá, sem kemur fram í frv. stjórnarinnar, sem sé þá nýu skoðun, að landssjóður leggi fram fé til vegagerða sjálfur, en að hlutaðeigandi sýslufélög annist viðhald vegarins.

Eg hefi orðið þess var, að sú skoðun væri farin að vakna, að ef lagður væri vegur fyrir landsfé, þar sem eigi væri bein skylda landssjóðs að annast vegagerð, þá mundi það réttast, að sýslufélögin önnuðust viðhald á slíkum vegum. Þetta er sama skoðunin, sem kemur fram í frv. stjórnarinnar. En það væri ef til vill rétt, að ganga lengra í sömu átt; það væri ef til vill rétt, að láta sýslufélögin halda við öllum vegum, sem lagðir eru á landssjóðs kostnað. Skiftingin yrði þá þessi: Landssjóður leggur vegina, sýslurnar halda þeim við. Svo kvað þessu vera hagað til í Noregi. Norðmenn þá, er hér voru við vegagerð, furðaði á því, að landssjóður skyldi kosta hvorttveggja: lagning veganna og viðhald þeirra. Það mundi líka fara svo, þegar vegagerðum hefði þokað dálítið áleiðis hér á landi, að landssjóður mundi vart rísa undir því hvorutveggju, að leggja nýa vegi og halda við öllum sínum eldri vegum. Norðmennirnir skýrðu mèr og frá því, að í Noregi þætti það og meiri trygging fyrir góðu viðhaldi veganna, að hlutaðeigandi héruð ættu að annast viðhald þeirra. Allir vita, hve miklu hagfeldara og ódýrara það er, ef fljótt er gert við það, sem úr sér gengur á vegum, en að það sé dregið þangað til skemdirnar eru orðnar meiri. Nú liggur það í augum uppi, að héraðastjórnunum hlýtur að vera kunnugra um ástand veganna hverrar í sínu héraði en landstjórninni getur verið, og að þær því standa betur að vígi með viðhald þeirra.

Eg vona því að sú skoðun ryðji sér meir og meir til rúms, að viðkomandi sveitarfélög taki að sér viðhald þeirra vega, sem lagðir eru á landssjóðs kostnað.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 19. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt síðan til forseta Ed.

Lóð undir vita.

FRUMVARP til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. (C. bls. 164); 1. umr., 4. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 6. júlí.

Halldór Daníelsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að nefnd sé skipuð í málinu.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. með 12 atkv.

Kosning hlutu:

Halldór Daníelsson með 11 atkv.
Þórður Guðmundsson — 9 —
Jón Jensson — 8 —
Umr. frestað.

Framhald annarar umr., 17. júlí (C. bls. 164, og þskj. 55).

Jens Pálsson: Það er eitt orð, sem viðhaft er, bæði í hinu upphaflega frv. og brtill. nefndarinnar, sem mér þykir varhugavert; það er orðið *jarðnæði*. Í greininni stendur, að skylt sé að láta af hendi lóð til vitastæðis, undir íveru hús og til jarðnæðis. Eg hefi aldrei heyrt orðið haft í öðrum skilningi en um ábúð á ákveðinni jörð, en mér skilst, að ekki sé hér beinlínis gert ráð fyrir jörð til ábúðar, heldur sé meiningin sú, að vitavörður geti notið einhverra jarðarafnota, svo sem beitar, matjurtagarðs eða þessh., og yrði það því svipað því sem þurrabúðarmenn hafa eða húsmenn, sem fá land til beitar, garða eða því um líks, en um slíka menn verður ekki sagt, að þeir hafi jarðnæði. Mér finst orðið því ekki eiga við og vil skjóta því til hinnar heiðr. nefndar, hvort hún ekki vildi yfirvega þetta og breyta til 3. umr, og væri eg fús á að vera með í ráðum.

Framsögumaður (Jón Jensson): Eg er þakklátur h. þm., er nú settist niður, fyrir það, að hann vakti athygli á orðinu *jarðnæði*, sem er viðhaft í frumvarpinu. Eg er honum þakklátur vegna þess, að eg veit til að fleiri þingmenn hafa hneykslast á því orði, og að eg nú fæ tækifæri til, fyrir nefndarinnar hönd, að fara um það nokkrum orðum. H. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að það mundi meining nefndarinnar og stjórnarinnar, að vilja með þessu orði, að vitaverði verði útvegaður beitarréttur, og getur það verið nauðsynlegt; en það tilfelli getur líka komið fyrir, að beinlínis sé nauðsynlegt að útvega jörð eða jarðnæði handa vitaverði, og eg álít rétt að hafa orðið svo víðtækt, að það grípi yfir sem flest tilfelli, og að landsstjórnin hefði vald til að gera upptækt, exprópriera, t. d. lítið kot, ef þörf gerðist. Eg get beinlínis bent á tilfelli, þar sem ekki mundi hafa verið neitt hik á mönnum með að gjöra kot upptækt ef fyrir hefði verið; það var þegar Reykjanesvitinn var bygður. Hann er settur afskaplega langt frá allri bygð, og hefði lítið kot verið nálægt, mundi ekkert hik hafa verið á því, að menn hefðu álitið rétt að exprópriera það. Ákvæðið, eins og það er orðað í frv., getur haft mikla þýðingu til þess að gjöra landssjóði vitahaldið léttara. Vona eg að hin háttv. deild samþykki frumv. með þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á, en að öðru leyti er nægur tími til, að koma sér saman um þetta atriði til 3. umr.

Jens Pálsson: Eg get ekki verið samdóma h. framsm. (J. Jenss.) um, að ástæða sé til að halda þessu ákvæði um, að taka megi upp býli handa vitagæzlumönnum. Það þarf að vera brýn almenningsþörf fyrir hendi til þess, að forsvaranlegt sé að gera upptæka jörð, sem er í ábúð, og vísa ábúandanum á bug. En sú brýna almenningsþörf er hér ekki fyrir hendi, því síður nokkur nauðsyn. Því þá ástæðu, sem háttv. framsm. tók fram, að slíkt mundi létta landssjóði vitahaldið, get eg ekki kallað nauðsyn. Eg vil ekki veita rétt til að gjöra býli upptæk, þegar ekki er um ýtarlegri nauðsyn að ræða en hér er gert ráð fyrir.

Framsögumaður (Jón Jensson): Mér finst h. þm. (J. P.) ganga út frá því, að taka eigi jörð endurgjaldslaust; en það er langt frá. Stjórnin ákveður, hvenær almenningsþörf krefst þess, að jörð sé tekin, og er þá skylt að endurgjalda hana að fullu. Það er engin hætta á,

að hallað verði á einstaklinginn, þá er óvilhallir menn meta. Mér finst heldur ekki minni ástæða til að trúa stjórninni fyrir að ákveða, hvenær jörð eða kot skuli gert upptækt, en að hún ákveði, hvort draga skuli af öðrum réttindum manna. Þá finst mér nær að fella frumvarpið, trúa ekki stjórninni fyrir, að ákveða um nein réttindi; það væri meiri samkvæmni í því. Óþarft að taka það fram, að það er ekki nefndin sem hefir sett þetta orð »jarðnæði» inn í frv., en hitt er rétt, að hún fann ekki ástæðu til að breyta því, þar eð hún vildi hafa frv. sem yfirgripsmest; fanst henni réttast vera, að það væri það.

Skúli Thóroddsen: Eg verð að taka undir með h. þm. Dal. (J. P.), að óheppilegt sé að halda þessu ákvæði. Það á raunar ekki við að fara langt út í þetta atriði nú við 2. um., en eg mun samlaga mig við aðra h. þm. um breytingu til 3. umr. Eg get ekki verið samþ. h. framsm. (J. Jenss.) um það, að almenningsþörf krefjist þess nokkurn tíma, að vitaverði sé útvegað jarðnæði; en aftur á móti verður ekki hjá því komist, að skylda almenning til þess, að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi lóð til vitastæðis og undir íveruhús handa vitagæzlumanni. Þetta ákvæði, að »exprópríera« megi jarðnæði handa vitavörðum, getur því eigi verið í öðrum tilgangi gert en að létta á landssjóði, gera honum hægra fyrir að fá vitaverði fyrir lítið kaup, þar sem jarðnæðið er einnig í boði; en »expropríation« í slíkum tilgangi álít eg að ekki sé auðið að réttlæta; því þegar meta á skaðabætur, þá er ekki alveg víst, að nægilegt tillit sé tekið til þess, hve jarðnæðið er mikils vert fyrir viðkomandi mann; og þar sem stjórnin kynni að misbrúka heimild þá, er hér ræðir um, til skaða fyrir einstaka menn, þá virðist mér einnig, að mjög varhugavert sé að samþykkja ákvæði þetta frá því sjónarmiði.

ATKVGR.: Br.till. við 1. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðinni brt. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Br.till. við 2. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðinni brt. samþ. með 21 samhlj atkv.

3. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Þriðja umr., 19. júlí, (C. bls. 164 og þskj. 107, 115).

Jens Pálsson: Eg, ásamt fleiri h. þm., á brtill. við frv. þetta, og skal eg leyfa mér að fara fáum orðum um þær. Eins og eg gat um við 2. umr. málsins, get eg ekki felt mig við orðið jarðnæði í 1. gr. frv., af því að jarðnæði er haft í annari merkingu í málinu en mér fanst það ætti að hafa þar; það er haft um ábúð á jörð, sem er metin til dýrleika, en mér finst það ekki geta verið sönn nauðsyn, að expropriera ábúðarjörð handa vitagæzlumönnum; hitt er eðlilegt, að þeim sé veittur hægur aðgangur að því, að fá lóð til að yrkja matjurtagarða og beitiland handa skepnum sínum, og því fer brtill. fram á, að í staðinn fyrir »lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til *jarðnæðis* handa vitagæzlumanni« komi: »lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til *ræktunar* handa vitagæzlumanni«.

Við 2. gr. eru brtill. þessar: að burtu falli orðin »á sama hátt«, því að þau sýnast ekki hafa neitt að þýða þar. Hin brtill. við sömu gr. miðar sumpart að því, að bæta málið á greininni, og sumpart að því, að bæta inn í gr.

nýu atriði, um hagbeit fyrir skepnur vitagæzlumanna, og var sú breyting nauðsynleg, ef orðið jarðnæði er felt úr 1. gr.

Landshöfðingi: Eg er fyllilega samdóma br.till. þeim, sem komið hafa fram við frv.; eg get eigi talið þær efnisbreytingar, heldur að eins breytingar, er taki enn ljósar fram, það sem til var ætlast. Mæli eg því, með að þær séu samþyktar.

ATKVGR.: Br.till. við 1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv. Fyrri br.till. við 2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. Síðari br.till. við 2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt síðan til forseta Ed.

Amtsráðsfundarstaður.

FRUMVARP til laga um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi (C. 46); 1. umr., 12. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 14. júlí.

ATKVGR.: Frumv.gr. samþ. með 17 shlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Þriðja umr., 18. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. í heild sinni með 15 shlj. atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Friðun á Hallormsstaðarskógi.

FRUMVARP til laga um friðun á Hallormsstaðarskógi (C. 156); 1. umr., 14. júlí.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Sk.): Eins og h. deild er kunnugt, var á síðasta þingi samþ. hér í deildinni frv. um afnám ítaksréttar hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, en frv. þetta var felt í h. e. deild, af því að ekki var farið fram á, að endurgjalda hlutaðeigandi presti tekjumissi þann, sem af ítaksmissinum leiddi. Orsökin til þess, að flutnm. þess frv. fóru ekki fram á, að ákveða presti neitt endurgjald fyrir ítaksmissinn, var sú, að þeim virtist ítakið að sjálfsögðu hafa átt að falla niður, þegar Hallormsstaðar- og Þingmúlaprestaköll voru sameinuð, þar sem Hallormsstaður átti slægjuítak í Þingmúlalandi, en Þingmúli skógarhögg í Hallormsstaðarlandi. En hvað sem þessu líður, þá mun öllum koma saman um það, að Hallormsstaðarskógur sé einhver hinn mesti og fegursti skógur hér á landi og sannnefnd þjóðargersemi, og það sé skylda löggjafvaldsins, að vernda hann frá eyðileggingu, og skoraði því h. þingd. í hitt hið fyrra á h. landsh. að hlutast til um, að jörðinni Hallormsstað yrði komið undan Vallanessprestakalli og hún gerð landsjóðseign, því þá væri hægra að ákveða landskuldina og skipa fyrir um meðferð skógarins, því að hætt væri við því, að ábúandinn yrði að ganga nærri jörðinni, skóginum til skemda, ef landskuld væri mjög há. En þar sem presturinn að Vallanesi verður að svara háu afgjaldi af brauðinu til landssjóðs, mundi hann naumast geta lækkað afgjaldið af Hallormsstað; miklu fremur eru líkindi til að hann mundi reyna að hækka það og er því nauðsyn á þessu frv. til að vernda skóginn.

Eg hefi fengið bendingu frá h. landsh. um, að heppilegra mundi að breyta orð-

færi í frv. á þá leið, að í stað þess að í því stendur að jörðin skuli verða landssjóðseign, komi: að stjórninni veitist heimild til að gera hana að landssjóðseign, með þeim skilmálum, að presturinn í Vallanesi fengi tekjuuppbót, sem tekjum af jörðinni svaraði, með lækkun árgjaldsins. Hann hefir talið 40 kr. árlega fyrir skógarítakið, en það álítum við heldur hátt, og eftir brauðamatinu nýa frá því í vetur er afgjaldið af jörðinni Hallormsstað 194 kr.

Tekjur brauðsins af jörð þessari eru því 234 kr. að tali prestsins, sem hlut á að máli, og ætti árgjaldið af brauðinu því að lækka niður í 166 kr.; en til þess að gjaldið standi á tug höfum við þó lagt til að það lækkaði um 240 kr.

Eg vil mælast til að h. deild taki frv. vel, og láti það ganga til 2. umr. og vil eg þá koma með breytingu í þá átt, að laga það samkv. bendingu h. landsh.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 17. júlí (C. 56,73).

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. A.-Sk.): Þessu máli hefir verið tekið vel, og finn eg því ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum, einkum þar sem hinn hæstv. landsh. er ekki viðstaddur, svo hann gæti látið í ljósi, hvort málið væri stjórninni geðfeldara og aðgengilegra fyrir þessa breytingartill. Eg vona, að frv. þetta nái tilgangi sínum, ef stjórnin vill styðja það. Óska eg svo, að br.till. verði samþ. og málinu vísað til 3. umr

ATKVGR.: Br.till. samþ. með 22 atkv. 2. gr. frv. samþ. með 22 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 19. júlí (C. 108, 111).

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. A.-Sk.): Mál þetta hefir hingað til gengið svo vel gegnum h. d., að vart mun þurfa margt með því að mæla. Eg skal þá leyfa mér að geta þess, að vér höfum komið með dálitla viðaukatillögu við frv. um það, sem í sjálfu sér var sjálfsagt, að hjáleigur jarðarinnar skyldu fylgja henni. Oss þótti réttara að taka þetta fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

Eg skal geta þess, að þegar Hallormsstaður var sameinaður Þingmúla, þá var prestinum skipað með lbbr. 7. jan. 1885 að sjá um skóginn, að hann yrði ekki fyrir skemdum af mannavöldum, og átti hann einkanlega að hafa eftirlit með ábúandanum, svo að hann gengi ekki of nærri skóginum. En nú er sú breyting orðin á, að bæði Hallormsstaður og Þingmúli hefir verið sameinað Vallanesi og svo lagt 1000 kr. árgjald á hið sameinaða prestakall. Það er auðsætt, að þar sem svo hátt árgjald hvílir á brauðinu, þá er freisting fyrir prestinn að færa upp eftirgjaldið eftir Hallormsstað; og vel er hugsanlegt, að sá maður kæmi, er byði hærra eftirgjald eftir jörðina en góðu hófi gegnir, því að hún er talin góð útigangsjörð, en þetta gæti vel verið einhver glæframaður og gróðabrallari, sem reyndi að ná sér niðri einmitt með því að nota skóginn alt of óspart til beitar og annars, og eyðilegði hann með því, og mundi þá presturinn varla hafa neinn hemil á slíkum ábúanda. Til þess að fyrirbyggja þetta, höfum vér komið fram með þetta frv. um að Halllormsstaður skuli eftirleiðis vera umboðsjörð, er standi undir sérstöku eftirliti amtsráðsins í Austuramtinu. Eg óska, að h. deild sýni frv. enn hina sömu velvild sem fyr og að hæstv. lh. mæli með því, að það nái staðfestingu konungs. Þá vona eg, að skóginum sé borgið.

ATKVGR.: Viðaukatillaga á þgskj.

111 sþ. með 19 samhlj. atkv. Frv. með áorðinni breytingu samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Læknishéraðaskipun.

FRUMVARP til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (C. bls. 90); 1. umr., 4. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Mér þykir í sjálfu sér harla leiðinlegt, að þurfa að leggja á móti frv. þessu. En þegar litið er á undangenginn æviferil þess, þá finst mér þingið ekki geta tekið það til umræðu nú, og að það sé að eins til þess að tefja fyrir öðrum málum, sem líklegri eru til þess að fá framgang, að vera að fara lengra út í þetta mál. — Síðasta þing og fulltrúi stjórnarinnar á þingi urðu sammála um það, hvernig málinu skyldi til lykta ráðið. En þegar til ráðaneytisins kemur, þá kveður við annan tón; það þykist ekki geta ráðið til að lögin séu staðfest í þeirri mynd, sem bæði þing og stjórnarfulltrúinn höfðu komið sér saman um. Þetta á, eftir réttum pólitiskum reglum, að verða frv. þessu, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, að falli. Hér er um svo alvarlegt ágreiningsatriði að ræða milli þings og stjórnar, eftirlaunarétt fyrir 22 ný embætti, að eg sé ekki að þingið geti beygt sig fyrir stjórninni í því.

Eg játa það fúslega, að þörf er á að koma læknaskipun vorri í annað og betra horf en nú er; en óneitanlega fylgir mikill kostnaður breytingum þeim, sem hér er farið fram á, kostnaður, sem vafasamt er um, hvort er með öllu nauðsynlegur; það er vafasamt, hvort ekki er hægt að bæta kjör lækna á annan hátt en þann, að ganga að beinhörðum kröfum stjórnarinnar. Eg sé sem sagt ekki, hvernig þingið geti haldið óskertum sóma sínum, ef það gengur að þessari kröfu stjórnarinnar um stórkostlega fjölgun á eftirlauna-embættum, sem vitanlega ganga þvert á móti vilja þings og þjóðar.

Þórður J. Thoroddsen: Eg get ekki verið á sama máli sem h. þm. V.Sk. (Guðl. G.), og harla fljótráðið sýndist mér það af þinginu, að fella frv. þetta nú umræðulítið eða umræðulaust. Þetta er svo mikilsvarðandi mál og það hefir verið svo rækilega undirbúið og miklum tíma varið til þess, að mér virðist það ekki geta komið til nokkurra mála, að hætta nú við alt saman og gjöra þar með alt eins og að engu, sem þegar hefir verið gjört. Og ef um nokkurn þjóðvilja er að ræða í nokkuru máli, þá er það einmitt í þessu máli.

Það hefir ljóslega sýnt sig, að þjóðin hefir varla orðið eins samdóma um að fá breytingu á nokkru, eins og einmitt á læknamálum sínum, og hér er einmitt stefnt í þá átt, sem þjóðin æskir.

Það væri því ærið fljótráðið, að hafna með öllu frv. þessu, þótt þingið greini á við stjórnina í einu lítilfjörlegu atriði. Það er svo fjarri því, að eg fái séð, að sómi þingsins sé í veði, þótt vér tökum mál þetta til íhugunar, að mér finst það vera *skylda* þingsins, að íhuga það enn á ný. Það er þjóðin, sem hefir lagt það upp í hendurnar á oss, og minna má það ekki vera en að vér tökum þetta áhugamál hennar til rækilegrar meðferðar. Eg vil því leggja það til, að 5 manna nefnd sé skipuð í því; h. þm. V.Sk. (Guðl. G.) getur eigi að síður komið mælsku sinni við og reynt að koma því fyrir kattarnef. Það er og hugsanlegt, að honum snerist hugur við frekari íhugun málsins, því að enn hefir hann ekki haft nema einn dag og eina nótt til að yfirvega það, eins og það liggur nú fyrir. Að minsta kosti sé eg, að hann hefir breytt skoðun við nákvæmari íhugun annars máls, þar

sem eg sé á þskj., sem útbýtt hefir verið á fundinum, að hann nú ber fram frv., þar sem lagt er til, að numin séu úr gildi lög, sem hann sjálfur var frumkvöðull að á síðasta þingi.

ATKVGR.: Nefndarkosning feld með 12 : 10 atkv.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að eins leyfa mér að leiðrétta tvö atriði hjá 1. þm. G.-K. (Þ. Th.). Eg get vel skilið, að h. þm. (Þ. Th.) sé mál þetta áhugamál mikið, því að óhætt mun mega telja hann höfuðflytjanda þess. En hvað sem því líður, þá verð eg að vísa því frá mér, að það sé fljótráðið af mér að leggja það til, að máli þessu sé vísað frá þinginu. Það er ekki rétt, að eg hafi haft að eins sólarhrings-umhugsunarfrest um það. Það er orðið langt síðan að till. hæstv. landsh. í því birtust og sömuleiðis undirtektir ráðgjafans. Hér er um princip að ræða, sem þing og stjórn hafa lengi togast á um. Það virðist því í raun og veru ekki þurfa mjög langan tíma til að íhuga mál, sem áður er gagnkunnugt. Í öllu falli ætti sá 6—8 mánaða tími, sem gefist hefir kostur á að athuga málið að nýu, að vera meira en nægilegur. H. þm. (Þ. Th.) sagði að sómi þingsins væri í veði, ef málinu væri eigi haldið áfram. (*Þ. Th.*: Það voru ekki mín orð). En eg segi, að sómi þess sé miklu fremur í veði, ef það fellur nú svo skjótlega frá þeirri stefnu, sem svo fast hefir verið haldið fram, að auka ekki eftirlaunabyrði landssjóðsins.

Þar sem h. þm. (Þ. Th.) benti á það sem hviklyndi frá minni hálfu, að eg færi fram á það, að breytt væri ákvæði í lögum nr. 15, 4. júní 1898, sem eg þó hefði verið frumkvöðull að, þá er þess að gæta, að hér er hvorki um hviklyndi né fljótræði að tala, því að breyting sú, sem nú er farið fram á að gjörð sé, stendur í sambandi við og er afleiðing af annari stórkostlegri breyting, sem farið er fram á að gjörð sé á gjaldstofni þeim, sem þar ræðir um.

Landshöfðingi: Eg verð að taka undir með h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að mér finst fljótræði af h. þingd., ef hún ætlar sér að fella nú þegar frv. þetta, án þess að ræða það, og eg verð líka að taka undir það, að mér finst sómi þingsins í veði, ef það neitar að ræða jafnþýðingarmikið mál og læknaskipun landsins. Þingið hefir jafnan sýnt, að það er fúst á að ræða þau mál, er lúta að því, að bæta úr fjárhag manna eða stuðla að samgöngubótum; en að hvaða liði kemur slíkt, ef ekki er hugsað um lífið og heilsuna. H. þm. V.-Skaft (Guðl. G.) sagði, að bæta mætti kjör læknanna á annan veg en með frv. þessu. Það er að vísu satt, en það hefði þó átt að skipa nefnd til að íhuga það. Að sönnu er nú búið að fella nefndarkosningn, en samt sem áður óska eg að málið yrði látið ganga til 2. umr., því eg get hugsað mér, að menn áttuðu sig þá betur, og þar sem mér virðist menn nokkuð heitir nú í þessu máli, er vonandi, að þeir yrðu dálítið farnir að kólna, þegar málið yrði tekið fyrir aftur.

Guðjón Guðlaugsson: Eg álít óheppilegt og of mikla fljótfærni, ef h. þingd. feldi mál þetta nú þegar, þrátt fyrir það, þó frv. hafi fengið þessa útreið hjá stjórninni, án þess að gera frekari tilraun eða þá að ganga að tilboði hennar og segja já og amen til alls, enda veit eg ekki betur en að það sé almennur vilji þjóðarinnar, að gerðar séu umbætur á læknaskipuninni, þótt eg hafi reyndar ekki kynt mér alla þingmálafundi, sem haldnir hafa verið í vor, enda er mikil þörf á því, að gera umbætur í þessu efni. Það er líka athugavert, að stjórnin feldi frv.

meðal annars af því, að hún áleit, að á því væri formgalli frá þingsins hálfu, og þó vér játum líklega ekki, að hér hafi nokkur formgalli átt sér stað, þá er þó hægt að lagfæra slíkt og þá getur hugsast, að stjórnin liti öðru vísi á málið eftir en áður, ef formgalla þessum er burt rýmt. Að öðru leyti vil eg ekki samþykkja frv. þetta eins og það liggur hér fyrir, heldur eins og það var samþykt á síðasta þingi. — Það er ómögulegt fyrir stjórnina að segja um slíkt frv. sem þetta, að hér sé farið fram á óþarflegar eða ósanngjarnar kröfur frá þjóð og þingi. Þetta frv. stendur í nánu sambandi við annað frv. sem stjórnin hefir aftur og aftur neitað staðfestingu, nfl. eftirlaunafrv., og finst mér því sjálfsagt, að þingið feti í þessu efni alveg í sömu spor og það hefir gert að undanförnu.

Þar sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að hægt væri að bæta kjör lækna á annan veg en með því að samþykkja þetta frv. og að slíkt mætti gera í sjálfum fjárlögunum, þá er það hvorki einkatilgangur né aðaltilgangur þessa frv., að bæta kjör læknanna, heldur heilbrigðismál þjóðarinnar, og álít eg því, að nauðsynlegt hefði verið að kjósa nefnd til þess að komast að einhverri niðurstöðu. En færi svo, að tillögur hennar yrðu ekki heppilegar, er ætíð nægur tími til að fella frv.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg er samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að hið eina svar, sem vér eigum að geta stjórninni í þessu máli, sé að fella frv. nú þegar. Almenningur hefir varla verið eins sammála um neitt eins og það, að eftirlaun ættu að takmarkast eða jafnvel afnemast, en stjórnin hefir jafnan sett viðleitni þingsins í þá átt stólinn fyrir dyrnar. Nú er að ræða um að stofna mörg ný embætti með eftirlaunum, að þegar þingið reynir að takmarka eftirlaunin lítið eitt, þá er stjórnin þar »Þrándur í Götu«, en nú er það á þingsins valdi, að láta hana ekki kúga sig í þessu máli. Þar sem hinn hæstv. lh. sagði, að mál þetta snerti öðrum fremur líf og heilsu landsmanna, þá skal eg taka það fram, að einn af okkar beztu læknum hefir nýlega látið í ljós í blaðagrein, að aðalráðið til að tryggja heilsufar landsmanna væri ekki fjölgun lækna, heldur betri aðbúnaður og hentugri húsakynni.

Einar Jónsson: Eg get hvorki verið samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) né h. þm. A.-Sk. (J. J.) að vér eigum að neita því, að sómi þingsins liggi við, ef vér fellum ekki þetta mál nú þegar, vegna þess að stjórnin hafi neitað að staðfesta það, þar sem þingið og landshöfðingi hafi verið sammála um það 1897. Mér getur ekki annað fundist, en að sómi þingsins sé ekki síður í veði ef það vill ekki gera sitt ítrasta til að sinna jafn-áríðandi máli og þetta er og svo mikið áhugamál, sem landsmönnum er það. Það sem aðallega olli því, að stjórnin vildi eigi ganga að frv., var ákvörðunin um eftirlaun læknanna, og það er vissulega vert að athuga, hvort vér eigum að leggja svo mikið kapp á að halda þeirri ákvörðun, að vér viljum láta málið alt falla að öðrum kosti. Eftirlaunaákvörðunin getur ekki verið aðalatriðið í þessu máli. Það er skipun læknishéraðanna og fjölgun læknanna, sem er aðalatriðið, og falli frv., fellur sú bót, sem í því felst, og svo aðrar ákvarðanir þess, t. a. m. um bústað lækna, borgun til lækna fyrir sérstök læknisverk o. s. frv.

Færi svo, að frv. yrði enn ekki samþykt, mætti að vísu gera ráðstöfun til að kjör aukalækna yrðu bætt í fjárlögunum, en það er ekki nóg. Annars get eg hugsað mér, að stjórnin sé hér að

reyna staðfestu þingsins og hvort það leggi svo mikið kapp á atriðið um eftirlaunin, að það vilji fresta umbótum á læknaskipuninni, ef það fær ekki eftirlaun læknanna lækkuð. Mér fyrir mitt leyti er það ekki kappsmál, og það því síður, sem það var samþykt á tveimur þingmálafundum í mínu kjördæmi í vor, að þingið slakaði heldur til um eftirlaunin, en læknaskipunarmálið gengi ekki fram.

Það er auk þess vel hugsanlegt, að þótt stjórnin hafi eigi viljað ganga að frv. frá 1897, þá kunni hún að gera það nú. Það er eigi víst, að henni sé eftirlaunaspursmálið það kappsmál. Og þó að hún gangi ekki að því nú, kynni hún að gera það, ef frv. kæmi frá þinginu í 3. sinn. Hún hefir stundum látið undan.

Tryggvi Gunnarsson: Það hefir verið tekið fram hér af þingm. Skaftf., að sómi þingsins væri lagður í sölurnar, ef það feldi ekki málið nú þegar; en eg skil ekki, á hverju þessi skoðun er bygð; í hið minsta er hún gagnstæð gjörðum undanfarinna þinga. Þingið hefir hvað eftir annað tekið upp á næsta ári ýms mál, sem stjórnin neitað um samþykki sínu, t. d. lagaskóla, eftirlaunalög, að eg ekki tali um breytingar á stjórnarskránni.

Mér virðist sóma þingsins miklu fremur misboðið, ef málið væri nú felt við 1. umr. Það lýsti þrekleysi þingsins, að halda sínu máli fram, og gæfi stjórninni tilefni til, að segja um önnur mál, að réttast væri að neita um staðfestingu. Þingið mundi verða ljúft á að beygja sig og hætta kröfum sínum. Eg álít því miklu réttara að láta málið ganga til 2. umr. og senda svo stjórninni frv. aftur óbreytt frá því, er þingið samdi í hittið fyrra; vér sjáum, að vel getur komið fyrir, að ráðherraskifti verði í Danmörku, og þá getur svo farið, að hið nýa ráðaneyti hafi aðrar skoðanir, og verði fáanlegt til að samþykkja lögin. Eg álít því réttara að þingið láti málið gagna áfram til 2. umræðu og haldi málinu í sama formi, sem á síðasta þingi; það væri næst vilja meiri hluta landsmanna.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil að eins gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ldsh., hvort nokkrar líkur séu til þess, að mál þetta fái framgang hjá stjórninni, ef frumv. kæmi til hennar aftur í sama formi og 1897.

Landshöfðingi: Það er ekki auðvelt að segja með vissu, hvernig stjórnin lítur á þetta mál, ef það kemur til hennar með sömu eftirlaunaákvæðum eins og í hitt eð fyrra, því ýmislegt getur breytst á þeim tíma, sem þangað til líður. Sjálfur hefi eg ekkert annað í höndum frá stjórnarinnar hálfu í þessu máli en bréf það, sem birt er í Stjórnartíðindunum, sem háttv. þingd. er kunnugt. Eg get ekki neitað því, að mér kom það nokkuð óvart og undarlega fyrir, hvernig háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók í þetta mál, því mér er það kunnugt, að hvergi er jafnvel kvartað meira um læknaskortinn en einmitt í hans kjördæmi. Það hafa margoft komið til mín menn þaðan beinlínis grátandi yfir læknaskortinum og beðið um hjálp. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Hvaðan?) Úr Mýrdalnum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er aukalæknishérað). Það dugar alls ekkert, því það sýnir sig, að enginn vill sækja um það, og mig furðar á, að h. þm. vill ekki hjálpa kjósendum sínum. Það sýndi sig þegar eftir það að lögunum var neitað staðfestingar, að aðsóknin hefir stórum minkað að læknaskólanum, því menn eru ófúsir á að nema læknisfræði og eiga ekki von á öðru á eftir en komast í eitthvert aukalæknishérað. Það var sagt hér áðan, að

bæta mætti úr kjörum lækna með fjárlögunum, en slíkt er ekkert nema kák. Því síðan læknalögin frá 1875 komu út hefir aukalæknunum verið skotið inn í umdæmi héraðslæknanna hingað og þangað, svo nú er óregla komin víðast hvar á héraðaskipunina. Þetta þarf að taka alt fyrir frá rótum til að koma því í betra horf. En vilji þingið ekki ræða mál þetta nú, þó það mishepnaðist síðast, þá sé eg ekki hvernig það getur afsakað sig gagnvart kjósendum sínum, þrátt fyrir það þó samþykki stjórnarinnar fengist ekki í fyrsta sinn.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 6.

Önnur umr., 6. júlí.

Landshöfðingi: Eg get ekki annað en látið í ljósi fögnuð minn yfir því, að geta hampað frumv. þessu með góðri heilsu eftir lífsháska þann, sem það var í fyrir 2 dögum, því það gefur mér ástæðu til að vona, að það muni eiga langt líf fyrir höndum, og muni gera landi og lýð gagn. Eins og kunnugt er, var eitt ákvæði í samskonar frumv. frá 1897, sem olli því, að stjórnin synjaði því staðfestingar, nefnilega það, að eftirlaun lækna skyldu ákveðin eftir öðrum mælikvarða en eftirlaun annara embættismanna, og finst mér það eðlilegt, þótt stjórnin vildi ekki ganga að þessum ákvæðum eða leggja fram hönd til að styðja að því, að læknum landsins væri úthlutað lakari eftirlaunakjörum en öðrum embættismönnum, sem skipaðir eru af konungi og launað er úr landssjóði. Eg fyrir mitt leyti er samþykkur því, að læknar eigi skilið að fá eins góða þóknun fyrir starfa sinn og nokkrir aðrir embættismenn, og að þeir, sem verja tíma og kröftum, og einatt stofna lífi og heilsu í hættu til þess að hjálpa öðrum, eigi að fá hverja þá viðurkenningu og uppörfun, sem þing og stjórn getur látið þeim í té.

Það er kunnugt, að landsmönnum er ant um, að koma læknaskipunarmálinu í betra horf, og eg vona að þingið leggi lið sitt til þess, að frumv. komist í það form, að von geti verið um, að það verði samþykt. Hygg eg að affarasælast mundi að setja nefnd í málið, eins og hreyft var við 1. umr., því það er alls ekki hægt að laga læknaskipun landsins með fjárlögunum, því breyting á skipun læknahéranna eftir lögum frá 15. okt. 1875 verður ekki gjörð nema með sérstökum lögum. Eg vona því, að h. þingd. taki málið til ítarlegrar yfirvegunar, og sjái ástæðu til að kjósa nefnd í það, svo mögulegt sé að íhuga það vandlega.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg býst við að það yrði lagt út á rangan veg, ef eg svaraði ekki ræðum þeim, sem fluttar voru við 1. umr. þessa máls út af orðum mínum þá; þær voru sem sé fluttar eftir að eg var »dauður«, svo sem kallað er, svo að eg gat ekki svarað þeim þá.

Það var tvent í ræðu fulltrúa stjórnarinnar, sem gladdi mig. Hið fyrra var það, að hann tók það fram, að hitinn í máli þessu, sem hann mintist á við 1. umr., og sem alls enginn var á mína hlið, mundi vera að sjatna, og hitt, að hann tók það svo skýrt og tvímælalaust fram, af hvaða ástæðu stjórnin hefði ekki viljað leggja til að frumv. væri staðfest. Sumir h. þm. voru um daginn að »slá um sig« með því, að það kynnu að vera fleiri ástæður en ákvæðin um eftirlaunin, sem ollu því, að stjórnin vildi ekki ganga að frumv., og þó stendur það með berum orðum í ástæðum stjórnarinnar sjálfrar fyrir þessu frumv., að eftirlaunaákvæðið hafi verið »den eneste Hindring«, og

þær liggja hér fyrir prentaðar í allra þm. höndum. Eg get því ekki ímyndað mér, að þessir h. þm. hafi lesið ástæðurnar, en orð stjórnarfulltrúans hafa menn líklega hevrt.

Vér vitum, að að minsta kosti $^{9}/_{10}$ þjóðarinnar er það áhugamikið kappsmál, að bæta ekki við nýum eftirlaunum, miklu fremur, að afnema öll eftirlaun ef auðið væri, eða að minsta kosti að lækka þau. Treystir þingið sér nú til að samþykkja verulega fjölgun á eftirlaunuðum embættum þvert ofan í vilja þjóðarinnar? Nú hefir h. landsh. lýst því yfir, fyrir stjórnarinnar hönd, að hún vilji ekki ganga að annari reglu með eftirlaun lækna en annara embættismanna, og tók eg það fram við 1. umr. málsins, að það væri ekki til neins að ræða þetta mál, þar sem ekki væri von um neitt samkomulag. Frv. 1897 var vandað eins vel frá þingsins hálfu og kostur var á, og þar við bætist, að h. landsh. lofaði að styðja það við stjórnina, en þrátt fyrir það leyfir ráðgjafinn sér, að grípa fram fyrir hendur á þinginu og sínum eigin umboðsmanni, af því að princip laganna í þessu eina atriði er frábrugðið því, sem á sér stað annars í ríkinu. En mér þykir »skörin færast upp í bekkinn«, þegar stjórnin vill ekki ganga að frv., sem eingöngu snertir sérmálin og sem þing og landsh. er samdóma um, eingöngu af því, að principin í lögunum er ekki dönsk. — Þess vegna hefði verið hið eina rétta, að snúast svo við þessu frv. stjórnarinnar, að fella það þegar við 1. umr. En nú er því tækifæri slept og horfir mál þetta því nokkuð öðru vísi við en áður. Að samþykkja frv. óbreytt, eins og það var 1897, er ekki til neins; vér þekkjum stjórnina of vel til þess. En það eru til aðrir vegir, sem fara má. Verði nefnd sett í málið, sem eg hvorki legg til né óska eftir, þá ætti hún að finna vegi þá sem fara má. En falli frv. nú við 2. umr., þá vil eg benda á, hversu eg hafði hugsað mér, að bæta úr því, og var það þannig, að þeim kafla fjárlaganna, sem snerta aukalæknana, yrði breytt þannig, að aukalæknishéruðin yrði flokkuð, að hin fjölmennustu hefðu sömu laun og aðallæknishéruðin, en hin fámennari í 2. og 3. flokki hefðu nokkuð minni laun. — Þetta yrði til nokkurra bóta og mætti bjargast við það næstu 2 ár. Hið eina sem er óheppilegt við þetta fyrirkomulag er það, að með því er ekki hægt að gera breytingu á takmörkum læknishéraðanna, nema menn vildu samþykkja það með sérstöku lagaboði, að leyfa það landshöfðingja, eftir tillögum hlutaðeigandi stjórnarvalda, líkt og farið er fram á í niðurlagi 1. gr. frv., og sé eg ekki að þetta væri nein neyðarkjör, hvorki fyrir læknana né þjóðina, að sætta sig við þetta fyrirkomulag næstu 2 ár.

Það er vandi mikill, að koma þessu í lag, og ekki ráðlegt, að hrapa að því að lögleiða neitt nýtt fyrirkomulag, sem getur valdið óánægju. En verði málinu vísað til nefndar í dag, þá er ekki loku fyrir það skotið, að þingið geti komið því í viðunanlegra horf en nú er, með því að fara líkan veg og minni hluti nefndar þeirrar, er skipuð var í frv. 1897 hér í deildinni, benti á, þannig að viss hluti læknanna væru konunglegir embættismenn með eftirlaunarétti á vanalegan hátt, en viss hluti skipaður af landshöfðingja og þá án eftirlauna. Með þessu mætti bæta kjör læknanna og laga gallana á héraðaskiftingunni, án þess að fjölga eftirlaunaembættum. Eg geri reyndar ekki ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag finni fremur náð hjá stjórninni en frv. 1897, en þetta mun þó hið eina úrræði til þess að bjarga málinu. Í till. nefndarinnar 1897 er farið fram á, að eftir-

launaembættin verði 32 í stað 20 nú, en 10 eftirlaunalaus, en það mætti hugsa sér að fjölga alls ekki eftirlaunaembættunum frá því sem nú er, láta þetta ágreiningsatriði milli þings og stjórnar liggja milli hluta fyrst sinn. Þetta tek eg að eins fram til bendingar fyrir nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð í dag.

Eg vil taka það enn fram, að mér finst það ærið óheppilegt og misráðið af ráðaneytinu, að taka þannig fram fyrir hendur þingsins og fulltrúa stjórnarinnar, eins og það hefir gjört í þessu máli og að það sé beinlínis pólitiskt axarskaft frá stjórnararinnar hálfu, að gjöra slíkt í öðru eins nauðsynjamáli, sem einungis snertir sérmál Íslands, og það því fremur, sem nokkrar raddir heyrðust móti frv. 1897, og því mátti eiga von á, að þær raddir mundu styrkjast við þessa aðferð stjórnarinnar.

Loks á eg að eins eftir að gjöra dálitla persónulega aths. gagnvart hæstv. fulltrúa stjórninnar, út af aths. hans til mín persónulega við 1. umr., þar sem hann talaði um það, hvernig eg kæmi fram gagnvart kjördæmi mínu í þessu máli, og taldi mig með tillögum mínum stuðla að því, að hérað mitt gæti ekki orðið læknis aðnjótandi. Hann gat um það, að menn úr kjördæmi mínu hefðu komið til sín hálfgrátandi að biðja hjálpar. Eg kannast vel við þetta læknisleysi vestast í sýslunni, því menn hafa oft borið sig upp undan því við mig, án þess þó þeir hafi verið grátandi. Eg held nú að þeim sé flestum annað tamara en að skæla, þótt eitthvað bjáti á. Hinsvegar er það rétt, að læknaskortur er mikill í vesturhluta kjördæmis míns og austurhluta Rangárvallasýslu. Ur þeim stendur landsstjórninni miklu nær að bæta heldur en mér sem þingmanni. En það skal eg taka fram, að verði frv. þetta samþ., þá standa héruð þessu engu nær því að fá lækni, miklu fremur fjær, heldur en ef laun aukalæknisins væru nú hækkuð t. d. í 1500 kr. Því Mýrdalshéraðið liggur svo afskekt, þótt það sé í rauninni í beztu sveit, að læknaefni mundu fyr sækja um mörg önnur af læknishéruðum þeim, sem frv. setur á stofn, og ekki sinna því, meðan önnur læknaembætti væri laus, þar sem samgöngur eru betri. En yrðu kjör aukalæknanna bætt, eins og eg hefi bent á, má ganga hér um bil að því vísu, að þangað muni koma aukalæknir, ef ekki nú þegar í haust, þá að minsta kosti á næsta vori.

Hefði einhver h. þm. talað þeim orðum í minn garð, sem hæstv. landsh. hefir gjört í þessu máli, mundi eg hafa grunað hann um, að þetta væri kosningabrella, og að sá hinn sami væri að hugsa um að setjast sjálfur í sæti mitt, þegar það við kjörbilslokin verður autt, væntanlega án þess að eg hugsi um að sækjast eftir því aftur. Því miður get eg ekki beint slíkri getsök að hæstv. landsh. En hins vegar vildi eg mjög gjarnan óska, að þetta hefði verið tilgangur hæstv. landsh.; því þá gæti það verið mér og mínum kjósendum mikið gleðiefni, ef við mættum eiga það víst, að slíkur maður sem hann yrði þm. í mínu kjördæmi í minn stað, þegar eg nú hætti við það starf.

Þórður J. Thoroddsen: Það gleður mig, að h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) virðist kveða við annan tón nú en við 1. umr. málsins. Þá vildi hann þegar láta fella málið frá umræðum. En nú hefir hann hugsað sig svo um, að honum þykir þó réttast að það sé tekið til íhugunar. (*Guðl. G.*: Nei). Að minsta kosti gerir hann ráð fyrir að nefnd manna verði sett í því. (*Guðl. G.*: En þó móti mínum vilja). Eins og eg tók fram við 1.

umr., finst mér það ærið fljótræði, að vilja ekki íhuga málið sem vandlegast. Vér verðum að athuga, hvað hér er aðalatriðið. Að mínu áliti er það alls eigi eftirlaunaspursmálið. Aðalatriðið bæði fyrir þjóðina og læknana er það, að á komist haganlegri skipun læknahéraðanna en nú er. Verði frv. þetta felt, þá heldur alt áfram að vera í sama ólaginu og nú með héraðaskiftinguna, því að á fjárlögunum er ekki hægt að koma lagi á hana. Þótt þing og stjórn hafi ekki getað komið sér saman um eftirlaunin, þá ætti þingið eigi að gjöra þetta ágreiningsatriði að svo miklu kappsmáli, að ónýta málið fyrir þá sök. Þingmenn verða að hafa það hugfast, að hér getur ekki verið um það að ræða, að þingið með því að fella frv. sýni stjórninni á nokkurn hátt í tvo heimana, heldur gefur þingið með því sjálfu sér og þjóðinni utan undir. Ef málið fær að koma í nefnd, þá er eigi örvænt um að hún kunni að finna eitt hvert ráð til að bjarga því við, annaðhvort það, er h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) kom með, eða þá annað, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. með 15 atkv.

Kosningu hlutu:

Guðlaugur Guðmundsson	með	15 atkv.
Þórður Thoroddsen	—	15 —
Ólafur Briem	—	10 —
Björn Sigfússon	—	11 —
Sighvatur Árnason	—	13 —

Umræðum því næst frestað.

Framhald annarar umr., 17. júlí. (C. bls 90, og þgsk. 87. 88. 90. 92. 93. 94. 95).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg ímynda mér að eg þurfi ekki að tala langt mál, á meðan ekki koma fram nein mótmæli gegn áliti nefndarinnar, og á hinn bóginn er nefndarálitið svo greinilegt, að eg vona, að h. þm. muni átta sig á, hvernig nefndin hefir snúist við því. Það muna allir eftir því, að frv. þetta sætti töluverðri mótspyrnu hér í h. deild við 1. umr., svo að sumir vildu jafnvel alls ekki sinna því neittt, og var því töluverður vandi fyrir nefndina að fara þann meðalveg, er allir mættu vel við una. Fanst nefndinni eftir nákvæma yfirvegun að til væru hér 4 vegir. Hinn 1. var sá, að ganga að frv. eins og það kom frá stjórninni, með því ákvæði, sem stjórnin hafði potað inn í það, að allir læknar skyldu hafa eftirlaun. En nefndin komst fljótt að þeirri niðurstöðu, að það mundi ógjörningur, sumpart eftir þeim viðtökum, sem frv. stjórnarinnar hafði orðið fyrir hér í deildinni, og sumpart eftir því sem vilji þings og þjóðar nú er. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu hefir bæði þing og þjóð kvartað yfir þeirri þungu eftirlaunabyrði, sem hvílir á landssjóði, og er þjóðin ófús á að auka hana frá því sem nú er. Var því ekki álitlegt, að fara þann veg, að leggja til að samþ. stjórnarfrv. Nefndin varð því að íhuga fleiri vegi. Annar var sá, að taka frv. frá 1897 án nokkurra breytinga, en eftir undirtektum stjórnarinnar að dæma mátti ganga að því vísu, að alls engin líkindi væru til þess, að málið fengi framgang hjá stjórninni, ef þingið tæki þá stefnu og samþ. frv. óbreytt eins og það var 1897. Slíkt væri að berja höfðinu við steininn.

Nefndin áleit að hún yrði því að fara aðra vegi, þar sem málið er svo mikilsvarðandi að öðru leyti, þ. e. vegi, sem bæði þing og stjórn gætu mætzt á. Annað ráðið var að fella þetta frv. og koma með tillögur til fjárlaganefndarinnar um að bæta hag aukalæknanna á fjárlögunum. En nefndin féll þó frá

að fara þennan veg, því það er ekki aðaltilgangur með þetta mál, að bæta kjör læknastéttarinnar, heldur sá, að koma fastri skipun á læknaskipunina hvað héraðaskiftingu snertir, og koma henni í haganlegra form. En slíkt verður ekki gert á fjárlögunum. Nefndin tók því það ráð, að fara hinn veginn, sem eftir var, þ. e. svara stjórninni því, að úr því hún ekki vildi ganga inn á eftirlauna ákvörðun þingsins, þá skyldi hart mæta hörðu, og engin eftirlaun veita af þingsins hálfu þeim læknum, er bætt væri við tölu hinna núverandi héraðslækna; en slaka aftur á móti til í því við stjórnina, að breyta ekki eftirlaunum eða eftirlaunarétti í eldri læknishéruðunum.

Nefndin sá ekki ástæðu til að gera breytingu á launum lækna eins og þau eru ákveðin í frv. Hið eina, sem nefndin hafði að gera, var að vinsa úr þau héruð í 3. flokki stjórnarfrumv., er eftirlaun hafa samkvæmt gildandi lögum og setja þau í sérstakan flokk. Verða þau samkvæmt tillögum nefndarinnar í sérstökum flokkum, 1. og 2. flokki, og svo hefir nefndin leyft sér að bæta við þá flokka fáeinum öðrum héruðum. Fór nefndin þá í því vali mest eftir fólksfjöldanum í héruðunum, aukahéruðunum, sem nú eru. Auk þess hafði hún þau læknishéruð fyrir augum, sem víðlend eru, og loks þau héruð, þar sem læknirinn verður að búa í kaupstað. Nefndin verður að álíta, að í slíkum héruðum, þar sem svo er ástatt, sé rétt, að læknar hafi rétt til eftirlauna. Héruðum þeim, sem þá urðu eftir, skifti hún í tvo flokka, 4. og 5. flokk, og hafi læknar í þeim héruðum ekki eftirlaunarétt. Nefndinni var að sönnu ljóst, að með því að flokka þannig, þá mundu héruðin í 4. og 5. flokki verða að nokkru leyti á hakanum eftirleiðis, þannig, að læknar mundu sækjast eftir að komast í efri héruðin, sem væru með eftirlaunarétti. Nefndinni var það ljóst, að ef vel færir og duglegir læknar kæmust í eftirlaunalaus héruð, þá mundu þeir ekki standa þar við, heldur fara yfir í hin héruðin. Þetta var og ein ástæða nefndarinnar til þess, að hún tók nokkur héruð í efri flokkana, þar sem mest þörf var á duglegum læknum, þótt þau hefðu áður verið aukahéruð. Þannig er Seyðisfjarðarhérað sett í 1. flokk og Blönduóshérað haft í 2. flokki, og af sömu ástæðu í 3. flokk: Dala- Hofsós- og Höfðahverfishéruð, en þau hafa öll verið aukalæknishéruð. Mér hefir nýlega verið bent á, að 18. héraðið, Fljótsdalshérað, sem sett er í 3. flokk, sé hið núverandi aukalæknishérað, en Hróarstunguhérað, nr. 28, sem sett er í 4. flokk, væri aðalhéraðið. Nefndin hefir vilst á þessu. Meining nefndarinnar var að hafa aðallæknishéraðið í 3. flokki, og ætti það því að vera Hróarstunguhérað. Mun nefndin því koma með tillögu um að laga þetta við 3. umr.

Eg sé, að þm. Vestm. (V. G.) kemur með brtill. um, að Fljótsdalshérað sé sett í 4. flokk, og er ekkert því til fyrirstöðu frá nefndarinnar hálfu, þar sem það er aukalæknishérað, en þó því að eins, eftir því sem eg áður hefi tekið fram, ef Hróarstunguhéraði verður þá aftur komið upp í 3. flokk.

Í nokkru hefir nefndin leyft sér að víkja frá aðalreglunni, og er það í því, að hún leggur til, að 2 núverandi aðallæknishéruð séu sett í 5. flokk: Vestmannaeyahérað og Siglufjarðarhérað. Vestmannaeyahérað hefir verið í 5. flokki eftir frv. 1897, og er hér eins í stjórnarfrv., og sá nefndin ekki ástæðu til að breyta því, þar sem engin mótmæli hafa áður komið fram gegn því. Siglufjarðarhérað er nú sett

í 5. flokk vegna þess, að nefndin hefir gjört þá breyting á héraðaskipun í Skagafirði, að Siglufjarðarhérað er orðið mjög fáment hérað og lítið, og því alt annað en það áður hefir verið.

Eftir flokkaskipun nefndarinnar eru því:

í 1. flokki 4 héruð,
í 2. flokki 4 héruð,
í 3. flokki 15 héruð,
í 4. flokki 7 héruð og
í 5. flokki 12 héruð,

en eftir frv. stjórnarinnar eru:

í 1. flokki 4 héruð,
í 2. flokki 4 héruð,
í 3. flokki 25 héruð og
í 4. flokki 9 héruð.

Þar sem nefndin hefir 12 héruð í 5. flokki, þar sem áður ekki voru nema 9 í 4. flokki eftir stjórnarfrv., þá kemur það til af því, að nefndin hefir tekið 3 héruð, er voru ofar, og sett þau í í þenna flokk, það eru: Reykhólahérað, Berufjarðarhérað og Hesteyrarhérað, og fór nefndin þar mest eftir fólksfjölda. Í Reykhólahéraði eru c. 700 manns, Hesteyrarhéraði um 800 og í Berufjarðarhéraði 6—700. Afleiðingin af breytingu nefndarinnar hefir því orðið sú, að hún hefir grætt handa landssjóði 600 kr., þar sem laun allra lækna eru eftir stjórnarfrv. 62,600 kr., en eftir till. nefnd. 62,000 kr.

Eg skal svo ekki fara lengra út í nefndarálitið að svo stöddu, en að eins geta þess, að nefndin hefir gjört nokkrar breytingar á héraðaskipun í Skagafirði, Húnavatnssýslu og Strandasýslu, og er það sumpart eftir till. á þingmálafundum í vor, og sumpart í samráði við þingmenn úr hlutaðeigandi kjördæmum. Ennfremur er gjörð dálítil breyting í Vestur-Skaftafells- og Rangárvallasýslum í samráði við þm. þeirra kjördæma.

Nú hafa komið nokkuð margar breyt.till. við nefndarálitið, og skal eg geta þess að breyt.till. á þgskj. 90 var gerð að eins í því augnamiði að gera atkvæðagreiðsluna glöggari, og fer hún fram á það, að gefa mönnum kost á að færa héraðaskipunina í sama horf og er í stjórnarfrumv. En mér hefir verið bent á, að dálitlar villur hafi slæðst inn um hreppatölu hvers umdæmis; vil eg því og annar meðtillögumaður minn h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) taka breyt.till. aftur; en þriðji tillögumaðurinn, þm. Strand. (Guðj. G.), kveðst muni halda henni áfram, og ætlar, að glundroðinn í henni sé ekki meiri en svo, að hægt sé að laga það við 3. umr.

Þá er önnur breyt.till. sem er frá mér og öðrum h. þm. (S. Á.), en ekki frá nefndinni, á þgskj. 95, þar sem lagt er til að færa 3 læknishéruð úr 4. flokki upp í 3. flokk. Þessi héruð eru Skipaskaga, Grímsness og Mýrdals héruð. Kom til tals í nefndinni, að þau hefðu að mörgu leyti verðleika eftir þeim mælikvarða, er nefndin tók til, að vera sett í 3. flokk. Um Skipaskagahérað er það að segja, að þar er verzlunarstaður, sem mikil líkindi eru til að nái þroska í framtíðinni, enda fólksmargt hérað, eins og þessi héruð eru öll. Vér ætlum þó ekki að gera breyt.till. þessa að kappsmáli, en láta h. þingd. skera úr með atkvæði sínu.

Hvað hinar aðrar breyt.till. snertir, sem fram eru komnar, þá er nefndin algjörlega mótfallin breyt.till. á þgskj. 94 frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) og S.-Þing. (P. J.), þar sem farið er fram á að setja frumv. í sömu skorður hvað eftirlaunin snertir og frumv. frá 1897. Nefndin verður að álíta, að það mundi verða málinu til falls hjá stjórninni, ef slíkar ákvarðanir væru inn settar, og lýsi eg því yfir í nefndarinnar nafni,

að hún álítur slíkan fleyg í málinu óhafandi, og að miklu sé nær að fella málið að fullu og öllu.

Að því er snertir breyt.till. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á þgskj. 88 um, að Siglufjarðarhérað sé fært upp úr 5. flokki í 4. flokk, þá mun nefndin af sérstökum ástæðum greiða atkvæði með því.

Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 93, þá getur nefndin ekki verið með því, að færa Vestmannaeyjahérað úr 5. flokki upp í 4; flokk því hún álítur Vestmannaeyjar alt of fáment læknishérað til þess, og auk þess ekki svo mikla þörf þar á sóttvarnarráðstöfunum, að ástæða sé til þessarar breytingar.

Hvað snertir aðra liði breyt.till., þá er nefndin á móti 1. lið, að færa Miðfjarðarhérað niður í 4. flokk. Nefndin er hér á móti vegna þess princips, að hún vill halda hinum fornu aðallæknishéruðum með eftirlaunarétti, þar sem ekki er sérstök ástæða til annars fyrir hendi; en Miðfjarðarhérað er aðallæknishérað, og sama sem Hrútafjarðarhérað í frumv. stjórnarinnar.

Hvað 4. lið till. snertir, að færa Fljótsdalshérað niður í 4. flokk, þá hef eg áður skýrt frá, að nefndin hefir ekkert á móti því, ef Hróarstunguhérað verður fært upp.

Hvað snertir 2. og 3. lið sömu breyt.-till., þá vill nefndin láta standa við gjörðir sínar í því efni, því hún er, eins og margir fleiri, að henni »þykir sinn fugl fegurstur«. Annars getur það verið álitamál, hvaða héruð eigi að verða í 4. flokki. En nefndin verður að vera á þeirri skoðun með tilliti til Hofsóss og Höfðahverfis héraða, að eigi þau að setjast í 4. flokk, þá hafi héruð þau, sem talað er um að setja úr 4. flokki í 3. flokk, svo sem Skipaskagahérað, o. s. frv., ekki meiri verðleika til þess að vera í þeim flokki.

Nefndin getur ekki verið með 1. breyt.till. á þgskj. 92, um að færa Blönduóshérað úr 2. flokki í 3. flokk, þar sem það er svo stórt hérað, og læknirinn verður auk þess að hafa aðsetur í kaupstað.

Hinar breyt.till. á sama þgskj. eru hinar sömu og frá h. þm. Vestm. (V. G.) á þgskj. 93, og hefi eg minst á þær áður.

Eg ætla svo ekki að tala meira að sinni, og vona að menn taki mjúkum höndum á verkum nefndarinnar, án þess eg sé þó að biðja vægðar fyrir hennar hönd, því í henni eru menn, sem þola þó á móti blási.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki tefja umræðurnar með því að tala langt mál, en verð þó að lýsa því yfir, að mér finst mjög athugavert fyrir þingið, að leggja landssjóði of miklar byrðar á herðar með þessu máli. Þessi skoðun kom mér á síðasta þingi til að vera á móti frv. Eg álít nefnilega, að við eigum að reyna að komast af með sem fæst eftirlaunalæknishéruð að hægt er, helzt ekki að þau fari fram úr 20, og þess vegna hefi eg komið fram með þær br.till., að flytja 3 af þeim læknishéruðum, sem nefndin hefir skipað í 3. flokkinn, niður í 4. flokk. Þessi héruð eru: Miðfjarðar-, Hofsóss- og Höfðahverfishéruð. Fljótsdalshérað hefir nefndin skýrt frá að standi af vangá í 3. flokki. Hvort eg hefi verið heppinn í valinu með þessi þrjú héruð, er auðvitað álitamál. Nefndin virðist vera þeirrar skoðunar, þegar verið er að ræða um, hvernig launa skuli lækna, að þá lækna beri að launa hæst, sem sitji í fólksflestu héruðunum, en þetta held eg að sé alls ekki rétt athugað, eða að minsta kosti mjög vafasamt, því þar sem fólkið er flest, þar eru aukatekjur læknisins mestar, og víst er það, að alstaðar annarsstaðar er einmitt

tekið mikið tillit til þessa og læknar því lágt launaðir. Þar, sem aukatekjurnar eru miklar, er miklu minni þörf bæði á launum og eftirlaunum, og því er meiri þörf á að launa þann lækni vel, sem litlar aukatekjur hefir. Langtum réttara en að taka tillit til auka tekjanna finst mér að miða við, hvort aukalæknisdæmið liggur nálægt héraðslækni eða ekki. Það geta ætíð komið fyrir þau tilfelli, sem eru sérlega vanda söm og ekki trúandi nema góðum lækni að leysa vel af hendi. Ef nú aukalæknishérað, sem liggur langt frá héraðslæknisdæmi, eða þannig, að örðugt er að ná til héraðslæknis, er lágt launað, þá er ekki að búast við öðru en að það verði skipað ungum og lítt reyndum lækni, en það sjá allir, hvaða hætta getur stafað af því. Af þessari ástæðu hefi eg komið fram með þá br.-till., að Vestmannaeyjar verði færðar úr 5. flokki upp í 4. flokk. Eg hefi ekki viljað setja þær í 3. flokkinn, því það fanst mér ekki sanngjarnt, en á hinn bóginn fanst mér heldur ekki sanngjarnt, að hafa þær í 5. flokki, því þær eru einmitt þannig settar, að ómögulegt er að ná í annan lækni en þann, sem er í eyjunum, þó líf manns liggi við. Annars skal eg geta þess, þar sem það hefir verið notað sem ástæða fyrir að hækka laun lækna, að áríðandi sé að hafa góða lækna, þar sem þörf geti verið á að beita sóttvörnum, að Vestmannaeyjar eru sá staður, sem póstskipin koma fyrst til, þegar þau koma frá útlöndum, og því ein ástæða fremur til að fá þar góðan lækni.

Eg hefi tekið fram tvær ástæður fyrir hækkuninni, og þar sem hún hins vegar er svo lítil, að eins 200 kr. munar á br.till. minni og till. nefndarinnar, en þó getur gert það að verkum, að ekki veljist í Eyarnar læknir af lökustu tegund, þá vona eg að þessi brt. mín verði samþykt.

Hvað hinar brt. mínar, að flytja þrjú héruð úr 3. flokki niður í 4. flokk, snertir, þá er mér það ekkert kappsmál, að það verði endilega þessi héruð, sem fyrir því verða, fremur en einhver önnur. Þá skal eg geta þess, hvað Miðfjarðarhérað snertir, er framsögum. vill láta vera í 3. flokki, af því það áður hefði verið með eftirlaunum, að þá er alveg eins ástatt með Vestmannaeyjar. Þær eru nú héraðslæknisdæmi og hefir því læknir þeirra rétt til eftirlauna.

Afstaða mín gagnvart þessu máli í heild sinni er sú, að fari tala læknisembætta í fyrstu 3 flokkum fram úr 20, þá verð eg að vera á móti frv.

Klemens Jónsson: Eg hafði ekk búist við, að miklar breytingar mundu verða gerðar á skipun læknahéraðanna frá því, sem samþykt hafði verið á síðasta þingi, og styrktist eg í þeirri skoðun þegar eg las nefndarálitið, því þar stendur með berum orðum, að nefndin hafi gert að eins litlar breytingar á niðurskipun héraðanna. Reyndar þótti mér það ekki góðs viti, að helztu breytingarnar, sem farið var fram á, voru í kjördæmum fjögra nefndarmannanna. Þegar eg fór að athuga nánar brtill. nefndarinnar, sá eg þó, að hún hafði farið fram á fleiri breytingar en þær, er snertu þessar fjórar sýslur, án þess þó að getið sé um hana í nefndarálitinu; hún hafði líka farið fram á breytingu á Siglufjarðarhéraði, er liggur í mínu kjördæmi og verið hefir reglulegt læknishérað yfir 20 ár. Nefndin leggur sem sé til, að Holts og Fellshreppar í í Skagafjarðarsýslu séu lagðir frá Siglufjarðarhéraði, þannig, að í því héraði verði að eins eftir Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyafjarðarsýslu, og

jafnframt flutt það niður í 5. flokk. Afleiðingin af þessari breytingu yrði sú, að til Siglufjarðar, þar sem reglulegur læknir nú hefir setið í 24 ár, yrði ekki hægt að fá neinn lækni, fyr en læknar væru komnir í öll önnur héruð landsins. Eg skal ekki brúka nein sterk orð, en þar sem framsögum. gat þess, að þessi breyting hefði verið gerð eftir áskorun Skagfirðinga, þá finst mér nefndin hefði verið skyld að leita álits okkar Eyfirðinga, og ekki láta sér nægja að heyra tillögur Skagfirðinga einna; það held eg sé þó það minsta, sem heimta hefði mátt. Eg skal þó ekki vera móti þeim breytingum, er þingm. Skagfirðinga vill koma á, ef mín till. um að færa Siglufjarðarhérað úr 5. flokki upp í 4. flokk verður samþykt, því þá er engin ástæða til að efast um, að um héraðið verði sótt, ef því fylgja sömu laun og nú eru, þótt eftirlaunin hverfi. Það eru að eins 200 kr., sem hér er um að ræða, og vona eg þingmenn sjái, að hér er ekki frekt í sakirnar farið, einkum þegar tekið er tillit til, að hér stendur nokkuð sérstaklega á. Eg skal leyfa mér að rökstyðja þetta með nokkurum orðum. Þetta litla hérað, að eins tveir hreppar, Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar, yrði sjálfsagt, þótt eigi sé það fjölment, eitt af örðugustu héruðum landsins og verstu yfirferðar. Úr Hvanneyrarhreppi út í Ólafsfjörð er þannig yfir versta fjallgarð að fara, sem bæði er mjög brattur og vondur yfirferðar, enda hreint og beint hættulegur. Þessi leið er kölluð að fara fyrir »Botna«. Aðra leið má fara, nefnilega krækja fyrir þennan fjallgarð, en þá liggur leiðin fyrst yfir Siglufjarðarskarð, sem víst flestir þekkja, og síðan yfir mestan hluta þeirra hreppa, sem einmitt eru lagðir frá þessu héraði. Frá Siglufirði til Sigluness er ekki nema ein leið, og hún er á sjó; það vita allir, hversu örðugar sjóferðir eru oft og tíðum, en ekki sízt fyrir Norðurlandi á vetrartíma, þegar ís getur bannað allar ferðir. Þá er enn, að ekki er hægt að komast úr Siglufirði inn í Héðinsfjörð og í svo kallaða Dalabæi, sem hvorirtveggja liggja í Hvanneyrarhreppi, nema yfir afarbratta og örðuga fjallvegi. Í stuttu máli, hvert sem læknirinn hreyfir sig, nema í Siglufirðinum sjálfum, þá er yfir örðug og hættuleg fjöll eða á sjó að fara. Eg álít af þessum ástæðum þetta hérað, þó það hvorki sé víðáttumikið né mannmargt, lang erfiðasta héraðið á landinu, og hefi eg þess vegna leyft mér að koma með þá till., að það verði sett í 4. flokk, þar sem það annars yrði svift lækni um langan tíma, og því fremur verð eg að álíta þetta sanngjarnt, þegar það er borið saman við, að Hofsósshérað er af nefndinni sett í 3. flokk.

Aðra breyt.till. hefi eg leyft mér að koma fram með við sjálft frumv. Í 2. gr. byrjun 3. liðs stendur: »Ef opinber sjúkrahús eru á þeim stað«. Þessi orð finnast mér óskýr og geta valdið ágreiningi; það má t. d. þrátta um, hvort sjúkrahúsin á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði eigi að álítast opinber eða ekki. Eg hefi því stungið upp á að orða þetta þannig: »Ef sjúkrahús, er njóta styrks úr landssjóði, eru á þeim stað«, því þá getur ekki neinn vafi leikið á því, hvaða sjúkrahús er átt við. Þetta er í rauninni orðabreyting, sem þó skýrir töluvert, og vona eg því að breyt.till. verði samþykt, og það því fremur, sem eg hefi borið þetta undir hæstv. landshöfðingja og honum fundist greinin heppilegar og skýrar orðuð á þennan hátt.

Fleiri breyt.till. á eg ekki; en eg sé hér breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.) um að færa Höfðahverfishérað úr

3. flokki niður í 4. flokk. Þessari breyt.till. verð eg að vera á móti. Einn af hreppunum, er liggja í þessu héraði, Svarfaðardalshreppur, hefir um 1000 manns, Arnarnesshreppur er líka mannmargur, og báðir hinir hrepparnir, Grýtubakka og Háls, er liggja í Þingeyarsýslu, hafa hvor um sig marga íbúa, svo eg efast um að nokkurt hérað verði stærra að íbúatölu, og verð því að vera á móti breyt.till.

Jens Pálsson: Afstaða mín í þessu máli er sú, að eg annars vegar vil styðja að því að bæta úr læknaþörfinni, en hins vegar get eg ekki stutt að því, að fjölga þeim embættum, sem rétt hafa til eftirlauna. Mér finst eftirlaunabyrðin, sem á landinu hvílir, orðin næsta nógu þung, enda er eg principielt á móti öllum eftirlaunum; en úr því bjarga má málinu, þannig, að við það má hlíta, án þess að láta rétt til eftirlauna ná til fleiri en 20 læknishéraða, þá sé eg enga ástæðu til þess, að reyna ekki að gera það. Ekki finst mér heldur þurfa að óttast það, að ekki fáist menn í embættin, þó þeim fylgi ekki öllum réttur til eftirlauna. Af þessari ástæðu, að eg er á móti því, að fjölga þeim héruðum, sem rétt hafa til eftirlauna, þá hefi eg komið með þær breyt.till., að færa tölu þeirra úr 23 niður í 20, með því að flytja þrjú úr 2. og 3. flokki niður í 4. flokk, en eg hefi síðar komist að því, að eg muni hafa verið óheppinn í valinu með eitt þeirra, nefnilega Blönduósshérað, sem ætti að halda í öðrum flokki vegna þess, að þó það sé ekki enn þá orðin skylda fyrir lækninn að sitja á Blönduós, þá mun honum síðar verða gert það að skyldu, en allir vita að honum verður nokkrum mun dýrara að sitja í kaupstað heldur en uppi í sveit. Vitanlega verður þetta hérað töluvert mannmargt, og að því leyti er minni ástæða til að láta því fylgja eftirlaun, en það eru hin líka, og sum enn þá mannfleiri t. d. Höfðahverfishérað; því er eg samþykkur h. þm. Vestm. í því, að það geti ekki verið ástæða til að tengja eftirlaunarétt við læknisembætti, að héraðið hefir marga íbúa, því þess meiri eru aukatekjurnar, og því minni þörfin á háum launum. Miklu fremur er rétt að taka tillit til þess, ef héraðið er örðugt yfirferðar, því það hefir þær afleiðingar, að læknirinn bilar fyr að heilsu, gefst fyr upp við þjónustuna. En þótt þetta sé ekki tilfellið með Blönduósshérað, sem eins og eg hefi tekið fram er töluvert mannmargt, og ekkert sérlega erfitt, þá skal eg þó taka aftur breyt.till. mína viðvíkjandi því, vegna þess, að ætlast er til, eins og eg sagði áðan, að læknirinn sitji á Blönduós. Hinar breyt.till. mínar verð eg aftur á móti að halda fast við.

Hvað breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) snertir, um að flytja Eyarnar úr 5. flokki upp í 4., þá getur það verið álitamál, og skal eg láta það hlutlaust.

Samkvæmt því, sem eg hefi tekið fram, þá mun eg greiða atkvæði í þá átt, að sporna við því, að fleiri embætti verði sett í eftirlaunaflokkinn en nú eru; eg held því fram, að þessi embætti fari ekki fram úr 20, en mun þó hins vegar ekki gera það að kappsmáli, þó þau verði einu fleiri.

Eg vona að öllum þm. sé það áhugamál, að eftirlaunabyrðin verði ekki þyngd á herðum þessarar veikburða þjóðar, sem þegar hefir næsta nóg að bera.

Ólafur Briem: Eg skal með fáum orðum leyfa mér að skýra frá ástæðunum til þeirra breytinga, sem nefndin hefir stungið upp á að gjörðar séu á læknishéruðunum í Skagafirði. Aðalbreytingin er í því fólgin, að Skagafirði sé skift í tvent um Héraðsvötnin

í stað þess að í frv. stjórnarinnar var hann skorinn þvert yfir í 2 héruð. Þessi breyting er samkvæmt eindregnum vilja héraðsbúa, og með því hún eftir eðli sínu er innanhéraðsmál, vona eg að hún valdi ekki neinum ágreiningi. En af þessari breytingu á héraðaskiftingunni leiðir, að Seiluhérað fellur niður sem sérstakt umdæmi og legst til Sauðárkrókshéraðs.

Önnur breytingin er sú, að Svartárdalur í Húnavatnssýslu sé látinn fylgja Blönduóshéraði, í stað þess að eftir stjórnarfrv. átti hann að fylgja Skagafirði. Þessi breyting er ekki mjög þýðingarmikil, með því hér er að eins um litla sveit að ræða. Í sjálfu sér skiftir það ekki miklu, hvort Svartárdalur er látinn fylgja Sauðárkróks eða Blönduóss héraði, en eðlilegast sýnist eftir afstöðu, að láta sýslumörk ráða.

Þá er þriðja breytingin sem fer því fram, að Holts-, Haganes- og Fellshreppar í Skagafjarðarsýslu sé teknir frá Siglufjarðarhéraði og lagðir til læknishéraðsins austan Héraðsvatna, sem eftir brtill. á að nefnast Hofsóshérað.

Orsökin til þeirrar breytingar er, að þessir þrír hreppar hafa í þau 23 ár, sem þeir hafa legið undir Siglufjörð, mátt heita alveg læknislausir, því héraðið er ákaflega örðugt yfirferðar. Þó vegalengd sé ekki mjög mikil milli Fljóta og Siglufjarðar, er afar-torsótt á vetrum sökum snjóþyngsla og illviðra á hinu svonefnda Siglufjarðarskarði, sem vanalega er ófært að vetrarlagi nema á skíðum. Þetta er sú nauðsyn, sem knúð hefir fram brtill.; en það er einnig að öðru leyti óheppilegt, að þessir hreppar heyri undir Siglufjörð, af því að læknirinn þar á svo örðugt að ná til lögreglustjóra í Skagafirði, sem er búsettur á Sauðárkrók, til að bera sig saman við hann um sóttvarnarráðstafanir, ef á þarf að halda, og kom þetta greinilega í ljós síðasta vetur, þegar barnaveikin geisaði fyrir norðan. Fyrir öflugar sóttvarnir tókst að hefta sóttina í þeim hluta sýslunnar, sem liggur undir Sauðárkrók, en í Fljótum geisaði veikin allan veturinn, og hélzt þar enn þá, þegar eg vissi síðast.

Ástæðan til þess, að nefndin bar sig ekki saman við þingm. Eyf. um þessa breyting á takmörkum Siglufjarðarhéraðs, var sú, að hún áleit ekki, að Eyfirðingum væri gjörður neinn skaði, þótt þessir þrír hreppar væru teknir frá Siglufjarðarhéraði.

Eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, þá er Siglufjarðarhérað mjög erfitt og get eg því verið honum sammála um, að það ætti að flytja úr 5. flokki upp í 4. flokk, að því er laun snertir. Þessu get eg líka því fremur verið meðmæltur, þar sem skipakoma og aðsókn útlendinga er töluverð á Siglufirði, og því meiri ástæða til að hafa þar duglegan lækni, ef á sóttvörnum þarf að halda.

Að endingu skal eg taka það fram, að eg mun fylgja þeirri aðalstefnu í þessu máli, að fjölga ekki eftirlaunaembættum, og því vera þeim brtill. mótfallinn, sem ganga í þessa átt, en aftur á móti mun eg styðja þær, sem fækka vilja þessum embættum.

Guðjón Guðlaugsson: Eg skal leyfa mér að byrja á því að minnast á brtill. á þgskj. 90, sem nafn mitt og tveggja annara h. þingdm. stendur við. H. framsm. (Þ. Th.) hefir þegar minst á, að það hefir slæðst villa inn í hana; það hefir nefnilega ruglast með hreppanöfn þar, vantar suma hreppa inn í, sem þar áttu að standa. Þetta er að kenna ógáti hjá skrifaranum; hann sagði mér, að hann hefði tekið brtill. upp eftir frv. stjórnarinnar, og athugaði eg það

svo ekki frekara. Þó er brtill. rétt, að því er snertir þá tvo liði, sem mér heyra einkum til: 3. og 4. lið. Það er rétt, að hér er kipt í sama horf eins og var í stjórnarfrv. og eins og samþykt var á þinginu 1897. Eg skýrði þá rækilega frá því, hvers vegna rétt væri að haga héraðaskipun þeirri, er hér ræðir um, eins og þá var gjört, og hafi það verið rétt þá — og gegn því hefi eg ekki heyrð borin mótmæli — þá er það líka rétt nú. Og þar sem komið hafa fram óskir og áskoranir um, að breyta sem minst þeirri skipun læknishéraðanna, sem gjörð var 1897, þá sýnist mér ekki rétt af h. nefnd, að vera að gjöra breytingar þær, sem hún hefir gjört á henni; sérstaklega sé eg ekki, hvað h. nefnd hefir haft fyrir augum með breytingar þær, er snerta héraðaskipunina í Strandasýslu og Húnavatnssýslu; hún hefir gjört Blönduóshérað miklu hægra en það átti að vera eftir frv. stjórnarinnar og eigi að síður haldið því í öðrum flokki. Aftur á móti tel eg nefndina hafa rétt gjört, að halda í 3. flokki Miðfjarðarhéraðinu, sem nefndin kallar, en sem nefnt er Hrútafjarðarhérað í stjórnarfrv., en látið vera að færa niður í 4. flokk, eins og brtill. á þgskj. 93 fer fram á, því þá hefði ósamkvæmnin orðið enn meiri, þar sem það hérað verður erfiðara eftir frumv. nefndarinnar en eftir frv. stjórnarinnar, að sama skapi sem Blönduósshérað verður hægra. Eg skil annars ekki í, hvert óskabarn nefndarinnar Blönduósshérað er. Eg sé ekki, að það sé eins erfitt eins og sum héruð í 3. flokki, jafnvel engu erfiðara en sum í 4. eða 5. flokki. Að vísu er héraðið nokkuð mannmargt, en engan veginn er það stórt eða erfitt, sízt ef Svartárdalur verður látinn fylgja Skagafjarðarumdæminu, sem virðist vera hyggilegt, því að þangað mun hægra að ná í lækni en á Blönduós. Að vísu er kaupstaður í Blönduósumdæminu, en þar er varla um verulegar sóttvarnir að ræða, því að sigling þangað er svo erfið, að þangað koma naumast önnur skip en þau, sem brýn nauðsyn knýr til þess, og eru það langhelzt strandaferðaskipin, þau skip, sem búin eru að koma á aðrar hafnir áður. Eg verð að halda því fram, að þetta hérað sé rangsett í annan flokk; það ætti að vera í 3. flokki, eins og Miðfjarðarhérað, og meira að segja er eg sannfærður um, að Miðfjarðarhéraðið verður miklu erfiðara, ef það á að ná austur að Gljúfurá, en Blönduósshérað. Læknirinn í Miðfjarðarhéraði hefir erfiða hálsa á báða vegu að fara yfir, ef hann býr í Miðfirði, eins og sjálfsagt má búast við, og auk þess yfir fjörð að fara og um langa strandlengju út með honum að vestanverðu.

Þá kem eg að brtill. á þgskj. 94; þar er sú eina breyting, sem eg eiginlega vil að sé gjörð á frv. stjórnarinnar eða að minsta kosti sú eina breyting, sem mér er ant um að komist á, og þegar til atkvgr. kemur, mun eg að vísu greiða atkv. með flestum brtill. h. nefndar, en þó loks atkv. móti málinu í heild sinni, ef þessi brtill. kemst ekki að.

Það sem kom mér og samflutningsmanni mínum (P. J.) til þess að koma með brtill., var í fyrsta lagi óskir þjóðarinnar, sem komið hafa fram, bæði á þingmálafundum, í blöðunum og prívatsamtali við mig og aðra, og mér finst það vera siðferðisleg skylda þingsins, að fylgja eindregnum vilja þjóðarinnar, þar sem hann byggist hvorki á hleypidómum né skilningsleysi á málinu, sem um er að ræða. Satt að segja veit eg ekki, til hvers þingmenn eru að boða kjósendur sína á þingmálafund á undan þingi, ef þeir svo ekki ætla sér að taka

minsta tillit til óska þeirra og skoðana, sem þar koma fram. Eg get ekki heldur betur séð en að óskir þjóðarinnar standi hér á réttlátum grundvelli og sanngjörnum, réttlátum gagnvart læknunum, þegar tekið er tillit til efnahags þjóðarinnar og allra atvika, og þá um leið sanngjörnum af hálfu þjóðarinnar.

Það hefir verið talað um það, að nauðsynlegt væri að bæta hag læknanna; en þó því sé játað, þá er þess að gæta, að efnahag vorum er þannig háttað, að eigi er unt fyrir oss að uppfylla þær óskir, sem lengst ganga í því efni. Þó er þetta ekki aðalatriðið fyrir mér; það er annað atriði, sem eg legg miklu meiri áherzlu á. Eg get nefnilega ekki betur séð en að þingið stæði fullkomlega á grundvelli réttar síns, er það ákvað eftirlaun læknanna, eftir því sem það áleit sanngjarnt og samsvarandi hag þjóðarinnar. Þegar svo var hóflega í sakirnar farið, þá virtist það alveg sjálfsagt, að þingið fengi ósk sína uppfylta, og að stjórnin staðfesti lögin, og það því fremur, sem hér var ekki um neitt stór-pólitiskt atriði að ræða, ekki neitt það er gæti komið í bága við skoðun stjórnarinnar á ríkisheildinni, heldur tiltölulega lítið atriði, sem eingöngu snertir oss sjálfa og vor eigin fjármál, og ef vér sleppum nokkru því, sem þau snertir, þá má segja, að vér förum að sleppa flestu í hendur stjórnarinnar, því að hér er óbeinlínis verið að sleppa fjármálunum yfir til stjórnarinnar, þeim málum, sem vér þó hingað til höfum átt að heita að hafa í vorri hendi. En hér eftir fer það sannlega ekki að verða nema að hálfuleyti, ef öðru eins á að fara fram af stjórnarinnar hendi og synjun læknaskipunarlaganna. Það er afar-óheppilegt, að beygja sig svona mikið og svona fljótt, fyrir aths. stjórnarinnar. Eg get ekki skilið í, að sú þjóð, sem það gjörir, geti búist við að fá nokkurn tíma pólitiskt frelsi; hún á það líka varla skilið. Eg get ekki skilið, að sú þjóð geti átt glæsilegar framtíðar- og frelsisvonir, þar sem hugleysi, hálfvelgja, heigulskapur og hviklyndi sitja í svo háum sessi, að þjóðþingið sjálft er svo aumt, að eg ekki segi auðvirðilegt, að það segir undir eins já og amen við hinum minstu andmælum eða andróðri stjórnarinnar. Slík aðferð er sízt af öllu sigurvænleg, þar sem hún gefur stjórninni í hendur meðal til þess að láta oss sjálfa svifta oss fjárforræði, því að sjálfir gjörum vér það; vér kennum stjórninni að segja nei við sanngjörnum kröfum okkar, ef þær eru ekki að öllu leyti að hennar skapi, ef vér með heigulskap og hálfvelgju hættum undir eins stefnu vorri og vér verðum þessir varir, að stjórninni geðjast hún ekki sem bezt. Það erum vér sjálfir, sem með þessu atferli voru gjörum löggjafarvald vort einkis nýtt.

Það er alls eigi rétt skoðun, að álíta svo, að ef stjórnin neitar einu sinni staðfestingar á einhverju máli, að hún þá ekki muni síðar geta tekið sönsum. Stjórnin ber það fyrir sig, að hún beri læknastéttina svo fyrir brjósti, að hún vilji hennar vegna ekki staðfesta lögin frá síðasta þingi. Ef stjórninni er alvara með þetta, þá hlýtur hún að sjá það, að ef vér viljum halda fram rétti vorum og heiðri, þá fer hún þó enn ver með læknastéttina með þráa sínum en vér, því að það er sjáanlegt, að ef þófið um mál þetta stendur lengi, þá er það stór skaði fyrir læknastéttina. Eg álít því, að þrátt fyrir hina einu synjun stjórnarinnar megum vér þó ekki álíta hana svo lélega, að hún láti ekki bráðlega undan, ef vér að eins sýnum festu.

H. nefnd virðist þó eigi vera þeirrar skoðunar, því að hún hefir þegar beygt út af braut þeirri, sem lagt var út á á síðasta þingi, og hefir nú komið með nýtt ákvæði, sem bæði hlýtur að reynast óhagkvæmt og ósanngjarnt fyrir læknastéttina, og sízt af öllu er að búast við, að stjórnin samþ. þetta nýa ákvæði, er miðar að því að gjöra $^3/_8$ hluta af læknunum alveg eftirlaunalausa. Eg sé að minsta kosti ekki, hvaða ástæða er til að álíta stjórnina svo ósanngjarna í garð lækna og svo þrákelknisfulla í garð þingsins, að hún mundi vilja staðfesta svona löguð lög, eftir að hafa neitað lögunum frá síðasta þingi. Eg vil ekki að stjórnin frétti, að vér séum að þessu hringli fram og aftur; vér gjörum oss hlægilega með því, og fáum stjórninni ný synjunarvopn í hendur; og haldi þessari stefnu fram, má við því búast, að vér komum með þriðju útgáfuna á þriðja þingi, enn verri og vitlausari en þessa, auðvitað alt til samkomulags við stjórnina.

Skal eg svo ekki tala meira að sinni, en get búist við að þurfa að svara síðar aths., sem fram kunna að koma við orð mín.

Sighvatur Árnason: H. framsm. hefir svo ljóslega tekið fram ástæður nefndarinnar fyrir þeim breytingum, er hún hefir gjört, að eg skal ekki fara frekara út í það. En það er að eins viðaukatill. á þgskj. 94, sem eg vildi fara um nokkrum orðum. Hinni h. deild er kunnugt, að þessi tillaga er einmitt sama skolla-skerið og málið strandaði á síðast, og því verð eg að álíta, að það sé að berja höfðinu við steininn, að koma nú fram með það aftur. Það er enginn vafi á því, að stjórnin heldur við sitt, og því mun málið nú stranda á sama skerinu hjá henni, ef þessi tillaga verður samþykt. Eg vil þess vegna nú snúa málinu á annan veg, sökum þess, hve þetta er mikið nauðsynjamál, því nauðsyn brýtur lög.

Þótt svo sé, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, að margar raddir hefðu komið frá þjóðinni um að auka ekki launabyrðina, þá get eg hins vegar fullyrt, að margar raddir hafa borist mér til eyrna, sem hafa þrábænt um að koma læknaskipunarmálinu í betra horf en verið hefir. Eg vona að h. deild felli þessa tillögu, þó eg játi með h. þm. Strand. (Guðj. G.), að það er hart að verða að hopa á hæl fyrir stjórninni með sitt mál. En þegar, eins og hér, er um líf og heilsu manna að ræða, þá brýtur nauðsyn lög. En þar sem þingið og þjóðin var í hitt eð fyrra samtaka í þessu máli, að koma því fram, með hæstv. landsh. í broddi fylkingar, þá var sannarlega hart, að það skyldi eigi ná staðfestingu.

Það er hart, þegar um annað eins nauðsynjamál er að ræða og þetta, alinnlent mál, sem við kostum sjálfir, að við skulum þá ekki fá að ráða því til lykta.

Stjórnin hefir sagt viðvíkjandi stjórnarskrármálinu á þá leið, að okkur stæði nær að hugsa um atvinnuvegina; en hér var beinlínis um sparnað að ræða; en við getum því að eins eflt atvinnuvegina, að við leggjum eitthvað af mörkum við þá, en í þessu læknamáli er okkur fyrirmunað að spara fé, sem þing og þjóð var einhuga um að gjöra. Hefði Pétur eða Páll sagt slíkt, mundu menn segja, að það væri sagt til málamynda. Eg er sem sagt mikið hlyntur því, að mál þetta nái fram að ganga, og vil ekki berja höfðinu við steininn, þegar svona stendur á.

Það er hart, eins margt og ógert er hjá okkur, og okkur vantar fé til svo að segja alls, að stjórnin skuli þá neita okkur um að spara fé þar, sem

því verður við komið. Já, stjórnin talar um að þingið sinni atvinnuvegunum, en eg skil varla að henni sé alvara með það, eftir því að dæma, hve miklum þráa hún beitir við okkur í eftirlaunamálinu, sem miðar til sparnaðar, og sem er eindreginn vilji þings og þjóðar, að fá því máli framgengt.

Viðvíkjandi hinum ýmsu breyt.till., þá hefir h. framsm. talað ræki lega um þær, og eg er heldur ekki nægilega kunnugur um land alt til þess að geta vel um þær dæmt, nema þeim sem næst mér liggja, og ekki hafa enn sem komið er fengið nein mótmæli.

Pétur Jónsson: Mér þótti óþarfi af h. framsm., að víkja ómjúkum orðum að okkur, sem komum fram með tillöguna á þgskj. 94. Hann lét í ljósi, að hún væri fram komin til þess, að sýna málinu banatilræði; en eg get ekki skilið, hvernig hann fer að álykta svo, því hvað getur verið eðlilegra, en að málið komi fram í sama horfi og alþingi gekk frá því í hitt eð fyrra? Eitt er raunar hugsanlegt, og það er, að breyting stjórnarinnar hefði gengið svo í augun, að hún hefði strax verið samþykt, og þá hefði enga nefnd þurft; en sú varð ekki raunin á, heldur lá nærri, að málið yrði felt við 1. umr. Aðferð nefndarinnar er máske góð, en hún er þó bygð á því, sem eg get ekki felt mig við, nefnilega á því, að stjórnin sé óbifanleg. En er það ekki getsök, voðaleg getsök, að stjórnin sé svo sköpuð vera, að geta ekki tekið sönsum, og að hún hljóti að segja nei nú, fyrst hún sagði nei í fyrra? En geti hún tekið sönsum í einu máli, því þá ekki í þessu? Það getur þó ekki staðið betur á málstað þingsins gagnvart stjórninni í nokkru máli en nú er í þessu. Í öðru lagi höfum við, það, sem eg vil nefna logiskan rétt, því að verði það ofan á, sem við viljum, þá má breyta þessu, hvenær sem reynslan sýnir að það á ekki við; en ef vilji stjórnarinnarinnar verður ofan á, þá er ekki hægt að breyta, þó annað eftirlaunaprincip verði ráðandi eftirlaunarétti þeirra lækna, sem í embætti koma síðar. Það voru fleiri ástæður, í sömu átt, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, og því þarf eg ekki að tala um þær. En að segja að við viljum leggja út í langvarandi baráttu, þó við samþ. frumv. óbreytt frá því áður, þá er það ekki rétt. En við viljum segja sem svo við stjórnina: Er þér virkilega alvara? Ef svo reynist, þá fyrst er tími til að fara á bug við stjórnina, enda þótt eg geti sagt með h. 1. þm. Rangv., að það sé hart. Viðvíkjandi einstökum breyt.till. skal eg ekki vera langorður; eg hefði helzt kosið, að héraðaskipunin hefði sem minst breyzt frá því áður, og þeim aðalbreytingum, sem nefndin hefir gjört, er eg mótfallinn. Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 92 og 93 um að færa Höfðahverfishérað úr 3. flokki niður í 4. flokk, skal eg ekki mikið þrátta um, því eg vil forðast tog, en er þó svo kunnugur, að eg veit, að það hérað er mjög fólksmargt, svo að ekki sýnist ástæða til að færa það niður. Svo var það líka ein ástæða, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) ekki tók fram, að læknirinn í þessu héraði verður oft að fara yfir þveran Eyafjörð, en það er oft hættu undirorpið. Annars er mér ekkert kappsmál um flokkaskipunina, enda ekki nógu kunnugur til þess að gera réttlátan samanburð.

Einar Jónsson: Eg get tekið undir með h. þm. S.-Þing. (P. J.), að mér finst eðlilegast, að deildin hefði gert þetta frumv. sem líkast því, sem það var 1897, og hygg, að ekki verði komist nær óskum þjóðarinnar með þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört, en

þótt frumv. hefði verið samþ. óbreytt frá því sem það var 1897. Því þó að 2 flokkar séu eftirlaunalausir, nefnilega 4. og 5. flokkur, þá má búast við, að læknar úr þeim flokkum sæki hið bráðasta í eftirlaunaflokkana, og sá sem ræður þeirri breytingu er stjórnin. Hún getur því ráðið því, að smátt og smátt fái allir læknar rétt til eftirlaunanna yfir höfuð, og að þessu leyti er frumv. máske aðgengilegra fyrir stjórnina. Eg var annars á móti því 1897, að gjöra eftirlaunaspursmálið að kappsmáli í þessu máli, og er það enn. Mér finst það ætti sízt að beita því við læknana, sem hafa svo erfiðu og hættulegu starfi að gegna.

Það hefir verið stungið upp á því, að færa Fljótsdalshérað niður úr 3. flokki í 4. flokk, og álít eg það rétt, ef Hróarstunguhérað er þá flutt upp í 3. flokk, og vona eg það gangi fram, einkum þar sem tekið hefir verið fram, að það hafi verið misgáningur hjá nefndinni, að setja Fljótdalshérað í 3. flokk í stað Hróarstunguhéraðs, sem hún telur þar eiga að vera. Sú breyting er rétt af þeirri ástæðu, að Hróarstunguhérað er miklu erfiðara en hitt, og má því fremur búast við, að það yrði læknislaust. Eg treysti því, að nefndin lagfæri það, og kem því ekki með breytingartillögu.

Eg hefði heldur kosið, ef eitthvað skal ákveða um eftirlaunin, að tillagan á þgskj. 94 yrði samþ., og frv. þannig fært nær frumv. frá 1897, og það af sömu ástæðum, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) og h. þm. S.-Þing. (P. J).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Það hafa fáir mælt neitt verulega á móti nefndarálitinu; það eru einkum h. þm. Strand. (Guðj. G.), og h. þm. S.-Þing. (P. J.), sem andmælt hafa. Eg get skrifað undir flest sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, því hann talaði mestmegnis frá almennu sjónarmiði, en samt fanst mér hann ekki taka rétta afstöðu í þessu máli. Hann sagði að frumv. færi á móti óskum þjóðarinnar, en eg get fullyrt, að eins margir þingmálafundir eru þeirrar skoðunar, að vilja slaka til, og hinir, sem halda vilja til streitu móti stjórninni, og 1 eða 2 fara það lengra, að þeir vilja jafnvel láta alla lækna hafa eftirlaun eftir sama mælikvarða og stjórnin stingur upp á. Þegar þjóðarviljinn er nú svona blettóttur, finst honum þá ástæða til að binda sig svo mjög mikið við hann, eða við einstakar raddir?

Hann sagði, að þjóðin hefði álitið frv. frá 1897 sanngjarnt, bæði gegn þjóðinni og læknunum; en ekki finst mér hann sanngjarn gagnvart sjálfum sér, þar sem hann talar um, að eigi megi bæta við embættum með eftirlaunum, en í sömu andránni vill hann þó fjölga læknum með eftirlaunum. Hann hefði heldur átt að vera með nefndinni, sem ekki vill bæta við; hér finst mér hann ekki á réttum vegi. Hann tók einnig fram, að með því að láta eftir stjórninni í þessu máli, þá sleptum við fjármálum okkar úr hendi okkar, en það fæ eg ekki skilið. Höfum við ekki full ráð á að ákveða læknum eftirlaun á fjárlögunum? Við höfum ávalt leyfi til að veita t. d. lækni, sem eitthvað fatlast, eftirlaun á fjárlögunum, svo eg fæ ekki séð, að við sleppum neinum fjárráðum.

Að stjórnin neitar frumv. frá 1897 staðfestingar vegna breytinga á eftirlaunum, sem þar voru gjörð, þá gjörir hún það af *principi*; hvort það sé rétt, skal eg láta ósagt, en princip er það. Við eigum þjóðarinnar vegna að slaka til, en ekki að berja höfðinu við steininn; þjóðin græðir ekkert á því, heldur tapar að eins.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði í sömu

átt, að það væri skrítið að stjórnin ekki skyldi vilja taka sönsum, en er það ekki eins skrítið að við skulum ekki taka sönsum? Sá vægir þó jafnan, sem vitið hefir meira. Svo skal eg ekki fara lengra út í það, en vildi að eins óska að ráðgjafinn hefði verið á þingi og heyrt ræður þeirra h. þm. Strand (Guðj. G.) og h. þm. S.-Þing. (P. J.), því þá hefði kannske verið von um einhvern árangur. Eg er nú í principinu á sama máli, en haga seglum eftir vindi.

Þá vildi eg að eins fara nokkrum orðum um ræður h. þm. Dal. (J. P.) og h. þm. Vestm. (V. G.). Þeir álitu, að eftirlaunin ættu fremur að miðast við það, hve erfitt eitt hérað er, en ekki við það, hve fólksmargt það. Eg get kannast við það að nokkru leyti, en svo er hvert mál sem á það litið. Oftast er fólksflest í þeim héruðum, sem kaupstaðir eru í, en þangað koma oft útlendingar, og því áríðandi, að þar séu dugandi læknar, bæði vegna sóttvarna o. fl. Og því er nú einu sinni svo varið með þessa peninga, að þar sem þeir eru mestir, þangað sækja flestir. Þar sem fólksmargt er og þéttbýlt, þar er og hættast við innlendum sóttum, og því einnig áríðandi að þar séu góðir læknar, en því betri sem læknirinn er, því betri laun á hann skilið. Aftur á móti get eg kannast við, að hérað geti verið svo erfitt, að nauðsynlegt sé að launa það vel, enda þótt fólksfátt sé, til þess að læknir fáist þangað.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagðist mundi greiða atkv. á móti frv,. ef eftirlaunaembættin yrðu fleiri en 20. Hann ræður auðvitað sínu atkvæði, en lítinn hug virðist hann hafa á málinu, ef hann bindur atkvæði sitt við það eina atriði.

Eg skal svo ekki segja frekara að svo komnu, en vona h. d. líti svo á málið, að það verði samkomulagsatriði við stjórnina, en að ekki beri að halda áfram í þá átt, að hverjum sé auðsætt, að alt fari í mola.

Benedikt Sveinsson: Eg er reyndar kominn á raupsaldurinn, en það er þó ekki ofmælt, að frá því fyrsta, að farið var að tala um læknaskipunina og um að bæta kjör lækna hér á landi, þá hefi eg jafnan verið hlyntur því máli, og síðast lýsti það sér á síðasta þingi í því, að eg greiddi atkvæði með frv. því, sem þá var samið og samþ. sem lög frá þinginu um að bæta kjör lækna. Reyndar sá eg það fullvel, að nýmæli það í lögunum, sem fór fram á að breyta reglum þeim, sem hingað til hafa gilt um eftirlaun, mundi verða þeim að falli, en þó datt mér sízt annað í hug en að greiða atkv. með því samt sem áður, því eg skildi ekki þá, og skil ekki enn, að þingið hafi farið þar eitt fet út fyrir vald sitt og verksvið. Hefði svo verið, þá hefði maður orðið að álíta, að þessi ákvæði laganna riðu í bág við stjórnarskrána. Í þessu tilliti kæmi þá til greina 2. málsgr. 4. gr., að »eftirlaun embættismanna skuli ákveðin samkvæmt eftirlaunalögunum«. En hverjum getur dottið í hug, að í þessum orðum liggi, að eftirlaunalög þau, sem þannig er vísað til sem þá gildandi laga, ættu að vera óbreytanleg, því þá yrðu þau meðal annars að vera rétthærri en stjórnarskráin sjálf, því henni má þó breyta samkvæmt 61. gr. hennar. En hvaða eftirlaunalög eru það þá sem hér er, verið að tala um? Eru það þau eftirlaunalög, sem giltu, þegar stjórnarskráin var gefin út? Jú að vísu, meðan þau eru ekki breytt, en það er ekki vísað til þeirra sem *óbreytanlegra* laga, sem standa eigi um aldur og ævi, fremur heldur en önnur almenn lög, því þann eiginlegleika hef-

ir sem sagt ekki einu sinni stjórnarskráin sjálf.

Stjórnin getur því ekki réttilega hafa bygt synjun sína á lögunum 1897 á þessum ákvæðum. Því það eitt er áreiðanlega víst, að svo framarlega sem ákvæðin um laun lækna og eftirlaun heyra til hinna sérstöku mála landsins, sem enginn mun dirfast að neita, þá hefir alþingi eftir stöðulögunum 3. gr. fullan rétt til að breyta ákvæðunum um laun lækna og eftirlaun þeirra eftir því, sem þing og þjóð álítur skynsamlegast, að sjálfsögðu innan þeirra takmarka, sem réttlátt hlutfall milli eldri og yngri laga setja. Eftir minni meiningu er það nú mjög áríðandi, að þingið geri sér þetta spursmál ljóst, og hver sá h. þm., sem ekki álítur þetta það princip-spursmál, er vert sé að rekja til botns, tekur sér löggjafarstarfið alt of létt. Mín sannfæring er sem sagt sú, að þingið 1897 hafi haft fullan rétt til að skipa um laun og eftirlaun lækna, eins og það gerði. Það er í sannleika hart, að þjóð Íslendinga skuli að nafninu hafa löggjafarvald, en þó ekki hafa rétt til að skipa fyrir um þær byrðar, sem hún bæði telur réttlátar og sér sig færa um að bera.

Eg finn ekki ástæðu til að taka fram fleiri ástæður fyrir því, að eg samþykti hiklaust þetta mál 1897 og lét engan kvíða fyrir því, að h. h. konunginum yrði ráðið frá að samþykkja lögin, koma mér til að breyta á annan veg. Eg veit, að h. nefnd. hefir viljað miðla hér málum, og það líklega einmitt af þeim ástæðum, sem landsh. tók fram við 1. umr. málsins, að hér væri um mál að ræða, sem snertir líf og heilsu Íslendinga og því varúðarvert að draga það á langinn. En geti maður nú sýnt og sannað, að synjunarástæða stjórnarinnar hafi verið röng eða alls engin, á hverjum lendir þá ábyrgðin? Hver á þá að bera ábyrgðina á hverju því mannslífi á Íslandi, sem sloknar út fyrir skort á læknishjálp frá þeirri stundu, að synjunarástæðurnar voru komnar fram af stjórninni eða ráðgjafanum, eða réttara sagt: frá þeirri stundu að hans hátign konunginum var ráðlagt að staðfesta ekki lögin, þangað til þessi nýa lögskipan er komin í kring? Ekki getur það verið þingið 1897, sem af umhyggju fyrir lífi og heilbrigði Íslendinga samþykti lög þessi 1897. Nei, það er einmitt stjórnin sjálf svo nefnd, sem lét synja þeim staðfestingar. Hugsunin hlýtur því að vera þessi frá ráðgjafans hálfu: Drepist heldur allir Íslendingar en grundvelli þeim sé breytt, sem núgildandi eftirlaunalög eru bygð á!

H. nefnd vill miðla málum í þessu máli og hinn hjartagóði 1. þm. Rangv. (S. Á.) lagði áherzlu á, að ekki væri rétt að beita þráa í þessu máli og jafnvel h. framsögum. (Þ. J. Th.) tók í sama strenginn. En er það að beita þráa, þó því sé haldið fram, að staðfest séu góð lög, er þingið hefir samið, og það hefir fullan rétt til að fjalla um lög, sem eigi fá framgang, fyrir það eitt, að ráðaneyti konungs ræður honum frá að staðfesta þau? Er það þrái, þó þingið vilji halda því fram, að það virkilega hafi löggjafarvald? Það er enginn efi á því, að þessi lög hefðu verið staðfest, ef hans hátign konunginum hefði ekki verið ráðið frá því. Eg er viss um, að honum hefði verið ánægja í því, að staðfesta lög þau, sem hefðu orðið Íslendingum til sannarlegrar velferðar. Eg er ekki viss um, að hjartagæzkan sé hér á sinni réttu hillu. Vér eigum ekki sem löggjafar og þjóðfulltrúar að setjast á púfu grátandi og kveinandi, eins og huglaus og duglaus börn, gagnvart ofríki og ranglæti. Ekki dytti mér í hug að beygja mig eða hörfa undan, þó sett væri pístóla

fyrir brjóst mér, og líf mitt væri krafið af mér, nema eg legði að fótskör — Danastjórnar löggjafarvald þjóðar minnar. Fyrir mér er það að öðru leyti efamál, hvort þessi danska, ólögmæta stjórn, sem ráðið hefir hans hátign konunginum til að synja lögunum frá 1897 staðfestingu, hvort hún, segi eg, muni ekki ráða til hins sama, þótt lögin komi fram í þeirri mynd, sem nefndin hefir stungið upp á. Eg er meira að segja hræddur um, að það komi engu síður í bága við 4. gr. stjórnarskrárinnar, að stofna eftirlaunalaus embætti, eins og gert er ráð fyrir af nefndinni og að því geti verið meiri ástæða til fyrir þá sömu stjórn, að synja lögum staðfestingar, sem þannig eru úr garði gerð, en lögunum frá 1897. — Af þessum ástæðum vil eg heldur hallast að því, að greiða atkvæði með brt. á þskj. 94.

Eg heyrði áðan einn h. þm. spyrja, hver ætti að bera ábyrgðina af þessari lagasynjun. Eg skal svara honum því nú. Hina siðferðilegu ábyrgð ber stjórnin ein, og það er hún ein, sem beitir þráa, en ekki þingið, et hún heldur synjununum áfram. En hver á að bera hina pólitisku ábyrgð? Er það nokkur maður á jörðu, sem ber pólitiska ábyrgð á því, að borin hefir verið sú till. fram fyrir hans hátign konunginn, að synja lögum þessum staðfestingar? Mér fer eins og manninum, sem gerði leit eftir grundvallarlögum Dana og fann þau ekki. Eg segi því í alvöru, að eg get hvergi fundið þann mann, sem ber pólitiska ábyrgð á synjun laga þessara. Eg veit að konungur og þingið hafa löggjafarvaldið í sameiningu, og eg veit það líka, að konungur mundi ekki hafa synjað lögunum staðfestingar, nema honum hafi verið ráðið til þess. Er þá nokkur pólitisk ábyrgð til? Nei, hér er engin pólitisk ábyrgð, sem hægt sé að gera gildandi, og eg vildi að þingið vildi gera sér það ljóst, hvernig á því stendur, að það hefir engan að halda sér til ábyrgðar fyrir lagasynjanir. (*Skúli Thoroddsen*: Valtýskan!). Hún ræður ekki bót á því, því það er einmitt dómsmálaráðgjafinn danski, sem ber mál vor upp í ríkisráðinu nú, og þrátt fyrir hana komast mál var ekki út úr ríkisráðinu. Það er hlægilegt, ef þingið hugsar sér að koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum, hvort sem hann heitir Rump eða eitthvað annað. Væri eg meðlimur í ríkisráðinu, án þess eg láti mér detta í hug að komast þangað, þá dytti mér ekki í hug, að eg mundi bera nokkra ábyrgð gjörða minna gagnvart alþingi. Eg þori að segja þetta berum orðum, því stjórnin hefir sagt það í bréfi því, er hún sendi landsh. 1897. (*Forseti*: Eg verð að biðja h. þm. að halda sér við málið). Eg skil ekki annað en eg geri það, þar sem eg er að rannsaka, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að vér getum haldið málinu fram, og hvort nokkur sá maður sé til í Danmörku, sem borið geti pólitiska ábyrgð fyrir að læknaskipunarlögunum frá 1897 var synjað staðfestingar. Eftir mínum skilningi kemur þetta málinu fullkomlega við.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er ekki með mínum góða vilja, að málið er komið á þetta stig, því eg vildi helzt að það hefði þegar verið felt við 1. umr., og gerði eg grein fyrir því þá, af hverjum ástæðum það væri.

Mér fanst h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) að nokkuru leyti víkja snuprum að nefndinni fyrir það, að hún hefði ekki nægilega gert grein fyrir nokkurum smábreytingum, er hún gerði á læknahéraðaskipuninni, en mér finst hún hafa gert skyldu sína með því, að benda í nefndarálitinu á þessar breytingar.

Nefndin í málinu 1897 gerði ekki heldur sérstaka grein fyrir því við hvern einn lið, hvers vegna hún ákvað takmörk læknahéraðanna eins og hún gerði, enda hefði það verið óvinnandi verk, og þar sem h. þm. sveigði að okkur nefndarmönnum um hreppapólitik, þá vísa eg öllum slíkum dylgjum á bug.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) mintist á hina götóttu breyttill. á þgskj. 90, þar sem hreppar hafa fallið úr, svo að þeir tilheyra engu læknishéraði, en aðrir eru tvítaldir, og gat þess, að það væri »skrifaranum« að kenna. Til þess að menn skuli ekki ímynda sér, að það hafi verið »skrifari nefndarinnar«, skal eg geta þess, að eg var ekkert við þetta riðinn og hefði h. þm. átt að geta þess, að hann var þar að tala um sinn privat-skrifara, eða kannske sjálfan sig.

Þá skal eg víkja að brt. á þgskj. 94, sem fer fram á nýa ákvörðun um eftirlaunarétt læknanna. Eg tók það fram við 1. umr., að eg áliti það pólitiskt glappaskot af stjórninni, að hún staðfesti ekki lögin 1897, en engan hefi eg heyrt halda því fram, að hún hafi ekki haft rétt til synjunarinnar eða hatt í frammi lagabrot. Hvort menn vilja aðhyllast brt., veltur á því tvennu, hvers virði menn álíta málið í sjálfu sér, og hverjar vonir menn hafa um, að það verði nú samþykt í því formi, sem brt. fer fram á, fremur en frv. þingsins 1897. Mitt álit er, að sé þetta ákvæði sett inn í frv., muni það verða frv. að falli ekki síður en lögunum 1897. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók það réttilega fram, að neikvæðisrétturinn væri jafn á báðar hliðar, hjá konunginum og þinginu. Vér getum neitað öllum nýmælum frá konungs hálfu og hindrað framgang þeirra og konungsvaldið getur á sama hátt hindrað öll nýmæli þingsins með því að neita þeim staðfestingar. Að vitna í það hér, þar sem um slíkt deilumál er að ræða, hver ábyrgðina beri á mannslífinu, er glatast kann fyrir það, að þing og stjórn ekki geta orðið sammála, það finst mér vera þýðingarlítið fleipur. Það er lítil huggun fyrir sængurkonu, sem liggur í andarslitrunum, þótt hvíslað sé í eyra hennar, að hún deyi upp á ábyrgð Íslandsráðgjafans í Kaupmannahöfn.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að þótt stjórnin setti hlaðna skammbyssu fyrir brjóst sér . . . (*Benedikt Sveinsson:* Eg sagði ekki stjórnin), jæa, þá einhver annar, þá mundi hann ekki hopa. Máske hann hafi þá trú, að skot hríni ei á honum, eins og gömul trú var um ýmsar kynjaskepnur, skoffín og aðrar þjóðtrúarinnar ófreskjur, en allar mátti þær þó vinna með vígðum silfurkúlum, og enginn veit hvað í byssunni kann að vera, og má það því mikið heita, ef h. þm. er viss um, að sleppa alveg óskaddaður frá þeim leik!

En það var annað atriði, sem h. þm. benti á og ef til vill er ástæða að taka til greina. Það getur verið, að orðið »embætti« geti verið því til fyrirstöðu, að frv. verði staðfest, ef það er haft um sýslan, sem á að vera eftirlaunalaus, þó að til séu hér eftirlaunalaus »embætti« og skal eg nefna hinn umboðslega endurskoðanda, og sömuleiðis eru eftirlaun presta sniðin eftir alt öðrum mælikvarða en eftirlaun annara embættismanna.

Viðvíkjandi breytingum þeim, sem farið er fram á með flokkaskipun læknishéraðanna, mun það verða princip nefndarinnar, að greiða atkvæði móti flutningi upp í eftirlaunaflokk og eins með niðurflutning úr 3. flokki í 4. flokk.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. framsm. sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að vilji þjóðarinnar væri á móti svona löguðu frumv. Eg skal nú ekki þrátta

mikið um þetta, en það ímynda eg mér þó, að ef hann læsi skýrslurnar frá þingmálafundunum, þá mundi hann finna fleiri óskir, sem fara í þá stefnu, sem eg hefi haldið fram, heldur en á móti. Aftur á móti er eg h. þm. samdóma um það, að það eigi ekki ætíð að fara alveg eftir þessum óskum; en þegar þær falla saman við manns eigin skoðun, verður maður að fylgja þeim, um leið og þær þá einnig styðja hana (skoðun manns sjálfs). Háttv. framsm. sagði líka, að eg hefði ekki verið sanngjarn við sjálfan mig með þessum breyt.till., þar sem eg héldi fram sparnaði, en breytingarnar yrðu einmitt til að auka kostnað á landinu. En hluturinn er sá, að það er svo langt frá að eg hafi talað nokkuð í þessa átt, að eg hefi ekki einu sinni hugsað það. En hitt sagði eg, að þjóðin sjálf hefði óskað eftir að hafa fyrirkomulagið eins og breyt.till. fer fram á, og að eg vildi ekki vera að slengja aukakostnaði upp á þjóðina, sem hún ætti ekki von á. Það hefir aldrei verið mér fyrir mestu, sparnaðurinn eintómur, heldur hefi eg óskað að allir hefðu hæfileg laun og jafnræði væri á með öllum, því alt misrétti hata eg, og því vil eg ekki að sumir læknar hafi eftirlaun, en sumir ekki.

Hinn háttv. framsm. sagði ennfremur, að það væri rangt hjá mér, að þetta mál snerti fjármál vor, þar sem við gætum á fjárlögunum, ef við vildum, veitt þeim læknum eftirlaun, sem samkvæmt frumv. nú yrðu eftirlaunalausir. Þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti, nefnilega að því leyti, að það er rétt, að við getum ef við viljum veitt þeim eftirlaun, sem ekki hafa þau, með því að setja þá inn á fjárlögin, en það er rangt, að það svifti okkur ekki nokkru valdi yfir fjármálum vorum, því við getum ekki svift þá eftirlaunum, sem einu sinni hafa fengið þau, og ekki heldur eftirmenn þeirra, nema stjórnin sé okkur samdóma. En það sem fyrir mér er aðalriðið, er þó ekki hvað mikið hver fær, heldur hvernig eftirlaununum er jafnað niður. — Þm. sagði, að þetta mál væri þjóðinni mikið nauðsynjamál og mætti því ekki dragast. Já, það er satt, að þetta er nauðsynjamál, og það er líka mál, sem er betur undirbúið en dæmi eru til um önnur mál; hefir gengið til allra sveitarstjórnarvalda, frá þeim til stjórnarinnar, og frá henni til þingsins, og þar fékk málið hina rækilegustu meðferð, sem kostur er á. Það snertir hag þjóðarinnar í heild sinni, og það er skilyrði fyrir viðunanlegum kjörum læknastéttarinnar yfirleitt, sem stjórnin læst vera hlynt, enda þótt velvildin virðist ekki ná eins langt og kreddurnar. Það er stjórnin, sem virðist gleyma því, að þetta sé þjóðinni nauðsyn og þess þvegna hvílir öll siðferðisleg ábyrgð í þessu máli á henni. Framsm. sagði, að þó stjórnin ekki taki sönsum, þá ættum við að gera það. En þetta á alls ekki hér við. Sá, sem hefir rétt fyrir sér, þarf ekki að taka sönsum, af því hann hefir óskerta sansa; en hinn, sem lætur gott og nauðsynlegt mál líða skipbrot, til þess að láta ekki fáfengilegar og ástæðulausar kreddur yfirbugast, hann þarf að sansa, og það er þingsins þarfasta verk, að sansa stjórnina, en það gerir það aldrei með hukli, heigulskap og hringli, heldur með djörfung, staðfestu og einurð. Stjórnin getur ekki sagt að við höfum rangt fyrir okkur, því við höfum rétt til að haga okkar fjármálum á þann hátt, sem okkur bezt líkar.

Því hefir verið slegið fram, að frv. síðasta þings yrði dýrara fyrir þjóðina

en frv. nefndarinnar, að því er eftirlaun snerti. Eg er nú á þeirri skoðun, að hér muni ekki miklu, en ef svo er, hver er þá meiningin með að senda stjórninni svona lagað frumvarp til staðfestingar? Er þingið, um leið og það dregur dár að sjálfu sér, að reyna að draga dár að stjórninni?

Ef uppástungur nefndarinnar stefna að minni útgjöldum fyrir landssjóðinn en okkar þm. S.-Þing. (P. J.), þá stefna þær að sama skapi að minni tekjum fyrir læknastéttina. En nú er það einmitt tekjuskortur læknastéttarinnar, sem stjórnin kveðst setja fyrir sig. Er það þá sigurvænlegt, að rýra tekjurnar enn meir til þess að stjórnin samþykki frv.? Er þetta ekki bæði hlægilegt og heimskulegt mistraust til stjórnarinnar, mistraust, sem þinginu ekki er sæmilegt? Að stjórnin sé ekki eins góð og hún ætti að vera, skal eg ekki þræta um, en að hún sé svo heimsk, að hún ekki viti, hvað hún segir, vil eg ekki ganga inn á.

En hvað sem öllu þessu líður, hvort sem uppástunga vor er dýrari eða ekki, þá álít eg það sem sagt gjöra minst til. Þessir þingmenn, sem einlægt eru að slá um sig með sparnaðinum, gera ekkert annað en kitla lægstu tilfinningar þjóðarinnar, og nú eru þeir að slá sandi í augun á þjóðinni með því, að ota framan í hana þessum 15 eftirlaunalausu embættum, sem lítinn sparnað hafa í för með sér, en því meira misrétti og óréttlæti, því auðvitað sækja læknarnir frá þessum eftirlaunalausu embættum og í hin, svo það verður hreinasta undantekning, ef læknir gefst upp í eftirlaunalausu embætti, svo að flestir fá eftirlaun þrátt fyrir þetta, en, sem sagt, ákaflega misjöfn, þar sem sumir þjóna alla sína embættistíð í eftirlaunaembætti, en aðrir að eins fá ár.

Þessi illkynjaði sparnaður kemur áþreifanlegast fram á ungum læknum, sem veikjast eða slasast í eftirlaunalausu embætti, en þar fer líka ósanngirnin og ranglætið á sitt hæsta stig, samanborið við kjör annara embættismanna, og því mundi þingið í þeim tilfellum, ef nokkur sanngirnisneisti væri eftir hjá þjóðinni, láta þá menn hafa eftirlaun á fjárlögunum, og þá yrði lítið úr sparnaðinum.

Sparnaðurinn hjá nefndinni er því í raun og veru mjög lítill, og eg vil því biðja þm. að athuga það vel, áður en þeir gleypa við þessum sparnaði á pappírnum, sem allur er í orði, en enginn á borði, og gæta þess, að hér er að ræða um að láta alla njóta jafnræðis, en láta ekki suma verða útundan eins og olnbogabörn.

Landshöfðingi: Það gladdi mig mikið að sjá nefndarálitið, því eg hélt að málið mundi ráðast til lykta á heppilegan hátt; en eg sé nú á þessum brtill., sem hér liggja fyrir, að ekki er nein vissa fyrir, að þannig fari; sérstaklega er viðaukatillagan á þingsk. 94 ísjárverð. Tillagan fer ekki fram á beinlínis að fella frv., sem þó hefði verið meining í, heldur vill hún granda frv. óbeinlínis með því, að setja inn í það þann fleyg, sem allir vita að hlýtur að verða frv. að fótakefli, því eftir þeim undirtektum, sem frv. frá 1897 fekk hjá stjórninni, getur hver maður sagt sér sjálfur, að það er sama sem að fella frv., að setja þennan viðauka inn í það. Eg hélt að tilgangur flutnings. manns með þessari viðaukatill. væri að spara fyrir landssjóði, því það hefir einlægt klingt við, þegar um eftirlaun hefir verið að ræða, að byrði landssjóðs mætti ekki gera þyngri; en þm. Strand. (Guðj. G.) hefir nú skýrt frá, að það sé ekki sinn tilgangur; en þó svo væri samt sem áður, þá næðist ekki sá tilgangur með þessu frv., ef

viðaukinn yrði samþyktur, því þá yrðu það 42 læknar og konur þeirra og börn sem rétt hefðu til eftirlauna, í stað þess að eftir tillögum nefndarinnar yrðu þeir að eins 23. Og að þessir 42 læknar yrðu þyngri á eftirlaununum en hinir 23, er ekkert efamál.

En þar sem þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að það væri ekki sparnaðarhugmyndin, er hann hvað lúalegt að nota til að kitla með lægstu tilfinningar alþýðu, er hefði komið sér til að koma fram með brtill., heldur misréttur sá, sem yrði á kjörum læknanna, þar sem 23 hefðu rétt til eftirlauna, en 19 fengju engin eftirlaun, þá vil eg spyrja hann, hver afleiðingin verði, ef þessi viðaukatill. hans verður samþykt. Jú, hún verður sú, að alt verður eins og nú er, sem sé, að 20 læknar hafa rétt til eftirlauna, en 18 eða 19 alls engan. Finst þm. þetta jafnrétti? Eða heldur hann að þetta sé vegurinn? Eg skal ekki fjölyrða meira um þessa viðaukatill., því eg veit, að það er öllum ljóst, að það, að samþykkja hana, er sama sem að fella frv.

Annars skal eg taka það fram, að eg get fallist á flestar tillögur nefndarinnar. Að eins skal eg geta þess viðvíkjandi tölul. 29 í nefndarálitinu, að eg hélt því fram á þinginu 1897, að það væri heppilegra, að Mýrdalssandur réði takmörkum héraðanna, og að báðir Eyjafjallahrepparnir væru látnir fylgja Mýrdalshéraði; en þar sem bæði Skaftfellingar og Rangvellingar vilja heldur haga því öðruvísi, þá skal eg ekki vera því mótfallinn.

Þá verð eg líka að lýsa því yfir, að eg get ekki fallist á að breyta till. nefnd. um, að láta Blönduóshérað ná yfir allan eystri hluta Húnavatnssýslu fyrir austan Gljúfrá, en ekki taka Þverárhrepp og Þorkelshólshrepp; því með að taka þessa hreppa með, er bæði að héraðið er gert of stórt, og sömuleiðis er það óheppilegt vegna þess, að héraðslæknirinn, sem nú er í Húnavatnssýslu, býr einmitt í Þverárhreppi, og eg efast um, hvort hann muni vilja flytja sig út á Blönduós, en að neyða hann til þess er ekki hægt, þar sem hann hefir fengið leyfi sýslunefndar og landshöfðingja til að sitja á Klömbrum. Læknirinn gæti krafist að fá lausn frá embætti með eftirlaunum, og að neyða hann til að gera annað af þessu, finst mér ekki rétt, þar sem hjá því verður komist með því, að láta tölulið 7 í nefndarálitinu halda sér óbreyttan. Eg verð þó að álíta þessa brtill. þýðingarlitla á móts við viðaukatill. á þskj. 94; því ef hún verður samþ., er það fyrirsjáanlegt, að frv. nær ekki fram að ganga.

Sighvatur Árnason: Eg ætla að eins að tala nokkur orð í tilefni af ræðu h. hæstv. landsh., að því leyti sem hún snerti breytinguna í Rangárvallasýslu. Eg skal þá fyrst geta þess, að hér er nokkuð öðruvísi ástatt nú en fyrir nokkurum árum, því eins og mönnum er kunnugt um, þá er nú komið kauptún í Mýrdalnum, í Vík, sem gerir það að verkum, að læknirinn verður helzt að sitja þar. En Vestur-Eyfellingar vilja miklu síður sækja austur yfir Fúlalæk austur í Mýrdal, heldur en vestur yfir Markarfljót, og sækja lækni t. d. að Hvoli, enda er það styttri leið en austur í Vík. Hvort Álftaverið er lagt með Mýrdalshéraði eða Síðuhéraði stendur þeim á sama um, því þar er ekki kostamunur á, hvort heldur er. Þessi skifting, sem nefndin hefir farið fram á, hefir sýslufundur Skaftfellinga aðhylst, og mér er kunnugt um, að þetta kom einnig til umtals á sýslufundi Rangárvallasýslu og var því ekki mótmælt þar, sér í lagi af þessari ástæðu, að Vestur-Eyfellingar vilja sem

sagt heldur að sækja lækni vestur yfir Markarfljót að Hvoli, heldur en austur yfir Jökulsá.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál að sinni.

Halldór Daníelsson: Eg á hér eina brtill. á þgskj. 87, um það að færa Mýrahérað upp í 4 flokk. Eftir því yrðu laun læknisins í því héraði 1500 kr. í stað 1300 kr. eftir uppástungu nefndarinnar.

Hérað þetta eru fimm hreppar, nefnil. Álftaness-, Hrauns-, Kolbeinstaða-, Miklaholts- og Eyjahreppur. Vegir eru þar slæmir og yfirferð héraðsins þar afleiðandi erfið. Auk þessara fimm hreppa mundi læknisins oft vitjað úr Staðarsveit og jafnvel vestan úr Breiðuvík, þegar eitfitt væri að ná í Ólafsvíkurlækninn vegna ófærðar og illrar veðráttu, sem oft hamlar samgöngum yfir Fróðárheiði. Fólkstala í þessum héruðum er 1185. Eg skal svona til samanburðar nefna Vopnafjarðarhérað, sem á einungis að ná yfir Vopnafjörð og Skeggjastaðahrepp. Það hérað hefir 1085 íbúa, eða 100 manns færri en Mýrahérað. Vopnafjarðarhérað er nú sett í 3. flokk hjá nefndinni.

Sem sagt, virðist mér hér vera farið fram á lítinn fjárauka, sem styðst við mjög mikla sanngirni.

Eg vona að deildin verði mér samdóma og lofi þessari brtill. að fljóta áfram.

ATKVGR.: Brtill. við 1. 7. á þgskj. 90, 1. feld með 12 : 4.

Brtil. við 1. 7. á þgskj. 92, 2. tekin aftur.

Brtill. við 1. 8. á þgskj. 90, 2. feld með 13 : 4.

Þar með fallinn 5. og 6. liður á þgskj. 90.

Brtill. við 1. 9. á þgskj. 95, 1. feld með 18 samhlj. atkv.

Tók þá framsm. aftur hinar brtill. á þgskj. 95.

Brtill. við 1. 7. á þgskj. 90, 3. feld með 12 : 10.

4. liður á þgskj. 90 þar með fallinn.

Brtill. við 1. 13. á þgskj. 93, 1. feld með 14 : 9.

Brtill. við 1. 14. á þgskj. 93, 2. feld með 12 : 10. Samskonar till. á þgskj. 92 þar með fallin.

Brtill. við 1. 15. á þgskj. 93, 3. feld með 16 : 7. Samskonar brtill á þgskj. 92 þar með fallin.

Brtill. við 1. 18. á þgskj. 93, 4. feld með 13 : 4.

Brtill. við 1. 24. á þgskj. 87, feld með 15 : 4.

Brtill. við 1. 26. á þgskj. 88, samþ. með 12 : 1; þar með samþ., að 37. liður falli burt.

Brtill. við 1. 42. á þgskj. 93, 5. feld með 17 : 1.

Þá var brtill. 1. á þgskj. 65 með áorðnum breytingum samþ. með 13 : 8.

1. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.

6. brtill. við 2. gr. á þgskj. 93 samþ. með flestum atkv.

Brtill. við 2. gr. á þgskj. 65 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brtill. við 2. gr. á þgskj. 88, 3. samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 65 við 3. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 94 feld með 14:9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Halld. Daníelsson,
Jón Jensson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.	J. Jónss., þm. A.-Sk.

Pétur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sig. Gunnarsson,	Ól. Briem,
Tr. Gunnarsson.	Sighv. Árnason,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

3. gr. frumv. með breyt. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. við 4. gr. þgskj. 65, samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 13 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

6. — — — 12 — —

7. — — — 12 — —

8. — — — 12 — —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Vísað til 3. umr. með 12 : 3.

Þriðja umr., 19. júlí (C. 105, 116, 121, 123, 125, 126).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Með því að töluvert hefir enn komið fram af brtill., þá skal eg leyfa mér að fara fám orðum um þær.

Ein brtill. er frá nefndinni sjálfri um það að færa úr 3. flokki yfir í 4 flokk þessi þrjú héruð: Miðfjarðarhérað, Hofsóshérað og Höfðahverfishérað. Nefndin heyrði það á ræðum ýmsra h. þm. að þeim var ekki um að eftirlaunahéruðum fjölgaði að mun fram úr því sem nú er, og af því að nefndin sjálf var meðfram þeirrar skoðunar, þá áleit hún að þau þrjú héruð, sem nefnd eru í brtill., væru bezt fallin til þess að færast úr flokki eftirlaunahéraðanna yfir í flokk hinna eftirlaunalausu, bæði af því, að tvö þeirra eru einmitt nú aukalæknishéruð og um Miðfjarðarhérað er það að segja, að ef það væri í 3. flokki, þá yrðu í Húnavatnssýslu tvö samliggjandi eftirlaunaembætti.

Enn fremur hefir nefndin komið með þá brtill., að Fljótsdalshérað sé flutt úr 3. flokki yfir í 4. flokk, en Hróarstunguhérað aftur úr 4. flokki yfir í 3. flokk. Þessa breytingu hefir nefndin farið fram á, eftir að hafa borið sig saman við hlutaðeigandi þingmenn og í samráði við þá; hefir hún tengt þessar breytingar þannig saman, að hún ætlast til, að annaðhvort fái hvorttveggju framgang eða hvorugt.

Hér liggja og ýmsar aðrar brtill. fyrir. Fyrst er brtill. frá hæstv. landsh., sem nefndin felst á að sé til bóta og aðhyllist því. Þá er brtill. á þgskj. 125 um það, að Axarfjarðarhérað færist upp í 4. flokk. Nefndin mun ekki gjöra að sérlegu kappsmáli, hver héruð skuli vera í hverjum flokki um sig, 4. eða 5., því að það getur jafnan verið álitamál, hvort réttara sé. Þegar sérstaklega kemur til Axafjarðarhéraðs, þá er þess að gæta, að hitt læknishéraðið í Norður-Þingeyjarsýslu er í 5. flokki; en nefndin hefir gengið út frá því, að bezt færi á því, að eigi lægju saman tvö eftirlaunalaus héruð, heldur, þar sem því yrði komið við, eftirlaunahérað og eftirlaunalaust saman, því að hún áleit; að meiri líkindi væru fyrir því, að duglegri læknarnir mundu að jafnaði sækja um eftirlaunahéruðin, og að læknishjálpin mundi því betri, með því að hafa eftirlaunahéruðin á dreif innan um hin, en með því að láta þau liggja saman.

Brtill. á þgskj. 126 er nefndin alveg mótfallin; hún álítur, að eins og nú er komið, eigi ekki að hagga *skipun* hinna einstöku héraða, og að þeir, sem um það er hugað, að málið gangi fram á þessu þingi, ættu að forðast sem mest, að breytingar kæmust að héðan af. — Sérstaklega skal eg taka það fram um Steingrímsfjarðarhérað, að verði breytingartillagan samþykt, þá verður það svo lítið að mannfjölda til, að það verð-

skuldar engan veginn, í samanburði við ýms önnur héruð, að vera í 3. flokki. Ef Bæjarhreppur er undanskilinn Steingrímsfjarðarhéraði, eins og nefndin ætlaðist til, þá eru ekki í því nema rúm 1400 manns, en ef svo á að taka Ó-spakseyrarhrepp undan líka, þá verða ekki eftir nema um 1200 manns, og þegar þess er gætt, að í þessu héraði er lítið um verzlunarstaði, sízt þá er nokkra framtíð eiga fyrir höndum að vöxt og viðgangi, svo að varla getur verið um miklar sóttvarnir að ræða, þá ætti þetta hérað eftir reglu nefndarinnar alls eigi að vera í 3. flokki, ef brtill. kemst að.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona, að h. d. verði svo sanngjörn, að lofa málinu að ganga fram, og að hún verði ekki alt of einbeitt í því, að hamra á stjórninni, þótt hún yrði ekki sammála við þingið, því að þess er vel að gæta, að mótspyrna gegn málinu gengur minst út yfir stjórnina, heldur bitnar hún aðallega á læknunum og þó einkum þjóðinni sjálfri.

Guðjón Guðlaugsson: Það lítur út eins og það hafi verið mesta þarfaverk af stjórninni í Kaupmannahöfn, að synja læknaskipunarlögunum staðfestingar, og að þetta hafi ekki einungis verið þarfaverk fyrir hana sjálfa, til þess að fá ómótmælanlegar sannanir fyrir því, að þingið hefði ekki mikla staðfestu eða mótstöðukraft til að berjast gegn vilja hennar, hvort sem um eftirlaun væri að ræða eða annað, heldur hafi það líka verið þarfaverk fyrir hana til þess að geta séð, hvílíkir guðs volaðir aumingjar við erum, þar sem við eftir allan undirbúning, sem málið hafði fengið fyrir síðasta þing og á síðasta þingi, erum enn að káka við það og koma með nýar breytingar; við erum með því að sýna stjórninni það, að það hafi í raun og veru engin vanþörf verið á því, að hún synjaði lögunum staðfestingar; vér erum að sýna henni, að það sé sama, hvað mikinn undirbúning laga sem vér höfum, þá megi hún ganga út frá því, að vér förum að grauta að nýu í því, sem vér erum búnir að samþykkja sem lög, bara ef hún synjar lögunum staðfestingar. Þessi aðferð er harla ósigurvænleg fyrir oss í viðureign vorri við stjórnina.

Þingið ætlar sér nú að fara að breyta í ýmsu skipun læknishéraðanna alveg upp á eigin spýtur og án þess að hlutaðeigendur fái nokkuð um það að segja. Eg sé ekki betur, en að það með þessu hringli sínu segi, að það hafi verið vitlaust, sem það gerði í þessu máli 1897, og breytir nú; þá hafði það þjóðina að bakbjarli í gjörðum sínum, en nú ekki. Nú er að tildra sér upp í hásætið eigingirni, hreppapólitík og fljótfærni einstakra þm. Eg skildi ekki í því, hvers vegna h. frsm. (Þ. Th.) vildi ómögulega láta breyta frv. frá því sem það nú er; það getur þó varla verið af því, að gjörðir h. n. einar séu bygðar á tryggum grundvelli, en alt annað sé vitlaust. Það gæti verið, að orð h. frsm. (Þ. Th.) gætu átt sér einhvern stað, ef um nýar breytingar væri að ræða, en eg sé eigi, hvað getur verið varúðarvert við að lofa breytingum að komast að, sem eru í samræmi við vilja stjórnar, þings og þjóðar, og sem miða að því að kippa málinu í sama horf og það kom frá þingi og þjóð áður og frá stjórninni nú, og einmitt að þessu miðar brt. mín, sem h. frsm.(Þ.Th.)fordæmdi svo mjög. Það er að eins eitt lítilfjörlegt atriði, sem eg legg til að sé öðru vísi en áður var tillætlast, nfl. að Svartárdalur sé látinn fylgja Blönduósshéraðinu, en eigi Skagafjarðar, og þeirri breytingu er þannig háttað, að hún ætti ekki að geta orðið deiluefni. Eg hygg, að því verði ekki neitað, að gild ástæða sé til að koma

með br.till. viðvíkjandi Steingrímsfjarðarhéraðinu, því að þar sem nú eru að eins 20 læknishéruð á landinu, en ætlast til að þau verði við breytinguna rúm 40, þá ætti það ekki að geta átt sér stað, að afturför, að því er snertir læknishjálp, ætti að geta orðið í nokkuru einasta héraði. En vilji þingið hafa opin augu og eyru og hlusta með sanngirni á orð mín, ætti eg að geta sannfært það um það, að hér er um verulega afturför að ræða. Vér vitum að nú nær Strandasýslulæknishérað yfir Strandasýslu, að undanskildum Bæarhreppi, og tvo hreppa í Barðastrandarsýslu. Læknirinn í umdæminu er nú fluttur að Steingrímsfirði, og þar hlýtur hann að sitja framvegis, þótt engin breyting komist á. Nú á læknishéraðið í Strandasýslu, eftir tillögu nefndarinnar, að ná yfir sama svæði og það náði áður, að eins kipt í burtu þessum tveim hreppum í Barðastrandarsýslu. En hver er svo vinningurinn við það? Ef til vill minni en enginn. Héraðsbúum gerir það ekki svo mikið til, þótt læknirinn sé stöku sinnum sóttur yfir í Barðastrandarsýslu; en eftir öllum líkum að dæma, mun líða langur tími þangað til nokkur læknir sæki um hið nýa Reykhólahérað, og afleiðingin af því verður sú, að læknirinn í Strandasýslu hlýtur að þjóna því með sínu héraði, og íbúarnir í aðallæknishéraðinu njóta enn síður læknishjálpar en nú, við það að umdæmi læknisins stækkar frá því sem nú er; en fyrir landssjóð hefir það þá afleiðing, að læknirinn í Strandasýslu fær sín fullu laun fyrir að þjóna eigin héraði sínu, og auk þess hálf laun fyrir að þjóna Reykhólahéraðinu. Það er því afturför og fjártjón, hvernig sem á það er litið. Enn bætist það við, að komið hefir bein ósk frá Bæarhreppi um það, að mega fremur fylgja Dalasýslu, en að þurfa að sækja lækni yfir í Miðfjörð. Á því má sjá, að hér er um afturför að ræða; það er hreinasta afturför, þegar þess er gætt, að vanséð er að nokkur læknir sæki um Dalahérað á meðan læknaþröng er, þegar Bæarhreppur, bezti hluti héraðsins, er genginn undan því.

Þar sem breyt.till. mín fer ekki fram á annað en það sem báðar deildir þingsins hafa samþykt áður, og þar sem hún stefnir að framför en ekki afturför á því ástandi sem nú er, eins og tillögur h. nefndar, þá skil eg ekki í öðru, en að h. d. hljóti að samþ. hana.

Eg skil ekki í hvað h. nefnd hefir fyrir augum, þar sem hún vill stækka Miðfjarðarhérað um tvo hreppa, og gera það erfiðara en til var ætlast í frumv. stjórnarinnar, en þó jafnframt samþykkja að læknirinn í þessu héraði sé sviftur eftirlaunarétti.

Þegar eg sá, að h. nefnd vildi færa Miðfjarðarhérað yfir í 4. flokk, þá áleit eg það gefið, að hún mundi jafnframt ætla að ganga inn á breyt.till. mína, því að með því móti hefði þessi færsla verið miklu forsvaranlegri.

Það er að vísu satt, að fólksfjöldinn í Strandasýslu er ekki mjög mikill; en það er mjög hæpið, að leggja fólkstöluna til grundvallar fyrir flokkskipun læknahéraðanna. Þess ætti þó að gæta, að þar sem mikill fólksfjöldi er á litlu svæði, þar er praxis meiri en þar sem er fólksfæð og strjálbygð, og ferðalög venjulega hægri. Eigi fæ eg séð það, að ástæða sé til að færa Steingrímsfjarðarhérað niður í lægra flokk, þótt Óspakseyrarhreppur sé frá skilinn, því að bæði er sá hreppur mjög fámennur og svo er hann fráskilinn héraðinu af erfiðu fjalli, sem gerir það að verkum, að hann er betur fallinn til þess að vera með syðra en nyrðra héraðinu; en þó skal eg játa það, að töluvert hef-

ir bæzt úr þessari torfæru við vegalagning þá, sem gjörð var á síðasta sumri yfir Bitruháls, sumpart fyrir fé það, er síðasta þing veitti. Það sem h. framsögum. (Þ. Th) sagði, að ekki mundi að búast við framtíðarkaupstöðum í Strandasýslu, og því ekki mikið um sóttvarnir að ræða þar, þá hlýtur þetta að hafa verið sagt af ókunnugleik. Að minsta kosti eru miklu meiri líkindi fyrir framtíðarkaupstöðum í Strandasýslu en nokkurn tíma á Blönduósi, þar sem er sannarleg lífshættuhöfn. Framtíðarvonirnar fyrir Strandasýslunni eru einmitt þær, að þar getur komið síldarveiði, og þar er í mörgum árum ágætis fiskirí, en hafnirnar svo góðar, að engin hætta getur verið fyrir nokkurt skip að leita þeirra; má þar nefna Norðurfjörð, sem nú mun alkunnur orðinn hér í deildinni; þangað streymir all mikið af útlendum fiskimönnum, og því enn meiri þörf þar á öflugum sóttvörnum en á Blönduósi; Norðurfjörður og Reykjarfjörður eru hið sama fyrir Strandaflóa, sem Patreksfjörður fyrir Vestfirði, og það er hreinn misskilningur, að eigi sé þörf á jafn-nýtum lækni í Steingrímsfjarðarhéraðinu eins og á Blönduósi.

Að öllu því yfirveguðu, sem eg hefi nú borið fram, virðist mér engum geta blandast hugur um, að rétt sé að samþykkja breyt.till. á þingskj. 126. Hitt getur verið annað mál, hvort rétt sé að samþykkja frumv. sjálft, eins og það nú er úr garði gjört.

Björn Sigfússon: Eg hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli, en það er tvent, sem hefir komið mér til að standa upp: í fyrsta lagi það, að eg er allvel kunnugur á því svæði, þar sem breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) fer fram á að breyta læknahéraðaskiftingunni, frá því sem nefndin réði til, og háttv. þingd. hefir þegar samþykt, og í öðru lagi komu fram einstök atriði í ræðu þessa háttv. þm., er mér finst nokkur ástæða til að svara fám orðum; mér finst það lýsa talsverðri frekju, að ætlast til, að þingd. greiði nú atkvæði þvert ofan í það, sem hún gerði fyrir tveim dögum. Sú breyt.till., er sami h. þm. flutti þá og var feld, var alveg sama efnis og þessi, og þó hún væri gölluð og götótt, vildi hann ekki taka hana aftur, og hélt því þá fram, að það mætti bæta götin við 3. umr. Eg vonast eftir, að þingd. sýni þá festu að greiða atkvæði á sama hátt nú og þá var gert.

Eg færði á síðasta þingi ástæður fyrir því, að sú héraðaskifting á þessu umrædda svæði, sem þá var farið fram á í frumv. stjórnarinnar og h. efri deildar væri hagkvæmust, og nenni eg ekki að fara að taka þær upp hér, enda voru þær aldrei hraktar. Það er nóg að taka það fram, að hér er bæði um víðlendi og fólksfjölda að ræða, og í 3. lagi, að ef læknir í vestara héraði Húnavatnssýslu ætti að sitja á Borðeyri, þá situr hann bæði á útjaðri umdæmisins og í strjálbygðari hluta þess. Að því er það snertir, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) lagði áherzlu á, að þessi héraðaskifting hefði verið samþykt á þingi 1897, þá er þess að geta, að hún komst þá inn í neðri deild með litlum atkvæðamun, og tel eg það fremur sem tilviljun. Einnig lagði hann áherzlu á, að nefndin væri í ósamræmi við stjórnarfrumv. Já, stjórnin hafði í þetta sinn ekkert hreyft við skifting héraðanna, og því ekki heldur þessari tilviljun; en nefndin er hér í fullu samræmi við tillögu læknafundarins, frumv. stjórnarinnar og efri deild 1897, eins og áður er sagt. Hann sagði einnig, að það væri eindregin ósk hlutaðeigandi manna, að Bæarhreppur fylgdi Dalahéraði en ekki Miðfjarðarhéraði. Ef það væri satt,

þá furðar mig á því, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) skuli ekki hafa komið fram með breyt.till. í þá átt. En eg efast um, að sú ósk, að Bæarhreppur ekki fylgi Miðfjarðarhéraði, sé almenn, og skal eg leyfa mér að færa ástæður fyrir því, með því að vísa til athugasemda stjórnarinnar við læknaskipunarfrumv. það, er lagt var fyrir alþingi 1897, og vil eg með leyfi h. forseta lesa hér upp nokkrar línur úr þeim, er svo hljóða: ». . . . . enn fremur er Bæar»hreppur í Strandasýslu eftir tillögum »sýslunefndarinnar í Dalasýslu og að »nokkru leyti sýslunefndarinnar í »Strandasýslu, amtsráðsins í Vesturamt»inu og amtmannsins í Norður- og »Austuramtinu, skilinn frá aukalæknis»héraðinu í 11. gr. fjárlaganna tölul. 2, »staflið a, (þ. e. Dalasýslu), og lagður »undir Miðfjarðarhérað, því hrepp þann »skilur frá Dalasýslu torsótt heiði, sem »einkum á vetrum er ill yfirferðar«. — Af þessu sést, að ósk Dalasýslubúa og að nokkru leyti Strandasýslubúa er einmitt mótsett því, er h. þm. Strand. (Guðj. G.) segir. Það getur ekki staðist, er h. þm. slær fram, að það væri afturför, ef Bæarhreppur fylgdi Miðfjarðarhéraði, og er eg svo kunnugur, að eg veit, að það er hægra fyrir Bæarhrepp að sækja lækni, þó hann sæti austan við Hrútafjarðarháls, en yfir Laxárdalsheiði í Dalasýslu, ekki sízt ef læknirinn sæti eins vestarlega og nú, og sem líklega verður alt af.

Þótt eg ekki vilji leiða algerlega hjá mér að minnast á nokkur fleiri atriði í ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.), þá ætla eg samt ekki að rekja alt, er hann sagði, hann var svo langorður að vanda, heldur að eins taka fram hið helzta. H. þm. talaði um framtíðarhorfur kaupstaða í Strandasýslu, einkum Steingrímsfjarðar, og talaði mikið um síldarveiði þar, en öðru máli væri að gegna með Blönduós sem kaupstað. Hann ræður auðvitað spádómum sínum, en ókunnuglega talar hann og veit sjálfsagt ekki, að við Blönduós er einmitt síldarveiði á hverju sumri, sem nú er meir og meir notuð. Þar er verið að byggja íshús og fiskiútvegur tekur miklum framförum. Þetta bendir þó óneitanlega á góða framtíð, þegar það bætist við mikinn landbúnað; enda er auðséð, að þeir sem kunnugir eru treysta því; árlega er verið að byggja ný hús á Blönduósi.

Eg man eftir því, að á þingi 1897 gerði h. þm. Strand. (Guðj. G.) mikið úr vegleysu þeirri er væri milli Bitru og Kollafjarðar, en sá farartálmi hefir væntanlega minkað mikið við hinar nýu vegabætur, er hafa verið gerðar á því svæði. Eg vil ekki að svo stöddu og án þess frekara tilefni gefist, fara lengra út í þetta, heldur bíða átekta. Verði gefið frekara tilefni til þess, og því haldið fram, að hér sé um hreppapólitík að ræða, skal eg leitast við að sýna hvoru megin hún er; en eg ætla að sleppa því að þessu sinni. Eg læt mér nægja að ítreka það, sem eg sagði í upphafi, að eg trúi því ekki að þingdeildin sé svo hviklynd, að hún nú fari að greiða atkvæði þvert ofan í það, sem hún er nýbúin að gera.

Að endingu skal eg taka það fram, að hér getur komið dálítil auka-ástæða til greina, nefnil. kostnaðarauki fyrir landssjóð, ef breyt.till. væri samþykt, og skírskota eg í því tilliti til þeirra skýringa, sem bæstv. landsh. gaf deildinni um þetta við 2. umr. Auðvitað ætti það út af fyrir sig samt ekki að ráða úrslitum, heldur hitt, hvort fyrirkomulagið er í raun og veru hagfeldara, en mér blandast ekki hugur um að nefndin hefir réttara fyrir sér.

Jens Pálsson: Eg ætla að eins að

segja fáein orð, i tilefni af því að h. þm. Strand. (Guðj. G.) fór að flétta Dalahérað inn í umræðurnar. Hann sagði að Bæarhreppur væri bæði mestur og beztur hlutinn af hinu núverandi aukalæknishéraði Dalasýslu. Eg verð að segja, að eg sé ekki, af hvaða ástæðum svo ætti að vera. Ekki er það fólksfjöldans vegna, því í Bæarhreppi eru ekki nema 400 manns. Ekki get eg heldur fallist á, að Bæarhreppur sé svo miklu betur efnum búinn en Dalasýsla, að það eitt geti gjört hann að bezta hluta héraðsins. Mér datt í hug, hvort að Bæarhreppur væri svo veikindasæll, að hann þess vegna mætti teljast beztur hluti Dalahéraðs. Nú, sé hann svo mikið sóttarbæli, þá veitir honum ekki af sérstökum lækni. Eg ber sem sagt engan kvíðboga fyrir því, að frumv. ekki fari í rétta stefnu, hvað Dalahérað snertir, því Dalasýsla er góð sýsla og fullkomlega fær um að bera lækni.

Eg sé svo ekki ástæðu til að tala frekara um þetta, enda stendur það ekki í neinu sambandi við það, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) og h. þm. Húnv. (Bj. S.) eru að togast á um.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi ekki hingað til tafið tímann með umræðum í þessu máli, enda mun þeim og bráðum lokið, og hefi eg ekki neinu nýu við að bæta. Menn hafa mest þráttað um héraðaskipunina og er auðséð, að hver togar sinn skækil. Um þetta atriði hefi eg ekki neitt að segja, því þeim héruðum, sem mest hefir greint á um, er eg ókunnugur. Aftur vil eg benda á annað atriði, sem helzt kynni að verða málinu til falls, en það er ákvæðið um eftirlaunin. Eg verð að lýsa ánægju minni yfir nefndarálitinu, og eg er viss um, að það er einhuga ósk þjóðarinnar, að fá breytingar á læknaskipuninni. Frá þinginu 1897 kom fram frumv. í þessa átt, en það náði ekki samþykki stjórnarinnar. Það hefir kveðið við hjá sumum þingmönnum, að það væri sljóleiki og heigulskapur hjá þinginu, að halda ekki áfram í sömu stefnu og áður, einkanlega hvað eftirlauna-atriðið snertir, en eg get ekki séð að svo sé. Eg fæ ekki séð annað, en að þingið hafi óskertan rétt til að halda fram eftirlaunakröfunum jafnt eftir sem áður, enda er frumvarp um það efni komið fram í efri deild, og álít því mjög heppilegt, að breyt.till. sú sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) fylgdi fastast fram við 2. umræðu, var feld.

Eg fyrir mitt leyti vildi helzt að málið kæmist óskert og ógallað gegn um deildina, því eg veit að landsstjórninni er það áhugamál, og mörgum landsmönnum kærkomið.

Jón Jensson: Eg ætla í stuttu máli að gera grein fyrir atkvæði mínu, af því eg vil fella málið. Ef þingið væri ánægt með frumvarpið 1897, þá mundi eg í þess sporum sjálfsagt samþykkja það óbreytt aftur, því neitunarástæður stjórnarinnar voru svo ómerkilegar, að ef þingið samþykti á ný samskonar frumvarp, þá álít eg að stjórnin mundi ganga að því. Mótbárur stjórnarinnar móti lækkun eftirlauna finnast mér svo lítilfjörlegar, að stjórnin geti ekki verið þekt fyrir að neita frv. staðfestingar af þeim ástæðum. En nú er þingið alls ekki ánægt með frv. frá 1897, því þegar eru komnar töluverðar breytingar á því, og stöðugt koma fram nýar brtill. Þetta sýnir að menn eru ekki, enn sem komið er, búnir að komast að neinni niðurstöðu um fyrirkomulag, sem geti gert menn ánægða. Meðan ekki er bundið fyrir að alt snúist og breytist eftir þingmönnum einstakra héraða, ættu menn að halda fyrirkomulaginu sem er. Það er vel

skiljanlegt að menn séu ekki ánægðir með þetta frv., því það er ekki sjáanlegt, að í því sé nein föst stefna. Ástæðurnar fyrir því, hverjum héruðum skuli fylgja eftirlaun og hverjum ekki, eru alveg af handa hófi. Breytingar frv. frá því sem nú er, eru að eins til skemda. Það þarf ekki að fara lengra en til þess, að þingið sjálft dæmir þetta frv. með því að breyta og breyta og allir eru óánægðir, og er þetta nægilegt til að sýna, að eitthvað hlýtur að vera öfugt.

Eg sagði áðan, að ef þingið væri ánægt með frv. frá 1897, þá ætti það hiklaust að samþykkja það. Nefndin hefir ekki gert þetta. Hún vill láta eftir stjórninni og hennar bendingum og finnur nú upp nýan veg, nl. að láta 2 flokka læknahéraðanna vera eftirlaunalausa. Eg fyrir mitt leyti skil ekki að stjórnin vilji ganga inn á að afnema eftirlaunin, úr því hún ekki vill ganga inn á að lækka þau, og ef stjórnin ekki neitar þessu frv. staðfestingar, sem tekur burt eftirlaunin frá öllum helmingi læknanna, þá verð eg að játa, að eg skil ekki hvert hún stefnir. Það getur líka, eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram, verið nokkuð vafamál, hvort það er samkvæmt stjórnarskránni að skipa lækna í embætti eftirlaunalaust; eg fyrir mitt leyti efast um að það geti staðist eftir stjórnarskránni.

Það hefir komið fram brtill. frá hæstv. lh. um að breyta »læknishérað« í »læknisembætti«. Þetta er að eins orðamunur, því læknarnir verða allir embættismenn eftir frv. eins fyrir það. Læknahéruðin eru hér öll talin saman og eru, eins og frv. er orðað, annað hvort öll embætti eða þá engin þeirra.

Það hefir mikið verið talað um það, hver nauðsyn væri á að breyta til og bæta kjör læknanna. Eg skal ekki neita því, en hinsvegar efast eg um, að þetta sé réttasta aðferðin. Það hefir áður verið tekinn annar og betri vegur af þinginu, nl. að bæta aukalæknum við föstu læknana; en eg skal játa að það er nauðsynlegt að bæta kjör aukalæknanna með launahækkun og skyldi eg vera með því. Með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á hér í frv., gera menn það að verkum, að útgjöld landssjóðs vaxa svo stórkostlega, að menn varla geta gert sér hugmynd um það. Það sjálfsagða er, að kostnaðaraukinn nemur c. 15,000 kr. árlega. Þetta er sama sem að þingið stofnaði 15 ný aukalæknisembætti eins og þau hafa verið launuð hingað til, og þó eru sem stendur 2 læknishéruð óveitt, af því læknar eru ekki til í þau. 15,000 kr. upphæð hefir hingað til þótt há og er vonandi að deildin hugsi sig vel um áður en hún smellir þeim á landssjóð, því fremur sem engin líkindi eru til að menn verði verulega ánægðari eftir en áður; það má þvert á móti búast við sífeldu breytingahringli ár eftir ár úr þessu. Þá er enn eitt, sem gerir þetta fyrirkomulag enn dýrara og sem leiðir af því, að hér er gjört ráð fyrir tómum föstum læknishéruðum. Undir því fyrirkomulagi, sem nú er, er því svo háttað, að þar sem aukalæknir ekki fæst í eitthvert aukalæknishérað, þá er aðallæknirinn skyldur til að þjóna því kauplaust, af því það er hluti af hans læknisumdæmi. Aftur á móti breyttist þetta svo, ef frv. kæmist á, að ef læknir í eftirlaunalausu læknishéraði færi burt, þá yrði læknir í næsta héraði (aðal- eða eftirlaunahéraði) settur til að þjóna embættinu, en hann ætti þá heimting á hálfum launum sem settur, auk sinna eigin launa, því héraðið, sem hann væri settur í, væri þá orðið sérstakt hérað og heyrði ekki undir hans umdæmi. Mundi þetta stór-

um auka kostnað, ef aðallæknarnir með þessu móti fengju þriðjungi hærri laun en nú um óákveðinn tíma, því hætt er við að svo geti farið oftsinnis, að sérstaklega hin minni læknaembætti standi óveitt árum saman. Nú er sem sagt alt öðru máli að gegna, þar sem héraðslæknirinn er skyldur að þjóna aukahéraðinu kauplaust, ef það losnar. Þessi og annar kostnaðarauki annarsvegar, og óánægja þingdeildarinnar hinsvegar með frv., kemur mér til að vera algjörlega á móti frv.

Guðjón Guðlaugsson: H. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagðist gera ráð fyrir því, að h. þd. sýndi ekki það hviklyndi, að greiða nú atkv. með brtill. mínum, þar sem hún hefði ekki greitt atkvæði með þeim, þegar þær voru síðast fyrir deildinni, en eg get bent h. þm. á, að þingd. feldi ekki þessar brtill. þá vegna þess, að 2 hreppa í Húnavatnssýslu vantaði inn í þær, enda þótt hægt hefði verið að samþykkja brtill. þá, og bæta svo þessum hreppum inn við þessa umr. Eg álít því að h. þd. sýni ekkert hviklyndi þótt hún samþykki brtill. mína nú, þótt hún samþykkti hana ekki um daginn, þegar hún var í svo götóttu og ótullkomnu formi. H. sami þm. sagði einnig, að fyrst eg áliti það afturför að hafa Bæarhrepp sameinaðan Húnavatnssýslu, ef læknirinn ætti að sitja í Miðfirði, þá hefði eg átt að koma með brtill. í þá átt, að hafa Bæarhrepp sameinaðan við læknishéraðið í Dalasýslu. Þetta var rétt að því leyti, að eg áttí að koma með það sem varatillögu, en ekki sem aðalkröfu. Vona eg að hver og einn sannfærist um, að svo sé, sem les athugasemdir stjórnarinnar við frv. 1897. H. þm. Húnv. (B. S.) vitnar í sýslufundargjörðir Dalasýslu þessu til sönnunar (*B. Sigf.*: Þingm. fer rangt með). Ekki mun það rétt, því enginn maður í Dalasýslu mun hafa óskað eftir því, að lækuirinn þar hefði dálitla sneið af Strandasýslu með Dalasýslu héraðinu. Ekki var það heldur tillaga Strandamanna, því þeir gerðu miklu hærri kröfur en eg hefi fylgt fram, því þeir vildu fá eina 3 lækna í sýslunni, 1. fyrir 2 nyrztu hreppa sýslunnar, 2. fyrir Steingrímsfjörð og Bitru og hinn 3. fyrir Bæarhrepp með vestasta hluta Húnavatnssýslu, og sæti hann í Hrútafirði. En þar sem eg ekki vildi fara svo langt í kröfum mínum, áleit eg fjarstæðu að fara aftur á móti svo skamt, að þar verði afturför frá því sem nú er. Eg gæti fengið yfirlýsing allra manna norður þar, að þeir vildu heldur ástandið alveg óbreytt, en breytingu þá, er nefndin vill vera láta, og þótt eg hafi ekki til formlega yfirlýsingu um þetta nú, þá er þó til formleg yfirlýsing sýslunefndarinnar í Strandasýslu og þingmálafundar sýslunnar í vor um það, að hún óskaði eftir að læknaskipunarfrv. þingsins frá 1897 yrði samþ. óbreytt.

H. þm. sagði að læknirinn ætti ekki að sitja í Hrútafirði eða á Borðeyri, því þá væri hann út í jaðri héraðsins. Eg slakaði til 1897 í þá átt, að læknirinn gæti eins vel setið að austanverðu við Hrútafjörðinn sem að vestanverðu, og gjörði það til þess, að austari hreppar nir ættu þá hægra aðstöðu. En að álíta Hrútafjörðinn strjálbygðasta jaðarinn er ekki á rökum bygt, þar eð þar er aðalkauptún héraðsins, og er heldur ekki að öðru leyti eins strjálbygt og til dæmis Vatnsnesið og víðar þar fyrir austan Hrútafjarðarhálsinn. Það er líka mjög heppilegt, að hver læknir búi, annaðhvort í aðalkauptúni síns héraðs eða sem næst því, þar sem svo oft kemur fyrir, að menn geta sameinað kaupstaðarferðirnar við það að finna lækninn og því eykst praxis lækn-

anna við það, að færa sig nær kaupstöðvunum.

Hvað Blönduóshéraðslækninn snertir, er enginn efi á því, að hann verður látinn búa á Blönduósi; á sama hátt ætti því næsti læknir fyrir vestan hann að búa við Hrútafjörð, ef ekki á Borðeyri, þá á bæjunum gegnt henni að austanverðu við fjörðinn og læknirinn í Steingrímsfjarðarhéraðinu byggi þá líka að sjálfsögðu nálægt aðalkauptúninu þar, Hólmavík, ef Steingrímsfjarðarhéraðið væri látið ná að Ennishöfða. Hvað þessa 3 kaupstaði snertir, þá er Blönduós mestur gallagripur þeirra, hvað höfnina snertir, þó fólksfjöldi sé meiri á Blönduósi en Borðeyri. Borðeyri hefir aðsókn allmikla bæði úr Húnavatns- Stranda og Dalasýslu, en hvað Hólmavík snertir, þá er þar að sönnu magur verzlunarstaður en höfn góð og virðist eiga töluverða framtíðarvon. H. þm. Hnv. (B. S.) mintist á, máli sínu til stuðnings, að verið væri að byggja íshús á Blönduósi eða þar nálægt. Hér er reyndar um engin íshús að ræða heldur lækna (B. Sigf: þm. gaf sjálfur tilefnið, talaði um síldveiði í Strandas. eins og þetta væri síldveiðamál). En til þess að hann skuli ekki vera of hreykinn af þessu, vil eg minna hann á, að búið er að stofna íshúsfélag við Steingrímsfjörð og nú er farið að byggja þar íshúsið. Hvað það snertir að hafa Óspakseyrarhrepp með Hrútafjarðarhéraðinu, þá játa eg að sú ástæða minkar nokkuð við vegabætur þær, er gjörðar hafa verið yfir Bitruháls. En eg legg ekki aðaláherzluna á það, að hafa þennan hrepp með Hrútafjarðarhéraðinu, heldur að læknirinn sitji í Hrútafirði en ekki í Miðfirði, og því vil eg minka hérað þetta að austan, en stækka það að vestan, og lá því næst fyrir að sameina við það Óspakseyrarhrepp.

Eg skal ekki lá h. þm. þó hann fylgi fram þessu máli, þar sem hann gjörir það eftir áskorun kjósenda sinna, en eg get ekki stilt mig um að benda honum á, að hann í enda ræðu sinnar hafði þau ummæli, sem hann hefði helzt átt að láta ótöluð, þar sem hann í sambandi við þetta fór að tala um einhvern ímyndaðan kostnað, sem breyttill. mín mundi hafa í för með sér fyrir landssjóð; h. þm. hefði átt að láta þetta ógert, því slíkt var aðeins að slá á örmjóan streng, smásálarskapinn, streng, sem ekki ætti að hræra nema brýn nauðsyn sé til, enda efast eg um, að þessi strengur sé til, eða þetta verði eins eyris kostnaðarauki fyrir landssjóð.

H. landsh. gat þess um daginn, að læknirinn, sem nú er í Húnavatnssýslu, og sem situr á Klömbrum í Þverárhreppi, mundi segja af sér, ef hann kæmist inn í austara héraðið. Eg ímynda mér að hann muni gera það, ef hann getur, en engu að síður þó hann sitji í vestara héraðinu. Það er ekki til neins að telja mér trú um, að fyrir lækni, sem situr á Klömbrum, sé erviðara að þjóna austara héraðinu en því vestara og úr því hann hefir fengið leyfi fyrir því að sitja þar sem hann er, mundi hann ekki fremur flytja sig til Miðfjarðar en Hrútafjarðar. Eg er því viss um, að læknirinn segir af sér, í hvort héraðið sem hann kemst, en það eru þó heldur meiri líkur til að hann haldi embætti, ef hann yrði inni í eystra héraðinu, þar sem það er í 2. flokki, heldur en í hinu vestra, sem nú er verið að reyna að pota niður í 4. flokk. Eg hefi heyrt h. landsh. minnast á, (mig minnir í privat samtali), að ef læknirinn yrði í eystra umdæminu, þá mundi hann geta sagt af sér með fullum launum, þar sem svo mætti þá líta á, sem embætti hans væri upphafið,

en ekki nema með vanalegum eftirlaunum, ef hann yrði í vestara héraðinu. Eg efa að svo sé, því hann mun hafa veitingarbréf fyrir allri Húnavatnssýslu, þótt aukalæknir hafi verið settur þar honum til aðstoðar. En þó svo væri, að hér væri um kostnaðarauka að ræða, þá dugar ekki þinginu, að láta sér slíkt vaxa í augum, ef það álítur nauðsynlega og sanngjarna þá breytingu, er hefir slíkan kostnað í för með sér.

H. þm. Dalam. (J. P.) kom það illa, að eg nefndi áðan Dalasýslu; eg skildi þetta ekki, því eg vissi ekki til að eg nefndi hana í því sambandi, að það væri til þess að styggja h. þm. og eg álít það litla ástæðu fyrir þingm. að standa upp fyrir það, þó þeir heyri kjördæmi sitt nefnt á nafn. Hann kvartar yfir, að það sé ekki áreiðanleg skýrsla frá lækninum í Dölum, að hann kalli Bæarhrepp bezta hluta héraðs síns, en eg get útvegað honum 10 skýrslur fyrir eina um að svo sé, og að hann mundi þegar sækja um Hrútafjarðarhéraðið, ef læknirinn ætti að sitja þar, því það reynist jafnan svo að þegar læknirinn er staddur í Borðeyrarkaupstað, að þá fær hann meira að gera en endrarnær, sem leiðir af því að þangað koma svo margir víða að, einkum úr Húnavatnssýslu, enda reynist það jafnan svo, að þar sem kaupstaður er, þar er praxis fyrir lækna.

Hvað aðseturstað læknisins í Dalahéraði snertir, þá hefi eg aldrei talað í þá átt, að læknirinn væri ekki rétt settur þar sem hann er nú í Dölunum, því það má telja víst, að hann muni framvegis sitja á líkum stað og hann er nú, og það breytist ekkert við það, að kaupstaður er að komast á í Búðardal, því eg er viss um að læknirinn muni einmitt verða á líkum stað og hann er nú, neðanvert í Laxárdal.

Hvað Laxárdalsheiði snertir, þekkir h. 2. þm. Húnv. (Bj. S.) hana ekki betur en eg, því eg fór yfir hana rétt áður en eg fór á þing og var fáa tíma yfir hana, og var þó gangandi.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) er maður, sem vert er að gera greiða, því það er annálsvert, hvað hann er þakklátur og nægjusamur og ánægður með það sem nefndin hefir gjört, og það þarf sannarlega ekki mikið til að gera hann ánægðan. Er ekki óhugsandi að h. framsm. (Þ. Th.) geri eitthvað til að hæna hann að sér, og að það standi eitthvað í sambandi við Kínalífs Elixírinn, sem h. þm. Rangv. (Þ. G.) hefir svo mikla tröllatrú á. Ef til vill gerir h. framsm. (Þ. Th.) það með því að gera læknishéruðin sem misjöfnust, því þá má búast við því, að þau lélegustu standi auð, og þá er líklegt að þar verði farið að nota meira af »Kína«, »því nota flest í nauðum skal«. En mér finst nú ekki frammistaða nefndarinnar þess verð, að halda þurfi fjölorðar ræður henni til lofs og dýrðar, því eg er viss um, að hún fær margt óþakklæti um ókomnar tíðir fyrir frammistöðu sína, og get eg vel unt henni þess. Eg heyrði reyndar, að h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) var að tala svo mikið um sparnað frá nefndarinnar hálfu, hvað eftirlaunaembættin snerti. En eg held að sparnaðurinn verði ekki svo mikill, því allir þeir, sem eru í eftirlaunalausu embættunum, munu reyna að komast upp í eftirlaunaembættin áður þeir komast fótum fram; munurinn verður þá að eins sá, að þeir vinna færri ár í þeim embættum, sem gefa þeim eftirlaunarétt, en aftur verða fleiri uppgjafalæknar á eftirlaunum úr hinum hærri embættum. Er því efasamt, hvort þetta er mikill sparnaður frá því, sem ákveðið er í frumv. 1897. En þó svo væri, að þetta væri sparnaður fyrir

landssjóð, þá verður það ekki til sparnaðar fyrir þjóðina og læknana sjálfa, því þetta fyrirkomulag veldur einmitt peningaeyðslu fyrir þá, þegar þeir fara á efri árum að rífa sig upp þaðan, sem þeir hafa alið mestan aldur sinn og búið um sig. — Þegar læknaembættin eru gjörð svo ójöfn sem hér á sér stað, verða flestir ungir læknar að byrja í lakari embættunum, en þegar ellin færist yfir þá, komast þeir loks í hin feitari. Af því leiðir, að betri embættin hafa aldrei nema uppgefna karla, sem nærri eru komnir fótum fram, eða þá unga og óreynda háskólakandídata, sem verður þess valdandi, að hætt verður að nota læknaskólann. Með þessu fyrirkomulagi er því meðal annars verið að reyna til að drepa læknaskólann, sem er einhver heiðvirðasta og nýtasta stofnun landsins, og þótt sumir sé að þakka nefndinni fyrir slíkt, þá hefi eg ekki ástæðu til að gjöra það.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Það hafa ekki komið margar mótbárur fram gegn frumv. og till. nefndarinnar, nema frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) og h. þm. Rvk. (J. Jens.).

H. þm. Strand. þarf eg ekki að svara, en að eins minnast á eitt atriði. Þar sem eg mintist á það í byrjun ræðu minnar, að litlar mundu líkur til þess, að stórir kaupstaðir mundu rísa upp í Strandahéraði, þá vildi þm. bera þetta til baka, og sagði, að Strandahérað ætti mikla framtíð fyrir höndum, sérstaklega vegna fiskiveiðanna í Steingrímsfirði. En mér þykir furða, ef þar norður á Hornströndum, þar sem að eins lifa um 1100 manna inniluktir af fjöllum, getur orðið mikil verzlun eða blómlegir atvinnuvegir, og þar risið upp stórir verzlunarstaðir. Og hvað Steingrímsfjörð sérstaklega snertir, þá hefi eg áreiðanlegar upplýsingar um, að þar er lítill fiskiafli nema á haustinn, og í fyrra voru þaðan útflutt að eins 200 skpd. af saltfiski, og má það ekki mikið kalla. Ímynda eg mér því, að saltfisksverzlunin þar verði ekki til þess, að gjöra það hérað mjög svo fjölment og fyrirferðamikið, að taka þurfi sérstakt tillit til þess. Annars vil eg ekki vera að deila við h. þm. um orðin tóm, enda bendir alt á, að þetta sé meira héraðakritur, en að þm. Strand. (Guðj. G.) hafi að flytja rétt mál. Mér finst þinginu megi á sama standa hvort héraðið er kallað Miðfjarðarhérað eða Hrútafjarðahérað, og enginn skaði sé skeður, þó frumv. verði samþykt eins og nefndin leggur til, því héruðin sjálf, sem hlut eiga að máli, geta gert út um héraðatakmörkin á annan hátt, því svo stendur í 1. gr. frumv.: Landshöfðingi getur eftir tillögum sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishéraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust. Eftir þessu liggur það miklu nær, að deila ekki mikið um þetta á þingi, en bíða þangað til frumv. er staðfest og láta svo sýslunefndirnar gera út um málið, og þar sem breyt.till. þm. Strand. (Guðj. G.) hljóta að valda svo miklum glundroða í málinu, er rétt að fella þær.

Þá þarf eg að svara h. þm. Rvk. (J. Jens.) nokkrum orðum. Hann byrjaði ræðu sína á því, að hann vildi fella frumv. af ýmsum ástæðum, er hann tilfærði, en mig furðaði á, að hann skyldi bera þær fram fyrir deildina, því mér virtust þær eiga við lítil rök að styðjast. Hann sagði, að ef þingið hefði verið ánægt með frumv. 1897, þá hefði það átt að samþykkja það óbreytt, en af því að það sýndi sig, að þingið væri ekki ánægt með það, þá ætti það alls

ekki að samþykkja það. Eg get ekki skrifað undir það, að þingið sé ekki ánægt með frumv., nema að eins eitt atriði: eftirlaunin, því að breyting þá á héraðaskiftingunni, sem gjörð hefir verið, met eg að engu, enda eru breytingar þær, sem á henni hafa verið gjörðar, harla litlar. Helztu breytingarnar hafa verið gjörðar í Vestur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu, og er það í samráði við þingm. þeirra kjördæma og eftir því, sem þeir hafa komið sér saman um. Aftur á móti er dálítill ágreiningur um héraðaskiftinguna í Húnavatnssýslu og Strandasýslu, en eg hefi bent á, að hægt sé að laga slíkt á annan hátt, og án þess að slíkt komi til þingsins. Alt annað í frumv. er h. þingd. ánægð með, eða eg hefi ekki heyrt komin fram nein mótmæli gegn því, svo sem launaupphæðinni, taxta lækna, etc. og sýnir það, að þingd. er ánægð með frumv. (*Jón Jensson*: Það er ekki víst, þótt ekki hafi verið talað um það), það er að eins einn þm. hefir gert moldveður út af einni kirkjusókn með að eins 118 sálum, og það er alt og sumt.

Hin 2. ástæða hjá þm. Rvk. (J. Jens. var sú, að flokkaskiftingin væri ófær, en þó treystir hann sér ekki að koma með eitt einasta dæmi því til sönnunar, og sýnir það, að slíkt er skinástæða og ekkert annað. Eg hefi áður tekið það fram, að flokkaskifting þurfti að hafa til þess, að greina í sundur eftirlaunahéruð og eftirlaunalaus, og þurfti því að minsta kosti að hafa flokkana tvo. Hitt gjörði minna til, hvaða laun voru ákveðin í hvorum þessum tveimur flokkum læknahéraða. H. þm. Rvk. (J. Jens.) mun lítið hafa ferðast um landið, og getur því ekki mikið borið um, hve heppilega eða óheppilega nefndin hefir farið í því. Eg gjöri þó ráð fyrir, að hann hafi, ef til vill, einhverntíma lesið Íslandslýsingu, en þrátt fyrir það mun hann varla geta dæmt mikið um staðhætti út um land.

Hin 3. ástæða þm. var sú, að hann taldi efamál, og skildi ekki í því, að stjórnin mundi nokkuru sinni ganga að því, að hafa sum læknahéruðin eftirlaunalaus, þar sem hún hefði ekki viljað lækka eftirlaunin, en það er sitt hvað fyrir stjórnina, að víkja frá principi því, er hún hefir fylgt um mörg ár gagnvart þinginu, að vilja ekki lækka eftirlaunin, eða að samþykkja þetta frumv., þar sem eftirlaun eru ekki nefnd á nafn. H. þm. sagði, að það væri efamál, hvort slíkt væri ekki stjórnarskrárbrot, að láta embættismann vera án eftirlauna. Eg ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum, er eg heyrði sömu orðin frá vörum h. þm. Rvk. (J. Jens.) og annar h. þm. var að burðast með við 2. umr. Eg er að sönnu ekki löglærður maður, en eg kann þó að lesa, og eg veit, að það stendur í síðustu málsgrein 4. gr. stjórnarskrárinnar: »Eftirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eftirlaunalögunum«, en það stendur líka í 1. gr. eftirlaunalaganna 31. maí 1855: »Sérhver sá, sem konungur hefir gjört að embættismanni, og launað er af sjóði ríkisins, á rétt á að fá eftirlaun eftir lagaboði þessu«, o. s. frv. Eftir þessu hafa þeir einir rétt til eftirlauna, sem konungur hefir veitt embætti. Nú er hér í þessu frv. farið fram á, að landshöfðingi veiti sum embættin, og þeir embættismenn sem af honum eru skipaðir, hafa engan rétt til eftirlauna. Hitt er annað mál; að veita má sérstökum mönnum eftirlaun þótt þeir séu ekki í embættum þeim, er konungur veitir, en þeir hafa ekki rétt til eftirlauna fyrir embættissakir, nema konungur hafi veitt embættið. Vona eg, að þetta sýni ljóslega, að h. þm. Rvk. (J. Jens.) sé að vaða reyk, þar sem hann er að tala um að það sé stjórnarskrár-

brot, að samþykkja þetta frumv., því slíkt er alls ekki rétt.

Hin 4. og síðasta ástæða h. þm. Rvk. (J. Jens.) var sú, að bæta mætti kjör aukalækna á annan hátt en með frv. þessu, og hann vildi heldur bæta kjör þeirra á fjárlögunum. Eg get vel trúað h. þm. til að greiða atkvæði með því, ef þar að kemur, en það lét nokkuð illa í eyrum mínum, að heyra þm. vera að bera saman, hvað hækkuð útgjöld frumv. þetta hefði í för með sér, og í hinu orðinu vera að tala um, að bæta kjör aukalæknanna á fjárlögum. Hver munur er á því fyrir landssjóð, að borga t. d. 15,000 kr. eftir frumv. þessu, eða að borga þær eftir fjárlögunum, skil eg ekki. Eg sé ekki annað en að það sé eitt og hið sama, og sé læknafjöldinn hinn sami og launaupphæðin jöfn, getur enginn munur orðið á. H. þm. sagði, að frumv, hækkaði útgjöld landssjóðs um 15,000 kr. Eg skal játa það, að 15,000 kr. er að sönnu töluverð upphæð, en það fer þó eftir því, hvað það er borið saman við. Sé það t. d. borið saman við laun embættismanna hér í Reykjavík, t. d. yfirdómara við landsyfirréttinn, þá er hún handa 1 yfirdómara í $2^1/_2$ ár, og þegar borið er saman við þetta, er upphæðin ekki svo fjarskalega mikil. (*Jón Jensson*: Hún er þó mikil fyrir því.). Já, en er hitt þá ekki of mikið? Eg vona því að h. þingd. láti ekki fleka sig af öðrum eins skinástæðum og þetta er hjá h. þm. Rvk. (J. Jens.).

Guðlaugur Guðmundsson: Út af orðum hæstv. landsh. við síðustu umræðu, þar sem hann tók fram, að hann hefði bæði áður og nú álitið að eðlilegast væri, að Mýrdalssandur réði takmörkum Mýrdalshéraðs að austan, skal eg taka fram, að eg hefi verið og er einnig á sömu skoðun. En nú milli þinga hefi eg orðið var við, að vilji manna í héraðinu gengur nokkuð almennt í þá átt, að láta Álftaverið fylgja þessu umdæmi, sérstaklega vegna þess, að menn gjöra ráð fyrir, að læknirinn verði að sitja í Vík.

Um málið sjálft, eins og það nú er komið hér í deildinni, er engin ástæða til að halda stór-pólitiskar ræður. Með því að vísa málinu til 2. umræðu hefir deildin látið í ljósi, að hún vilji ræða málið og semja um það við stjórnina. Tækifærinu til að demonstrera er slept og deildin hefir með atkvæðagreiðslunni látið í ljósi, að hún áliti þetta svo mikið nauðsynjamál, að hún vilji eigi vinna til að gjöra það að pólitisku bitbeini milli stjórnar og þings. Eg leit öðruvísi á málið, en beygi mig fyrir atkv. deildarinnar.

Mér heyrist á sumum h. þingdm., sem þeir skoði þetta svo, sem við séum að láta undan stjórninni, en það finst mér eintómur misskilningur. Stjórnin vill láta alla þá 42 lækna, sem gjört er ráð fyrir, hafa eftirlaun, en frumv. frá þingsins hálfu 1897 fer fram á, að eftirlaun allra þessara 42 lækna, væri reiknuð eftir nýum mælikvarða. Hér er um tvö nýmæli að ræða, sem eru gagnstæð hvort öðru. Stjórnin hefir sagt nei við okkar nýmæli, og við segjum nei við hennar nýmæli. Þetta finst mér ekki að láta undan. Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá hefir nefndin farið þann milliveg, að láta standa við það ástand, sem nú er, að því er tölu hinna eftirlaunuðu læknaembætta snertir, og láta þau eftirlaun vera reiknuð eftir hinum almenna mælikvarða. Hin önnur embætti skuli veitt af landshöfðingja og vera eftirlaunalaus. Þar sem nefndin í áliti sínu hefir lagt til að 3 embætti séu færð úr eftirlaunaflokki í eftirlaunalausan flokk, þá er það gjört til þess að víkja ekki frá reglunni, sem nefndin hefir sett sér. Þetta er því í raun og veru ekki

nein breyting né tilslökun frá hvorugri hlið.

Jón Jensson: Eg get verið stuttorður að þessu sinni. H. framsm. (Þ. Th.) brá mér um það, að eg hefði komið með þær ástæður, sem eg áður nefndi, að eins til að fella frumv. Eg mintist á það, hvort líklegt væri, að frumv., eins og nefndin vildi breyta því, myndi verða til samkomulags við stjórnina eður ekki og taldi vafasamt, hvort það ekki mundi andstætt stjórnarskránni, að fjölga læknum, sem föstum embættismönnum, án eftirlauna. Auðvitað átti eg þá við anda stjórnarskrárinnar. — Það er ómögulegt annað, en að menn hljóti að kannast við, að stjórnin er í mótsögn við sjálfa sig, ef hún nú færi að samþykkja frumv. sem fer fram á, að skipa heilan flokk af embættismönnum eftirlaunalausan, þegar hún síðast neitaði að staðfesta frumv., sem gekk út á það, að lækka að eins eftirlaunin. En eins og eg áður tók fram, þá er þetta auka-atriði fyrir mér, en aðalatriðið fyrir mér er það, að nefndin hefir, að mínu áliti, ekki gert frumv. hóti líklegra til frambúðar fyrir þjóðina, en þó ákaflega kostnaðarsamt. Mér fyrir mitt leyti finst óskiljanlegt, hvað h. þingd. gæti gengið til, að samþykkja þetta frumv., eins og það nú liggur fyrir. H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að hér væri ekki farið fram á neina verulega breytingu, heldur væri að eins farið fram á, að halda því sem er. Ef svo er, hvað á þetta frumv. þá að þýða? H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði við 1. umr. þessa máls, að réttast væri að fella frumv. þegar í stað, en síðan við 1. umr. hefir hann einhvern veginn breytst svo, að hann er nú kominn á alveg gagnstæða skoðun. Jú, hér á einmitt að verða stór breyting, en ef ekki er meiningin, að breyta neinu frá því, sem nú er, þá er einasti og beinasti vegurinn sá, að fella þetta frumv. H. framsm. (Þ. Th.) vildi bera upp á mig, að eg vildi ekki bæta kjör lækna, en það er alls ekki satt. Eg get ekki séð, hvað væri móti því, að fjölga nokkuð aukalæknishéruðum, ef að þess gjörist annars veruleg þörf. Það mætti líka hækka laun aukalækna, því það kemur flestum saman um, að laun þeirra séu of lág.

H. framsm. (Þ. Th.) vildi leiða það úr orðum mínum, að eg vildi hækka laun aukalækna um 15,000 kr. En minna mætti nú gagn gera. Af þeim 16 aukahéraðsembættum, sem nú eru til, eru 2 óveitt, og þó launin í hverju hinna ekki væru hækkuð um hér um bil 1000 kr. á ári, þá gæti fyrri orðið bót. Hann sagði, að þessi upphæð þyrfti nú ekki að vaxa mönnum í augum, því það væri þó aldrei meira en laun 1 yfirdómara í $3^1/_2$ ár. En það fer ævinlega eftir því, hvernig litið er á hvert mál, og líti maður nú á þessar 15,000 kr. frá þeirri hlið, að það er sama sem laun 10 læknishéraða árlega, þá fer það að verða talsverð upphæð.

Annars vona eg, að hin h. d. kunni sjálf að meta þessar 15,000 kr. og þurfi ekki neinna skýringa á því, hvað 15,000 kr. þýði.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var að eins eitt atriði, sem eg vildi vekja athygli á. Eg veit ekki til, að neins staðar liggi fyrir ósk þjóðarinnar um það, að halda eftirlauna ákvæðinu í frumv. frá 1897 óbreyttu. Mér er sama, hvort menn vilja skilja það eða ekki, en eftir frumv. frá 1897 áttu 42 læknar að verða á eftirlaunum, og þá sjálfsagt konur þeirra og börn, ef til kæmi, og þá hlyti eftirlaunabyrði landssjóðs að þyngjast frá því, sem nú er, um mörg þúsund krónur. En það er þó sannarlega ekki þjóðarinnar vilji, að þyngja eftirlaunin um skör fram að nauðsynja-

lausu, þvert á móti liggja fyrir skýlausar óskir um, að létta eftirlaunin sem mest. Í frumv, nefndarinnar nú, er að eins gjört ráð fyrir 20 embættum með eftirlaunarétti, eins og nú er, og það mun fara næst ósk þjóðarinnar í heild sinni.

H. þm. Rvík. bar mér á brýn, að mér hefði snúist hugur í þessu máli, síðan við 1. umræðu, en það er gersamlega ranghermt. Eg hélt ekki að eg þyrfti að skýra fyrir honum betur, en eg hefi þegar gjört, fyrsta barnalærdóm pólitiskrar fræði. Þegar h. þingd. vildi fremur skoða þetta mál sem nauðsynjamál, og reyna að þoka því áfram, en ekki skoða það sem pólitiskt ágreiningsatriði, þá er ekki sá rétti vegur að fara nú að fella það við 2. eða 3. umræðu.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) bar mér sömuleiðis ranglega á brýn, að eg hefði sagt, að málið í heild sinni væri in statu quo, það voru alls eigi mín orð. Eg sagði, að við yrðum að láta ágreiningsatriðið, eftirlaunin, sitja við það sama, sem nú er, en önnur atriði eru lagfærð í ýmsum greinum.

Pétur Jónsson: Eg ætla að gjöra ofurlitla athugasemd við það, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði um eftirlaunasparnað þann, sem mundi verða, ef tillögum nefndarinnar væri fylgt, í samanburði við það, sem hefði orðið, ef lögin frá síðasta þingi hefðu komist í gildi; hann sagði, að sparnaður þessi stæði af sér eins og 20 móti 42. Þetta mun naumast rétt, hitt er sjálfsagt réttara, sem h. þm. Strand (Guðj. G) benti á, að lang flestir læknar mundu verða komnir í eftirlaunaembætti, þegar þeir segðu af sér, og þó það kynni að koma fyrir, að einhver læknir slasaðist og yrði fyrir þá sök að láta af embætti, áður en hann hefði öðlast rétt til eftirlauna eftir lögunum, þá mundi þingið hlaupa undir bagga með honum og ákveða honum eftirlaun á fjárlögunum. Eg hygg því, að aðalsparnaðurinn yrði nálega sá einn, að embættistíminn, sem eftirlaunin væru reiknuð eftir, yrði að eins nokkru styttri hjá sumum læknunum. En sá sparnaður yrði sjálfsagt ekki nærri eins mikill og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gaf í skyn. Eg held að breyt.till. okkar háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hafi ekki verið lögð út á betra veg við aðra umr. málsins. Hún var skoðuð svo af fleiri en einum h. þingm, að við mundum hafa komið fram með hana til þess að fella málið. Fram hjá þessu get eg ekki gengið alveg þegjandi nú.

Eg gat ekki verið alveg samdóma uppástungu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um að fella málið, þegar við fyrstu umræðu, og svara þannig undirtektum stjórnarinnar. Eg álít það ekki rétt að farið frá pólitisku sjónarmiði. Hér er um tvo málsaðila að ræða, þing og stjórn, og ef þingið hefði haldið fast við sína stefnu, þá er þó sízt fyrir að synja, að hinn málsaðilinn: stjórnin, hefði við betri íhugun komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rétt, að láta tiltölulega lítilfjörlegt atriði verða góðu máli til falls til lengdar. Getur vel verið, að verkfróðir menn líti öðru vísi á þetta, en svona skoðaði eg það, og þetta ákvarðaði mig til að koma með breyt.till.

Til þess að svara hæstv. landsh., sem talaði af all miklum þjósti um breyt.till., skal eg benda á það, að eg hefi sjálfur persónulega komizt í þær kringumstæður, að vita hvað það er, að eiga langt til að ná í lækni. Það er ekki langt síðan, að eg varð að senda um há-nótt í skammdegi, snjó og hríðarveðri 4 menn og 4 hesta á stað til að ná í lækni, en hann var í 7—8 mílna fjarlægð frá heimili mínu; ferðin varð að vísu á-

rangurslaus. En hefði læknir verið nær eða álíka og nú verður eftir þessu frumvarpi, hefði hann líklega verið við hendina í tíma. Í haust fekk eg á ný næga áminning um, hvers virði er að hafa lækni nær sér en í 7 mílna fjarlægð. Það er því varla rétt að varpa því fram, að maður, sem fengið hefir tilfinnanlega að reyna skort á læknishjálp, muni af tilfinningarleysi varpa steini í götu þess frumv., sem stórum bætir úr skák. En það geta verið aðrar tilfinningar eins sterkar, helgar og réttmætar, tilfinningar, sem enginn ætti að þurfa að skammast sín fyrir, sem geta knúð mann til þess að offra miklu, og jafnvel rísa gegn annari eins framkomu í þessu máli og ofan á varð við 2. umræðu.

Einar Jónsson: Það er lögð svo mikil áherzla á hina pólitisku hlið málsins, að eg finn ástæðu til að benda á eitt atriði í þá átt, sem ekki hefir verið tekið fram, en sem ekki hefir svo litla pólitiska þýðingu. Eftir tillögu nefndarinnar er nefnilega ætlast til, að landshöfðingi veiti framt að helming læknaembættanna og að hann skuli hafa vald til að ákveða takmörk læknishéraðanna, eftir tillögum sýslunefnda, og með þessu er ekki svo lítið vald lagt í hendur landshöfðingja. Eg vil nú leggja áherzlu á það, að það mundi hafa talsverða þýðingu til þess að styrkja innlenda stjórn í landinu, að fá landshöfðingja smátt og smátt meira vald í hendur en hann hefir haft, og vildi óska að þingið gengi lengra í þá stefnu, en það hefir hingað til gjört. Það er vert að gefa þessu atriði gaum, hvenær sem þingið getur komið því við, og vildi eg að eins minna stuttlega á þessa hlið málsins.

Um hinar einstöku breyt.till. ætla eg ekki að tala, nema óska þess sérstaklega að tillaga h. nefndar um flutning Hróarstunguhéraðs upp í 3. flokk og Fljótsdalshéraðs niður í 4. flokk fengi framgang, af því að það héraðið, sem nefndin hafði upphaflega skipað í 4. flokk, er einmitt óaðgengilegra og örðuðra en hitt.

ATKVGR.: 1. breyt.till á þgskj. 126 feld með 12 : 11 atkv. Hinar breyt.till. á sama þgskj. teknar attur.

1. breyt.till. á þgskj. 123 samþ. með 19 : 1 atkv.

2. breyt till. á sama þgskj. samþ. með 20 samhlj. atkv.

3. breyt.till. á sama þgskj. samþ. með 18 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á sama þgskj. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 121 samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Benidikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundsson,	Jón Jensson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Jens Pálsson,	Sigurður Gunnarss.
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Tryggvi Gunnarss.,
Jón Þórarinsson,	Valtýr Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.,
Pétur Jónsson,	Þorl. Guðmundsson.
Sighvatur Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. á þgskj. 125 samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Benidikt Sveinsson,	Jón Jensson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Halldór Daníelss.,	Tryggvi Gunnarss.,

já:	*nei*:
Jens Pálsson,	Valtýr Guðmundss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Þórður Guðmundss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Þorl. Guðmundsson.
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. á þgskj. 116 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 15 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Brú og ferja á Lagarfljóti.

FRUMVARP til laga um brú og ferju á Lagarfljóti, (C. bls. 161) 1. umr., 5. júlí.

Landshöfðingi: Eins og h. þingd. er kunnugt, var í síðustu fjárlögum veitt fjárupphæð til þess að útlendur vegfræðingur skoðaði brúarstæði á 2 ám norðanlands, Héraðsvötunum og Jökulsá í Axarfirði. Þetta verk hefir nú verið framkvæmt í fyrra af norskum verkfræðingi, og jafnframt hefir hann verið látinn skoða brúarstæði á Lagarfljóti þótt ekki sé beinlínis farið fram á það í fjárlögunum. Verkfræðingur þessi hefir látið uppi álit sitt um brúargjörðir þessar, áætlanir um kostnað við þær og uppdrætti þar að lútandi, og liggja öll þau skjöl frammi á skrifstofu þingsins til afnota handa nefnd þeirri, sem væntanlega fær málið til meðferðar. Eg skal geta þess, að verkfræðingurinn hefir lagt á móti því, að brúa Héraðsvötnin hjá Ökrum og sömuleiðis á móti því, að brúa Jökulsá í Axarfirði. Brúin yfir Héraðsvötnin álítur hann að muni kosta um 27,000 kr. og álítur hann því fé, er gengi til brúargjörðarinnar betur varið til þess að leggja veg eftir Skagafirði frá Sauðárkróki að Ökrum, en hvað flutning yfir Héraðsvötnin snertir álítur hann dragferjuna fullnægjandi, enda hefir ekki borið á óánægju yfir ferju þessari, nema hvað ferjutollarnir væru nokkuð háir, og væri því nær fyrir landssjóð að veita ferjuhaldaranum nokkurt fé upp í kostnaðinn við ferjuna, en að kosta 27,000 kr. til brúargjörðarinnar.

Brúin á Jökulsá í Axarfirði telur verkfræðingurinn að muni kosti 50,000 kr., og álítur hann ekki rétt að verja svo mikilli upphæð til þess að brúa á þessa, sem bæði sé lítil umferð yfir og léttir flutningar.

Aftur á móti leggur hann til, að fyrir utan brúna á Lagarfljóti sé komið á það dragferju hjá Steinsvaði, með sérstökum útbúnaði þannig, að þegar ís á fljótinu tálmi ferjunni, megi fara yfir fljótið á loftstreng í eins konar kláf. Heppnist þessi ferja vel á Lagarfljóti, sé kominn tími til að reyna hana einnig á Jökulsá í Axarfirði. Alt þetta kemur væntanlega til íhugunar hjá nefnd þeirri, er eg hygg að verði kosin í málið, og sé eg því ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum, en get þess að eins, að stjórnin hefir fylgt tillögu verkfræðingsins, að brú verði gjörð á Lagarfljót hjá Egilsstöðum og dragferja hjá Steinsvaði, en fallið verði frá því, að brúa Héraðsvötnin og Jökulsá í Axarfirði.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eg tel það vafalaust, að frumv. þetta verði samþykt, því þingið mun ekkert hafa út á það að setja, en þó vil eg leyfa mér að leggja til, að nefnd sé kosin í það, vegna þess, að hér er um dálítið nýmæli að ræða, þar sem ætlast er til, að landssjóðurinn kosti að öllu leyti ferju; en það hefir ekki verið venja hingað til, og virðist mér vert að það atriði væri vel athugað. Í annan stað gæti nefndin íhugað, hvort þingið ætti

ekki að komast að þeirri niðurstöðu, að setja nú þegar dragferjuna á Jökulsá í Axarfirði, en bíða ekki eftir reynslunni frá Steinsvaði, því eg tel það hina mestu nauðsyn, og má ekki láta það bíða að gera mönnum mögulegra en nú er, að komast yfir Jökulsá. Leyfi eg mér því að stinga upp á, að 3. manna nefnd sé kosin til að fjalla um málið.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. Kosningu hlutu:

J. Jónsson 2. þm. Eyf. með 14 atkv.
Einar Jónsson — 13 —
Pétur Jónsson — 13 —

1. umr. síðan frestað.

Framhald fyrstu umr., 15. júlí (C. bls. 161 og þgskj. 59).

Framsögumaður (Einar Jónsson): Nefnd sú, sem valin hefir verið til að athuga mál þetta, hefir yfirfarið það rækilega, og það gleður oss að geta lýst yfir því, að hinn norski verkfræðingur, sem samkvæmt till. alþ. 1897 hefir verið fenginn til þess að athuga brúarstæði á Héraðsvötnum, Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljóti, hefir leyst þetta verk sitt svo vel og samvizkusamlega af hendi, eftir því er séð verður, að ekki mun auðvelt að gera það betur, og skýrt svo nákvæmlega ástæður allar á hverjum stað, að öll aðalatriði geta legið ljóst fyrir, þótt ýmsir séu þar þeir útreikningar, sem vér erum ekki færir að dæma um, t. d. ýmsir útreikningar um straumhraða og vatnsmegn í ánum og verðum vér að taka slíkt með trúarinnar augum, og þykjumst geta það kvíðalaust, þar sem þeir hafa áður verið rannsakaðir af hæfum mönnum og eigi verið að fundið. Vandaðir uppdrættir af brúm á öllum 3 vatnsföllunum, fylgja með skýrslu hans. Þeir hafa ekki verið lagðir fram á lestrarsalinn, heldur eru þeir geymdir hjá mèr og getur hver h. þm. fengið að sjá þá, sem óskar þess.

Skýrslan um rannsóknir og áætlanir verkfræðingsins er heil bók, en af því er hér ekki beinlínis um annað að ræða en þær tvær tillögur, er stjórnarfrv. flytur, eftir uppástungu hans, nefnilega um brú og ferju á Lagarfljóti, ɔ: brú hjá Egilsstöðum og ferju hjá Steinsvaði, þá þýðir ekki að fara nákvæmlega út í það, er hann ræðir um Héraðsvötn og Jökulsá. Þá vil eg lauslega minnast á hvorttveggja.

Hann álítur ekki rétt að svo stöddu að kosta upp á brú yfir Héraðsvötn, með því að það sé áður komin á þau svifferja. Að vísu væri sá ókostur á svifferjum, að þær sé lítið hægt að nota haust og vor, þ. e. þegar vötn væri að leggja, eða þegar þau væri að ryðja sig. En hann hefir álitið, að það væri svo tiltölulega stuttur tími af árinu og þá væri ott hægt að komast á öðrum stöðum yfir vötnin, að ekki sé rétt, að kosta þar svo miklu fé til brúargjörðar, sem þyrfti, ef brú ætti að vera traust. Hann álítur, að brú yfir Vötnin muni kosta 27000 kr., en fyrir þá upphæð telur hann mega gjöra sæmilegan akveg frá verzlunarstaðnum Sauðárkrók til brúarstæðisins hjá Ökrum, og álítur miklu hyggilegra og betra að verja fénu til þess, að svo stöddu, ef landið hafi ráð á að leggja fram svo mikið fé til héraðsins.

Einnig hefir verkfræðingurinn gjört áætlun um brú á Jökulsá í Axarfirði og telur hann að sú brú mundi kosta 50,000 kr., og leggur hann eindregið á móti því, að sú brú sé bygð nú. Ástæðan fyrir þeirri tillögu sinni segir hann sé fólksfæðin þar í kring, því hún gefi varla rétt til, að leggja svo mikið fé úr landssjóði til þessa fyrirtækis, og í sambandi við fólksfæðina

standi aftur, að umferðin sé lítil, og hafi varla aðrir tíðar nauðsynjaferðir yfir ána þar að fara en sóknarpresturinn á Skinnastað, sem hefir að þjóna sinni sókn hvorum megin árinnar.

Aftur á móti segir hann reynandi að setja þar á svifferju. Þó hefir hann ekki gert áætlun við kostnaðinn til ferjugjörðarinnar og lítur nærri svo út sem honum hafi fyrst komið það í hug seinna, þegar hann hafði lokið við skoðunargjörðirnar, enda leggur hann til, að ferja þessi sé látin bíða, þar til reynslan sýni, hvernig gefist ferjan á Lagarfljóti hjá Steinsvaði, sem hann leggur til að sett sé nú þegar. Það getur þó, virðist nefndinni, verið vafasamt, hvort svifferju verði komið við á Jökulsá, nema með mjög sterkum umbúningi, því mjög sterkur straumur er í ánni, og svo er annað, að ána leggur þar mjög sjaldan alveg á vetrum nema í mestu aftökum, svo að það verður mjög langur tími, sem svifferju yrði eigi við komið. Nefndin verður því að álíta mjög vafasamt, hvort þar eigi að koma upp svifferju og hvort ekki muni réttara að bíða þangað til hægt er að koma þar brú á ána.

Verkfræðingurinn hefir þannig lagt á móti brú á Héraðsvötnin hjá Ökrum og á Jökulsá hjá Ferjubakka.

Brúarstæði á Lagarfljóti hefir hann kannað vandlega og rannsakað þar 3 brúarstæði hjá Egilsstöðum og hið 4. hjá Steinsvaði. Fyrsta brúarstæðið hjá Egilsstöðum er hið sama sem verkfræðingur landsins, S. Thoroddsen, hafði stungið upp á í áliti sínu, er lá fyrir þinginu 1897; annað brúarstæðið er þar rétt hjá og hið þriðja nokkuð frá. Er nokkur munur á brúarstæðum þessum og brúm yfir þau. Á þeim tveimur brúarstæðum, sem næst liggja hvort öðru, verður brúin að vera í einu lagi; en hið þriðja er milli hólma í fljótinu og yrðu þar að vera 4 brýr. Brú sú, sem hann leggur til að verði gerð, á að liggja yfir fljótið í einu lagi nálægt brúarstæði því, er Thoroddsen hafði valið. Auðvitað þarf brúin að vera í smærri pörtum, smábrúm, sem svo eru skeyttar saman og eiga 10 metrar að vera milli hverra samskeyta eða hver brúarhluti 10 metrar. Brúin á sjálf að vera úr járni, en þó ekki með sperruyfirbyggingu, og undirbygging brúarinnar á að vera úr tré, ein stöplagrind undir hverjum samskeytum og svo 2 stöplagrindur undir hverri smábrú milli hverra tveggja samskeyta. Verða þannig rúmir 3 metrar milli hverra stöplagrinda. Hann hefir vandlega athugað áhrif straumsins, og komist að þeirri niðurstöðu, að óhætt sé, hvað vatnsmegnið og strauminn snertir, að hafa stöplana svona þétta.

Viðhald brúarinnar álítur hann, að muni verða tiltölulega lítið, þó að brúin sé mjög löng, 250 metrar. Söplar þeir, sem brúna bera, eiga að ganga niður í botninn alt að 12 metra og er auðvitað nokkur hluti þeirra alt af niðri í vatni og fúnar sá hluti þeirra aldrei, heldur aðeins það af þeim, sem upp úr stendur, og getur mönnum máske litist torvelt að bæta stöplana, ef þeir bila. En verkfræðingurinn skýrir nokkuð frá því, hvernig megi varðveita þá og endurbæta, og skýrir hann svo frá því, að bora skuli holu ofan í efri enda stöplanna ofan fyrir lægsta yfirborð vatnsins og fylla hana með karbolineum og með því móti geti stöplarnir enzt í 20—30 ár; svo megi gera við þá með því að saga einn og einn sundur í einu niðri í vatninu og skeyta svo ofan á stúfana, án þess hætta sé fyrir brúna. Það er því ekki ástæða til að kvíða svo mjög að viðhald brúarinnar verði mjög dýrt. Verkfræðingurinn hefir áætlað, að kostnaðurinn við að byggja

brú þessa muni verða 45,000 kr, og er þó fólginn þar í vegur út frá brúarsporðunum á báða vegu, sem nauðsynsynlegur er talinn. Brú sú, sem verkfræðingurinn hefir áætlað að byggja mætti yfir hólmana, yrði að vera í fernu lagi, og áætlar hann, að hún mundi kosta 60,000 kr. en brúin hjá Steinsvaði 47,000 kr. og ætti hún að vera hengibrú. Hin fyrstnefnda brú verður því ódýrust og þar að auki á hentugasta staðnum á fljótinu. Eg þarf ekki að taka það fram, hversvegna hentugast er að brúa fljótið hjá Egilsstöðum, því ástæðurnar fyrir því eru allar hinar sömu, sem eg tók fram á þinginu 1897, og eru ástæður verkfræðingsins allar hinar sömu. En vilji menn kynna sér þær á ný, þá eru þær í álitsskjali nefndarinnar í máli þessu, sem prentað er í þingtíðindunum 1897. Eg held annars, að menn geti ekki lengur verið í neinum vafa um, að brúin á að vera hjá Egilsstöðum, en ekki hjá Steinsvaði, meðan ekki er nema ein brú á fljótinu. Eg vil enn geta þess, að verkfræðingurinn leggur sérstaka áherzlu á þá ástæðu fyrir því að brúin sé sett hjá Egilsstöðum, að hann álítur sjálfsagt að akvegur verði lagður úr Héraðinu yfir Fagradal til Reyðarfjarðar innan skamms, og þá hljóti kaupstaður að rísa upp á Egilsstöðum við fljótið og þá er auðvitað hentugast, að brúin sé þar rétt hjá. Verkfræðingurinn minnist einnig á mannfjöldann í héraðinu og álítur, að hann eigi fylstu kröfu til, að samgöngurnar sé bættar þar verulega og miklu meiri ástæða sé til þess að byggja brú yfir Lagarfljót en yfir Jökulsá í Axarfirði, að minsta kosti eigi hún að ganga fyrir.

Þar sem nú brú sú, sem verkfræðingurinn leggur til að sett sé á Lagarfljót, kostar miklu minna fé en þingið 1897 vildi veita til brúar yfir Lagarfljót, hefir hann einnig lagt til að rétt væri að verja nokkuru fé jafnframt til svifferju hjá Steinsvaði. Hefir hann gjört áætlun um kostnaðinn við hana og áætlar hann 2000 kr.

En formaður norsku vegastjórnarinnar vill hafa ferju þessa nokkru sterkari en Bart, og hefir því stungið upp á því, að hækka áætlunina upp í 3000 kr. og sér nefndin ekki ástæðu til að breyta því.

Hvað snertir útreikning Barts yfir kostnað við flutning á brúarefninu frá útlöndum og alt að brúarstæðinu, þá hyggur nefndin, að hann sé nokkurn veginn sennilegur. Alt efni til brúarinnar telur hann 200 tonn og flutningskostnað á hverju tonni frá Noregi til brúarstæðisins 50 kr. og mun það hæfilegt, ef ekki vill slys til.

Eg læt mér svo að eins nægja að óska þess, að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 19. júlí (C. bls. 161, þgsk. 59).

ATKVGR.: Frumv.gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19. samhlj. atkv.

Þriðja umr., 21. júlí.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til Ed.

Stjórnarskrármálið.

FRUMVARP til laga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (C. 180); 1. umr., 28. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að vísu ekki fara mjög langt út í þetta

mál að svo stöddu, en finn ástæðu til að gjöra nokkrar athugasemdir við frv. hinnar h. Ed., eins og það liggur hér fyrir, og skal um leið víkja að eins fáum orðum að málinu í heild sinni og afstöðu þess.

Eg skal strax taka það fram, að frv., eins og það liggur fyrir, mun trauðlega verða samþykt hér í deildinni, jafnvel þó að gengið væri að því að aðhyllast grundvöll þann, er frumv. er bygt á.

Það er öllum kunnugt, að mikill hluti af þinginu vill koma fram verklegum, nauðsynlegum umbótum á stjórnarfarinu, þrátt fyrir þann ágreining sem á sér stað milli stjórnar og þings um ýms önnur atriði. En þetta viljum vér þó því að eins, að með því sé ekki í neinu slept landsréttindum Íslands eða sjálfstjórnarkröfum. Það er blátt áfram skilyrði fyrir því, að vér getum fylgt málinu á þessum grundvelli. Eg vil því, til þess að hægt sé að ganga alveg úr skugga um, hvort leiðin er í þessa stefnu hættulaus, leyfa mér að bera upp fyrir hæstv. fulltrúa stjórnarinnar 3 spurningar, eða eiginlega að eins tvær, en önnur er í 2 liðum, og eg óska þess, að h. hæstv. fulltrúi stjórnarinnar gefi mér svo skýr og afdráttarlaus svör af hennar hendi, sem hann sér sér fært, því undir því, hverju hann treystir sér til að svara, er það komið, hvort þessi samningsleið er hættulaus eða ekki, en eftir því fer aftur vor afstaða gagnvart málinu.

Spurningarnar eru þessar:

Samþykki nú þingið hið fyrirliggjandi frumv.:

1. Er þá með því gjörð nokkur breyting á afstöðu eða ábyrgð Íslandsráðgjafans gagnvart stjórn alríkismálanna, er rýrt geti sjálfstæði Íslands eða landsréttindi þess?
2. Getur stjórnin af því (samþykt frv.) dregið nokkra frekari ástæðu, en hún hefir nú, fyrir þeirri skoðun sinni, að íslenzk sérmál skuli flutt fyrir konung í hinu danska ríkisráði?

   Þetta er hin fyrri spurning, í 2 liðum, og svo ennfremur.
3. Er það skoðun stjórnarinnar, að hinn danski ríkisréttur geti dæmt Íslandsráðgjafann eftir kæru frá »Folkethinget« fyrir aðgjörðir hans í sérmálum Íslands?

Eg er að vísu eigi í neinum vafa um, hvernig svörin við þessar spurningar muni verða, en eg álít það þýðingarmikið fyrir málið, að þau komi fram hér í þingsalnum sem skýrast og ljósast af munni stjórnarfulltrúans sjálfs. Þá komast þar engar rengingar eða rangfærslur að framar. En, eins og eg tók fram, þá er afstaða mín og annara fleiri undir svörunum komin. Skilyrðið fyrir samningum um málið er frá vorri hlið, að þessi leið sé hættulaus.

Eins og ljóslega hefir komið fram, bæði í tillögunni 1895 og í meðferð þessa máls 1897, hefir það aðallega tvær hliðar, aðra, sem snýr út á við, samband eða afstaða sérmálanna gagnvart alríkismálunum, og aðra, sem snýr inn á við, afstöðu vorrar eigin stjórnar gagnvart þinginu og þjóðinni, eða með öðrum orðum, hið pólitiska samband Íslands og Danmerkur er önnur hlið málsins, en stjórnarfarið í landsins eigin málum er hin hliðin.

Að því er snertir hið fyrra atriðið, afstöðu stjórnarinnar út á við, er, eins og allir vita, talsverður ágreiningur milli stjórnar og þings, en vér álítum ekki nauðsynlegt, að sá ágreiningur þurfi að hefta allar umbætur, og viljum því um sinn láta þann ágreining liggja milli hluta. Við getum þar hvort sem er, ekki við neitt ráðið, þar sem

Danmerkurstjórn hefir, án þess hún þó hafi til þess nokkur lög, gjört sig þar að okkar mótstöðumanni og ber okkur þar, eins og sakir standa, ofurliði.

Um hina hliðina, stjórnarfarið í landsins eigin málum, viljum vér semja við Íslandsráðgjafann, ef það er hættulaust, að því er snertir hið pólitiska samband Íslands og Danmerkur. Það er því mjög mikið undir því komið, að svör stjórnarinnar við spurningar þær, er eg bar upp, verði sem skýrust og ákveðnust.

Viðvíkjandi þeim umbótum, sem hér eru í boði, eða aðalatriðunum í hinu fyrirliggjandi frumv., skal eg taka fram þetta:

Þegar frumv. er borið saman við kröfur okkar um sjálfstjórn, eins og þær komu fram í ályktuninni frá 1895, þá er þrem atriðum úr tillögunni slept í frumv., nefnil. að sérmál vor sé ekki borin upp í ríkisráðinu, að ráðgjafinn sé hér búsettur og að ábyrgð skuli komið fram gegn honum fyrir innlendum dómi.

Með hinu 1. atriði hefir nú landsh. mælt, en hann hefir lagt á móti 2 hinum síðari.

Að því nú er snertir verklega þýðing þessara atriða fyrir Ísland, þá skal eg að því er hið fyrsta atriði snertir, ríkisráðssetu ráðgjafans, taka fram, að síðan 1897, að þetta atriði var gjört að »fleyg« í málið, hefir það verið ýtarlega rætt, og eg vona að það hafi skýrst mikið fyrir öllum hugsandi mönnum þjóðarinnar, svo að þeir líti nú alt öðrum augum á það en þeir gjörðu þá. Þetta atriði hefir, eins og eg fyrir löngu hefi bent á, nokkra theoretiska þýðing, en hin praktiska þýðing þess er harla lítil eða engin.

Þegar þess er gætt, að undirskrift Íslandsráðgjafans eins er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að ályktanir konungs um íslenzk mál sé gild og einnig þess, að danskt ákæruvald getur alls ekki með neinu móti komið fram ábyrgð gegn Íslandsráðgjafanum fyrir afskifti hans af sérmálunum, þá er það ómótmælanlegt, að hann hefir sérstöðu í ríkisráðinu, sjálfstæðari miklu en aðrir ráðgjafar og getur að mestu ráðið einn öllu í okkar málum. Eg verð meira að segja, að telja efamál, hvort harn yrði sjálfstæðari eða áhrifameiri í okkar málum utan ríkisráðsins.

Þrátt fyrir þetta teljum við þetta ólöglega venju, en um það vill stjórnin ekkert heyra. Eg álít óráð að láta þennan ágreining standa málinu fyrir öllum umbótum, því við göngum engu framar inn á skoðun stjórnarinnar með því að þiggja sérstakan ráðgjafa, heldur en við þegar höfum gjört með því að semja við ráðgjafa, sem situr í ríkisráðinu, eins og við höfum gjört í 25 ár.

Að því er snertir síðasta atriðið, innlendan landsdóm, þá hefir landshöfðingi lagt á móti honum, og ástæður hans standa þar að nokkru leyti í sambandi við skoðun hans á búsetu ráðgjafans, en eru að sumu leyti sprottnar af því, að hann treystir þjóðinni ekki til að fara nógu vel með það vald, álítur ekki að hún eigi þeim mönnum á að skipa, er færir séu til að sitja í slíkum dómi. Því miður verður þessi skoðun landshöfðingja ekki hrakin með rökum, þegar hlutlaust er litið á gang ýmsra mála hjá þjóðinni. Hinn pólitiski þroski er enn of lítill til þess, að ekki sé hætt við, að æsingar gæti vilt slíkum dómstóli hér sjónir. En það gjörir maður sér von um, að batni í framtíðinni.

Eg er nú að vísu á þeirri skoðun, að þetta atriði sé allþýðingarmikið, en eg veit, að það eru til margir mjög merkir lögfræðingar, sem halda því fram, að hin lagalega ráðgjafaábyrgð sé ekki

nærri því eins mikilvæg eins og hin pólitiska ábyrgð gagnvart því þingi, sem ráðgjafinn á að vinna saman við. Það eigi að vera, og hljóti að verða hinn eiginlegi pólitiski dómstóll. Þessu er einnig þannig háttað hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar, að því er stjórnfrelsi og þingræði snertir.

Þá er eftir að minnast á það atriðið, sem eg nefndi næst því fyrsta: Búsetu ráðgjafans hér á landi. Það er mjög mikilsvert atriði, og það er neyðarkostur að sætta sig við það, þó ekki sé nema fyrst um sinn, að hann sé búsettur í Danmörku. Það er að vísu nokkur bót í máli, að hann á að mæta á þinginu og bera fullkomna ábyrgð fyrir því. Af því leiðir nefnilega, að hann verður að vera hér töluvert lengur en um þingtímann sjálfan, bæði fyrir þing, til þess að geta mætt þar sæmilega undirbúinn, og eins eftir þing, til að annast afgreiðslu mála o. þ. h. Þetta gæti með tímanum orðið til þess, að sú kredda dæi út, að ráðgjafinn hljóti altaf að vera »við hlið konungsins« og máske gæti það með tímanum leitt til þess, að skoðun stjórnarinnar yrði eitthvað þokað til um þetta atriði.

Þau atriði úr ályktuninni 1895, sem tekin hafa verið upp í þetta frv., eru: að ráðgjafinn mæti á þinginu og að hann beri fullkomna stjórnskipulega ábyrgð fyrir því á allri stjórnarathöfninni. Þessi atriði eru í verklega stefnu hin þýðingarmestu atriðin. Það sem gjört hefir okkar stjórnarfar hvað verst og óviðráðanlegast, er samvinnuleysi þings og stjórnar og ábyrgðarleysi ráðgjafans; til þess höfum vér hvað sárast fundið, hvað þetta hefir lamað allar framkvæmdir. Þetta hefir veikt traust þjóðarinnar á þinginu, sem oft hefir staðið ráðalaust í stórum vandamálum gagnvart þessu ábyrgðarleysi, og það hefir stórum spilt þinginu sjálfu. Hér er því um mjög verulegar og þýðingarmiklar umbætur að ræða, sérstaklega þegar það þá jafnframt er trygt með stjórnarskrárákvæði, að ráðgjafinn hafi ekki annað ráðgjafaembætti á hendi og að hann sé íslenzkumælandi.

Eigi að síður verð eg að telja frv. óaðgengilegt, eins og það liggur fyrir. En eftir þeirri afstöðu, sem stjórnin nú hefir tekið í þessu máli, þá virðist mér útlit fyrir, að hún sé fáanleg til að að semja um þau atriði í stjórnarbótinni, er snerta stjórnarfarið sjálft í landsins eigin málum, ef að eins ágreiningurinn um hið pólitíska samband milli Íslands og Danmerkur er látinn liggja milli hluta, enda hefi eg heyrt, að þetta sé svo.

Eg skal því stuttlega benda á tvö atriði, sem telja má all-þýðingarmikil, en ætla ekki að svo stöddu að fara langt út í þau.

Það er fyrst: réttur þingsins sjálfs til að koma fram nýjum kosningum (61. gr.). Stjórnin hefir sótt það fast að fá því atriði breytt og það er vafasamt, hvort það vopn, upplausn og aukaþing, er þjóðinni happadrýgra vopn en stjórninni, en ýmsir líta nú svo á það og vilja því ekki breyta þessu. Hér mætti fara þann meðalveg, að þing skyldi því að eins leyst upp að $^3/_4$ hlutar neðri deildar samþykki stjórnarskrárbreyting. Með því væri réttur þjóðarinnar trygður og um leið bygt fyrir hvatvísar upplausnir, ef lítill meiri hluti væri að eins.

Í annan stað hafa menn óttast, að ráðgjafinn gæti spilt fjárlögunum með því að fá konungkjörna þingmenn til að gjöra fundarfall. En fyrir slíkt mætti girða með því, að svo væri á kveðið, að helmingur þingmanna að eins þyrfti að vera á fundi við umræður um fjárlög. Þetta kemur að að vísu tæplega fyrir, en hinsvegar

gæti slíkt ákvæði naumast valdið staðfestingarsynjun.

Væri nú auk þess nokkurir hinir helztu skattar og tollar gjörðir hreyfanlegir á fjárlögunum, þá hefði þingið algjörlega í hendi sér öll fjárráð í landinu og einnig sæti ráðgjafans.

Eg get varla leitt hjá mér að minnast nokkurum orðum á þá aðferð, sem síðan 1897 hefir verið beitt, til þess að rangfæra þetta mál í augum þjóðarinnar og bera róg milli þjóðarinnar og þingmanna til þess að villa þjóðinni sjónir. Það er að vísu leitt að þurfa að minnast á slíkt, en af því eg veit, að þeir menn, sem bundist hafa fyrir þennan rógburð, hafa nú gjört samtök eða samsæri um að fella þetta mál, þá verð eg að benda á, hve hættulegt tjón þeir eru að vinna þjóðinni.

Atvinnuvegir landsins eru nú á mjög hættulegu stigi, vonleysið er að færast út meðal þjóðarinnar og víða iskyggilegar horfur, ef ekkert er aðgjört, og þetta stafar mjög af því, að við höfum ekki nógu góða stjórn, hagsýna og framsýna, og vantar alla forystu hér á þingi. Þegar nú hlutlaust er litið á þetta, þá er ekki rètt að áfella þá menn, er í stjórninni eiga sæti, fyrir framkvæmdaleysið; það er fyrirkomulagið sjálft á hinni æðstu stjórn landsins, sem gerir þetta að verkum. Æðsti maðurinn, ráðgjafinn sjálfur, er annarar þjóðar, skilur ekki okkar mál, þekkir ekkert um okkar hagi, og þeir sem mestu ráða hjá honum eru danskir menn og þeir okkur mjög andvígir. Landshöfðinginn verður heldur ekki með réttu áfeldur, því jafnhliða hlut töku hans í löggjafarstarfinu gegnir hann einu örðugasta og umfangsmesta embætti landsins, svo að hann hefir alls ónógan tíma til að gefa sig við undirbúningi löggjafarmála, enda mun það hafa komið fyrir, að ráðgjafinn hefir lagt tillögur hans í slíkum málum »á hilluna« eða litið á þær dönskum augum. Það er þess vegna ekki rétt, að kasta þungum steini á neinn fyrir þetta. Það er hið óheppilega fyrirkomulag, sem sökina ber. En á þessu þarf að verða breyting. Vér þurfum í ráðgjafasætið mann, sem vér treystum, og sem ekki hefir öðrum störfum að gegna.

Eg verð því að segja það, að það er mjög misráðið af þinginu, að leiða þetta mál eigi vel til lykta, misráðið og skaðlegt, frá öllum hliðum skoðað. Það er skaðlegt að viðhalda enn ef til vill um 2 ár þeirri úlfúðar og ófriðaröldu, sem vakin hefir verið í landinu, þeim rógburði og æsingi, sem sum af okkar blöðum hafa bundist fyrir og haldið fram eins og hreinustu skríl-eðasorpblöð. Það er enginn efi á því, að þessi verklega stefna sigrar, þegar menn almennt fara að íhuga málið með stilling og heilbrigðri skynsemi, og að spyrna á móti þessum umbótum með ópum, óhljóðum og samsærum, mun reynast »skammgóður vermir«. Það voru sett á stofn 1897 ein 3 blaðafyrirtæki, eingöngu til þess, að spilla fyrir þessu máli og afflytja það við þjóðina. Þau eru öll steindauð nú og æsingin, sem þau þyrluðu upp í svipinn, fer sömu leiðina. Það er enginn efi á því, að réttur málstaður vinnur sigur með tímanum, þrátt fyrir allar æsingar og öll samsæri.

Eg skal svo að endingu taka það fram, að slík mál sem þetta, eru ekki tilfinningamál, heldur hagsýnismál, framsýnismál, hyggindamál. Þeir, sem láta óljósar tilfinningar ráða meiru en rétta skynsemi, rétt rök, í slíku máli, eru ekki færir til að fjalla um það. Þeir sem æsa aðra til þess að láta tilfinningarnar blinda rétta skynsemi í slíku máli, eru svikarar við sína þjóð.

Og séu þeir nokkurir, sem slíkt gera gegn betri vitund, þá eru þeir sannnefndir landráðamenn, þeir, og engir aðrir.

Landshöfðingi: H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) bar upp fyrir mér tvær spurningar viðvíkjandi máli þessu, en af þeim féll aftur fyrri spurningin í tvo liði. Fyrri liðurinn var um það, hvort nokkur breyting yrði gerð á afstöðu eða ábyrgð Íslandsráðgjafans gagnvart stjórn ríkismálanna, er gæti rýrt sjálfstæði Íslands eða landsréttindi þess, ef þingið samþykti frv. það, sem hér liggur fyrir.

Eg þykist geta svarað spurningu þessari afdráttarlaust með nei-i. Eg álít það vafalaust, að alþingi geti ekki óbeinlínis afsalað sér neinum réttindum eða gjört nokkuð það, sem rýrir sjálfstæði Íslands. Það sér hver maður, að þar sem hér er einungis um það að ræða, að samþykkja frv., sem fer í þá átt, að breyta einum 2–3 atriðum í stjórnarskránni, þá getur ekki annað eða meira legið í því, en að menn óski að fá þessum atriðum breytt nú, án þess að nokkuð sé látið í ljósi um það, hvort menn telji stjórnarskrána góða og fullnægjandi að öðru leyti eða ekki. Í öðru lagi er það persónuleg skoðun mín, að þingið hafi ekki myndugleika til þess að afsala sér nokkurum landsréttindum; að minsta kosti mundi það þurfa að hafa umboð kjósendanna til þess. Spurningin um afsal landsréttinda hefði því þurft að liggja fyrir kjósendunum á kjörfundum til þings, og þeir að hafa leyst þar úr henni; þá gæti verið spurning um heimild þingsins til afsalsins. En nú liggur ekkert slíkt umboð frá kjósendunum hér fyrir og engin bein yfirlýsing frá hálfu þingsins, og því getur hér ekki verið að ræða um neitt afsal réttinda, né neina ályktun, er rýri sjálfstæði landsins.

Síðari liðurinn var um það, hvort stjórnin gæti, ef þingið samþykti frv. þetta, dregið af því nokkura frekari ástæðu en hún hefir nú, fyrir þeirri skoðun sinni, að íslenzk sérmál skuli flutt fyrir konungi í hinu danska ríkisráði.

Það leiðir beint af því, sem eg sagði um fyrri liðinn, að slík ástæða yrði að eins leidd óbeinlínis út úr gjörð þingsins, og að eg álít heimildarlaust að gjöra það. En eg skal geta þess, að spurningin er þýðingarlaus að því leyti, að stjórnin álítur, að hún þurfi ekki frekari heimild en hún hefir nú, til þess að telja það sjálfsagt, að ráðgjafi Íslands flytji sérmál Íslands fyrir konungi í ríkisráðinu danska.

Síðari spurningin var um það, hvort það væri skoðun stjórnarinnar, að ef þingið samþ. frv., þá gæti hinn danski ríkisréttur dæmt Íslandsráðgjafa eftir kæru frá fólksþinginu fyrir aðgjörðir hans í sérmálum Íslands.

Eg get líka svarað þessari spurningu með nei-kvæði. Eg hefi það af vörum ráðgjafans sjálfs, að ef fólksþingið fyndi upp á því, að höfða mál gegn ráðgjafa Íslands fyrir afskipti hans af sérmálum Íslands, þá mundi ríkisrétturinn vísa kærunni frá sér, sem sér óviðkomandi, með því að hann hefði ekkert með sérmál Íslands að gjöra, þar sem þau heyrðu undir hæstarétt einan. En hins vegar getur fólksþingið danska ekki höfðað mál gegn Íslands ráðgjafa fyrir hæstarétti; það vantar heimild til þess að beina kærum sínum gegn ráðgjöfunum þangað.

Fólksþingið getur því ekki skotið þessum málum til ríkisréttarins af því að hann skortir competence til að fjalla um þau, og ekki heldur til hæstaréttar, af því að það skortir heimild til að skjóta þeim þangað.

Eg skal svo ekki fara frekara út í

málið að þessu sinni, því að eg býst við, að nefnd verði skipuð í því, enda finst mér h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafa rætt það full-rækilega frá sjónarmiði fylgjenda þess. Þó skal eg geta þess, að þar sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat um viss atriði snertandi mál þetta, sem ekki eru tekin upp í frumv., en sem stjórnin þó mundi vera tilleiðanleg til að ganga að, eg get þess, segi eg, til þess að fyrirbyggja misskilning, að hann hafði ekki þar við að styðjast neina yfirlýsing frá mér. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er rétt).

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg hygg, að öll háttv. deild sé samdóma um, að þetta mál sé harla þýðingarmikið og þess vert, að það sé íhugað sem rækilegast, og því þurfi um fram alt, að halda á ró og stillingu við alla meðferð málsins.

Að öðru leyti er eg samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að fæstir muni geta felt sig við frumv. óbreytt eins og það kom frá háttv. efri deild. Vil eg því leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd í málinu.

ATKVGR.: Þegar til atkvæðagreiðslunnar kom, gat forseti þess, að komið hefði ósk um, að viðhafa nafnakall um það, hvort setja skuli nefnd í málið frá þessum þingmönnum:

Klemens Jónssyni, Sigurði Gunnarssyni, Pétri Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Sighvati Árnasyni, Þórði Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Enn fremur kom fram ósk um að viðhafa nafnakall við allar atkvæðagreiðslur um stjórnarskrármálið frá þessum þingmönnum:

Guðlaugi Guðmundssyni, Skúla Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Jens Pálssyni, Þórði Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

Forseti bar þá upp uppástunguna um að setja nefnd í málið, og var hún feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Klemens Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Jensson,	J. J., þm. Eyf.
J. J., þm. A.-Sk.,	Pétur Jónsson,
Jón Þórarinsson,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Landshöfðingi: Eg verð að líta svo á þessa atkvæðagreiðslu h. deildar, að henni getist svo vel að frumv. h. e. d., að hún finni ekki ástæðu til að breyta því, eða að henni þyki það að minsta kosti svo úr garði gjört, að það þurfi ekki við nema lítilfjörlegra breytinga, sem hægt sé að gjöra án þess nefnd sé skipuð í málið. Ef þessi ályktun mín er rétt, þá get eg vel fallist á skoðun h. deildar; því eins og frumv. er nú úr garði gjört, verð eg að álíta, að það sé aðgengilegt bæði fyrir þing og stjórn; en þess er að gæta, að það er nauðsynlegt skilyrði fyrir góðum afdrifum þessa máls, að það geti verið aðgengilegt, eigi síður fyrir stjórn en þing. Eg get því ekki verið samdóma h. þm. A.-Sk. (J. J.) og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að frumv. það, sem hér liggur nú fyrir, sé svo, að h. neðri d. geti ekki samþykt það óbreytt.

Eg hefi alt af, síðan eg fór að hafa afskifti af þingmálum, fundið til þess, hve nauðsynlegt það væri, að vér fengjum sérstakan ráðgjafa, er mætti á þingi. Reyndar eru það fleiri atriði, sem eg mundi telja æskilegt, að breytt yrði í stjórnarfarinu, svo sem það, að ráðgjafi Íslands ætti ekki setu í ríkis-

ráðinu. En eftir að fengin er vitneskja um það, að ekki er fram á slíkt farandi nú, þá er ekki heldur til neins að vera að reyna það, heldur halda sér að eins við, að reyna að fá það, sem unt er og mestu varðar: sérstakan Íslandsráðgjafa. Það er vant að vera svo fyrir öllum skynsamlega hugsandi mönnum, að þegar þeir geta ekki fengið alt, sem þeir óska, en þó nokkuð, þá taka þeir heldur hið minna en ekki neitt. Það eru helzt börn, sem fara svo að, að þegar þeim er neitað um eitthvað, sem þau vilja fá, en boðið annað í staðinn, þá segja þau: Fái eg ekki það sem eg bað um, þá vil eg ekki neitt; og fara svo burt með fýlu. Það er til íslenzkur málsháttur, sem segir, að betri sé hálfur hleifur en enginn, og er það óefað praktiskt að hafa hann fyrir augum í þessu máli eins og í öðrum.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat þess, að einhver samtök mundu vera um að setja ekki neínd í málið, og að fella málið frá 2. umræðu. H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir nú getið rétt til, að því er nefndarkosninguna snertir, hitt á eftir að sýna sig, og vona eg eftir að spá h. þm. V.-Sk. (Guðl G.) rætist þar ekki, því að eg álít, að það væri mjög illa ráðið, ef þessi h. þingd. feldi málið umræðulítið frá 2. umræðu, og neitaði að ræða það frekara.

Því verður þó ekki neitað, að stjórnarskrármálið hefir verið á dagskrá nú síðustu 15 árin, og það efst á blaði allra mála. Það má sjálfsagt fullyrða, að það hafi verið rætt á hverjum þingmálafundi og á hverjum kjörfundi þessi ár, og að skoðanir þingmannaefnanna á þessu máli hafi oft ráðið kosningarúrslitunum.

Það má undarlegt heita, ef þetta mál er nú alt í einu orðið svo ómerkilegt, að ekki sé eyðandi orðum að því, því að ef frumv. er felt nú, þá álít eg, að öllum umræðum um stjórnarskrármálið hljóti að vera lokið á þessu þingi. — Það væru ekki heldur kurteisar aðfarir gagnvart h. efri d., að fella frumv. nú þegar; það bæri vott um það, að þessi h. deild teldi það svo illa úr garði gert, að ekki væri orðum að því eyðandi.

Hvernig sem eg lít á málið, trúi eg því ekki enn, að spá h. þm. V.-Sk (Guðl. G.) geti rætzt, sú spá, að þessi h. deild felli frumv. frá 2. umr.

Eg vil, áður en eg sezt niður, taka eitt atriði fram. Það hefir borist utan að mér, að eg sé með sjálfum mér frv. þessu mótfallinn, og það hafa komið fram aðdróttanir að mér bæði munnlega og á prenti um það, að eg rói að því öllum árum, að málið komist ekki fram. Eg skal nota þetta tækifæri til að lýsa yfir því, að allar slíkar getsakir og aðdróttanir eru ástæðulausar og tilhæfulausar. Eg veit heldur ekki, hvað mér ætti að ganga til að vera máli þessu mótfallinn, því að máske hefir enginn fremur en eg haft tækifæri til að finna til þess, hversu óhagkvæmt hið núverandi stjórnarfyrirkomulag er einmitt í því atriði, sem hér í frumv. er gjört ráð fyrir að laga.

Einar Jónsson: Eg fæ ekki betur séð, en að þessi deild hafi ástæðu til að álíta, að h. Ed. hafi farið svo langt í frumv. sínu, sem hún taldi gjörlegt, til þess að von væri um, að fá samþykki stjórnarinnar. Ástæður fyrir því, að eg þykist hafa rétt til að ályktа þannig, eru þessar: Í fyrsta lagi hlaut h. Ed. að vera það kunnugt, að Nd. mundi ekki samþykkja frumv. um breytingu á stjórnarskipunarlögunum, er færi fram á minna en frumv. það, sem samþykt var í Ed. 1897. H. Ed. mátti því ganga út frá því sem sjálfsögðu, að hvað sem

dregið yrði úr kröfum þess frv., það mundi ekki verða samþykt hér í þessari deild.

Í öðru lagi dreg eg þá ályktun, að í frumv. sé farið svo langt, sem h. Ed. sá sér fært, af því, að hæstv. landsh. kom með breyt.till. sem drógu úr þeim ákvæðum, sem nú eru í frumv., breyt.-till. sem benda ótvíræðlega á það, að hæstv. landsh. álítur, að h. Ed. hafi heldur farið fram yfir það, sem víst sé að stjórnin muni samþykkja, en hitt. Þó geng eg út frá því, að h. Ed. hafi tekið svo til greina bendingar hæstv. landsh., að hún þykist hafa nokkurn veginn vissu fyrir, að frumv. það, sem nú liggur fyrir, muni verða staðfest.

Þriðju ástæðuna fyrir því að h. Ed. hafi farið svo langt, sem hún treysti sér, tel eg fólgna í ráðgjafabréfinu frá 26. maí í ár, þar sem það er tekið berlega fram, að viss atriði í frumv. þingsins 1897 mundu hafa gjört staðfesting þess ómögulega, og það má ætla, að staðfestingin sé jafn ómöguleg nú, ef þessi atriði eru tekin upp í frumv., eins og hún var í vor.

Hæstv. landsh. benti á, að þótt frv. væri felt frá nefnd, þá væri ekki með því sagt að það yrði felt frá 2. umr; það gæti verið að deildin áliti frumv. svo úr garði gjört, að það þyrfti annaðhvort engra breytinga við, eða þá svo lítilfjörlegra breytinga, að ekki þyrfti nefnd til að koma þeim á. Eg veit ekki, á hverju hæstv. landsh. byggir þessa skoðun sína; það getur reyndar verið að það komi fram, að hún sé rétt, og að h. deild sé fullánægð með þetta frumv., en þó hefi eg ekki fulla ástæðu til að ímynda mér, að svo geti verið.

Þótt eg nú búist við að h. Ed. hafi gengið svo langt, sem hún sá sér fært í þessu máli, þá væri mér eigi að síður forvitni á að fá að heyra, hvort nokkur von muni vera um, að hægt muni að fá nokkrar verulegar breytingar á frumv. því, sem hér liggur nú fyrir, því að svo stöddu álít eg, að ekki sé nein vissa og jafnvel eigi líkur til, að vér eigum kost á öðrum eða meiri breytingum á stjórnarfari voru en þeim, sem frumv. gerir ráð fyrir. En því hefir verið haldið fram, að á þessu þingi ætti ekki að samþykkja annað en það, sem talið er víst, að stjórnin gangi að. Frumv. h. Ed. frá síðasta þingi hefir verið rætt út um land og lagt fyrir þingmálafundi, og eg veit eigi betur, en að það sem það fór fram á, hafi verið talið hið minsta, sem gangandi væri að í breyting á stjórnarskrá vorri. Það er því ekki hægt að segja, að þótt sumir þingmálafundir hafi viljað láta aðhyllast það frumv., að h. þm. hafi einu sinni þá þingmálafundi við að styðjast, ef þeir greiða atkvæði með þessu frumv. Það er því nauðsynlegt að fá að vita, hvort hægt muni að koma fram einhverjum þeim efnisbreytingum á þessu frumv., sem stjórnin mundi vilja aðhyllast. Eg leyfi mér því að beina þeirri spurningu að hæstv. landsh., hvort nokkur von sé til að stjórnin muni vilja aðhyllast nokkrar frekari breytingar á hinni núgildandi stjórnarskrá en frumv. h. Ed. fer fram á. Skal eg þar til nefna, hvort von muni til, að stjórnin muni vilja aðhyllast það, að þjóðkjörnum þingmönnum sé fjölgað í Ed. — eg nefni þetta af því, að það stendur í svo nánu sambandi við stjórnarskrárbreytinguna, og af því að eg álít, að þótt það máske yrði fáanlegt, að ekki þyrftu að mæta í sameinuðu þingi $^2/_3$ þingmanna úr hvorri deild, til þess að fundur yrði lögmætur, þá er þó ekki full trygging fengin fyrir því, að stjórnin geti ekki eytt málum fyrir oss á þingi, á meðan Ed. er svo skipuð sem hún er nú. Eg

get að vísu hugsað mér, að það gæti komið til greina, að taka upp það ákvæði, að ekki þyrfti að mæta nema helmingur þeirrar deildar á fundi til þess að fundur væri lögmætur, þó svo, að $^2/_3$ allra þingmanna væru samt á fundi. En þótt svo væri, þá væri eigi með því loku skotið fyrir það, að eigi væri hægt að svæfa fjárlögin í þinginu; það væri því hyggilegra, að Ed. væri þannig skipuð, að þjóðkjörnir þm. væru jafnan í meiri hluta. Eg vil því enn ítreka þá spurning mína til hæstv. landsh., hvort nokkur von muni um staðfesting konungs á máli þessu, ef nokkur efnisbreyting er gjörð á frumv. því, sem nú liggur fyrir, og sérstaklega fýsir mig að vita það, hvort stjórnin mundi ganga að því, ef þingið færi fram á það, að 8 eða 9 þjóðkjörnir þingmenn skyldu eiga sæti í Ed.

Landshöfðingi: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er alls ekki undir það búinn, að segja afdráttarlaust, hverjar breytingar aðrar á stjórnarskránni, en þær, sem teknar eru fram í þessu frv., geti öðlast staðfesting hans hátignar konungsins. Það er erfitt að segja um það fyrir fram, en eg álít ei vonlaust um, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem stjórnin álítur að komi ekki í bága við pólitiskt samband Íslands og Danmerkur, gætu fengizt, með viðaukum við frumv. þetta; en eg vil eigi fullyrða neitt um sjálfa þá breytingu, er háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) talaði um. Eftir stjórnarskránni má með einföldum lögum breyta tölu þm. t. a. m. þannig, að þeir yrðu 32 eða 33 þjóðkjörnir og þar af sætu 8 eða 9 í Ed. Sé þessi fjölgun álitin nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að frumv. þetta sé samþykt, þá má semja lög um það atriði, og tjölga þm. t. a. m. á þann hátt, er eg nefndi áðan. Reyndar álít eg þessa fjölgun þjóðkjörinna þm. ekkert keppikefli, því það hefir sýnt sig í reyndinni, að þegar um velferðarmál þjóðarinnar er að ræða, hafa hinir konungkjörnu þm. haft eins skiftar skoðanir og hinir þjóðkjörnu, og virðist fjölgunin þess vegna óþörf; en að blanda þessu atriði inn í stjórnskipunarlögin, finst mér óþarft, þegar hægt er að breyta því með einföldum lögum.

Valtýr Guðmundsson: Það kemur víst öllum saman um, að þetta mál sé þýðingarmikið fyrir land og þjóð. — Hins vegar býst eg við, að skoðanir manna verði mjög skiftar um málið; en aðallega virðist tvent vaka fyrir mönnum, annaðhvort að taka málið til umræðu og gjöra á því nauðsynlegar breytingar, sem að mínu áliti þyrftu ei að vera svo stórvægilegar, að eigi mætti gjöra þær með einföldu breytingaratkvæði, eða þá menn hugsa sér að fella málið þegar í stað. Eg á nú bágt með að trúa því, einkum þegar engin mótmæli hafa komið fram, að menn vilji fella málið umræðulaust. Mér finst rétt, að vér fáum að heyra mótmæli manna gegn því, eins og það liggur fyrir. Þar að auki væri æskilegt að heyra hjá mótstöðumönnum þessa frumvarps, hverjar kröfur þeir vilja gjöra, að því er snertir breytingar á frumv.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) kvaðst hafa búist við, að h. efri deild bygði á frv. frá 1897, en í þessu frumv. væri mikið dregið úr því, sem væri í frv. frá 1897. H. efri deild gekk 1897 svo langt, sem hún áleit að hægt væri að gera sér von um, að stjórnin mundi staðfesta, en ráðgjafinn hefir lýst því yfir, að það frumv. væri í sumum atriðum óaðgengilegt, og hefir hann bent á 2 slík atriði; enn fremur var ýmislegt óheppilega orðað í því frumv., t. a. m. í 1. gr. (2. gr. stjórnarskr.) stóð »stjórnar-

störf«, en því hefir verið breytt og sett í staðinn »ráðgjafa-embætti«. En þetta er að eins orðabreyting, því alþingi 1897 meinti aldrei annað með orðinu »stjórnarstörf« en »ráðgfafaembætti«. Þannig er það oft, að þótt stjórnin sé samþykk þinginu um aðalgrundvöllinn, þá geta verið ýms aukaatriði og orðatiltæki, sem hún álítur óheppileg.

Sama máli er að gegna með breytinguna á 2. gr., með henni er alþingi trygður réttur til að kæra ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans, og annað var það ekki, sem ætlast var til með ákvæðunum í frumv. 1897, þó þar væri komist öðru vísi að orði.

Um 61. gr. er það að segja, að ráðgjafinn álítur, að hún sé beinlínis óskynsamlega orðuð eins og hún er, enda hafi það orðið fyrir vangá eina, að hún er svo orðuð. En greininni mætti sjálfsagt breyta á margan hátt, svo að stjórnin gæti álitið innihald hennar skynsamlegt, þó ekki væri beinlínis tekið upp það ákvæði, sem stóð í frv. mínu 1897 og nú í frumv. h. efri d. Yfir höfuð að tala heimtar ráðgjafinn alls ekki, að frumv. þurfi að vera óbreytt til þess að ná staðfestingu; breytingarnar mega að eins ekki fara út fyrir þann grundvöll, sem kemur fram í frumv. mínu.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) tók það fram, að ekki væri hægt að segja um, hvort frumv. yrði staðfest, ef nokkrar breytingar yrðu gerðar á því. Það er satt, að engin vissa er fyrir því, meðan ráðgjafinn ekki situr á þingi. En slík vissa fæst aldrei um nokkurt mál, sem breytingar eru gerðar á á þingi, og vilja menn þó líklega ekki hætta öllum löggjafarstörfum fyrir því. En þetta bendir ljóst á það, hver þörf er á, að ráðgjafinn sitji á þingi; einmitt það, að hann vantar til viðtals, gerir það að verkum, að þingið er í sífeldri óvissu, jafnvel um smá atriði, og eins og eg tók fram áðan, eru það oft að eins orðabreytingar, sem tefja fyrir málunum og hindra, að frumv. þingsins nái staðfesting, en þær mætti auðveldlega laga, ef ráðgjafinn væri sjálfur viðstaddur.

Þegar eg nú reyni að setja mig inn í hugsanir mótstöðumanna minna, þá verða þessar spurningar fyrir mér: hvaða kröfur gera þeir og hvaða vonir gera þeir sér um að fá þessar kröfur uppfyltar? Stjórnin hefir neitað að leggja frumv. fyrir þingið, en hún hefir þó svarað oss svo, að vér vitum hvað hún vill veita oss. Eigum vér þá ekki nákvæmlega að íhuga, hvort ekki sé mögulegt, að láta sér það nægja.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, að minsta kosti ekki fyr en eg heyri mótmæli, en ef þau ekki koma, þá er hætt við, að það veki últúð, ef málið er felt svona þegjandi, og gæti það orðið til mikils hnekkis fyrir starf þingsins. Að ástandið sé ófært, eins og það er nú, ber víst öllum saman um, og þegar hægt er að fá verulegar umbætur á því, þá finst mér menn ættu að taka þeim bótum, sem í boði eru. Ef málið er felt frá 2. umr., mun stjórnin líta svo á, sem þingið vilji als ekki semja, og snýr þá ef til vill við oss bakinu.

Eg minnist þess, hve harðorðir menn voru oft hér fyrrum á þingi um stjórnina, hve ósvífið það væri að virða oss ekki viðtals í stjórnarskrármálinu. — Það virðist því nokkuð kynlegt, þegar stjórnin loks hefir fengist til viðtals og býðst til að semja við oss, að vér þá snúum við blaðinu og segjum: nei, nú viljum vér ekki semja við þig, nú beitum vér þig sama bragðinu aftur, sem

oss þótti verst áður frá þinni hálfu. En skyldi það ekki koma sjálfum oss fremur í koll en stjórninni?

Einar Jónsson: H. þm. Vestm. (V. G.) óskar eftir, að eg gjöri grein fyrir atkvæði mínu, og eg skal gjarna fyrir mitt leyti taka fram, hvers vegna eg muni greiða atkvæði á móti þessu frv. Það er þá fyrst og fremst af þeirri á stæðu, að eg er ekki ánægður með innihald þess. Eg verð að álíta, að ekki sé jafn-mikið varið í setu ráðgjafans á þingi, sem þeir vilja halda fram, sem þessu frumv. fylgja, og að efasamt sé, hvort mikið sé unnið frá því, sem er, þótt hann sé hér lítinn tíma af árinu annaðhvort ár.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að ráðgjafinn mundi geta haft svo mikið að segja á þinginu, að hann hefði þingið í hendi sér. En eg get, fyrir mitt leyti, ekki verið eins hræddur við það, eins og þeir sem því hafa haldið fram, en eigi að síður verð eg að álíta, að hann mundi þó hafa meira að segja á því, en fulltrúi hans hefir nú. Og þá verður undir því komið, hvernig maður hann verður, hvort þau áhrif verða til góðs eða ekki Þegar vér hefðum góðan mann og mikilhæfan fyrir ráðgjafa, yrðu hin auknu áhrif hans til góðs. Þegar hann væri að eins meðal maður, eins og oftara mundi, þá yrði alt líkt og nú er. En væri hann viðsjáll maður og slægur stjórnvitringur, þá yrðu hin auknu áhrif hans til ills og þingið ver sett en áður. Ættum vér víst, að hann væri ætíð mjög mikilhæfur maður, þá væri ekkert um að gjöra. En eg gjöri ráð fyrir, að hann yrði upp og ofan, eins og við hinir, með sínum göllum og sínum kostum. Og þegar eg lít yfir Íslendinga, sem mér eru kunnir, og til greina gætu komið við ráðgjafavalið, þá kemur mér enginn í hug, sem skari svo langt fram úr öðrum, að hann sé sjálfsagður forgöngumaður þjóðarinnar. Og þó að eg hefði sérstakan augastað á einhverjum, þá er ekki víst að hann yrði ráðgjafi. — Þetta, að ráðgjafinn mæti á þinginu og taki þar þátt í störfunum, er í mínum augum aðal-atriðið í þessu frumv., og því um lítið annað að ræða, því ábyrgð hans gjöri eg ekki svo mikið úr. Í því efni mundi mest komið undir hinni siðferðislegu ábyrgð, og hún fer eftir því, hvernig maður hann er. Þegar svo þess er gætt, að hann á sæti í ríkisráðinu, þá hefi eg þá skoðun, að hann muni fylgja líkum skoðunum og ríkisráðið í lagasetning og stjórn. Og það hefi eg fyrir satt, að ef ráðaneytisskifti yrðu, þá mundi hann einnig verða að víkja, enda þótt Íslendingar væru mjög ánægðir með hann. Auðvitað má segja sem svo, að þó ráðaneytisskifti yrðu, þá mundi hann tekinn aftur í hið nýa ráðaneyti, ef ekkert væri að honum að finna sem Íslands ráðgjafa, en það er þó alls eigi áreiðanlegt, þar sem hann einnig er ráðgjafi í sameiginlegum málum. Það mundi mestu ráða, hvaða álit sá hefði á honum, er ráðaneytið myndaði. Og þar sem hann yrði búsettur í Danmörku, er mjög hætt við því, að hann mundi fylgja því stjórnarfari, sem þar er ráðandi, svo við yrðum í sömu vandræðunum sem áður, með að fá samþykt lög, sem að einhverju leyti væru frábrugðin dönskum lögum. Hann mundi varla víkja mikið frá þeirri stefnu, sem ráðandi væri í ríkisráðinu, og frumv. því gjöra minna til þess að styrkja sjálfstjórn vora en margur hyggur. Það er að vísu talað um, að þingið mundi hafa áhrif á hann og það getur nú verið að nokkru. — En þar sem hann ætti hér svo litla dvöl, mundu þau verða minni en ætlað er. Hann mundi standast þau áhrif, ef hann vildi svo. Það er að vísu rétt,

að með því að ráðgjafinn mætir hér, þá þurfum við ekki að bíða eins lengi eftir að fá annað hvort já eða nei við ýms tækifæri, og gæti það að vísu verið kostur, en það hljóta líka að koma fyrir ýms tilfelli, sem hann ekki gæti gefið skýrt svar upp á, fyr en hann vissi vilja ríkisráðsins.

Eg verð því að álíta, að það sé enginn stórhagur, þó við fáum ráðgjafann á þing. Það getur orðið hagur en getur líka stundum orðið til skaða, og eg vil heldur fyrirbyggja það, sem gæti orðið til skaða. Þess vegna get eg ekki að svo stöddu gefið frv. atkvæði mitt, ef ekki eru jafnframt einhverjar meiri tryggingar fyrir sjálfsforræði voru en þetta frv. hefir að geyma. Þetta vildi eg minnast á viðvíkjandi hinni efnislegu hlið málsins. Að vísu er eg eigi fráhverfur aðalstefnu frv., en mér þykir það, eins og það er, til svo lítilla bóta, að eg óska ekki að það komist út úr þinginu að þessu sinni. Eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, þá hefir því verið haldið fram, að á þessu þingi dygði ekki að samþykkja annað en það, sem vissa væri fyrir að stjórnin mundi samþykkja, og á þeim grundvelli hefir verið unnið hingað til og það virðist rétt, eins og á stendur.

En þá er að líta á hvern framgang þetta mál mundi nú eiga hjá þjóðinni, ef því væri skotið undir nýar kosningar og aukaþing, eins og það liggur nú fyrir, eða lítið sem ekkert breytt að efninu. Ef vér þá lítum á þingmálafundina í vor, þá er stefna sú, sem frv. fylgir, enn þá í minni hluta hjá þjóðinni. Og meðan svo er, virðist mér ekki vert að knýja það áfram til aukaþings nú þegar, heldur lofa stefnunni að ryðja sér betur til rúms.

Íslenzka þjóðin er vanaföst, og nokkuð tortryggin, ekki sízt þegar um sambandið við Danmörku er að ræða. Hún er þessvegna, eins og eðlilegt er, sein til að breyta þeirri stefnu, sem hingað til hefir verið fylgt í þessu máli. Það hefir verið áhugamál beztu manna þjóðarinnar að fá innlenda stjórn, og hefir verið haldið fram sérstöku stjórnarfyrirkomulagi í þá átt, sem búið er að fá festu í hugsun manna og sem þeir geta eigi svo fljótt víkið frá. Það mun nú auðvitað líka vaka fyrir þeim mönnum, sem þessu frv. fylgja, að fá gert stjórnina innlenda, en þeir vilja fara annan veg til þess, fá það smátt og smátt, sem hinir hafa óskað að fá í einu. Þegar svo byrjað er að breyta að eins einstökum atriðum í áttina, í von um að geta síðar bætt við, þá er eðlilegt að menn spyrji: Er þetta í raun-inni spor í áttina? Og eins eðlilegt er það, að orðið geti skiftar skoðanir um, hvort þetta frv. sé svo verulegt spor í áttina, að vert sé að stíga það. Hinir h. fylgjendur þ. frv. verða að vorkenna þjóðinni, þó hún sé sein að átta sig á, hvort þetta sé þvílíkt spor.

Málið hefir nú reyndar verið rætt síðan 1897, og eg verð að álíta, að það hafi engin vanþörf verið á, að fella það þá, til þess að það yrði rætt í þessi 2 ár. En þó er það ekki enn búið að vinna meiri hluta þjóðarinnar með sér. Eg verð reyndar að játa það, að málið hefir verið rætt svo óheppilega, að sannleiksatriðin hafa ekki getað fengið að njóta sín, heldur hefir alt of miklu persónulegu verið blandað inn í það, alls konar illmælum og getsökum frá beggja flokka hálfu, og engu síður frá þeim, sem þessu frumv. eru fylgjandi, en hinum, en slíkt er ævinlega óheppilegt og til ills eins og tefur mjög framgang hvers máls. Mönnum eru vel kunnar þær getsakir, en vilji menn fá yfirlit yfir þær, þá var Ísafold svo góð í vetur einu sinni að safna getsökum beggja flokkanna saman í eina

grein með yfirskriftinni »Hvatirnar«. Því er miður, að hingað til hefir verið alt of mikill æsingur í umræðum um þetta mál, og er það illa farið. Það má nærri heita svo, að naumast sé enn byrjaðar verulega rólegar umræður um það, og veitir líklega ekki af að nota næstu 2 árin til þess að ræða það með stillingu. Það er mikill munur á þeim umræðum, sem fram fóru um stjórnarmál vort undir forustu Jóns Sigurðssonar, og þeim, sem fram hafa farið síðan 1897. Þegar til dæmis að taka, stúdentar við Khafnar háskóla létu uppi álit sitt í þessu máli síðastl. missiri, þá er kastað í þá hnútum með fyrirlitningu. En Jóni Sigurðssyni þótti engin minkun að því, að lofa þeim að tala með og taka tillit til orða þeirra, eins og annara, því að svo hafa þeir verið mentaðir menn og svo velviljaðir ættjörð sinni, að ekki á við að fyrirlíta þá.

Það er nú mín sanntæring, að gangi þetta frv. í gegn á þessu þingi, þá sé naumast að búast við friði og spekt við kosningar til aukaþings, eftir undirtektum þingmálafundanna í vor að dæma (*Valtýr Guðmundsson*: En ef það verður felt?), heldur flokkadráttum og æsingum, og þykist eg fullviss um það, að það muni eigi geta fengið nægilegt fylgi á aukaþingi strax að sumri, til þess að verða samþykt þar. Og þá álít eg ekki rétt, að kosta fé til aukaþings með það sem aðalmál. Eg álít yfir höfuð alls ekki rétt, að leggja stjórnarskrárbreytingu, þótt hún fengi lítinn meirihluta með sér á þinginu, undir atkvæði þjóðarinnar, með aukaþingskostnaði, fyr en víst er, að meiri hluti hennar sé breytingunni fylgjandi.

Þetta ræður mínu atkvæði um málið, og er þá aðeins undir því komið, hvenær eg geí það. En ef málið er til dauða dæmt hvort sem er, þá veit eg ekki, hvort nokkuð þýðir að draga það. Það er líkast því, að sigla með lík í lestinni.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er í stórum efa um, hvort eg á að taka til máls eða eigi, en álít þó réttara að gera grein fyrir atkvæði mínu, einkum þar sem eg hefi sjaldan tekið til máls í þessu máli, og með því mér virðist æði mikið gjört til þess að sverta nú þegar þá þingmenn, sem líkur eru til að greiði atkvæði um málið eins og eg hefi ákvarðað mig til að gjöra.

H. þm. V. Sk. (G. G.) lagði spurningar fyrir hæstv. landsh., og var sú fyrsta þess efnis, hvort þingið með því að samþykkja þetta frv. gæti orðið þess valdandi, að sjálfstæði landsins og landsréttindi rýrnuðu. Jeg held nú að fæstir hafi staðið í þeirri meiningu, að þingið í raun og veru slepti nokkuru af landsréttindum vorum, þótt frv. þetta yrði samþykt, en á hina hliðina verður að gæta þess, að það getur orðið sitt hvað, dómur sjálfra vor í því efni eða skoðun stjórnarinnar í framtíðinni. Og það varðar oss, sem erum minni máttar, langmestu, að við ekki gefum stjórninni nokkurt tækifæri til þess, að líta svo á, sem við höfum veikt rétt vorn gegn stjórnarbótakröfum vorum síðarmeir. Og því verð eg að halda fram, að þegar ræða er um kröfur í mikilsverðu máli, þá sé það óviðfeldin og skökk aðferð, að ganga fram hjá þýðingarmestu atriðunum, og það þeim atriðum, sem vér þykjumst eiga lagalega heimting á, og sem hljóta að skoðast grundvallaratriði málsins, sem alt annað verður að byggjast á. Með þeirri aðferð getur maður ávalt búist við, að sá, sem kröfurnar eru gjörðar til, líti svo á síðar, að það, sem þannig er hlaupið fram hjá, fái um leið þegjandi samþykki til þess að standa óbreytt um óákveðinn tíma

og þegjandi samþykki hefir sitt gildi eins í þessu máli sem öðrum. Önnur spurning hans virtist mér sú, hvort stjórnin hefði meiri rétt eftir en áður til þess, að bera sérmál Íslands upp í ríkisráðinu, og hefir hæstv. landsh. einnig svarað því á þá leið, að hann áliti það ekki vera, og er eg honum að því leyti þakklátur fyrir það, að eg lít svo á, sem það sé hans sjálfs sannfæring, að sú aðferð stjórnarinnar sé og verði ávalt óréttlát gagnvart oss. En úr því stjórnin heldur því fram nú, að þessi aðferð sé sjálfsögð og í alla staði lögleg, þá eru litlar eða engar líkur til þess, að hún sleppi þeirri skoðun, eftir að búið er að gera þær breytingar, sem eftir hennar eigin orðum verða að vera og eru bygðar á þessum grundvelli, sem hún segir réttari, en sem vér álítum ólöglegan og óheppilegan.

Landsh. svaraði ennfremur neitandi þeirri spurningu, hvort fólksþingið gæti ákært ráðgjafann í sérmálunum, og mundi eg skoða það svar nokkurs vert, einkum ef það hefði komið af vörum ráðgjafans sjálfs, en mér finst það ekki koma vel heim við ráðgjafabréfið frá 26. maí þ. á., viðvíkjandi breytingu Ed. á 2. gr. þessa frumv. 1897. Stjórnin setur það út á orðun Ed., að með henni sé útilokað annað ákæruvald en alþingi og konungur, nefnil. að ríkisþingið sé útilokað frá því, að geta komið ábyrgð fram á hendur ráðgjafa Íslands. En nú vita allir, að stjórnarskrá vor nær að eins til hinna sérstöku mála, og að frumv. þetta gat heldur ekki náð lengra, og ennfremur, að ekki gat komið til nokkurra mála, að alþingi hefti rétt ríkisþingsins, gagnv. hinum sameiginlegu málum Íslands og Danmerkur; þá finst mér liggja nær, að skilja orð ráðgjafabréfsins svo, að með því að orða greinina, eins og hún er nú, þá hafi ríkisþingið, í það minsta eftir skoðun núverandi stjórnar, rétt til þess að koma ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum, einnig í sérmálum vorum.

En þó svo væri, að ákæruvald ríkisþingsins gæti ekki náð nema til sameiginlegu málanna, þó að frumv. þetta yrði að lögum, þá hygg eg, að eins og manni má vera sama, hvaðan gott kemur, eins megi oss vera sama, hvaðan ilt kemur, ef ríkisþingið gæti orðið þess valdandi, að ráðgjafi vor yrði að víkja úr sessi, þrátt fyrir það, þótt vér ynnum honum fyrir drengilega frammistöðu, þá kæmi oss það sannarlega fyrir eitt, af hvaða ástæðum vér mistum hann. Skaðinn yrði hinn sami.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) nefndi ýms atriði, sem bæta mætti með frumv., og í sama streng tók h. þm. Vestm. (V. G.), en eg get ekki lagt mikinn trúnað á slík orð einstakra manna, þar sem stjórnin hefir sýnt, að hún gefur ekki kost á neinu öðru en hér liggur fyrir í frumv., og tæplega því.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) stakk upp á þeirri breyt.till. á 61. gr., að stjórnin væri skyld að leysa upp þingið, ef $^3/_4$ í Nd. samþyktu breytinguna, en mér er ómögulegt að sjá, hvaða ástæðu stjórnin hefði til að ganga inn á það, þegar hún ekki vildi ganga inn á ákvæði Ed. 1897. Eg held líka, að þá mætti 61. gr. eins vel standa óhögguð, því eg ber ekki neinn kvíðboga fyrir því, að ef um stjórnarskrárbreyting er að ræða, þá muni hægt að ná $^3/_4$ Nd. með henni, svo að stjórnin mætti til að leysa upp þingið, nema að eins þegar eins stendur á og nú, að stjórnin er öðrumegin og fær um helming þingsins til þess að vera sín megin, en þá á stjórnin líka að leysa upp þingið, og boða til nýrra kosninga samkvæmt frumv., svo að niðurstaðan yrði sem oftast sú sama

og þó greinin væri óbreytt, og það mundi stjórnin sjá, og því alls ekki ganga inn á Þessa breytingu.

Stjórnin tekur beint fram, að hún vilji verða laus við ákvæði 61. gr., til þess að losna við það, sem hún kallar undirróður og æsingar, en sem auðvitað væri oftast ekki annað en einbeittur vilji og alvarlegar kröfur þjóðarinnar um endurbætur á stjórnarfarinu. Ef nú stjórnin vill fá þetta svæfingarmeðal — afnám 61. gr. — til þess að geta þagað málið í hel á hinum alvörulausu tímum, þá mundi hún því síður vilja sleppa því, þegar henni lægi mest á. Þegar hún hefði að stríða gegn eindregnum vilja og einurð þings og þjóðar.

Þá var það eitt atriði hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), og sem hann áleit mikið fengið með, og það var, að vér byggjum svo um hnútana, að þingið hefði fjárveitingavaldið ævinlega í hendi sér, og gæti þvingað stjórnina í því efni. Eg lít nú svo á, að ekki sé mikil ástæða til fyrir oss, að breyta til í því atriði, sem nálega allir eru ánægðir með, en sleppa öðrum mikilvægum atriðum, sem almenn óánægja er með. Get líka ekki séð neina ástæðu til fyrir stjórnina að ganga inn á það, þar sem það ákvæði er fullkomnara hjá okkur, en sjálfum Dönum, og þar sem það mundi auk þess verða eitthvert hættulegasta vopn gegn henni. Einmitt er svo vel búið um fjárráð þingsins, að nær því óhugsandi er, að fjárlög komist ekki í gegn um það, ef nokkur eindrægni er í þinginu, og það jafnvel þó stjórnin fengi alla þá konungkjörnu til þess að vera á móti fjárlögunum, og því getum vér nú þegar farið svo langt, sem oss annars nokkurntíma væri fært, í því að kúga stjórnina gegnum fjárlögin. Eg held því, að stjórnin vilji ekki ljá oss beittara vopn en vér höfum í þessu efni, því það er svo biturt, að sé því ógætilega beitt, þá getur það neytt stjórnina til þess óyndisúrræðis, að synja fjárlögum staðfestingar, og þeirri misbeitingu er hættast einmitt á þessum svokölluðu æsinga og undirróðurstímum.

Hæstv. landsh. lagði mikið út af því, að það væri ókurteisi að fella þetta frumv. nú þegar, og meðal annars taldi hann það ókurteisi gagnvart Ed., en við munum líklega allir gang þess máls síðast, að þá breytti Ed. frumv. Nd. mikið, og færði kröfur hennar niður, og nú hefir hún fært þær enn meir niður (*Jón Jensson*: Hvað er upp og hvað niður?). Það er mér hægt að skýra frá, en það kostar fleiri orð en eg hefi tíma til nú, en í stuttu máli að segja, mun eg kalla flest það upp, sem þm. Rvk. (J. Jens.) kallar niður, og þar á mót það níður, sem hann kallar upp. En eg vik svo frá því, og að hinu, eða því, að á milli þinga hefir þjóðin gengið að því sem sjálfsögðu, að stjórnin mundi samþykkja frumv. Ed. frá 1897, eða jafnvel leggja fullkomnara frumv. fyrir þingið, og þó hafa þingmálafundir reynst því mótfallnir, einmitt því frumv., sem gekk þó töluvert nær kröfum þjóðarinnar. Og þar sem þeir þm. sem nú eru móti þessu frumv., greiddu atkv. móti fullkomnara frumv. 1897, hvernig geta menn þá vænzt þess, að hinir sömu þm. greiði nú atkv. með þessu frumv. Nei, Nd. sýnir engu meiri ókurteisi gagnv. Ed. þó hún felli þetta frumv. nú þegar, en Ed. sýnir með því, að bjóða Nd. annað eins frv. og þetta, að undangengnum þeim málavöxtum, sem eg benti á. Hefði Ed. haft nokkurt hugboð um það, að stjórnin mundi vilja ganga að þeim breytingaratriðum, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.)

og h. þm. Vestm. (V. G.) bentu á, þá hefði hún átt að koma þeim inn í frv., af þeirri ástæðu, að hún hafi búizt við, að stjórnin mundi ekki samþykkja þau, og það mundi hún heldur ekki gjöra.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) mintist á ákvæðin í 18. gr. stjórnarskrárinnar um tölu þjóðkjörinna þm. í Ed., og að álitlegra væri, að samþykkja þetta frumv., ef þeim væri fjölgað, svo þeir yrðu þar jafnan í vissum meiri hluta. Hæstv. landsh. benti á, að slíkt mætti gjöra með sérstökum lögum, og að þær breytingar, sem þannig væri hægt að gjöra, væru því ekki takandi inn í þetta frv., en það vantaði hjá honum að segja það skýrt út, hvort slíkt frv. mundi fá áheyrn hjá stórninni. Eg hefi ekki at hugað, hvort slíkt frumv. hefir áður komið fyrir stjórnina, en man það, að slíkt frumv. hefir verið borið fram á þingi, en hefir ekki fengið áheyrn hjá hæstv. landsh. En þótt svo væri, að slíkt frumv. gæti fengið samþykki hér á þinginu, þá getur enginn vitað nokkuð um, hvort það fær staðfestingu stjórnarinnar, og er því hreinn ógjörningur að samþykkja stjórnarskrárbreytingu samhliða slíku frumv., sem einungis væri bygð á hinni völtu von um staðfestingu þessa frumv. Mér virðist hyggilegra, að samþykkja slíkt frumv. á undan stjórnarskrárbreytingunni, og sjá hvernig því reiðir af, áður en þingið fyrir sitt leyti gengur inn á nokkrar frekari breytingar, sem settar væru í samband við frumv. Mér heyrist þeir, sem talað hafa með málinu, vera ekki ófúsir á að ganga að þeim breytingum hér í deildinni, sem lítil eða engin von væri um að næði samþykki stjórnarinnar, enda eru allar verulegar breytingar óhugsandi að nái samþykki stjórnarinnar, eftir hennar skýra svari að dæma í ráðgjafabréfinu 26. mal. þ. á. Þetta svar er svo ákveðið, að ekki þarf að vera í neinum efa um, hvað samþykkja megi hér, til þess að stjórnin gefi því samþykki sitt, að það er ekkert annað en þetta frumv. eins og það er nú, ekkert sem fer lengra en það í kröfunum frá vorri hálfu, og ekkert sem eigi er bygt á hinum falska grundvelli, sem vér allir mótmælum. En hver getur þá verið meiningin með, að gjöra frumv. svo úr garði, að stjórnin samþykki það ekki, en þó heldur ekki svo, að þjóðin í heild felli sig við það? Og hvað verður þá úr því, sem mest hefir mælt fram með frumv. þessu milli þinga, og ótæpt hefir verið otað að þjóðinni, að þetta væri það eina sem fáanlegt væri? Vilja nú þessir sömu menn, sem hafa álasað mótflokki sínum, fara að feta í hans fótspor, með að berja höfðinu við steininn, eins og þeir sjálfir hafa komist að orði? Eg veit ekki hvað eg á að geta mér til um hugarfar þessara manna, nema ef það skyldi vera það, að leiða mótflokkinn inn í gildruna; inn á þá braut, sem hann getur ekki snúið aftur af, og verður því að lokum, að sætta sig við alla afslætti, þar til einhver lending næst. Má og vera að það vaki fyrir þessum mönnum, að með því að samlaga flokkana um eitthvað, þá verði allir »Jónar jafnir« í augum þjóðarinnar við næstu kosningar. Að þjóðin eigi þá óhægra með að segja hvað hún vill og hvað hún vill ekki. En eg held heppilegast að gjöra engan graut úr málinu, heldur að þingið leggi ákveðnar spurningar fyrir þjóðina, sem hún getur svarað af eða á um við næstu kosningar. Og það ætti hvorugur flokkurinn að vilja standa á móti eða óttast.

H. þm. Vestm. (V. G) sagði, að það væri merkilegt, ef þingd. vildi nú fella þetta frumv. nú, þar sem það hefðu verið óskir þings og þjóðar, að ná viðtali við stjórnina. Áður hefði stjórnin

ekki fengist til að svara neinu, en nú þegar hún svaraði, vildi þingið ekki tala við hana. Eg játa það, að mér þykir það nokkurs vert, að fá svar stjórnarinnar, af því að eg veit þá, hvað þýðir að fara fram á við hana. En eg sé þó ekki, að þótt vér hötum fengið stjórnina til viðtals, þá sé þar fyrir sjálfsögð skylda að ganga að öllum hennar boðum. En svo er hér heldur um ekkert stjórnartilboð að ræða, og stjórnin vill sjáanlega ekki láta bendla sig neitt við þetta frumv., sem hún kallar »prívata frumvarp«; enda ef það væri stjórnartilboð, þá mætti segja, að hún hefði sent oss það gegnum bakdyrnar, svo efasamt væri, hvort vér gætum verið þektir fyrir að samþykkja það. Og réttara verð eg að álíta, að segja afdráttarlaust nei við þessari úrlausn á óskum vorum og kröfum, en að gleypa við því, sem svo mjög er vanséð, hvort oss verði til bóta, og fara svo um hæl að nauða um meira, sem væri þá því ófáanlegra vegna hinnar fyrri úrlausnar. Eg álít því réttara að bíða og vita, hvort ekki muni blása byrlegar en nú.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók það fram í niðurlagi ræðu sinnar, að hann vildi gera mönnum það skiljanlegt, að þetta væri velferðarmál, politiskt mál, en það ætti ekki að vera tilfinningamál, og játa eg það satt vera, en eg vil spyrja þm., hvort tilfinningarnar hafi þá ekki neitt stýrt orðum hans í niðurlagi ræðunnar, og hvort þær muni ekki hafa leitt hann nokkuð lengra en vera ætti. Mér gat ekki annað fundist, en að hann beindi æði miklum getsökum og ósæmilegum tilgátum að flokki þeim, er móti honum stendur, og að hann talaði þar meira af tilfinningu en í þarfir málefnisins. Hann kom fram með miklar getgátur um þær hvatir, sem hefðu ráðið mönnum í þessu máli, og þeim undirróðri og æsingi, sem beitt hefði verið í því, en eg held að slíkt hafi ekki síður komið frá þeim, er samþykkja vilja þetta frumv. Mér virtist h. þm. feta rækilega í fótspor flokks síns síðan á síðasta þingi, með illgeturnar til mótstöðumanna sinna, og með það að snúa öllum sínum mestu og verstu ávirðingum upp á mótflokkinn og níða hann fyrir þær.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um getsakir þær, er mótstöðuflokkur hans hefði borið á andstæðinga sína; en eg vil minna hann á, að engu minni getsakir hafa verið bornar á oss af flokksmönnum hans, heldur miklu meiri og verri, og vil eg því til sönnunar benda honum á að eins eina grein af mörgum þess kyns í aðalmálgagni flokks hans. Hún mun vera með yfirskriftinni »Hvatirnar«. Þar getur hann séð, hvort flokkur hans er hreinn og heilagur í þessu efni.

H. þm. mintist á saurblöð, sem höfð hefðu verið til þess, að fylgja fram málum vorum, en eg veit ekki hvort þessi dómur á við nægileg rök að styðjast, eða hvort h. þm. er einn bær að dæma um hvað saurblað er, enda kemur þetta þessu máli ekki við, því hvert blað hefir rétt til að halda fram þeirri stefnu, er það álítur réttasta. Og ósatt er það í flokk vorn, að hann hafi nokkurt saurblað stofnað; það hefir hver leyfi til að stofna nýtt blað og halda fram sínum skoðunum í því, okkar vegna, og það sem þessum blöðum kann að vera áfátt, má alls ekki skrifast á vorn reikning, því vér höldum engu blaði úti, og höfum lítið eða ekkert ritað í blöð um málið. En nú vill svo til, að flokkur h. þm. hefir haft málgagn, sem hefir einn h. þm. fyrir ritstjóra sinn, og er mönnum kunnugt,

að það málgagn hefir gengið eins langt og önnur í djörfum tilgátum og ósæmilegum aðdróttunum um aðra menn, einkum mótstöðuflokk þess, og yfir höfuð er öll framkoma þessa flokks þannig löguð, að þó ekki væri annað, þá mundi margur hika sér við, að ganga inn á skoðanir hans af því, hvernig hann hefir komið fram gagnvart mótstöðumönnum sínum. Mönnum mun detta í hug orð biblíunnar, að rotin tré geti ekki borið góðan ávöxt. Þegar það er svo, að telja má meðal undantekninga, ef sézt hefir leiðari í málgögnum mótflokks vors, sem ekki hafa haft meira og minna af getsökum og persónulegu níði um oss, og oft fullan helming af þeirri vöru, þá er það ekki að undra, þó almenningur geti ekki lagast að skoðunum þeirra. Það er því ekki að ástæðulausu þó menn bendi á suma af hinum leiðandi mönnum mótflokks vors, sem rotin tré, eða tré, sem séu gegnumsmogin af eiturormum ósanngirni, illkvitni og hroka.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Klemens Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.
Jón Jensson,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Pétur Jónsson,
Jón Þórarinsson,	Sighvatur Árnason,
Ólafur Briem,	Sigurður Gunnarss.
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Fjárlög 1900—1901.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901 (C. bls. 1.) 1. umr.

Landshöfðingi: Eg gjöri ráð fyrir, að þegar verði skipuð nefnd í mál þetta. En áður en hún er skipuð, vil eg þó gera fáeinar athugasemdir við það.

Eins og h. d. sér, er gjört ráð fyrir dálitlum tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, þó ekki miklum, ekki nema rúmum 34,000 kr., og þegar litið er á hinn núverandi fjárhag landssjóðs, þarf alls eigi að telja tekjuhalla þennan voðalegan eða mjög viðsjárverðan.

Eg skal taka það fram viðvíkjandi tekjunum, að eg er hræddur um að þær séu fremur settar of háar en of lágar í fjárlagafrv., að minsta kosti sumar greinar þeirra. Tekjuáætlunin er, að því er sumar tekjugreinar snertir, gjörð eftir meðaltali á tekjum þessum á 5 ára bilinu 1893—97, en aftur að því er aðrar snertir, eftir þriggja ára meðaltali. En nú hefir það sýnt sig, að árið 1898 hafa margar tekjugreinar orðið töluvert lægri en gjört er ráð fyrir í fjárlagafrv., einkum þó útflutningsgjald af fiski og lýsi, og aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og tóbaki. Eigi að síður má fjárhagur landsins heita í góðu lagi, eins og sjá má af frv. því til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1896 og 1897, sem nú hefir verið lagt fyrir þingið. Þar sést, að tekjuafgangurinn þau tvö árin hefir orðið 137,292 kr. 77 aurar, og að eignir viðlagasjóðs voru í árslok 1897 rúm 1 milljón kr., en peningaforði hans á sama tíma fast að $^1/_2$ milj.kr. og auk þess átti hann þá í hlaupareikningi í landsbankanum 120,000 kr. Árið 1898 hefir að vísu komið breyting á hag landssjóðs, með því að það ár hefir orðið töluverður tekjuhalli. Reikningslega hefir hann raunar ekki orðið meiri en 40,000 kr., en er þó í sjálfu sér nokkuru meiri, vegna þess að tekjumegin er talin endurborgun frá Vestu-

útgerðinni um 25,000 kr. Af peningaforða landssjóðs hefir á árinu 1898 verið lánað út um 170,000 kr. til ýmsra fyrirtækja, og einnig mun verða lánað út af peningaforðanum 1899, hvorttveggja eftir fyrirmælum fjárlaganna; er því auðsætt, að peningaforðinn mun fara minkandi að miklum mun, en þó er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að nokkur peningaforði verði fyrirliggjandi í landssjóði við lok fjárhagstímabilsins.

Eg hefi gjört bráðabirgðaráætlun um tekjur og gjöld landssjóðs 1898. Að vísu skal eg ekki ábyrgjast, að hún sé með öllu rétt, en þó mun hún fara nærri lagi, einkum að því er tekjurnar snertir. Mun eg fá nefnd þeirri, er væntanlega verður kosin í málinu, áætlun þessa í hendur til hliðsjónar við starf hennar.

ATKVGR.: Stungið var upp á 7 manna nefnd og var það samþykt. Þessir 8 þingm. höfðu óskað hlutfallskosningar: Guðl. Guðmundsson, Jens Pálsson, Valtýr Guðmundsson, Skúli Thoroddsenn, Halldór Daníelsson, Jón Jónsson þm. A.-Sk., Jón Jensson og Jón Þórarinsson.

Kosningu hlutu:
Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson þm. Eyf.
Sigurður Gunnarsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Jón Jensson,
Guðjón Guðlaugsson og
Jón Jónson þm. A.-Sk.
1. umr. frestað.

Framhald 1. umræðu, (C. bls. 1. og þgsk. 172, 186, 187), 26. Júlí.

Framsögumaður (Jón Jónsson þm. Eyf): Það eru að eins örfá orð, sem eg að þessu sinni finn ástæðu til að taka fram. Eins og sjá má af áliti og tillögum nefndarinnar, þá hefir hún að þessu sinni farið óvenjulega varlega í sakirnar. Eg skal geta þess, að það þegar frá upphafi vakti fyrir nefndinni, að það væri sjálfsagt fyrir hana að fara gætilega í tillögunum, meðal annars af því, að tekjuhallinn síðasta ár var 27—28,000 kr. Auðvitað er þetta í sjálfu sér ekki svo mjög iskyggilegt, en samt sem áður þótti nefndinni réttast að fara varlega. Hún hefir lagt til að lækka tekjuáætlun stjórnarfrv. um 16,000 kr., en aftur á móti vill hún hækka útgjöld um hér um bil 22,000 kr., og hefir þannig ætlað tekjuhalla aukinn um 38,000 kr. Þetta má ekki kallast sérlega mikið. Eg vil benda á það, að á síðasta þingi lagði fjárlaganefndin til, að hækka útgjöldin um 58 þúsund. Þegar um það er að ræða, að hækka útgjöld, þá ber fyrst og fremst að líta á, til hvers þau útgjöld eiga að ganga. Eins og eg gat um áðan, gerir nefndin ráð fyrir að hækka útgjöldin um 22,000 kr, og skal eg leyfa mér að skýra frá því, í hverju þessi hækkun er innifalin og til hverra pósta á útgjaldaliðnum hún sérstaklega gengur, en það er til þessara greina: Til búnaðarmála 12,000, til læknamála 9100, til samgöngubóta 7900 og til kenslu 4400. Aftur á móti hefir nefndin lagt til að færa útgjöldin niður við einstaka liði. Eg vona, að þessar tillögur nefndarinnar verði samþyktar, enda eru þær margar svo lagaðar, að það er varla hægt að hafa á móti þeim. Eg vona yfir höfuð að tala, að þetta gangi friðsamlega af.

Þar sem nefndin undir fyrsta tölul. í nefndarálitinu hefir gert athugasemdir viðvíkjandi forminu á fjárlögunum, þá er það af því, að fjárlaganefndirnar hafa á síðustu þingum fundið óþægilega til þess, hversu óheppilegt það er, og hafa framsögumenn fjárlaganefndanna á tveim síðustu þingum vakið athygli á því og beint þessu máli til

stjórnarinnar til umbóta, og eg vil nú enn fyrir hönd nefndarinnar beina því til hæstv. lh., að formið verði endurskoðað og bætt fyrir næsta þing.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur hinni h. fjárlaganefnd fyrir það, hvernig hún hefir snúist við fjárlagafrumv. þessu, sérstaklega fyrir það, að hún hefir fallist á, að nauðsynlegt væri, að gera þær umbætur á tilhögun póststjórnarinnar, sem farið hafði verið fram á í stjórnarfrumv, og eg vona, að það sýni sig, að tekjur landssjóðs aukist fyrir umbætur þessar.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) tók fram, eins og áður hefir verið bent á, að nefndinni líkaði ekki form það, er væri á fjárlögunum. Orsökin til þess, að þessu formi hefir verið hingað til fylgt, og því ekki breytt í þessu fjárlagafrumv., er sumpart sú, að stjórnir eru venjulega fremur konservativar, og vilja gjarnan halda því formi, sem að komið er á, og sumpart sú, að eg að minsta kosti var hræddur um, að eg mundi ekki hitta það form, er þinginu líkaði. Eg hefi þess vegna beðið eftir bendingum um hvaða misfellur það væru, sem h. nefnd ætti við. En nú þegar þessar bendingar koma fram, þá segi eg fyrir mitt leyti, að eg vil styðja að því, að þær verði teknar til greina. Og væri eitthvað fleira í þessu efni, sem h. nefnd vildi láta breyta, þætti mér vænt um að fá bendingar um það við 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að eins víkja fáum orðum að frumv. og áliti og tillögum h. fjárlaganefndar, en ætla mér þar eftir eins og á þinginu 1897, að nefna fá atriði um lög og aðrar aðgjörðir stjórnarinnar á síðasta fjárhagstímabili, í von um, að hæstv. landsh. gefi viðvíkjandi þeim þær skýringar, sem hann veit, og margir óska eftir.

Viðvíkjandi störfum h. fjárlaganefndar, þá virðist mér hún hafi sýnt í starfi sínu all-mikla réttsýni, og farið hóflega í að auka landssjóði gjöld. Eg skal játa það með nefndinni, að fyrirkomulag á gjaldliðum fjárlaganna er ekki heppilegt, því að það er óaðgengilegt fyrir þá, sem ekki eru gagnkunnugir fjárlögunum, en sem vildu gera sér hugmynd um gjöld landssjóðs. En eg vildi spyrja: hvort ekki væri mögulegt, að gjöra eina breytingu viðvíkjandi tekjuliðinni; hún er að vísu yfirgripsmikil og kannske nýstárleg, og getur verið, að ýmsum þyki hún nokkuð stórvægileg.

Eg held að það hljóti að vera nokkuð óþægilegt fyrir stjórnina, að svo er fyrir mælt í 17. gr. fjárlaganna, að bæsti tekjur til að hrökkva fyrir útgjöldunum, skuli eytt svo og svo miklu af forða fyrri ára, því það ætti að vera aðal-tilgangurinn fyrir þingi og stjórn, að hvert fjárhagstímabil bæri sig sjálft, því að það hlýtur að vera neyðarkostur, að eyða af forða fyrri ára. Það mætti ná þessu með því, að taka inn á tekjuliðina tolla eða skattatekjur, þannig, að upphæð þeirra væri tekin til á hvers árs fjárlögum, en ekki eins og nú er, fest fyrir fult og alt með sérstökum lögum.

Eg ætla að eins að benda á þetta, því eg býst ekki við, að það fái góðan byr nú, en vona, að það fái hann síðar; en eg álít þetta heppilegt, því að þá væri stjórn og þingi innan handar, að láta tekjur og gjöld hvers fjárhagstímabils standast á, og afleiðingin af því, ef miklu væri varið til útgjalda á einhverju fjárhagstímabili, yrði þá sú, að færa þyrfti upp einhverja skatta eða tolla á því fjárhagstímabili. Með þessu móti ynnist tvent: 1., að tekjur og gjöld stæðust á, og 2. að þing og stjórn væru varkárari á, að leggja til,

að hækka útgjöldin. Eg skal taka það fram, að þetta er enskur siður, að hækka og lækka tekjuskatta eftir því, sem þörf er á. Það getur verið, að þetta sé erfiðara hér, og eg ætla ekki að gefa neinar sérstakar bendingar um, hvernig eg hefi hugsað mér þetta, en hefi að eins hreyft því til athugunar fyrir framtíðina.

Viðvíkjandi fjárlögunum og tillögum nefndarinnar er það ekki fleira, sem eg ætla mér að segja nú, en eg vona, að umræðurnar um þau verði stilllegri og friðsamlegri en á undanförnum þingum.

Þá er þar næst eitt atriði, sem eg óska, að hæstv. landsh. gæfi skýringar á. Með bráðabirgðarlögum 29. apríl 1898 er dönskum þegnum bannað að veita liðveizlu ríkjum, sem þá eiga í ófriði. Þessi lög, sem gefin eru fyrir Ísland, eru aftur upphafin með bráðabirgðarlögum 24. maí 1899.

Í 11. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874 stendur, að slík bráðabirgðarlög skuli ætíð lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Þessi lög hafa nú ekki verið lögð fyrir þingið, og lítur því svo út, að þetta komi í bága við 11. gr. stjórnarskrárinnar. Það má líta svo á, að lög þessi hafi ekki sérlega mikla þýðingu fyrir Ísland, enda eru þau nú numin úr gildi, en þar sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir því, að bráðabirgðarlög sé ætíð lögð fyrir alþingi, þá finst mér rétt að nefna, að þessi lög hefðu átt að vera lögð fyrir þingið nú. Hverja ástæðu stjórnin hefir haft, að leggja ekki þessi bráðabyrgðarlög fyrir þingið, vildi eg gjarnan fá að heyra, ekki af því, að eg skoði þetta stórvægilegt atriði, heldur af því, að það gæti orðið varhugavert í framtíðinni, að láta slíkt ganga óátalið af þinginu eða án þess að minnast á það.

Þá er annað atriði, sem mig langar að fá upplýsingu frá hæstv. landsh. um. Það er viðvíkjandi landsbankanum, og þá sérstaklega, með hvaða heimild bankastjórnin hefir reist á kostnað bankans eða varasjóðs hans þetta dýra hús, sem verið er að byggja hér í bænum. Mönnum er kunnugt, að út um land er óánægja með bankann nú, og margir vitna í, að bankinn sé að byggja þetta stóra hús og festa fé þar. Vitaskuld er það rétt, að það fé, sem varið er til hússins, er ekki ætlað til útlána, þar sem það mun vera bygt af varasjóði bankans, svo það mundi lítil áhrif hafa á getu bankans til að ráða fram úr peningavandræðunum. En mér finst þessar gjörðir bankastjórnarinnar, að leggja mikið af varasjóði bankans í hús, koma í bága við 24. gr. reglugjörðar bankans frá 29. marz 1894, að úr varasjóði bankans megi engum lána út, heldur skuli jafnóðum, svo fljótt, sem því verði við komið, kaupa fyrir hann konungleg skuldabréf eða önnur áreiðanleg verðbréf, er á skömmum tíma megi koma í peninga.

Mér finst það gjörsamlega efalaust, að þessar gjörðir bankastjórnarinnar, að festa meiri hluta varasjóðsins í húsabyggingu, sem er lítt seljanleg, koma í bága við, ekki að eins orð, heldur einnig anda þessarar greinar, og óska eg því, að fá upplýsingu um, hvort bankastjórnin hafi leitað leyfis hæstv. landsh. til húsabyggingarinnar og fengið það, eða til annara t d. ráðgjafans fyrir Ísland eða hvort hún hafi gjört þetta upp á sitt eindæmi.

Jafnhliða þessu skal eg taka það fram, þar sem hæstv. landsh. gagnvart bankastjórninni hefir hið víðtækara vald, að geta svift starfsmenn bankans embætti, þá efast eg ekki um, að hann gagnvart bankastjórninni hafi hið minna

vald, að hindra það, að gjört sé það, sem kemur í bága við hag bankans eða reglugjörð hans, sem hún á að hlýða og hegða sér eftir.

Jafnframt þessu skal eg til athugunar benda á 32. gr. í lögum um stofnun landsbankans frá 18. sept. 1885, þar sem gjört er ráð fyrir, að ef bankinn leggist niður, skuli þær eignir, sem hann á, leggjast til landssjóðs, en aftur á móti á landssjóður að leysa inn alla seðla bankans með fullu ákvæðisverði. Varasjóður bankans á nú að vera trygging fyrir því, að landssjóður bíði ekki halla af ábyrgð sinni, en það sjá allir, að honum væri betra að hafa 100—120 þúsund kr. í verðbréfum en í lítt seljanlegu húsi, því að það er ekki líklegt, að landssjóður þurfi þetta hús, og hann gæti að minsta kosti bygt hentugra og stærra hús fyrir sama fé.

Viðvíkjandi sömu stofnun skal eg taka það fram, án þess að eg geri ráð fyrir, að hæstv. landsh. geti haft verulega áhrif á það, að peningavandræðin í bankanum eru ekki lítið að kenna miður heppilegri stjórn landsbankans. Ástæðan er sú, að á árunum 1896 og 97, og ef til vill í byrjun ársins 1898, hefir bankinn fremur ýtt undir spekulationsanda, sem var til, en sem hefði verið heldur heppilegra að draga úr en æsa; eg meina sérstaklega húsabyggingar í Reykjavík og kaup á þilskipum í stórhópum til Suðurlandsins. Þessa stefnu hefir bankinn talsvert róið undir, því verður ekki neitað, og ausið þannig út fé, vitaskuld gegn tryggu veði —annað segi eg ekki — svo að nú er hann ráðalaus að styðja aðra atvinnuvegi; þetta hygg eg miður heppilegt. Auk þess sem þetta hefir heft skynsamlegar framfarir í öðrum atvinnuvegum, hefir það komið þilskipaútveginum út á þann hála rekspöl, að fjölga skipum ár frá ári, en bankastjórnin hefir staðið að baki og stuðlað í þessa átt, og hefir þetta orðið til þess, að koma ofurkappi í þilskipaútgerðarmenn um fólk, með því að bjóða of hátt kaup, svo að þeir hafa boðið hærra, en þeir hafa staðið sig við, en þetta hefir aftur gjört það að verkum, að draga fólk um of frá öðrum atvinnuvegum. Þegar svo bankinn er búinn að festa fé sitt, og getur ekki lengur haldið þessa stefnu, verður stöðvun á öllu, og er því ástandið sem nú er, að nokkru leyti bankanum að kenna, því að hefði hann farið hyggilega að ráði sínu, þá hefði hann getað borið skjöld fyrir vandræðin, en nú er hann orðinn meðverkandi að því, að ástandið er verra, en tíðarfarið og aðrar kringumstæður hafa gjört það. Auk þess hefði bankinn sjálfsagt getað fyrirbygt nokkuð vandræðin með því, að haga sér eins og peningastofnanir í öðrum löndum, því það var skylda bankastjórnarinnar, að sjá fyrir, fremur öllum öðrum, þær breytingar á peningahag landsins, sem fara í hönd. Hefði bankastjórnin, eins og skylda hennar var, séð fyrir útstrauminn úr bankanum 1898—1899, átti hún í tíma að grípa til sama ráðsins og aðrar peningastofnanir: 1., að hækka vexti af útlánum, og þá hefðu þau minkað smámsaman, og 2., að hækka vexti af innlögum, því þá hefðu færri dregið fé sitt út úr bankanum.

Eg býst við að fá það svar frá hæstv. landsh., að slíku efni sé bankastjórnin kunnugri, og hann geti ekki skift sér af þessu eða haft áhrif á hana, og mun eg álíta slík svör á fullum rökum bygð, ef þau koma fram.

Landshöfðingi: H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, hvort ekki mætti koma því svo fyrir, að stjórnin gætti þess framvegis, og gerði sér sem mest far um í fjárlaga-

frumv. sínu að láta tekjuhliðina og útgjaldahliðina standast á. Í þessu sambandi benti hann á þann sið, sem sumstaðar tíðkaðist í útlöndum, að hækka og lækka tekjuskatta hvers fjárlagatímabils, til þess að fá jöfnuð á tekjur og útgjöld. Eg verð að svara því, að eg álít, að þetta gæti orðið bæði margbrotið og hættulegt fyrir landið. Það hefir hingað til verið fylgt þeirri reglu, að breyta ekki gildandi lögum með fjárlögunum, en þetta fyrirkomulag, sem h. þm. víkur að, yrði til þess. Eg get heldur ekki álitið eftir reynslu undanfarinna ára, að þingið, þó stjórnin legði fram frumv. til fjárlaga, þar sem tekjur og útgjöld stæðust á, mundi láta þann jöfnuð haldast, og það væri þó í meira lagi óviðkunnanlegt, að eftir því sem útgjaldahliðin hækkaði eða lækkaði við hverja umræðu í hvorri deild, þá færu föst skattgjöld að sama skapi upp eða niður. Það getur verið, að það mætti gera eitthvað í þá átt, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fór fram á, en eg álít það mjög vafasamt, hvort það sé samrímanlegt við stjórnarskrána, að vera að hringla þannig fram og aftur með gildandi lög. Eg skal líka um leið geta þess, að það hefir komið fyrir, og á sér að minsta kosti stað að því er snertir núgildandi fjárlög, að þar er skotið inn í á eftir tekjuhallagreinni (17. gr.) ýmsum stórum fjárveitingum, án þess að taka þær til greina við ákvörðun tekjuhallans, og álít eg undir slíkum kringumstæðum ekki gott að koma í gegn þeirri breytingu, er h. þm. fór fram á, að eg ekki minnist á fjáraukalögin og ýms ný lög, sem hafa stór fjárútlát fólgin í sér.

H. þm. gat þar næst um bráðabirgðalög frá 29. apr. 1898, er banna dönskum þegnum að veita liðveizlu ríkjum, sem þá áttu í ófriði. Mér skildist ekki á h. þm., að hann vildi finna að því, að þessi lög voru gefin út eða að þau hafa verið upphafin aftur með nýjum bráðabirgðalögum, heldur skildist mér það á honum, að hann aðallega vildi átelja, að þessi bráðabirgðalög hefðu ekki verið beinlínis lögð fyrir þingið, og bar þar fyrir sig 11. gr. stjórnarskrárinnar. Eg skal þá strax skýra frá því, að ef hér er galli á, þá er það mér einum að kenna, því eg hafði fengið bréf frá stjórninni um að gjöra þessi bráðabirgðalög kunn þinginu, en það skal eg játa að var yfirsjón hjá mér, að að eg að eins sendi þau bréflaust niður á skrifstofu alþingis með þeim huga, að þau væru lögð fram á lestrarsalinn og yrðu þannig þinginu kunn, í stað þess að réttara hefði verið að senda forsetum alþingis þau með beiðni um að leggja þau fyrir þingið, og mun eg sjá um, að úr þessu verði bætt.

Þá fór h. þm. mörgum orðum um bankann og beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort bankastjórnin hefði leitað leyfis hjá mér eða ráðgjafanum til að byggja þetta bankahús, sem nú er í smíðum. Eg skal þá svara þeirri spurningu svo, að bankastjórnin hefir hvorki leitað til mín né heldur ráðgjafans, að því er mér er frekast kunnugt, í þessu efni, enda er það mín skoðun, að hafi bankastjórnin sjálf ekki heimild til að byggja sér hús, ef hún álítur það nauðsynlegt, þá hafi hvorki eg né ráðgjafinn heimild í bankalögunum til að geta slíkt leyfi. Það er vitaskuld, að allur kostnaður við rekstur bankastofnunarinnar, þar með talið húsnæði, verður að greiðast af fé bankans, og sé hann húsnæðislaus, eins og átti sér stað í fyrra, af því honum var sagt upp því húsnæði, sem hann hingað til hefir haft, og sem þar að auki var allsendis ófullnægjandi, og geti

hann ekki fengið hæfilegt húsnæði leigt, þá hlýtur bankastjórnin að gjöra ráðstafanir til að byggja honum hús. Mér skildist það á h. þm., að honum þætti húsið of veglegt, og að hann ætlaðist helzt til að bankinn færi að byggja sér einhverja kytru utanvert í bænum, t. d. inni í Skuggahverfi. Eg lít svo á þetta, að úr því bankinn fer að byggja á annað borð, þá eigi hann heldur að byggja hús, sem geti nægt honum til frambúðar og sem geti orðið bæði honum og landinu til sóma, heldur en að vera að byggja einhverja timburkytru, og eg lýsi því hér með yfir, að ef eg hefði haft myndugleika til að leyfa eða banna bankastjórninni að byggja, þá hefði eg verið samþykkur henni í að byggja hús eins og þetta, sem er til prýðis og sóma. Bankinn hefir töluverð viðskifti við útlendinga, sem hér koma, og mér finst ólíkt viðkunnanlegra, ef þeir fara að spyrja um, hvar hann sé, að geta vísað þeim á fallegt hús í miðjum bænum, en ekki á einhverja kytru í úthverfum bæjarins. Hvað önnur ummæli h. þm. um stjórn bankans snertir, þá svaraði hann þeim sjálfur fyrir mína hönd. Eg hvorki vil blanda mér í ráðstafanir bankastjórnarinnar né heldur hefi vit á við hana í þeim efnum, og eg álít að þesskonar innblandanir oft gætu orðið til þess að leiða ilt eitt af sér.

Eitt var það enn í ræðu h. þm., sem eg ekki get verið honum samþykkur í, en það voru ummæli hans um bankastjórnina í sambandi við þilskipakaup. Hann sagði, að afskifti hennar af því máli hefðu miðað í þá stefnu, að vekja spekulationsanda hjá þjóðinni, og að það væri óheppilegt fyrir bankann, að binda fé sitt á slíkan hátt. Eg skal þá geta þess, að mér er kunnugt um, að alt það fé, sem lánað var til þilskipakaupa, er búið að borga inn aftur, svo það getur aldrei orðið því til fyrirstöðu að bankinn veiti mönnum lán til annara fyrirtækja. En eg verð að bæta því við, að eg álít ekki bankastjórnina ámælisverða, þótt hún fyrir sitt leyti hafi stuðlað að því, að fjölga þilskipum hér, því þar hefir hún beinlínis fylgt sömu stefnu og alþingi, sem á síðustu þingum veitti allmikið lán til þilskipakaupa, og álít eg enga ástæðu til að lá henni það, að hún fetar í fótspor löggjafarvaldsins. Eg tek það enn þá einu sinni fram, að það er engin þörf á því, að eg sé að verja bankann, því í þeim tilfellum, sem h. þm. nefndi, finn eg enga ástæðu til að blanda mér inn í dagleg störf hans.

Skúli Thoroddsen: Eg skal lýsa því yfir, að eg álít það góða reglu, sem hafin var á síðasta þingi, að minnast við 1. umr. fjárlaganna á ýmislegt, sem að einhverju leyti snertir fjárhag landsins eða aðgjörðir landsstjórnarinnar. Það er ætíð gott, bæði frá sjónarmiði þings og þjóðar, að slíkt komi fram, þó við auðvitað höfum ekki átt því að venjast hingað til, að aðfinslur við stjórnina bæru nokkurn verulegan árangur. Hinn h. sessunautur minn (Ben. Sveinsson), sem nú er ekki til staðar, hefir oft slegið því fram, að það væri í raun og veru enginn Íslandsráðgjafi til, og eg get vel tekið undir það með honum í vissum skilningi. Um þetta sannfærist eg einkum, þegar eg virði fyrir mér þau frumv., sem stjórnin nú hefir lagt fyrir þingið, því stjórnin hefir þar ekki átt upptök að neinu stórmáli, sem snertir hag landsins. Eg skal játa það, að stjórnin hefir að vísu lagt nokkur þýðingarmikil mál fyrir þingið, t. d. frv. um fjármál hjóna, um stofnun veðdeildar, skipun læknahéraðanna, og um sölu áfengra drykkja. Öll þessi mál eru mikilsverð, og það er lofsvert, að stjórnin hefir

lagt þau fyrir þingið, og álít eg mikla réttarbót að því, að þau fengju framgang; en um öll þessi mál er það þó að segja, að stjórnin hefir fyrst vakið máls á þeim, eftir að þingið hafði hafist máls á þeim að fyrrabragði, og eftir að sum þeirra hafa mörg ár staðið á dagskrá þings og þjóðar. — Að stjórnin á endanum vinst til þess, að taka slík mál að sér, það er að vísu gott; en það er ekki nægilegt til að fullnægja þeim skyldum, sem hvívetna annarstaðar er álitið aðal-hlutverk stjórnanna að fullnægja. Í öðrum löndum er það beinlínis álitin aðalskylda stjórnarinnar, að hafa vakandi auga á málum, sem snerta hag landsins og þjóðarinnar; en þetta hefir stjórn Íslands aldrei gert, og það er því í þessum skilningi, að eg verð að taka undir þau ummæli, að enginn Íslandsráðherra sé til. Sumir af atvinnuvegum landsins, t. d. landbúnaðurinn, hafa aldrei staðið ver en nú, og amar þar sérstaklega markaðsleysið að. Það liggur í augum uppi, að hér ber bráða nauðsyn til að finna einhver meðöl til umbóta, en það hefir stjórnin ekki gert sér neitt far um; hún hefir kannske ekki verið þessu kunnug, veit máske ekkert um það, þótt hvert mannsbarnið á Íslandi, sem komið er til vits og ára, finni til þess sáran. — Jú, það er annars ekki alls kostar rétt að segja, að stjórnin hafi ekkert hugsað um atvinnuvegina; eitt hefir hún þó gert, sem í minnum má hafa. Á síðasta þingi voru veittar 30,000 kr. til útlána til jarðabóta, og hefir sú fjárveiting hvívetna mælst einkar vel fyrir, en hvað gerir stjórnin? Hún strikar þessa fjárveitingu út, tekur hana ekki upp í fjárlagafrumvarpið, sem nú er fyrir þinginu. Þetta er allur hennar stuðningur!

Þá er einnig önnur atvinnugrein, sem eg vildi minnast á í þessu sambandi, og það er verzlunin á Íslandi. Öllum mönnum er kunnugt um það, að í þeirri grein ríkja hin mestu vandræði. Til þess að fá það fé, sem nauðsynlegt er til að reka verzlun, verða íslenzkir kaupmenn að snúa sér til útlanda, og taka þar lán gegn 6% vöxtum hjá stórkaupmönnum eða »commissionærum«, sem auk vaxtanna áskilja tíðast, að öll viðskiftin gangi gegnum sig, tryggja sér viss umboðslaun af upphæð erlendrar og innlendrar vöru, og binda viðskifti kaupmanna við borð á ýmsa vegu; og kemur það svo auðvitað niður á íslenzkri alþýðu. Hvað gerir nú stjórn Íslands til að bæta úr þessu? Ekkert að gagni. Jú, hún leggur að vísu fyrir þingið frumv. um stofnun veðdeildar í landsbankanum, en það er hvorttveggja, að sú ráðstöfun er allsendis ónóg til þess, að gefa landsbankanum það fjárafl, er leyst geti ísl. verzlun úr læðingi, enda er hugmyndin um stofnun veðdeildarinnar upphaflega ekki komin frá stjórninni, heldur frá þinginu, og það er fyrst, eftir að þingið hefir haft mál þetta á prjónunum í fleiri ár, að stjórnin hefir tekið það að sér.

Ef vér lítum á sjávarútveginn, þá verðum vér að játa, að ástandið er þar ekki öllu glæsilegra; en þó hefir engin tilraun frá stjórnarinnar hendi komið fram, sem miði til þess að bæta það. Reyndar var á síðustu fjárlögum gefinn kostur á lánum úr landssjóði til þilskipakaupa, og stjórninni hefir farizt það betur við sjávarútveginn en við landbúnaðinn, að hún hefir þó látið það ákvæði standa í fjárlagafrumv., en þar með er líka búið.

Þá er og enn eitt nauðsynjamálið, sem áður hefir verið bent á hér á þinginu, og það er fasteigna-, og sérstaklega fossasalan til útlendinga. Öllum

ber nú orðið saman um það, að í fossunum hér á landi liggi miklir fjársjóðir, að þeir séu það lyftiafl, er hafið geti þjóð vora í framtíðinni á æðra stig velmegunar og menningar. Menn hefðu því mátt vænta þess, að stjórnin gerði eitthvað til að sporna við því, að fossarnir hér á landi kæmust í hendur útlendinga. En stjórnin hefir auðsjáanlega aldrei haft auga fyrir þessu, fremur en mörgum öðrum nauðsynjamálum hér á landi.

Frá mínu sjónarmiði eru Íslendingar illa farnir, að eiga ekki betri stjórn en nú er, og því verð eg að segja það, þó það þyki kanske hart, að eg álít slíka stjórn vera meiri landplágu en nokkurt Heklugos. Það þykir flestum hart, að það skuli ganga um 157,000 kr. árlega í ómagaframfæri hér á landi, en er það þó ekki smáræði gegn öllu því ómetanlega tjóni, sem það bakar þjóðinni, að eiga við framtakslausa stjórn að búa, sem lætur mestu nauðsynjamálum þjóðarinnar ósint vera ár frá ári? Vissulega hygg eg, að svo megi segja.

En maður skyldi nú kanske halda, að stjórnin, þótt hún ekki vildi sinna atvinnumálum vorum, væri þá framúrskarandi að öllu öðru leyti, en sé svo, þá fer henni þó furðu vel að dylja það.

Eitt vildi eg ennfremur minnast á í sambandi við stjórnarfrumv., og það er málið á þeim. T. d. má geta þess, að málið á frumv. um fjármál hjóna var svo óíslenzkulegt og óskaplegt, að nefndin í Ed. varð að verja töluverðum tíma til að koma því á skiljanlega íslenzku. Þingið, sem margsinnis hefir sýnt það, að það lætur sér ant um rétt og sóma tungu vorrar, hlýtur að heimta það af stjórninni, að hún vandi sig betur, að því er málið á þeim frumv. snertir, sem hún leggur fyrir þingið. Eg vil geta þess um leið, að það eru að vísu fleiri þýðingar fljótfærnislegar en þær, sem koma frá stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn; þær, sem koma af landshöfðingjaskrifstofunni, hafa sumar reynst litlu betri eða vandaðri, svo sem hreyft hefir verið í blöðunum, og er eg þess albúinn, að nefna þessa dæmi, ef þurfa þykir. Eg hefi leyft mér að benda á þetta, af því það er atriði, sem þyrfti að lagfæra.

Eg vil enn drepa á eitt atriði, sem eg gjarnan vildi beiðast upplýsingar um hjá hæstv. landsh., og er það mál, sem snertir réttarfarið á Íslandi. Því er þannig varið, að mál var höfðað gegn presti einum á Norðurlandi, og honum var vikið frá embætti, en hæstiréttur sýknaði hann. Þrátt fyrir það hefir hann ekki enn verið settur inn í embættið aftur. Eg hefi auðvitað frétt, að nýtt mál hafi verið höfðað á móti þessum manni, prófastinum í Norður-Þingeyjarsýslu, og að hann hafi verið dæmdur í héraði í lítilfjörlegar sektir. En nú vildi eg beina þeirri spurningu til hæstv. landsh.: Hvað hugsar stjórnin sér að gera í þessu efni? Hvað lengi ætlar hún að draga það, að synja prófasti þessum þess sjálfsagða réttlætis að setja hann aftur inn í embættið? Embættismenn landsins, hvort það eru prestar eða aðrir, eiga heimting á að tekjur þeirra séu ekki skertar meir eða lengur, en nauðsyn ber til, í þess konar tilfellum. Eg ímynda mér t. d. að hæstv. landsh. þætti það hart, ef stjórnin hefði vikið honum frá embætti um stundarsakir, og höfðað gegn honum sakamál, — segjum t. d. út af því, að skýrsla sú, er hann gaf alþingi í hitteðfyrra í embættisnafni, um vilja ráðherrans í stjórnarskrármálinu, hefði eigi verið alls kostar sönn og rétt —, eg ímynda mér, að honum þætti það hart, að þurfa að bíða þess lengi, að vera settur inn aftur í embættið, ef hann

hefði verið sýknaður. En því er miður, að menn gleyma of oft þeirri mannúðarreglu, að það sem menn vilja að aðrir geri við sig, það skulu þeir líka gera öðrum. Eg skal líka í þessu sambandi minnast á aðra sakamálsrannsókn úr minu kjördæmi, sem hefir vakið mikið umtal. Því máli víkur svo við, að í síðastl. maímánuði urðu bæjarfógetinn á Ísafirði og sænsk-norski vísi-konsúllinn á Ísafirði eitthvað saupsáttir á skrifstofu bæjarfógetans, en þeir jöfnuðu það þó sín á milli á þann hátt, að konsúllinn afsakaði framkomu sína gagnvart bæjarfógetanum opinberlega, gekk góðfúslega inn á að borga sekt til bæjarsjóðs, og menn vissu svo ekki annað, en alt væri klappað og klárt. En hvað verður svo? Eftir einhverjum lausafregnum, sem höfðu borist um þetta, hleypur amtmaður til og skipar að höfða sakamálsrannsókn gegn vísi-konsúlnum, og kveður til þess setudómara úr annari sýslu. — Þegar þetta fréttist vestur, urðu flestir forviða á slíku tiltæki amtmanns, sem fyrirsjáanlegt þótti, að ekki leiddi til annars en þess, að auka landssjóði kostnað, þar sem ekki var um annað að ræða en deilu tveggja manna, sem engir vottar voru við staddir, og þar sem annar segir: »Þú réðist á mig« og hinn: »Þú réðist á mig«. Þessi sakamálsrannsókn er því fyrirskipuð að eins eftir slúðri og þvættingsfréttum og mér þykir það lýsa fljótfærni hjá amtmanni, að fara að skipa sakamálsrannsókn út af öðru eins, og án þess að leita umsagnar bæjarfógetans á Ísafirði, sem komu þessar tiltektir amtmanns mjög óvart, ofan í gjörðar sættir. Eg veit að hæstv. landsh, muni segja, að rannsókninni sé ekki lokið enn, svo að máli þessu sé hér of snemma hreyft, en mér finst þessi aðferð yfir höfuð að tala svo ósamboðin þeim mönnum, sem eiga að gæta réttvísinnar, að eg hefi talið mér skylt að koma fram með þetta hér.

Hér hefir verið minst á bankann, og skal eg eigi fara langt út í það. Það var að eins eitt, sem eg vildi benda á í þessu sambandi, og það var viðvíkjandi endurskoðuninni á bankareikningunum. Það er ákveðið í bankalögunum, að lh. skuli skipa endurskoðunarmann, en þetta hefir farið á þann veg, að það má nú orðið skoða endurskoðunarstarfið sem nokkurskonar fastan aukabita við landritaraembættið. Þetta hefir fráleitt verið tilgangur bankalaganna, og sérstaklega var þetta all-óviðkunnanlegt meðan sá maður sat í landritaraembættinu, sem var mjög nákominn bankastjóra. Og þó að sá maður, er nú gegnir landritaraembættinu, sé ekki í neinum slíkum skyldleika við bankastjóra, fæ eg þó ekki betur séð, en að þessi tilhögun sé óviðfeldin, af því að landritari, samkvæmt embættisstöðu sinni, á að gjöra tillögur um mál, sem lh. síðar leggur úrskurð á. Sem landritari á hann því að gjöra tillögur um það, sem hann sjálfur hefir gjört sem endurskoðunarmaður, og finst mér með þessu fyrirkomulagi missast eigi all-lítið af tryggingunni fyrir góðri endurskoðun og röksamlegum úrskurðum. Eg hefi einnig heyrt það, að hinn núverandi landritari hafi embættisanna sinna vegna þurft að fá sér aðstoðarmann, sem hafi svo fengið sérstaka þóknun af fé bankans fyrir að endurskoða reikningana. Sé þetta satt, og það hefi eg enga ástæðu til að efa, þá sé eg ekki betur en að þessi ráðstöfun lh., að sameina endurskoðunarstarfið við landritaraembættið, hafi beinlínis orðið til þess, að baka bankanum óþarfan kostnað.

Þá skal eg lítið eitt minnast á holdsveikraspítalann. Því var spáð, að hann

mundi verða dýr stofnun, og eg held að sú spá ætli að fara að rætast, því nú er farið fram á að veita til hans 29—30,000 kr. Um þetta væri ekkert að segja, ef það væri nauðsynlegt til að hjúkra þeim vesalingum, sem þar liggja, en eftir því sem eg hefi heyrt, þá er það víst ekki ofsagt, að stjórn spítalans horfi ekki í skildinginn. Á fjárlögum þeim, er fyrir þinginu liggja, er t. d. farið fram á 4600 kr. fjárveiting til eldsneytis, auk þess sem farið er fram á til ljósmetis, og eru fjárkröfur þessar miðaðar við það, sem brúkað var frá því er spítalinn tók til starfa og til síðustu ársloka. Sýnist þetta að sanna þær sögur, sem af spítalanum fara, að ekki sé alt keypt svo sparlega eða hyggilega til hans, sem skyldi; það er t. d. fullyrt, að öll mjólk til spítalans sé keypt í Viðey fyrir 18 aura potturinn, þar sem þó hægt sé að fá hana ódýrari, þar sem um svo mikil kaup er að ræða. En það mun þykja ósæmilegt að minnast á það hér, sem þó er altalað í bænum, að þetta hljóti þó svona að vera, og komi til af því, að bóndinn í Viðey er venzlaður ráðsmanninum, sem kvongaður er dóttur hans. En úr því eg nefndi ráðsmanninn, þá álít eg líka rètt að láta það koma fram, að í augum almennings var veiting þeirrar sýslunar við holdsveikraspítalann alveg hneykslanleg, þar sem margir sóttu um þessa sýslan, sem voru alkunnir fyrirhyggju- og ráðdeildarmenn, en hún var þó engu að síður veitt uppgjafakaupmanni, sem í augum almennings hafði þá einu verðleika, að konan hans var skyld veitingarvaldinu. Eg skal svo ekki að sinni fara út í fleira viðvíkjandi holdsveikraspítalanum, því eg býst við að þessu máli mínu verði hreyft frekar hér í dag.

Landshöfðingi: Eg varð ekki var við að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) í allri sinni löngu ræðu óskaði upplýsinga hjá mér um annað en það, hvernig á því stæði, að eigi væri búið að setja Halldór prófast Bjarnarson í Presthólum aftur inn í embætti sitt. Reyndar svaraði h. þm. sér sjálfur með því að að segja, að það mundi vera af því, að nýtt sakamál hefði verið höfðað gegn presti þessum; og það var rétt til getið. Eg hefi enn ekki fengið neina tilkynningu um, hvað þessu nýja máli líður. En það veit eg, að það er ekki komið enn svo langt áleiðis, að presturinn verði settur að svo stöddu inn í embættið aftur. Það verður þó að minsta kosti að bíða eftir úrslitum þeim, sem málið fær í landsyfirréttinum. En þess skal eg geta, að eftir skýrslu að dæma, sem eg hefi fengið um hið nýja sakamál, þá er það alt annað en álitlegt eða svo vaxið, að ástæða sé til að setja prestinn inn í embætti, áður en dómstólarnir hafa fjallað um það.

Þá skal eg víkja að því, af því að það er ekki nýtt hjá h. þm. (Sk. Th.), að hann ber það fram, að eg hafi skýrt rangt frá efninu í bréfi ráðgjafans frá 31. maí 1897; eg lýsi þetta ósannindi, og skora á h. þm. (Sk. Th.) að sýna það og sanna, að eg hafi sagt nokkuð, sem komi í bága við áminzt bréf.

Tryggvi Gunnarsson: Eg þarf í raun og veru ekki að standa upp til að bera hönd fyrir höfuð bankastjórnarinnar, því að hæstv. lh. hefir svo fyllilega svarað ræðu h. þm. V. Sk. (Guðl. G.), en eg skal viðurkenna það, að hvorki landshöfðingi né ráðgjafi Íslands hafa beinlínis gefið leyfi til bankabyggingarinnar. Eg talaði bæði við hæstv. lh. og ráðgjafann um, að nauðsyn bæri til að byggja nýtt bankahús, og leitaði álits þeirra, hve mikið fé mundi ganga til þess, en sem sagt, eg fekk hjá hvorugum ákveðið svar, hvorki já eða nei.

Það sem knúði bankastjórnina til þess að vinda bráðan bug að byggingunni var bæði það, að bankinn gat ekki fengið lengur að halda húsnæði því, sem hann hefir haft, og svo var einnig það húsnæði orðið ófullnægjandi, bæði fyrir verkamenn bankans og lántakendur, sem þurftu að tala við bankastjórnina. Einkum rak það eftir að fá stærra og betra pláss, að ómögulegt var að láta bókarann fá nægilega hjálp vegna plássleysis, en hann komst ekki yfir einn að gjöra það sem gjöra þurfti. Og þeir, sem hafa þurft að tala við bankastjórnina, þekkja hve óþægilegt var að tala við hana í margra áheyrn. Pláss það, sem bankinn hefir haft, hefir þannig verið jafnóhentugt fyrir verkamenn bankans, stjórnina og viðskiftamennina. Það var því ekki hægt að komast af lengur án þess að byggja.

Á þinginu 1897 urðu umræður um að byggja stórhýsi, sem mætti hafa fyrir bankahús og pósthús, og við þær umræður komu engin mótmæli fram gegn því að þörf væri á nýu bankahúsi. Alt þetta leiddi til þess, að bankastjórnin réðist í að byggja hús handa bankanum, og af því hún var í raun og veru ekki bundin við neina fasta fjárupphæð, er hún skyldi verja til byggingarinnar, áleit hún heppilegra að byggja hús, ekki fyrir fáa áratugi, heldur hús, er mundi nægja fyrir alda og óborna, eða með öðrum orðum, hús þannig úr garði gjört, að ekki þyrfti að hlaupa í að stækka það, þótt viðskiftalíf vort tæki miklum framförum, og starfsvið bankans ykist stórum. Þetta er ástæðan til þess, að húsið er komið upp eins og það er nú.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um, að landssjóður ætti að bera ábyrgð á því, ef bankinn ekki gæti staðið í skilum, og miklu af varasjóði bankans væri nú eytt í óseljanlega og óþarfa byggingu, og sagði, að landssjóði hefði verið miklu hentugra að hafa 120,000 kr. í skuldabréfum að grípa til, til þess að borga með skuldir bankans, en reyndar kostar þessi nýa bygging bankans ekki nema $^2/_3$ hluta af upphæð þeirri, er h. þm. nefndi. Eg veit ekki almennilega hvað h. þm. meinti með þessu, að bankabyggingin sé og verði óþörf, hvort hann álítur að landið muni komast af án banka í framtíðinni og bankahúss, svo til þess komi að þurfi að selja húsið, eða að hann telur húsið svo óhentugt, að ekki sé hægt að nota það fyrir bankahús. Eg hugsa mér framtíð landsins svo, að það geti ekki án banka verið og þurfi því að eiga hús fyrir hann, en hvað tilhögun snertir á hinu nýbygða húsi, þá vona eg að það bæði reynist hagkvæmt og traust fyrir banka landsins og ekki til vansæmdar fyrir hann né landið í næstu 100 eða 200 ár.

Þá ásakaði h. þm. (Guðl. G.) bankastjórnina fyrir það, að hún hefði stuðlað að því, að spekulation hefði aukist í landinu. Fyrir þetta finst mér hún heldur eiga hrós skilið en last. Það var heppilega og rétt að orði komizt hjá hæstv. lh., þar sem hann sagði, að bankinn hefði eigi gjört annað en feta í spor alþingis að því leyti, sem hann hefði stutt að eflingu þilskipakaupa og sjávarútvegsins. Vér vitum, að alþingi hefir tvisvar áður veitt stór lán til þilskipakaupa, og enn er í fjárlögunum fyrir næsta fjárhagstímabil ákveðin 30,000 kr. upphæð, er lánuð skuli með mjög vægum kjörum í sama tilgangi. Eg álít að bankinn eigi miklu fremur þökk en vanþökk skilið fyrir það, að hann vill leitast við að efla atvinnuvegina. Eg játa það, að einum 10—12 þilskipum mundi hafa verið færra við Faxaflóa, ef bankinn hefði ekki styrkt menn til skipakaupanna. En með þessu hefir

hann stutt að því, að 200 manns hafa fengið atvinnu, sem annars hefðu setið í landi, og jafnframt hefir skipastóllinn við Faxaflóa talsvert batnað við mörg stór og góð skip, sem bankinn hefir verið hjálplegur mönnum að kaupa.

En auk þessa álít eg, að lánveitandanum komi ekki við, til hvers lánþiggjandinn ver lánsfénu; þegar lántakandi býður nægilegt veð, og bankinn hefir þá næga peninga til, þá álít eg ekki næga ástæðu fyrir bankann að neita. Eg játa það, að rétt sé að styrkja jöfnum höndum landbúnað og sjávarútveg, enda má sjá það á skýrslu þeirri, sem eg hefi, mönnum til hægðarauka, sett í almanak Þjóðvinafélagsins, að bankinn hefir engu minna lánað til landbúnaðar og móti fasteignarveðum til sveitabóndans, en þeim, sem auka þilskipaeignina, en sá er munurinn, að lánið stendur hjá sveitabóndanum, en þeir, sem lán fengu til skipakaupa, hafa nú greitt hvern eyri af því láni.

Það hefir verið talað um, að hinn fyrirhugaði hlutafélagsbanki mundi stórum styðja verzlunina. Þessi banki hefir líka viljað gera það; hann hefir átt stórar upphæðir hjá innlendum kaupmönnum og á enn; hann hefir viljað styðja jöfnum höndum landbúnað, sjávarútveg og verzlun. En af því að hann hefir haft yfir svo litlu fé að ráða, þá hefir hann ekki getað stutt neitt af þessu til hlítar. Það er auðséð, þegar litið er á starfsfé bankans, hve ófullnægjandi það hlýtur að vera til að bæta úr öllum þörfunum. Eins og kunnugt er, þá er stofnfé hans einar 500,000 kr. í seðlum; auk þess er varasjóðurinn nú um 200,000 kr., en honum má ekki verja til útlána. Mikið af veltufé bankans eru einmitt sparisjóðsinnlög, en það er auðsætt, hve varúðarvert er að binda nokkuð að mun af því í útlán með 10 ára afborgunarfresti; til þess verður helzt gripið til þess að veita af því ábyrgðarlán eða til að kaupa fyrir það víxla, þar sem inneignamenn sparisjóðsins geta, eftir ákvæðum hans, heimtað eign sína samdægurs eða með litlum fyrirvara. Ef bankinn hefði haft $1^1/_2$ miljón í stofnfé, þá hefði hann getað gjört mun meira, en hann verður eins og aðrir að sníða sér stakk eftir vexti.

H. þm. V. Sk. (Guðl. G.) tók það fram, að bankastjórnin hefði ekki verið nógu framsýn, að sjá ekki peningaþröngina fyrir, og kvað hann að hún hefði átt að reyna að draga úr lánbeiðnum í tíma. En h. þm. getur verið þess fullviss, að hún sá það, sem allir aðrir landsmenn sáu, að um leið og fjársalan til Englands teptist, hlytu peningar að þverra í landinu. En þótt bankastjórnin sæi þetta, þá er eg alveg á móti því, að rétt hefði verið af bankastjórninni að hækka vexti í bankanum, því að auðséð var, að það hefði leitt til þess að spilla fyrir öllum þeim, sem lánþurfar voru; um leið og bankinn hækkaði rentuna, þá var sjálfsagt að hún hefði hækkað manna á meðal. Margir hafa sagt hið sama við mig, sem h. þm. nú bar fram, að það væri merkilegt, að bankinn skyldi ekki hafa hækkað rentur hjá sér, en fyrir mér hefir það vakað, að bankinn skyldi ekki verða sá, sem fyrst gæfi tilefni til þess, að renta hækkaði í viðskiftum manna á meðal, en verið getur að þingið renni á vaðið, ef frv. um veðdeildina verður samþykt og rentan af verðbréfunum sett $4^1/_2$ %.

Eg verð því að svo stöddu að halda því fast fram, að bankinn eigi þakkir skilið af almenningi fyrir það, að hann gaf ekki tilefni til að renta hækkaði, og að langt sé frá að hann sé ásökunarverður fyrir það.

Það var eins hægt að setja stýflu

fyrir ofmikil lán, með einu neii til lánbeiðenda, eins og með því að setja háar rentur, og með því fæla menn frá lántöku.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal taka undir það, að eg get yfir höfuð látið ánægju mína í ljósi yfir aðgjörðum h. fjárlaganefndar, yfir því hve varlega hún hefir farið og hve mikið tillit hún hefir tekið til ástandsins í landinu. En um þetta skal eg ekki fjölyrða, heldur víkja máli mínu að nokkrum aðgjörðum stjórnarinnar og þar á meðal embættisskipunum hennar og eftirlaunaveitingum.

Fyrst skal eg nú minna á það, hve sorglega lítið far stjórnin gerir sér um að undirbúa mál vor undir þing. Skal eg þar nefna að eins eitt mál, af því að það er töluvert þýðingarmikið og áhugamál margra og meðal annars bar það á góma á þingmálafundi í kjördæmi mínu. Þetta mál er málið um stofnun innlends brunabótafélags. Þingið hefir áður tekið mál þetta fyrir, en af því að það hafði ekki næga þekkingu til að leiða það til lykta, fór það þess á leit við stjórnina að hún undirbyggi málið. Það eru nú liðin 4 ár síðan, en ekkert svar þó komið. Reyndar hefi eg heyrt því fleygt, að vér munum geta vænt einhvers svars nú fyrir þinglok, en það er nokkuð seint. Mér er dálítið kunnugt um gang málsins, því að sem þingmaður áleit eg mér skylt að fara til stjórnarinnar og grenslast eftir um það. Fekk eg þá að heyra, að fyrir 3 árum hefði stjórnin skrifað brunamálastjóra einum í Danmörku til að leita upplýsinga hjá honum, en ekkert svar fengið og látið svo þar við sitja. En við það að eg hreyfði málinu, mun því nú að nýju hafa verið gaumur gefinn af stjórninni. Þetta seinlæti stjórnarinnar má virðast harla leitt, og auk þess mjög efasamt, hvort það sé heppilegur vegur að leita upplýsinga aðeins hjá einum brunamálastjóra og það einmitt þeim, sem stendur fyrir því brunabótafélagi, sem Reykjavík skiftir við og sem því varla getur verið með öllu óvilhallur maður, þar sem Ísland stendur í svo nánu brunamála sambandi við félag hans, og hann því af mjög eðlilegum ástæðum sjálfsagt ekkert áfram um að það rofni. Fyrir oss er málið allþýðingarmikið, því að það er rétt, sem h. þm. Borgf. sýndi fram á, að úr Reykjavík einni hefir gengið stórum meira fé út úr landinu í brunabótagjald en inn hefir komið í brunabætur og þegar allt landið er tekið, þá hlýtur hér að vera um stórfé að ræða.

Það er auðvitað, að hér er um vandamál að ræða, en því fremur hefði stjórnin átt að gjöra sitt til að styðja þingið í því að koma því áfram. Það hlýtur því að vera óánægjuefni fyrir þing og þjóð, hvílíkt tómlæti stjórnin hefir sýnt í máli þessu.

Í fjárlögunum er farið fram á að gjöldin til póststjórnarinnar séu töluvert hækkuð. Þessi hækkun er sjálfsagt nauðsynleg, og hæstv. landsh. lét í ljósi ánægju sína yfir því, að tillögur stjórnarinnar hefðu verið teknar til greina. Þó er eitt atriði hér, sem eg vildi fá upplýsingar um, það er um húsnæði póstmeistarans. Eins og kunnugt er, veitti síðasta þing fé til að kaupa pósthús og hafði það svo ríflegt, að nægilegt húsrúm hefir orðið afgangs til þess að póstmeistari gæti haft bústað í pósthúsinu, enda er sú raunin á, að hann býr þar nú. En nú er þess eigi getið í fjárlögunum, hvort póstmeistari eigi að hafa þar ókeypis bústað eða ekki. Eg þekki ekki lagaheimild fyrir því, að póstmeistarinn eigi að sjálfsögðu að

hafa ókeypis bústað, og af því að eg býst við, að hún sé ekki til, þá þarf að taka þetta fram, sé það tilætlunin að hann búi leigulaust, eins og vel má vera að rétt sé, og að það sé ekki ofmikið þótt hann hafi ókeypis bústað í viðbót við laun sín. En að þetta sé gert svona þegjandi er meira en óviðkunnanlegt, það er ófært.

Enn er eitt atriði, sem eg veit að mörgum þykir athugavert í stjórnarfarinu, og það er það, hve margir ungir embættismenn hafa komist á eftirlaun. Bæði þjóð og þing óskar þess, að eftirlaunin séu lækkuð eða jafnvel afnumin með öllu. Hér stendur þjóð og þing gagnvart stjórninni, sem ekki vill lækka eftirlaunin, og þó eg hallist þar meira að skoðun stjórnarinnar, þá sýnist það engan veginn rétt af stjórninni, þar sem afstaðan er þannig, að æsa þjóðina enn meir móti sér með því að demba ungum mönnum upp á eftirlaun; slíkt hlýtur að verða til þess að spilla góðri samvinnu milli stjórnarinnar og þjóðarinnar, sem heldur fast við það, að eftirlaunabyrðinni sé létt á sér. Það lítur sérstaklega svo út, sem það ætli að færast í vöxt, að sýslumenn komist ungir á eftirlaun; þannig er um sýslumanninn úr Norður-Múlasýslu og þar mun almenningur líta svo á, að efasamt hafi verið, hvort stjórnin hefði átt að veita honum eftirlaun án aðgjörða þingsins eða dómstólanna. Þá mun og mörgum sýnast það ástæðulítið, að farið var að setja sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu á eftirlaun. Nú stendur það til að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu komist á eftirlaun á unga aldri, og fara þó þær sögur af embættisfærslu hans, að spursmál mun þykja, hvort hann hafi rétt til eftirlauna. Þá hefir einn ungur læknir nýlega verið settur á eftirlaun; það er mælt að klögun hafi vofað yfir honum, en stjórnin flýtt sér að veita honum lausn, svo að hann fengi að njóta eftirlauna.

Það er harla óheppilegt, ef stjórnin misbrúkar rétt sinn til að setja menn á eftirlaun, einkum nú, þegar eftirlaunaspursmálið er deiluefni milli þings og stjórnar. Stjórnin ætti að vera svo varkár í þessu máli, að í öllum vafatilfellum láti hún eftirlaunaspursmálið koma til úrslita þingsins eða dómstólanna.

Það virðist vera töluvert samband milli þess, hve ungir ýmsir embættismenn láta af embættum, og hinu, að stjórnin sé ekki nægilega kostgæfin að vanda embættismannavalið. Hún virðist ekki sem skyldi hafa tekið tillit til þess, hvort embættismennirnir hafi verið reglumenn eða eigi. Ætti hún þó sérstaklega nú að taka tillit til þess, þar sem þing og stjórn hafa tekið höndum saman til þess, að berjast gegn ofdrykkjunni. Stjórnin þyrfti þar eins og í öðru, að minnast þess, að »hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það«.

Það var kunnugt um þenna héraðslækni, sem eg nefndi áðan, að hann var mjög mikill óreglumaður áður en honum var veitt embættið, enda varð sú raunin á, að hann varð að leggja niður embættið eftir örfárra ára þjónustu; og því miður er þetta ekki eina dæmið þess, að alkunnum óreglumönnum hafi verið veitt embætti, og nú hefir það heyrst, að enn ein embættisveiting sé á ferðinni, þar sem óreglumaður muni verða tekinn fram yfir reglumann. Þetta segi eg til athugunar fyrir stjórnina.

Enn er veiting einnar sýslanar, sem veitt hefir verið á þessu fjárhagstímabili, sem hneykslað hefir margan mann; það er málfærslumannssýslanin við landsyfirréttinn. Það er kunnugt, að sá maður, sem því starfi gegnir,

þarf að hafa ýms viðskifti við útlendinga, og að þeir fela honum ýms peningamál á hendur; það er því mjög undir því komið, að sá maður sé áreiðanlegur reglumaður, því að útlendingar geta varla gjört ráð fyrir, að öðrum manni sé skipað í þá stöðu, og því sé óhætt að leita aðstoðar hans í fjársökum. Ef hann nú reyndist miður, þá gæti slíkt komið óorði á landið og embættisstétt þess erlendis. Að sjálfsögðu er það líka mjög áríðandi fyrir landsmenn, að málfærslumennirnir séu áreiðanlegir menn, en það er einkum sú hlið málsins, sem að útlendingum veit, er eg hefi nú viljað taka fram.

Þegar málfærslumannssýslanin var veitt síðast, þá var meðal annara í boði maður, sem áður hafði gegnt þeirri sýslan og reynst vel, og auk þess alkunnur að áreiðanleik og reglusemi, en þó var tekinn fram yfir hann maður, sem hefir orð á sér fyrir að vera fremur óreiðumaður í fjársökum. Eg veit ekki, hvernig stjórnin fer að réttlæta þetta, og þar sem þjóðin á að launa embættismönnum sínum og sýslanamönnum, þá er full ástæða fyrir þingið að skifta sér af því, hverjir í embættin eru skipaðir og hvernig þeir rækja þau.

Eg skal svo að sinni ekki fara lengra út í þetta mál, en óska upplýsinga viðvíkjandi bústað póstmeistarans, og ber það undir hæstv. landsh., hvort eigi sé rétt að taka það fram í fjárlögunum, að hann skuli hafa ókeypis bústað, ef sú er meiningin, og hann að öðru leyti hefir þó ekki lagaheimild fyrir honum.

Landshöfðingi: H. þm. Vestm. (V. G.) mintist fyrst á brunabótamálið, og vildi gjarnan vita, hvaða position stjórnin hefði tekið í því máli, en eg veit ekki betur en öll skjöl því viðvíkjandi séu þegar prentuð í Stjórnartíðindunum, og skal eg gjarna láta útbýta þeim.

En hvað því viðvíkur, að póstmeistarinn búi í pósthúsinu, þá óskaði þingið að fá barnaskólann keyptan, og eg held að nokkru leyti af því, að þar var til íbúð, enda er alveg nauðsynlegt að póstmeistarinn búi í pósthúsinu vegna margs. Ef t. d. skip koma á næturþeli, þá er hann vakinn upp um hánótt, og því lang-eðlilegast, að hans sé að leita í pósthúsinu. Hins vegar get eg játað það, að réttara væri að taka það fram, að póstmeistarinn skuli hafa frían bústað í pósthúsinu, en væri slíkt ákveðið með lögum, mundi hann óefað geta gjört hærri kröfur til húsnæðis, þar sem hann nú hefir einungis 3 lítil herbergi, en mér skyldi þykja vænt um, ef fjárlaganefndin vildi taka fram, að hann skyldi hafa frítt húsrúm til afnota.

Þá mintist h. þm. Vestm. (V. G.) á það, að stjórnin væri gjörn á að veita mönnum lausn frá embætti, og það á unga aldri, eða jafnvel ýtti undir þá með að gjöra það.

En hvað viðvíkur sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, sem hann nefndi sérstaklega til, þá var ómögulegt fyrir stjórnina, eftir þeim læknisvottorðum, sem þeir höfðu, að neita þeim um lausn, og það með eftirlaunum. Því síður er nokkur hæfa fyrir því, að læknirinn í Barðastrandarsýslu hafi verið látinn segja af sér, til þess að forðast kæru, að minsta kosti hefi eg ekki séð neina kæru eða heyrt getið um að von hefði verið á slíkri kæru, en aftur á móti hafði hann vottorð frá mjög áreiðanlegum embættislækni um að hann liði af 2—3 hættulegum sjúkdómum, og það var áreiðanlegt, að hann gat ekki þjónað sínu

héraði sökum heilsubrests, svo eg get ekki séð neina ástæðu til að bregða stjórninni um, að hún veiti lausn frá embætti án lagaheimildar, eða jafnvel ýti undir menn til að sækja um lausn.

Viðvíkjandi því, að stjórnin veiti óreglumönnum embætti, þá er ekki svo gott að geta séð fyrir því, eða dæmt um það. Skoðanir manna eru svo misjafnar á því, hvað kallast megi óregla eður ekki. Og þó brytt hafi á einhverri óreglu hjá manni, áður en hann kom í embætti, þá er alls ekki sagt nema þeir geti lagt hana niður, þegar þeir koma í embætti, eða fá áríðandi starfa á hendur. En hins vegar er ómögulegt að girða fyrir, að menn kunni, eftir að þeir eru komnir í embætti, að leggjast í óreglu, svo úr verði veikindi, eða að eitthvað fari í ólagi. Fyrir slíku getur stjórnin aldrei fengið nægа tryggingu. En að því er sérstaklega snertir prokuratorssýslanirnar, þá skal þess getið, að þær tvær sýslanir voru veittar í einu, svo eg veit ekki hvorn h. þm. Vestm. (V. G.) meinar með þessum óreiðumanni, sem hann var að tala um. En mér fyrir mitt leyti er ekki kunnugt um, að þeir séu neinir óreiðumenn í peningasökum, svo þeim t. d. sé ekki trúandi til að innheimta peninga, og eg veit ekki til að það hafi nokkurn tíma komið í bága.

Um annan þessara manna get eg líka sagt það, að hans umsókn gekk aldrei gegnum mínar hendur, þó það annars geti ekki komið hér til greina.

Guðjón Guðlaugsson: Það er gamalt máltæki, að það er ekki minni vandi að gæta fengins fjár en afla þess, og eins er með stjórnina, að gæta fjár þessa lands. Mér dettur að vísu ekki í hug, að stjórnin geti betur en aðrir menn, svo að hún geti gjört svo öllum líki, en einmitt þess vegna álít eg, að ekki þurfi að skoða sem neinar ávítur, þótt minst sé á nokkur atriði.

Þá vildi eg fyrst vekja athygli á þeim fjárveitingum, sem gjörðar eru án hennar lagaheimildar, t. d. til vegabóta. — Þegar við komum heim af þinginu, þá fáum við stundum ákúrur fyrir, að við séum nokkuð »flott« á fjárveitingum. Getur verið, að svo sé stundum, en stundum er það á alls engum rökum bygt, en það er líka hægra að forsvara það, ef maður getur sýnt fram á, að fénu hefir verið vel varið.

Viðvíkjandi vegabótum, hvernig fénu sé skift til akvega, þjóðvega eða fjallvega o. s. frv., þá getur öllum skjátlast, en hins er að gæta, hvort landsstjórnin sparar eins og hægt er. — Með sparnaði meina eg ekki, að hún ekki megi brúka fé, ef til framkvæmda horfir, heldur að eins það, að hún ekki beinlínis sói því.

Eg er nú ekki mjög kunnugur vegabótum, en eftir minni þekkingu á þeim, þá er þar ýmsum einstökum mönnum fengið talsvert fé í hendur, sem þeir gætu farið betur með. Eg hefi heyrt, að reikningar þessara manna væru ekki sérlega glöggir. Hér er mikil fjárupphæð fengin í hendur einstökum mönnum, oft alþýðumönnum, sem ekki hafa mikla þekkingu, og reikningsskilin óglögg, og vont að átta sig á þeim. — Svo er líka borgað fyrir verk, sem ekki ber að borga fyrir, t. d. að borga verkstjóra fyrir að útbýta launum verkmannanna.

Mér finst það beinlínis vera eitt af þeirra aðalskylduverkum, og þetta því óþörf fjáreyðsla. Ennfremur munu þessir vegstjórar ekki sýna næg rök fyrir því, að þetta fé gangi í raun og veru alt til þess, sem því er ætlað, því þeir þurfa ekki að sýna kvittanir fyrir því. Auk þess hafa þeir ýms réttindi. Þeir hafa t. d. einkarétt á að leggja

til alla hesta, og geta sett upp þá leigu nærri því eins og þeir vilja. Ef vegstjórar geta fengið 70—80 kr. í leigu eftir hestinn yfir sumarið, þá er það sannarlega góð leiga, þar sem hægt mun að fá góða vagnhesta keypta fyrir um 80 kr. Það mundi öðrum þykja gott að fá 40 kr., og hærri leiga mun varla gjörast manna á milli. Oft er það líka, að þeir fá leigða hesta hjá bændunum í sveitinni, en eg veit ekki, hvort leigan í reikningnum er alveg sú sama og sú sem bóndinn fær. Svo er kaupgjaldið líka of hátt. Eg tæ heldur ekki séð, að vandfengnari séu menn til vegagjörða en annarar vinnu, heldur mun oít svo, að til þeirrar vinnu veljast þeir, sem annars enga vinnu mundu fá hjá bændum, slæpingar og flækingar. Og í þjónustu landsstjórnarinnar fá þeir hærri laun en bændur annars gefa duglegustu mönnum. Þetta virðist mér að þurfi að athuga; en eg býst við þeim mótmælum, að ekki sé hægt fyrir landsh. að sjá alt þetta svo nákvæmlega, og eg skal játa, að það getur verið erfitt.

En annað er það líka, sem er athugavert við vegabæturnar, og það er, að mér finst landsstjórnin vaða í villu og svima með, hvar mest sé þörfin á vegabótum, eins og t. d. að vilja ekki veita fé til vegagjörðar á Þorskafjarðarheiði, og þó hún stundum láti skoða, þá eru áætlanirnar ekki áreiðanlegar. Þetta sýnir alt, að landsh. er ofvaxið að geta séð nákvæmlega um alt þetta. En landsh. hefir frá hálfu þings og þjóðar verið veitt aðstoð í þessu efni, þar sem er verkfræðingur landsins, sem ætti að geta verið nokkurs konar altsjáandi auga í þessu efni. Og þar sem þessum manni eru veitt allrífleg laun til þessarar aðstoðunar, þá virðist svo, sem menn gætu átt heimting á, að vegabætur væru gjörðar eftir fastri reglu og nákvæmum áætlunum, og þar sem mest er þörfin, svo þær væru ekki eins og fálm út í loftið. Þar sem þessi maður hefir 3000 kr. í laun og árlegur ferðakostnaður hans mun vera um 4—500 kr., þá finst mér hann annaðhvort ekki vera eins vel og réttilega notaður, sem þingið á heimting á, eða ekki vel fallinn til þessa starfa. Mér finst óviðfeldið, þegar við höfum sérstakan mann, að við skulum þá ævinlega þurfa að fá útlendan mann, þegar eitthvað þarf að gjöra. Það má að vísu kanske segja sem svo, að þessi maður hafi of mikið að starfa, en þá ætti hann að geta haft menn sér til aðstoðar, sem væru hans undirmenn en ekki yfirmenn. Mitt álit er, að verkfræðingur landsins ætti að vera æðsti maður í þessum efnum, og hér um bil einráður. En til þess að geta gegnt starfinu vel, þarf hann að hafa áhuga, interesse, á því og ferðast um með dugnaði. Það er ekki nóg að hoppa og skoppa til og frá. Hann á að segja landsstjórninni, hvar helzt skuli veg leggja, hvar þörfin sé mest, og hver kostnaðurinn verði, og gefa upplýsingar um, hvort vegurinn sé fjölfarinn eða ekki, hvernig velmegun manna sé, og hvort fólksfjöldi er mikill o. s. frv., en slíkt getur ekki orðið nema með athygli og áhuga. Eg get ekki séð, að hann þurfi að sitja í Reykjavík hálft árið aðgerðarlítill. Það ætti að vera verk hans að athuga reikninga þá, sem eg nefndi áðan, hvort þeir séu réttir, og hvort fénu sé varið réttilega. Hann ætti að benda á, ef honum virtist eitthvað athugavert, og þá fyrst gæti landsh. skorið úr. Á síðasta þingi var ákveðið að fá útlendan verkfræðing til að skoða brúarstæði á Lagarfljóti. Eg hefi séð áætlanir hans, og þær ættu ekki hvað sizt að opna augun á mönnum fyrir því, hvað heimta má af ein-

um verkfræðing. En sá galli var á, að hann eyðilagði áætlun verkfræðings landsins í 4 eða 5 atriðum. Eg álít rétt að geta þessa, til þess að verkfræðingurinn vandi sig betur hér eftir. Mér finst þetta óheppilegt, því svo gæti farið, að ef óánægja þjóðarinnar vex, þá gæti svo farið, að hún heimtaði að þessi starfi legðist niður, en það álít eg vera óheppilegt, því eg álít manninn vel gefinn, og hygg því að hann muni geta gert betur. Eg vildi sérstaklega óska þess, að landsh. væri ekki of mildur húsbóndi, en hygg þó fremur að hann muni mildur, en að verkfræðingurinn sé ekki starfinu vaxinn.

Þá var annað atriði, og það er viðvíkjandi 1. lið landsreikninganna 1896, sem eg hygg nú að þjóðin sé ekki á móti í sjálfu sér, en hún vill að upphæðin sé borguð fyrir það sem gjört er, en ekki fyrir það, sem ekki er gjört. Það var viðvíkjandi styrk til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum, 1200 kr., sem þegar eru borgaðar út. En styrkveitingin var miðuð við það, að tóvinnuvélarnar yrðu fluttar frá Halldórsstöðum að Húsavík, en standi þær enn þá á Halldórsstöðum, þá álít eg ekki rétt að borga út þenna styrk, þar sem skilyrðinu er ekki fullnægt, nefnil. að flytja þær á Húsavík.

Landshöfðingi: Þótt mér virðist niðurlagsatriðið í ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.) fremur snerta reikningslagafrumv. fyrir 1896 og 1897 en þetta mál, þá mun eg eigi að síður svara því nú, þannig, að snemma á árinu 1896 kom beiðni frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, fyrir hönd sýslunefndarinnar, um að borgaðar væru út þær 1200 kr., sem veittar voru á fjárlögunum til þess að flytja tóvinnuvélarnar frá Halldórsstöðum til Húsavíkur, og fullkomna þær, og lofaði hann að flutningurinn skyldi fara fram, en eg hefi heyrt, að enn muni ekki búið að framkvæma flutning þennan. Það er því á þingsins valdi að heimta að sýslunefnd Þingeyjarsýslu endurborgi þessar 1200 kr., ef því sýnist svo. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) var sýslumaður í Þingeyjarsýslu, þegar beiðnin kom frá sýslunefndinni, en því miður er hann ekki viðstaddur nú til að gefa upplýsingar.

Jón Þórarinsson: Eg skoða þetta sem nokkurskonar eldhúsdag Nd., dag sem hún hafi tekið sér til þess utan dagskrár, að minnast á ýmislegt, og meðal annars athuga gjörðir stjórnarinnar á síðustu tveim árum og finna að því, sem henni finst aðfinningarvert í fari stjórnarinnar. Þetta út af fyrir sig er ekki nema nógu gaman, og það er eðlilegt að eitthvað fljóti með í kritikinni, sem betur hefði verið ósnert, en sem allra fæst ætti sjálfsagt að koma af slíku, náttúrlega bezt að það væri ekkert, því að mikið af ástæðulausum aðfinningum, hlýtur að draga úr áhrifum kritikarinnar yfir höfuð. Hæstv. landsh., svaraði ekki einni aðfinningu, sem kom fram, sjálfsagt af því að hún snerti hann persónulega.

Þegar verið var að tala um veitingu á sýslunum og embættum, þá var sérstaklega fundið að veiting ráðsmannsembættisins við holdsveikraspítalann. Sá h. þm., sem á það mintist, gat eigi séð, að sá, sem þá sýslan fekk, hefði annað til síns ágætis en að hann hefði verið vensladur veitingavaldinu. Það er óheppilegt að varpa slíku fram og meiða með því alsaklausan mann. Eg mótmæli því, að það hafi af almenningi verið álitin hneykslanleg veiting, er spítalaráðsmaðurinn fekk sýslan þessa, eins og hitt er vitanlega ósatt, að hann hafi verið uppgjafakaupmaður; það er hverjum manni kunnugt, að maðurinn hafði full-lífvænlega stöðu, og hafði einmitt í þeirri stöðu sinni sýnt, að hann

var duglegur og ráðvandur maður, sem vel kunni að fara bæði með sitt eigið og annara. Það er vandfenginn maður í ráðsmannsstöðuna. En einmitt þessi maður hefir sýnt, að hann er fullfær um að gegna henni, með því að hann hefir fullnægt öllum þeim kröfum, sem með sanngirni verða til hans gjörðar. Eg veit að vísu að tveir prestar, líklega þjóðkunnari en maður þessi, sóttu um ráðsmannsembættið. En eg get vel skilið, að stjórnin kynokaði sér við að færa þá úr hempunni, þar sem hún átti auk þeirra völ á vel hæfum manni.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á það, sem komið hefir fram um sölu á mjólk til spítalans. Spítalastjórnin hafði gjört samninga við menn um sölu á mjólk, og hafa þeir samningar allir verið haldnir af hennar hálfu; aftur hafa sumir þeir, er hún gjörði samningana við, ekki getað staðið við þá að sínu leyti; varð þá að útvega hana annarstaðar, og fór svo, að ekki var hægt að fá hana fyrir minna en 18 aura pottinn, og ætla eg að þinginu megi standa á sama, hvaðan hún er fengin, hvort heldur það er utan úr Viðey eða sunnan úr Hafnarfirði eða hvaðan annarstaðar að, að eins að hagsmuna spítalans sé gætt.

Þá er að minnast á bankahúsið. Menn hafa efast um að bankastjórnin hafi haft heimild til að byggja húsið, og spurt að, hvaðan henni hefði komið sú heimild, hafi hún nokkur verið. Hæstv. landsh. hefir að vísu svarað þessu. En eg fyrir mitt leyti vil þakka bankastjórninni fyrir, að hún hefir bygt bankahúsið, hvort sem hún nú hefir gjört það í leyfi eða óleyfi, því að það er bæði henni og landinu til sóma, og eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, hefir ekki verið varið til byggingarinnar neinu því fé, sem heimild var til að lána út, svo að ekki hafa peningavandræðin í landinu aukist við hana. Þótt bankahúsið sé stærra en bankinn þarf á að halda nú sem stendur, þá vona eg að hann eflist svo, að sú tíð komi, að húsrúmið verði ekki ofmikið handa bankanum sjálfum. En nú fyrst um sinn, á meðan hann getur mist nokkuð af því, efast eg ekki um, að hann muni geta leigt út það, sem hann getur án verið. Um aðrar athugasemdir, sem fram hafa komið, get eg sagt, að mér finnast þær á rökum bygðar, og það gleður mig um margar þeirra, að þær hafa komið til tals.

Valtýr Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem eg tók fram í fyrra skiftið, lýsi eg því yfir, að hæstv. landsh. hefir veitt nokkurn veginn fullnægjandi svör sumu af því, svo sem málinu um stofnun brunabótafélags, og um bústað póstmeistarans. Aftur á móti fanst mér sumst í svari hæstv. landsh. viðvíkjandi embættaveitingum og lausn frá embættum engan veginn viðunandi.

En það er eitt atriði, sem ekki hefir komið fram í umræðunum í dag, og sem þó er fyllilega þess vert, að því sé hreyft; það er ástandið í latínuskólanum. Því miður er hæstv. landsh. ekki við nú sem stendur, en eg verð þrátt fyrir það að hreyfa því máli nú.

Eins og vér vitum, er farið fram á í fjárlagafrumv. fyrir næsta fjárhagstímabil til lærða skólans 38,900 kr. 65 a. fyrra árið, og 34,938 kr. síðara árið. Það er ekki lítið fé, sem varið er til stofnunar þessarar, þó ef til vill ekki meira en ástæða er til. En þar sem stofnunin hefir svo mikil útgjöld í för með sér, þá þarf því betra eftirlit með því, að alt fari þar vel fram, og stofnunin verði landinu að sem mestum notum. En það sýnist nokkur misbrestur á því nú síðari árin, og svo athugaverðar sögur hafa gengið af henni, að fjárveitingavaldið getur, að

því er mér sýnist, ekki látið þær sem vind um eyrun þjóta. Það hefir verið borið fram í trúverðugu blaði, og hið sama segja margir áreiðanlegir menn, að í skólanum ríki megnt agaleysi, og að kennararnir hafi engin tök á piltum, að þeir komi í tíma þegar þeim sýnist, og fari úr tímum þegar þeim sýnist. Það má geta nærri, að hverjum notum kenslan kemur, þegar svo gengur, enda kvað það hafa sýnt sig við prófið í vor, að kunnáttan væri mjög lakleg. Þannig kváðu burtfararprófs stýlarnir í dönsku hafa verið hræðilegir, og þar kveðið svo ramt að, að í einum stýl hafi komið fyrir yfir 90 villur. Þegar slík frammistaða hefir komið fyrir í dönsku, sem er svo náskyld móðurmáli voru, þá má geta nærri, hvernig hún muni hafa verið í öðrum erfiðari námsgreinum. Það er mjög athugavert, að svona skuli fara fram í helztu mentastofnun vorri, og það er ekki nóg með það, að sú þekking, sem skólinn á að veita, fer forgörðum, heldur hlýtur þetta ástand að hafa siðspillandi áhrif á nemendurna. Það fer að verða meira en athugavert fyrir foreldra, að senda sonu sína í skóla á meðan svona gengur, enda hefi eg heyrt, að sumir hafi hætt við að senda þá vegna ástandsins, og að aðrir muni taka sonu sína burt, og láta þá lesa utanskóla. Agaleysið í skólanum hefir gengið svo langt, að sögur hafa farið af því, að þeir hafi gjört kennurum sínum ýmsar brellur, og að svo ramt hafi kveðið að, að þeir hafi kveikt í púðri inn í einum bekknum í kennslustund, kastað steini inn um glugga hjá rektor, og kveikt í bréfakassa hans, svo alt stóð í ljósum loga, þegar að var komið.

Agaleysið er svo mikið, að full þörf væri á að stjórnin tæki til sinna kasta, og reyndi hér að kippa í liðinn, og væri æskilegt að heyra, hvað hingað til hefði gjörst í máli þessu. Það sýnist svo sem rektor skólans og kennararnir hafi ekki tök á að kippa skólanum í lag, og því þyrfti landsstjórnin að taka málið fyrir alvöru að sér. Eg gjöri ráð fyrir að fleiri h. þm. geti gefið upplýsingar í máli þessu, en sérstaklega væri *fróðlegt* að heyra hjá hæstv. landsh., hvað landsstjórnin muni taka til bragðs, ef sama ólagið helzt við framvegis, því að eg álít það neyðarkosti að þurfa að veita yfir 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu til skólans á meðan svona gengur. Í sambandi við þetta ætla eg að minnast á spursmál eitt, sem reyndar hefir áður komið fram hér á þingi; það er um óréttlæti það, sem kemur fram, að því er snertir einstakar kenslugreinir, og gefur það meðal annars grun um, að hið mikla ólag í skólanum komi að einhverju leyti af ólagi á stjórn skólans. Eg skal nefna hér eitt óréttlæti, sem liggur mjög í augum uppi, og það er, að latneskur stýll skuli vera heimtaður til inntökuprófs í skólann; vér vitum þó, að í reglugjörð skólans er alls eigi gjört ráð fyrir honum, og þó heimtar rektor hann. Þegar eg hreyfði þessu máli áður hér á þingi, þá var mér svarað því, að það væri sama, hvernig hann léti reyna piltana, hvort heldur hann gjörði það skriflega eða munnlega. Sé svo, þá getur hann eins vel fundið upp á því einhvern góðan veðurdag, að fara að heimta stýl í grísku. Það er annars merkilegt, að þörf skuli vera á að fara svona stranglega út í latínukröfurnar hér, þar sem í Danmörku er ekki heimtað, að þeir kunni yfir höfuð eitt einasta orð í latínu, þegar þeir koma inn í þann bekk, sem svarar til fyrsta bekks í latínuskólanum hér. Í Svíþjóð er latneskur stýll með öllu afnuminn í latínuskólunum, og þykja

menn þó geta orðið fullfærir í latínu þar. Af því latneskur stýll er ekki heimtaður í reglugjörð latínuskólans til inntöku í fyrsta bekk hans, þá veit eg að sumir, er kent hafa piltum undir skóla, hafa lagt minni stund á að kenna hann fyrir þessa sök; þetta hefir orðið ýmsum að fótakefli fyrir því að komast inn í skólann, og á síðastliðnu vori veit eg til, að einn piltur var gjörður afturreka vegna latneska stýlsins; hann hafði nóga stigatölu til þess að komast inn í bekk sinn, og það þótt latneski stýllinn væri reiknaður með, en eigi að síður var honum vísað frá hans vegna, og þegar því var heitið, að piltur inn skyldi æfa sig í latneskum stýl í sumar, og farið fram á það við rektor, að hann fengi að láta prófa sig í honum aftur í haust, þá neitaði rektor því. Þetta er óréttlæti, sem eg verð að telja, að við enga lagaheimild hafi að styðjast. Þessu ætti þingið að skifta sér af, þar sem frekari kröfur eru gjörðar en reglugjörð skólans heimilar, og því fremur ætti það að gjöra það, þar sem á síðasta þingi voru samþykt lög um að takmarka kenslu fornmálanna. Þetta óska eg og að landsstjórnin taki til íhugunar, hverjar kröfur eru gjörðar með latneska stýlinn, þótt hér sé raunar um lítilræði að tala í samanburði við ástandið í skólanum, því að eftir því, sem því er lýst, þá liggur það beint við, að ef landsstjórnin lætur málið hlutlaust, þá verður þingið að taka til sinna ráða, því að það væri óforsvaranlegt, að veita yfir 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu til stofnunar, sem veitti ófullnægjandi fræðslu, æli upp agaleysi, og hefði siðspillandi áhrif á nemendur.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal byrja með því, að snúa mér að ræðu hæstv. landsh.; hann taldi það ekki leyfilegt og jafnvel fara í bága við stjórnarskrána, að taka upp á tekjudálk fjárlaganna hreyfanlega skatta, eða réttara sagt, að gjöra þá skatta, sem greiddir eru eftir gildandi lögum, hreyfanlega á fjárlögunum. Eg sá það vel, að til þess að breyta þeim sköttum, sem greiddir eru eftir núgildandi lögum, þurfti sérstaka lagaheimild utan fjárlaganna. En eg skal ekki fara lengra út í þetta mál nú, því að það er ekki tilætlunin, að gjöra neina lagabreyting í þá átt á þessu þingi, heldur hefi eg að eins viljað vekja athuga á þessu máli. Þó verð eg að halda því fram, að það sé heppilegt, að eitthvað af sköttum eða tollum landsins sé hreyfanlegt, svo að unt sé að láta hvert fjárhagstímabil bera sig.

Að því er snertir hin tvö bráðabirgðarlög, sem umtal hefir orðið um, þá tel eg svar hæstv. landsh. viðvíkjandi þeim fullnægjandi, þar sem hann kveður þau munu verða lögð fram fyrir þingið til athugunar.

Svör hæstv. landshöfðingja viðvíkjandi bankahússbyggingunni voru skýr, en mér fanst hann víkja nokkuð á bug með að svara því, hvort ráðstafanir bankastjórnarinnar kæmu ekki beint í bága við 24. gr. bankareglugjörðarinnar. Það hefir verið tekið skýrt fram, að hvorki hafi verið fengið leyfi landshöfðingja né ráðgjafa til að byggja bankahúsið, enda mundu þeir naumast hafa talið sig hafa heimild til að veita það. En bankastjórninni hefði þó alt af verið innanhandar að útvega þessa heimild með því, að fá breytt ákvæðunum í 24. gr. bankareglugjörðarinnar, en hún hefir nú ekki gjört það, og því verð eg að álíta, að þessi 24. gr. hafi verið brotin, og bankahúsið bygt í heimildarleysi og upp á eindæmi bankastjórnarinnar, því að eins og sakir

standa, tel eg vafalaust, að hún hefði þurft að fá heimild þingsins til byggingarinnar.

Það hefir verið sagt, að máli þessu hafi verið hreyft á þinginu 1897. Eg kannast við, að það bar á góma í ræðum einstakra þingmanna, en þeir töldu það vafalaust, að til þess að húsið yrði bygt, yrði að leita heimildar þingsins og landsstjórnarinnar; þetta er líka eðlilegt, því að bankinn er eign landsins, og það hefir allan veg og vanda af honum. En af því leiðir aftur, að sjálfsagt þarf heimild þingsins, til að gjöra nokkrar þær ráðstafanir, sem rýra trygging bankans. Eg segi því enn: Það var sjálfsagt að spyrja fjárstjórn landsins, þar á meðal þingið, um leyfi, og fá heimild þess, áður en farið var að breyta gulli bankans í grjót.

Að þessu sinni skal eg ekki minnast á, hvort ráðstafanir bankastjórnarinnar hafi verið nauðsynlegar eða heppilegar, en læt mér nægja hitt, að minnast á formhlið málsins.

Bankahúsbyggingin hefir verið réttlætt með því, að bankastjórnin hafi verið skyldug til að útvega bankanum húsnæði. En þessi afsökun er als ekki nægileg, því að í hlutfalli við stórt bankans verður húsaleiga sú, sem hann þarf að borga í hinu nýa bankahúsi, svo há, að engri átt nær; það er víst varla hægt, að áætla hana lægri en 4—5000 kr. á ári.

Eg skal gjarna viðurkenna það, að ef bankastjórnin hefði leitað leyfis þingsins, til að byggja bankahús og fengið það, þá mundi það ekki hafa ætlast til, að bygð væri nein Skuggahverfissteinkytra.

Gagnvart h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) skal eg taka það fram, að þar sem eg drap á það, að bankastjórnin hefði ekki gætt skyldu sinnar, þá beindist athugasemd mín að því, að bankastjórnin hefði lagt tiltölulega of mikið fé fram handa einni atvinnugrein vorri, sjávarútveginum, og með því spilt fyrir hinum atvinnuvegunum með því að örva um skör fram og frekara en skynsamlegt var spekulation í þessari grein. Bankastjórnin hefir þar sýnt óhappaskort á víðtæku yfirliti, þar sem hún hefir hjálpað til þess, að þessi grein yxi óeðlilegum vexti, henni sjálfri til niðurdreps, og því ekki getað stutt hinar atvinnugreinir landsins nándar nærri að tiltölu eða eins og þörf hefði verið á.

Að vísu játa eg það, að hér er um mikið vandaverk að ræða, að skifta fé bankans hagsýnilega milli atvinnuvega landsins, og því meira vandaverk er það, þar sem bankastjórnin hefir svo lítið fé yfir að ráða, að hún getur ekki veitt öllum atvinnuvegunum fullnægjandi stuðning með því. Eg skal að eins nefna það, að ef bankinn ætlaði sér að styðja verzlun landsins að verulegum mun, þá hefir hann ekki fjórðung þess fjár, sem hann þyrfti.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vildi segja, að það væri ekki á rökum bygt, sem eg hefði sagt um það, að bankinn hefði átt að hækka vexti sína, því að afleiðingin mundi hafa orðið sú, að vextir af fé mundu alment hafa hækkað í landinu. Það er alveg rétt, og ekki við öðru að búast, ef peningastofnun landsins hefði hækkað vexti, þá mundu einstakir menn líka hafa gjört það. — En eg sé ekki, að þetta hafi verið næg ástæða fyrir bankann til þess, að hækka ekki vexti sína.

Það er sjálfsagður vottur um þurð á einhverri vöru, að eftirspurn eftir henni eykst, og sjálfsögð afleiðing af því er aftur, að varan hækkar í verði. Þetta er lögmál, sem gengur gegnum alt viðskiftalífið, og nær til peninga eigi síður en annarar vöru.

Þetta ætti h. 1. þm. Arn. (Tr. G.)

sem gamall verzlunarmaður að vita, því segi eg, að það hefði verið alveg sjálfsagt fyrir bankann, að hækka vextina, þegar fór að bera á peningaþurðinni, og af því að fyrirsjáanlegt var, að það var um enga augnabliksþurð að ræða. Hin heiðraða bankastjórn hefði átt að vita, að hér var um alveg eins sjálfsagðar og eðlilegar afleiðingar í viðskiftalífinu að ræða, eins og það náttúrulögmál er, sem jafnar vatnið í kerinu, og eftir því hefði hún átt að haga sér. Hún hefði átt að sjá það, að hver sú ráðstöfun hennar, sem kæmi í bága við þetta, hlyti að verða til skaða, eigi að eins fyrir viðskiftastofnunina, heldur líka fyrir viðskiftamennina. En eg skal ekki rekja þetta mál lengra, eg vona, að eg hafi drepið á nóg til þess, að skynbærir menn sjái, að afsakanir h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi ekki verið á rökum bygðar, og finni, að það hafi verið skylda bankastjórnarinnar að hækka vexti í bankanum, þegar peningaþurðin varð, ekki einungis sjálfs bankans vegna, heldur og vegna peningamarkaðarins í landinu.

Eg vona að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) geti áttað sig á því, að það sé bæði óeðlilegt, ómögulegt og til skaða fyrir landið, að halda þeirri vöru í lágu verði, sem mikil eftirspurn er eftir.

Eg skal þá að endingu taka það upp, að mér virðast engan veginn hafa komið fullnægjandi svör, hvorki frá hæstv. landsh. né h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) viðvíkjandi bankahússbyggingunni, viðvíkjandi þeirri örvun um skör fram, sem bankastjórnin hefir gefið einstökum atvinnuvegi, og loks viðvíkjandi því, hvers vegna bankastjórnin hafi ekki í tíma hækkað vexti í bankanum af bæði innlánum og útlánum.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. V. Sk. (Guðl. G.) sagði, að sinn framburður væri fullkomlega á rökum bygður, en en eg álít það ofmælt, eg álít að hann sé ekki fær um að dæma um sum þau atriði, sem hann talaði um, af þeim ástæðum, að hann vantar nægar upplýsingar í þeim; hann getur ekki dæmt mál fyr en hann hefir heyrt frá báðum hliðum málavexti, og þeim hlýtur bankastjórnin að vera kunnugri en hann, sem daglega heyrir lánbeiðnir og vandræði manna. Eg hefi játað að það væri skylda bankans, að styðja bæði að landbúnaði og sjávarútvegi, en þar sem hann var aftur að ámæla bankanum fyrir það, að hann hefði lánað til þilskipakaupa og látið landbúnaðinn sitja á hakanum, þá get eg upplýst hann um það, að þeir peningar sem til þilskipakaupa voru lánaðir, eru allir komnir inn í bankann aftur, og búið að lána þá aftur til sjávar- og sveitabænda, því það leið ekki hálft ár frá því þeir voru lánaðir, þar til þeir komu til bankans aftur, með þeim peningum, sem landssjóður lánaði til þilskipakaupa. Tilefnið til þess, að bankinn hljóp undir bagga með að kaupa þilskipin, var það, að fé það, sem þingið veitti til þilskipakaupa, var ekki hægt að fá fyrri en skipin voru keypt; það er ekki hægt að fá lán úr landssjóði út á þann hlut, sem ekki er til. Þess vegna varð einhver að hjálpa með bráðabyrgðaláni, til þess að menn gætu fengið skipin hingað á staðinn, svo landssjóður gæti veitt lánin út á þau. Auk þess fengust skipin mörgum þús. kr. ódýrari, þegar þau voru keypt öll í einu og borguð út í hönd, sem líka var hagur fyrir landið. Sú atvinna, sem menn hafa haft af þessum skipum síðan þau komu, er ekki smáræði, og þeir fiskar ekki fáir, sem komnir eru á land með þeim, og landssjóður búinn að fá útflutningstoll af. Hann talaði um að sjávarútvegurinn

yxi óeðlilega og sjálfum sér til niðurdreps; þetta eru öfgar; undanfarin ár hafa sumir grætt á þilskipum, og í ár er útlit fyrir að stórgróði verði af flestum þeirra. Þá var þingm. einnig að endurtaka ákúrur sínar fyrir það, að bankinn hefði ekki hækkað rentuna; hann sagði að þegar peningar minkuðu, þá hækkuðu vextir, og vitnaði til annara landa, að þegar þurð yrði á einhverri vöru, þá hækkaði verð hennar. Eg viðurkenni að þetta er satt, slíkt er alvenja í útlöndum, en mælist mjög illa fyrir hér á landi. Eg man eftir því frá barnsaldri mínum til þessa dags, að þegar kaupmenn selja nauðsynjavörur allar dýrari á veturna en á sumrin, þá kallar almenningur það að nota sér neyð annara. Sama vitnisburð hefði bankinn fengið, hefði hann sett upp rentuna í 5½ eða 6%, einsog hún er bæði í Danmörk og Noregi.

Bankinn er altaf ásakaður fyrir það, að hann ekki láni, honum er gefin sök á því, sem aðrir eru valdir að; hann hefði altaf getað haldið áfram að lána, ef landsmenn hefðu allir staðið í skilum við hann, og haldið samninga sína við hann. Að ganga harðara að mönnum en gert hefir verið, álít eg ekki rétt, t. d. með því að selja mikið af veðbundnum jörðum. Bankinn hefði getað selt jarðir tugum saman, en hann hefir ekki fylgt þessari ströngu aðferð. Setjum nú svo, að bankinn hefði haft 50 til 60,000 kr. fyrirliggjandi til útlána, og hann hefði lánað þær gegn 5½—6% og notað sér þannig neyð annara. Var það þá rétt fyrir þessa litlu upphæð, að setja upp renturnar í 6% fyrir öll viðskifti manna í milli í landinu? Eg álít að svarið hljóti að vera afgjört neitandi, og almenningsálitið sé með því, að það hafi verið réttara, að bankinn færi vægilega í sakirnar, og hlífðist við að gjöra menn gjaldþrota fyrri en í fulla hnefana. Í hið minsta biði með þá ströngu aðferð, þangað til vissa var fengin fyrir því, hvort þingið vildi hjálpa almenningi í vandræðunum, með því að bæta við peningaráð bankans, líkt og ákveðið er í þeim 2 frv., sem nú liggja fyrir þinginu.

Sem sagt, eg álít framburð h. þm. V. Sk. langt frá því, að vera á góðum rökum bygðan.

Þórður Thoroddsen: Eg skal ekki að svo stöddu láta í ljósi álit mitt um, hvernig nefndin hefir leyst verk sitt af hendi, og heldur ekki dæma um, hvernig stjórninni hefir tekist að gjöra fjárlagafrumv. úr garði. Eg er aðeins þakklátur stjórninni fyrir það, að hún hefir sýnt það bæði áður og nú á þessu frumvarpi, að hún vill styðja að því að koma upp vitum, og nefndinni fyrir, að hún felst á það. En þegar vitar eru settir, er áríðandi, að gæta vel að því, að þeir séu settir á hina réttustu og beztu staði, og gjörðir svo vel úr garði, að þeir ekki með framtíðinni verði tilfinnanleg byrði fyrir landssjóð. Eg segi þetta með tilliti til vitans á Skagatá, þar eð útlit er fyrir að hann komi til að verða þung byrði fyrir landssjóð. Hann er settur á mjög óheppilegan stað, þar sem hann er settur á melbakka, sem sjórinn brýtur, og hefir þegar brotið svo, að nú eru ekki nema fáar álnir fram að flæðarmáli, og öll líkindi til, að komi eitt stórflóð, þá muni hann standa niðri í fjöru umflotinn af sjó. Það virðist því ekki annað liggja fyrir en annaðhvort byggja nú þegar öflugan varnargarð fyrir framan vitann, og mun hann kosta ekki minna en 10 þús. kr. að verkfróðra manna sögn, eða þá að byggja bráðabyrgðargarð úr stórgrýti, sem svo þyrfti að káka við að endurbæta á hverju ári. Þetta leiðir af því, að vitinn ekki var settur á haganlegri stað í fyrstu, sem þó var auðvelt. Spöl-

korn ofar en vitinn var settur er mjög góður staður fyrir hann, dálítið fjær sjónum, en auðvitað er grjótaðflutningur dálítið dýrari þangað en þar sem vitinn er nú, og það hefir ráðið hjá byggingarstjóranum, en hitt ekki, hvort landssjóði var gjörður hagur eða óhagur. Hér var heldur enginn settur yfir verkið fyrir landssjóðsins hönd, til þess að gæta hans hagnaðar, en slíkt tel eg nauðsynlegt eins við vitabyggingar eins og önnur stórvirki, sem gjörð eru fyrir landssjóð. Eg hefi bent á þetta, ef vera kynni að orð mín gætu orðið til þess, að þessa yrði betur gætt framvegis.

Sökum þess að sumir h. þm. hafa beint spurningum til hæstv. landsh., þá skal eg í sambandi við þetta einnig leyfa mér að beina til hans nokkurum spurningum, með ósk um að hann vildi svara mér upp á þær.

Eins og kunnugt er, var sumarið 1897 einn embættismaður, síra Bjarni Þórarinsson prestur að Útskálum, tekinn fastur, sem grunaður um óráðvandlega meðferð á póstfé, og sat hann um hríð í gæzluvarðhaldi hér í Reykjavík. Eftir að hann hafði játað sekt sína, var hann látinn laus, og honum leyft heim. Þar varð hann veikur, en þegar hann var friskur orðinn, var hann sendur austur í Skaftafellssýslu til frekari rannsóknar, og var mál svo höfðað móti honum, sem dæmt var bæði fyrir undir og yfirrétti. Á meðan á málinu hefir staðið, hefir honum verið leyft að vera heima, undir gæzlu lögreglustjóra, eftir því sem eg tel sjálfsagt. En í vor flytur hann sig búferlum hingað til Reykjavíkur frá prestakalli sínu, eins og kunnugt er, og þegar hann er nýkominn hingað, þá hverfur hann, og er sagt að hann hafi strokið til útlanda. Nú vildi eg spyrja hæstv. landsh., hvort hann hafi flutt sig í óleyfi úr prestakallinu og undan gæzlu lögreglustjóra, eða hvort hann hafi verið settur undir gæzlu lögreglustjóra hér í Reykjavík, og ef svo er, hvernig þá standi á því, að hann skauzt undan, og hvort nokkur eða hver beri ábyrgðina á því, að svona tókst til?

Annað atriði, sem eg vildi einnig spyrja um, er viðvíkjandi kenslu holdsveikisspítalalæknisins við læknaskólann. Laun hans voru ákveðin á síðasta þingi 2700 kr., eins og kunnugt er, og var þá miðað við laun þau, sem héraðslæknirinn hefir, nefnil. 1900 sem læknir og 800 kr. fyrir kenslu við læknaskólann, og var þá ætlast til, að hann tækist jafnmikla kenslu á hendur sem héraðslæknirinn. Nú er mér kunnugt um, að þessu hefir ekki verið fullnægt. Spítalalæknirinn kennir mér vitanlega ekki meira en ef það er ein stund á dag, og að eins eina vísindagrein, meðalafræði, þar sem héraðslæknirinn kennir þrjár, og þar á meðal therapie, og therapie er miklu yfirgripsmeiri vísindagrein en meðalafræði. Nú vildi eg spyrja hæstv. landsh., hvernig á því stendur, að spítalalæknirinn er undanþeginn því að kenna meira.

Svo var það nokkuð annað, viðvíkjandi holdsveikraspítalanum, sem eg vildi spyrja um. Á síðasta þingi var ákveðið að setja hann í Laugarnesi og ekki fjær Reykjavík, í þeim tilgangi, að nemendur á læknaskólanum gætu haft hans not, bæði til klínika o. fl. Það vakti fyrir spítalanefndinni á síðasta þingi, að nauðsynlegt væri að þeir notuðu sem mest spítalann í Laugarnesi, þar sem hér er spítalaskortur og vantar því æfingar í klinik. En eftir því sem eg veit bezt, þá hefir spítalinn alt til þessa mjög lítið verið notaður af læknaskólastúdentum. Nú vil eg spyrja: hvers vegna er spítalinn ekki

meira notaður? Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það gæti orðið til mikils góðs, ef læknaskólastúdentar gengju meira á hann, ekki einungis til klínika, heldur einnig og sérstaklega til sérhverra pathol. rannsókna.

Þá var það eitt atriði enn þá, sem eg vildi drepa á. Hér hefir nú komið fram í deildinni frv. um að banna innflutning á ósútuðum húðum. En þetta mál hefir áður verið á dagskrá hjá stjórn og þingi. 28. febr. 1891 hefir lh. skrifað ráðgjafanum og spurt, hvort ástæða væri til að banna innflutning á ósútuðum skinnum, nema þau séu verkuð, þar sem svo væri álitið, að miltisbrandur sá, sem hér á landi væri farinn að verða æ tíðari og tíðari, væri eingöngu að kenna ósútuðum húðum. Ráðgjafinn svarar svo 1. júní s. á., og hefir samkvæmt því leitað álits heilbrigðisráðsins fyrir dýralækningar, og það álitið, að eina tryggilega ráðið til að fyrirbyggja sóttnæmi af innflutningi þeirra, ef ekki sérstakra ástæðna vegna væri hægt að leggja bann við innflutningi, sé að láta þær liggja einn dag í klórkalksuppleysingu. Eftir þessar bréfaskriftir og líklega sem bein afleiðing af þeim, hefir þingið svo samþykt lög um ósútaðar húðir, sem samþykt eru 11. desbr. 1891, og er í þeim svo ákveðið, að landsstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með ósútaðar húðir til þess að varna miltisdrepi. Þar sem nú þetta getur haft þýðingu fyrir mál það, sem hér liggur fyrir deildinni, þá vil eg spyrja hæstv. lh., hvort landsstjórnin hafi samkvæmt þessum lögum sett nokkurar varnarreglur í þessu efni, og ef ekki, þá af hvaða ástæðum?

Landshöfðingi: Eg vona að h. deild afsaki, þó eg skorist að þessu sinni undan að svara öllum þeim spurningum, sem fram kunna að koma, og sem ekki heyra undir fjárlögin, heldur viðkoma máske málum, sem eg mundi sjálfur þurfa að kynna mér, til þess að geta svarað þeim fullnægjandi.

Viðvíkjandi vitanum á Skagatá, þá gat h. 2. þm. G.-K. (Þ. Th.) þess, að honum mundi hætta búin ef stórflóð kæmi, og lét í ljósi, að stjórnin mundi ekki hafa haft nægilegt eftirlit með að hann væri settur á heppilegan stað, en eg skal geta þess, að ingenieur Brink ákvað sjálfur að hann skyldi standa þarna, og þá er ekki hægt fyrir umboðsstjórnina að gjöra frekara. Þegar hann var hér í fyrra sumar, bað eg hann að aðgæta vitann á Skagatá, og gefa álit sitt um, hvort hann áliti nauðsynlegt að hlaða flóðgarð, og sagði hann þá, að hann áliti það ekki nauðsynlegt, því vitinn stæði á góðum grundvelli. Eg varð að trúa honum, en skyldi það nú samt sem áður reynast nauðsynlegt, þá þarf að sjálfsögðu sérstaka fjárveiting til þess. En eg tek það upp aftur, að ingenieur Brink áleit það ekki nauðsynlegt.

Hvað snertir prestinn síra Bjarna Þórarinson, þá var það samkvæmt tilskip. 24. jan. 1868, 3. gr. að honum var ekki ávalt haldið í varðhaldi meðan á máli hans stóð, heldur lofað að vera á frium fæti, en hann mátti ekki fara burtu úr Gullbringu- og Kjósarsýslu án leyfis lögreglustjóra, og vera viðbúinn að mæta fyrir rétti hvenær sem vera skyldi. Slíkt var álitið duga, og annað er vanalega ekki gjört. Viðkomandi dómari áleit líka hættulaust að leyfa honum að vera lausum. Það er auðvitað, að öruggast væri að halda viðkomandi mönnum altaf í varðhaldi.

Nú er það á allra manna vitorði að þessi maður er farinn, og það í óleyfi lögreglustjóra, og ætlun manna, að hann muni kominn til Vesturheims, en það var naumast hægt, samkv. gildandi

lögum, að halda honum í varðhaldi. Andi laganna er að hlífa mönnum við að vera alt af hafðir í varðhaldi þangað til dómur er fallinn. Það er því að eins gjört ráð fyrir varðhaldi, að málið sé svo vaxið, að búast megi við dauðahegningu, eða því sem henni gengur næst. Annars eru það mjög fáir sökudólgar, sem komist hafa undan. Það er auðvitað spursmál, hvort ekki mundi réttara að hafa sökudólga í varðhaldi, þar til mál þeirra er útkljáð, en slíkt er á valdi viðkomandi dómara, hvort hann leyfir þeim að ganga lausum eða eigi, og er alveg óháð umboðsvaldinu.

Þá var það loks viðvíkjandi kenslu holdsv.spítalalæknisins við læknaskólann. Í lögum frá 4. febr. í fyrra stendur, að læknirinn skuli gegna kenslu í einni eða fleirum vísindagreinum við læknaskólann, auk starfs síns við holdsv. spítalann. Eg verð þess vegna að álíta, að það heyri undir stjórn læknaskólans, að ákveða, hve mikið hann skuli kenna, en ekki undir landsh. Mér finst og eðlilegast, að forstöðumaður læknaskólans ákveði, hvernig kenslunni er skift, og engin ástæða sé fyrir landshöfðingja að skifta sér af því. Alveg eins er með klínik, að eðlilegast er að forstöðumaður og kennarar ráði, hve oft lærisveinar ganga á klínik. Eg hefi ekki orðið var við neina óánægju út af þessu fyrirkomulagi, en skal minnast á það við forstöðumann skólans og yfirstjórn hans.

Hvað viðvíkur fyrirspurninni um ósútaðar húðir, þá álít eg nægan tíma til að svara henni, þegar það mál kemur hér næst til umræðu.

Jens Pálsson: Um nefndarálit háttv. fjárlaganefndar, skal eg geta þess, að það skín út úr því, að h. nefnd hefir viljað fara bæði gætilega og ráðvíslega í tillögum sínum, og er eg henni þakklátur fyrir það. Mér líkar það einnig vel, að hún hefir samkvæmt tillögum landbúnaðarnefndarinnar lagt það til, að meira verði á næsta fjárhagstímabili hlynt að landbúnaðinum heldur en gert er í frumv. stjórnarinnar; þar virðist mér of lítið gert til að vernda hann og styrkja, sem þó er hin mesta þörf, eftir því ástandi, sem hann er nú í.

En eg vildi minnast á eina sérstaka stjórnarframkvæmd, sem farið hefir fram á yfirstandandi fjárhagstímabili samkvæmt fjárlögum síðasta alþingis, sem sé bygging stýrimannaskólans. Það var allmikið fé, 20 þús. kr, sem veitt var til byggingar þessarar og er það því mikilsvert, að tekist hafi að verja því vel og samkvæmt tilgangi fjárveitingarvaldsins; en mér virðist ekki þetta hafa hepnast alskostar vel. — Eins og h. þingd. mun minnast, komu fyrir síðasta alþingi 2 tilboð um bygging hússins, sitt frá hvorum manni, og fylgdu þeim nauðsynlegir uppdrættir. Á tilboðunum og uppdráttunum var augljós munur, bæði að því er snerti stærð hússins, kostnað við það og frágang og vöndun. Kostnaðaráætlunin var samkvæmt öðrum uppdrættinum nál. 16,600 kr., en samkvæmt hinum 19,850 kr. Hið stærra tilboð var um stærri, vandaðri og í alla staði kostameiri byggingu. Þá er fjárlagan. h. Nd. sat að starfi sínu 1897, var hið hærra tilboð eigi komið til þingsins, og hafði hún því að eins hið lægra tilboð fyrir sér; en meðan umr. um fjárlögin stóðu yfir hér í Nd., kom þetta hærra tiboð til þingsins. Umr. urðu talsverðar um það, hvoru tilboðinu skyldi taka, en meiri hluti fjárlaganefndarinnar aðhyltist þó að taka heldur hinu stærra tilboði, og báðar þingd. aðhyltust það einnig með atkvæði sínu. Af þessu er það ljóst, að þingið ætlaðist til, að hús þetta yrði

bygt eftir uppdrætti þeim, er hærri fjárhæðin var miðuð við. Ef það hefði verið gjört, hefði landið eignast skrautlegra, myndarlegra, stærra og vandaðra hús, heldur en það hús, sem bygt hefir verið. Hið bygða hús er sem sé 1 al. styttra, 1 al. mjórra og 1 al. lægra undir loft en hús það átti að vera, sem boðizt var til að byggja eftir hinu hærra tilboði. Þetta stærra tilboð var frá íslenzkum, duglegum trésmið, sem búsettur er hér í bænum, en hið lægra tilboð var frá útlendum byggingamanni, sem kunnur er hér á landi sem æfður og duglegur húsagerðarmaður. — Atkvæðagreiðsla þingsins í þessu máli var ótvíræð og munu allir hafa skilið hana svo, að ætlast væri til, að þessi ísl. trésmiður skyldi byggja húsið, ef hann forfallaðist ekki — og mér er eigi kunnugt um, að á honum hafi staðið í þessu tilliti; í öllu falli lá beint við, að byggja eins stórt, eins vandað og myndarlegt hús eins og uppdráttur hans gjörði ráð fyrir, úr því féð var til þess veitt. En þetta hús, sem stjórnin hefir nú látið byggja, og sem vér höfum nú fengið, er ljótara, minna og að sumu leyti óvandaðra, heldur en ætlast var til, þegar féð var veitt. Ástand þessa nýbygða húss er nú þegar á 1. ári ekki sérlega glæsilegt, enda er nú þegar á fjárlagafrumv. stjórnarinnar komin fram beiðni um að fá fé til aðgjörðar á því; þar er í athugas. við fjárl.-frumv. stungið upp á, »að nota 100 kr. fyrra árið, til þess að klæða að nýu hluta af loftinu og veggjunum, þar eð klæðnaður sá er ónýtur, sem nú er«. Það er samkv. þessu þegar komið á daginn, að húsið þarf, þó nýtt sé, aðgjörða, og eg hygg, að meira fé þurfi til þess, heldur en beðið er um. Ástandið er nú svo, að veggjapappírinn ýmist gúlpar eða er slitinn og hangir í lausu lofti; auðsjáanlega verkanir súgs, sem kvað vera mjög mikill í húsinu, samskeyti á loftum herbergjanna gapa og pappírinn á þeim er rifinn. Eg gekk þar fram hjá stórum ofni í einu kensluherberginu, og var þá gólfið svo klökt að ofninn hristist mjög og skrölti, og varð eg í svip hræddur um, að hann dytti ofan á mig. Engar eru múrplötur við ofnana, og eru því negldar galvaniseraðar járnplötur á veggina bak við þá, svo að ekki kvikni í húsinu, þegar hitað er upp. Af þessu sést, að húsið er ekki vandað. Húsið er járnklætt að utan, en það er ekkert smurt eða málað, og má því nærri geta, að sé járnið þunt og lélegt, muni það ekki endast lengi. Öll er byggingin yfir höfuð bersýnilega verri, minni og ómyndarlegri heldur en hús það átti að vera, er uppdráttur sá var af, er fyrir þinginu lá, og sem þingið veitti fé til. Húsið er þegar stórgallað og líkist að innanverðu fremur húsi, sem menn eru að flytja úr, heldur en nýu húsi.

Mér hefir þótt nauðsynlegt, að háttv. þingd. geti fengið upplýsingar um, hvernig á því stendur, að húsið hefir ekki verið bygt eftir uppdrætti og tilboði Jóns snikkara Sveinssonar, sem þingið hafði fyrir augum, þá er það samþykti fjárveitinguna. Eg þykist vita, að eitthvað muni hafa knúð stjórnina til að fara í þessu efni á móti vilja þingsins. Ef til vill hefir stjórnin sparað fé með því, og gæti það þá verið bót í máli og plástur á sárið. En víst er það, að húsið er í því ástandi, að talsvert fé þarf til þess að gjöra að því, svo að í góðu lagi sé, og eg býst við því, að það verði stöðugur ómagi á fjárl., af því að það er ekki eins vandað og traust eins og þingið ætlaðist til. Til stuðnings því, að þingið hafi ætlast til, að uppdráttur Jóns Sveinssonar yrði lagður til grundvallar fyrir bygging hússins, má benda á, hvernig h. fjárl.-

nefnd farast orð í nefndaráliti sínu um fjáraukal. 1898 og 1899 um fjárkröfu Jóns Sveinssonar, fyrir uppdrátt sinn. Það hefir bersýnilega vakað fyrir nefndinni, að hana furðar á því, að tilboði hans skuli ekki hafa verið fylgt, enda er eg viss um það, að h. þingd. blandaðist ekki hugur um það 1897, að hún meinti það með atkvæðagr. sinni þá, að tilboði hans ætti að taka, og uppdrætti hans að fylgja.

Landshöfðingi: H. þm. Dal. (J. P.), hefir farið mörgum orðum um stýrimannaskólann, bæði um undirbúninginn undir bygging hans, og hvernig hún sé af hendi leyst. Það mun vera fullkomlega rétt, að það hefir verið tilætlun fjárlaganefndarinnar 1897, og máske alls þingsins, að stýrimannaskólinn yrði bygður eftir teikningu Jóns Sveinssonar, sem hann hafði sent af sjálfsdáðum, enda var honum, undir eins og búið var að samþ. þessa fjárveitingu, gefinn kostur á að taka að sér bygginguna. En þegar maður á að taka að sér þess háttar störf, er æfinlega heimtað tilboð, nákvæmlega sundurliðað, þannig, að til sé tekið hvaða efni skuli brúka, hvaða timbur, hversu digurt, af hvaða tegund hann ætli að hafa efnið í bygginguna. Þetta vildi Jón Sveinsson ekki gera, eða treysti sér ekki til að gera, og yfir höfuð var hann tregur til að taka að sér bygginguna upp á akkord, og sérstaklega, til að gefa sundurliðaða áætlun um efni það, sem hann ætlaði að brúka. Af þessum ástæðum var ekki hægt að eiga við Jón Sveinsson um byggingu stýrimannaskólans, einkum þar sem hann heldur ekki gat gefið eða vildi gefa tryggingu fyrir, að hann gæti haft skólahúsið tilbúið fyrir þann tíma, sem á þurfti að halda, 1. okt. í fyrra. Þegar stjórninni af öllu þessu þótti ómögulegt að gera samninga við Jón Sveinsson, þá var aftur farið til Balds og hann látinn gera nýja áætlun um bygginguna fyrir sama fé, og Jón hafði áætlað. Þá breytti Bald sinni fyrstu teikningu á margan hátt, gerði bygginguna lengri og breiðari og hærri undir loft; en hann lét ekki þar við lenda, hann bætti við kjallara undir meir en hálft húsið, og gerði yfir höfuð margar endurbætur, sem munaði fullkomlega því að verðinu til, sem áætlun Jóns Sveinssonar var hærri en hin upprunalega áætlun hans. Úr því að svona tókst til, að Jón ekki vildi taka bygginguna upp á akkord, með sundurliðuðum ákvæðum, eins og stjórnin vildi hafa, og gat enga tryggingu sett fyrir því, að húsið yrði til á þeim tíma, sem á þurfti að halda, þá gat stjórnin ekki átt við hann. Eins og h. þingdm. ef til vill muna, var tilboð Jóns ekki annað en uppdráttur af húsi og tiltekin sú upphæð, sem kosta mundi að byggja það, en alls ekki sundurliðað tilboð.

H. þm. hefir haldið því fram, að þetta hús væri ekki eins vandað og sterkt eins og það sem Jón hefði boðist til að byggja, að húsið á teikningu Jóns hefði verið 1 al. lengra, 1 al. breiðara og 1 al. hærra undir hvert loft, held eg; eg hefi ekki mælt það; eg get látið mæla það ef vill, eða kannske h. þm. hafi gert það, en eg efast um að munurinn sé svo mikill, því eg man að það var tekið fram við Bald, að hafa húsið eins stórt og Jón Sveinsson hafði tiltekið. Að það hús, sem Jón Sveinsson bauðst til að byggja, hefði orðið vandaðra, getur h. þm. Dal. (J. P.) ekki dæmt um, því að það stóð ekki í tilboði Jóns, úr hvaða við húsið skyldi bygt, en eftir því fer einmitt hversu vönduð hús eru, eftir efninu, sem þau eru bygð úr.

H. þm. Dal. (J. P.) fann marga galla

á húsinu, og lýsti þeim svo graphiskt og svo skemtilega, að eg þori ekki að rengja frásögu hans, en eg hefi aldrei orðið var við þessa galla á húsinu, þó að eg hafi komið þar oft, og allra sízt hefi eg orðið hræddur um líf mitt, enda aldrei gengið þar fram hjá eins stórum, skjögrandi og yfir höfuð háskasamlegum ofni, eins og h. þm. Dal. (J. P.) segir frá. Húsið var tekið út af 2 hinum æfðustu húsasmiðum hér í bænum, og var lagt ríkt á við þá, að gæta vandlega að, hvort húsið væri eins vandað og traust eins og vera átti; þessir menn gáfu því bezta vitnisburð, þannig, að eftir áliti þeirra gat eg enga hættu séð í því, að borga út þá upphæð, sem veitt var. Þeir gallar, sem forstöðumaður skólans hefir skýrt mér frá, og sem hér er stungið upp á að varið sé 100 kr. til að gera við, eru sérstaklega á Compousborðum, sem notuð eru í fyrsta sinn hér á landi í holdsveikraspítalanum og stýrimannaskólanum. Það er alveg ný uppfundning á panel, sem er fundin upp fyrir einum 2 árum, og var þá í miklum metum, og er víst enn, svo miklum, að Bald var gert að skyldu, að nota hann í Laugarnesspítalann. Hann vildi helzt komast hjá því, að nota þessi panelborð af því þau eru svo dýr, en oddfellowarnir gerðu honum það að skyldu, af því að þessi panel var álitinn svo ágætur. Vegna þess brúkaði Bald þennan panel í suma bekkina í stýrimannaskólann, og hann þóttist gera meira en hann var skyldugur til, með því að brúka hann. En það hefir komið fram, að þessi panel er ekki eins góður og búizt var við, hann rifnar og gisnar í hita, sérstaklega nálægt ofnum, bæði kringum þá og uppi yfir, og var ómögulegt fyrir stjórnina að vita þetta fyrirfram, enda ekki fyrir neinn, þar sem panelinn hafði þótt góður eftir þeirri reynslu, sem fengin var fyrir honum erlendis. Þetta er mér vitanlega sá eini galli, sem er á húsinu, og sá eini, sem forstöðumaður skólans hefir skýrt mér frá og beðið um að lagaður yrði. Eg vil ekki rengja frásögn h. þm. Dal. (J. P.), en forstöðumaður stýrimannaskólans, sem þó má ætla að sé kunnugur skólahúsinu og hafi hug á að fá gallana bætta, ef hann fyndi nokkra, hefir ekki kvartað um annað en þetta. H. þm. Dal. (J. P.) fullyrti að 100 kr. yrði hvergi nærri nóg til að gera við húsið, hann hefir víst miklu betur vit á því, en bæði eg og skólastjórinn, hann er svo vanur húsasmíðum, en eg hélt að það væri óhætt að treysta áætlun skólastjórans um þetta, enda mun hann hafa ráðfært sig við smið, og því er upphæðin til viðgerðar við húsið ekki sett hærri en þetta.

Jens Pálsson: Hæstv. landsh. hefir með ræðu sinni skýrt h. þingd. frá, hvernig á því hafi staðið, að stýrimannaskólinn var bygður af þeim manni og á þann hátt, sem orðið er; en eg skal þó leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir.

Hæstv. landsh. sagði, að ekkert sundurliðað tilboð hefði komið frá Jóni Sveinssyni, en eg man nú greinilega eftir því sem formælandi framboðs J. Sveinssonar í þessari deild '97, að fyrir henni lá tilboð frá Jóni Sveinssyni, þar sem tiltekið var ekki einungis hvað langt og breitt húsið skyldi vera og hvað margfaldir veggir, heldur einnig hve þykk borð og plankar, hve digrir viðir skyldi notaðir í hvað eina, stafi, bita o s. frv.; eg þykist muna glögt eftir því, að þar var tilnefndur sænskur viður. Í umræðunum síðar hér í deildinni var þetta rækilega tekið fram; og mismunurinn rakinn í öllum þessum einstöku atriðum, þá er tilboð Jóns var borið saman við Balds, og kom þá

flestum saman um það, að samkvæmt tilboði Jóns væri langtum meira í húsið borið að öllu leyti. Eg efast alls ekki um, að í hinu síðara tilboði hr. Balds hafi verið breytt til í þá átt, sem gert var ráð fyrir í tilboði Jóns Sveinssonar, en eg get þó ekki látið vera að benda á eitt atriði, sem nokkra þýðingu hefir í þessu efni. Jón Sveinsson hafði gert ráð fyrir að klæða allar hliðarnar undir járninu með borðum, til þess að verjast öllum súg, en þetta hefir ekki verið gert, og afleiðingin hefir reynst sú, að húsið er nú alls ekki laust við súg. Þótt eg sé ekki mjög kunnugur þessu húsi, þá þori eg að fullyrða, að þetta sé rétt hermt.

Þegar þessi húsbygging var á prjónunum hafði Jón ráðgert að fara utan til þess að undirbúa sig með við og annað, er nauðsynlegt væri fyrir húsið, ef hann gæti fengið nokkra vissu fyrir að sér yrði falið að hafa á hendi bygginguna; en þessa vissu gat hann ekki fengið. Um sama leyti vildi svo til að hann fekk von um, að honum yrði falið á hendur að standa fyrir enn þá stærri byggingu (barnaskóla Reykjavíkur), og þegar að auki þessi óvissa bættist ofan á, þá sagðist Jón ekki hafa getað gert það að neinu kappsmáli, hvort hann fengi bygginguna á stýrimannaskólanum eða ekki. Svona var þessu máli varið í fyrra haust, þegar eg átti tal um þetta við Jón Sveinsson, og hélt hann þá fast við, að sér væri ómögulegt að fá neina vissu fyrir, hvort hann gæti fengið byggingu stýrimannaskólans eða ekki.

Eg heyrði á hæstv. landsh., að honum þótti eg hafa málað með of sterkum litum, hvernig húsið liti út að utan og innan, en eg skal nú bæta því við, að það leit í mínum augum enn þá vel út að innan en eg lýsti því áðan hér í deildinni; eg forðaðist einmitt að mála það of svart; en það lítur ekki út fyrir, að eg sé einn um að spara farfann á húsið; og hafi eg verið of örlátur með hann, þá hefir byggingarmeistarinn verið því sparari, því utan á húsið er ekki eytt neinni smurningu. Þetta er dýr, opinber bygging, sem vér eigum heimting á, að sé traust og vönduð, og svo kemur það í ljós, þegar á 1. ári, að hvert herbergið af öðru í húsinu er meira og minna stór-gallað.

Í fyrri ræðu minni tók eg það til dæmis upp á frágangínn, að í stað þess, að múra upp í kringum ofnana, þá væru járnplötur negldar á þilin til þess að forðast eldsvoða; þetta er sami útbúnaðurinn, sem fátækir tómthúsmenn notast við, og þykir þó lélegur jafnvel í þeirra fátæklegu smáhýsum. — Súghjallur hlýtur bygging þessi að vera, því þar sem »betrekkið« var losnað frá veggnum í einu herberginu, og veggurinn sjálfur kom í ljós, virtist mér panelið svo rifið og gisið, að það líktist fremur einhverju rimlaverki en stofuþili. Það er þó það minsta, sem hægt er að búast við af dýrum opinberum byggingum, að þær séu lausar við þess konar galla, er eigi verða afsakaðir með öðru en fátækt þess, er bygginguna kostar.

Ef tilboði Jóns Sveinssonar hefði verið tekið, þá hefði þetta alt orðið öðru vísi. Ekki hefði húsið sjálft einungis orðið miklu vandaðra, heldur hefði líka alt umhverfis það litið miklu betur út. Upp að húsinu hefði t. d. legið steinlagður stígur; nú sézt hann hvergi.

Eg vona að hæstv. landsh. og stjórninni geti vel skilist það, að þegar þingið er svo örlátt og stórhuga, að veita meira fé en um er beðið til þess að fá opinbera byggingu sem allra bezt úr garði gerða, þá sé full ástæða til

þess, að þinginu sárni og gremjist, er stjórnin sjálf verður þess valdandi, að tilgangurinn ekki næst.

Það var bein ætlun þingsins, þegar það samþykti þessa hærri fjárveitingu, að húsið yrði bygt í samræmi við uppdrátt og tilboð Jóns Sveinssonar, og bygt af honum Þvert ofan í þennan vilja og fyrirætlun þingsins hefir stjórnin falið öðrum manni bygginguna, og húsið er minna og verra en vera átti. En stjórnin heldur því fram, að ekki hafi verið hægt að láta Jón Sveinsson byggja; látum svo vera — en þá átti stjórnin þó að láta byggja samkvæmt uppdrætti hans.

Eg verð enn þá að vera á þeirri skoðun, að afskifti stjórnarinnar af bygging stýrimannaskólans hafi mjög misheppnast; og ef fé landsins væri oft varið til jafn-óvandaðra bygginga, þá yrði eg að telja það hörmulega farið. Því fremur verð eg að telja það enga góða frammistöðu hjá stjórninni, að hafa varið 20 þúsund kr. í þessa byggingu, þar sem góðir og vandaðir smiðir hér í bænum hafa, að því er skilríkur maður hefir sagt mér, ætlast á um, að skólinn muni í raun og veru hafa kostað miklu minna fé en til byggingarinnar var veitt. — Þeir sem tiltaka minst, segja: 11—12000 kr. og þeir sem hæst fara segja: 14—15000. Ágætur smiður hefir sagt mér, að byggingarkostnaðurinn hafi ekki getað farið fram úr 15,-000 kr. Alt þetta bendir á, að hús þetta sé óþarflega dýrt, ekki vandaðra, og tel eg að talsvert landsfé hafi á þenna hátt misfarist.

Eg veit ekki, hver gert hefir samningana við timburmeistara Bald, en virðist auðséð á öllu þessu ráðlagi, að stjórnin í Kaupmannahöfn, sem ekki er neinn arkitekt, hafi gjört þá upp á sitt eindæmi. —

Landshöfðingi: Það eru að eins fáein orð, sem eg vildi leyfa mér að mæla, út af ummælum h. þm. Dal. (Jens P.). Þar sem h. þm. lagði sérlega áherzlu á, að hús það, sem Jón Sveinsson gaf uppdrátt af, hefði verið svo veglegt og myndarlegt, þá man eg, að það átti að vera mikið pírumpár á því að utan, en eg man ekki til, að það væri að öðru leyti myndarlegra en það hús, sem vér nú höfum fengið.

Eg gleymdi að geta þess áðan, að í áætlun Jóns Sveinssonar var gjört ráð fyrir blómreitum fyrir framan húsið; en til þess hefði þurft mikla lóð. Það hefði þess vegna verið ómögulegt fyrir Jón Sveinsson að byggja húsið fyrir þá upphæð, sem hann tiltók, vegna þess, hve dýrar húsalóðir hér eru. Lóðin fekst fyrir 2 kr. ferh. faðmurinn fyrir sérstaka náð.

Eigandinn hefir síðan selt fyrir 50 a. ferhyrnings alinina. Ef hús Jóns Sveinssonar hefði verið svo úr garði gjört, sem hann ætlaðist til, með gangi og blómreitum fyrir framan, þá hefði í þá lóð farið 1000 kr. eða meir, sem hefðu orðið að leggjast við upphæð þá, sem áætluð var.

Þar sem h. þm. Dal. (Jens P.) gat þess enn fremur, að snikkarar hefðu sagt, að þetta stýrimannaskólahús, sem vér nú höfum fengið, hefði ekki átt að kosta meira en 11—12000 kr., þá marka eg ekki hið minsta ummæli, sem smiðir láta falla eftir á um verk annara smiða. Vér vitum, að slíkar áætlanir eru langt fyrir neðan hið rétta, og því ekki hið minsta að marka þær. Ef þeir eru beðnir að taka að sér að byggja slík hús upp á »akkord«, þá er ekki nærri því komandi af því, að þeir vita ekki fyr en eftir á, hvað það kostar, og virðingin er sjaldan í réttu hlutfalli við kostnaðinn.

Það getur verið, að það hefði mátt fá hús þetta að einhverju leyti ódýrara eða betur úr garði gjört en það er. — En þegar búið er að gjöra samning við stjórnina, þá getur hún ekki gjört meir en setja mann til þess að gæta þess, að smíðið sé gjört eins og áskilið hefir verið í samningnum og byggingarfróða menn til þess að taka það út. Stjórnin getur ekki sjálf staðið yfir smíðunum eða haft auga með gjörðum þeirra, en verður að trúa þeim til að leysa verkið sem bezt af hendi. Ef úttektarmennirnir svo vita, að alt sé í góðu lagi, þá hlýtur stjórnin að álíta, að hún geti reitt sig á það, og þó einhverjir gallar komi fram á eftir, þá getur stjórnin ekki að því gjört.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk): Það eru nokkur ummæli í ræðu hins h. þm. Vestm. um kensluna í lærða skólanum, og sérstaklega um stjórn skólans, sem gáfu mér tilefni til að standa upp og mæla fáein orð.

Þar sem hann mintist á latneska stýlinn til inntökuprófs, þá hefir því áður verið svarað af hæstv. landsh. Þar sem tekið hefir verið upp í reglugerð skólans 1852 ákvæði um, að piltar, sem sækja um inntöku í skólann, skuli hafa numið aðalatriði hinnar latnesku mál myndalýsingar, þá hefir það síðan verið venja, að reyna þá í að gjöra léttan latneskan stýl. Fyrr voru gjörðar miklu strangari kröfur en nú að því er latneska stýlinn til inntökuprófs snertir. Það mætti ef til vill breyta þessu og væri þá rétt að snúa sér í því efni að yfirstjórn skólans. En á hinn bóginn er það álitamál, hvort það sé ekki rétt álitið, að piltur, sem ekki getur sett rétt saman 2—3 orð í latneskum stýl, kunni ekki aðalatriði hinnar latnesku málmyndalýsingar. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta atriði, en láta það á vald yfirstjórnar skólans. En þar sem þetta einu sinni er gömul hefð, þá finst mér engin furða þótt hinn núverandi rektor fylgi þessari venju þangað til öðruvísi verður fyrirskipað.

Hinn sami h. þm. mintist líka á ástand það, sem verið hefir í skólanum á síðastliðnu skólaári og málaði það mjög svörtum litum, og sagði, að slíkt ástand hlyti að hafa slæm áhrif á kensluna í skólanum, enda hefði líka prófið í vor sýnt það, sérstaklega að því er snerti frammistöðuna í dönsku. Eftir minni þekkingu á skólanum, hefir danskan alla jafna verið lítið stunduð, svo hefir það verið lengi og svo mun það vera enn; þetta er auðvitað ekki rétt, en hún hefir lengstum setið á hakanum með því að hún þykir auðlærð. En að því er snertir kensluna í öðrum námsgreinum, þá get eg af eigin reynslu sagt um prófið í grísku í 3ja bekk, þar sem eg var prófdómari, að það gekk mjög vel og piltar reyndust þar fult eins vel og jafnvel betur nú en í minni tíð í skóla. Sama hefi eg heyrt af h. 2. þm. K.-G. (Jóni Þórarinssyni) um latínu í 6. bekk, þar sem hann var »Censor«. Eg veit það fyrir víst, að kensla rektors sjálfs er mjög góð. Að því er óspektirnar snertir, þá gerði hinn h. þm. Vestm. mest úr þeim, og sagði, að yfirstjórn skólans hefði átt að taka þar í taumana, fremur en hún hefði gjört. En það finst mér ekki vera rétt á litið. Skólinn er sem eitt heimili og eg álít varasamt fyrir þá, sem standa fyrir utan hann, að hafa mikil afskifti af honum, því svo gæti farið, að það gerði ilt verra. Mér virðist að skólastjórnin ætti að bíða og sjá, hverju fram vindur. Það var nokkuð líkt ástand í skólanum 1882—1883, og komst alt í gott lag aftur, og eins vona eg að verði nú.

Óspektirnar í vetur hafa líklega ver-

ið mest að kenna einstökum óeirðarseggjum; að vísu veit eg ekki neitt um það með vissu, en að ástandið hafi verið orðum aukið, tel eg sjálfsagt, og að þjóðin treystir skólastjóra til að koma öllu í gott horf aftur sést á því, að í vor gengu engu færri inn í skólann en að undanförnu, og prófið í vor hefir líka sýnt, að framfarirnar í hinum einstöku námsgreinum hafa ekki verið lakari en áður.

Skúli Thoroddsen: Eg skal ekki lengja mikið umræðurnar, því að þær eru þegar orðnar ærið langar, þó þarf eg að bæta nokkru við það, sem eg talaði áðan.

Hæstv. landsh. svaraði fáu af því, sem eg mintist á; eg bjóst heldur ekki við því, af því að flest af því var svo vaxið, að honum gat varla orðið greitt um svör. Eigi að síður vildi eg láta það koma fram hér í þingsalnum, svo að það væri »in actis«, eins og lögfræðingarnir komast að orði.

Tvent var það þó, sem hæstv. landsh. svaraði; fyrra atriðið snerti Presthólamálið; þar gat hæstv. landsh. þess að orsökin til þess, að eigi væri búið að setja prófastinn í Norður-Þingeyjarsýslu prófastsdæmi aftur inn í embætti hans, væri sú, að sér væri ekki kunnugt um, hve langt síðara sakamálið, sem móti honum var höfðað, væri á veg komið; en hvað það atriði snertir, þá get eg frætt hæstv. landsh. á því, að dómur er fallinn í þessu máli fyrir all-löngu í héraði, og urðu dómsúrslitin þau, að prófasturinn var aðeins dæmdur í lítilfjörlegar fjársektir. Annars virðist mér það býsna hart, að landsstjórnin skuli ekki gera sér far um að fylgja gangi slíkra mála með meiri athygli en svo, að henni er það ókunnugt, þótt dómur sé kveðinn upp í þeim fyrir fleiri mánuðum; en landsstjórninni þykir það sjálfsagt ekkert tiltökumál, þótt hún sé ófróðari um gang slíkra mála, en almenningur; henni virðast ekki blæða einstaklingssárin.

Annað það, sem hæstv. lh. svaraði uppá, var viðvíkjandi því atriði í ræðu minni, að skýrsla hans um vilja og skoðanir ráðgjafans í stjórnarskrármálinu hefði eigi verið rétt eða nákvæm á alþingi 1897. Eg bjóst reyndar ekki við öðru svari af hálfu landshöfðingja um þetta atriði, en eg fekk. En eigi að síður verð eg að halda því fram, að framkoma hæstv. landsh. í stjórnarskrármálinu á þingi 1897 sé öllum landslýð svo kunnug, og rituð því letri í sögu landsins, að engin mótmæli eða fullyrðingar frá hans hálfu geti afmáð það, eða fegrað málstað hans. Eg skal þessu til sönnunar að eins benda á það, að í báðum deildum þingsins 1897 lýsti hæstv. landsh. því yfir í umboði stjórnarinnar, að stjórnin ætlaðist til að umbætur þær á stjórnarfarinu, sem hun vildi þá ganga að, yrðu að skoðast sem »fullnaðarúrslit« málsins. Þetta lagði hæstv. landsh. þá mikla áherzlu á og þessu var óspart beitt sem vopni af mótflokknum. Eg játa það að vísu, að ekki er mikið að byggja á ræðum hæstv. landsh. um þetta í þingtíðundunum, því að vér höfum engan hraðritarann á þingi, og ræður hans birtast þar í töluvert öðrum búningi en vér heyrðum þær haldnar í; en af ræðum ýmsra þingmanna má þó fullljóst sjá, hvernig honum muni hafa farist orð. Skal eg í því efni benda á orð h. 5. kgk. þm. (J. A. H.) í efri deild; hann segir svo í ræðu, sem lesa má í alþingistíðindunum (A. 456): »Það hefir einnig verið tekið fram af fulltrúa stjórnarinnar, að þetta séu »fullnaðarúrslit« á stjórnarbótarkröfum vorum; það er að segja, að vér megum hvorki æmta né skræmta um frekari breytingar«; og þingmaður þessi getur

þess meira að segja, að hann hafi skrifað orðin orðrétt eftir landshöfðingja. Vitnisburð þessa þingmanns, sem er alkunnur vinur landshöfðingja, vona eg, að hann vefengi eigi, enda má sjá sama af ræðum fleiri þingmanna. En hversu fráhverft þetta er því, er lagt var fyrir hæstv. landsh. í bréfi ráðherrans til hans frá 31. maí 1897, vitum vér nú allir, þar sem það er einmitt skýrt tekið fram í ráðherrabréfinu, að ekki væri um annað að ræða, en bráðabirgðaástand, sem reyna mætti um stundarsakir, til þess að sjá hvernig gefist. Að vísu dró hæstv. lh. nokkuð úr orðum sínum um »fullnaðarúrslitin« aftur síðar meir í efri deild, eftir það að hann hafði fengið ítrekaða skipun frá ráðgjafanum þess efnis, að skýra réttar og afdráttarlaust frá efni ráðherrabréfsins, að því er fullyrt er. En tilgangi hans var náð, og þessi ranga skýrsla hans um »fullnaðarúrslitin« óspart látin klingja, og mun það hafa átt eigi alllítinn þátt í því að afdrif stjórnarskrármálsins þá á þinginu urðu sem kunnugt er. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta. Framkoma hæstv. landsh. mun geymast í sögunni, og sagan dæma hana, og áhrifin, sem hann hefir haft á stjórnarbótarmál vort.

Þá þarf eg að minnast á eitt atriði í ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.). Hann fór að verja ráðsmanninn við holdsveikisspítalann, og halda því fram, hvað duglegur hann væri. Þetta var allsendis óþarfi, því að eg beindi ekki aðfinningum mínum að honum persónulega, en tók það að eins fram, að veiting ráðsmannssýslunarinnar hefði mælst illa fyrir, þegar það fréttist, hverjir í boði hefðu verið. Allir óvilhallir menn hlutu að sjá, að það var eitthvað bogið við það, að hafna tveim alkunnum ráðdeildarmönnum, en taka mann þennan fram yfir þá. Að öðru leyti er ekki hægt að byggja mikið á orðum h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sem óvilhalls manns í þessu máli, þar sem hann er náskyldur spítalaráðsmanninum. En hvað ráðdeild þessa manns, sem eg þekki ekki persónulega, að öðru leyti snertir, þá er hún ekki farin að sýna sig enn við spítalaráðsmenskuna, þar sem því mun torvelt að neita, að meðferð á fé spítalans hafi verið alt annað en ráðdeildarleg, það sem af er. Annars vil eg taka það fram, að það er full von, að almenningur taki eftir slíku, sem veitingunni á sýslan þessari, og sé óánægður með hana; því að þetta er ekkert eins dæmi; slíkt hefir oftar fyrir komið, að því er veitingar embætta og sýslana snertir, því að það lítur yfir höfuð svo út, sem við slíkar veitingar ráði einatt annað meir en verðleikar, og að veitingarvaldinu hér í Reykjavík sé ærið tamt að koma vildarmönnum sínum og skjólstæðingum í sýslanir, sem launaðar eru af opinberu fé. Þannig skal eg benda á það, að amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu hefir komið báðum skrifurum sínum að slíkum sýslunum; annar er gjaldkeri við holdsveikisspítalann, og þótt eg efist ekki um, að hann muni vera góður drengur og duglegur maður, þá held eg að flestum sé dulið, að hann hafi haft nokkra sérstaka hæfileika til þessa starfa fram yfir aðra, sem um var að velja. Hinn skrifarann hefir hann »oktroierað« upp á bæinn sem fjárhaldsmann dómkirkjunnar, þvert ofan í vilja bæjarstjórnarinnar. Og svo bætir þessi sami embættismaður því ofan á, að hann heimtar viðbót við fé til skrifstofukostnaðar, og nemur þó skrifstofufé hans 1400 kr., og er þetta réttlætt með því, að amtmaður hafi að undanförnu starfað miklu meira en hann ætti að gjöra(!). Þetta varpar góðu ljósi á ástandið og hugsunarháttinn, og

er því meira en skemtilegt að hafa það á prenti. — Eg get tekið undir með h. þm. Vestm. (V. G.) að ólagið í latínuskólanum sé allrar íhugunar vert, og eigi síður get eg tekið undir það, hve fráleitt það er, að latneskum stýl skuli enn haldið við inntökupróf, þvert ofan í fyrirmæli skólareglugjörðarinnar, og þrátt fyrir það, þótt athugi væri vakinn á því máli á þinginu 1897. Þetta mál er þess vert, að það sé ekki látið ganga afskiftalaust af þingsins hálfu, og mun eg því sameina mig við aðra h. þm. um það, að koma inn í fjárlögin því skilyrði, að einhverjar þeirra fjárupphæða til latínuskólans, sem ekki eru fastákveðnar með lögum, en að eins veittar á fjárlögum, skuli því að eins borgaðar út, að reglugjörð skólans sé ekki beitt ranglega í þessu efni.

Það hefir verið lokið lofsorði á h. fjárlaganefnd fyrir það, hve vel hún hafi tekið í fjárframlög þau, sem stjórnin fór fram á til umbóta á póststjórninni. En í því sambandi finst mér rétt að benda á það, að það virðist miður heppilegt, að embættismenn séu látnir sitja fyrir póstsýslunum í kaup stöðum og verzlunarstöðum, þar sem um aðra vel hæfa menn er að velja; skal eg í því tilliti nefna það, sem nýskeð er, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu hefir verið veitt póstafgreiðslan á Blönduós. Í »parantesis« má og nefna það, sem flogið hefir fyrir eyru manna, að þessi veiting hafi sérstaklega þótt koma heppilega við eftir undirbúninginn, sem hafður var undir þingmálafundinn í Húnavatnssýslu í vor, og þar sem úrslitin í stjórnarskrármálinu á þeim fundi eru einkum eignuð afskiftum sýslumannsins.

Þá verð eg að blanda mér dálítið inn í umræðurnar um stýrimannaskólann. Mér er kunngt um það mál, því að eg fylgdi því fram á þinginu 1897, að Jóni trésmið Sveinssyni væri falin bygging skólans á hendur, og síðan hefi eg fengið skriflega skýrslu frá Jóni Sveinssyni um gang málsins eftir þinglok 1897, og fór ræða hæstv. landsh. alveg í gagnstæða átt við þá skýrslu hr. Jóns Sveinssonar, sem eg hefi enga ástæðu til að rengja. Mér datt því í hug, á meðan hæstv. landsh. hélt ræðu sína um stýrimannaskólann, að margir væru nú farnir að verða skáld, því að mér gat ekki betur fundist, en að hæstv. landsh. væri þar farinn að semja skáldsögu.

Eftir skýrslu Jóns Sveinssonar, er gangur málsins þessi: Jón Sveinsson sneri sér, nokkru eftir þinglokin, til skrifstofu landshöfðingja, til þess að fá að vita, hvort hann mundi ekki fá að taka að sér bygging stýrimannaskólans, en hitti þá svo á, að landshöfðingi var ekki heima, en landritarinn taldi sjálfsagt, að hann yrði látinn sitja fyrir byggingunni, þar sem þingið hefði tekið uppdrátt hans fram yfir uppdrátt Balds, en sagði þó, eins og eðlilegt var, að hann yrði að snúa sér til landshöfðingja sjálfs. Þetta gjörir Jón Sveinsson, en fær þá það svar hjá honum, að þetta sé mál, sem ráðgjafinn verði að skera úr, landshöfðingi hvorki vilji né geti gjört það. Nú segir hæstv. landsh., að Jón Sveinsson hafi átt kost á því að byggja skólann, en með skýrslu Jóns sjálfs í hendinni verð eg að segja, að þetta sé ósatt, eða bygt á misminni, eins og líka því, að þess hafi krafist verið af Jóni, að gera grein fyrir, úr hvaða efni hann ætlaði að byggja skólann; það komst aldrei svo langt, að farið væri fram á það. Það mun heldur aldrei hafa komist svo langt, að hæstv. landsh. geti sagt um með vissu, hvort Jón Sveinsson hefði getað sett þá trygging, sem þurfti, eða ekki.

Jón var ferðbúinn að sigla með »Jyden«, til þess að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir um pöntun á efni o. fl., en þegar hann frétti þetta, að hann átti að eiga mál sitt undir náð ráðgjafans, kom afturkippur í hann. Honum mun ekki hafa þótt vænlegt að sigla upp á óvissu, og það meðfram af því, að hann hafði frétt eftir syni Baldts, að faðir hans mundi hafa loforð fyrir byggingunni; og eg skal geta þess um leið, að það hefir flogið fyrir, að Baldt hafi fengið teikning Jóns Sveinssonar í hendur, en það var með öllu heimildarlaust, fyrst boði hans var hafnað af stjórninni. En að öðru leyti er þessi aðferð þó mjög skiljanleg. Það kemur hér fram hið sama, sem vér eigum að venjast, að danskir menn séu teknir fram yfir Íslendinga. Baldt er danskur maður, sem bygt hefir nokkur hús hér á Íslandi, og ráðgjafinn hefir hugsað sem svo: »Hvað eigum við að vera að skifta okkur af þessum íslenzka dóna, það er sjálfsagt að láta hann Baldt okkar hafa bygginguna«. — En þessa aðferð við einn af vorum helztu og fremstu smiðum verð eg að telja lítt sæmandi; það má telja hana hreint og beint gabb, þar sem hann hafði lagt fram fyrir þingið teikning, er það ætlaðist til, að húsið væri bygt eftir. Þar að auki verð eg að álíta, að stjórnina hafi brostið heimild til að láta byggja skólahúsið öðruvísi en nákvæmlega eftir því fyrirkomulagi, sem hin hærri fjárveiting var miðuð við. Aðferð stjórnarinnar, hvað bygging stýrimannaskólans snertir, verður því að teljast heimildarlaus og ólögleg.

Eg skal svo ekki tala um fleiri sérstök atriði, en af því að eg býst við að umræðum sé nú brátt lokið, þá ætla eg nú að endingu að gjöra grein fyrir því, hvaða árangur mér virðist umræðurnar í dag hafa borið. Mér sýnist þær ómótmælanlega hafa sýnt það, að vér eigum framkvæmdarlausa og hugsunarlitla stjórn, stjórn sem ekki hugsar um að bæta atvinnuvegi vora, né ráða fram úr öðru því, er mest kreppir að þjóðinni. Ennfremur virðist það hafa komið fram í svörum hæstv. landsh. í dag, að stjórnin sé svo ókunnug að hún viti ekki það, sem er á vitorði allra annara manna. Svarið hefir alt af verið hjá hæstv. landsh.: Eg veit það ekki, mér er ekki kunnugt um það. Þetta er ofur handhægt svar, en það er líka fátæklegt svar, og sýnir, hvað ástandið er öfugt og ópolandi.

Í þriðja lagi hefir það ótvíræðlega komið fram, að eftirlitið frá stjórnarinnar hálfu með ýmsu því, sem unnið er fyrir landsins fé, og með embættismönnum, er harla ófullkomið. Alt þetta er ofur-eðlilegt og skiljanlegt; það er bein afleiðing af ábyrgðarleysi stjórnarinnar, enda má jafnan við því búast, að minna sé hirt um hlutina, þegar stjórnin hefir engum til neins að svara, heldur en vera myndi, ef hún gæti búist við því, að eiga að svara til allra gjörða sinna, og bera fulla ábyrgð á þeim.

Alt þetta bendir á, að stjórnarástand vort er ópolandi, og þarf skjótra umbóta, og aðal-árangurinn af umræðunum í dag ætti því að vera sá, að þeim, sem enn er þetta óljóst, ætti að verða það ljósara hér eftir, og að þeir, sem ekkert telja liggja á breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu ættu heldur að veikjast í þeirri trú eftir þessar umræður.

Landshöfðingi: Eg ætla ekki að fara að skattyrðast við h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.). Það er hvorki sómi fyrir okkur, né heldur mun það vera nein ánægja fyrir h. deild, og ætla eg því að eins

að snúa mér að tveim atriðum i ræðu h. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hann heldur því fram, að eg hafi ekki farið rétt með stjórnarboðskap þann, er stóð í ráðgjafabréfinu 31. maí 1897, viðvíkjandi væntanlegum undirtektum stjórnarinnar undir frumv. það, sem þá var borið upp á þingi.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) segir, að eg hafi sagt, að ráðgjafinn skoðaði það sem fullnaðarúrslit á stjórnarskrármálinu, ef frumv. yrði samþykt. Eg stend við það enn, að eins og eg skil orðin: »endelig Lov«, þá sé rétt að leggja það út með fullnaðarúrslit. (*Skúli Thoroddsen*: Slept úr: en for Tiden). Það leiðir af sjálfu sér, að öllum lögum má breyta, og að aldrei getur verið að ræða um viss fullnaðarúrslit um aldur og æfi.

Hitt atriðið er viðvíkjandi skýrslu þeirri, sem Jón Sveinsson á að hafa gefið h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.); eg verð að neita því, að skýrsla þessi sé rétt. Eg gjöri ráð fyrir, að hann muni hafa gefið skýrsluna á þann hátt, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) skýrði frá, en hann hefir þá ekki gefið hana eftir réttu minni. Það er víst og rétt, að eg fór upp til Jóns Sveinssonar áður en málið var afgreitt til ráðgjafans, og bað hann að koma með endilegt og sundurliðað tilboð um, að hann vildi taka að sér bygginguna, svo hægt væri að senda það með hinum málsskjölunum til stjórnarinnar, og þá talaði eg jafnframt um það við hann, að hann yrði að setja tryggingu fyrir verkinu, ef hann fengi það, en auðvitað gat eg ekki boðið honum fyrir fult og alt að taka verkið að sér, til þess hafði eg ekki myndugleika. — Þessu, sem eg fór fram á, fullnægði Jón Sveinsson ekki. En eg er viss um, að hann mundi kannast við það, sem eg hefi frá skýrt, ætti eg tal við hann. Verð eg því að mótmæla skýrslu þeirri er h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þykist hafa fengið.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. (C. bls. 1 og þingskj. 172, 186, 187, 191, 209, 210, 219, 220, 229, 230, 231, 234, 236, 239, 240, 242, 243), 29. júlí.

I. kafli.

Tekjubálkurinn.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.). Eg skal fyrst taka það fram, að eg er þakklátur hinum hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans við bendingar þær, er fjárlaganefndin hefir gefið viðvíkjandi forminu á fjárlagafrumv. frá stjórninni. Hann sagði nefnilega við framhald 1. umr. þessa máls, að nauðsynlegt væri að lagfæra þetta, og að það yrði eflaust gjört, en það hefði ei verið tími til þess nú.

Þegar maður snýr sér að fyrirliggjandi kafla (I. kafla fjárlagafrumv.), er óvanalega erfitt að tala um hann, því ýmsar breyt.till. frá háttv. þingdeildarmönnum hafa komið svo seint, að eg hefi eigi getað borið mig saman við meðnefndarmenn mína. Væri óskandi, að háttv. þingm. tækju meira tillit til fjárlaganefndarinnar, og kæmu svo snemma með tillögur sínar, að hún gæti borið sig saman um þær.

Eg sný mér þá að breytingartill., og verður þá fyrst fyrir breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. frumv. 2. tölulið. Nefndin hefir stungið upp á að hækka þennan tölulið um 500 kr.; álítur hún það óhætt, því skattur þessi vex stöðugt. Síðasta ár var skattur þessi yfir 6000 kr., en nefndin hefir viljað fara varlega, og ekki setja neitt of hátt.

Við 3. tölulið 2. gr. hefir nefndin einnig gert breyt.till., og vill hún færa þann lið upp um 500 kr. Ef til vill

hefði mátt setja þennan lið meira upp, en vér leggjum þó ekki til, að það sé gjört, sökum þess, sem eg áðan mintist á, nefnilega það, að nefndin vildi fara varlega í sakirnar.

Útflutningsgjald af fiski og lýsi (8. tölul. 2. gr.) hefir nefndin álitið óhætt að færa upp um 1000 kr. hvort árið. Tekjugrein þessi fer eftir því, hvernig árar, og er þess vegna nokkuð misjöfn. Síðastliðið ár hafa tekjurnar af þessum tölulið verið hér um bil 43,000 kr., en nefndin tók meðaltalið af því, sem þær hafa verið nokkur síðastliðin ár, að meðtöldu hinu síðasta.

Nú hefir komið fram breyt.till. frá háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.), sem fer fram á, að hækka þenna tölulið um 3000 kr. hvort árið. Eg hefi ekki getað borið mig saman við meðnefndarmenn mína, en get lýst því yfir, að eg fyrir mitt leyti hefi ekki neitt verulegt á móti henni, þótt eg hins vegar geti ekki séð fulla ástæðu til að gera áætlunina hærri en meðaltal hefir verið nú um nokkur ár.

Nefndin hefir álitið rétt að færa vínfangatollinn niður, í fyrsta lagi vegna þess, að svo lítur út, sem sá tollur minki, þegar illa árar, og í öðru lagi hefir hann verið talsvert minni síðastliðið ár. Nefndin hefir því áætlað þenna tölulið 125,000 kr. í stað 135,000 kr. í frumv., og álítur hún það hóflegt.

Næsta tillaga nefndarinnar fer í sömu átt. Tollur af tóbaki var síðastliðið ár að eins 65,000 kr., en nefndin hefir álitið óhætt að gera hann 70,000 krón. hvort árið. Eg vona, að engin misklíð verði úr því.

H. þm. G.-K. (Þ. Th.) hefir komið fram með breyt.till. við 11. tölul. 2. gr. og stingur upp á að þessi tl. sé áætlaður 185,000 kr. Tollur af þessu, kaffi og sykri, hefir undanfarin ár verið svona hár, enda hefir kaffi verið ódýrt og þess vegna verið keypt fleiri pund, en það hefir auðvitað áhrif á tollinn. — Eg fyrir mitt leyti hefi ekki á móti því, að þessi töluliður sé hækkaður þannig, en nefndin hefir stungið upp á, að töluliðurinn sé áætlaður 180,000 kr., og eg hefi ekki getað borið mig saman við hana síðan eg fekk tillögu h. þm. G.-K. (Þ. Th.). Eg get því ekki sagt um, hvað nefndin vill gera við þessa tillögu. Aftur á móti get eg alls ekki fallist á breyt.till. h. þm. G.-K. (Þ. Th.) um, að áætla vitagjald hærra en í frumv. — Raunar mætti ætla, að vitagjald hækkaði, en reynslan hefir sýnt, að svo er ekki ávalt, og síðasta ár var það t. d. talsvert lægra, og nefndin hefir ekki álitið það ráðlegt að áætla það hærra en frumv. gerir.

Á hinn bóginn hefi eg ekki á móti því, þótt ríflega sé áætlað, en það verður að fara varlega í að hækka mjög mikið, þótt það líti glæsilega út.

Þá er eftir breyt.till. h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þar sem hann kemur fram með það nýmæli, að skuli mega verja alt að helmingi afgjalda af jörðum í hverju umboði til umbóta á jarðarhúsum og til verðlauna fyrir jarðabætur. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta, sem í alla staði er nauðsynlegt, og get eg lýst því yfir, að nefndin mun veita þessu atkvæði sitt. Landssjóður má ekki láta sitt eftir liggja, til að bæta jarðir sínar. Það er venjan, að húsakynni á þessum jörðum séu jafnvel verri en annarsstaðar, og kemur það af því, að vafningar eru við að fá breytingar á húsaskipaninni.

Það getur verið nauðsynlegt, að taka fram reglur viðvíkjandi þessu, en eg fyrir mitt leyti treysti því, að umboðsstjórnin sé vel fær um það.

Að endingu skal eg geta þess, að

tekjuáætlunin lækkar um 16,000 kr. á fjárhagstímabilinu, ef tillögur nefndarinnar verða samþyktar, en eg hefi eigi gætt að, hvernig þetta verður, ef till. h. þm. G.-K. (Þ. Th.) ganga í gegn; en eg sé að þær fara í gagnstæða átt, og munu hækka tölur tekjuhliðarinnar talsvert.

Landshöfðingi: Háttv. framsm. kvað það nýstárlegt, að svo margar breyt.-till. væru við þenna (I.) kafla fjárlaganna, og er það satt. Aftur á móti get eg eigi litið sömu augum og hann á hækkun þá á tekjum landssjóðs, sem breyt.till. fara fram á, því svo leit út, sem hann áliti, að nálega stæði á sama, hversu háar tekjurnar væru áætlaðar. Eg held því föstu, að eigi megi setja tekjurnar hærri en búast má við, að þær verði, því væri það gjört, gæti það orðið til þess, að fjárveitingarvaldið hækkaði útgjöldin um of, en það yrði til þess að tekjuhallinn yrði meiri en áætlað væri, og það er í alla staði óheppilegt. Eg get fallist á till. nefndarinnar um hækkun á húsaskatti, þótt frumv. um stofnun veðdeildar við landsbankann, ef það verður samþykt, geti haft þau áhrif, að þessi skattur minki nokkuð. Sömuleiðis get eg fallist á till. nefndarinnar um að hækka tekjuskatt, en eg get alls ekki fallist á þá till. um hækkun á vitagjaldi, sem hinn háttv. framsm. kendi við h. þm. G.-K., en sem eg vil kenna við háttv. þm. Dal. Nefndin hefir farið fram á að hækka útflutningsgjald af fiski og lýsi upp í 46,000 kr., og þm. Dal. (J. P.) hefir komið fram með breyt.till. um að áætla þessa tekjugrein 48,000 kr. Eg verð að halda mér við upphæð þá, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, því þessi tekjugrein hefir síðastliðið ár ekki verið nema c. 43,000 kr., og stafar mest af hvalveiðum. Tekjur þessar eru þess vegna mjög stopular, því ef hvalveiðarnar mistækjust mjög eða þeirra misti alveg við eitt ár, gætu þær hrunið niður úr öllu valdi. Eg get verið nefndinni samdóma um að áætla vintollinn lægri en í frumv. stjórnarinnar, en eg álít ekki ráðlegt að hækka aðflutningsgjald af kaffi og sykri. Eins og árferði er nú, getur þessi tekjugrein ekki gefið meira af sér en frumv. sýnir. Kaffi hefir nú undanfarin ár verið í lágu verði, en hækki verðið á því, er líklegt að tollurinn minki. Nefndin hefir ekki komið með till. um að áætla tekjur af póstferðum hærri en farið er fram á í frumv., og felst eg á að rétt sé að láta þann tl. halda sér óbreyttan. Við till. h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um viðauka-athugasemd við 3. gr. hefi eg lítið að athuga annað en það, að mér finst umboðsstjórninni gefnar þar nokkuð lausar hendur. Eftir till. gæti hún varið, að minsta kosti í sumum umboðum, alt að 2,000 kr. til umbóta á einni jörð. Mér finst því, að þingið ætti að setja einhverjar reglur um þetta, til þess að koma í veg fyrir, að umboðsstjórnin misbrúki þetta vald, sem henni er veitt. En eg álít æskilegt að hús séu bætt á jörðunum, og mér finst það rétt að landssjóður gangi á undan öðrum landsdrotnum í því, einkum fyrst sú stefna, sem í alla staði er góð, er uppi á þinginu, að hætta að selja þjóðjarðir. Eg veit ekki, hvort flutningsm. þessarar till. vill láta veita fé til að fjölga jarðarhúsum eða að eins til að umbæta leiguhús, eins og þau eru talin nú, en það er misjafnt í hverju héraði. Það hefir komið oft fyrir á seinni árum, að leiguliðar hafa sótt um styrk til að byggja hlöður og þær lagðar til sem jarðarhús. Eg vildi benda þm. á þetta. Eg skal að endingu taka fram, að eg er meðmæltur því, að till. sé bætt við, en eg vil skjóta því til h. deildar, hvort ekki sé rétt

að setja einhverjar nánari reglur um, hvernig fjárveitingu þessari skuli varið.

Þórður Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að svara athugasemdum h. framsm. nokkrum orðum, og jafnframt geta nokkurra breytinga þeirra, sem hann vildi gera við nokkra liði á frumv. stjórnarinnar.

Að því er snertir breyt.till. á þgskj. 254, þá skal eg geta þess, að h. þm. Dal. (J. P.) er aðalflutningsmaður þeirra, og hefði því h. framsm. átt að beina orðum sínum til hans, og ekki til mín. En af því eg á nokkurn þátt í þeim, þá finn eg ástæðu til að skýra frá skoðunum mínum í þessu efni, þótt eg ekki sé aðalflutningsmaður.

Eg get fyrst og fremst verið háttv. framsm. samdóma í því, að það sé sama, hvort tekjurnar séu áætlaðar meiri eða minni, því krónurnar komi inn jafnt fyrir því, hvernig sem áætlunin er. En eg verð þó að vera þar á sömu skoðun og h. þm. Dal. (J. P.), að bezt sé að tekjurnar séu áætlaðar svo nærri því sanna og rétta, sem mögulegt er að komast. Hæstv. landsh. sagði, að það væri komið undir því, hvernig tekjurnar væri áætlaðar, hvort fjárveitingarvaldið væri sparara eða ríflegra. Eg skoða þetta frá nokkuð öðru sjónarmiði, því hæstv. landsh. víkur því á þann veg, að menn eigi að varast að áætla tekjurnar hátt, því þar af leiði að veitingarvaldið verði ríflegra. Eg álít að það sé ekki rétt að draga tekjukaflann niður, því það mundi geta leitt til þess að menn greiddu atkvæði móti einhverju nauðsynlegu fyrirtæki, sem þeir mundu greiða atkvæði með, ef tekjurnar væru áætlaðar nógu hátt. Eg álít það því ekki rétt að vera að færa tekjurnar svo mjög niður, meðal annars af því, að þó að tillögur okkar væru teknar til greina, þá mundu þessir tekjuliðir ekki ofætlaðir, og skal eg í samband við það benda á nokkur dæmi frá fyrri fjárhagstímabilum.

Fyrst er þá vitagjaldið. 1892—93 var það áætlað 12,000 kr., en á reikningnum komu fram 14,673 kr. Árið 94—95 áætlað 12,000 kr., en kom fram 17,000 kr. Árið 96—97 áætlað 15,000 kr. en varð 18,466 kr., og hefir þannig gjaldið á þessum tímabilum farið að jafnaði 4000 kr. fram yfir áætlun. Ef við tökum fyrir útflutningsgjald af fiski og lýsi, þá hefir þingið 92—93 áætlað það 50,000 kr., en varð 70,000. 1894—95 var áætlað 60,000 kr., en varð 101,000. 1896—97 var áætlað 70,000 kr., en varð 109,000. Svona er það með hvaða tekjulið, sem bent er á. Tökum t. d. toll á kaffi og sykri, 1892—93 var hann áætlaður 240,000 kr., varð í rauninni 261,000. 1894—95 var áætlað 250,000 kr., en varð 312,000. 1896—97 var áætlað 280,000, en varð 366,000. Þingið hefir þannig alt af orðið fleiri tugum þús. kr. fyrir neðan í áætlunum sínum. Á undanförandi þingum hefir fjárlaganefndin þó alt af hækkað áætlanir stjórnarinnar, en nú fer hún fram á að lækka þær, og eg get ekki neitað því, að mér kemur það nokkuð undarlega fyrir. Þetta er aðalástæðan fyrir því að við höfum komið fram með þessar breyt.till. Reynslan verður að sýna, hvort það hefir verið rétt af okkur að taka fram einmitt þessa liði, og mun hún skera úr því á næsta fjárhagstímabili.

Eg þarf ekki að eyða neinum orðum að þeim liðum, sem h. framsm. var okkur samdóma um, en aftur á móti vil eg minnast nokkuð á þá liði í breyt.till. okkar, sem nefndin snýst á móti, t. d. vitagjald og tekjur af póstferðum. Eins og eg benti á áðan, var vitagj. 1892—93 áætlað 12,000 kr., en varð 14,000, 94—95 steig það upp í 17,000, og 96—97

var það orðið 18,000 kr. Það hefir því öll þessi ár komist töluvert yfir áætlun. Nú fer stjórnin fram á, að það sé áætlað 9,000 kr. á ári, en játar þó sjálf um leið, að gjald þetta virðist vaxa reglulega ár frá ári. Eg get ekki séð annað en þetta sé bein mótsögn hjá stjórninni að fara ekki fram á meir, þar sem hún þó viðurkennir árlegan vöxt á því, og mér finst breyt.till. hófleg.

H. framsm. bar fyrir sig, að þessar tekjur hefðu árið 1898 ekki verið nema rúmar 7000 kr., en hér er þess að gæta, að við erum að gera áætlun fram í tímann, fyrir 1900—1901, en ekki aftur á bak. Hér á landi fer sífelt vaxandi verzlun og siglingar, ekki sízt hér við Faxaflóa, og það er því full ástæða til að ætla að vitagjaldið hækki. Eg skal taka það fram í þessu sambandi, að það hefir hingað til ekki verið vani að taka vitagjald af botnverpingum, sem koma inn á hafnir, en eg hefi það eftir mönnum, sem vit hafa á, að botnverpingar eigi engu síður en aðrir að greiða vitagjald, og mundi það ekki verða svo lítill tekjuágóði fyrir landssjóð. Eg hefi líka heyrt botnverpingana sjálfa furða sig á því, að þeir skuli vera undanþegnir vitagjaldi.

Þá vildi eg minnast nokkuð á póstferðirnar. Við höfum í breyt.till. farið fram á, að hækka tekjurnar af þeim upp í 38,000 kr. úr 35,000. Það er eins með þennan tekjulið og vitagjaldið, að hann fer alt af hækkandi á hverju fjárhagstímabili, með því að póstflutningur vex árlega, og mér finst engin ástæða til að ætla að hann ekki geri það framvegis, þar sem póstflutningar alt af eru að vaxa. 1892—93 voru tekjurnar 45,000 kr., 94—95 56,000 og 96—97 voru þær komnar upp í 70,000 kr. Það er því engin ástæða til að færa þessa tekjugrein niður.

Eg skal ekki fjölyrða um hinar aðrar breyt.till. okkar, af því framsm. hefir tekið svo vel í þær. En eg álít þó að kaffi og sykur megi áætla hærra en nefndin fer fram á. 1892—93 hefir kaffi- og sykurtollurinn orðið 20,000 kr. fram yfir það sem áætlað var. 94—95 varð hann 60,000 kr. meiri, og árin 96-97 er hann orðinn 86,000 kr. fram yfir áætlun. Eg sé því enga ástæðu fyrir nefndina að fara að lækka þennan tekjulið.

Þar sem hæstv. landsh. tók fram að tekjurnar af kaffi- og sykurtollinum mundu lækka, þá held eg það sé ekki á rökum bygt. Hann tók fram, að ef kaffið hækkaði í verði, þá mundi minna flytjast af því, og við mundum þar af leiðandi missa tekjur. Þetta get eg ekki fallist á. 1896—97 nam þessi tekjugrein 866,000 kr. og þó var kaffið þá í hæsta verði. Þessi orð landsh. hafa því við enga reynslu að styðjast.

Þá höfum við í breyt.till. farið fram á, að útflutningsgjaldið af fiski og lýsi væri fært úr 45,000 kr. upp í 48,000, en h. framsm. bar það fyrir sig, að 1898 hefði það ekki numið nema 43,000 kr. Eg held, að það sé engin ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að þessi tekjugrein sé of hátt áætluð, því nú höfum við fengið upp gufuskipaflota, sem flytur mikið út af fiski. Eg skal játa það með hæstv. landsh., að þessi tekjugrein er nokkuð óviss, en fer þó vaxandi. Útflutningsgjald af fiski var 1892—93, 20,000 kr., 94—95, 30,000 og 96—97, 40,000 kr. fram yfir áætlun. Þessar tölur sýna ljóslega, að það er ekkert gífurlegt, sem við förum fram á.

Þá var það enn þá eitt, sem eg vildi mæla á móti fjárlaganefndinni í, en það er lækkunin á aðflutningsgjaldi af tóbaki úr 75,000 kr. niður í 70,000 1898 nam tekjuliður þessi 65,000 kr., og hefir fjárlaganefndin því lagt til að lækka

hann. Það er með þennan lið eins og hina aðra liði, sem eg hefi minst á, að hann fer sívaxandi. 1892—93 nam þessi liður 120,000 kr., 94-95 var hann 142,000 og 96—97 156,000 kr. Hann hefir því vaxið um 20,000 kr. á ári og farið frá 30—40,000 kr. yfir áætlun. Eg sé því enga ástæðu til að vera að lækka tóbakstollinn niður í 70,000 kr., og eg get yfir höfuð ekki séð að tillögur fjárlaganefndarinnar viðvíkjandi niðurfærslu á tekjuliðum stjórnarfrumv. verði bygðar á öðru en því, sem hæstv. landsh. tók fram, að ef tekjurnar væru hátt settar, þá yrði það til þess að fjárveitingarvaldið yrði frekara í fjárframlögum. En eins og eg í byrjun ræðu minnar tók fram, þá lít eg á þetta frá öðru sjónarmiði.

Jens Pálsson: Eg sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þessar tillögur, og fjarri sé mér að hjálpa til að marka þær og draga þær í sundur milli okkar flutningsmanna úr því þær eru sýnileg s meign. Eg skal að eins bæta einu atriði við það, sem h. meðflutningsmaður minn tók fram. Hann sagði, að það væri rétt og nauðsynlegt, að þingið leitaðist við að þræða sem nákvæmast þann sennilega veg að því sanna og rétta, að því er tekjugreinar fjárlagafrumv. snertir. Eins og eg álít þetta í sjálfu sér nauðsynlegt, og hið eina rétta, eins álít eg það líka hinsvegar affarasælast fyrir þingið og þjóðina. En ekki einungis frá því sjónarmiði, er h. meðflutningsmaður minn, 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) leit á þetta atriði, tel eg affarasælast, að tekna-áætlunin verði svo nálæg því sem tekjurnar í reyndinni verða, eins og mönnum er ýtrast mögulegt að sjá fyrir, heldur og frá öðru sjónarmiði, sem eg nú vil benda á. Þegar þingið áætlar tekjurnar svo lágt, að þær áreiðanlega hljóta að verða miklu hærri, þá getur það haft þær skaðlegu afleiðingar í för með sér, að það leiði menn til ofmikils örlætis Þegar þm. hafa það á tilfinningunni, að allflestir tekjuliðir muni fara fram yfir áætlun, þá er það mjög freistandi fyrir þá til að styðja sig við þennan öfluga bakhjall í fjárframlögunum, og verða óprútnari um útgjöldin, púkkandi upp á þetta tromp í bakhöndinni. Frá þessu sjónarmiði séð, tel eg mjög varhugavert að áætla tekjurnar sýnilega of lágt.

Öðru en þessu sé eg ekki ástæðu til að bæta við hina sérlega glöggu og góðu grein, sem h. meðflutningsm. minn hefir gjört fyrir þessum breyt.till.

Sighvatur Árnason: Eg fyrir mitt leyti vildi gjarnan minnast á eina brtill. sem hér liggur fyrir, en það er brtill. h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem lýtur að húsabótum hér á landi, og álít eg að hann hafi gjört rétt í því að koma fram með hana. Ef h. þd. hallast að till., þá er annað atriði, sem eg vil minnast á og taka til greina, það, að hér með er sá rekspölur kominn á að álíta að þörf sé á því að kenna mönnum að byggja sér hollari og hentugri húsakynni en nú gjörast. Til þess þó að tryggja rétta notkun fjárins, þar sem farið er fram á allálitlega fjárveitingu, þá álít eg nauðsynlegt að setja einhverjar fastar reglur viðvíkjandi þessu. Eg vildi því víkja því til h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að koma með till. til þingsályktunar um að skipa nefnd til að semja slíkar reglur. Eg get tæplega, þó eg álíti málið mjög mikilsvarðandi, gefið því atkvæði mitt, nema því að eins að nefnd sé skipuð í þessu augnamiði, því eg álít ekki rétt að fleygja út svo miklu fé, án þess settar séu nákvæmar reglur um brúkun þess. Það er auðvitað rétt að veita fé til húsabóta og jarðabóta, en eg álít undir öllum kringumstæðum nauð-

synlegt að binda menn föstum skilyrðum í framkvæmdinni. Eg vona að þingið sinni þessari till. og eg fyrir mitt leyti er henni mjög hlyntur.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg þarf í raun og veru ekki að flytja langt erindi viðvíkjandi brtill. minni eða athugasemd, sem eg vil að bætt sé aftan við 3. gr. 1., þar sem h, fjárl.n. hefir samþykt hana í einu hljóði, hæstv. lh. hefir tekið henni vel og enginn hefir lagt neitt á móti henni. Vitanlega hefir hún allmikil útgjöld í för með sér, c. 10—11 þúsund kr., en eg álít að því fé verði vel varið. Eg skal taka fram, að eg sé hvorki áríðandi né heppilegt, að taka upp í tillöguna nein skilyrði, er bindi hendur umboðsstjórnarinnar, því að það vakti fyrir mér, að samin mundi verða reglugjörð um þetta, er landshöfðingi samþykti. En eg er fús á að koma með tillögu í deildinni um, að skipuð sé sérstök nefnd til að íhuga, hver skilyrði væru nauðsynleg fyrir styrkveitingunni, þótt eg álíti slíkt ekki nauðsynlegt, og að umboðsstjórninni sé trúandi fyrir því.

Hæstv. lh. tók fram, hvaða þýðing lægi í þessum orðum: »að gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða«. Fyrir mér vakti, að bæta ekki leiguhús í sama formi og nú, heldur verja þessu fé til styrkveitingar, þar sem leiguliðar vilja kosta til gagngjörðrar breytingar á leiguhúsunum í þá átt, sem betur samsvaraði þörfum tímans. Eg skal sérstaklega taka það fram, af því ræða hæstv. lh. gaf mér tilefni til þess, að eg hefi hugsað mér að sem víðast komi upp hlöður í stað heygarða. Að þörf sé að bæta húsaskipunina, vona eg að eg þurfi ekki að réttlæta frekara. Eg hefi fyrir mér lýsing á húsum á 3 þjóðjörðum, sem eru frá 8 til 11 hndr. að dýrleika; á þeim eru fæst 5 og flest 8 torfþaktir kofar, 3—5 ál. á breidd, 4—4½ og hæst 5 ál. á hæð, og 4 til 11 ál. á lengd. Menn hljóta að sjá, hvort slík húsaskipun muni hentug fyrir leiguliðann, að þurfa að halda við og skila af sér öllum þessum moldargrenjum, þótt hann á eigin kostnað hafi bygt sér viðunanlegri byggingar.

Eg þarf ekki annað en benda á, hve þjóðinni muni holt að lifa í slíkum moldargrenjum, og skal eg í því efni vitna í ritgjörð Guðmundar læknis Hannessonar í »Bjarka« um húsabyggingar, þar sem hann bendir á, hvaða þýðingu það hefði ekki að eins fyrir heilsu manna, þrifnað og hreinlæti, heldur og einnig hinn andlega hugsunarhátt manna, að búa í slíkum hreysum. Það vakti fyrir mér, að þegar um einhverjar stórgerðar breytingar og umbætur á húsaskipun væri að ræða, þá stæði landssjóði næst að ríða á vaðið. Því vakti einnig fyrir mér, að breyta þyrfti húsaskipun á leiguhúsum þannig, að þau yrðu hentugri, og að heppilegra mundi, að heyhlöður fylgdu jörðinni í staðinn fyrir fénaðarhús, og að í staðinn fyrir moldarbúr, göng og skemmur, kæmu þiljaðir klefar í íbúðarhúsinu, því, eins og allir vita, er ekki geymandi í þessum húsum og þau eru ekki einu sinni notandi fyrir fénaðarhús í samanburði við bærileg hús. Það vakir fyrir mér, að í styrk til húsabóta eigi ekki að verja hálfu jarðarafgjaldinu handa hverjum leiguliða fyrir sig, heldur að styrkurinn sé veittur einstökum mönnum í umboðinu, sem vilja gera verulegar umbætur á húsaskipun og leggja sjálfir fram ½ kostnaðarins, og eg ætlast til að þeir leggi fram áætlun yfir kostnaðinn og tryggingu fyrir því, að verkið verði vel af hendi leyst, en alt þetta verður nánar tekið fram, ef h. d. gerir um það sérstaka tillögu.

Eg skal benda á, að með þessu má gera all-vænlegar húsabætur á jörðum landssjóðs, því að gera má ráð fyrir því, að gömlu húsin verði lögð niður og að þau verði metin af úttektarmönnum til peninga, og að leiguliðar verði að verja andvirði þeirra í hin nýju hús, og í viðbót við það legði þá landssjóður hæfilegan styrk eftir stærð jarðarinnar og yrði það ekki svo mikil upp hæð, sem bæta þyrfti til, þegar landssjóður ætti að eins að bera $^2/_3$ af kostnaðinum. Eg álít að um þetta þurfi að setja nákvæmar reglur, og að ekki ætti að leyfa að verja miklu fé til húsabóta á smájörðum, sem lágt eru leigðar, en eg ætla ekki að umboðsstjórnin sé svo hlutdræg, að hún láti einn sæta betri kjörum en annan.

Eg er ekki með þessari tillögu að ætlast til, að leiguhúsum fjölgi, heldur þvert á móti að þau verði færri, en betri og stærri og t. d. heyhlöður komu í stað fénaðarhúsa, sem væru lögð niður; skemma, búr, göng o. fl. mætti gjarna fara sömu leiðina. Mér þykir dálítið undarlegt, að styrkur til búnaðarfélaga skuli, eins og nú er, ekki vera veittur fyrir að koma upp heyhlöðum í stað heygarða, því eg álít fátt þarfari jarðabætur, því heyhlöðurnar gjöra tvent, bæði að varðveita jörðina frá því að vera rist upp á hverju ári og varðveita heyin margfalt betur en heygarðarnir.

Eg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að þingið setji mjög ýtarlegar reglur um fjárveiting þessa, því hún mun ekki verða misbrúkuð, og þingið er ekki neinn liður umboðsstjórnarinnar og má gæta sín við því, að taka ekki svo fram fyrir hendur hennar, að hún ekki geti látið fjárveitinguna koma að tilætluðum notum.

Hæstv. lh. vék orðum að því, að honum þætti síðari liður till. um að verja fé til verðlauna handa þeim, sem sköruðu fram úr í jarðabótum, miður viðfeldinn en hinn fyrri. Eg skal taka það fram, að upphaflega hafði eg ekki ætlað að hafa þessa till. með, en tók hana upp í samráði við 2 aðra þm. og er eg fús á að láta hana falla niður, því að eg verð að vera hæstv. lh. samdóma um, að erfitt er að koma henni rétt fram, og hætt er við að hún kynni að verða misbrúkuð, þó hugsunin, sem hún er grundvölluð á, sé réttmæt. Eg skal líka benda á, að þó það fé, sem hér er ætlað til húsabóta, sé nokkur upphæð, þá verður ekki mikið fé til hvers, þegar það skiftist á margar hendur, og eg kalla að málið hafi stigið stórum skrefum, ef búið er að bæta hús á miklum hluta af landssjóðsjörðum eftir 2 fjárhagstímabil, eða á helming þeirra á þessu fjárhagstímabili.

Þar sem það er ef til vill ástæða til að fella burt síðari lið till., þá er eg fús á að koma með brtill. í þá átt til 3. umr., en nú er ekki tími til þess.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm Eyf.): Eg þarf að minnast fáum orðum á ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), þar sem hann hélt því fram, að það væri gild ástæða til að hækka suma tekjuliði og færði það einkum til, að í reikningum fyrir mörg undanfarin ár hafi þeir orðið töluvert hærri en áætlun og að nefndin hefði ekki haft ástæðu til að áætla þá jafn-lágt og hún hefir gjört. En nefndin hefir ekki að eins haft fyrir sér reikningana frá þeim árum, er þm. mintist á, heldur og reikninginn fyrir 1898, og þar vill svo til, að þar eru ekki svo fáir tekjuliðir, sem eru lægri en áætlun, og svo þegar þess er gætt, að taka þessar tölur

með og láta þær hafa áhrif á meðaltalið, og þegar það meðaltal sýnir, að sumir tekjuliðir hafa sýnt »tendens« til að fara lækkandi, hefir nefndin ekki álitið ástæðu til að fara hærra í áætlun sinni en hún hefir gjört. Hvað vitagjaldið snerti, kvað svo ramt að þessu, að það var 1200 kr. fyrir neðan áætlun og aðflutningsgjald af áfengum drykkjum c. 3500 kr. lægra en áætlað var og aðflutningsgjald af tóbaki jafnvel 9 þús. kr. lægra.

H. þm. talaði um það að óhætt mundi að hækka tekjur af póstferðum. Í fjárlögunum, sem nú gilda, eru þær áætlaðar 26000 kr., en árið sem leið hafa þær reynst 33,000 kr. og hafa þannig ekki náð upphæð frumvarpsins, 35,000 kr. og því síður þeirri upphæð, er h. tillögumenn vilja setja þær.

Þegar h. þm. (Þ. Th.) var að tala um tóbakstollinn gat hann þess, að líkindi væru til að hann hækkaði, ef lög þau um tóbakstoll, sem nú væru fyrir þinginu, yrðu staðfest. Þetta er ekki ósennilegt, en á hinn bóginn er frv. um vínfangatoll fyrir þinginu, sem getur haft töluverð áhrif til þess að lækka vínfangatollinn, en nefndin áleit rétt að þegar gjörðar væru tekjuáætlanir, að miða ekki við lög, sem væru í undirbúningi, heldur aðeins við þau lög sem væru í gildi. Nefndin tók því ekki tillit til frv. þeirra, sem eru fyrir þinginu, um tóbakstoll og vínfangasölu og það er af annari ástæðu að hún hefir lækkað áætlunina um vínfangatollinn.

Þar sem h. þm. hélt, að nefndin hefði ekki haft aðra ástæðu til að setja tóbakstollinn ekki hærra en hún hefir gjört, heldur en þá, sem hæstv. landsh. benti á, að þingið yrði varkárara í fjárveitingum sínum, þegar tekjurnar væru áætlaðar lágar, þá vakti þetta ekki fyrir nefndinni, enda álít eg þetta ekki fulla ástæðu.

Eg held það hafi verið miklu gildari ástæða, sem h. þm. Dalam. (J. P.) tók fram í ræðu sinni, að væri áætlunin ekki sett rétt, hefðu menn það fyrir ástæðu, þegar komið væri með hækkunartill. við útgjöldin. En eg held þó, að reynslan af undanfarandi þingum sýni ekki, að þm. hafi tekið mikið tillit til þess, hvað tekjurnar væri áætlaðar eða þó tekjuhalli yrði (*Þórður Thoroddsen*: þingræðurnar!) Það getur verið rétt sem h. þm. »citerar« í, að þess sé getið í þingræðunum, en gaman væri að sjá fjárveitingartill. hinna sömu manna, og bera saman, hver áhrif það hefði haft á þær.

Annars getur það frá mínu sjónarmiði og nefndarinnar ekki verið kappsmál, hvaða tölur eru samþyktar í tekjuliðunum, hvort það eru tölur nefndarinnar, stjórnarinnar eða h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) og h. þm. Dalam. (J. P.) því jafnmiklar tekjur koma inn, hvað sem stendur í fjárlögunum.

ATKVGR.: 2. gr. 1. liður samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 2. lið á þgskj. 186 sþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 3. lið á þgskj. 186 sþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. 4. og 5. liður sþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 6. lið á þgskj. 254. feldar með 12 gegn 6.

6. liður óbreyttur sþ. með 20 samhlj. atkv.

7. liður með aths. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 8. lið á þgskj. 254, 2 feld með 13 gegn 7.

Breyt.till. við 8. lið á þgskj. 186 sþ. með 16 shlj.

Breyt.till. við 9. lið á þgskj. 186 sþ. með 15 gegn 4.

Breyt.till. við 10. lið á þgskj. 186 sþ. með 13 shlj.

Breyt.till. við 11. lið á þgskj. 254 feld með 12 gegn 7.

Breyt.till. við 11. lið á þgskj. 186 sþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 12. lið á þgskj. 254 feld með 12 gegn 6.

12. liður óbreyttur, sþ. með 17 samhlj. atkv.

13. liður óbreyttur, sþ. með 20 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 3 gr. á þgskj. 191. sþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt, sþ. í e. hlj.

4. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

5. — — — 20 — —

6. — — — 20 — —

1. gr. frv. breytt samkv. atkv. gr. á 2.—6. gr. sþ. í e. hlj.

II. kafli

Gjaldabálkurinn

7.—10. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson* 2. þm. Eyf). Breyt.till. þær, sem hafa komið fram um þenna kafla fjárlaganna, eru æði margar; þær eru 19 að tölu. Það er ekki þægilegt að átta sig á þeim, þar sem þær hafa komið svo seint fram, ekki fyr en í dag. Eg vil mega benda h. þm. á það, að æskilegt væri, að þeir tækju meira tillit til fjárlaganefndarinnar framvegis og létu ekki standa á breyttill. sínum eins og nú hefir raun á orðið. Eg get ekki annað séð en að þetta sé sanngjörn ósk.

Það eru ekki svo mjög margar breytingartill., sem fjárlaganefndin hefir gert við þenna kafla, en þær eru nokkuð mikilsverðar. En h. þm. hafa komið með mjög margar breyt.till., og vegna þess, hve þær eru margar og koma víða við, þá ætla eg til hægðarauka að taka allar till. bæði nefndarinnar og annara eftir þeirri röð, sem þær eiga við greinar og liði frumv.

1. breyt.till. frá fjárlaganefndinni er við 10. gr. A. 2. Stjórnin hefir lagt það til, að skrifstofufé amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu sé hækkað. Nefndin hefir fallist á þetta, en hún vill þó ekki hækka skrifstofuféð eins mikið og stjórnin fer fram á í frumv. Nefndin vill hækka skrifstofuféð um 200 kr. á ári, svo þessi liður verður 400 kr. lægri en stjórnin fer fram á í frumv. Það getur verið álitamál, hvort eigi að hækka skrifstofukostnaðinn nokkuð, svo getur einnig verið álitamál, hve mikið eigi að hækka hann, ef það er gert, en eg hygg, að nefndinni sé það ekkert kappsmál, hve mikil hækkunin verði, en álítur að bezt sé að fara bil beggja milli þess, sem verið hefir og þess, sem stjórnin fer fram á, en hún getur ekki sætt sig við, að hækkaður verði kostnaðurinn eins mikið og stjórnin fer fram á í frumv.

Við 10 gr. A. 3. b. leggur stjórnin til í frumv., að kostnaðurinn við endurskoðan landsreikninganna sé aukinn, og eigi það fé að vera handa föstum aðstoðarmanni við hið umboðslega starf.

Nefndin hefir fallist á þetta, en hún hefir gert þá breyt.till., sem einskorðar þessa fjárveiting enn meir en frv. stjórnarinnar. Nefndin vill láta landshöfðingja skipa aðstoðarmanninn. Nefndin áleit, að þetta gæti orðið til bóta, ef núverandi endurskoðandi félli frá. Þetta starf væri svo vandasamt og nauðsynlegt starf, að full nauðsyn væri, að til þess væri ávalt til maður, sem vanur væri slíkum störfum. En af því leiðir auðvitað aukinn kostnaður.

Næsta breyt.till. við 10. gr. A. 3. leiðir að sjálfsögðu af hinni fyrri, og er, eins og menn sjá, engin efnisbr.

Svo kemur breyt.till. við 10. gr. B. 3. c., að fyrir 1900 kr. skuli koma 1600 kr. Þessa fjárveitingu til fangelsanna

vill nefndin hafa 300 kr. minni heldur en til er ætlast í frumv. stjórnarinnar. Þessi fjárveiting til viðhalds fangelsanna er sérstaklega miðuð við fangelsið í Stykkishólmi, sem þarf að gera við. Smiðir hafa gert áætlun um kostnaðinn, en viðkomandi amtmaður hefir eigi álitið þá áætlun nógu háa. En nefndin áleit, að eigi þyrfti að gera kostnaðaráætlunina hærri en smiðirnir hafa gert, því hún gekk út frá því, að áætlun þeirra hafi verið miðuð við þá upphæð, sem þeir sjálfir mundu taka fyrir verkið, væru þeir sjálfir látnir vinna að því.

Þessar breyt.till. nefndarinnar eru fremur smávægilegar. En nú kem eg að þeim breyt.till., sem stærri eru. Stærsta breyt.till. er við 10. gr. C. 4. c. og við hana hafa h. þm. einnig gert breyt.till. Nefndin hefir ætlað búnaðarfélagi Íslands 8000 kr., í stað þess að frumv. ætlast til að búnaðarfélagi Suðuramtsins séu veittar 2000 kr. En nú er því svo varið, eins og kunnugt er, að búnaðarfélag Suðuramtsins er eigi lengur til sem slíkt, heldur er það sameinað hinu nýstofnaða búnaðarfélagi Íslands, og því getur þessi 2000 kr. styrkur eigi komið til greina sem veittur því.

Frá h. þm. Dal. (J. P.) hefir komið fram breyt.till. um að hækka styrkinn til búnaðarfélaga upp úr 18000 kr. upp í 20000 kr. Nefndinni hefir eigi virst ástæða til að hækka þessa styrkveitingu, heldur miklu fremur minka hana. Eg vil minna menn á, að fjálaganefndin á þinginu 1897 vildi hafa þennan styrk 18000, en svo kom tillaga um að setja það upp í 20000 kr.; var hún samþ. í þessari deild; en Ed. setti það niður í 18000 kr., og við það sat. Virðist svo sem þingið hafi ekki viljað færa styrkinn upp, og þætti 18000 kr. nóg í lagt.

Að nefndinni hefir litist að veita búnaðarfélagi Íslands ríflegan styrk, 8000 kr., þá býst eg við því, að eg þurfi ekki að færa neinar sérstakar ástæður fyrir því. Það er ljóst, að búnaðarfélag Íslands þarf að vinna landinu gagn, og til þess það geti það, getur það ekki verið án styrks, og þó nefndin hafi ákveðið nokkuð háan styrk, þá er hann í rauninni minni fyrir það, að nokkur hluti hans á að ganga til ákveðins fyrirtækis, þar sem félaginu er gert að skyldu að verja 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið af honum til þess að leiðbeina mönnum í meðferð mjólkur.

Fyrir nefndinni lá tillaga frá landbúnaðarnefndinni, um að til þessa fyrirtækis væri veitt sérstök fjárupphæð. Hún heldur fast við þessa till. sína, en vill láta búnaðarfélag Íslands hafa 8000 kr. án þess talað sé um það. En landbúnaðarnefndin heldur fast við sína breyt.till. Það hlýtur að vera samhuga álit, að rétt sé að styrkja þetta félag. Nefndin vildi fúslega styrkja það, en henni virtist réttast að fara varlega, því félagið er nýtt og því er mönnum ennþá eðlilega ókunnugt um störf þess og stjórn. Nefndinni hefir því fundist réttast, að veita félaginu tiltölulega litla upphæð til að byrja með. En aftur á móti hefir henni ekki fundist rétt að veita því alt það fé, sem nú er veitt úr landssjóði til búnaðarskóla og búnaðarfélaga, meðan félagið er nýtt og stjórn þess er ekki komin á fastan fót, ekki ráðlegt að fela því það, sem þingið hefir haft til meðferðar. En er fram líða stundir, virðist réttast, að félaginu verði veitt alt það fé, sem nú gengur til eflingar búnaði, og að félagið verði þá látið hafa úthlutun alls þess fjár á hendi, því að það verður væntanlega kunnugra högum og þörfum búnaðarins en þingið.

Nefndin er því á móti tillögum landbúnaðarnefndarinnar og sömuleiðis á móti breyt.till. h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) (þingskj. 257) um að lækka styrkinn um 2000 kr., færa hann úr 8000 kr. niður í 6000 kr. Hún vill halda fast við sínar tillögur, og mælir með þeim sem hóflegum og hæfilegum.

Þá hefir landbúnaðarnefndin komið með aðra breyt.till. (þingskj. 209), sem fer fram á það, að veita búnaðarfélagi Íslands all-ríflegan styrk til þess að koma á fót gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík. Landbúnaðarnefndin fer þannig fram á að veita búnaðarfélagi Íslands 8000 kr. fyrra árið og auk þess 6000 kr. (3000 kr. til að kenna meðferð mjólkur og 3000 kr. til að koma á fót gróðrartilraunastöð) samkv. þskj. 210. Og síðara árið að eins 2000 kr. minna. Þessa tillögu landbúnaðarnefndarinnar hefir nefndin ekki getað aðhylst, af þeim ástæðum, er eg þegar hefi tekið fram.

H. þm Vestm. (V. G.) hefir á þingskj. 229, komið með þá breyttill., að aftan við 10. gr. C. 4 bætist nýr liður e, sem fer fram á, að Guðjóni Guðmundssyni sé veittur 500 kr. styrkur hvort árið til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Eg vil eigi strax tala um þessa breyttill., eg hefi þegar minst á það við h. flutningsm. að nefndinni þykir viðkunnanlegra að þessi liður sé settur í 13. gr. og vænti eg að flutningsm. taki tillöguna aftur í bráð, og að umræður um hana geymist til síðari kafla frumv.

Næstu 3 breyt.till. eru á þingskj. 265, 262 og 254 b. Þessar breyt.till. stefna allar í eina og sömu átt, að láta hinn núverandi dýralækni fá hærri laun en hann hefir. Það er eitt af því óþægilega að tala um þetta, því nefndin hefir eigi borið sig saman um þetta. Engin af þessum breyt.till. lá fyrir fjárlaganefndinni. Vitanlega eru laun dýralæknisins lág, en reynslan er lítil fyrir því enn þá, hve mikil praxis geti verið. Nefndin álítur, að bezt væri, að láta dýralæknirinn búa upp í sveit, í fjölbygðu og fénaðarmörgu héraði. Eg tel sjálfsagt, að nefndin sé á móti fjárveitingunni, að minsta kosti þangað til gildar og góðar ástæður koma fram með þessu, og það því fremur, því hærri sem upphæðin er. Eg veit ekki hvað það er, sem vakað hefir fyrir þinginu, þegar dýralæknisembættið var stofnað. Það þurfa að koma fram upplýsingar um það, áður en hækkuð eru laun þess eina dýralæknis, sem til er í landinu. Eg held að þingið þá hafi leitast við að gera launin hæfileg. Embættistími dýralæknisins er nú heldur ekki langur ennþá.

Nefndin hefir lagt það til á öðrum stað, að meiri styrkur en nú sé veittur til að nema dýralækningar. Hún hefir það fyrir satt, að það séu fleiri en einn efnilegir menn, sem hafa hug á að nema dýralækningar og hefir nefndinni því litist rétt að styrkja þá. Þetta, að efnilegir menn vilja leggja stund á dýralæknanám, sýnir, að sumir álíta kjör dýralæknanna eigi ólífvænleg.

Nefndin hefir bætt við styrk til Hólmgeirs Jenssonar, til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu. Þessi maður er kunnur gegn um bréf og afspurn, og er talinn dugnaðarmaður og efnilegur. Honum var veittur styrkur á síðasta þingi, en stjórnin hefir eigi viljað mæla með, að þeirri styrkveitingu yrði haldið áfram, og veit eg ekki, af hvaða ástæðum, en bænarskrá í þessa átt lá fyrir fjárlaganefndinni, og hefir henni þótt rétt að synja henni, þar sem það er almælt, að maður þessi sé vel hæfur.

Hvað snertir breyt.till. h. 2. þm. G.-

Kj. (J. Þór.) á þingskj. 242 við 10. gr. C. 6. a., sem fer fram á það, að laun umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa sé færð niður í 100 kr. úr 300 kr., þá vil eg geta þess, að h. þm. G.-K. (Jón Þór.) hefir tekið þessa tillögu aftur, en eg vil skýra frá, hvers vegna það sé rétt og sjálfsagt, að sú tillaga fái eigi framgang.

Þegar vitarnir voru bygðir, var það, eins og kunnugt er, að all-miklu leyti gert fyrir fé frá Danmörku, en þeirri fjárveiting fylgdi það skýlaust skilyrði, að þetta starf, vitagæzlan, skyldi verða falið einum ákveðnum manni. Ef því þessari upphæð yrði breytt þannig, gæti það orðið til þess, að þessi ákveðni maður ekki gæti fengist, en til þess má eftir atvikum ekki stofna.

Ferðakostnaðinn til eftirlitsferða með vitunum vill nefndin eigi hækka; hún telur 100 kr. nægilegar, með sérstöku tilliti til þess, eins og stendur í nefndarálitinu, að vitagæzlumaðurinn hefir að öðru leyti all-ríflega borgun við gæzluna.

Þá kemur breyt.till. á þingskj. 236, frá h. þingm. Rvík (J. Jenss.), sem fer fram á, að 75 kr. styrkur sé veittur til ljóskers á Skipaskaga. Þessum vita var komið upp af sveitarfélaginu; síðan hefir það kostað til viðgerðar á honum og það all-miklu fé á síðasta ári. En sveitarfélagið finnur ekki lengur ástæðu til að kosta ljósker, af því að þau skip eru orðin svo fá, sem ganga þaðan; en sveitarfélagið vill geta landssjóðnum vitann.

Það virðist því sjálfsagt, að samþykkja þessa breyt.till., einkum þegar þess er gætt, að vitinn á Skipaskaga er í góðu standi.

Eg vil svo ekki orðlengja þetta að sinni, en ef mér hefir sézt yfir eitthvað, þá verður líklega hægt að minnast á það seinna.

Landshöfðingi: Það eru að eins örfá orð, sem eg ætla að tala að þessu sinni, og skal eg lýsa því yfir fyrir fram, að eg er að mestu leyti samþykkur háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.). Eg ætla fyrst að leyfa mér að minnast á breyt.-till., sem fer fram á, að lækka skrifstofufé amtmannsins í Suðuramtinu um 400 kr. Eg get ekki verið því samþykkur, og finst fullkomin ástæða til, að auka skrifstofufé hans, eins og farið er fram á í stjórnarfrumv., því að embættisstörfin hafa aukist að miklum mun á síðari árum, og hefir verið hlaðið á hann ýmsum nýum störfum, sem auka töluvert vinnu hans, t. d. stjórn holdsveikraspítalans. Það var hér tekið fram við 1. umr. fjárlaganna, að það væri óviðkunnanlegt, að ungir menn, sem annars hefðu vinnukraft, væru að biðjast lausnar frá störfum sínum. — Eg er hræddur um í þessu tilfelli, að embættismaður sá, sem hér á hlut að máli, kunni að sækja um lausn, fyr en æskilegt væri, þegar störf hans aukast svo mjög, því hann er heilsutæpur og hefir verið lasinn í vetur af því, að hann hefir lagt of mikið á sig, og eg veit að hann getur fengið læknisvottorð um það, að heilsa hans þoli ekki, að hann leggi eins mikið að sér. Amtmaðurinn þarf að hafa mann sér við hönd, sem geti afgreitt hin smærri mál, og svo annan skrifara. Eg vil því leggja með, að upphæð frumv. sé látin standa. Mér heyrðist á háttv. framsm. nefndarinnar, að þó nefndin ekki vildi alveg fylgja frumv. í þessu atriði, þá væri hún þó kannske ekki ófús á, að fara einhvern meðalveg. Eg býst því við, að eg við 3. umr. komi fram með breyt.till. í þá átt, ef upphæðin verður ekki samþykt nú, eins og hún stendur í frumv.

Hér liggja ekki fyrir aðrar sérlegar breytingar, sem eg þarf að minnast á;

að eins skal eg minnast á það, að þar sem nefndin leggur til að færa niður nokkuð af útgjöldunum undir 10. gr. C., t. d. til fangelsa, þá skal eg ekki hafa svo mikið á móti því, og getur verið, að áætlunin um kostnað við aðgjörð á fangahúsinu í Stykkishólmi sé heldur há, en eg ímynda mér þó, að áætlanir stjórnarinnar muni fara nær sanni.

Að því er snertir athugasemd háttv. framsm. við 10. gr. C. 4. c., viðvíkjandi fjárveitingu til búnaðarfélaga, þá er þar kanske nokkuð hátt farið, og get eg verið samþykkur breyt.till. nefndarinnar. Aftur á móti er eg ekki samþykkur kröfu landbúnaðarnefndarinnar.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf), gat þess, að hann skildi ekki í því, að stjórnin skyldi ekki hafa tekið styrk til Hólmgeirs Jenssonar upp á frumv. — Eg skal geta þess, að það var af því, að hann ekki sótti. Stjórnin ætlast til þess, að þeir sem hafa styrk á fjár. lögunum, sæki um hann á ný, ef þeir vilja halda honum framvegis, og má því ekki skilja þetta svo, að stjórnin sé á móti honum.

Að því er snertir styrk þann, sem breyt.till. h. þm. Rvík. (J. Jenss.) fer fram á, til ljóskera á Skipaskaga, þá er eg h. þingm. samþykkur í því, að landssjóður taki þátt í þessu fyrirtæki á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á. Eg leyfi mér því að mæla með því, að styrkurinn sé veittur.

Viðvíkjandi dýralækninum, þá hefir verið álitið heppilegast, að hann sæti hér í Reykjavík. Menn hafa fundið sér það til á móti því, að hér væri lítil búfjárrækt, en hann læknar ekki að eins fé, heldur jafnframt aðrar skepnur, og það munu t. d. óvíða vera fleiri kýr á einni jörð en hér, og hingað er hægast að vitja hans. Eg vil leyfa mér, að mæla með því, að hann fái nokkra launaviðbót. Þegar dýralæknalögin voru samin, bjuggust menn við því, að hann mundi hafa töluverða »praxis«, en það hefir ekki reynst svo. Það eru margir, sem vilja nota hann, en fáir borga. Allir vita, að það er ekki lífvænlegt, að búa hér í Reykjavik með 1200 kr., enda þótt hann hafi kanske 300 kr. í »praxis«. Þessi maður er efnilegur, og gæti fengið atvinnu erlendis, ef hann vildi, en eg álít ekki rétt að flæma hann héðan.

Forseti frestaði síðan fundi til kl. 6 síðdegis.

Þorlákur Guðmundsson: Eg skal ekki tefja tímann með löngum tölum, en stend að eins upp í tilefni af breyt.till. á þingskj. 262 og 265, sérstaklega af því, að eg heyrði það af orðum háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.), að hann sagðist ekki vita, hvað þingið hefði haft fyrir sér, þegar það tiltók þessa launaupphæð handa dýralæknunum, en eg get frætt hann á því, af því að eg var í þeirri nefnd, sem hafði málið til meðferðar á því þingi, sem þetta var afgert, að nefndin hafði það fyrir sér, að dýralæknirinn yrði búsettur uppi í sveit, og hefði jörð til ábúðar, og þá hefðu þessi laun verið nægileg, ef því hefði verið framfylgt, sem gengið var út frá í nefndinni. Það kann að vera gott fyrir suma, að dýralæknirinn situr hér í Reykjavík, en það er ekki gott fyrir alla, að hann situr hér, því að hingað kemur þó ekki og kemst ekki hávaðinn af þeim skepnum, sem hans hjálpar er leitað til, og það virðist réttara, að hann sæti í þéttbygðum sveitum, en öllum getur einn dýralæknir ekki hjálpað, hvar sem hann er búsettur.

Jens Pálsson: Það eru að eins nokkur orð út af tveim breyt.till. á þingskj.

254, sem eg ásamt h. 1. þm. G.-K. (Þ. Thor.) hefi leyft mér að koma fram með.

Önnur breyt.till. er um að hækka styrkinn til búnaðarfélaganna úr 18,000 kr. upp í 20,000 kr., og hefi eg komið fram með hana, af því eg er sannfærður um, að þessu fé er sérstaklega vel varið. Fé þessu er nú varið einkum til þess að bæta tún og engi, og grasræktin er undirstaðan og skilyrði fyrir blómgun als búskapar á landinu. Þessi styrkur hefir orðið til þess að koma á stað og viðhalda stöðugum, árlegum jarðabótum í margri sveit, þar sem áður var lítið eða ekkert gert að jarðabótum. Eg vona að allir játi, að þetta sé sannarlega gleðilegt, og að því fé sé vel varið, og beri margfaldan ávöxt. Af þessum tilgreindu ástæðum þykir mér eðlilegt, að styrkurinn sé hækkaður í hlutfalli við það, sem félögin verða fleiri og árangurinn sýnilega stærri. Mig minnir líka háttv. deild samþykti 20,000 kr. á síðasta þingi, og það átti jafnframt því, sem eg hefi tekið fram, þátt í því, að eg kom fram með þessa breyt.till., því eg hélt að háttv. þingd. mundi ekki hafa neitt á móti henni.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa breyt.till., en að eins bæta því við, að þó eg beri tullkomið traust til hins nýstofnaða búnaðarfélags landsins, þá er félagið þó enn þá ungt og óreynt. Nú þegar fær þetta félag yfir all-miklu fé að ráða, ef frumv. um stofnun ræktunarsjóðs Íslands verður að lögum, sem öll líkindi eru til að verði. Eg tek þetta fram, svo menn sjái, að það er engan veginn meining mín, að vilja draga frá Búnaðarfélagi Íslands með þessari breyt.till. minni.

Þá skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um hina breyt.till. mína, um að hækka laun dýralæknisins í Suður- og Vesturamtinu um 400 kr.

Í viðbót við það, sem hæstv. landsh. og h. 2. þm. Arn. (Þorl. G.) tóku fram, sem meðmæli með þessari launaviðbót, skal eg enn fremur benda á eitt enn, sem mælir með þessari viðbót, og það er að »praxis« eða aukatekjur dýralæknisins hljóta að vera mjög litlar, ekki af þeirri ástæðu, að dýralæknirinn sé ekki duglegur maður eða góður læknir, heldur ekki af þeirri ástæðu, að honum er gert að skyldu að sitja hér í Reykjavík, og hér sé eigi nóg af stórgripum bæði í bænum sjálfum og nándinni, heldur af því, að gripirnir standa í svo lágu verði, að ekki er að búast við, að menn vilji kosta miklu upp á lækningu á þeim, er þeir sýkjast. Væru gripirnir í hærra verði, svo að það væri enn tilfinnanlegra fyrir menn að missa þá en nú er, þá mundu eigendur skepnanna nota dýralækninn alment.

Þess ber og að gæta, að dýralæknir þarf að eiga allmikil verkfæri og sum alldýr. Sá kostnaður leiðir af stöðu hans. Það er ætlast til að hann geti rannsakað sjúkdóma, og til þess þarf hann meðal annars mikroskop, sem er dýr hlutur; hann verður þannig að verja talsverðu fé til verkfæra.

Að öllu þessu athuguðu finst mér sanngjarnt að hækka laun dýralæknisins, og þá er þetta það allra lægsta sem getur komið til tals, sem farið er fram á í brtill. okkar, nl. 400 kr. viðbót, og eg fyrir mitt leyti er alveg eins tilleiðanlegur til þess að gefa annari af þeim hærri brtill. atkv. mitt. Í raun-inni virðist öll sanngirni mæla með því, að þessi læknir hafi ekki minni laun en héraðslæknar í kaupstöðum, en þeir hafa eins og kunnugt er 1900 kr., því það má telja víst, að hann hafi minni praxis en þeir; svo langt fer samt sem áður engin af brtill., sú hæsta fer fram á 600 kr. launaviðbót.

og yrðu þá laun dýralæknisins 1800 krónur.

Sighvatur Arnason: Eg verð að segja fyrir mitt leyti, að eg er hlyntur brtill. h. þm. Dal. (J. P.), því að það vita allir, að við höfum ekki mörg ráð til að bæta úr því ástandi, sem landbúnaðurinn nú er í, því eg geri ekki ráð fyrir, að hægt sé nú fremur en áður að taka nógu djúpt í árinni landbúnaðinum til umbóta, eins og hann stendur nú. En eg vil spyrja: Hvað er það, sem helzt kemur botninum undir landbúnaðinn? Að mínu áliti eru það einmitt jarðabæturnar; það álit hefi eg látið uppi fyrir löngu síðan og eg hefi ekki vikið frá því enn í dag. Ef jarðabæturnar eru drifnar með krafti, þá gera þær tvent að verkum: Í fyrsta lagi auka þær grasið, og í öðru lagi bæta þær kraft grassins, bæði til mjólkur og tóðurs. Og það er enn þá ein góð afleiðing, sem jarðabæturnar hafa, sem er mjög veruleg, eftir þeim kostbæru kringumstæðum, sem af vinnukraftinum stafa, því að það vita allir, að hann er orðinn dýrari en landbúnaðurinn getur þolað, og þá er það svo að nauðsynin á miklum vinnukrafti minkar við jarðabæturnar; öll vinna verður auðunnari við heyskapinn, ef túnin eru sléttuð og veitt vatni á engið.

Hér eru þá tvær ástæður, sem eg verð að álíta að sýni ljóslega, að jarðabæturnar séu vissasta meðalið landbúnaðinum til viðreisnar, og jarðabótum má koma við meira og minna eftir því sem hér er hagað, á hverri einustu jörð á landinu. Það er því næsta vel ráðið, að hækka styrkinu til jarðabótanna, til þess að gefa mönnum hvöt til að hafa sig að þeim, og eg veit, að þessi styrkur er talsverð hvöt til þess; jarðabætur eru einmitt víða komnar á dálítinn rekspöl sem er meðfram fyrir þann styrk, sem hingaðtil hefir verið veittur, og mundu komast á hann enn betri, ef þingið hækkaði hann að einhverjum mun. Það getur verið, að h. þd. fyndi eitthvert betra ráð en þetta, og eg skyldi vera þakklátur, ef það kæmi fram, en meðan svo er ekki, þá hefi eg ekki viljað draga mig í hlé að mæla fram með þessari fjárveitingu.

Pétur Jónsson: Eg hafði ætlað mér við þetta tækifæri að minnast nokkuð á tillögur landbúnaðarnefndarinnar, sérstaklega þær sem fjárlögin snerta; en eg býst við að h. d. kynni að verða nokkuð ópolinmóð að hlusta nú á langa ræðu; skal eg því fara fremur fljótt yfir sögu og snúa mér þegar að þessum kafla fjárlaganna.

Mér hefir skilist svo, að h. d. væri sammála landbúnaðarnefndinni um það, að rétt væri og sjálfsagt að vernda landbúnaðinn og efla. Það er sjálfsagt, að fyrst þarf að koma mergi í hann, áður en búast má við stöðugum og staðgóðum framförum hjá þjóðinni. Þetta virðist og hafa vakað fyrir h. fjárlaganefnd, þar sem hún vill rétta landbúnaðinum hjálparhönd og styðja að því, að mjólkurbú komist upp o. fl. En þó hefir hún, um leið og hún vill með fjárframlagi styðja að því, að kensla komist á fót í góðri meðferð á mjólk, sneitt nokkuð upphæð þá, sem búnaðarfélag Íslands fór fram á að sér yrði veitt. Það bað um 10,000 kr. á ári til eigin brúkunar, fyrir utan fé það, sem landbúnaðarnefndin lagði til að veitt yrði til þess að kenna góða meðferð á mjólk. En nú vill h. fjárlaganefnd, að búnaðarfélaginu séu að eins veittar 8000 kr. á ári, og að af þessum 8000 kr. sé varið 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið til

þess að útvega mann frá Danmörku til þess að kenna mönnum hér á landi að búa til smjör og ost.

Landbúnaðarnefndin hefir borið sig saman við stjórn búnaðarfélags Íslands um tillögu þessa og álítur hún að féð, sem búnaðarfélaginu sé ætlað, sé helzt til lítið, og það því fremur, sem það er alls eigi víst, að upphæð sú, sem fjárlaganefndin nefnir til, mundi nægja til þess að útvega »mejerist« frá Danmörku, og svo líka til að kaupa áhöld fyrir, eins og ef til vill þyrfti að gjöra, því að það mætti telja sjálfsagt að sú kvöð þætti hvíla á búnaðarfélaginu að gjöra tilraunina sem fullkomnasta. En það hvíla fleiri skyldukvaðir á þessu búnaðarfélagi, kvaðir, sem hvílt hafa á búnaðarfélagi Suðuramtsins áður að nokkuru. Það hefir hingað til styrkt ýms búnaðarfyrirtæki, og má búast við að þessar styrkveitingar verði mun víðtækari, er félagið nær yfir land alt. Það eru ýms stærri búnaðarfyrirtæki, sem það hefir styrkt, fyrirtæki ofvaxin einstökum mönnum eða smærri búnaðarfélögum; þannig hefir það veitt styrk til að þurka upp Safamýri, og það hefir haft ráðanauta í sinni þjónustu og sent þá bændum til aðstoðar og leiðbeiningar. Þannig þyrfti búnaðarfélag landsins að hafa sína ráðanauta til að ferðast um landið, líta eftir búnaðarháttum manna, leiðbeina bændum, og hafa gætur á, hvernig framfer á búnaðarskólunum. Laun þessara manna og ferðakostnaður mundi nema allmiklu.

Þá liggur og fyrir þinginu till. um að veita fé til gróðrartilrauna hér í Reykjavík eða í grend við hana. Stjórn búnaðarfélagsins telur það sjálfsagt hlutverk sitt að styðja þessa tilraun. Styrkbeiðni hefir og komið til búnaðarfélagsins sjálfs úr Norðurlandi, það beðið að hjálpa til þess að koma þar gróðrartilraun á stofn. Það er efnilegur maður, Sigurður Sigurðsson frá Draflastöðum, sem fyrir henni ætlar að standa, og hefir hann fengið meðmæli amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu með beiðninni. Það hlýtur að verða töluverður kostnaður fyrir félagið að styrkja þetta. Og í sambandi við þetta má geta þess, að landbúnaðarfélagið danska hefir skrifað landshöfðingja um stofnun gróðrartilraunarstöðvar hér, og fer fram á að lagt sé fram fé til þess; er það hart, ef um það þarf að synja, því að bæði hefir það félag mjög mikla reynslu og hefir jafnan sýnt sig velviljað Íslandi. Þá þyrfti félagið að hafa töluvert fé til verkfærakaupa. Búnaðarfélag Suðuramtsins hefir að undanförnu gengist endurgjaldslaust fyrir verkfæraútvegun fyrir bændur, og jafnvel útbýtt sumu af þeim ókeypis. Nú mun það hugsun félagsins að halda hinu sama áfram, og það helzt í stærri stýl. Vér vitum, að ýms af hinum nýrri verkfærum eru alldýr, svo að bændur eiga erfitt með að kaupa þau, en eigi að síður mjög nauðsynleg og sjálfsögð að borga sig með tímanum. Þannig er t. d. með skilvindur, sem telja má eitt hið helzta skilyrði fyrir því að smjörgjörð vor batni til verulegra muna. Þær og annað fleira ætti félagið að geta útvegað bændum bæði endurgjaldslaust, beztu tegund þeirra, og jafnvel með töluverðum afslætti, ef það gæti keypt töluvert af þeim. Þetta gæti orðið til þess að margir gætu keypt hin dýrari verkfæri, sem annars væri það ókleift. En það ætti aftur að verða til þess, að fleiri hændust að félaginu og framkvæmdakraftur þess og nytsemi yxi. Eg vona að alt þetta, sem eg hefi bent á, styðji að að því að sýna að hin upphaflega upphæð, 10,000 kr., er ekki ofmikið fyrir félagið. En nú hefir landbúnaðarnefnd-

in lagt til að hann yrði skilyrðislaus 8000 kr., auk þess sem til mjólkurkenslu yrði veitt. Þess verður hér að gæta, að þingið hefir að undanförnu veitt búnaðarfélagi Suðuramtsins 2000 kr. á ári. Þetta félag hefir náð að eins yfir eitt amt, og átt svo mikið fé á vöxtum, að ársvextir þess hafa numið um 1000 kr. Þegar nú tvö ömt hafa þegar gengið inn í félag þetta, og sjálfsagt að þriðja amtið bætist við að ári, þá væri ekki ósennilegt frá því sjónarmiði að styrkurinn væri fjórfaldaður, og sízt mundi hann reynast of hár, þótt það væri gjört.

Þá ætla eg að minnast tám orðum á dýralækninn. Annars hygg eg að undir hann hafi runnið svo margar og góðar stoðir, að míns stuðnings þurfi ekki við. En þó get eg ekki annað en látið í ljós, að 1200 kr. virðast alt of lág laun handa dýralæknirnum, þar sem praxis hans eftir reynslunni er mjög lítil, hann hefir sagt mér sjálfur að hún mundi ekki fara fram úr 300 kr. á ári.

Eg hef nú búist við að úr því dýralæknirinn er bundinn við að vera í Reykjavík þá mundi hann ekki komast af með minna en nál. 2000 kr., þar sem búast má við að hann sem aðrir muni festa ráð sitt, þegar hann hefir um stund verið í embætti. Þó gengur tillaga mín ekki út á að hækka laun beggja dýralæknanna, sem teknir eru upp í fjárlögin, heldur að eins þessa eina, sem þegar hefir verið reyndur um þrjú ár, og víst óhætt að segja reyndur að góðu.

Með leyfi h. forseta vildi eg mega lesa upp kafla úr umsókn manns þessa um launahækkun. Hann segir svo: »Það er og afleiðing strjálbygðarinnar og samgönguleysisins, að eg hefi ekki séð mér annað fært, en að kenna einstökum mönnum flestar af þeim algengustu operationum, er menn geta lært án sérlegs undirbúnings, svo sem að gelda hesta, bólusetja sauðfé og lækna doða í kúm, og þar sem þetta eru þau verk, sem að sjálfsögðu ættu að vera aðaltekjugrein dýralækna hér á landi, er það auðsætt, að eg með þessu skemmi stórlega bæði fyrir sjálfum mér og öðrum dýralæknum, er kunna að setjast hér að«.

Það er einmitt þetta atriði í umsókninni, sem mér þótti eftirtektaverðast. Vér getum ekki haft marga dýralækna hér, og fénaður vor er ekki svo dýr að það borgi sig, að sækja dýralækni um langan veg. Það er því mjög nauðsynlegt að dýralæknirinn kenni út frá sér hinar vandaminni lækningar; þá fyrst fer að verða verulegt gagn að dýralækni, er honum tekst að breiða út meðal almennings þekking á meðferð á skepnum, bæði sjúkum og enda heilbrigðum líka; en um leið og hann gerir það, skapar hann sér keppinauta og spillir þannig atvinnu sinni. En eigi að síður vona eg, að bæði þessi dýralæknir og aðrir dýralæknar, sem vér kunnum að fá, kappkosti þetta, og til þess þurfum vér að taka tillit, þegar um laun þeirra er að ræða.

Jón Þórarinsson: Það eru að eins tvær brtl., sem eg ætla að minnast á að þessu sinni. Á aðra þeirra er þegar töluvert búið að minnast: tillöguna um launahækkun dýralæknisins.

Mér finst spurningin um það, hve mikil laun dýralæknirinn eigi að hafa, velta mjög á því, hvar hann á að vera búsettur. Eigi hann að vera búsettur í sveit og hafi hann viðunanlega jörð til ábúðar, þá virðast launin nógu há eins og þau eru. En verði sú skoðun ofan á, að á meðan dýralæknirinn er einn á landinu, þá sé rétt að hann búi

í Reykjavík — og þeirrar skoðunar er eg — þá eru launin alt of lág. Það er viðurkent, að ekki sé hægt að lifa í Reykjavík fyrir minna en 2000—2500 kr. á ári. Það mætti gera ráð fyrir að dýralæknirinn fengi fyrir praxis 600 kr. á ári, og er það sjálfsagt það hæsta, sem við má búast; þá er í raun og veru ekki farandi fram á að minna sé bætt við hin föstu laun hans en það sem hæsta brtl. fer fram á. Eg tek það fram, að eg álít að réttast væri að dýralæknirnum væri launað með 2400 kr. á ári, en hann svo skyldaður til að kenna út frá sér allar hinar auðlærðari lækningar og sem ólæknisfróðum mönnum er trúandi til að fara með. Það mun vera alveg rétt, sem h. þm S.-Þing. (P. J.) benti á, að praxis dýralæknisins mundi fremur fara minkandi en vaxandi við það, að bændur lærðu meðferð á hin um algengustu sjúkdómum, og því fremur mundi hún minka, ef læknirinn yrði skyldur til að kenna hana út frá sér.

En svo gæti það líka komið til mála, að gjöra honum að skyldu að ferðast um, líkt og augnalæknirinn gjörir nú, og veita nokkur hundruð krónur til þess.

Eg heyri annars að tillagan fær svo góðan byr, að eg gjöri sjálfsagt ráð fyrir því að 600 kr. launahækkunin muni verða samþykt.

Þá skal eg leyfa mér að fara fám orðum um till. þá á þgskj. 209, sem fer fram á að veittar séu 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið til þess að koma á gróðrartilraunastöð í grend við Reykjavík. Þetta álít eg og heppilegt, ef ekki væri kominn á fót vísir til slíkrar stofnunar annarsstaðar, það er að segja á Þingvöllum, þótt eg að vísu viti eigi, hvort sá vísir er á sama veg og landbúnaðarnefndin hefir hugsað sér gróðrartilraunastöðina í nánd við Reykjavík. Eg hefi rétt nýlega fengið fregnir af því, hvernig gengur með gróðrartilraunirnar á Þingvöllum frá kaptein Ryder, sem hefir komið þeim á fót. Hann hefir fengið fé til fyrirtækis þessa annarsstaðar en á Íslandi, en vantar þó nokkuð enn til þess að koma því í það horf sem vildi. Ráðgjörði hann reyndar að reyna að fá nokkurt fé frá útlöndum enn, og þó það nú kynni að heppnast, sýndist það eiga vel við, að þingið í viðurkenningarskyni fyrir það, sem hann hefir gjört, veitti honum fé það, er hann vantar nú, og er það mun minni upphæð en sú, sem farið er fram á til stöðvarinnar í nánd við Reykjavík, og sé svo, að annað sé haft fyrir augum með stöðinni við Reykjavík en þeirri á Þingvöllum, mætti ef til vill breyta henni í þá átt.

Kapteinn Ryder hefir rétt nýlega farið til Þingvalla og kvað hann tilraunirnar þar hafa heppnast eftir vonum, það sem af er, þrátt fyrir það, þótt veðrátta í sumar hafi ekki verið hagstæð. Nýgræðinginn kvað hann mestan vera lifandi enn, þótt auðvitað sé ekki fengin full vissa fyrir að hann muni allur lifa veturinn yfir. Eg skal aftur taka það fram, að hér er fyrirtæki, sem vert er að styrkja, fyrirtæki, sem komið er á fót af útlendum manni, er ber þann ræktarhug til Íslands, að hann vill eitthvað fyrir það vinna. Eg hefi talað um mál þetta við hæstv. lh. og kvaðst hann mundi koma með tillögu í þá átt að veittar yrðu 1000 kr. til gróðrartilraunastöðvarinnar á Þingvöllum; sú upphæð áleit Ryder að mundi nægja. Ef hæstv. lh. hefði ekki tekið málið þannig að sér, mundi eg hafa komið með tillögu í sömu átt.

Pétur Jónsson: Eg þarf að minnast fám orðum á gróðrartilraunastöð þá, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) mintist á, og mælti með. Hún mun fara í tals-

vert aðra átt, en stöð sú, sem landbúnaðarnefndin hugsaði sér að upp væri komið. Hún bar sig saman við Einar Helgason garðyrkjumann um málið, og kvað hann, að vart mundi hægt að byrja á neinum verulegum tilraunum, nema fjárveitingin færi nálægt því, sem nefndin fer fram á. Það bar þá í tal um tilraunirnar á Þingvöllum, og kvað hann þar vera um skógarplöntun eina að ræða, en meining landbúnaðarnefndarinnar var að eiga ekki við skógarplöntun að sinni, en lofa stofnuninni á Þingvöllum að sýna sig, því að vart mundi hægt að sameina þetta tvent. Fyrir landbúnaðarnefndinni vakir sama hugmynd og kom fram í frumv. því eftir Einar Helgason, sem lagt hefir verið fyrir h deild. Reyndar vakti fyrir honum að taka skógarræktina með, en nefndin áleit ekki fært að byrja í svo stórum stýl, heldur geyma hana þangað til síðar. Það, sem nefndin hugsaði sér að stofnunin legði stund á að rannsaka, var: ræktun og gildi fóðurjurta og matjurta, og að ennfremur gæti komið til greina, að hún gjörði tilraunir með áburð og meðferð hans. Tilætlunin er, að hér fari fram vísindalegar rannsóknir í þessum greinum, og er það alkunnugt, hvílíkt gagn slíkar rannsóknir hafa gjört í öðrum löndum. Hugsun Einars Helgasonar er sú, að koma hér upp því, sem Danir kalla »Planteskole«, á líkan hátt og landbúnaðarfélagið danska hefir þegar látið byrja hér á. Það hefir veitt dálítið fé til þessa: 1000 kr. í eitt skipi, og svo er búist við að það leggi fram 500 kr. á ári í 3 ár. En þessi styrkur er svo lítill, að hann nægir ekki einn saman. Fyrst er að sjálfsögðu að byrja á því að fá blett til tilraunanna, vonar nefndin að hann mundi ekki verða mjög dýr, því yrði tilraunastöðin í Reykjavíkurlandi, gjörir hún ráð fyrir að bærinn mundi leggja hann til fyrir lítið. En aftur hlyti fyrsta árið að ganga mjög mikið fé til að girða hann og rækta. Enn fremur kvað Einar Helgason, að ef byrja ætti á gróðrartilraununum, þá þyrfti maðurinn að vera bundinn við þær mikinn hluta sumarsins, gæti að eins verið, að hann mætti burtu fara 1—2 mánuði um sláttinn, og helzt ætti hann alt af að vera við, því að í mjög smáum stýl mætti ekki byrja.

Að því er dýralæknirinn snertir, þá mun ekki verða verulegur sparnaður að því að samþykkja till. um lægri launaviðbótina nú, því að búast má við að þá komi fram á næsta þingi beiðni um 200 kr. í viðbót enn, og að sú beiðni muni verða tekin til greina. Eg vil því heldur leggja það til, að hærri upphæðin sé veitt nú þegar, án þess þó að eg vilji gjöra það að nokkru kappsmáli.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): H. þm. Dal. (J. P.) mælti fram með till. sinni um að hækka styrkinn til búnaðarfélaganna. Eg skal ekki eyða mörgum orðum um þetta, en að eins geta þess, að eg sé ekki neina ástæðu til að hækka styrkinn, enda er hækkunin svo lítil, að hún getur ekki haft neina þýðingu. Nú eru víst varla 30 aurar fyrir dagsverkið, en ef styrkurinn væri hækkaður um $^1/_{10}$, eins og þm. fer fram á, þá yrðu eftir því 33 aurar fyrir dagsverkið. Getur nú þm. haldið því fram, að þetta mundi hafa þau áhrif, að meira yrði unnið? Eg get ekki ímyndað mér það.

Sami þm. talaði einnig um að nauðsynlegt væri að hækka laun dýralæknisins og mun enginn geta neitað því, að þess sé full þörf, ef menn geta komið sér saman um það, að hann í fyrsta lagi eigi að sitja í Reykjavík, og í öðru lagi, að praxis hljóti að verða lítil; en eg sé ekki ástæðu til að hann endilega

þurfi að sitja í Reykjavík. Ef dýralæknirinn sæti í þéttbygðri sveit á góðri jörð, eins og upphaflega var til ætlast, þá mundi fyrst og fremst verða meira gagn að honum og hann mundi fá meiri praxis og ágóðinn af búskapnum verða nægileg launaviðbót. Vegna þess er eg á móti þessari launahækkun.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) mælti fyrir hönd landbúnaðarnefndarinnar með styrkveitingu til gróðrartilrauna. Fjárlaganefndin áleit að ekki væri ástæða til þess, með því, eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) benti á, þessar tilraunir eru þegar byrjaðar á öðrum stað. H. þm. gat þess, að minna en það, sem farið er fram á í till. frá landbúnaðarnefndinni, dygði ekki og má það vel vera. En eg spyr: höfum vér ráð á því? Eigum vér ekki að sætta oss við þær tilraunir, sem þegar eru gerðar og fara hóflega í fjárveitingarnar? Hann gat þess, að það mundi kosta nokkuð að fá land til tilraunanna, og má vel vera að það sé rétt, þar sem þessi tilraunastöð á að vera í nánd við Reykjavík, en eg skal geta þess, að á Akureyri, þar sem slíkar tilraunir eru byrjaðar, gaf bærinn landsblett til tilraunanna, og meira að segja líka girðing um blettinn. Eg get þessa hér af því mér þykir það eftirbreytnisvert, og þar að auki finst mér rétt, að þess sé getið einhversstaðar, þegar svo mikið er gert af litlu bæjarfélagi til eflingar þarflegum fyrirtækjum. Það er rétt hjá h. þm. að styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands er nokkuð lítill, og hefði eg fyrir mitt leyti ekki á móti að hann væri hækkaður t. a. m. upp í 10,000 kr., því eg treysti því að fé verði sæmilega notað af stjórn fjelags.

Ólafur Briem: Mér finst h. framsm. fjárlaganefndarinnar (J. J.) og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), hafa misskilið till. landbúnaðarnefndarinnar. Á Þingvöllum og á Akureyri og jafnvel hér í Reykjavík hafa verið byrjaðar gróðrartilraunir, en það eru ekki samskonar tilraunir, sem hér er farið fram á að veittur sé styrkur til að gera. Landbúnaðarnefndin ætlast til að þessum styrk verði varið til tilrauna með fóðurjurtir og matjurtir, og hagnýting áburðar. Eg skal taka það fram hér, að nauðsynlegt er að grasrækt og garðrækt fari fram eftir réttum reglum, til þess að ágóðinn verði sem mestur. Þess vegna þarf mann, sem ber fult skyn á þetta, til að standa fyrir þessum tilraunum. Einar Helgason garðyrkjufræðingur er sá eini, sem gert hefir tilraunir á þennan hátt, en það er í garði einstaks manns og þess vega óvíst, hvort þær geta haldið áfram, og geta allir, sem vilja, séð, að þessi óvissa hlýtur að skaða tilraunirnar. Það má raunar segja, að almenningur beri gott skyn á grasrækt, en tilraunir manna hafa eingöngu farið í þá átt, að rista grasrótina ofan af ræktaðri jörð, og þekja svo yfir. En til að rækta óræktarmóa er ekki hægt að nota þessa aðferð. Eina ráðið til þess er að sá grasfræi, en um það, hvaða fræ er bezt, vantar alla reynslu. Sama máli er að gegna um garðræktina, þar vantar líka reynslu. Menn þyrftu að vita, hvaða áburðartegund er bezt fyrir hverskonar jarðveg, og hvaða fræ eða útsæði ber beztan ávöxt. Þangað til menn fá reynslu fyrir því, verður garðræktin ekki eins viss og ágóðinn þess vegna minni. Það er t. a. m. mismunur á kartöflu-uppskeru eftir því, hvaða tegund er notuð; þess vegna væri mikið unnið, ef komast mætti fyrir, hver tegund væri bezt. Eg skal ekki orðlengja þetta, en vona að hin h. deild sýni þessu máli þann sóma, sem það á skilið.

Jón Jensson: Eg hefi gjörst flutningsmaður að 2 breyt.till. við þessa gr. (10. gr.) fjárlaganna, og þarf því að sýna þeim þann sóma, að fara um þær nokkrum orðum. Hvað fyrri till. viðvíkur, er eg svo heppinn, að bæði landsh. og framsögum. fjárlaganefnarinnar hafa mælt með henni kröftuglega, svo það er óþarfi að gjöra það frekar. Eg tala því að eins um breyt.till. um að hækka laun dýralæknisins. Eg hefi stungið upp á 500 kr. hækkun, en aðrir hafa stungið upp á 400 kr. og 600 kr. Það virðist því hafa góðan byr hér í deildinni, að hækkuð séu laun dýralæknisins, og þarf eg því ef til vill eigi heldur að mæla fram með þessari till. En það var nokkuð í ræðu hins h. þm. Eyf. um þetta mál, sem eg ekki gat fallist á. Raunar játaði hann að launin væru of lág, ef dýralæknirinn ætti að sitja í Reykjavík, en hann vildi ráða bót á þessu með því að láta hann sitja upp í sveit. Um þetta get eg ekki verið samdóma h. framsögum. Eg álít, eins og hinn hæstv. landsh. tók fram, að dýralæknirinn sé bezt settur í Reykjavík. Það opinbera þarf altaf að geta náð í hann, ef á liggur, og amtmaður þarf að geta sent hann strax, ef næman dýrasjúkdóm ber að höndum. Það er því rétt og nauðsynlegt að hann sitji í Reykjavík, og þá eru launin of lítil, eins og þau eru nú. Mér finst þau megi ekki vera lægri en 1800 kr. Eg tek því aftur till. mína um að hækka launin um 500 kr.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg skal að eins leyfa mér að benda á, að því er laun dýralæknisins snertir, að eg álít því að eins rétt að hækka þau, að hann þurfi endilega að vera búsettur í Reykjavík. Eg er samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um það, að launin megi varla minni vera en 2500 kr., ef honum er gjört að skyldu að sitja í Reykjavík. En þá sést, að þau laun eru ófullnægjandi, sem stungið hefir verið upp á, og farið muni verða fram á viðbót á næsta þingi. Þess vegna vil eg, að h. þingd. gjöri sér það ljóst, hvort hann skuli sitja í Reykjavík og laun hans verða hækkuð, eða hvort hann skuli búa í sveit, þar sem hann getur komist af með minni laun. En þar getur hann líka kent frá sér, og orðið að liði á þann hátt, ekki síður en hér, og hygg eg, að það væri að mörgu leyti hentugra, að hann væri búsettur í sveit. Þar sem varla eru líkur til að aukatekjur hans verði hærri en 300 kr. á ári framvegis, þá er hann ekki heldur vel settur með laun hér, þótt hann fái þessa viðbót. Þetta vildi eg að h. þingdm. gerðu sér ljóst, áður en gengið verður til atkvæða.

Framh. 2. umr., 31. júlí. kl. 9 árd.

ATKVGR.: (um II. kafla, 7—10 gr.).

8. gr. samþ. með 21. samhlj. atkv.

9. gr. samþ. í e. hlj.

10 gr. A. 1. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. 4. liður á atkvæðaskrá sþ. með 15 shlj. atkv.

2 liður þannig fallinn.

3. a og b samþ. í e. hlj.

Breyt till. 5 á atkv.skrá. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt till. 6. á atkv. skrá samþ. með 21 samhlj. atkv.

Þar með fallið 3. c í frv.

B. 1 og 2 samþ. í e. hlj.

7 liður á atkv.skrá samþ. sem orðabreyting.

3. a og b samþ. í e. hlj.

Breyt till. 8 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

C. þannig breytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. a—h. samþ. í e. hlj.

C. 1—3 samþ. í e. hlj.

4. a. 1.—4. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. 9. á atkv.skrá við 4. b. sþ. með 12 : 9.

Breyt.till. 10. á atkv.skrá feld með 15: 4 atkv.

Breyt.till. 11. á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 12 á atkv.skrá feld með 11 : 11 atkv.

Breyt.till. 13. á atkv.skrá tekin aftur.

Breyt.till 14. á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 15. á atkv.skrá samþ. með 12 : 3 atkv.

Breyt.till. 16. á atkv.skrá samþ. með 16 samhlj. atkv., verður 6. tölul.

5. liður frumv., sem verður 7., samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 17. á atkv.skrá feld með 12 : 8 atkv.

Breyt.till. 18 b. á atkv.skrá samþ. með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 19. á atkv.skrá samþ. með 14 samhlj. atkv.

6. liður frv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. 20. á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

Liður c. 1—8 sþ. með 20. shlj. atkv.

Liður d. 1—7 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Liður e. og f. samþ. í e. hlj

Liður g. 1—6 samþ. með 13 samhlj. atkv.

Liður h. sþ. með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. 21. á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

7. liður samþ. með 16 shlj. atkv.

8. liður samþ. með 17 shlj atkv.

10. gr. frumv. með breyt.till. samþ. í e. hlj.

Undir umræðum var tekinn aftur 39. liður á atkv.skránni (þingskj. 254) og 49. liður (þingskj. 239).

II. kafli.

11.—12. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það eru ekki svo fáar breyt.till., sem fram eru komnar við þessa kafla, heldur eru þær óvenjulega margar, og skal eg ekki eyða tímanum með að tala um þær »frá almennu sjónarmiði«, heldur fara um þær helztu nokkrum orðum, hverja fyrir sig.

Eg skal þá fyrst minnast á 3 breyt.-till., sem allar ganga í sömu átt, sem sé til þess að veita fé til aðstoðarlæknis á Akureyri. Nefndin hefir lagt til, að veita lækninum sjálfum beinlínis styrk til þess að fá sér aðstoðarlækni. Það kom til orða í nefndinni, hvort ekki mundi réttast að stofna sérstakt nýtt embætti á þessum stað, en hún áleit þó, að ekki mundi rétt að fara þá leið, því hún verður að álíta, að sú mikla aðsókn, sem nú er að spítalanum á Akureyri, sé að þakka þeim núverandi lækni, Guðmundi Hannessyni, en að ekki væri ástæða til að ætla, að sú aðsókn héldist, ef hann félli frá eða sækti burt. Nefndin hefir lagt til, að veita í þessu skyni 800 kr. hvort árið. Reyndar kom til orða líka, hvort ekki væri ástæða til að veita 1000 kr. og gjöra það þannig jafnt aukalæknishéraði, en hér var á fleira að líta, og aðallega það, að aðstoðarlæknir á þessum stað fengi meiri æfingu og þekkingu en t. d. aukalæknir í afskektu héraði, því slíkir aukalæknar hafa fremur litla æfingu. Fyrir nefndinni vakti, að aðstoðarlæknir hjá þessum góða lækni mundi afla sér svo mikillar æfingar, þekkingar og álits, að hann ætti hægra með að koma sér áfram, og því mundi vera mögulegt að fá hæfan aðstoðarlækni, þótt borgunin væri ekki hærri. Nefndin mun því halda fast við sína till., en ekki geta aðhylst till. h. 1. þm. Eyf.

(Kl. J.) um að hækka þennan styrk upp í 1000 kr.

Þá er aftur breyt.till. frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) um að færa þenna styrk niður, og farið fram á það nýmæli, að spítalinn veiti helming launanna. Eg veit ekki almennilega, hvað vakað hefir fyrir honum, en aldrei hefir áður verið farið fram á, að sveitafélög launuðu læknum. Getur verið, að þetta sé eins heppilegt, en það er þó að minsta kosti alveg nýmæli, og auk þess eru 600 kr. svo lágt kaup, að varla er hugsanlegt að nokkur almennilegur maður fáist fyrir það, svo eg verð að verða þeirri breyt.till. móttallinn. Annars er það víst í fyrsta sinni, að h. þm. K.-G. (Þ. Th.) kemur fram með tillögu, er miðar til að minka laun lækna.

Þá eru 4 till. um að breyta útgjöldum holdsveikraspítalans. Nefndinni virtist kostnaðurinn við hann næsta mikill, og hefir lagt til, að hann yrði færður nokkuð niður, t. d. til eldiviðar, og vona eg að háttv. deild gjöri sig ánægða með þær ástæður, sem fram eru teknar í nefndarálitinu. 3 af þessum breyt.till. eru frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), og fer ein þeirra fram á, að hækka laun starfsmanna um 100 kr., og mun það einkum ætlun hans, að sú hækkun verði á launum yfirhjúkrunarkonunnar, sem sótt hefir um launaviðbót til fjárlaganefndarinnar. Eftir því sem eg veit bezt, þá hefir hún 500 kr. í laun, en þykir of lágt, en þessi laun eru þannig til komin, að þau eru beinlínis ákveðin samkvæmt tillögum þeirra manna, er spítalanum komu á fót, og virðist því ekki ástæða til að hækka þau nú þegar.

Önnur breyt.till. frá sama þingm. fer fram á, að lækka útgjöldin við hestfóður, og mun hún standa í sambandi við það, að kona þessi hefir haft hest sér til skemtunar, en sem spítalinn hefir borgað fóðrið á. Nú skilst mér meiningin með þessari tillögu sú, að þessi fóðurkostnaður falli niður, en launin séu hækkuð um 100 kr. Mér er nú satt að segja ekki ljóst, hver ástæða er til þess, að hún hafi hest sér til skemtunar og á kostnað spítalans.

Þá er 3. breyt.till. um óviss útgjöld til spítalans. Í áætluninni um útgjöld spítalans virðist flest alt sett nægilega hátt, t. d. hinir geypi-dýru þvottar og ræsting, og flest til tínt, sem fyrir getur komið, svo mér þykir næstum kynlegt, að samt skuli þurfa 1500 kr. til óvissra útgjalda. En aftur getur verið, að 500 kr., séu of lítið, svo að réttara væri máske að fara hér einhvern meðalveg.

Þá kemur h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) með 2 breyt.till. er snerta fjárveitingar til spítala á Akureyri. Nefndin hafði fyrir sér skýrslu um bygging spítalans og beiðni um styrk, og hér er að eins farið fram á, að veita 2000 króna styrk. — Auðséð er að spítali þessi er í all-miklum fjárskorti, en jafnvel þó nefndin álíti, að spítalinn sé vel sóttur og í alla staði vel bygður, hefir hún ekki viljað fallast á breyt.till.

Hinn 32. tölul. er frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) um að veita 600 kr. hvort árið til utanfarastyrks handa læknum. — Eins og menn muna, var þessi tillaga fyrir þinginu 1897, hraktist þar fram og aftur milli deildanna, en féll loks í sameinuðu þingi. Eg var þá meðmæltur fjárveitingu þessari og er það eins nú, en eg veit ekki, hvernig nefndin í heild sinni lítur á það.

Þá eru eftir þrjár breyt.till., allar frá nefndinni, og hefir hún fært nokkrar ástæður fyrir þeim í nefndarálitinu, og finn eg því ekki ástæðu til, að tala um þær nú, eg vil því bíða með það þang-

að til eg sé, hvort h. þingdeildarmenn gjöra nokkrar athugnsemdir við þær. Ein þessara till. kemur af erindi frá landlæknínum, um að nauðsynlegt sé, að gefa út nýa ljósmóðurfræði, og er nefndin samdóma því, að svo sé, en eg er í nokkurri óvissu um, hvort upphæð sú nægi til útgáfu bókarinnar, sem farið er fram á að verði veitt.

34. liður á atkvæðaskránni er um 4000 kr. styrk til áhaldakaupa handa spítalanum á Seyðisfirði. — Þar er búið að koma upp húsi, sem metið er 15000 kr., en þar vantar enn öll nauðsynleg áhöld, og hefir nú verið sótt til landssjóðs um 6000 króna styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að kaupa fyrir áhöld þau, sem vantaði.

Nefndinni sýndist, að hlutaðeigandi bæjarfélag og héruð hefðu hér sýnt ó-venjulegan dugnað með að koma upp húsi þessu, svo vert væri að styðja stofnunina dálítið, en þó vildi hún ekki veita jafnmikinn styrk og farið var fram á og sýnt reikningslega að þyrfti, eða 6000 kr., en vildi láta nægja 4000 kr. í von um, að hún gæti orðið að notum, þótt hún fullnægði ekki að öllu leyti þörfum manna, og þótt eg viti, að upphæð þessi nægi ekki, vil eg mæla sem bezt með því, að hún sé veitt.

Í fjárlögunum á síðasta þingi voru veittar 3000 kr. til spítala á Patreksfirði í þeirri von, að styrkur til slíkrar byggingar kæmi frá Frakklandi, en þótt svo hafi ekki orðið, virðist nefndinni sanngjarnt, að láta þenna styrk standa, þó litlar líkur séu til þess, að hann verði notaður.

Þá eru ekki fleiri breyt.till. við 11. gr., og komum vér þá að 12. gr., en þar verða nú breyt.till. bæði fleiri og flóknari.

Þar er fyrst viðaukatill. frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um að veita 1000 krón. hvort árið til félagsins Otto Wathnes Arvinger, fyrir póstflutning milli hafna á Íslandi og milli Íslands og annara landa. Því verður ekki neitað, að félag það, sem hér er um að ræða, hefir haldið uppi samgöngum og flutt póst milli Noregs og Íslands, og sem töluverður hluti landsins hefir haft gott af, og að Otto Wathne sál. hafði komið samgöngum þessum á með sérstökum dugnaði. Sömuleiðis halda skip félags þessa ferðaáætlanir sínar nú miklu betur en áður var, og hefði því verið nokkur ástæða til að veita félagi þessu einhverja þóknun í viðurkenningarskyni, þótt nefndin hafi ekki séð sér fært að ráða til slíks. Annars vegar munu margir líka líta svo á, sem fé það, sem varið er til gufuskipsferða, sé svo mikið, að þar við verði að sitja, og að ekki sé fært, að auka á meiri álögur í sömu átt.

Í sambandi við þetta skal eg minnast á eina breyt.till. á þingskj. 50, frá h. þm. Vestm. (V. G.) um, að stjórnin hafi heimild til að verja alt að 2000 kr. á ári til styrks til stórkaupmanns Thor E. Tuliniusar í Kaupmannahöfn fyrir póstflutninga og gufuskipaferðir beina leið milli Kaupmannahafnar og Íslands, einkum Reykjavíkur. Það er eins ástatt með þetta »Firma« og það sem áður er nefnt, að það hefir gufuskip í förum síðustu árin, og það hefir einnig á ýmsum tímum gert töluvert gagn, en það er þó tvent, sem gjörir það að verkum, að eg er enn meira á móti því að styðja þetta félag en hitt. Fyrst er það, að því er ætlað að halda uppi beinum ferðum sérstaklega milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur. Hefir herra Tulinius gjört stjórninni tilboð um, að fylla upp eyður þær, sem eru í póstáætlun gufuskipafélagsins, en þar sem beinu póstferðirnar frá útlöndum eru miklu fleiri til Reykjavíkur en annara hluta landsins, þá gjörir það að verk-

um, að frá því sjónarmiði er minni ástæða til aukinna fjárveitinga til slíkra gufuskipaferða.

Í öðru lagi hafa skip Thor E. Tuliniusar ekki getað haldið áætlun, svo sem t. d. skipið »Hjálmar«, sem allir munu kannast við frá því um árið, að það var sent í þjónustu landssjóðs-útgerðarinnar, og ávann sér þá nafnið sleðinn eða landssjóðs-sleðinn, og hefir það nú naumast batnað með gang síðan.

Af þessum tveimur ástæðum, meðal annars, getur nefndin ekki lagt til, að styrkur sá sé veittur, sem hér er farið fram á.

Samkvæmt bréfum, er nefndin hafði til skoðunar, og sem að nú liggja fyrir mér hér á borðinu, sést, að Tulinius hefir boðið stjórninni að halda uppi samskonar ferðum, og hér er gert ráð fyrir. Út af því hafa farið fram bréfaskriftir milli stjórnarinnar og sameinaða gufuskipafélagsins, og hefir félagið lofað að bæta inn skammdegisferð milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur án þess að fá sérstaka borgun fyrir, og gerir það þessar framboðnu ferðir Tuliniusar síður nauðsynlegar.

Þá kem eg að 38. tölulið á atkvæðaskránni um að landssjóður leggi fram fé til póstvagnferða austur í Rangárvallasýslu. Þetta er ekki nýmæli, því það hefir verið fyrir þinginu áður. — Nú er mál þetta komið svo langt, að áreiðanlegt boð er komið frá Thomsen kaupmanni um, að taka að sér þessar vagnferðir fyrir 100 kr. styrk á ári úr landssjóði og lítilfjörlega þóknun fyrir bréf þau og póstsendingar, er fluttar væru með hverri ferð, en umsjónarmann á póststjórnin að senda með póstinum. Nú þótti nefndinni réttara, að lagt væri fram fé, er póststjórnin hefði til umráða til þessa fyrirtækis, til þess að koma því í gang, en þó þannig, að allur kostnaður af því verði ekki meiri en í tilboði Thomsens kaupmanns, og leggur hún því til, að verja megi til þessa alt að 600 kr. hvort árið.

Breyt.till. h. þm. Dal. (Jens P.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) um 500 króna lækkun á skrifstofu-kostnaði póstmeistarans frá því, sem er í stjórnarfrumv., getur nefndin ekki aðhylst. Fjárlaganefndin hefir ekki rannsakað neinn lið fjárlaganna betur en þennan, um hækkun á fjárveiting til póstmálanna, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ætluð of há upphæð í frumv., og hún er sannfærð um, að hér sé um verulegar endurbætur að ræða, og að rétt væri að stíga nú sporið til fulls, svo ekki þyrfti að koma með nýar fjárbænir í þessu skyni fyrst um sinn.

Að því er snertir tölul. 40 á atkvæðaskránni, þá er gjörð nægileg grein fyrir þeirri tillögu í nefndarálitinu, og læt eg mér það nægja.

Undir tölul. 41 við 12 gr. A 4, um að veita 1000 krón. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstatgreiðslumönnum, hefir nefndin lagt til, að sú upphæð yrði færð niður í 500 krónur. Þó er henni slíkt ekkert kappsmál, því hætt er við, að þá mundi þurfa að veita fé þetta síðar, einkum þegar póstafgreiðslumönnum fjölgar.

Sömuleiðis getur nefndin ekkert haft á móti breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), því hún álítur, að hún sé fremur til bóta, en bíður eftir, að heyra skoðanir h. þingm. sjálfs.

43. tölul. er frá h. 2. þm. Húnv. (B. S.) um fé það, sem varið er til flutningabrauta. Leggur hann að vísu ekki til, að upphæð þessari sé breytt, heldur að því sé varið til flutningabrauta í Húnavatnssýslu, að svo miklu leyti, sem þess þarf ekki til viðhalds eldri flutningabrautum.

Fjárlaganefndin hefir íhugað þetta nokkuð rækilega, og komist að þeirri niðurstöðu, að till. stjórnarfrumv. muni á góðum rökum bygðar, að láta það af þessu fé, sem ekki þarf til viðhalds eldri flutningabrautum, ganga til framhalds flutningabrautinni fram Eyjafjörð og til flutningabrautar í Húnavatnssýslu, og verður því að vera á móti breyt.till.

Sama er að segja um till. undir 44. tölulið, að hækka féð til þjóðvega fyrra árið úr 50,000 kr. upp í 60,000 kr., því nefndin álítur rétt að láta upphæðina standa óbreytta, enda er það stefna þingsins, að styðja þar mest vegabætur, sem þær geta komið að mestum notum, og að það sé álitamál, hvort rétt sé að verja svo miklu fé til þjóðvega á ári sem breyt.till. fer fram á.

Nefndin verður hér að vera á því, að hallast að því, að upphæðin í frumv. sé réttari, og mun greiða atkvæði móti breyt.till.

Þá kemur till. um, að veita 2500 kr. styrk til sýsluvegagjörðar á Breiðdalsheiði í Ísafjarðarsýslu, mót því, að sýslubúar leggi að minsta kosti fram jafnmikla upphæð. Mál þetta hraktist fyrir þinginu 1897, og féll loks í sameinuðu þingi með eins atkvæðis mun.

Nefndinni sýndist fjárbeiðni þessi á rökum bygð, að ástæða væri ekki síður til þess, að veita landssjóðsfé til þessarar vegagjörðar, en á öðrum stöðum, og að rétt væri að láta þessa fjárveiting sitja fyrir nú.

Breyt.till. á 46. tölul. fer fram á hvorki meira né minna, en að landssjóður leggi fram 20,000 kr. til vegagjörðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn því að sýslan leggi til eins mikið. Eg skal ekki tala mikið um þessa breyt.till., en vér vorum nú svo smásálarlegir í nefndinni, að oss hrylti við svona stórri fjárupphæð, og gátum því ekki fallist á þessa tillögu, og bíðum eftir ástæðum þeim, er fram verða færðar fyrir henni, en eg get ekki skilið í því, að sýsla þessi geti lagt fram 20,000 kr. eftir ástandi því, sem sagt er þaðan, og hvað eftir annað er verið að útmála hér í deildinni.

Þá er lítil till. frá h. þm. Mýram. (H. D.) um 2,400 kr. styrk til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós. Þessi vegagjörð er, eftir því sem eg veit bezt, þannig löguð, að hún er ekki nema byrjun á all-stórri vegagjörð, sem þar mun í ráði, svo að búast má við, að sótt yrði framvegis um stærri fjárupphæð til framhalds vegi þessum jafnóðum og bætt yrði við hann. Eg vildi að eins vekja athygli á þessu, svo háttv. þingdeildarm. hefðu það fyrir augum, áður en þeir greiða atkvæði um þennan lið.

Nefndin álítur þó rétt, að leggja til, að fé þetta verði veitt með þeim skilyrðum er h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) stingur upp á, nefnilega, að sýslusjóður leggi fram alt það fé er þarf til að fullgjöra þennan veg, sem sé að minsta kosti helmingur móti tillaginu úr landssjóði.

51. tölul. er till. frá h. þm. Rangv. (S. Á. og Þ. G.) um að aukið sé 200 kr. til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi austanfjalls, og sér nefndin ekki ástæðu til, að vera á móti jafn-litlum fjárveitingar-auka eins og þar stendur á.

52. tölul. er frá h. þm. Dal. (J. P.) um 1000 kr. fjárhækkun til gufubátsferða á Breiðafirði, og hefi eg skilið tillöguna svo, sem tilætlast væri, að þá þessar gufubátsferðir hjá hinu sameinaða gufuskipafélagi, en að alls ekki sé ætlast til að veita þetta fé til gufubáts þess, er gengur hér á Faxaflóa, þar sem ferðir hans hafa ekki orðið að tilætluðum notum fyrir íbúana við Breiðafjörð.

53.—56. tölul. eru ekki annað en bein afleiðing af breyt.till. þeim, sem síðast hafa verið nefndar.

Þá kemur 56. tl. um að veita 5000 kr. til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri. Hefir verið gjörð áætlun um, að hvorttveggja megi bæta að miklum mun fyrir 15000 kr., og var þinginu send bænarskrá um 10000 kr. til fyrirtækisins. Nefndinni þótti þó rétt að veita ekki nema 5000 kr., en væntir, að hlutaðeigandi héruð muni afla þess fjár, er vantar á. Líkt er á statt með lendinguna í Þorlákshöfn, þar sem farið er fram á að veita 400 kr. til að bæta hana mót jafnmikilli upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu. Það hefir áður verið talað um það, hve nauðsýnlegt væri að bæta lendingar austanfjalls, og þar sem nú eru komnar upplýsingar um, að hægt muni að bæta mjög lendinguna í Þorlákshöfn fyrir upphæð þá, sem hér er nefnd, vill nefndin mæla sem bezt með þessari till.

Þá er að eins eftir ein breyt.till. við þessa grein, en eins og sést af nefndarálitinu hefir meiri hluti nefndarinnar lagt til, að aths. við 12. gr. D. sé feld burt. Eg fer að svo stöddu ekki mörgum orðum um, hve þýðingarmikil þessi breyt.till. er, þar sem eg er hér ekki í meiri hlutanum, og eg býst við, og álít rétt, að þetta sé sá liður fjárlaganna, er veldur langmestum umræðum. Ætla eg því, að láta hér staðar nema, enda mun flestum finnast, að eg sé orðinn nægilega langorður að þessu sinni.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að fara nokkurum orðum um þessar 2 greinar fjárlaganna, sem nú eru til umræðu, ásamt breyt.till. við þær, og ætla eg að leyfa mér að feta í pótspor h. framsm. 2. þm. Eyf. (J. J.), og taka liðina í þeirri röð sem þeir eru á atkvæðaskránni.

Að því er snertir hinar 3 fyrstu breyt.till., um styrk til Guðmundar læknis Hannessonar, til að launa aðstoðarlækni, þá hallast eg helzt að tillögu nefndarinnar; eg skal að eins geta þess, að mér finst vafasamt, hvort hann getur fengið aðstoðarlækni fyrir það fé, sem tiltekið er í 24. og 25. tölulið, þegar svo mörg ný læknaembætti eru bráðum stofnuð; eg ímynda mér að læknar vilji heldur komast í sjálfstæða stöðu, heldur en verða aðstoðarlæknar hjá öðrum, þó flinkur sé.

Þá er 26. og 28. tölul., er eg leyfi mér að mæla mikillega með; þessir tl. standa í sambandi hvor við annan, þannig, að ef 26. tl. er samþ., þá er 28. tl. þar með samþ., en ef 26. tl. fellur, þá ímynda eg mér, að hinn 28. verði tekinn aftur. Yfirhjúkrunarkonan við holdsveikraspítalann var ráðin til hans með þeim kjörum, að hún skyldi fá 500 kr. í laun og hestfóður. Nú vill hún falla frá hestfóðrinu, sem virðist mega meta 100 kr., gegn því, að laun hennar verði hækkuð um þessa upphæð, og breyt.till. fer ekki fram á annað en þetta; hestfóðrið tjáir ekki að taka frá henni, nema með hennar samþykki, og landssjóði má á sama standa, hvort henni er borgaður nokkur hluti launanna með hesfóðri eða í peningum, og því get eg ekki skilið, að þetta mæti nokkurri fyrirstöðu.

Að því er snertir 27. lið á atkvæðaskránni, þá kann það að vera, að þær 3,500 kr., sem fjárlaganefndin vill veita til eldiviðar í holdsveikraspítalanum, hrökkvi til fyrir árið 1899—1900, en hvort þær gera það framvegis er vafasamt. Að liðurinn er settur svo hátt í frumv. stjórnarinnar, kemur af því, að þegar upphæðin var tiltekin, voru kol mjög dýr, 4—4,50 skpd., og þá hefðu 4,600 kr. ekki gert betur en hrökkva, þegar tekið er tillit til flutningskostn-

aðarins sem á þau hlýtur að leggjast, en síðan hafa kol fallið mikið í verði, þannig, að þær kolabirgðir sem spítalinn nú á, hafa fengist fyrir mikið minna verð en áætlað var; en með því að sá kaupmaður, sem tók að sér að byrgja spítalann kolum, hefir tapað á því, má búast við því, að þau verði ekki eins ódýr að ári. Það er þess vegna vissara, að hafa upphæðina 4000; enda verður, ef 3,500 kr. ekki hrökkva, að fara fram yfir þá upphæð.

29. liðnum er eg algerlega mótfallinn; að færa óvissu útgjöldin niður úr 1,500 kr. í 500 kr. nær engri átt, því að stöðugu og lögboðnu gjöldin eru hátt upp í 600 kr.; 160 kr. í lóðargjald, 330 kr. í brunabótagjald, sótaragjald 75 kr. og kirkjugjald 65 kr., og þar fyrir utan ýmislegt smávegis, svo að 600 kr. hrökkva alls ekki til, og það kemur ekki til mála, að áætla þennan útgjaldalið minni en 1000 kr.; eg vil skjóta því til h. flutnm. (J. Þ.), hvort hann vilji ekki taka þessa breyt.till. sína aftur og koma annari að við 3. umr., þannig lagaðri, að upphæðin verði 1000 kr.

Viðvíkjandi breyt.till. á 31. tl., þá leyfi eg mér að mæla fram með honum. Yfir höfuð að tala get eg verið samþykkur h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) um þessa fjárveitingu og aðrar samskonar, því að eg álít að því fé, sem varið er til að bæta heilsu manna, eða til að veita sjúkum mönnum hjúkrun, sé vel varið. Aftur á móti get eg ekki verið með 32. liðnum, þar sem farið er fram á að veita 600 kr. til utanfara héraðslækna. Meðan læknafæðin er eins mikil og hún er nú, verður það að skoðast hættulegt, að læknar fari frá embættum sínum, þar sem ekki er hægt að búast við, að þeir geti fengið lækna fyrir sig á meðan þeir eru burtu; það kynni að geta verið að sumrinu, að fá mætti kandídata frá læknaskólanum, sem ekki hefðu verið á fæðingarstofnuninni, og því ekki geta skoðast sem fullbúnir eða sem hafandi veniam practicandi, en eg ætla að ekki sé rétt að taka þá gilda, nema í brýnni nauðsyn. Eg verð því að halda því fram, að ekki sé ástæða til að veita fé í þessu skyni nú sem stendur, meðan ekki eru nógu margir læknir til í héruð þau, sem bráðum verða stofnuð, og þar sem búast má við, að þeim læknum, sem sæktu um styrkinn, yrði neitað um fararleyfi, af þeirri ástæðu, að þeir gætu ekki fengið mann í sinn stað, er stjórninni þætti til þess hæfur. En að fara að veita fé til utanferðar læknum, og mega búast við, að það verði ekki notað, af þeirri ástæðu að þeim yrði neitað um fararleyfi, það virðist mér óheppilegt.

Að því er snertir tölulið 37 og 50, sem fara fram á, að veita tveim verzlunarhúsum styrk til að halda uppi gufuskipaferðum, verð eg að vera samþ. h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.), að það er ekki ástæða til að leggja meira fé til gufuskipaferða, heldur en gert er á núgildandi fjárlögum. Það var álitið svo 1897, þegar þeir samningar voru gerðir við hið sameinaða gufuskipafélag, sem enn standa, að sú fjárupphæð væri svo rífleg, að ekki væri meiningin, að auka tillag til gufuskipaferða. Það er auðvitað rangt orðað, þar sem í 37. tl. stendur: »Fyrir póstflutning milli hafna á Íslandi og milli Íslands og annara landa«; hér getur alls ekki verið að tala um styrk til póstflutninga milli hafna á Íslandi, heldur á Norður- og Austurlandi, og milli útlanda og þessara landshluta, en að veita fé sérstaklega til póstflutninga þar, finst mér óþarfi.

Viðvíkjandi 38. tl. skal eg aðeins geta

þess, að það er ekki rétt orðað eða hugsað hjá h. fjárlaganefnd, þar sem í tillögu hennar ræðir um póstferðir og vagnferðir austur að Árbæ, því að vagnbrautin nær ekki nema að Rauðalæk, og kemst ekki lengra í bráð. Það er fyrst, þegar brú er komin yfir Ytri-Rangá, að hugsanlegt er að farið yrði á vagni til Árbæjar, annars hlýtur póstflutningur að ganga um Rauðalæk og Ægissíðu, því að þó að landssjóðsvegur nái ekki lengra en að Rauðalæk, þá er góður vagnvegur alla leið að Ægissíðu, sem sýslan hefir sjálf látið gera. Þetta mætti laga við 3. umr. þannig, að í staðinn fyrir Árbæ yrði sett Rauðalækur eða Ægissíða.

Eg hefi skilið þessa brtill. svo, að ætlast sé til, að landssjóður kosti engar póstferðir aðrar austur að Árbæ, á tímabilinu frá 15. júní til 1. okt., og væri þá sjálfsagt að koma póstvagnferðunum svo fyrir, að þær standist á við ferðir póstsins, sem fer austur frá Odda.

Við tölul. 40 og 41 hefi eg ekkert að að athuga. Í tölul. felst nokkur breyting frá því sem nú er. Eg hygg að það sé engin bót að því, þó að verkfræðingnum sé gefið erindisbréf, enda erfitt að gera það svo úr garði, að það taki út yfir alt, sem verkfræðingurinn ætti að gera; hann hefir orðið að hugsa mest um vegalagningar landssjóðs, en minna um þau vegabótarstörf, sem héraðsstjórnir hafa tekið að sér að framkvæma. Eg ætla að bezt sé að láta liðinn halda sér, eins og hann er í frv. stjórnarinnar. Annars hlýtur öllum þingmönnum að vera það ljóst, að það er ómögulegt fyrir verkfræðinginn að komast yfir að líta eftir öllum vegagerðum, hvar sem er á landinu; hann hefir, sem sagt, hingað til haft nóg að gera við vegagerðir landssjóðs, einkum brúargjörðir; næsta ár er útlit fyrir að gera eigi mikla samgöngubót á Austurlandi, brú á Lagarfljót, og ef hann á að standa fyrir að koma þeirri brú á, þá mundi hann hafa nóg að gera alt sumarið. Hins vegar gæti það ef til vill komið til greina, hvort ekki væri æskilegt, að sami maðurinn, sem gerði áætlun um brúna á Lagarfljóti, yrði fenginn til þess einnig að taka að sér framkvæmd þess verks.

Eg er þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir undirtektir hennar undir till. stjórnarinnar um fjárframlög til flutningsbrauta og þjóðvega og fjallvega, en þó vil eg gjarnan mæla með því, að tölul. 44 verði samþ., með sérstöku tilliti til þess, sem ekki var hægt, þegar upphæðin var til tekin í frv., að leggja þarf veg frá Borgarnesi upp Borgarfjörð, og skal eg því leyfa mér að leggja það til, að veittar verði 60000 fyrra árið, en 50000 seinna árið, eins og í frumv. stendur.

Hvað 43. liðinn snertir, þá get eg ekki felt mig við, að Húnavatnssýsla taki undir sig alt, sem til flutningsbrauta verður veitt á næstu árum; því að það var meiningin að varið yrði í ár álíka upphæð til að fullgera veginn milli Akureyrar og Grundar, eins og lögð var til að byrja á honum í hittedfyrra. Sá vegur getur ekki komið að neinum verulegum notum meðan hann er ekki lengri, og ber því nauðsyn til að ljúka við hann í ár, og gætu þá Húnvetningar fengið sinn skerf síðara árið.

Við till. 45 hefi eg ekkert fróðara að athuga. Eg er samþykkur h. framsögum. (J. J.; 2. þm. Eyf.) um að 46. tl. sé saklaus, að því leyti, sem það er engin hætta á að hann verði brúkaður, því að sýslubúar í Kjósar- og Gullbringusýslu geti lagt fram 20000 kr. árið 1900 eru næsta lítil líkindi til,

sýsluvegasjóður getur það ekki, því að hann er nýbúinn að taka lán úr landssjóði, sem hann varla getur risið undir. Það er stór þörf á þessum vegi, sem brtill. ræðir um, en þar sem sýslan ekki getur lagt neitt fram sjálf til hans þá virðist mér landssjóður ekki eiga að leggja fram fé í þessu skyni.

47. tölul., um styrk til Borgarfjarðarsýslu til vegalagningar, er samskonar og Snæfellsness- og Strandasýslum hefir verið veittur í núgildandi fjárlögum og virðist því sanngjarnt að veita hann.

Viðvíkjandi styrkveitingum til gufubátanna hefi eg ekki mikið að segja. Eg hefi litla trú á gufubátaferðum til Hallgeirseyjar og Holtsvara, sem eg ímynda mér að séu undir Eyjafjöllum; á hvorugum staðnum er höfn, og lending svo ill, að ekki verður lent þar nema í dauðum sjó; en að sjá það fyrirfram, áður en farið er á stað frá Eyrarbakka, hvort láðeyða sé undir Eyjafjöllum, ætla eg að ekki sé auðvelt, og þó mun það vera eina skilyrðið fyrir að ákveðnar gufubátaferðir takist upp til þessara staða, þó ekki sé nema tvisvar á sumri.

Þegar eg las breyt.till. h. fjárl.n. var eg henni samþ. um það með sjálfum mér, að strika út þetta 2500 kr. tillag til gufubátaferða á Breiðafirði, því að bæði hafa þær lítið gagn gert, enda er flutningsþörfin sýnilega ekki mikil; það eina, sem teljandi er að sent hafi verið með bátnum héðan, er fyrir landssjóð, þegar brýr og annar efniviður hefir verið sendur vestur þangað, og hafna á milli á Breiðafirði hefir flutningurinn verið mjög lítill, eftir því sem mér er sagt. Eg held því að réttast sé að fella þessa fjárveiting burtu. Að fá sérstakan bát á Breiðafjörð fyrir álíka styrk, eða þó nokkuð meiri sé, hygg eg að ekki verði mögulegt, þegar svo lítið er í aðra hönd fyrir flutning.

Um fjárveiting þá, sem ræðir um í 57. og 58. tölul., get eg verið h. fjárlaganefnd samþykkur; eg get ímyndað mér að gera megi við lendinguna í Þorlákshöfn fyrir þetta fé, sem til er tekið, en eg hef minni trú á, að gert verði við höfnina á Stokkseyri nokkuð verulega, fyrir það fé, sem til þess er ætlað.

Að öðru leyti virðist mér óheppilegt, að binda fjárveitinguna því skilyrði, að verkfræðingur telji verkið vel af hendi leyst, því að eg hygg, að hann eigi ekki gott með að dæma um það, þegar að eins er um endurbót að ræða, nema hún sé gjörð eftir hans ráði eða fyrirsögn; öðru máli væri að gegna, ef um fullkomna, góða höfn væri að tala, ef innsiglingin yrði gerð hrein með því að sprengja sundur brimgarðinn o. s. frv.; en með þessu skilyrði tel eg óvíst, að sýslunefndin vilji leggja fé til fyrirtækisins, þegar hún á það ekki víst, að fá landssjóðsstyrkinn útborgaðan, að loknu verkinu.

Sighvatur Árnason: Út af því, sem hæstv. lh. sagði, vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, sem stendur í 38. tl. viðvíkjandi brt. h. fjárlaganefndar á þingskjali 253, þar sem hún fer fram á það, að veittur sé 600 kr. styrkur hvort árið til póstvagnferða austur að Árbæ í Holtum, að sá galli er á því, að ekki getur átt við enn sem komið er að hafa endastöðina í Árbæ, því hinn nýlagði vegur liggur ekki þangað, heldur rakleiðis að Ægisíðuvaði á Rangá og því á betur við, eins og hæstv. lh. tók fram, að ákveða þessar vagnferðir að Ægisíðu. Hinn nýgerði póstvegur er nú þegar kominn austur að Rauðalæk og þaðan er nýlagður vegur, á sýsluvegasjóðskostnað, að Ægisíðuvaði, en frá Rauðalæk að Árbæ er ólagður vegur og verður ekki lagður, nema því að eins að Rangá sé brúuð hjá Árbæ.

Eg vil geta þess, að eg hefi átt tal við Thomsen kaupmann um þetta efni út af tilboði hans að taka þessar ferðir að sér. Hann vill ekki ganga að þessu eins löguðu og h. fjárlaganefnd leggur til, en eg vil þá taka það fram, að ekki er ólíklegt, að póststjórnin geti samið um þetta við hann eða aðra þegar til kæmi. Thomsen stingur upp á því að tillagið úr landssjóði sé minkað eða sé miklu minna en fjárlaganefndin leggur til, en vill aftur á móti bæta við öðru skilyrði, nefnil. því skilyrði, að hann hafi nokkurn ágóða af tekjum póstferðanna. Mér finst að þessar vagnferðir gætu orðið til hagræðis bæði fyrir Árness- og Rangárvallasýslu. Ef Thomsen eða annar gengi inn á að taka þessar ferðir að sér fyrir lítið tillag, sérstaklega ef hann vildi taka þær að sér austur að Odda, þá gæti þetta orðið til þess að aðalpóstferðir á þessu svæði og á þessum tíma, sem til er tekinn, gætu fallið úr sögunni. En Thomsen vill sem sagt ekki ganga að tillögum fjárlaganefndarinnar.

Eg held að þetta væri nauðsynlegt og gæti orðið til þess að minka kostnaðinn við póstflutningana, og í annan stað til þess að koma mönnum á lagið með brúkun vagna á hinum nýlögðu vegum. Þó að bæði Árnessýsla og Rangárvallasýsla séu ekki langt frá Reykjavík, þá er því þó svo háttað, að við fáum engin póstbréf né póstsendingar nema á mánaðarmótum.

Ef þetta gæti komist til samkomulags við einhvern, þá gæti það orðið til mikils gagns og jafnvel sparað póstsjóðnum mikið fé.

Yfir höfuð mæli eg fram með því, að þetta mál geti komist í gott horf og fengið góðan byr.

Þá vil eg minnast á breyt.till. undir tölulið 51 í sambandi við breyt.till. við 54. tölul. Mér þykir gott, að h. framsögum. (J. J., 2. þm. Eyf.) lýsti því yfir, að fjárlaganefndin væri þessari br.-till. hlynt (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Nei) jú, að minsta kosti h. framsögum. fyrir sitt leyti.

Eg vil taka það fram, gagnvart orðum hæstv. landsh., sem hélt því fram, að þessar ferðir yrðu ekki styrktar með fé úr landssjóði, vegna þess, hve brimasamt er á hinu umgetna svæði, — að hér er nú þegar komin reynsla fyrir því, að þessar ferðir geti tekist vel. Það eru nú þegar 6 ár síðan farið var að fá gufubáta að þessum stöðum, Hallgeirsey og Holtsós, og eg vil taka það fram, að þessar ferðir hafa hepnast ágætlega. Það er því reynt, að það er mögulegt að hafa gagn af gufubát á alla þessa staði. En þessir umgetnu staðir geta ekki haft not af Faxaflóagufubátnum, því hann er of fjarri héðan frá Reykjavík til að taka leiði að sandinum; en bátur frá Eyrarbakka getur tekið leiði að morgni og náð á þessa staði sama daginn. Á síðasta þingi var sá styrkur, sem veittur var (7500 kr.) til gufubáta á Faxaflóa og með suðurströnd landsins, sameinaður til gufubátsins á Faxaflóa, sem þannig alveg spilti fyrir eða útilokaði afnotin fyrir Rangársandi. En aftur á móti hefir sýslusjóður Rangárvallasýslu kostað 2 gufubátsferðir á hinum 2 síðastliðnu árum, til hinna umgetnu staða. En nú vilja sýslubúar mælast til, að þeim sé veittur styrkur úr landssjóði til þessa fyrirtækis, einkum þar sem byrjað var að veita styrk til þessa á fjárhagstímabilinu þar á undan. Eg vonast því til, að þingið taki vel í þessa breyt.till. með því að greina styrkinn enn á ný, eins og hún fer fram á.

Hvað snertir breyt.till. á þskj. 220 við 51. tölulið, þá fer hún fram á að

veita 200 kr. meiri styrk til gufubátsferða í sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, til þess að skerða eigi styrk Faxaflóagufubátsins, þó breyt.till. við 54. tl. komist að, og leggja þessar 200 kr. til gufubátsins með suðurströndinni (milli Eyrarbakka og Holtsvara). Eg vona, að þingið skilji þetta, og að þetta fái fram að ganga. Það getur ekki verið tilætlun þingsins, að láta þetta svæði fara varhluta af gufubátsferðum, en ef svo færi, yrði það ef til vill mest að kenna ókunnugleika h. þm. í þessu efni. Eg vona því, að þingið vilji samþykkja þennan 200 kr. styrk, sem og taka athugas. með, því hann gæti þá komið að verulegum notum á því svæði, sem hér er um að ræða.

Klemens Jónsson, Eg á hér nokkrar breyt.till., sem eg ætla að tala um. Sömuleiðis ætla eg að minnast á nokkr ar aðrar breyt.till., sem aðrir hafa komið fram með. Eg vil þá fyrst minnast á breyt.till. á 23., 24. og 25. tölululið á atkv.skránni. Þessar breyt.till. ganga út á eitt og hið sama, eru allar um styrkveitingu til Guðm. læknis Hannessonar á Akureyri. Það er alkunnugt, að það er afarmikil aðsókn að þessum lækni, eigi að eins úr hans eigin læknisumdæmi, heldur einnig úr öðrum héruðum, sem eru lengra frá. Hann er talinn mjög góður læknir, en einkum þykir hann mjög heppinn »operatör« og gerir hann á hverju ári ótal »operationir«, en það liggur í augum uppi, að þegar hann hefir gert einhverjar »operationir«, einkum séu það meiri háttar skurðir, þá má hann ekki fara frá sjúklingunum strax á eftir. En á hinn bóginn er hann skyldugur sem embættis- og héraðslæknir til að vitja sjúklinga í sínu umdæmi lengra að, þegar hans er vitjað. En þó umdæmið sé ekki mjög stórt, þá getur hann verið lengi í burtu. Úr þeim sveitum, sem eru lengst að, getur hann ekki verið skemur en 12—16 tíma um hásumartímann, að eg ekki tali um vetrartímann, því þá hlýtur hann að vera miklu lengur burtu. Það getur því hæglega komið fyrir og hefir það líka, að hann geti eigi gegnt sjúklingum í sínu eigin héraði, þegar hans hefir verið vitjað, og það kanske einmitt vegna operationa, sem hann hefir gert á utanhéraðsmönnum. Þetta þykir héraðsbúum eðlilega hart, en hins vegar mundi það án efa þykja hart, ef hann eigi sinti utanhéraðsmönnum, er leituðu hans, og gæti þó hjálpað þeim.

Það hefir komið til tals að skipa sérstakan lækni við spítalann. Fjárlaganefndin hefir eigi getað aðhylst það, en hún virðist samt telja þetta nauðsynlegt, að Guðm. læknir geti fengið aðstoðarlækni. En eg hygg, að 800 kr. á ári sé eigi nægilegt til þess að fá hæfan aðstoðarlækni. Eg ímynda mér að eigi sé unt að fá kandidat fyrir minni laun en aukalæknar, jafnvel eigi unt fyrir 1000 kr., eins og eg fer fram á. Það kynni að þykja sem þessi staða sé aðgengileg, en það getur verið spursmál um, hvort sami maður, sem tekur aðstoðarlæknisembættið að sér, ekki geti fengið á sig meira álit sem aukalæknir, og eigi greiðari aðgang að héraðslæknisembætti á eftir. Eg ímynda mér að örðugt yrði að fá kandidat fyrir svo lítið fé. En þó verð eg fremur að aðhyllast tillögu h. fjárlaganefndar, en breyt.till. h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) á þingskj. 257, sem fer fram á að veita einungis 300 kr. á ári gegn því að spítalinn leggi til jafnmikla upphæð. Mér er það öldungis óskiljanlegt, hvernig hann hefir getað komið með aðra eins tillögu, einkanlega, þar sem hann sjálfur er læknir. Með þessu gerði hann tilraun til að fella málið alveg. Spítalinn er fátækur og hann er alls ekki

fær um að leggja til 300 kr. á ári. H. þm. er læknir, og má því ætla, að hans tillögur hafi, hvað þetta mál snertir, meira að segja, en það sem við hinir berum fram, en eg verð þó að treysta því, að deildin fylgi hinum í þessu, og vil leyfa mér að skora á h. þm. að taka þessa breyt.till. aftur, og eg vona að hann geri það, því eg skil alls ekki í því, að hann vilji eyðileggja þetta mál.

Eg vil annars geta þess, að það liggja fyrir skýrslur um læknisstörf Guðm, læknis Hannessonar, en af því að þessar skýrslur bárust mér því miður fyrst alveg nýlega í hendur, og því má ætla, að þingmenn hafi eigi átt kost á að kynnast þeim, vil eg leyfa mér að taka að nokkru leyti fram innihald þeirra. Af þeim sést, að í þau 2½ ár, sem hann hefir verið læknir á Akureyri, til nýárs 1899, hefir hann gert 162 »operationir«, þar af 31 holskurðir; á sama tíma hafa legið á spítalanum alls 258 sjúklingar. Það virðist því fylsta ástæða til þess að veita styrkinn, sem eg hefi farið fram á, og hann getur ekki verið minni en 1000 kr, ef hann á að koma að nokkru gagni.

Einnig fer brtill. á þingskj. 240, 31. tölul. á atkv.skránni, fram á að veita 2000 kr. styrk til útbúnings og áhalda handa spítalanum á Akureyri á þessu fjárhagstímabili og enn fremur að fá hinn árlega styrk hækkaðan úr 400 kr. upp í 1000 kr. Fjárlaganefndin hefir eigi getað tekið tillit til þessa, líklega helzt vegna þess, að skýrsla sú, er eg gat um viðvíkjandi spítalanum, kom svo seint. Finst mér því ekki ástæða til að saka hana um það að þessu sinni, en vona að hún kynni sér síðar málið og taki þá vel í það, og leggi þá með þessari sanngjörnu beiðni.

1897 var farið fram á 10,000 kr. styrk til að byggja spítalann á Akureyri, en þá voru að eins veittar 5000 kr. Það er vitanlega allríflegt, en spítalinn hefir kostað 25,000 kr. í stað þess, að upphafiega var svo tilætlast, að hann kostaði 19,000 kr. og við þá upphæð var fjárveitingin á síðasta þingi miðuð. Þessi mismunur stafar að nokkru leyti frá því, að í fyrstu var tilætlunin að hita spítalann upp á venjulegan hátt með ofnum, en síðan var ráðist í að fá »central« upphitun.

Þegar nú það er aðgætt, að Seyðisfjarðarspítalinn kostaði ekki meira en 15,000 kr. og að honum er ætlaður 5000 kr. styrkur, eða jafnmikill og spítala, sem kostar 25,000 kr., þá verður því eigi neitað, að hér virðist nokkuð ójafnt skift.

Akureyrarspítalinn er í fjárþröng, og verður þó ekki annað sagt, en að nærliggjandi sýslur og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar hafi veitt ríflegan styrk, þar sem Akureyrarkaupstaður lagði til 2000 kr., Eyjafjarðars. 2000 kr., Suðurþingeyjarsýsla 1200 kr., Norðurþingeyjarsýsla 300 kr., og þess utan rífleg upphæð úr jafnaðarsjóði Norðuramtsins.

Það er örðugt fyrir spítalann að standast kostnaðinn, meðan hann er svo nýr, því það er alveg nauðsynlegt, að kaupa margskonar ný áhöld, en þau eru afar dýr og ofurefli fyrir spítalann, svo eg vona fastlega að styrkurinn fáist.

Eg vil geta þess, að verðið fyrir sjúklingana á spítalanum er talsvert lægra heldur en á öðrum spítölum, t. d. á spítalanum á Ísafirði, en það er gert til þess að gera sjúklingunum hægra fyrir að nota spítalann, og ætti þetta ekki að verða til þess að fæla menn frá að vera þessum styrk meðmælta, heldur hið gagnstæða.

Eg vil að endingu taka það fram,

að það hefir oft verið látið klingja, að við þm. Eyf. værum kröfuharðir í garð landssjóðs. En hvað þessa fjárbeiðni snertir, þá vil eg taka það fram, að spítalinn er ekki að eins notaður af Eyfirðingum, nei, síður en svo; hann er einnig og það til muna notaður af Húnvetningum, Skagfirðingum, Þingeyingum, Múlasýslungum og jafnvel af mönnum úr Sunnlendingafjórðungi. Spítalinn gæti því með fullum rétti kallast amtsspítali fremur en sýslu- og bæjarspítali.

Eg verð þess vegna að endurtaka þá ósk mína og von, að landssjóður verði látinn leggja til 2000 kr. og að 400kr. árs. styrkurinn verði hækkaður upp í 1000 kr. Hlutfallið milli Akureyrarspítalans og Seyðisfjarðarspítalans yrði þá þannig, að spítalinn á Seyðisfirði, sem kostaði 15,000 kr. fengi 5000 kr., en spítalinn á Akureyri, sem kostaði 25,000 kr., fengi 7000 kr., og fær þá Seyðisfjarðarspítalinn hlutfallslega meiri styrk, sem eg ekki skal telja eftir.

Eg á svo ekki fleiri brtill. Viðvíkjandi brtill. frá h. þm. N.-Múl. (E. J.) við tl. 37, þá vil eg geta þess, að eg er eindregið með þeirri brtill. Það er að vísu satt, að strandferðir eru nógar og góðar um sumartímann, en þær gagna harla lítið á veturna, en einmitt skip Otto Wathnes sáluga ganga til Austur- og Norðurlandsins allan veturinn, mönnum til stórgagns; þar við bætist, að félagið, sem nú á skipin, er áreiðanlegt, og að skipin halda prýðilega áætlun, að skipstjórar eru duglegir menn, sem eigi hræðast, þó þeir sjái ísbroða á leiðinni.

Hæstv. lh. hafði það á móti þessari brtill., að það væru að eins tveir landsfjórðungar, sem hefðu gagn af þessari fjárveitingu. Þetta er að vísu satt, en eg vil aftur á móti benda á það, að það eru veittar 10,000 kr. til gufubátsferða fyrir Suðurlandi og Vesturlandi, og hafa þó þessir fjórðungar öll hin sömu not af skipum hins sameinaða félags og hinir fjórðungarnir, og miklu meiri, eins og kunnugt er. Eg held því að þessi fjárveiting komi ekki ójafnt niður á þessum tveimur fyrstnefndu fjórðungum.

Í sambandi við þetta mál vil eg minnast á brtill. frá h. þm. Vestm. (V. G.), tl. 50 á atkv.skránni, um styrk til Thor E. Tulinius til póstflutninga. Eg gæti í sjálfu sér aðhylst þessa brtill., en vil um leið taka það fram, að skip þessa manns munu þykja ekki góð né fljót í förum og ferðaætlanir þeirra eigi allskostar áreiðanlegar, svo stórum meiri ástæða virðist til að styrkja Wathnes félag.

Viðvíkjandi brtill. frá h. þm. Húnv. (B. S.) á 43. tl. á atkv.skránni um að verja öllu því fé, sem ætlað er til akbrauta hvort árið, til flutningabrauta í Húnavatnssýslu, þá virðist það æði frekt. Mér finst vera nóg að til þess sé veitt t. a. m. öll þessi fjárupphæð annað árið, þó það sé ekki einnig hitt árið og að hann geti verið ánægður með það, og það er að sjá svo á athugasemdum við frv. að til þess sé einnig ætlast. Eg get því eigi skilið að h. þm. sé alvara með þessa brtill.

Umræðurnar eru orðnar svo langar, að þær yrðu oflangar, ef allir h. þm. ætluðu að tala um allar brtill. Eg vil því eigi minnast á fleiri, en verð þó að endingu að drepa á tl. 59, sem er brtill. fjárlaganefndarinnar við 12. gr. frv. D., um að aths. falli burt, þar sem um ritsímann er að ræða. Eg verð eindregið að leggja á móti þessari br. till., og eg get eigi séð betur, en að hún sé að eins sett fram í því skyni að girða fyrir það, að Norður- og Austurland komist í ritsímasamband við útlönd. Það er óskiljanleg hreppapóli-

tík, sem komið hefir fram hjá ýmsum h. þm., óskiljanleg af því, að Suðurland og höfuðstaðurinn kemst alveg eins í samband við útlönd, þótt sæsíminn sé lagður á land við Austurland. En hinsvegar er það víst, að Norður- og Austurland kemst eigi í sambandið fyr en einhvern tíma seint og síðar meir, ef síminn verður lagður hér á land. Eg hefi fulla ástæðu til að halda, að þessi brtill. fjárlaganefndarinnar verði feld, og það því fremur, sem það mun að eins vera meiri hluti nefndar innar sem heldur þessu fram.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir verið venja hér áður að lýsa ánægju sinni eða óánægju yfir gjörðum fjárlaganefndarinnar. Það er nú reyndar kannske þýðingarlítið, en má þó líka gjöra á hverju stigi málsins sem er. Fyrir mitt leyti verð eg að álíta, að nefndin hafi farið mjög varlega í sakirnar í flestu þar sem það er vitanlega oft mikill vandi úr að skera, hvað til greina skuli taka og hverju hafna af þeim málaleitunum, sem til hennar koma. Nefndin hefir meðal annars minst á spítalann í Laugarnesi og getið þess, að henni virtust tillögin til hans nokkuð há, og verð eg að vera því samdóma, eftir því sem stendur í stjórnarfrumvarpinu. En slíkt verður auðvitað að vera meira og minna ágizkun út í bláinn fyrir menn, sem eru fjarverandi, og það eru líklega fáir þingmenn, sem hafa átt kost á að kynna sér þetta mál, nema hvað fjárlaganefndin hefir að sjálfsögðu kynt sér það svo sem föng voru á, og fengið allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi voru, af þeirri stuttu reynslu sem fengin er síðan að spítalinn tók til starfa. Það var þegar í upphafi búist við því, að stofnun þessi mundi verða dýr, en það er áríðandi, að hún ekki verði dýrari en nauðsynlegt er. Það er hér eins og annarstaðar mikið undir því komið, að umboðsvaldið hafi gott eftirlit sérstaklega stjórnarnefndin, og svo að ráðsmaðurinn sé hagsýnn og séður í kaupum fyrir spítalann og sömuleiðis það, að hann hafi t. d. ekki ofmargt verkafólk. Það var hér við framhald 1. umr. farið út í mörg einstök atriði t. d. af h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), en eg ætla mér ekki að fara út í þau atriði öll. Hann mintist meðal annars á veitingu ráðsmannsstarfans, en það getur oft verið vandasamt fyrir landsstjórnina að skera úr í slíkum tilfellum, ef margir sækja, hver hæfastur sé. Hann mintist líka á mjólkurkaupin til spítalans, en eg verð nú að segja fyrir mig, að mér er ölduugis sama hvort mjólkin er keypt úr Viðey eða ekki, að eins að hún sé ekki of dýr, eða keypt dýrara en óumflýjanlegt er. Eg legg alls enga áherzlu á hvaðan hún er keypt, en það hefir flogið fyrir, að menn hafi selt spítalanum mjólk og fært hana þangað heim og ekki fengið nema 16 aura fyrir pottinn, aftur á móti hafi annar viðskiftamaður spítalans fengið 18 aura fyrir pottinn. Eg skal ekki segja um sönnur á því, en þetta hefir heyrst. Væri þetta nú satt, er það ekki gott, því ferða eða flutningskostnað borgar hér enginn sem mjólk kaupir. Það er ekki neitt um það að segja, hvort ráðsmaðurinn kaupir af tengdaföður sínum eða ekki, að eins að allir sem selja, fái jafna borgun. Þá hefir nefndin minst á þessa stóru upphæð til eldiviðarkaupa. Eg verð að taka það fram aftur, að mér finst sumt nokkuð hátt áætlað á stjórnarfrumvarpinu, en einkum er eg þó samdóma nefndinni um að þessi upphæð sé mjög há. Hæstv. landsh. gat ýmsra útgjaldaliða og þar á meðal þessa, og tók fram, að kol gætu verið mjög mismunandi dýr, en

eg vil gjöra ráð fyrir, að ráðsmaðurinn sé praktiskur, og ímynda mér, að hann gæti fengið þau nokkru ódýrari á þann hátt, að þau væru pöntuð í einu lagi, og að skipið, sem flytti þau, legðist rétt framundan Laugarnesi.

Þá virðist mér líka útgjöldin til húsbúnaðar og áhalda nokkuð mikil. — Fyrst voru þau upphaflega 1600 kr., og nú farið fram á 600 kr. í viðbót. Eg hefði nú ímyndað mér, að úr því að það var svona dýrt upphaflega, þá gæti maður búizt við, að það væri þeim mun varanlegra, svo að ekki væri ástæða til að ætla, að það gengi mikið úr sér á svona stuttum tíma. Það er að vísu ekki nema eðlilegt, að glervarningur gangi nokkuð úr sér, en að viðhaldið þurfi að kosta svona mikið, álít eg ekki sennilegt.

Starfsfólk við spítalann álít eg líka nokkuð margt, og er áríðandi að þjónar úti við hafi nóg að starfa, því eg gjöri ráð fyrir, að hjúkrunarfólk eða þjónar innan húss hafi hver sín vissu ákveðnu störf.

Mér þótti sömuleiðis nokkuð há áætlunin til hestafóðurs, en hæstv. landsh. hefir skýrt það með því, að yfirhjúkrunarkonan sé ráðin með þeim skilmála, að hafa hestfóður, að nauðsynlegt sé að hafa t. d. tvo vagnhesta í standi, en eg skoða þá upphæð samt of háa, þar sem margt má flytja sjóveg. — Enn fremur þykir mér hin óvissu útgjöld nokkuð há og ýmsar aðrar upphæðir til spítalans, en hæstv. landsh. hefir gjört grein fyrir ýmsum föstum gjöldum, sem séu innifalin í hinum óvissu útgjöldum, t. d. lóðargjaldi o. s. frv., og skal eg því ekki fjölyrða um það meira.

Þá er hér undir tölul. 46 á atkvæðaskránni, breyt.till. frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) um að veita styrk til sýsluvegar alt að 20,000 kr. Þó eg sé í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá get eg ekki verið með þessari fjárveitingu. — Mér þætti sjálfsagt gaman að fara eftir veginum, þegar hann væri kominn á, einkum ef eg mætti verða h. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.) samferða, því alt af er hann skemtilegur, en þangað til get eg ekki verið honum samferða. En án gamans, þá held eg að sýslunni verði ofvaxið að leggja nú fram 10 þús. kr., og yrði þá sjálfsagt að taka nýtt lán ofan á hin gömlu, svo að þó að þingið vildi veita þetta fé, þá er varla gerandi ráð fyrir, að sýslan gæti lagt sitt fram, og ekki einu sinni, að hún fengi lánið. Eg skal að vísu játa það, að hér er þörf á vegi, en þó er líklega víða annarsstaðar brýnni þörf fyrir veg. — Þessi vegur liggur nærri sjó, og sjórinn er aðal-flutningabraut manna á þessu svæði, og yrði vegurinn því aðallega fyrir gangandi menn og nokkra ríðandi menn. Svo hygg eg líka, að ekki mundi búið með þessu, heldur þyrfti þá meira fé til þess að leggja veginn lengra suður eftir, t. d. suður undir Vogastapa, og mun hann þá allur áætlaður að kosta um 80,000 krónur, og svo kemur nú viðvarandi skattur hér sem annarsstaðar, viðhaldið á veginum. Það mælir raunar sumt með þessari vegalagnigu, t. d. það, að það veitti nokkra atvinnu, en bjargaði líklega ekki mikið til frambúðar.

Eg get því ekki verið með þessari tillögu, enda þótt eg virði h. þm. G.K. (Þ. Th) fyrir, að hafa komið fram með hana.

Þá hefir meiri hluti fjárlaganefndarinnar lagt til, að athugasemdin við 12. gr. D. falli burtu, og eg verð að vera meiri hlutanum samdóma um, að veita ekki þessa upphæð að svo stöddu. — Eg efast að vísu ekki um, að fyrirtækið í heild sinni sé landinu til gagns, en kostnaðurinn vex mér í augum, og

greiði eg því atkvæði með meiri hluta nefndarinnar, enda þótt eg ekki mundi vera þessu mótfallinn, þegar eg sæi að fyrirtækið væri svo langt á veg komið að fyrirsjáanlegt væri, að það gengi fram.

Þórður Thoroddsen: Af því að eg á hér fáeinar breyt.till., þá ætla eg að fara um þær fáeinum orðum. Það er þá fyrst undir tölul. 23. á atkvæðaskránni við breyt.till. nefndarinnar viðvíkjandi styrk til Guðm. Hannessonar. Eg kannast fullkomlega við, að því fé er vel varið, sem að varið er í þessu augnamiði, og get að því leyti tekið undir með h. framsm. (J. J., þm. Eyf.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), en eg get ekki verið þeim samdóma, hvorki um það princip, sem kemur fram í tillögum þeirra, og heldur ekki um það, að upphæðin nauðsynlega þurfi að vera annaðhvort 800 eða 1000 kr. Þegar þess er gætt, að hér er farið fram á nokkuð alveg nýtt, sem aldrei hefir komið fyrir áður, nefnilega, að launa aðstoðarlækni við spítala, þá verður fyrst og fremst að gæta að því, hvaða eftirköst það muni veita, og svo það, hvaða reglu fylgja skal. Nú eru ekki fleiri en 3 spitalar á landinu, en ekki er ólíklegt, að þeim fjölgi, og ef byrjað er á, að veita fé til aðstoðarlæknis við einn þeirra, þá er líklegt, að á endanum fari svo, að það þurfi að launa aðstoðarlækni við þá alla. Það getur alt af komið fyrir, og kemur líklega oftast fyrir, að spítalalæknirinn sé um leið héraðslæknir, og héraðslæknar, sérstaklega í mannmörgum eða víðlendum héruðum, geta ekki sint spítala svo í lagi fari án þess þá að vanrækja héraðsbúa. — Þegar því að gáð er fram í tímann, þá er áríðandi, að launin séu ekki nú í fyrstu sett óþarflega há, svo að landssjóði verði slíkt ekki óbærileg byrði í framtíðinni. Okkur hefir hingað til ekki þótt neitt að því, að »dependera« af þeim dönsku, og því virðist ekki ástæða til að þykja það fremur í þessu efni. I Danmörku er það vanalega svo, að kandídatar, sem verða aðstoðarlæknar við spítala, fá 50 kr. á mánuði eða 600 kr. um árið og ókeypis húsnæði, og er mikil eftirsókn eftir þessari stöðu, ekki vegna launanna, heldur vegna þeirrar æfingar, sem menn fá í slíkri stöðu. Þessir kandídatar hafa enga praxis. — Mér virðist því launin hæfilega metin 600 kr. eins og í Danmörku, og einkum vegna þess, að aðstoðarlæknir við spítala hér á landi mundi fá nokkra praxis, eins og tekið hefir verið fram, bæði á sjálfri Akureyri, og eins mundi hann oft fara ferðir fyrir héraðslæknirinn, sem hann þá fengi borgun fyrir. Eitt er það líka enn, sem mælir með því, að launin séu ekki sett hærra, og það er, að eg hefi heyrt, að Guðmundur Hannesson taki borgun fyrir hverja operation, sem hann gjörir, og eftir þeim fjölda af operationum, sem upplýst er, að hann hafi gjört, þá hlýtur það að vera talsvert fé, sem að hann þannig fær; (*Klemens Jónsson*: Gefur líka mörgum) af því mundi aðstoðarlæknir líka fá nokkuð. Mér finst, að þingið ætti þegar í byrjun að taka þá reglu, að hafa laun slíkra aðstoðarlækna ekki hærri en 600 kr. Líka finst mér, að þingið eigi að taka annað princip í þessu efni, sem sé, að veita að eins styrk úr landssjóði til svona aðstoðarlækna, en heimta, að annaðhvort spítalinn sjálfur eða hlutaðeigandi bæjarfélag léti hitt af hendi rakna. Væri þá ekkert eðlilegra, en að sjúklingarnir sjálfir tækju þátt í þeim auka-kostnaði. Væri nú tillagið, eins og hér er farið fram á, 300 krónur, og væri sjúklingafjöldinn á spítalanum þannig, að spítalinn væri hér um bil hálfur alt árið, þá mundi nú daglegur kostnaður fyrir

hverr aukast um 10 aura, en nú mun hann, eftir því sem mér er kunnugast, vera 1 kr. á dag. Ef menn eru mér samdóma um að taka upp þessa reglu, þá skal eg ekki vera fastur á því, að tillagið úr landssjóði skuli einmitt vera ákveðið 300 kr., eg skyldi vera með því, að það væri 400 kr. eða jafnvel meira. En aðal-tilgangur minn með þessari breytingartillögu var sá, að fá að vita, hvort þingið ekki vildi aðhyllast þetta princip, sem liggur til grundvallar hér. Það má engan veginn skilja mig svo, sem eg vilji á nokkurn hátt draga úr því, að Guðm. Hannessyni sé veittur svona lagaður fjárstyrkur, þvert á móti, eg álít hann þess vel maklegan.

Það hefði kanske verið spursmál um, hvort ekki hefði verið rétt, að veita þenna styrk undir öðru formi, til þess að gefa ekki öðrum spítölum undir fótinn; það hefði verið réttara, ef til vill, t. d. að hækka þegjandi laun þessa læknis, sem sérstaka viðbót við hann, sem þá félli burt, ef að hann færi frá spítalanum. Gæti hann þá ráðið sér aðstoðarlækni, eða gjört við það, hvað sem hann vildi.

Þá á eg hér aðra breyt.till. undir tölul. 32 á atkvæðaskrá, um styrk til utanfarar héraðslækna. Þetta er, eins og menn muna, gamall kunningi frá síðasta þingi, og er eg þakklátur háttv. framsögum. (J. J, þm. Eyf.) fyrir undirtektir hans. En það, sem að mér nú gengur til að koma fram með þessa breyt.till., er það, að nú er í Kaupmannahöfn stofnaður sérstakur kursus fyrir héraðslækna og aðra lækna, sem búnir eru nokkra stund að praktisera, bæði til þess, að þeir geti rifjað upp fyrir sér það sem þeir áður hafa lært, og líka til þess að fræða þá um hinar nýustu uppgötvanirnar í læknisfræðinni. Eg gat þess 1897, að svo væri það í Noregi, og nú er einmitt sama komið á í Danmörku. Þar er veittur styrkur af ríkisþinginu til þess að héraðslæknar utan af landinu geti notað þennan sérstaka kursus. Eg vildi að slíkt gæti einnig komizt hér á, og álít talsverða bót, þó ekki færi nema einn læknir á ári, og eg er viss um, að sá styrkur yrði notaður. Mætti líka tryggja sér það, að styrkur þessi væri notaður á tilætlaðan hátt, með því, t. d. að viðkomandi læknir fengi vottorð um, að hann hefði notað þennan kursus, og sem hann skyldi svo afhenda landsstjórninni. Ef álitið er nauðsynlegt að styrkja ýmsa iðnaðarmenn til utanfarar, t. d. trésmiði og járnsmiði, hví skyldi þá þörfin vera síður fyrir mannasmiði. Hæstv. landsh. sagði, að læknafæðin væri svo mikil, að ekki mundi auðvelt fyrir héraðslækninn, að fá mann í sinn stað, svo að vandræði gætu orðið úr, en eg get nú talað dálítið af reynslu í því efni, þar sem eg hefi nú setið á 3 þingum og dvalið 1 vetur erlendis, og er svo langt frá, að eg hafi komist í vandræði með að fá hæfan mann að gegna embættinu í minn stað, að nú síðast buðust mér 3; eru þau ummæli naumast á rökum bygð. Ef héraðið er gott og líkindi fyrir góða praxis, þá sækjast kandídatar eftir að komast í þau.

Þá er það enn ein till. sem eg á hér undir tölul. 46 á atkvæðaskrá, og fekk hún ekki mikinn byr hjá hæstv. landsh. og heldur ekki hjá h. 2. þingm. Árn. (Þorl. G.). Mál þetta hefir verið til meðferðar í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu; eg man ekki nákvæmlega hvort hinn háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), sem er sýslunefndarmaður, var mjög móthverfur því, þegar það var til umræðu, en mig minnir þó, að hann hafi

ekki verið það, og undrar mig því, hve illa hann tekur í það nú. Það liggja sérstök drög til þess, að beiðni þessi er framkomin. Það hefir áður verið tekið fram hér í deildinni, að sumir hreppar þessarar sýslu væru illa staddir, og það er satt. Tíðarfarið er þar mjög óskyggilegt, og það hefir enda til sýslunefndarinnar komið fram beiðni um hallærislán úr ekki færri en 4 hreppum sýslunnar. Sýslunefndin sér sér ekki fært að hjálpa, og því var það, að hún leitaði til þingsins um hjálp. — Liggur hér frammi á lestrarsalnum beiðni frá sýslunefndinni um styrk, og virðist mér að hér sé farin rétt leið, því það er álit manna, að ógæfa þessara hreppa stafi að miklu leyti af yfirgangi botnverpinga, og hefir fiski afli brugðist í ýmsum héruðum sýslunnar af þeim orsökum. Þessi styrkbeiðni sýslunefndarinnar er í raun og veru ekkert annað en það, að hún fer fram á, að fá einhvern lítinn hluta af sektum þeim, er runnið hafa í landssjóð frá botnverpingum. Og þó að h. fjárlaganefnd ekki sæi sér fært að taka þessa beiðni til greina, þá var þó ætlun sýslunefndarinnar, að þingið mundi varla svo harðbrjósta, að neita algjörlega um allan styrk, þar sem landssjóður hefir fengið alla þessa — eg held það sé óhætt að kalla það — blóðpeninga. — En þó nú að þingið sjái sér ekki fært að veita svona lagaðan styrk, virðist mér ekki nema sanngjarnt, að þessum hreppum yrði einhver viðurkenning sýnd og sýslunefndinni veittur einhver lítill styrkur, sem hún verði á hinn bezta hátt til þess að bæta úr bágindum manna, og eg hefi nú farið fram á, að þessi styrkur sé veittur sýslunni til vegalagningar, svo að hinir verst stöddu hreppar sýslunnar gætu fengið atvinnu á þann hátt, úr því að fiskiveiðarnar hafa svona farið.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að þörfin mundi ekki svo brýn að fá veg í sýslunni, en eg verð að vera þar á annari skoðun, því það er bæði þörf á vegi og þörf á atvinnu. Að sýslunefndin líka hafi verið á annari skoðun en hinn háttvirti þingmaður, bendir það, að samþykt hefir verið af henni, að biðja um styrk til þessa vegar, og hún hefir gengist fyrir því, að vegfræðingur hefir verið fenginn til þess að skoða vegarstæðið og gjöra áætlun um kostnað við veg á þessu svæði.

Eftir þessari áætlun mun vegur suður fyrir Vogastapa kosta um 80,000 kr. Sýslunefndin sá sér auðvitað ekki fært að taka allan þann veg fyrir, og réð því af að taka einhverja verstu kafla na og fullgjöra þá. Var ætlun hennar að taka 10,000 kr. lán til þessa, og hefir hún nú fengið samþykki amtsráðsins til þess.

Eg get ekki verið hæstv. landsh. samdóma um, að sýsluvegasjóðurinn sé hvorki fær um að taka né geti fengið 10.000 kr. lán, því eg veit, að hann er bæði fær um það, og getur fengið það. Eg verð því að álíta hættulaust þess vegna að greiða atkvæði með þessari tillögu.

Frá öðru sjónarmiði álít eg líka gott, að þessi liður sé samþyktur; það er frá sjónarmiði sparnaðarmanna, því að yrði hann samþyktur, þá yrði tekjuhallinn þeim mun meiri, og eins og vér vitum kemur það sér oft vel fyrir sparnaðarmennina að geta vitnað í mikinn tekjuhalla. Mér finst því, að allir sparnaðmenn ættu að vera tillögu þessari fylgjandi. Eg er ekki fastur á því að upphæðin, sem veitt sé, sé einmitt 20000 kr., og því er tillagan einmitt orðuð

svo: alt að 20000 kr., og eg mundi ekki taka það nærri mér, þótt upphæðin væri tiltekin töluvert lægri, en eg vil fastlega óska að eitthvað sé styrkt þessi sýsla.

Það eru þá ekki fleiri breyt.till í þessum kafla, sem mér heyra til, og skal eg ekki vera margorður um aðrar breyt.till. Þó verð eg að minnast á 26. og 29. töluliðina á atkvæðaskránni. 26. tölulíður er breyt.till. frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), og fer fram á það að hækka launin handa starfsmönnum við holdsveikrapítalann úr 4840 kr. upp í 4940 kr. Það hefir verið tekið fram, að meiningin með þessu væri sú, að laun yfirhjúkrunarkonunnar væru hækkuð úr 500 kr. upp í 600 kr. á ári. Eg skal taka það upp, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að laun yfirhjúkrunarkonunnar voru á seinasta þingi ákveðin 500 kr., beinlínis eftir tillögu dr. Beyers. Eins og kunnugt er, voru yfirhjúkrunarkonunni í áætlun Guðmundar læknis Björnssonar ætlaðar 300 kr. í árslaun, og ráðskonunni 200 kr. Dr. Beyer fann að þessu, og þótti launin of lág, sérstaklega laun yfirhjúkrunarkonunnar, sem Oddfellowar höfðu áskilið sér að mega ráða. Eftir tilmælum hans voru laun hennar sett 500 kr., og var þá ekki minst á hestfóður, svo að eg verð að álíta, að hver, sem veitt hefir þetta hestfóður, hafi verið óheimildarmaður að því. Nokkuð svipað kemur fram við 29. töluliðinn. Hæstv. landsh. kvað borgað vera lóðargjald til Reykjavíkurbæjar um 160 kr. á ári. Eg þori að fullyrða að bæði á undan þingi og þegar verið var að ræða um, hvar velja skyldi stað handa holdsveikraspítalanum, og eins undir umræðunum um spítalamálið á þingi, kom það ótvírætt fram, að Reykjavíkurbær ætlaði með fullu og öllu að gefa lóð undir spítalann, og víst hafa þá flestir aðrir en ef til vill bæjarstjórn Reykjavíkur búist við, að hann mundi afhenda lóð þessa kvaðalaust. Þetta er ef til vill ekki til skriflegt, en heyrt hefi eg þess getið, að það hafi komið fram á fundum bæjarstjórnarinnar, að hún ætlaði sér að veita ókeypis lóð undir spítalann, svo sem í þóknunarskyni fyrir það, að Reykjavíkurbær fekk að hafa spítalann svo nærri sér, og þannig njóta hagnaðarins af viðskiftum við stofnun þessa, og satt að segja held eg að sá hagnaður sé svo mikill, að bærinn hefði vel getað staðið sig við að gefa lóðargjaldið eftir. Það undraði mig því stórum að heyra, að hann heimtaði 160 kr. á ári í gjald af spítalalóðinni. Skal eg svo ekki tefja tímann lengur nú, þar sem eg býst við að h. þm. Dal. (J. P.) muni gjöra grein fyrir þeim breyt.till., sem við flytjum sameiginlega.

Einar Jónsson: Eg á hér viðauka till. undir 37. tölulið á atkvæðaskránni. Hún fer fram á það, að veittar séu 1000 kr. hvort árið á fjárhagstímabilinu til »O. Wathnes Arvingers Aktieselskab« fyrir póstflutning milli hafna á Íslandi, og milli Íslands og annara landa. Vil eg nú fara fáum orðum um þessa tillögu.

Þegar litið er á póstferðir yfir höfuð hingað til lands, kemur það brátt í ljós, að langflestar af póstgufuskipaferðunum eru beina leið hingað til Reykjavíkur. Nú í ár eru 10 af þeim 18 póstskipsferðum, sem hið sameinaða gufskipafélag hefir tekið að sér að halda uppi, farnar beina leið frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Af þessum 10 ferðum er svo 5 haldið áfram vestur til Ísafjarðar, svo að svæðið frá Reykjavík til Ísafjarðar hefir 5 tiltölulega beinar ferðir frá útlandinu kostaðar af landsfé fram yfir aðra staði hér á landi, utan Reykjavíkur, en auk þessara 5 ferða, sem Reykjvík nýtur líka,

hefir hún 5 beinar ferðir frá útlöndum kostaðar af opinberu fé fram yfir alla aðra staði hér á landi. Vitaskuld hefir þó alt landið einnig gagn af þessum ferðum, að því leyti sem þær standa í sambandi við póstferðir á landi. En Norður- og Austurland hefir þó ekki bein not nema af hinum 8 póstskipsferðum, sem þangað ganga frá útlöndum og jafnframt umhverfis land. Þó vona eg að menn hljóti svo á að líta, að það sé sanngjarnt, að ferðir frá útlöndum séu kostaðar af landsfé oftar en 8 sinnum á ári til Norður- og Austurlandsins, fyrst þær eru trygðar 18 til Suður- og Vesturlandsins með fjárveitingu af landsfé.

Eins og kunnugt er, var það Otto Wathne, sem fyrstur kom á föstum gufuskipaferðum milli Noregs og Austur- og Norðurlands, og hafa þær reynst mjög hentugar og þarfar fyrir þá landshluta. Sér í lagi er það mjög hagkvæmt fyrir kaupmennina að geta fengið vörur sínar smátt og smátt, en þurfa ekki að liggja með hálfsárs vörubirgðir eða meira; það hlýtur að gjöra vörurnar ódýrari fyrir landsmenn, og þar að auki er hagur að hinum greiðu samgöngum fyrir landsmenn að mörgu öðru leyti.

Otto Wathne hélt ferðum þessum fyrst uppi án nokkurs opinbers styrks, en þá voru þær ekki jafnan bundnar við fasta áætlun, því að hann gat sig meira við að nota skipin í sínar eigin þarfir; eigi að síður var mikið gagn að þeim fyrir aðra. Síðan félag erfingja hans, sem nú heldur þeim uppi, tók þær að sér, hafa þær verið áreiðanlegar og fylgt fastri áætlun. Þó leiðir það af sjálfu sér, að á meðan hið opinbera styrkir þær ekki, þá er eigi hægt að binda skip þess við að koma á ákveðna staði hér á landi, þar sem aftur á móti væri hægt að ráða nokkru um það, ef því væri veittur styrkur úr landssjóði, og eg hefi einmitt bundið tillögu mína því skilyrði að skipin hafi ekki færri viðkomustaði hér á landi en þetta ár. Hér við land ganga skip félagsins milli Seyðisfjarðar og Akureyrar, og koma við á ýmsum stöðum þar á milli, og tengja þannig helztu verzlunarstaði á Norður- og Austurlandi saman sín á milli, og koma þeim í beint samband við útlönd. Ferðirnar eru 12 ári eða hér um bil ein á mánuði hverjum; byrja þær í janúar, og enda ekki fyr en í desember. Telja menn þar um slóðir ferðir þessar hinar beztu fyrir héruðin.

Eins og aðalpóstleið skipa hins sameinaða gufuskipafélags er frá útlöndum til Reykjavíkur og þaðan til Ísafjarðar, eins hefir hér myndast ný lína frá útlöndum til Seyðisfjarðar og þaðan til Akureyrar með viðkomustöðum á helztu höfnum á Norður- og Austurlandi, og þetta verður að álíta mjög heppilegt. Það mælir því mikið með að hún sé styrkt af opinberu fé, og upphæð sú, sem hér er farið fram á, er mjög lítil í samanburði við gagnið af skipaferðunum.

Hæstv. landsh. hafði það á móti breyt.till., að hún væri orðuð svo, að styrkinn ætti að veita til þess að halda uppi ferðum milli hafna á Íslandi og milli Íslands og útlanda, og lét sem hann vildi láta miða hann við Norður- og Austurland eitt. Eg væri í sjálfu sér ekki á móti að tillagan væri þannig orðuð. En þó er efasamt, hvort ráðlegt er að gjöra það, því að ekki er óhugsandi að hægt væri að fá einhverja af ferðunum sunnan um land og til Reykjavíkur, og býst eg helzt við að Sunnlendingar hefðu ekkert á móti að fá skip t. d. um hávetur frá

Noregi með viðkomustað á Austurlandi. Eg vildi því óska, að h. deild fyndi ástæðu til að gefa viðaukatill. minni atkvæði sitt.

Að vísu fær félag þetta styrk frá Noregi, 5000 kr. á ári, til þess að halda uppi ferðum milli Noregs og Íslands. En umsækjendur kvarta um að ferðirnar borgi sig ekki sem bezt, og því leitar það styrks hjá alþingi. Það ætti og sízt að letja oss að veita styrkinn, að hér er verið að ræða um að halda áfram verki því, sem Otto Wathne hóf. Það játa víst flestir Íslendingar, hvílíka þýðingu sá maður hefir haft fyrir Ísland bæði að því er samgöngur snertir og fleira. Hans dugnaði og djarfleik er það vafalaust ekki lítið að þakka, hvað gufuskip hins sameinaða gufuskipafélags eru orðin djarfari að fara umhverfis land hér seint á haustum og síðari hluta vetrar; hann ruddi brautina og sýndi hvað fært væri. Að öðru leyti mun eg ekki fara út í einstakar breyt.till., en sýna að eins með atkvæði mínu, hvernig eg lít á þær hverja um sig.

Þórður Guðmundsson: Eg þarf ekki að tefja mikið umræður um þenna kafla fjárlaganna, því að eg á ekki nema eina breyt.till. við hann, en að ganga í gegnum allar breyt.till. annara h. þm. dettur mér ekki í hug, en mun sýna með atkvæðagreiðslu minni, hvernig eg lít á þær.

Eg er mjög ánægður með breyt.till. h. fjárlaganefndar um það, að koma á póstvagnaferðum úr Reykjavík austur í Rangárvallasýslu, og að veittar séu 600 kr. til þess á ári. Það er sannarlega orð í tíma talað, og ekki vanþörf að bæta úr hinum strjálu samgöngum þangað austur, og vegur að öðru leyti orðinn svo góður, að hægt er að nota vagnferðir þangað og létta þannig undir með héruðunum. Nú sem stendur má segja að póstgöngur austur í sveitir hér í Árnes- og Rangárvallasýslum séu alt annað en í góðu lagi, þar sem blöð og póstsendingar berast ekki nema einu sinni í mánuði í héruð þau, sem næst liggja Reykjavík, og það um sumartímann.

Það hefir réttilega verið tekið fram af hæstv. landsh. og h. 1 þm. Rangv. (Sighv. Á.), að það væri ekki nema til óhagræðis að ákveða endastöðina fyrir austan, þar sem nefndin hefir gjört það, og eg mun gjöra það, sem í mínu valdi stendur, til að fá þessu breytt til 3. umr., og sömuleiðis því, að sem hagkvæmastir samningar komist á við mann þann, sem tekur að sér póstflutningana.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á brtl. á þgskj. 220, þar sem eg og samþingismaður minn (Sighv. Á.) förum fram á að styrkurinn til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi sé hækkaður úr 7500 kr. upp í 7700 kr. og að þessari 200 kr. hækkun væri varið til að bæta gufuskipaferðirnar með suðurströnd landsins. Mér heyrðist á hæstv. lh. að hann væri ekki vel meðmæltur tillögu þessari, af því að hann áleit að fjárveiting þessi gæti að litlum notum komið fyrir Rangárvallasýslu. En eins og h. samþingismaður minn (Sighv. Á.) tók fram, þá er reynslan síðan 1892 búin að sýna það, að ferðir þær, sem vér förum fram á, geta vel þrifist; það var rétt hjá hæstv. lh. að Rangárvallasýsla getur ekki haft góð not af gufubát, sem gengur frá Reykjavík, því að það er ekki hægt fyrir hann að sæta tækifæri til þess að koma á þá staði, sem við förum fram á að gufubáturinn komi á. En aftur á móti er gufubáturinn Oddur, sem er á Eyrarbakka, mjög vel settur til að sæta tækifærinu

austur með söndunum, þegar sjór og veður leyfir, enda hafa honum hepnast vel ferðir sínar austur á bóginn.

Afleiðingin af því, hve sérstaklega stendur hér á, er sú, að vér Rangvellingar höfum sára lítið gagn haft af hinum miklu strandferðum síðasta ár. Eg vona því, að allir h. þm. verði með því að veita þennan litla styrk, sem vér förum fram á, því að einar 200 kr. er ekki mikið framlag til Rangárvallasýslu, sem ekki hefir neinn beinan hag af þeim 50—60000 kr., sem veittar eru til gufuskipaferðanna.

Þeir staðir, sem gufubátnum er ætlað koma á, sérstaklega Hallgeirsey, eru víst ekki að mun óaðgengilegri en t. d. Vík í Mýrdal, og vitum vér að þangað er þó bæði Reykjavíkinni og og Hólum ætlað að koma.

Þá skal eg minnast fám orðum á 57. tölulíðinn, sem fer fram á að 5000 kr. séu veittar til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri. Eins og mönnum er kunnugt, hefir legið fyrir þinginu bænarskrá um að veita alt að 10000 kr. til fyrirtækis þessa, og er sú bænarskrá bygð á áliti manns þess, sem skoðaði hafnarstæðið. Eg skal nú að vísu ekki leggja dóm á, hversu fær sá maður hafi verið til að rannsaka málið, því að vitanlega er það ekki hans fag að rannsaka hafnir og lendingar, hann er ekki hafnaingeniör. En af því að hann að öðru leyti er þó talinn fær maður og varfærinn, þá mun ekki vera mikil ástæða til að rengja skýrslu hans.

Eg álít það þó miður heppilegt, ef þingið skyldi ekki vilja veita meira en 5000 kr. til fyrirtækisins, því að það er svo hætt við, eins og hæstv. lh. tók fram, að annaðhvort verði alls eigi ráðist í verkið eða það þá svo af hendi leyst, að það fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem fjárveitingin er bundin við. Því hættara er við þessu, sem það má telja víst, að höfnin geti ekki fengið nauðsynlegar umbætur fyrir 10000 kr. Erlendur Zakaríasson gjörir ráð fyrir að ekki muni veita af 15000 kr. til umbótanna og er hætt við að sú áætlun sé ekki of há.

Það dylst víst engum, hve áríðandi er að bæta höfnina á þessum stað, því á meðan höfnin er ekki betri en nú er hún, þá má heita að alt Suðurlandsundirlendið sé útilokað frá samgöngum á sjó, þar sem engin trygg höfn fyrir gufuskip er til á því svæði.

Þrátt fyrir það að mér þykir upphæðin nokkuð lág, mun eg þó greiða atkvæði með henni, því að eg vona, að ef hún hrekkur ekki, þá muni næsta þing veita það, sem á vantar.

Skal eg svo ekki tefja tímann með lengra ræðuhaldi, en eftirlæt öðrum orðið.

Jón Þórarinsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með tvær brtill., sem snerta holdsveikisspítalann. Báðar þessar brtill. eru við 11. gr. og standa í nánu sambandi hvor við aðra. Fyrri brtill., sem er tölul. 26 á atkv.skr., fer fram á að hækka laun hjúkrunarkonu spítalans um 100 kr., en hin, sem er tölul. 28, fer fram á að lækka 11. gr. 6. n úr 430 kr. niður í 300 kr., eða með öðrum orðum, að hækka laun hjúkrunarkonunnar um 100 kr. í staðinn fyrir það hestfóður, sem hún nú hefir heimting á að fá.

Sumir hinna h. þm., sem minst hafa á þessar brtill., hafa ekki tekið sérlega náðuglega á móti þeim. Þeir hafa haldið því fram, að þetta hestfóður væri veitt af stjórninni í heimildarleysi, en eg held að þetta sé bygt á misskilningi eða gáleysi hjá h. þm. Dr. Beyer hafði áskilið sér fyrir hönd Oddfellowa að ráða hjúkrunarkonu til spítalans, og hann kemur svo til stjórnar holdsveik-

isspítalans og segir henni, að hann hafi lofað þessari konu, auk launanna, hestfóðri, og að þetta loforð sitt verði að standa. Þegar stúlkan er ráðin með þessum kjörum, þá fæ eg ekki séð, hvernig við ættum að geta svift hana þessum rétti, og mér finst við ekki hafa meiri heimild til að svifta hana hestfóðrinu heldur en að færa niður þessi 500 kr. laun, sem hún er ráðin upp á. Nú hefir hún aftur á móti sjálf óskað að þessu hestfóðri verði breytt í peningaupphæð, og mat eg þá hestsfóðrið á 100 kr. og finst það hæfilega metið. Eg verð að álíta, að það sé langréttast fyrir deildina að ganga að þessari br.till. minni, því eg er á þeirri skoðun að hjúkrunarkonan hafi fulla lögheimild til að heimta þetta hestfóður og mundi fá dóm fyrir því, ef til þess kæmi. Verði breyttill. ekki samþykt, heimtar hún blátt áfram hey og hafra fyrir 100—130 kr., og kemur því svo í peninga, úr því hún kærir sig ekki um að halda hest.

Þá skal eg minnast nokkrum orðum á aðra brtill., sem eg á og er við sömu gr., nfl. að í stað 1500 kr. í 11. gr. 6. o komi 500 kr. Eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. landsh. gaf, þá skal eg játa, að þessi upphæð, 500 kr., kann að vera í lægra lagi. Eg hafði gert ráð fyrir þessum opinberum gjöldum, er á spítalanum lægju:

Brunabótagjald	. .	330 kr.
Kirkjugjöld	. . .	65 kr. og
Sótaragjald	. . .	75 kr.

Þessi gjöld til samans verða þó ekki meir en 470 kr; en hér við bætist svo eftir upplýsingum hæstv. landsh. lóðargjald 161 kr., sem eg hafði ekki hugmynd um, því eg hélt að Reykjavíkurbær hefði gefið spítalanum lóðina skilyrðislaust. Eg er fús á að hækka þessar 500 kr. nokkuð við 3. umr., t. d. uppí 700 kr., en að veita 1500 kr. til þessara gjalda finst mér ekki ná neinni átt.

Aðrar brtill. en þessar, sem eg hefi minst á, á eg ekki, en eg vildi með nokkrum orðum minnast á 18. lið á brtill. nefndarinnar, um að veita styrk, alt að 500 kr., til að gefa út nýja ljósmóðurfræði. Í umsókninni um þennan styrk er það tekið fram, að bókin muni ekki fást prentuð fyrir minna en 500 kr., og að enginn bóksali vilji taka hana að sér fyrir lægra gjald, af því að svo fá eintök muni seljast af henni. Þetta eitt hefir nefndin athugað, en aftur á móti ekki tekið minsta tillit til þess, að nokkur þyrfti að skrifa bókina, og hún getur alveg eins vel tekið þennan tölul. aftur, því það er tæplega hugsandi að bæði ritun bókarinnar og prófarkalestur fáist fyrir ekki neitt. Sem sagt, ef nefndin álítur að nauðsynlegt sé, að bókin sé gefin út, þá ætti hún að gera mögulegt að því yrði komið í verk.

Þá verð eg að minnast á tölul. 59, um lagning sæsímans til Íslands. Mig furðar stórlega á því, á hve miklu hundavaði menn hafa hlaupið yfir jafnþýðingarmikið mál. Mér finst það eiga að koma skýrt fram hér í deildinni, hvort þingið vilji leggja út í þann kostnað, sem það hefir í för með sér, að leggja sæsímann á land á Austurlandi og þaðan yfir land alt hingað til Reykjavíkur.

Eg hefi ekki verið mjög ragur til að greiða atkv. með fjárframlögum til samgöngubóta, en eg verð að segja, að eg hélt ekki, þegar eg á síðasta þingi greiddi atkv. með þessu 35000 kr. tillagi, að afleiðingarnar yrðu þessar. Eg hafði hugsað mér, að afleiðingin af þessu 35000 kr. fjárframlagi þingsins væri það, að sæsíminn yrði lagður hingað til Reykjavíkur og að á frekara tillagi þyrfti ekki að halda. Eg vil nú

ekki segja fyrirfram, að eg yrði mótfallinn öllu frekara fjárframlagi en þessum 35000 kr., en eg vil, að sýnt sé fram á, hve mikið fé þurfi að öllu samanlögðu til sæsímans, því það verð eg að segja, að þótt góðar samgöngur séu mikilsverðar, þá geta þær þó orðið svo dýrar, að ekki sé tilvinnandi að keppa eftir þeim, og svo dýr getur sæsíminn orðið, að eg kjósi heldur að vera án hans, og greiði atkv. á móti öllum fjárstyrk til hans yfir höfuð.

Eg hafði búist við því, að h. þm. Vestm. (V. G.) hefði þegar á þessu stigi verið búinn að skýra þetta mál fyrir þingd., en eg býst við því, að hann muni gera það, og ætla því að bíða átekta, og heyra hvað þm. hefir að fræða okkur um.

Jens Pálsson: Eg vildi með fáum orðum minnast á þær ástæður, er knúðu mig til að koma fram með þær breyt.-till., sem nafn mitt stendur við.

Fyrsta breyt.till. er á þingskj. 254, þar sem farið er fram á, að fjárveitingin til þjóðvega fyrra árið sé færð upp um 10,000 eða úr 50,000 upp í 60,000 kr. Það, sem knúði mig og h. meðflutningsm. minn til að koma fram með þessa breyt.till., er þörfin á þolanlega góðum vegi frá flutningabrautinni, sem liggur yfir Elliðaárnar, austur hjá Árbæ í Mosfellssveit og upp að Leirvogsárbrú. Spölurinn frá flutningabrautinni hjá Árbæ, upp að Leirvogsánum, er 4000 faðmar á lengd. Vegur sá, er hér ræðir um, er mjög fjölfarinn; hann er alfaravegur að og frá höfuðstað landsins, fyrir Kjósarsýslu, Borgarfjörð og Vesturland alt; auk þess er hann aðalpóstvegur bæði fyrir norðan og vestanpóst, og þó hann sé reiðfær á sumrum, þá eru sumir kaflar hans svo niðurgrafnir, að hann verður með öllu ófær um vetrartíma. Auk þess að þetta er aðalpóstvegur, þá liggur þessi vegur að ullarvélunum á Álafossi, og finst mér það eiga að hafa nokkur áhrif á þetta mál. Aðflutningar allir að vélunum verða að vera eftir þessum vegi. Þessi innlendi ullarvélavísir virðist eiga framtíð fyrir sér; sá maður, sem fyrst setti vélarnar á stofn, hefir með höndum að bæta við þær betri og frekari verkfærum, svo sem þófvél og fleiri vélum, sem útheimtast til þess, að búnir verði til vel unnir dúkar. Verði þessu framgengt, sem öll von er á að takist, þá er þar með komin upp, að vísu í smáum stýl, en þó regluleg klæðaverksmiðja, og til þess að hún geti þrifist, er nauðsynlegt að bærilegur vegur sé til og frá henni, vegur, sem ekki einungis sé fær fyrir hesta, heldur einnig fyrir vagna, og sé sleðafær á vetrum.

Hæstv. landsh. sagðist ekki vera mótfallinn því, að fjárveiting til þjóðvega hækki um 10,000 kr. fyrra árið, en ráðgjörði að verja eða bjóst við að þörf yrði á að verja því fé til vegagjörða í Mýrasýslu, en eg held ekki að sú fyrirhugaða vegagjörð þurfi þessa fjár, því að í ástæðum stjórnarinnar við fjárl.-frumv. er tekið fram, að nokkuð af því fé, sem þar er ætlað til vegagjörðar, eigi að verja til vega í Mýrasýslu, og þar sem stjórnin þannig hefir tekið tillit til þeirra vega, þá hugsa eg ekki þörf á að taka frekar tillit til þeirra, og að þessar 10,000 kr. geti gengið óskertar til vegagjörðarinnar í Mosfellssveit. Eins og eg tók fram áðan, þá hefir vegurinn frá flutningabrautinni við Árbæ og upp að Leirvogsá verið mældur, og varð 4000 faðmar. Í sóknninni um fjárveiting þessa, sem liggur hér frammi á lestrarstofunni, er tekið fram, að vegurinn hafi verið mældur og áætlun gjörð um kostnaðinn, hvorttveggja með leyfi landsh. á kostnað landssjóðs. Hækkunin, sem breyt.till.

okkar flutnm. fer fram á, er ekki fullkomlega eins há eins og áætlunin, en eg held þó, að vel megi hlíta við hana, að minsta kosti má komast langt með henni. Eg vona að h. þingd. sé það ljóst, að þetta verður að gerast áður langt líður frá. Og vilji menn alvarlega, að ullarvélarnar þróist og flutningarnir þar af leiðandi til og frá vélunum aukist, þá verða menn og að stuðla að því, að gjöra þessa leið greiðfæra sem fyrst

Hin breyt.till., sem mér kemur við, er við 52. tölul. Eins og kunnugt er, þá var á síðustu fjárlögum veittur styrkur til gufubátsferða á Breiðafirði, að upphæð 2500 kr., og þegar upphæðin var ákveðin, þá var haft fyrir augum, að Faxaflóabáturinn »Reykjavík« gæti haft þessar ferðir á hendi og í athugasemd við styrkveitinguna var það leyft að sameina báða styrkina til Breiðafjarðar og Faxaflóa. Reynslan er nú búin að sýna það, að Breiðfirðingum verður það ekki að gagni að vera í samlögum við Faxaflóa, og af þeirri ástæðu var það tekið fram á þingmálafundi í Dalasýslu, að fundurinn óskaði ekki að styrkurinn yrði veittur eins eftirleiðis, af því að hann ekki kæmi að liði þannig notaður. Gufubáturinn »Reykjavík« hefði farið einar tvær ferðir á sumri vestur, og við það væri ekki mikið unnið. Eins og mönnum er kunnugt, er þörf á að bæta samgöngur á sjó á Breiðafirði; staðhættirnir benda á, að þær þyrftu að vera miklu betri. Í kringum fjörðinn er mikil bygð, og sjálfur fjörðurinn er fullur af eyjum, sem flestar eru bygðar. Gufuskipið »Skálholt« kemur að vísu við á Breiðafirði, en vegna þess, að þessi flói er gallagripur að því leyti, að þar eru ekki alstaðar góðar leiðir fyrir stór og djúpskreið skip, sem og að hann hefir ekki alstaðar verið mældur upp, þá er afleiðingin sú, að »Skálholt« kemur þar ekki við nema á örfáum stöðum, og það sjaldan. Það var því ósk þingmálafundarins, að þingið komi því til leiðar hjá stjórninni, að hún reyndi að fá hið sameinaða gufuskipafélag til þess að láta »Skálholt« koma oftar við á Hvammsfirði og Skarðsstöð heldur en áður, og auk þess á eina höfn, sem nýlega hefir verið löggilt, nefnilega Salthólmavík, en ef ekki tækist að fjölga ferðunum til muna á þennan hátt, þá að fenginn yrði sérstakur grunnskreiður bátur til milliferða á Breiðaflóa, og vildi fundurinn þá helzt, að þingið sneri sér í því efni til hins sameinaða gufuskipafélags. En þar eð enginn maður er hér af hendi gufuskipafél., sem hægt sé að semja við um slíkt, þá getur þetta ekki tekist á þann hátt, er þingmálafundur Dalamanna fór fram á. Aftur á móti hefi eg nýlega átt tal við Christiansen skipstjóra á Lauru um þetta málefni, og tjáði hann mér þá, að »Skálholt« mundi með öllu ófáanlegt inn á Salthólmavík, af því að leiðin þangað væri ekki mæld upp, og að það væri yfir höfuð óhugsandi að fá fjölgað viðkomustöðum á Breiðafirði, en að það væri aftur á móti ekki ólíklegt, að koma mætti því í veg, að ferðunum yrði fjölgað á þá staði, sem skipin nú kæmu á. Hvað Hvammsfjörð snertir að þessu leyti, þá hélt hann því fram, að um fjölgun á ferðum þangað gæti ekki verið að tala eftir miðjan septembermánuð, og það af þeirri ástæðu, að innsiglingin, sem kölluð er »Röst«, verði að eins farin um flóð, og það að eins í björtu; þess vegna verði ekki lagt skipum inn Röstina eftir jafndægur á hausti, ef svo stendur á, að flóð er á miðjum morgni og miðaftni, því að þá sé of dimt, en fyrir skip, sem hefir fast ákveðna ferðaáætlun, að bíða þangað til að svo ber undir, að inn fljóti Röstina í björtu, geti ekki

komið til tals. Eg hefi tekið þetta fram, til þess að benda á, að þó að hægt væri að fá ferðunum fjölgað nokkuð, þá yrði það þó hvergi nærri nóg, og afleiðingin af því, fyrst og fremst að ferðunum á viðkomustaði þá, sem nú eru, ekki fjölgaði að mun, og í öðru lagi, að skipin fást alls ekki inn á staði, sem full nauðsyn er á flutningi til og frá, afleiðingin af þessu er, eins og búast er við, sú, að Breiðfirðingum er fast í hug að gera ítarlega tilraun til þess að koma á hjá sér bátaferðum innan flóa. Þess vegna er æskilegt, að þeir eigi vísan og veittan þennan hóflega styrk, til þess að útvega sér sérstakan grunnskreiðan bát, en hann vilja þeir helzt fá hjá hinu sameinaða gufuskipafélagi, eins og eg áðan gat um.

Viðvíkjandi því sem hæstv. landsh. tók fram í ræðu sinni, að flutningaþörfin á Breiðafirði mundi ekki vera sérlega mikil að dæma eftir þeirri reynslu, sem komið hefði í ljós á ferðum Reykjavíkurinnar vestur, þá skal eg taka það fram, að eg álít að okkur vanti alla reynslu fyrir því, hver hin sanna flutningaþörf sé á Breiðafirði, því hún getur þá fyrst komið í ljós, þegar samgöngurnar eru orðnar þolanlega góðar, þegar um stöðugar ferðir á hentugum tíma er að tala, en ekki þó bátur héðan úr Faxaflóa skjótist vestur tvisvar á sumri, máske á mjög óhentugum tíma. Það eru þvert á móti öll líkindi til, að einmitt geti verið um töluverðan flutning að ræða, af því að flóanum liggja þrjár sýslur, og á honum er fjöldi bygðra eyja, og við mynni hans, einkum undir Jökli, eru sjávarpláss, er þurfa að skifta vöru við landbúnaðarbygðirnar.

Eg skal ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort styrkurinn fær að halda sér óbreyttum, eins og hann er tiltekinn hér, nefnilega 3500 kr, eða hann verður lækkaður nokkuð t. d. um 500 kr., en eg fyrir mitt leyti get þó ekki vel hugsað mér að lægri fjárveiting geti komið að liði til þess að útvega sérstakan bát á Breiðaflóa.

Hin breyt.till., nr. 55. á atkvæðaskránni, um að fella burtu orðin: »styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát« er bein afleiðing af fyrri breyt.till.

Eg vona að h. þingd. hneigist að þeirri skoðun, að hér sé um viðurkenningarverða þörf að tala.

Valtýr Guðmundsson: Það eru að eins fáeinar breyt.till., sem eg ætla að minnast á. Fyrst af þeim er till. h. þm. G.-K. (J. Þór.), um að hækka laun starfsmanna við holsveikraspítalann. Eg er algjörlega mótfallinn þeirri till., og skal taka það fram í sambandi við umræðurnar, að eg álít að fóður handa hesti yfirhjúkrunarkonunnar hafi heimildarlaust verið borgað af landsfé Og þó dr. Beyer hafi ráðið hana upp á þetta kaup, þá er það jafn heimildarlaust fyrir því. Hvorki hann né Oddfélagar geta farið í landssjóð og veitt fé úr honum. Beyer gat því ekki hækkað launin um það, sem hestfóðrið kostar, nema hann vilji borga það úr vasa sjálfs sín eða Oddfélaga, en vilji hann gjöra það, má hann gjarnan hækka þau upp í 1000 kr. mín vegna. En sem sagt, þetta hestfóður hefir í heimildarleysi verið borgað úr landssjóði og það, að dr. Beyer hafi áskilið sér að ráða yfirhjúkrunarkonuna bætir ekki úr skák, því úr því hann ekki gat fengið hana fyrir þau laun, sem ákveðin voru, átti hann að hætta við það. Eg vildi því óska, að h. flutnm. þessarar till. um að hækka launin, félli frá henni; raunar væri ef til vill réttara að eg kæmi með breyt.till. um að fella

hana. Af ræðu hæstv. landsh. varð eg þó annars áskynja, sem mér þótti ennþá undarlegra og það var, að Reykjavík heimtaði lóðargjald af spítalanum, og þó var lýst yfir því, að bærinn gæfi lóðina. (*Jón Jensson*: Skattar). Séu það skattar, þá verð eg að segja það, að svo lýtur út, sem Reykjavík hafi verið að veiða þegar hún lofaði að gefa lóð undir spítalann, til þess að hann yrði settur í grend við bæinn, og er það ljótt ef satt er, og miður sæmilegt af bæjarstjórninni að gefa lóðarblett, sem lítið gefur af sér, til þess að fá skatt af honum.

Þá kem eg að 37. tl. á atkvæðaskránni, sem er viðaukatill. frá h. þm. N.-Múl. (E. J.), um að veita »O. Wathnes Arvinger, Aktieselskab« 1000 kr. styrk til póstflutninga og í sambandi við þennan tl. að 50. tl., sem er breyt.till. frá mér um að veita stjórninni heimild til að verja alt að 2000 kr. á ári til styrks til Thor E. Tuliníusar stórkaupmanns til póstflutninga. Bæði Tulinius og þetta verzlunarfélag »O. Wathnes Arv.« hafa sent bænarskrár til fjárlaganefndarinnar um styrk, en nefndin hefir ekki tekið tillit til þeirra. H. þm. N.-Múl. (E. J.) vildi láta veita »O. Wathnes Arv.« styrk, en eg álít að ástæða sé til að veita báðum styrk og ekki síður Tuliníusi, því félagið »O. Wathnes Arv.« hefir 5000 kr. styrk frá Norvegi, svo þær ferðir eru nokkurn veginn tryggðar. Tuliníus hefir tekið bæði bréf- og pakkapóst með hverri ferð, og hefir fengið leyfi hjá póststjórninni til að hafa póstflagg á skipum sínum. Hann hefir boðist til að framlengja ferðirnar til Húnaflóa, og þar að auki ætlar hann að láta skip fara beina leið til Reykjavíkur frá Höfn. Þetta hefir þýðingu fyrir póstflutninga, því skipin eiga að fara á milli seinna en önnur skip, það er að segja á þeim tíma, sem engir póstflutningar eru milli Íslands og annara landa. Einnig fyrir mannflutninga hefir þetta mikla þýðingu, með því að með þessum skipum er ódýrara fargjald en með skipum »hins sameinaða gufuskipafélags« og fæðispeningar eru minni, þar sem tíminn, sem þau eru á leiðinni, verður miklu styttri. Eg hefi ekki álitið hentugt að ákveða ferðirnar, en vil fela það stjórninni, sem getur sett viss skilyrði eftir tillögum landsh. Þar sem það hefir verið tekið fram að skipin væru ekki góð, verð eg að taka það fram að þetta er ekki rétt. Skipið Víkingur er gott skip og fer 10 mílur á vöku, og hitt skipið ráðgerir hann að láta byggja af nýju. Hjálmar er ekki á fastri áætlun, og að eins notaður til aukaferða. Þótt áætlun stundum hafi eigi orðið haldin, er engin ástæða til að ætla að það verði framvegis. Þar að auki hefir það stundum verið ís, sem tafið hefir.

Hvað viðvíkur styrknum til gufubátsferða á Breiðafirði, hefir hann ekki komið að neinu liði, með því að »Reykjavíkin« hefir farið rétt í hælana á »Skálholti«. Mér finst ástæða til að fella hann burt. H. þm. Dal. (J. P.) kom með till. um að hafa sérstakan bát til þessara ferða, og gæti eg verið þeirri till. hlyntur, ef málið vantaði ekki allan undirbúning. Áhuginn þar vestra virðist ekki mikill, því eg hefi látið skrifa merkum manni þar um, að hann sæi um, að undirbúa málið; ef til vill væri réttast að láta málið hvíla, en eg legg ekki mikla áherzlu á þetta. Síðasta breyt.till., sem eg vildi minnast á, er frá fjárlaganefndinni, um að athugasemdin við 12. gr. D. falli burt. Mér brá heldur en ekki í brún er eg sá þetta í áliti nefndarinnar. Mér var það samt huggun, þegar eg frétti að öll nefndin var ekki samhuga um þetta,

heldur að eins lítill meiri hluti, en skrítið er það að meiri hlutinn gefur engar ástæður fyrir þessari till. sinni. Einnig er það undarlegt, að minni hlutinn skuli enga athugasemd hafa gert við þessa till. meiri hlutans, því einhver af þeim hefði þó víst verið fær um það. Eg býst t. a. m. við, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi verið í minni hluta, því hann er bankastjóri og allir vita hverja þýðingu telefónar og telegrafar hafa fyrir bankann, því það hefir verið sagt að ekki væri hægt að stofna útibú við bankann vegna skorts á þeim. Eg er því viss um að svo skynugur maður hefir ekki látið leika á sig, og telja sér trú um að óþarft væri að leggja telefóna og telegrafa um landið. Sem sagt, bankastjórinn hefir haft tækifæri til að styðja að þessu nauðsynjamáli, og eg er viss um að stuðning vantar ekki úr þeirri átt.

Eg skal taka það fram, að mér virðist hvorki stjórnin né fjárlaganefndin hafa athugað þetta mál nógu rækilega.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók það fram, að hann hefði haldið, að með fjárveitingunni á síðasta þingi væri alt búið, en það er öðru nær en gert væri ráð fyrir því. Nú horfir málið svo við, að þessi litla fjárveiting, sem meiri hluti fjárlaganefndarinnar vill ekki láta veita, er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að símasamband fáist við önnur lönd, því ríkisþingið danska hefir gert það að skilyrði fyrir sinni fjárveiting, að síminn kæmi öllu landinu að gagni. Ríkisþingið sá, að lítið gagn var í því, að að eins einn staður kæmist í telegrafsamband við umheiminn, en hér heima eru sumir svo blindir, að þeir sjá ekki hversu ónógt þetta er; meira að segja þeir vilja láta þingið neita um litla fjárveitingu, þó það sé bersýnilegt, að það jafnvel geti eyðilagt alt málið, með því að, eins og eg tók fram áðan, ríkisþingið hefir gert það að beinu skilyrði fyrir sinni fjárveitingu, að landsími væri lagður. Eg heyrði landsh. tala um, að þessi skilyrði standi ekki í hinum dönsku fjárlögum, þetta er rétt og ástæðan til þess er sú, að skilyrðin voru heimuleg, en eigi að síður er fjárveitingin bundin þeim skilyrðum, og innanríkisráðgjafinn hefir lýst því yfir, að hann áliti þau fullkomlega bindandi fyrir sig. Hinu skilyrðinu, um að leggja símann til Reykjavíkur, gengur félagið ekki að, en það vill leggja hann til Austurlandsins, og leggja 300,000 kr. til landsíma, með því skilyrði að Ísland taki þátt í kostnaðinum. Ríkisþingið hefir gengið að þessu og veitir sitt tillag ef alþingi er ekki ófáanlegt að veita þetta fé. Það er sannarlega varhugavert að fella þessa athugasemd burt, þar sem hún er skilyrði fyrir því, að vér fáum styrk frá ríkisþinginu, og vilji það ekki styrkja fyrirtækið, þá fáum vér engan telegraf, því ef ríkisþingið neitar, þá fáum vér engan styrk frá öðrum löndum; menn mega ekki halda að menn séu fýknir í að leggja fé til þessa fyrirtækis. Eg skal taka til dæmis Noreg. Fyrst tekst ekkert þaðan; »Norræna telegraf félagið« hafði farið fram á það við telefrafdírektör Norðmanna, en hann var eindregið á móti því að leggja norskt fé í þetta fyrirtæki. Félaginu varð þannig ekkert ágengt, en svo fór eg á fund stjórnarforsetans í Noregi, og af því hann bar velvildarhug til Íslands, var hann málinu hlyntur og eg fekk ádrátt um styrk, en það var fullkomlega gefið í skyn að sá styrkur mundi verða bundinn því skilyrði að lagður yrði landsími.

Mér finst hvorki stjórnin né fjárlaganefndin hafa gert sér fullkomlega ljóst,

hvað mikið fé þarf að veita. Og það er öldungis víst, að kostnaðurinn þarf ekki að verða eins mikill eins og áætlunin gerir ráð fyrir, því víðast hvar er ríflega tiltekið og ekki klipið við nögl sér. T. a. m. er verkfræðingi ætlaðar 30 kr. á dag í kaup og verkstjórum 10 kr., það er varla hægt að segja, að þetta sé lítið, eftir því sem hér gerist. 46,000 kr. eru ætlaðar í annari áætluninni til flutnings á materiale hér á Íslandi, en í hinni 18,000 kr.; þetta er mikill munur og bendir á, að nokkuð sé hér á huldu um kostnaðinn. En vegna þess, að eg ímynda mér, að þessar upphæðir séu ekki settar alveg út í bláinn, þá get eg til að þessi kostnaður muni verða eitthvað þar á milli. Þá er gert ráð fyrir 3 símastöðvahúsum, sem kosta 5000 kr. hvert. Eg sé nú ekki hver þörf er á fleiri en 2 slíkum húsum, því auðvitað byggir félagið hús, þar sem sæsíminn kemur á land og landsíminn gæti líka haft þar endastöð sína. En þar við bætist, að engin þörf er á að byggja nein hús fyrir símastöðvar, því eitt herbergi í pósthúsunum nægir fyrir þær á hverjum stað. Þar eru þá sparaðar 15000 kr. En eg geri ráð fyrir, að fleiri liðir en þessir séu of hátt reiknaðir; en setjum nú svo, að að eins þessir 2 liðir séu of háir og hinir allir rétt reiknaðir; kostnaðurinn verður samt ekki nema rúmar 40,000 kr. Ættum vér nú að neita um þetta fé? Eg álít frámunalega óhyggilegt að gjöra slíkt.

Ef til vill kunna einhverjir að segja, að ekki sé þar með búið, því árskostnaður og viðhaldskostnaður verði svo geysi-mikill. En verður þetta svo gífurlegt? Í áætluninni er árskostnaður reiknaður 18,000 kr., en fyrst og fremst er þar ekki klipið við nögl sér, og í annan stað verður þessi kostnaður minni, ef endastöð landsímans verður í húsi því, er félagið byggir, þar sem sæsíminn kemur á land.

Við það sparast nefnilega:

laun verkfræðings	kr.	3,500
— stöðvastjóra	—	1,500
— telegrafista	—	960
— stöðvaþjóns	—	240
hitun	—	100
annarsstaðar hér um bil .	—	700
Alls hér um bil	kr.	7,000

Árskostnaður yrði eftir þessu um 11,000 krónur. (*Landshöfðingi*: Nei). Landshöfðingi segir nei, en eg segi jú. Eg er eins vel kunnur þessu máli og hann, og hefi í höndum skýrslu, er sýnir, að félagið gerir ráð fyrir að kosta símastöð á Seyðisfirði eða þar sem sæsíminn er lagður á land. Árskostnaðurinn verður því ekki nema 10—11 þúsund krónur og ekki einu sinni það, því óhætt mun að gera ráð fyrir einhverjum tekjum af landsímanum. — Mér er kunnugt um, að ritsímafélagið hefir áætlað tekjurnar af sæsímanum um 20,000 kr., og þá gæti eg ímyndað mér, að ekki væri of mikið í lagt, að gera tekjurnar af landsímanum um 10,000 kr. Það eru þannig öll líkindi til, að árskostnaðurinn yrði hér um bil enginn, og eftir nokkur ár gæti svo farið, að landið græddi á símanum.

Hvað viðhaldskostnaðinum viðvíkur, skal eg geta þess, að hann verður enginn fyrstu 10—15 árin, og þá er gert ráð fyrir í skýrslunni, að hann verði 15,000 kr. Ef til vill vex mönnum nú í augum þessi upphæð, en eg ímynda mér, að ef telegrafinn kemst á, þá blæði mönnum ekki í augum þessi upphæð, þegar að því kemur, að hún á að greiðast.

Eg þykist nú hafa sýnt og sannað, að þessi fjárveiting, sem hér er um að ræða, fari ekki fram úr 50,000 kr. í mesta lagi, og það gangi hneyksli næst, ef þingið neitaði um þetta fjárframlag

og spilti með því fyrir málinu í útlöndum.

Nú má kanske segja sem svo, að ekki liggi á, en er það ekki skaði fyrir okkur sjálfa, að draga að veita þessa upphæð? En nú er ómögulegt að byrja á fyrirtækinu, né ákveða hvar sæsími skuli koma á land, nema fyrir fram sé fengin trygging fyrir landsíma. Rannsóknir um það, hvar sæsíminn skyldi koma á land hafa bæði gengið á móti þeim, sem vildu að hann yrði lagður hingað til Reykjavíkur, og sömuleiðis félaginu, sem vildi, að hann yrði lagður til Berufjarðar.

Það er til einskis gagns að ákveða upphæð til sæsíma, nema ákveða um leið upphæð til landsíma, en það þarf langan undirbúning til þessa alls. Fyrst þarf að panta telegraf-staura, sem venjulega eru hafðir úr seðrusviði, og svo þarf að inpregnera þá, svo þarf að flytja þá til Íslands og geyma þá síðan og draga þá á sleðum að vetrinum til, svo fyrst yrði þá hægt að byrja að setja þá niður næsta vetur.

A þessu væri hægt að byrja ef búið væri að veita fé til sæsímans, en ef það er ekki veitt nú á fjárlögunum, þá verður ekki hægt að byrja á því fyrri en 1902.

Menn vilja ef til vill segja, að ekki liggi á að flýta sér, en eg hræddur um, að það mundi ekki mælast vel fyrir út um heiminn, ef alþingi Íslendinga ekki vildi veita neitt fé til fyrirtækisins. — Eg er hræddur um að menn þá máske færu að hugsa sem svo, hvort ástæða væri til, að gjöra nokkuð fyrir þá í þessu máli.

Eg vona að háttv. deild gjöri það ekki málinu til hnekkis að fella burtu þessa fjárupphæð, þó að meiri hluti fjárlaganefndarinnar ekki vilji veita hana. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hún hefir ekki neitað því). Jú, meiri hluti hennar hefir neitað því, þótt eg telji víst, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi verið með því að veita hana, þar sem hann er svo mikið viðriðinn banka.

Annað mál væri það að lækka þessa fjárveiting dálítið.

Tryggvi Gunnarsson: Það gladdi mig, að hæstv. lh. var ánægður með till. fjármálanefndarinnar í flestum greinum, þó honum þyki að henni hafi mistekist með tillögur sínar um Laugarnesspítalann. Hann mintist einkum á 2 atriði, launin til starfskonanna og eldsneytið. Hvað hið síðara atriðið snertir, er ekki ástæða til að setja út á það álit nefndarinnar, því óhætt mun að fullyrða að það verða ekki meira en 2 ár af 10, sem kol verða hér í Reykjavík meira en 3 kr. 50 au. skipp., sem nefndin hefir áætlað, hún færði því upphæðina í stjórnarfrumvarpinu niður úr því sem þar var áætlað, 4 kr. 50 au. skipp. Að því er launin snertir handa gæzlukonunni, þá hallast eg að brtill. h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) undir tl. 27. og 28. á atkvæðaskránni, að hækka um 100 kr. laun hennar.

Einu sinni í vetur átti eg tal við sjötugan embættismann hér í Reykjavík, um holdsveikraspítalann, og sagði hann, að hann myndi ekki eftir neinu mannkærleiksverki slíku sem spítalagjöfin væri, hún væri jafn-kærleiksrík fyrir þá sjúku eins og þá heilbrigðu, þeir sjúku hefðu gott atlæti og hjálp í veikindunum, og þeir heilbrigðu væru lausir við hættuna að smittast og verða sjálfir veikir; þetta er satt, en fyrst þessu er nú svo varið, þá sýnist mér að of smámunalegt sé að vera að þrátta um einar 100 kr. Norður á Akureyri hafði eg verkstjóra fyrir 8 árum, hann var þá afbragðs verkmaður, en því sorglegra þótti mér að sjá hann kominn

hingað 6 árum síðar gjörspiltan af holdsveiki. Fyrir utan mannúðarverkið, þá er það stórt efnatjón fyrir landið að missa marga duglega og efnilega menn frá vinnu og lífi af þessum hryllilega sjúdómi, þess vegna er það stór fjárhagslegur vinningur, ef vænta mætti að eftir svo sem 40 ár hér frá væri þessari landplágu létt af. Þegar litið er á málið frá þessari hlið, þá virðist mér það alt of mikil smámunasemi, að horfa í einar 100 kr. og vera að kýta um þær. Þegar eg hefi fulla nót af fiski og missi 10 aura niður, þá læt eg þá liggja en tek þá upp þegar mér er smátt í huga. Þess vegna gef eg nú einnig brtill. hins h. þm. atkv. mitt.

Að því er snertir tölulið 59 á atkv.-skránni, mæli eg með því, að athugasemdin við ritsíma upphæðina falli burt. H. þm. Vestm. (V. G) sagði í gær, að það væri hagræði fyrir bankann að hafa fréttaþráð, ef hann setti útibú út um landið; eg játa þetta satt vera, en þegar hann fór að spá því, að eg væri í minni hluta nefndarálitsins og móti því að athugasemd þessi yrði feld burt, þá missýndist honum, því eg vil láta hann vita, að eg er nú í meiri hluta og með því að fella athugasemdina, því eg vil tyrst líta á fjárhag landsins, áður en eg fari eingöngu eftir því hvað bankanum er haganlegast. Það sem meiri hluti nefndarinnar lítur á í þessu efni er fjárhagur landsins; það er ekki nóg, að einblina á það, að landsíminn verði lagður, menn verða jafnframt að gæta þess, hvaða byrði landið með því tekst á herðar. Hér má ekki leggja út í óvissu, því hér er að tefla um stórar upphæðir, hér er ekki að eins um aðal ritsímann að ræða, heldur má ganga að því vísu, að það verða nógar heimtingar hjá hinum ýmsu kauptúnum að hliðarsímar séu lagðir til sín; þegar hann fyrst er kominn á land, vilja allir fá símann til sín, og er sá kostnaðaður, sem til þess gengur, óútreiknanlegur. A síðasta þingi vissum við, að til lagningar sæsímans átti að kosta 35 þús. kr. árlega í 20 ár og þá upphæð veitti þingið og vill gjöra enn þá, en þá var alls ekki talað um að landið ætti að kosta lagningu símans til Reykjavíkur.

Oft hefi eg séð, að þingmenn, sem ekki hafa viljað skrifa sjálfa sig fyrir einum 4 kr. til nauðsynlegra veizluhalda eða útreiðar fyrir útlenda menn, sem landið hefir þurft að sýna sóma, hafa greitt atkv. næsta dag fyrir 10 eða 20 þús. kr. út úr landssjóði til ýmsra tvísýnna fyrirtækja. En mér er ekki svo varið. Eg vil ekki vera örari á fé annara en mitt eigið.

Hefði h. þm. Vestm. (V. G.) komið með þá till., að landið skyldi leggja 50 eða 60 þús. til landsímans til viðbótar þeim 300 þús., sem félagið hefir boðið að leggja til hans, og svo skyldi það ábyrgjast símann í 3 ár, þá hefði eg getað orðið slíkri till. samþykkur, því þá var það fast ákveðin upphæð, sem landið átti að greiða.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir gefið í skyn, að hann sé allra manna kunnugastur máli þessu og enda kunnugri því en hæstv. lh. sjálfur. En annaðhvort er það, að hann er ekki eins kunnugur og hann lætur, eða hann er að reyna að hylma yfir það sem þinginu er nauðsynlegt að vita, því eg hefi hér í höndum skjal, þar sem stjórnarráðið skýrir frá þeim skilmálum, sem ríkisþingið danska setti í fyrra fyrir fjárveitingunni, 75,000 kr. árlega, til sæsímans. Þessi skilyrði áttu fyrst að vera heimuleg, en eru nú kunn orðin. Síðari partur þriðja skilyrðisins hljóðar þannig: Félagið hefir rétt til ágóða af

fyrirtækinu í hlutfalli við þá upphæð, sem ríkið leggur til símans. Og 2. skilyrðið hljóðar um, að ef félagið hætti að annast símann að 20 árum liðnum, þá verði sæsíminn og landsíminn endurgjaldslaust eign danska ríkisins. Er nú rétt að þegja yfir þessu? Þm. Vestm. (V. G.) sagði, að það væri sama sem að drepa málið, ef síminn ekki yrði lagður til Austfjarða, en þessu verð eg fastlega að mótmæla, því í skilyrðaskjali því, er eg hefi í höndum, stendur ekki eitt orð um það, heldur þvert á móti stendur þar, að ef félagið leggi þráðinn á Austfjörðu, þá borgi það 300,000 kr. til landsímans, en 150,000 ef þráðurinn verður lagður á land við suðurströndina Þetta sýnir að félagið hefir hér um tvent að velja, og er alls ekki þvingað til að leggja símann í land á Austfjörðum. Þm. Vestm. sagði ennfremur, að 56 þús. kr. væri í rauninni of hátt reiknað, eftir þeim reikningum sem hann hefði, það yrði naumast meira en 40 þús., hvað á þá félagið eða stjórnin að gjöra við þær 75 þús. kr., sem áskildar eru í athugasemdinni í fjárlagafrumv.? Er það þá meiningin, að landssjóður eigi að fara að lána ritsímafélaginu stóra eða leggja fé út fyrir það?

Eftir því sem aths. liggur fyrir, og ef brtill. mín verður feld, þá er það víst, að vér leggjum út í kostnað, sem vér enga hugmynd höfum um, hve mikill er. Meiri hluti nefndarinnar hefir því rétt fyrir sér í því, að athugagreinin eigi að falla burtu. En komi frá hinum h. þm. eða öðrum till. um, að þingið veiti einhverja ákveðna upphæð, þó upphæðin væri 75 þús. kr., að félagið leggi símann og ábyrgist hann í 3 ár, þá greiði eg mitt atkv. með því, því hvort veitingin hljóðar upp á 56 eða 75 þús. er mér ekkert kappsmál.

Öllum mótsögnunum í ræðu hins h. þm. Vestm. (V. G.) ætla eg ekki að svara. En áður en eg sezt niður vil þó minnast á eitt atriði í ræðu hans, sem eg gat ekki annað en brosað að, þegar hann var að lýsa ókunnugleik hins hæstv. lh. á málinu, þá sagði þm.: »Og þetta veit eg nú með fullri vissu því eg hefi samið um það við stjórnarforseta Norðmanna«. Um hvað var hann að semja við stjórnarforsetann? Hver hafði gefið honum umboð til að semja fyrir Íslands hönd? Og hvaða heimild hefir hann til að blanda sér í ýms landsmál erlendis og semja um þau? Eg vil ráða honum til að láta Íslands pólitik í friði og að »halda sér á mottunni«, eg meina háskólamottunni og passa sína fyrirlestra þar, en hirða minna um að gerast erindsreki Íslands í stjórnmálum þess.

Björn Sigfússon: Eg þarf að skýra frá því, hvað mér gekk til þess, að koma með breyt.till. þá, sem stendur á þingskj. 258, undir 43. tölul. atkv.skrárinnar. Þar sem eg legg til að upphæð sú, sem ætluð er til flutningabrauta sé höfð til lagningar flutningabrautar í Húnavatnssýslu, að svo miklu leyti sem fé verður afgangs frá því að gjöra við hinar eldri flutningabrautir, í stað athugasemdar þeirrar, er stendur aftan við stjórnarfrumv. Þessi breyt.till. mín hefir sætt nokkrum andmælum í h. deild, en eg vona, að menn við nánari athugun komist að þeirri niðurstöðu, að það er ekki ástæðulaust að koma með þessa till. Eg vil leyfa mér að rifja það upp, að þetta hefir staðið í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumv. ár eftir ár; fyrst árið 1893. Þá var gjört ráð fyrir, að af þessu vegabótafé skyldi verja nokkru til að halda áfram flutningabraut í Húnavatnssýslu, en ekkert varð þó úr þessu þegar á átti að herða. Hið sama var ítrekað í athugas. stjórnarinnar við fjárlagafrumv. 1895, en það fór

á sömu leið. Í þriðja sinn var þetta endurtekið 1897, en ekki framkvæmt heldur en áður. Þetta sýnir, að það er ekki mikið að marka slíkar ráðagjörðir, og þegar svona er búið að margreka sig á það, vona eg að menn kannist við, að ekki sé ástæðulaust að setja ákveðið skilyrði um brúkun fjárins inn í fjárlögin sjálf. Einmitt þetta var líka gjört á síðasta þingi, þar sem ákveðið var að verja skyldi 14000 kr til flutningabrautar frá Akureyri fram Eyjafjörð, hvort sem það nú hefir verið heppilegt eða ekki. Eg er því miður sjálfur, ekki svo vel kunnugur í Eyjafirði, að eg geti með fullri vissu dæmt um þörfina á áframhaldi þessarar flutningabrautar, en eftir sögn kunnugra manna, sem eg trúi, er þörfin ekki mjög brýn þar. Sömuleiðis verður að viðurkenna, að á síðasta þingi var Eyjafirði ætlað svo mikið fé, að ætla mætti, að það hérað muni kannast við það, og bíða með þolinmæði um eitt fjárhagstímabil, á meðan sint væri öðrum flutningabrautum, sem áður hafa setið á hakanum.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að eg vildi fá allan þann styrk, sem ætlaður væri til flutningabrauta. (*Klemens Jónsson*: Breyt.till. hljóðar svo). Það er ekki rétt. H. þm. hefir víst ekki lesið till., eða gert það með sinni vanalegu fljótfærni. Í breyt.till. stendur, að fénu skuli varið til flutningabrauta í Húnavatnssýslu, þegar búið er að draga frá það fé, sem þarf til viðhalds hinum eldri flutningabrautum. Það getur hver og einn séð sjálfur, sem vill athuga það. Nú er gert ráð fyrir í athugasemdum við stjórnarfrumv., að til viðhalds eldri flutningabrautunum þurfi 5—6000 kr. hvort árið. Það er því fjarri hinu sanna og rétta að eg fari fram á að fá alt féð, enda væri það óðs manns æði að ætlast til þess, að ekkert væri skeytt um viðhald á þeim flutningabrautum, sem áður eru lagðar. Þessar 25000 kr. hvort árið mundu því að sjálfsögðu skertar um 5—6000 kr. eða meira, og væru þá ekki eftir nema 19—20000 kr. eða minna; og þegar athugað er, hvað eftir er ógert af flutningabrautinni í Húnavatnssýslu, þá sést, að hér er ekki mikið í lagt. Það þarf meira að gera en að leggja sjálfa brautina. Því að þar þarf líka að gera brýr á ár þær, er verða á leiðinni. Væri t. d. lögð flutningabraut frá Blönduósi vestur eftir, þá verður brátt fyrir á sú, sem Laxá heitir og nokkru vestar önnur á, er nefnist Gilja, og á allri leiðinni eru ekki færri en 7 ár, er brúa þarf, enda er ekki hægt að leggja þar nema örstuttan kafla brautarinnar, án þess á verði fyrir, er brúa þarf, en ekki þarf mikla brú til þess hún kosti æði mikið fé, og þegar búið er að byggja 1—2 brýr fyrir þetta fé, verður ekki afarmikið afgangs, sem getur gengið til brautarinnar. Eg leyfi mér því að vonast eftir, að menn athugi þetta vel, og komist að þeirri niðurstöðu, að breyt.till. mín hefir við gild rök að styðjast.

Eg vildi í sambandi við þetta minnast á, að á síðasta þingi kom fram sú stefna að minka féð til flutningabrauta, en auka það aftur til þjóðvega, og hefi eg ekkert út á þá stefnu að setja og álít hana rétta. En í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar frá síðasta þingi, sem aðhyltist þessa stefnu, eru taldir upp ýmsir vegakaflar af þjóðvegum, sem bráðnauðsynlegt væri að gera við, og þar á meðal er kaflinn austur við Hrútafjörð. Eg veit ekki betur en að það þing væri samdóma um að þetta væri bráðnauðsynlegt, en þó hefir farið svo með þessa ráðagjörð, eins og þær sem áður voru nefndar, að ekkert hefir orðið úr. Viðvíkjandi þessum vegakafla vil eg geta þess, að það er ilt, að ekkert hefir verið gjört við hann; á einum

stað við sjóinn er hann beinlínis bráðhættulegur yfirferðar, og hafa því komið kvartanir um hann til sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, og þar á meðal frá norðanpóstinum, og áskoranir um að gert væri við þennan kafla, þar sem beinlínis væri lífshætta að fara um hann á einum stað, en þar liggur vegurinn undir sjávarbökkum. Annars er allur þessi vegur með sjónum torsóttur og ilt að gera við hann til gagns, en fyrir ofan sjávarbakkana, þar sem vegurinn ætti að liggja, er ilt yfirferðar, meðan ekki er gert við. Þetta er að sönnu ekki ákaflega langur kafli frá Hrútafjarðarbotni út að Þóroddstöðum, en það má ekki lengur dragast að gera eitthvað við þennan veg.

Í sambandi við þetta vil eg leyfa mér að vekja athygli á því, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) mintist á við frh. 1. umr. þessa máls, sem sé því, hvernig fé því hefir verið varið, er veitt hefir verið til vegabóta. Því miður hefir sú orðið raunin á, að minna hefir verið unnið fyrir hið mikla fé, er hefir gengið til landssjóðsvega, en vænta mátti og mögulegt hefði verið, af því að næg hagsýni hefir ekki verið viðhöfð, sérstaklega í kaupgjaldi því, er landssjóður veitir verkamönnum við vegavinnu. Á þetta mun nú samt á seinustu árum komin nokkur breyting, en þó mun kaupgjald alment vera hærra við vegagerðir landssjóðs en við aðra vinnu í sveitum þeim, þar sem vegagerðin fer fram, og er það þó óeðlilegt, að sá, sem borgar í betri aurum, fái dýrari vinnu en hinn, sem borgar í lakari, en nú borgar landssjóður alla sína vinnu í peningum. Seinast þegar gjört var við flutningabrautina í Húnavatnssýslu, var kaupgjaldið við það verk hærra en í nokkrum stað, þar sem unnið var að sýsluvegum þar, og fyrir þessa óskynsamlegu tilhögun hefir landssjóður fengið miklu minni vinnu fyrir fé sitt en vænta mætti, hefði verið höfð meiri hagsýni.

Þó eg álíti reyndar, að fjárupphæð sú, sem gæti gengið til þessarar flutningabrautar eftir till. minni, sé alls ekki nægileg til flutningabrautarinnar í Húnavatnssýslu, og að þvert á móti vanti enn stórkostlega mikið fé, þá hefði eg þó heldur kosið, að klipið væri af þessari upphæð, ef fé fengist þá aftur til annars, sem eg álít enn meiri nauðsyn, sem er að lengja bryggjuna við Blönduós. Eins og h. þingd. er kunnugt, höfum við þm. í Húnavatnssýslu gjört áskorun til þingsins, að það veitti fé til þessa verks, og skrifað fjárlaganefndinni í því skyni. Eg játa að sönnu, að áætlunin um kostnaðinn við þetta verk er ekki nægilega undirbúin, og hefi eg því ekki séð mér fært að koma með breyt.till. um það að svo stöddu. Eg býst við, að verkfræðingur landsins komi innan skamms hingað, og ef hann hefir þá rannsakað þetta og gjört áætlun um hvað mikið fé þurfi til framlengingar bryggjunnar, þá er enn þá tími til að breyta þessu.

Eiríkur Gíslason: Eg vildi tala nokkur orð um fé það, er veitt er til vegabóta. Hinn h. 1. þm. Húnv. (B. S.), er síðast talaði, gat þess, að ráðgjört hefði verið undanfarin ár að veita fé til að fullgera brautina í Húnavatnssýslu, en það hefði eigi verið gjört. Ámælti hann þingi og stjórn fyrir aðgjörðaleysi þeirra í þessu efni. Fé það, er lagt hefir verið til flutningabrauta, hefir verið notað til að gera brautir til austursýslanna, Rangárvalla- og Árnessýslu, og til akbrautarinnar í Eyjafirði. Eg lét það í ljósi á síðasta þingi, að eg teldi flutningabrautirnar miður heppilega vegagerð, og síðan hefi eg sannfærst um, að þessi skoðun er á rökum bygð.

Það er fjarri því, að þær flutningabrautir, sem þegar er búið að leggja, komi að tilætluðum notum. Nú eru fullgerðar akbrautir austur í Rangárvallasýslu og til Þingvalla, en, svo sem kunnugt er, hafa þær enn ekki verið notaðar að neinum mun, og albúið, að þær verði fyrst um sinn ekki notaðar öðruvísi en venjulegir reiðvegir. Stefna sú, sem þing og stjórn hefir tekið í þessu máli, virðist vera heppileg, brautirnar hafa einmitt verið lagðar í þeim héruðum, sem fólksflest eru, og megi búast við að slíkar brautir komi nokkursstaðar að haldi, þá er það einmitt á þessum stöðum. Hinn h. 1. þm. Húnv. (B. S.) hefir lagt til í brtill. sinni á atkvæðaskránni 43, að lagt verði mikið af flutningabrautafénu til flutningabrauta í Húnavatnssýslu og hann tók það fram, að 7 ár væru á leiðinni, er brúa þyrfti, ætti vagnbraut þar að koma að tilætluðum notum. Í sumar verður fullgerð flutningabraut frá Selfossi niður á Eyrarbakka. Þá er nú tækifæri fyrir þá, sem búa nærri brautinni og reka verzlun á Eyrarbakka, að sýna það, hvort þeir hafi nokkurn hug á að nota brautirnar til vagnflutninga. Þar austur frá er sléttlent og fjölbygðar sveitir, sem að brautinni liggja. Flutningabrautin frá Akureyri fram Eyjafjörð er nú komin talsvert á veg og verður að líkindum lokið við hana á næsta sumri. Mönnum gefst nú færi á, bæði þar norður frá og eins hér syðra, að sýna, hvort þau not verða að brautunum, sem ætlast hefir verið til. Skyldi það koma í ljós, að brautirnar yrðu eigi notaðar sem vagnvegir, þá verður því eigi neitað, að ástæða væri til að hverfa frá þeirri vegagerð. Vagnvegir eru venjulega 6 álna breiðir en reiðveigir ekki nema 5 ál. og kosta því $^1/_6$ minna. Viðhaldskostnaður er því meiri á vagnvegunum, enda er það sannreynt, að þar, sem brautir eru lagðar eftir gljúpum jarðvegi, vilja þær fletjast út. Eg hygg því að réttast væri að leggja ekki fé til neinna nýrra vagnbrauta, en láta Eyjafjarðarbrautina sitja í fyrirrúmi fyrir brautinni í Húnavatnssýslu.

Brtill. við nr. 38 á atkvæðaskránni, um að veita 600 kr. til póstflutnings austur í Rangárvallasýslu, mun eg gefa atkv. mitt. Yrði fjárveiting þessi samþykt, væri bezt að ætla póststjórninni að sjá fyrir flutningnum. Eg get ímyndað mér, að póststjórnin gæti fengið menn til að taka þetta að sér fyrir minna en þessa upphæð. Síðasta ár mun hafa verið kostað til póstflutnings austur þangað 450 kr. Á þingi 1897 kom fram svipuð tillaga frá h. þm. Rvk. (J. Jenss.); var eg þá á móti þessari hugmynd og ber enda enn þá ekki mikið traust til hennar. En í þeirri von, að menn í Árnes- og Rangárvallasýslum noti þessar vagnferðir meðfram til vöruflutninga, þá gef eg tillögunnni atkvæði.

Eg mun greiða atkv. með brtill. frá h. þm. Dalam. (J. P.) um að færa upphæð til þjóðvega upp um 10000 kr. fyrra árið. Hinn h. þm. tók það fram, að tilætlan sín með breytingartillögunni væri sú, að fá vagnveg gerðan frá Árbæ inn að Leirvogum. Eins og kunnugt er, þá er viðunandi vegur frá Ártúni inn að Leirvogum og miklu meiri og brýnni þörf á vegagerð á aðalpóstleiðum víða annarsstaðar um landið. Það hefir verið tekið fram, að þörf væri á flutningsbraut á þessum vegakafla vegna ullarverksmiðjunnar á Álafossi, en eg fæ eigi séð, að vegurinn, eins og hann er nú, standi á neinn hátt verksmiðju þessari fyrir þrifum, því vegurinn inn eftir er góður reiðvegur og má því tafarlaust koma ullinni þangað. Engu að síður greiði eg atkv. með till. í trausti þess, að landsstjórnin noti

þetta fé þar sem mest er þörfin. Eg mun og greiða atkv. með brtill. h. þm. Mýr. (H. D.) um 2400 kr. styrk til Borgarfjarðarsýslu til að gjöra veg frá Skipaskaga að Blautós. Þá fjárveiting hlýt eg að telja mjög þarfa, þar sem Borgfirðingar munu hafa í hyggju að gera veg alla leið inn að Seleyri, sem hlýtur að kosta mikið. Og að því er snertir veginn yfir Breiðdalsheiði, er óneitanlega mikil þörf á honum.

Eg get eigi gefið tillögu h. 1. þm. G.-K (Þ. J. Th.) á þingskjali 246 atkv., enda þótt hann hafi fært þær ástæður fyrir till., að brýn þörf væri á vegabótinni og nauðsyn væri að veita bágstöddum mönnum þar suður frá atvinnu til lífsbjargar sér, af því að eg lít svo á eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, að sýslusjóður sé engan veginn fær um að leggja fram svo mikið fé, sem gert er ráð fyrir í tillögunni.

Till. á atkvskr. 43 gef eg ekki atkv. mitt. Þar sem sérstakar torfærur eru á þjóðveginum um Húnavatnssýslu, þá efa eg ekki, að landsstjórnin láti gera við það af þeim 25 þúsundum, sem ætlaðar eru til flutningabrauta.

Brtill. á þgskj. 220 um að verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara gef eg hiklaust atkv. Þar er, eins og kunnugt er, mjög brimasamt og veður því oft til fyrirstöðu, að bátar, sem fara eiga eftir fastri áætlun um langan veg, verði notaðir. Er því eina ráðið að nota færi til slíkra ferða, þegar veður er hentugt og ekki er brim. Eg ætla svo ekki að minnast á fleiri atriði, en sýni, er til atkvæðagreiðslunnar kemur, hvernig eg lít á hina einstöku liði.

Pétur Jónsson: Það eru að eins örfá atriði, sem eg ætla að tala um, og er þá fyrst um akbrautirnar. Eg álít nauðsynlegt, að akbrautirnar, eins og þær eru ákveðnar í vegalögunum, séu teknar til íhugunar í heild sinni og metin saman skilyrði og kringumstæður. Þetta hefir ekki verið gjört af þingi eða stjórn og vill þó eðlilega hver toga í sinn skekkil. Það þarf að athuga alla afstöðu, fyrst og fremst mannfjöldann, sem akbrautin er gjörð fyrir og það hlutfallslega gagn, sem hún vinnur. Það þarf að athuga kostnaðinn við að leggja hverja akbraut og væntanlegt viðhald hennar, athuga mishæðir og aðra örðugleika á lagningu þeirra, athuga kostnað við hestahald og önnur flutningafæri í viðkomandi héraði, o. s. frv. Samskonar yfirlit og þetta hefir hinn norski verkfræðingur, sem fenginn var hingað í fyrra, gjört viðvíkjandi brúarstæðum og ferjum á því svæði, sem hann fór um. Þegar þetta yfirlit er fengið, sýnist mér auðsætt að skipa akbrautum niður eftir röð, og hlýtur öllum að bera saman um, að sú akbrautin á að sitja fyrir, sem mest gagn gjörir í hlutfalli við kostnað og viðhald, að öllum þessum kringumstæðum yfirveguðum. Hnotabit út af því, hvort fyrst skuli koma akbraut í Húnavatnssýslu eða Eyjafirði læt eg liggja milli hluta. En það, sem sumir hafa fundið á móti akbrautinni í Eyjafirði, nfl. að hún væri gjörð fyrir einn mann (Magnús á Grund), hefir mér einlægt fundist vera henni til meðmæla, því einmitt vegna Magnúsar á Grund er vissa fyrir því að akbrautin verði notuð, en það er því miður lítið, sem bólar á því, að akbrautirnar hér austur yfir fjall séu notaðar, og hefi eg þó ekki verið á móti þeim. En eitt finst mér athugavert við þessa akbraut í Eyjafirði, mér þykir hún óþarflega dýr. Eg skil ekki í því að akbrautir

á sléttlendi og þar sem engar hindranir eru af ám eða giljum þurfi að vera til mikilla muna dýrari, en almennilegur reiðvegur eða reiðbraut, og þessvegna finst mér, að þessar 14000 kr. hefðu mátt endast nokkurnveginn alla leið fram í Grund.

Þá eru spítalarnir. Brtill. frá h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) um styrk til spítala í Reykjavík geðjast mér fremur vel í aðalatriðinu, hvort sem fjárupphæð sú, sem þar er tiltekin, er fyllilega nægileg eða ekki; en eg vil einnig að þetta spítalamál sé í heild sinni yfirvegað. Það er nú þegar komið á nokkurn rekspöl, því auk spítalans í Reykjavík eru komnir á fót spítalar á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði; það er því spítali í hverju amti og hafa héruðin og einstakir menn komið þeim á fót með styrk úr landssjóði. Til stofnunar spítalans á Akureyri hafa héruðin í Norðuramtinu þegar lagt um 7500 kr., hinn upphaflegi stofnandi um 7000 kr. og als hefir hann að sögn kostað um 25,000 kr. Eg hefi ekki skýrslur um stofnun spítalanna á Seyðisfirði og Ísafirði, en þeir munu á svipaðan hátt vera aðallega stofnaðir af héraðinu í kring og héraðsbúum. Mér sýnist því rétt, að spítali hér í Rvík sé að sama skapi styrktur af því héraði, sem næst liggur, nfl. Suðuramtinu og sýslum þess, en svo er eg á því, að þennan spítala hér í Rvík eigi landið að styrkja og fullkomna mest, einkanl. vegna læknaskólans hér.

Og svo er loks nokkur orð um frétta-þráðinn. Eg hefi ekki almennilega get að skilið það eða trúað því, að þeim væri alvara, sem hafa talað í móti athugasemd stjórnarinnar í frv. Eftir ástæðum stjórnarinnar fyrir þessari athugasemd að dæma, höfum við aðeins um tvo vegi að velja, annan, að fá þráðinn til suðurlandsins svo nálægt Rvík, sem unt er, eg býst við t. d. í Þorlákshöfn, og hinn að fá hann upp til austurlandsins t. d. Eskifjarðar eða Seyðisfjarðar og 300,000 kr. ofanálag til lagningar hans yfir land til Rvíkur.

Ef við tökum fyrri kostinn, þurfum við að vísu minnu við að bæta sjálfir til þess að koma þræðinum til Rvíkur, heldur en ef við tökum hinn síðari, en sá munur er þó tiltölulega mjög lítill og hann er það eina, sem við þurfum þá að kosta til þess að fá málþráðarsamband frá Austurlandi yfir Akureyri til Rvíkur. Eg ímynda mér að það geti ekki verið nein hreppapólitík, að menn greinir á í þessu máli, því að það hefir ekki verið sýnt fram á með rökum að Rvík hefði neinn skaða á því að þráðurinn lægi yfir land, grýlur í þá átt virðast vera kveðnar niður eða að minsta kosti hefir ekki bólað á þeim hér í deildinni. Og eg get því ekki heldur ímyndað mér, að neinum sé meingerð í því, að fleiri hafi gagn af fyrirtækinu, en menn hér í Rvík og nágrenninu.

Það að hafna síðari kostinum væri því sama sem að kasta 300,000 kr. í sjóinn, í staðinn fyrir að nota þær til að leggja þráð á landi. Auðvitað fylgir sá kostnaður landþræðinum að halda honum við og halda uppi málþráðastöðum, en upp í þetta er líklegt að kæmu að minsta kosti nokkrar tekjur. Eg get því ekki ímyndað mér, að menn verði mótfallnir því að athugasemd stjórnarinnar fái að standa óbreytt, þegar þeir hafa rækilega íhugað þetta málefni.

Sighvatur Arnason: Eg hefi ásett mér að tala nokkur orð um einn lið á atkvæðaskránni, nefnil. um seinasta liðinn, tölul. 59, sem er breyt.till. frá h. fjárlaganefnd við 12. gr. D í frumv. stjórnarinnar; þessi breyt.till. leggur það til, að feld sé burtu athugasemdin á

eftir fjárveitingunni til ritsímans. Eg vil fúslega játa það, að h. fjárlaganefnd hafi farist vel í flestum greinum fjárlaganna, er hún hefir haft til íhugunar, enda vil eg taka það fram, að eg mun fylgja henni í flestum atriðum með atkvæði mínu. En á hinn bóginn eru það að eins fáar breyt.till. frá öðrum háttv. þingm., sem eg mun gefa atkv. mitt. Nefndum, sem eru skipaðar í hin ýmsu mál vor, er ætlað að finna góð ráð til þess, er geti orðið til framfara og viðreisnar fyrir landið í heild sinni. En þó það sé svo, að nefndir séu skipaðar til að íhuga ýms mikilsvarðandi mál, þá vill sú niðurstaða oft verða hjá þeim, að ráð þeirra eru fremur til bráðabirgða, heldur en til langframa. Að vísu verður því alls ekki neitað, að bráðabirgðaráðstafanir geta verið mjög nauðsynlegar í ýmsum tilfellum, ef þær ekki útheimta of mikið fé. En eg álít samt sem áður, að framtíðarráðstafanirnar geti þó helzt af öllu orðið landinu til viðreisnar og heilla, þær ráðstafanir, sem menn sjá, að geti orðið til gagns og góða fyrir framtíðina.

Eg mintist á það í öðru máli, landbúnaðarmálinu, að það sem eg áliti helzt landbúnaðinum til eflingar, væru verulegar jarðabætur. Sem sagt, eg álít þær bezta ráðið fyrir framtíðina í þeirri grein.

Svo vil eg leyfa mér að fara fáeinum orðum um ritsímalagninguna. Það álít eg auðvitað vera framtíðarmál, og það fremur sem slíkt, heldur en það komi strax að gagni.

Þegar eg lít á athugasemdina við frumv., þá er það tvent, sem vakir fyrir mér.

Það er þá fyrst, að ef vér fellum athugasemdina burtu, samkvæmt tillögu nefndarinnar, þá fellum vér frá vorri hálfu skilyrðið fyrir því, að sá sem leyfið fær til að leggja ritsímann yfir sæ, leggi til 300,000 kr. til landsímans. — Það skilyrði hefir stjórnin sett þeim, er sæsímann leggur.

Í annan stað er það að segja, að ef þingið fellir burt athugasemdina, þá sýnum vér með því, að oss sé ekki svo mjög ant um fyrirtækið, þar sem vér að eins látum það framlag standa, sem ákveðið er undir sjálfum tölul. frumv., nefnilega þessar 35,000 kr. Og þó vér veitum þessa upphæð, þá kann eg ekki við að fella athugasemdina burtu, því þetta sýndi um of áhugaleysi vort um þetta þýðingarmikla framfaramál. Því eg er eindregið á þeirri skoðun, að þetta gæti orðið til hinna mestu framfara fyrir landið í heild sinni.

En hins vegar get eg játað það, að eg gæti verið með að breyta þessu skilyrði, sem athugasemdin talar um, nefnil. þessu 75,000 kr. tillagi til landsímans, annaðhvort með því að lækka þessa fjárupphæð, eða þá á einhvern annan hátt, t. d. með því, að orða þetta skilyrði nokkuð ákveðnara. Eg er sem sagt eindregið með því, að fella ekki athugasemdina burtu.

Vér megum ekki láta standa á verulegu tillagi frá vorri hálfu, svo að málið ekki únýtist fyrir þá skuld. Eg vildi þá að minsta kosti fá eitthvað í staðinn, sem sýni áhuga vorn á málinu.

Þó vér leggjum til 35,000 krón. til svona stórkostlegs fyrirtækis, þá má segja, að það sé numið undan nöglum sér. En eins og eg sagði, þá er eg fyllilega á því, að þetta fyrirtæki gæti orðið landinu mjög mikið til viðreisnar, þegar litið er á það málþráðarsamband sem vér kæmumst í við önnur lönd. — Og eg vil taka það fram, að eg legg miklu meiri áherzlu á hin stærri fyrirtæki heldur en hin.

Vitanlega höfum vér margt við peninga að gjöra, og margt, sem þarf að gjöra, en vér brúkum féð ekki nema

til bráðabirgða, og til hinna smærri fyrirtækja, sem lítinn arð gefa í aðra hönd o. fl., t. d. greiða fyrir smávegis peningalánum, svo að menn geti fengið lán til bráðabirgða, svo sem hallærislán og því um líkt. En mér finst nú ekki mega gleyma eða fremur þurfa að hugsa fram í tímann um framtíðarráð, en ekki eingöngu um bráðabirgðarráð; af þeim er lítil framtíðarvon. Að hugsa meira fram í tímann með góðum ráðum álít eg mjög heppilegt.

Eg ætla ekki að svara því, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði gegn athugasemdinni, því það verða aðrir til þess að svara því.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Það eru að eins fáein atriði, sem eg ætlaði að víkja nokkrum orðum að í þetta sinn. Það eru þá fyrst flutningabrautirnar, sem eg ætla að tala um.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) tók það fram, að hann væri á móti flutningabrautum, og hélt því fram, að betra væri að verja því, sem til þeirra gengi, til þess að bæta þjóðvegina. Samt voru á síðasta þingi veittar 14,000 kr. til flutningabrauta í Eyjafjarðarsýslu, en eg var á móti því. Eg er enn á móti því, að kostað sé til nýrra flutningabrauta, vil heldur láta styrkja þjóðvegina, en láta flutningabrautirnar hvíla sig. — Og þó flutningabrautinni í Eyjafirði sé ekki haldið áfram, þá álít eg það engan skaða; bezt er að sjá, hverju fram vindur og hvernig hún gefst.

Nú er komin breyt.till. frá h. þm. Húnv. (B. Sigf.) á þingskjali 258; þar fer hann fram á, að þær 25,000 kr., sem stjórnin ætlaði til flutningabrauta, gangi til viðhalds á flutningabrautum og til flutningabrautar í Húnavatnssýslu, en sú flutningabraut er jafnframt þjóðvegur, og það tók h. þm. Snæf. (E. G.) ekki til greina. Eg hallast því fremur að þessari breyt.till., þar sem hún snertir ekki að eins flutningabrautir, heldur einnig þjóðvegi.

Hér á þinginu hefir komið til orða að styrkja gufuskipafélög með fé úr landssjóði, auk hins þriðja, nefnilega hins sameinaða gufuskipafélags. Það hefir verið tekið fram viðvíkjandi skipum Wathnes, að þau væru góð og ferðir þeirra reglulegar og áreiðanlegar. — Mér dettur heldur alls ekki í hug, að efast um það.

En hvað snertir skip Tuliniusar, þá hefir því verið haldið fram, að þau væru eigi sem áreiðanlegust og ferðir þeirra væru óreglulegar. Mér finst, að þó eitthvað kynni að vera hæft í þessu, þá geti slíkt staðið til bóta, og hitt veit eg, að Tulinius hefir áhuga á því, að það geti orðið.

Að því er fjárlaganefndina snertir, þá varð það ofan á, að hún vildi hvorugt félagið styrkja, heldur að eins eitt félag eins og áður, nefnil. hið sameinaða gufuskipafélag. En þetta félag þykir ekki ávalt rækja sem bezt skyldu sína, og á það sér stað t. d. í mínu kjördæmi: að »Hólar« fara fram hjá Hornafirði jafnvel í góðu veðri og björtu. Skipstjóri á Hólum hefir talið það miklum annmörkum bundið að komast þangað inn, og þótt það tefja ferð sína um of. En hann hefir oftast hafnsögumann þangað, og kostar þar miklu fé, en jafnvel þótt hann hafi hann, hafa komur hans á Hornafjörð einatt brugðist mörgum til mikils tjóns.

En nú dettur mér í hug, hvort hið sameinaða gufuskipafélag myndi ekki tilleiðanlegt að sleppa Hornafirði úr sinni áætlun, mót því, að það léti af hendi 1000 kr. af landssjóðstillaginu. Ef svo gæti tekist til, væri heppilegt, að þessar 1000 krónur gengu til Tuliniusar. Tulinius mundi fús til þess að taka að

sér þessar ferðir, einkum þar sem hann hefir mikil viðskifti við bróður sinn á Hornafirði. Með því gæti orðið haldið sambandinu milli Reykjavíkur og austurlandsins, þar sem gert er ráð fyrir, að skip Tuliniusar komi stundum til Reykjavíkur En eins og tillagan liggur fyrir, þá vil eg taka það fram, að mér finst hún ekki vel orðuð, en eg vildi skjóta því til hæstv. landsh., hvort eigi mætti orða hana öðruvísi.

Þá kemur breyt.till. um ritsímann. Það hafa orðið fjörugar umræður um hann í dag, og er það eins og á að vera um svo mikilvægt mál. Það er sjálfsagt eins og háttv. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) sagði, að það mál er framtíðar- og framfaramál, en mér finst það ekki hafa komið skýrt fram, hvorki hjá honum, né hjá öðrum h. þingm., að hverju leyti það væri framfaramál, í hverja átt þær framfarir myndu stefna. Eg hefi heyrt það tekið fram utanþings, að inn í landið kæmi innlend kaupmannastétt, í staðinn fyrir hina útlendu kaupmenn, og væri það auðvitað mjög mikilsvert. En mér þætti samt mjög æskilegt, að betur væri sýnt fram á, í hverju gagnið væri fólgið.

Þetta er nýstárlegt fyrirtæki hér og ákaflega kostnaðarsamt, og mér finst það engin furða, þótt menn séu á báðum áttum, þegar landið á að taka mikinn þátt í jafn-stórkostlegu fyrirtæki. Og eg vil líka vel skoða huga minn, áður en eg greiði atkvæði í þessu máli.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) hélt langa ræðu og talaði með miklum ákafa um þetta mál. Hann hélt því fram, að kostnaðurinn myndi verða nærri eins mikill eins og gert hefði verið ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar, en hann fekk andmæli frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.); hann hélt að hyggilegra væri, að landssjóður legði til ríflega fjárupphæð, fastákveðna upphæð til landsímans, en aftur skyldi félagið annast lagningu landsímans fyrir þessa ákveðnu upphæð frá vorri hálfu. Mér fyrir mitt leyti finst það heppilegast. Mér þykir það kynlegt, ef félagið ekki vildi ganga að þessu, eða þá einhver auðmaður, því mig uggir, að það verði mjög dýrt fyrir landið.

Eins og mönnum er kunnugt, þá hefir nýlega tekist að senda hraðskeyti ritsímalaust. Það hefir tekist að senda skeyti þannig yfir sundið milli Englands og Frakklands. Ef þessi nýja uppfundning tæki framförum, þá gæti eins orðið unt að koma því við hér að senda hraðskeyti í loftinu frá stöð til stöðvar innanlands. Óheppilegt, ef þessi aðferð yrði bráðum almenn, að vér værum búnir að leggja landsíma með stórum miklu meiri kostnaði. Ritsimafélagið hefir ekki tekið þessa uppgötvun til greina, hefir ef til vill þótt það markleysa ein, eins og vikið hefir verið á nýlega í einu blaði hér, en slíkt er ekki fyllilega að marka. Það hefir ávalt verið svo, að þeir sem þykjast vera komnir að sannleikanum í einhverju efni, eru seinir á sér til nýunga.

Eg vil styðja þetta mál, en eg vil ekki koma því þannig fyrir, eins og hér hefir verið farið fram á.

Sigurður Gunnarsson: Eins og vant er, liggja hér fyrir margar breyt.till., en engin þeirra er eins þýðingarmikil og breyt.till. undir tölulið 59, sem fer fram á að athugagreinin um ritsímann falli burt. Eg ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessa breyt.till.

Afstaða mín í nefndinni í þessu máli var á þann veg, að eg var einn af þeim, sem vildi láta þessa athugagr. í stjórnarfrumv. halda sér, og mun eg greiða atkvæði með því. Aftur voru ýmsir meðnefndarmenn mínir á móti

því, t. d. h. þm. A.-Sk. (J. J.). Eg nefni hann fyrstan, af því hann var sá eini, sem virtist gefa í skyn að hann efaðist um að þetta mál hefði svo mikla þýðingu, og hann óskaði skýringar á því, að hverju leyti ritsíminn gæti orðið landinu til góðs. Eg held nú að engum öðrum en hinum einangruðu Íslendingum geti blandast hugur um, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða. Hér er enginn ritsími, svo við getum ekki af eigin reynslu dæmt um þýðingu hans. En eg vil biðja þá, sem óska skýringar í þessa átt, að líta út yfir hafið til annara landa, því þar liggja allar skýringarnar. Það er staðreynt og hefir þráfaldlega sýnt sig, að alstaðar þar sem ritsími er, þar hefir hann haft líkamlegar og andlegar framfarir í för með sér, og þetta er sönnun, sem enginn getur haft á móti. Mér getur ekki betur skilist, en að það sem leiðir til framfara í öðrum löndum, muni einnig gera það hér á landi. Ef það er satt, að við Íslendingar séum einangraðir og á eftir öðrum þjóðum, og að einmitt einangrunin standi okkur fyrir þrifum, þá hlýtur það einnig að vera satt, að ritsímasamband við önnur lönd mundi verða öflugt meðal til framfara. Á þinginu 1897 komust menn að þeirri niðurstöðu, að þetta væri eitt af okkar þýðingarmestu málum, og veitti þingið til þess 35,000 kr. Nú hefir stjórnin tekið málið að sér og á hennar tillögum ætti fjárlaganefndin að byggja. Það hefir oft verið sagt að stjórnin væri ókunnug ýmsum málum, en eg held að það komi varla til greina í þessu máli, og vil eg því að þingið taki höndum saman við hana. Það hefir einnig verið farið út í áætlanir stjórnarinnar um kostnaðinn, og sagt að þær væru vitlausar, en eg held að menn ættu að fara varlega út í þær sakir, því um þetta hefir enginn Íslendingur reynslu eða vit til að dæma Við verðum að treysta þeim, sem betur vita, og eiga það undir fagmönnum að dæma um þetta. Eg legg mikla áherzlu á, hvað stjórnin leggur til, og þegar eg frekar lít á afstöðu stjórnarinnar í þessu máli, þá er annaðhvort að stjórnin fer á hundavaði og vill eyðileggja okkar fjárhag, eða þá að hún vill leggja okkur gott til, og á þeirri skoðun er eg. Stjórnin er ekki kunn að því að vera að ýta undir okkur með fjárframlög, en hér hefir hún gert það. Hún hefir leitað samkomulags við ríkisþingið og norræna ritsímafélagið, og ber það vott um, að henni hefir gengið gott eitt til. Það getur verið að skilyrði þau, sem ríkisþingið hefir sett fyrir sínu fjárframlagi, séu nokkuð hörð, en það er ekki að vita, nema þau geti staðið til bóta síðar. Mótstöðumenn þessa máls eru að bera við hinum mikla kostnaði, en eg er hræddur um að ástæðan sé meðfram önnur, nefnilega sú, að þeir álíti það »conditio sine qva non« að sæsíminn verði lagður hingað til Reykjavíkur. Eg væri og fús til að styðja það, ef eg, ettir öllum atvikum, sæi það málinu í heild sinni fyrir beztu, en það er síður en svo, að eg álíti það.

Eg skal þá minnast á það, að hæstv. landsh. í hinni síðustu ræðu sinni yfir höfuð lýsti ánægju sinni yfir gjörðum nefndarinnar. Þó fór hann ekki sérstökum orðum um þetta eða gaf neina yfirlýsingu í þessu þýðingarmikla atriði, og ímynda eg mér, að honum kanske hafi þótt skilyrðin, er eg áðan nefndi, nokkuð ströng. Eg býst nú við að hann taki síðar til máls um þetta efni, svo afstaða hans verði ljós. H. þm. Árn. (Tr. G.) og h. þm. Vestm. (V. G.) hafa verið að bítast í þessu máli, en eg vona að »manninum á mottunni« takist að standa sig móti

tómthúsmanninum. Annars óska eg helzt, að þeir gætu jafnað þetta með sér, og unnið í bróðerni að heillavænlegum framgangi málsins.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal ekki að þessu sinni þreyta deildina með löngum umræðum. Eg á hér eina till. sem er komin svo að segja eftir dúk og disk, nefnilega eftir að búið er að prenta atkvæðaskrána. Eg vona að hún gleymist ekki, þó eg kunni að gleyma henni, og sérstaklega ætla eg að vona að sá læknisfræðingur, sem situr hér í deildinni, gleymi henni ekki, og skyldi svo fara að hann gleymdi henni, þá vona eg að einhver af sérfræðingum hans minni hann á hana.

Þessi till., sem eg hér á við, fer fram á að þingið veiti 25000 kr. til að stækka og bæta sjúkrahúsið í Reykjavík. Deildinni er kunnugt um, að það er uppi hreyfing í þá átt að koma á fót svokölluðum landsspítala, og er áætlað að hann mundi kosta hátt á annað hundrað þús. eða 200,000 kr. Slíkur kostaður er landinu ofvaxinn. Það hefir komið fram tillaga um að færa þetta niður í 50,000 kr. og í árlegan kostnað 9—10,000 kr., og áttu þar nokkrir sjúklingar að fá hjúkrun ókeypis. Eg geng nú að því vísu að þingið að svo stöddu ekki treystist til að ganga að þessu. Þó verða víst allir að játa, að það er brýn nauðsyn að koma upp rúmbetri spítala hér í Reykjavík, en nú er hér. Þingið hefir þegar lagt svo mikið til heilbrigðismála, að eg geng að því vísu, að það að þessu sinni ekki sjái sér fært að leggja út í að veita fé til landsspítala, hvort það nú heldur eru 50,000 eða 200,000 kr. En til þess nú að fara milliveg og reyna að bæta úr brýnustu þörfinni, hefi eg komið fram með þessa tillögu um að veita 25,000 kr. til að stækka spítalann með því skilyrði að hann síðan sé eign landsins. Eg hefi heyrt það utan að mér, að þessi tillaga mín um að nota gamla spítalann finni ekki náð hjá læknunum, og að þeir beri því við að húsið sé óbætanlegt, standi á illum og óheppilegum stað og hafi ekkert vatnsból. En eg fyrir mitt leyti ímynda mér að þessar háu kröfur um landsspítala, sem nú liggja í loftinu, blindi svo augun á þeim, að þeir geti ekki séð að hér megi fara neinn milliveg. Maður verður að sníða sér stakk eftir vexti. Þegar miðað er t. d. við stýrimannaskólann, sem kostaði eitthvað um 20,000 kr., þá trúi eg ekki öðru en að hægt sé fyrir 15,000 kr. að byggja nýtilegt hús í viðbót við hinn núverandi spítala, og ef gert er ráð fyrir að verja 4000 kr. til að bæta þennan spítala, þá verða eftir 6000 kr. til að kaupa rúm, áhöld o. fl. Eg get því ekki séð annað en að sú upphæð, sem eg fer fram á, sé nægileg til að bæta úr þörfinni. Hér er farið fram á að landið eigi spítalann, en aftur fara aðrir fram á að Reykjavík njóti sérstakra hlunninda við hann. Eg get nú ekki verið því samdóma, því Reykjavík á ekkert í spítalanum. Hann er upphaflega stofnaður með félagsskap einstakra manna og er enn þann dag í dag eign privat-manna hér í bænum. Eg skal leyfa mér að benda á 2 af þessum mönnum, sem eru vel þektir á þinginu. Það eru hæstv. landsh. og h. forseti Ed., og eg veit að forseti Ed. hefir undir hendi skjöl, sem geta sannað þetta. Spítalinn hefir áður verið boðinn bæjarstjórninni til kaups, en hún vildi ekki sinna boðinu. Fram að 1875 lagði bæjarstjórnin til spítalans 50 dali með því skilyrði að létta fátæklingum og vinnufólki sjúkrakostnað. Eg get því ekki séð að Reykjavík geti gert kröfur til

neinna sérstakra hlunninda þótt landssjóður eignaðist spítalann. Eg hefi í tillögu minni gert ráð fyrir, eftir sem áður, að kalla það sjúkrahús en ekki landsspítala, því eg gef lítið fyrir stáss eða nafnið, heldur gagnið. Fyrir mér vakir að eins að koma málinu í praktiskt horf. Ef till. mín skyldi þykja að einhverju leyti óheppileg, þá er hægt að gera nógar breytingar við hana á þingi 1901. Það getur ekki verið búið að gera húsið úr garði fyrr en seint á árinu 1900, og spítalinn ætti að geta búið við þessar 25,000 kr. þangað til á sumrinu 1901. Eg er fús á að taka hverri bendingu, sem kemur fram, og vona eg að eg geti sameinað mig við mótstöðumennina við 3. umr. Eg býst ekki við að eg svari árásum af hendi læknanna, því eg hefi áður sagt þeim mína afstöðu í málinu, og hún miðar þeim til hags fremur en hitt. Ef þeir fella þessa till., þá er það á þeirra ábyrgð að sjúklingar ekki geta fengið húsrúm. Það var að eins gagnvart öðrum deildarmönnum að mér fanst heppilegra að koma heldur fram með tillögu nú en seinna, en sem sagt má laga tillöguna við 3. umr., ef þörf er.

Um aðrar breyt.till. mun eg ekki verða langorður en sýna með atkvæði mínu, hvernig eg lít á þær. Þó skal eg minnast fám orðum á breyt till. h. fjárlaganefndar að hún vill fella burtu athugasemdina um tjárveitinguna til rit. símans. Þessu máli er svo háttað, að ef vér álítum að það hafi mikla þýðingu fyrir land og lýð, og eg er einn í þeirra tölu, sem þá skoðun hafa — þá er ekki horfandi í allmikinn kostnað til að koma því fram. Það er ekki rétt hjá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að vér vöðum reyk að því er kostnaðinn snertir. Vér höfum fyrir oss áætlun um hann, og eg hygg að hver, sem hana rannsakar, muni komast að þeirri niðurstöðu, að hún sé fremur há en lág. Eg skal benda á það, að þótt alþýða manna hér á landi kunni að vera deig að leggja fram fé til stórfyrirtækja, þá eru sumir alþýðumenn ódeigari í þessu máli en h. þm. Arn. (Tr. G.).

Á þingmálafundi í Borgarfirði í vor, þar sem því nær tómir bændur voru samankomnir, var það samþykt að skora á þingið, að gjöra alt, sem það sæi sér kleift, til að koma Íslandi í ritsíma samband við útlönd, og það þótt það jafnvel kostaði landið alt að 80,000 kr. á ári. Það er undarlegt þegar menn eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), menn sem ættu að hafa vit á þýðingu málsins, og eru að öðru leyti áhugamenn, það er undarlegt, þegar þeir fara að leggja á móti málinu; eg á bágt með að skilja hvað þeim getur gengið til þess. Mér dettur ekki í hug að væna h. þm. Árn. (Tr. G.) þess, að hann gjöri það af persónulegum hvötum, en það er sorglegt, þegar svona mál grípa þverófugt eins duglega menn til framkvæmda eins og eg þekki að h. þm. Árn. (Tr. G.) er. Eg mundi greiða atkvæði með máli þessu, þótt um meiri kostnað væri að ræða en hér er gjört ráð fyrir, því að þótt hægt væri að fá sæsíma lagðan beint til Reykjavíkur fyrir minna gjald, og þótt það kynni að vera hagkvæmara fyrir oss Sunnlendinga, þá er eg kominn á þá sannfæringu, að heppilegast sé fyrir landið í heild sinni að síminn sé lagður á land á Seyðisfirði, og svo þráður þaðan yfir land til Reykjavíkur. Með því mót mundi þess ekki langt að bíða að allir helztu staðir á Íslandi kæmust í ritsímasamband við útlönd. Það eru ýmsir staðir á Íslandi, svo sem Seyðisfjörður og Ísafjörður, sem verzlunar vegna þurfa eigi öllu síður á ritsímasambandi að halda við útlönd en Reykjavík. Og þegar jafn þektur maður og

Hanson verkfræðingur er búinn að rannsaka landleiðina, og lýsa því yfir, að bilunarhættan sé eigi nærri eins mikil og ætlað var, þá segi eg fyrir mig, að þær grýlur eru í mínum augum kveðnar niður, sem otað hefir verið að mönnum í máli þessu.

Þá er að minnast stuttlega á 46. tl. á atkv.skránni, þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) fer fram á að sýsluvegasjóði Gullbringu og Kjósarsýslu sé veittur alt að 20000 kr. styrkur til að gjöra veg suður frá Reykjavíkurlandi gegn því að sýsluvegasjóðurinn leggi til jafnmikla upphæð. Hæstv. landsh. tók það réttilega fram, að sýsla þessi væri svo á vegi stödd, að hagur hennar mundi knapplega leyfa henni að taka lán þetta nú. En þó skal eg benda á eitt atriði, sem ætti að gjöra lántökuna mögulega, og það er að sýslan er þegar búin að verja 10000 kr. til vegagjörðar þessarar, og mun svo vera tilætlast, að þessar 10000 kr. séu taldar með, þegar um tillag sýslunnar er að ræða. Eg get þessa af því, að málið kom til umræðu á amtsráðsfundi í vor, þótt það að vísu megi teljast nokkuð vafasamt, hvort sýslan muni hafa heimild til að reikna 10000 krónurnar móti hinum umsótta landssjóðsstyrk. En mætti hún telja þær með tillagi sínu, þá mundi eg greiða atkvæði með till., því að eg verð þó að telja sýslunni fært að bæta við sig 10000 kr. láni til vegagjörða enn að nýu.

Jón Jensson: Það eru að eins fá atriði í þessum kafla fjárlaganna, sem eg ætla að leyfa mér að minnast á; og er þá fyrst að nefna 37. töluliðinn á atkvæðaskránni, sem fer fram á að veita O. Wathnes Arvinger 1000 kr. ársstyrk til að halda uppi gufuskipaferðum milli Íslands og Noregs. Það hefir verið mælt með styrkveitingu þessari, af því að skipaferðir þær, sem hér ræðir um, hafi reynst áreiðanlegar, og séu hinar gagnlegustu fyrir landsmenn, og líka af því að maður sá, sem ferðum þessum kom á, hafi verið alls góðs maklegur fyrir afskifti hans af samgöngum vorum. En svo vil eg bæta einu atriði við meðmælin með styrkveitingunni, og það er það, að þessar ferðir auka hið beina samband milli Íslands og Noregs, og að því leyti stendur þessi tillaga í sambandi við tillögu, sem eg hefi leyft mér að koma með, og sem fer fram á að þingið veiti fé til að launa með verzlunarerindreka fyrir Ísland í Björgvin. Eg mun því greiða atkvæði með till. þessari, en mun að öðru leyti síðar í ræðu minni, hverfa aftur að tillögunni um verzlunarerindrekann, og skýra hana betur; en ætla nú að víkja að tillögunni um það, að veita 600 kr. á ári til þess að halda uppi vagnferðum úr Reykjavík austur í Rangárvallasýslu. Sú tillaga sýnist hafa verið nokkrum misskilningi undirorpin. Það er ekki sjálfsagt að þessar 600 kr. verði brúkaðar upp, og því er að eins farið fram á að veita alt að 600 kr. Þessi upphæð er sett svona há, til þess að stjórnin hafi nægilegt fé milli handa, til að geta tekið tilboði því, sem Thomsen kaupmaður hefir gjört, um að halda vagnferðum þessum uppi; en vér teljum sjálfsagt að lagt verði til grundvallar við samningana milli Thomsens og póststjórnarinnar tilboð það, sem hann hefir gjört, því að vér teljum hann bundinn við það. Eg játa, að það þarf að breyta tillögunni þannig, að endastöðin sé ákveðin Ægisíða en ekki Árbær, og mun verða komið með breytingartill. í þá átt. Thomsen kaupmaður hefir lýst því yfir, að hann væri fús á að sjá um að póstflutningnum yrði komið frá Ægisíðu að Odda, sem er

skamt þaðan, og kæmist þá væntanlega á samkomulag milli hans og póststjórnarinnar um það, ef hann á annað borð tekur að sér vagnferðirnar og póstflutninginn austur. En ekki er það meiningin að borgun fyrir þann aukaflutning yrði greidd af þessum 600 kr. heldur af póstflutningsfé. Þá skal eg minnast á það, að sumir h. þm. hafa hneykslast á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur skuli taka lóðargjald af lóð þeirri sem holdsveikisspítalinn stendur á, og erfðafestugjald af óbygðri lóð spítalans. Það hefir verið borið fram, að Reykjavíkurbær hafi látist hafa gefið lóð þessa, en nú komi það upp úr kafinu, að hann hafi gjört sér hana að gróðauppsprettu, og að vissu leyti narrað Oddfellóa, því að þeir muni hafa gengið út frá, að þeim hafi verið afhent spítalalóðin kvaðalaus. Eg skal ekkert segja um það, hvað þeir kunna að hafa hugsað um þetta. En því verð eg að halda fram, að hefði bærinn ekki komið til og gefið þessa góðu, fallegu og velvöldu lóð, þá mundu Oddfellóar hafa orðið að kaupa aðra lóð dýrum dómum, og þó orðið að borga eins lóðargjald af henni eins og þessari lóð. Hér er því um reglulega gjöf að ræða, og Reykjavíkurbær hefir hlíft byggjendum spítalans við að kaupa lóð fyrir ef til vill svo þúsundum króna skiftir. Það hefir aldrei verið farið fram á það af Oddfellóum, að þeir hefðu gjaldfrelsi fyrir lóð sína um aldnr og ævi. Eigi að síður hefir bæjarstjórnin vilnað þeim í með gjaldið, því í stað þess að leggja alment lóðargjald á spítalalóðina,hefir hún látið sér nægja erfðafestugjald af henni, sem er fullum þriðjungi lægra.

Þá þarf eg og að minnast á 59. liðinn.

Eg verð að játa það, að eg er einn í þessum meiri hluta fjárlaganefndarinnar, sem vill fella burt athugasemdina við fjárveitinguna til ritsímans. Verð eg því að reyna að forsvara mig og gjöra grein fyrir atkv. mínu.

Í hitt eð fyrra samþykti þingið að leggja á landið 35000 kr. árgjald um 20 ár til sæsímalagningar. Þetta var allhá upphæð, og eg tel víst að það hafi stutt málið mikið, að hér var um ákveðna fjárupphæð að ræða, enda mátti búast við, að þegar sæsíminn væri kominn hingað til lands, þá mundi í félagi því, er tæki að sér sæsímalagninguna, vinnast góður samverkamaður í því að koma sem flestum hlutum landsins í samband við umheiminn; það mátti sem sé ganga að því vísu, að félagi því, sem lagt hefði svo mikið fé í sæsímann, mundi verða áhugmál að fá sem mest uppland handa símanum hér á landi. Nú hefir máli þessu eiginlega ekki þokað áfram síðan á síðasta þingi, en það er búið að snúa því svo við, að vér fáum ekki sæsímann, nema því að eins að vér ráðumst í að leggja á oss gjöld, sem vér getum ekkert yfirlit haft yfir, hve mikil muni verða. Nú er svo komið að norræna ritsímafélagið vill leggja þráðinn upp til Austurlands; þangað er leiðin styttri, svo að það gjörir ráð fyrir að spara við það 300,000 kr., og þetta fé vill það svo leggja til landsímans, alt svo ekki leggja fram einum eyri meira en ef það hefði lagt hann upp til Suðurlandsins. Það sem á vantar eiga Íslendingar að leggja til, og það er alsendis óvíst hve mikið það verður. Til þess að leggja eina línu frá Seyðisfirði um Akureyri og til Reykjavíkur er á pappírnum sagt að vér eigum að leggja til 56000 kr. í viðbót við 300000 kr. frá ritsímafélaginu, en áætlanir þær, sem þessi upphæð er bygð á, eru eftir viðurkenning stjórnarinnar og félagsins ekki áreiðanlegar. Reynslan sýnir að áætlanir eru yfir höfuð ekki áreiðanlegar. (*Valtýr Guð-*

mundsson: Hér er alt vel í lagt); nei, vér vitum að það er algengt, að kostnaður verði fullum 1/3 meiri en áætlun hefir gjört ráð fyrir (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Það eru okkar innlendu áætlanir sem svo eru). Þeir, sem til þekkja, vita, að á svona stórri áætlun þarf ekki miklu að muna til að hleypa kostnaðinum fram um tugi þúsunda og jafnvel um hundrað þúsundir, og enda játar stjórnin hér að hún þori ekki að byggja á áætluninni, þetta sést líka glögglega á því, að hún biður ekki um 56000 kr. eins og gjört er ráð fyrir að vanta muni heldur um 75000 kr. Hvaða meining væri í því að láta oss leggja til þessar 20000 kr. fram yfir það sem þörf gjörðist, væri áætlunin áreiðanleg. Þetta eitt fyrir sig sýnir það, að vér bindum oss alveg óákveðna byrði á herðar, ef vér samþykkjum athugasemdina. Þó er ekki búið með þetta. Þessi eina lína setur ekki nærri alla helztu verzlunarstaði vora í samband við sæsímann, og það leiðir því af sjálfu sér, að kjördæmi landsins munu hvert eftir annað koma með kröfur um að fá línur til sín, eins og von er, og þá höfum vér ekki norræna ritsímafélagið til að hjálpa oss. Af oss mun heimtuð aukalína til Ísafjarðar, austur í Skaftafellssýslur o. s. frv. Það er ekki gott að vita, hvað þessar aukalínur muni kosta, en líklega yrði það ekki öllu minna en höfuðlínan, eða 300—400000 kr. Þá fer nú kostnaðurinn til fréttasimans að verða æði mikill, sjálfsagt langt yfir 100000 kr. á ári. Vér kæmumst hér inn á braut, sem ekki er hægt að snúa aftur á, en sem vér þó vitum ekkert hvert flytur oss, braut sem vér verðum að ana áfram á í blindni

Það hefir verið sagt, að yrði málið ekki samþykt, eins og stjórnin leggur það fyrir, á þessu þingi, þá væri sama sem það væri fallið. Þetta er ekki satt. Stjórnin sjálf segir að lítil líkindi séu fyrir að sæsíminn geti komist á fyr en 1901, það er því víst alveg óhætt að fullyrða að málið sé alls eigi fallið, þótt eigi sé veitt fé til landsímans á þessu þingi, einasta gæti það orðið, að lagning hans frestaðist um 1—2 ár fyrir það, og eg fæ ekki séð, að við það sé mikill skaði skeður.

Mér sýnist það lang réttast af þinginu, ef það vill ekki fara út í botnleysu, að taka sér umhugsunartíma til næsta þings, það hlýtur að vera skaðlaust hvort sem þingið er málinu hlynt eða eigi. Það hefir verið talað um það að Danir mundu taka aftur tilboð sitt um fjárframlög til sæsímans, ef ekki fengist trygging fyrir að landsíminn yrði lagður. Eg veit ekki til að þetta sé á rökum bygt. Eg veit ekki til að ríkisþingið hafi sett neitt slíkt skilyrði fyrir fjárveitingu sinni. Það leiðir beint af ríkissambandinu, að Danir geta ekki skorast undan að taka þátt í sæsímalagningu hingað til lands, ef aðrir vilja styðja að henni, og þeir hafa líka sýnt það að þetta er skoðun þeirra, alveg eins og þeir álíta sig skylda að leggja fram fé til að halda uppi póstferðum milli Íslands og Danmerkur. Það er því ekki hætt við að Danir taki þegar aftur tilboð sitt um fjárframlagið.

Norræna ritsímafélagið er líka »interesserað« í því að koma ritsíma til Íslands hvenær sem kostur er á, því að það er leiðin til að koma nýrri ritsímalínu til Ameríku.

Eins og tekið hefir verið fram áður í dag er nú að koma upp ný aðferð til að senda hraðskeyti staða á milli, nefnilega símalaust. Þetta kvað nú þegar komið svo áleiðis, að hepnast hefir að senda orðsending þannig 40 mílur enskar eða 8—10 danskar mílur og nú hefir verið skipuð nefnd af færum mönnum hjá Englendingum og

Frökkum, til þess að rannsaka, hverja praktiska þýðingu þetta muni geti haft og hvernig þessa aðferð megi fullkomna og yrði það nú ofan á við rannsóknina, að þetta hafi framtíðina fyrir sér, þá væri hér einmitt um fyrirkomulag að ræða, sem væri einkarhentugt fyrir oss Íslendinga, því kostnaðurinn við þá aðferð er miklu minni en símasamband útheimtir og hægt að færa smátt og smátt út kvíarnar með því að fjölga hraðskeytastöðvunum, sem ekki kosta meira nú með öllum útbúnaði en 1800 kr. Geti oss hepnast að koma slíku orðsendingasambandi á, þá ættum vér smámsaman að geta fært símastöðvarnar út um alt land. Ef vér hugsum mest um sjálfa oss og vorn hag, þá ættum vér að bíða með landsímana, þangað til slíkt skeytasamband gæti tekist upp hér. Það hefir verið sagt, að það væri hlægilegt af oss Íslendingum að hugsa um símalaus skeyti, þar sem hið norræna ritsímafélag, sem hlyti að vita svo vel hvað þessu máli liði, léti sér ekki detta slíkt fyrirkomulag í hug hér á landi. En það er vel skiljanlegt að ritsímafélagið leiði hjá sér símalausu aðferðina. Það hugsar til að nota símann hingað til lands, ef til kemur, sem lið í símasambandinu milli Evropu og Ameríku, en til þess er símalausa aðferðin ekki hentug, vegna þess skeytin eru nokkuð seinsendari með þeirri aðferðinni, en sá munur (20 orð á mínútu símalaust en 600 með síma) þýðir ekkert innanlands fyrir okkur, þar er kostnaðarsparnaðurinn aðalatriðið.

Eg skal svo ekki tala meira um þetta; en mín tillaga verður sú, að málinu sé frestað að þessu sinni, með því að fella athugasemdina í frv., og það er hættulaust að gera þetta, því að það hvorki fellir málið né heldur er hætt við því fyrir það að aðrir kippi að sér hendinni, hvorki hið norræna ritsímafélag né danska stjórnin.

Klemens Jónsson: Eg hélt ekki að eg mundi þurfa að taka til máls aftur um þennan kafla fjárlaganna, en hinn háttv. þm. Húnv. (B. S.) hefir neytt mig til að tala fáein orð. Eg fór eins vægilega eins og eg þóttist geta með brtill. h. þm. Húnv., þar sem hann fer fram á að alt það fé, sem ætlað er til flutningabrauta, væri algjörlega lagt til Húnavatnssýslu; þannig skildi eg brtill. hans, enda er eigi unt að skilja hana á annan veg, eins og hún er orðuð. En h. þm. Húnv. (B. S.) skýrði það þannig, að 10,000 kr. af þessum 50,000 kr. ættu að ganga til viðhalds á akbrautum alment, og færi hann því að eins fram á að fá 40,000 kr. næsta fjárhagstímabil. Háttv. þm. þykir þetta ekki of mikið handa Húnavatnssýslu. En þegar því er hreyft, að fá meira en helmingi minni fjárveiting til að halda flutningabraut þeirri, sem byrjað er á í Eyjafjarðarsýslu, áfram, að minsta kosti fram að Grund, þá hefir þm. mótmæli gegn því og ber það fram, eftir sögn kunnugra manna, að flutningabraut þessi sé óþörf. Eg þykist vera þar nokkuð kunnugur, en eg verð að segja, að eg þekki ekki til að menn, sem þar eru kunnugir, hafi alment þessa skoðun. Eg gæti þvert á móti hugsað,, að mér sé óhætt að segja, að allir í Eyjafirði séu á gagnstæðri skoðun. Eg get bent á það, að síðastliðinn vetur sendu allir helztu menn í Eyafirði áskorun til landshöfðinga, hvort hann sæi sér ekki fært að veita til framhalds akbrautarinnar eitthvað af því fé, sem ekki væri brúkað á þessu ári til samgöngufæra, en hann mun ekki hafa séð sér fært að gera það; en hinsvegar hefir hann lagt það til, að töluverð upphæð verði ætluð á þessum fjárlögum til þess að

halda braut þessari áfram, að minsta kosti fram að Grund, eins og athugasemdin við fjárlögin bendir á. Eg skal geta þess að vegurinn að Grund er 2 mílur, en það mundi nægja að leggja brautina þangað fyrst um sinn, þangað til búið er að leggja brautir annarsstaðar. Hinsvegar er mér það fullkunnugt, að menn í Húnavatnssýslu eru á móti þessari akbraut, og það einkum þeir, sem aldrei hafa í Eyjafjörð komið, og ekkert þekkja þar til, eins og h. þm. Húnv. sjálfur.

Eitt er annars undarlegt, og það er að h. þm. Húnv. (B. S.) skuli fara fram á fjárveiting til flutningabrauta, því hann er á móti flutningabrautum yfir höfuð, hann getur bara verið þeim hlyntur með því eina móti, að þær séu í hans eigin kjördæmi. Hátv. þm. virðist hugsa þannig: »Eg álít að flutningabrautir séu í sjálfu sér óþarfar, en í Húnavatnssýslu geta þær verið góðar«. Þetta er hægt að sýna með orðum hans í þingtíðindunum.

Eg ímynda mér nú annars, að þessar 40,000 kr., sem þm. ætlar að láta sér nægja í þetta sinn, muni ekki hrökkva til þess, er hann vill gjöra fyrir Húnavatnssýslu í þessari grein, og eg ímynda mér að þær verði farnar að skerðast töluvert, þegar búið er að brúa allar þær ár, 7 að tölu, sem hann ætlar að brúa, svo að það verði lítið eftir til sjálfrar brautarinnar. H-þm. A.-Sk. (J. J.) fylgir þm. Húnv. (B. S.) að þessu máli. Það er samband milli þeirra, að ef t. a. m. þm. Húnv. segir eitthvað, þá segir h. þm. A.-Sk. strax á eftir það sama, og ef það vill svo til, að h. þm. A.-Sk. verður fyrri til að koma með eitthvað, þá er h. þm. Húnv. strax á eftir hjartanlega samdóma þessum sessunaut sínum og mági. Þm. A.-Sk. lýsti því líka yfir, að hann væri ekki hlyntur flutningabrautum yfir höfuð, en hann er þó á því, að leggja til þeirra 40,000 kr., af því að það á að verja þeim til akbrauta í kjördæmi mágs hans.

Að því er snertir tjárframlagið til flutningabrautar í Eyjafirði, sem h. þm. Húnv. er svo mikið á móti, þá er hvorki frá stjórnarinnar hálfu né frá minni hálfu farið fram á annað en að halda áfram braut, sem byrjað er á. Það hefir verið varið 14,000 kr. til þessarar flutningabrautar, og það er það sem eg get ímyndað mér, að það muni vaxa sumum í augum, eg get þess til, að mönnum hafi þótt nóg hvað Eyjafjarðarsýsla hafi fengið á síðasta þingi, og það er eins og h. þm. Húnv. finnist að hans kjördæmi hafi orðið sérstaklega útundan. En eg ætla að reyna að skýra frá, að það er ekki ástæða fyrir hann að kveina sérstaklega. Það er auðvitað leitt að fara út í slíka matning, en eg þykist neyddur til þess.

A síðasta þingi — og áður hefir ekkert verið veitt til Eyjafjarðarsýslu sérstaklega — voru hinu eyfirzka skipaábyrgðarfélagi veittar 5000 kr., en fé þetta er ekki veitt til Eyjafjarðarsýslu eingöngu þó það heiti »hið eyfirzka skipaábyrgðarfélag«. Háttv. þm. veit það víst, að Eyjafjörður liggur bæði að Eyjafjarðarsýslu og Suðurþingeyjarsýslu.

Styrkur þessi var auk þess veittur í viðurkenningarskyni fyrir það, að fyrir liðugum 30 árum var í þessum héruðum settur á fót félagsskapur til þess að koma slíkum þilskipaútvegi á stofn, og skal eg geta þess, að sami styrkur hefir verið veittur á Ísafirði og í Rvík eða við Faxaflóa til þess að koma slíku fyrirtæki á stofn. Til spítalans á Akureyri voru veittar 5000 krón. En það verður eigi heldur talið beinlínis fjárveiting til Eyjafjarðarsýslu, því það eru fleiri en Eyfirðingar sem nota spítalann, þangað koma jafnvel Húnvetningar.

Það sem að þá verður eftir er til flutningabrautarinnar 14,000 kr. og 7,500 kr. til brúar á Hörgsá, eða als 21,500 krónur. Annað fé fekk Eyjafjarðarsýsla eigi, og gagnvart síðari fjárveitingunni urðu sýslubúar að leggja fram jafnmikla upphæð. Húnavatnssýsla hefir þar á móti fengið Blöndubrú, sem kostaði liðugar 20,000 kr., til vegarins yfir Miðfjarðarháls liðugar 21,000 kr. og 5000 kr. til Blönduósbryggju, og hefir þannig fengið alls 46,000 krónur, móti 21 þús. kr. til Eyjafjarðarsýslu, og nú heimtar Húnavatnssýsla 40 þús. kr. til, og þykist þó afskift.

Eg skal taka það fram, að Rangárvallasýsla, sem þó hefir verið vitnað í að taki drjúgt af peningum, hefir ekki fengið svona mikið, og þar vantar þó algjörlega allar samgöngur á sjó, sem Húnavatnssýsla hefir í ríkulegum mæli. Þetta hefir þá Húnavatnssýsla fengið á örfáum árum, og geta menn þá séð, hvort það er sérstök ástæða fyrir Húnvetninga, að fara að verða óánægðir. — Eitt er það þó í þessu máli, sem eg verð að vera h. þm. Húnv. (B. S.) samdóma um, og það er það, að þessir vegir eru óþarflega dýrir, sem aðallega stafar af því, að það eru teknir menn sunnan úr Reykjavík til vegagjörðar. Þessir menn hafa miklu hærra kaup, en alment gjörist, og frían flutning fram og aftur; og auk þess hefir þetta orðið til þess, að menn hafa ekki fengið eins ódýra vinnu á staðnum, eins og hægt var að fá.

Eg hygg, að það mundi fullkomlega nægja, að það yrði sendur verkstjóri 1 eða 2, því að á staðnum er hægt að fá nóga verkamenn, að minsta kosti er það hægt norður í Eyjafirði, því þar fengu færri vinnu við brautina en vildu vegna þessara aðkomumanna.

Eg ætla þá að minnast á breyt.till. h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem nýlega hefir verið útbýtt. Eg skal lýsa því yfir, að eg ætla að greiða atkvæði með henni. Breyt.till. þessi fer fram á, að veittar séu 25000 krónur til spítalans í Reykjavík, og virðist mér þetta hæfilegt tillag til þessa spítala, og hygg, að það sé í fullu samræmi við tillögu mína, um að veita 2000 kr. til spítalans á Akureyri.

Eg vona að það sannfæri háttv. þm. um, að tillaga mín sé í alla staði sanngjörn, og eins það, að ástæða sé til, að hækka árstillagið til spítalans, eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fer fram á, að hækka árstillagið til spítalans í Reykjavík.

Halldór Daníelsson: Það var 47. töluliður á atkvæðaskránni og breytingartillaga mín á þingskjali 239, sem eg ætlaði að minnast á. Eg er þakklátur hæstv. landsh. og hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir undirtektir þeirra.

Breyt.till. min er bygð á erindi frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dags. 15. júlí þ. á., og hefir það legið frammi á lestrarsalnum þingmönnum til sýnis.

Vegurinn frá Skipaskaga að Blautós liggur nú með sjó eftir svonefndum Vogum. Þar er slæmt vegarstæði, bæði klappir og fjöruvegur. Til vegar þessa hefir ærnu fé verið kostað, og þó ekki tekizt að gjöra hann betri en svo, að hann megi heita fær, þegar bezt er yfirferðar. Vegur þessi er víst helmingi lengri en hinn fyrirhugaði vegur »inn flóa«, er eg nú mun minnast á.

Hinn fyrirhugaði vegur á að liggja beina leið af Skaganum inn að holtum, er þar taka við, og sem allgóður vegur er yfir. Vegarstefna þessi var mæld í fyrra af manni, sem mikið hefir fengist við vegagjörðir og lánast þær vel, hr. Gísla Arnbjarnarsyni, og þó það nú

hafi litla þýðingu, vil eg geta þess, að eg var með manni þessum, þá er hann mældi veginn, og leizt mér hið bezta á, að leggja veginn þarna »inn fióann«. Vegarlengdin mældist 1600 faðmar og áætlað að hann kosti 4800 kr. eða 3 kr. faðmurinn. Að gjöra veg þennan að öllu leyti af eigin rammleik er sýslufélagi Borgfirðinga langt um megn, ekki einungis sökum þess, að tekjur sýsluvegasjóðsins eru smáar, — sem sé 600 kr. á ári — heldur einnig af því, að þar er í fleiri horn að líta.

Sýslan hefir nú í sumar ráðist í mjög kostnaðarsama vegagjörð frá Fiskilækjarmelum suður í Lækjarnes, að svo nefndum »Fjörum«. Vegur þessi, sem er afar-nauðsynlegur, mun kosta að minsta kosti 3000 kr. Sýslan hefir nú þegar tekið lán til þessarar vegagjörðar.

Eg vona að hinir háttv. þingm. sjái nauðsyn þessa og stuðli að því með atkvæðum sínum, að Borgarfjarðarsýsla fái 2400 kr. styrk til þess að gjöra hinn umrædda veg frá Skipaskaga að Blautós.

Breyt.till. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um skilyrðið fyrir styrk þessum aðhyllist eg, og er eg búinn að taka aftur breyt.till. mína, sem var orðuð nokkuð öðru vísi.

Styrk til gufuskipaferða Wathnes erfingja og Tuliniusar er eg mótfallinn. Hið sameinaða gufuskipafélag hefir nú fengið svo ríflegan styrk, og heldur uppi svo margbrotnum ferðum umhverfis land og til útlanda, að ekki virðist þörf á að styrkja slíkar ferðir, að þessu sinni, frá fleiri frambjóðendum.

Breyt.till. h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) greiði eg atkvæði mitt með. Fyrst um sinn virðist ekki útlit fyrir, að vér fáum efni á að byggja landsspítala, en þetta mætti þá gera í bráð, að veita 25 þús. kr. til sjúkrahússins í Reykjavík. Eg held heldur ekki, að landsspítalafrumv. hafi góðum byr að fagna. Maður sagði mér, er hann kom ofan af áheyrandapalli efri deildar, að það, landsspítalinn, hefði rétt »sliðrast« í gegnum deildina.

Þórður Thoroddsen: Eg er h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) þakklátur fyrir ummæli hans um styrkinn til vegagjörðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, atkvæðaskrá 46. Þar sem hann tók það fram, að 10,000 kr. hafi þegar verið notaðar í veginn, þá er það rétt hermt.

Hvað skilyrðið snertir, að sýslusjóður leggi fram jafn-mikla upphæð, þá skal þess getið, að eg hefi sett það af því, að amtsráðið álítur, að sýslan sé þess megnug, og hefir samþykt það á fundi að tekið væri lán.

Aftur á móti er eg ekki eins þakklátur háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fyrir tillögu hans um spítalann, og þakklátur þó, af því að eg sé, að hann lætur sér ant um þetta mál, þó aðferðin til að vinna því gagn sé alt önnur en eg vildi óska. H. þingm. vill láta leggja 25,000 kr. til að stækka þann spítala, sem nú er, og er það ætlun hans, að þetta skuli koma í stað landsspítalans fyrirhugaða; ekki vill hann láta kalla það »landsspítala«, hann virðist hneykslast á því nafni. Mér fellur þessi tillaga ekki í geð, hvorki að formi eða efni.

Viðvíkjandi formi till. er þess að geta, að það kemur hvergi fram, hverjum þetta er veitt, og hver á að sjá um framkvæmd á því. Um hið núverandi sjúkrahús er það að segja, að það veit enginn, hvort það er eign landsins, bæjarins, einhvers hlutafélags — eða það á sig sjálft.

Ef sjúkrahúsið er eign landsins, hver á þá á að sjá um, að þessu sé komið í verk, og hver á að stjórna því?

(*Guðlaugur Guðmundsson*: Landsstjórnin). Það virðist ekki vera skylda neins og ekki landsstjórnarinnar heldur, því að það er ekkert fé veitt til árlegs kostnaðar, og engin ráðstöfun gjörð um sjúkrahúsið, og getur landsstjórnin því ekkert séð um eða fengist við rekstur þess.

Þá er að minnast á efni tillögunnar. Hún fer fram á, að veita 25,000 krón. til hins núverandi spítala, og eg verð að segja það, að sletta þannig nýrri bót á gamalt fat, gengur næst því, að henda peningum í sjóinn. Það er margt, sem veldur því. Til þess að unt sé að byggja viðunandi sjúkrahús útheimtist einkum fernt: 1., nóg jarðnæði, 2., nóg vatn, 3., gott afrensli, 4., að sjúkrahúsið sé ekki í miðjum bæ. H. þingm. ætlast ekki til, að þetta 25,000 króna tillag nægi um aldur og ævi, hann ætlast til, að seinna sé veitt meira fé til þess að stækka megi spítalann; en þá verður líka að vera svo mikið pláss, þar sem spítalinn er, að hægt sé að bæta við húsið án þess að byggja það að nýju, að öðrum kosti lenda menn í ógöngum. Lóð sjúkrahússins, sem nú er, er að eins tæpir 900 □ metrar, að bygðu lóðinni meðtaldri. — Tveim megin sjúkrahússins eru vegir, en að ofan dálítill garður, annars eru hús í kring, öll lóðin mætti því verða um 1600 □ metrar, ef garðurinn væri keyptur. Það er talið að minsta lóð, sem við megi una, þegar um lóð er að ræða undir sjúkrahús, sé 100 metrar, svarandi til hvers sjúkrarúms.

Nú er hér ætlast til að bætt sé við 10—15 sjúkrarúmum, og er þá ljóst að lóðin er ónóg, ekki að eins fyrir þann sjúkrarúmsfjölda, sem bæta á við nú, hvað þá heldur ef stækka ætti síðar meir, og er því ógjörningur að hugsa um spítala á þessum stað. — Vatn er þar ekki, og afrenslinu þannig háttað, að fyrir neðan liggja tún, sem seld munu verða undir hús, og munu þeir, er þar byggja, afþakka að fá afrenslið frá spítalanum til sín.

Svo er á það að líta, að sjúkrahúsið, eins og það er nú, fullnægir að engu leyti þeim kröfum, sem nú á tímum eru gjörðar til sjúkrahúsa. Auk þess er hús þetta í byrjun svo illa bygt, að það er orðið mjög fornfálegt, og mundi ekki veita af helmingnum af þessu fé til aðgjörða á því, og til þess að laga það. Sjúkrastofurnar leka, svo að varla er vært í þeim í rigningum, og ef gola kemur, verður að breiða brekán fyrir gluggana, svo að sjúklingana taki ekki upp úr rúmunum. Þegar svona er ástatt, þarf mikið fé til viðgerða. — Ef þingið ætlar sér að veita nokkuð til sjúkrahússbyggingar, ætti það að vera til þess að byggja sérstakt sjúkrahús á hentugri lóð. En er hægt að byggja slíkt hús fyrir 25,000 kr.? Fjarri fer því.

Sjúkrahúsið á Akureyri kostaði 25,000 kr., og er fyrir 14 sjúklinga, en hér í Reykjavík er slíkt sjúkrahús sama sem ekki neitt. Hér þarf að hafa stórt hús, því sökum læknakenslunnar dugar engin lítil hola. Það þarf að hafa næga sjúklinga allan veturinn, ef kenslan á að geta farið fram, svo í nokkuru lagi sé. Að kenna læknisfræði án sjúklinga, er sama sem að ætla sér að kenna smíðar án þess að fá nemandanum efni, hefil, öxi o. s. frv.

Þeir þingm., sem hafa talað um þetta, hafa gengið út frá því, að þessi spítali sé gerður eingöngu fyrir Reykjavík og sjúklinga þaðan. En það er nú hinn hraparlegasti misskilningur. Þessi spítali yrði fyrir sjúklinga af öllu landinu, og um leið og hann er gjörður fyrir læknaskólann, er hann gjörður fyrir alt landið.

Það hefir verið samþykt frumv. um

að fjölga læknum, svo þeir verði 42 á öllu landinu, en til hvers er það, ef ekki er séð um, að læknar séu til í embættin? Og um leið og kensla á þessum læknum batnar, verða þeir betri og gjöra þjóðinni meira gagn. Það kemur þjóðinni í koll, ef læknarnir eru ónýtir.

Til sönnunar því, að spítalinn mundi ekki verða fyrir sjúklinga úr Reykjavík að eins, heldur sjúklinga af öllu landinu, skal eg geta þess, að Guðmundur Magnússon kennari við læknaskólann hefir skýrt frá, að árið 1898 hafi verið á spítalanum hér 96 sjúklingar, en þar af voru að eins 20 úr Reykjavík, en hinir 76 úr ýmsum áttum. Það er með öðrum orðum $^3/_4$ utan af landi á móti $^1/_4$ úr Reykjavík.

Þegar þess líka er gætt, að þingið hefir verið örlátt við spítalana á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði, er það merkilegt, hversu knapt það hefir verið við spítalann í Reykjavík, því þessar 1200 krónur, sem spítalinn fær, eru eiginlega ekki annað en húsaleiga handa læknaskólanum, og þannig hefir þingið látið þenna spítala sitja á hakanum, þvert á móti því, sem ætti að vera.

Eg get af áður sögðum ástæðum því ekki annað en verið á móti því, að þessar 25 þús. kr. séu settar í þennan gamla spítala.

Eg álít að það eina, sem dugar, sé sérstakur spítali, og mér finst læknaskólinn eiga heimting á að fá hann. — Það eru fleiri á þessari skoðun en eg, og því til sönnunar skal eg með leyfi forseta lesa upp þetta skjal, sem eg hefi hér á milli handa, frá kennurum skólans.

»Það er samhuga álit vort kennara læknaskólans, er hér ritum nöfn vor undir, að landsspítali í Reykjavík sé öldungis nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að skólinn geti þrifist og komið að tilætluðum notum. Álítum vér að frumv. landsspítala-nefndarinnar í efri deild alþingis um stofnun landsspítala feli í sér hinar allra lægstu kröfur í þá átt, og teljum í alla staði óaðgengilega tillögu þá um stækkun á sjúkrahúsinu í Reykjavík, er komið hefir fram í neðri deild þingsins.

Góður spítali í Reykjavík er hreint og beint lífsskilyrði fyrir læknaskólann; ef þingið álítur, að þjóðinni sé ofvaxið að koma slíkum spítala á fót, er eigi sé minni eða ver úr garði gerður en frumv. landlæknisins fer fram á, eins og það nú liggur fyrir í efri deild, þá teljum vér ráðlegast, að skólinn sé lagður niður.

Reykjavík 1. ágúst 1899.

J. Jónassen, Guðmundur Magnússon, Guðmundur Björnsson, Björn Ólafsson, Vilhelm Bernhöft, Sæm. Bjarnhéðinsson.

Þetta er álit þeirra manna, er vit hafa á málinu, og er það undarlegt, að þeir, sem ekkert vit hafa á því, skuli vera að berja það fram hér í þingsalnum, að þetta sé óþarfi, því að það er sama sem þeir geri orð þessara manna ómerk, og þykist sjálfir hafa vit á því, sem þeir hvorki hafa vit á eða geta haft vit á.

Eg tala þessi orð ekki til háttv. flutningsmanns till. (Guðl. G.), heldur til hinna hér í deildinni, því að hann tók það fram í ræðu sinni, að hann ætlaði að skella skolleyrunum við öllu því, er læknarnir og yfir höfuð þeir, sem vit hafa á málinu, segja.

Þó að eg hafi nú farið nokkuð hörðum orðum um tillöguna, og sýnt fram á, hve ástæðulaus hún er í því formi, sem hún kemur fram, þá skal eg samt ekki vera á móti því að fé sé veitt á fjárlögunum til spítalabyggingar, en það verður þá að vera til sérstaks spí-

tala, og meira fé þarf, en hér er farið fram á. Ef menn eru á því, að fara þessa leið, sem eg nú hefi nefnt, væri í sjálfu sér ekkert að því að samþykkja tillöguna nú, í því skyni að breyta henni við næstu umræðu, en þá svo mikið, að ekkert verði eftir af »originalnum«. Það þarf ekki að eins að veita fé til byggingarinnar sjálfrar, heldur og til húsbúnaðar og áhaldakaupa, því að alt er það ónýtt á spítalanum, sem er.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þessa tillögu, en vona, að menn samþykki hana ekki, eða þá, ef menn samþykkja hana, að það sé í þeim tilgangi að breyta henni við næstu umræðu.

Valtýr Guðmundsson: Þó það hafi orðið töluverðar umræður um ritsímann, finn eg samt ástæðu til að minnast á hann og sumt annað nokkuð frekar, því margt hefir komið fram í umr., sem þörf er á að leiðrétta.

1. þm. Árn. (Tr. G.) mintist fyrst á hækkunina á launum yfirhjúkrunarkonunnar við holdsveikraspítalann og vildi álíta hækkunina réttmæta og að ekkert væri við það að athuga. Sem ástæðu fyrir því færði hann það, að hann hefði þekt mann, sem fyrir nokkrum árum var frískur og heilbrigður, en nú er kominn á holdsveikraspítalann. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þessa sönnun hans, en aðeins geta þess að eg sannfærðist ekki af henni um það, að dr. P. Beyer hafi haft leyfi til að veita 100 kr. úr landssjóði. Hvort aðrir hafa gert það, skal eg láta ósagt, en ekki þykir mér það líklegt.

Svo mintist hinn sami þm. á ritsímann. Eg gat þess til í gær, að hann mundi vera í minni hluta fjárlaganefndarinnar að því er ritsímann snerti, en reyndin hefir orðið önnur, því hann hefir nú lýst því yfir, að hann hafi verið í meiri hlutanum og lét hann þess getið um leið, að hann hefði tekið meira tillit til landsins en bankans. En mér finst maður taka tillit til landsins með því að taka tillit til landsbankans, sem er eign landsins og stofnaður landinu til hagsmuna. Hann beindi því að mér, að eg ætti að halda mér við háskólann og ekki vera að gefa mig við pólitík og stórmálum landsins. Þessu sama finst mér eg geta beint að honum að nokkuru leyti. Eg vil nefnilega biðja hann um að taka svo mikið tillit til landsins, að gefa sig ekki við pólitík og stórmálum þess. Aftur á móti get eg varla beðið hann að halda sér við bankann, því það er álit allra manna, að hann hefði aldrei átt þangað að koma. (*Tryggvi Gunnarsson*: Allra?) Já, að allra skynberandi manna áliti hefði ef til vill hann allra sízt átt að koma að þeirri stofnun, því hann ber ekki skyn á bankamál. En úr því hann nú einu sinni er þangað kominn, sem aldrei skyldi verið hafa, þá er bezt fyrir hann að halda sig þar og vera ekki að blanda sér inn í pólitík og stórmál, í heimildarleysi við bankalögin, en hann virðir þau ef til vill að vettugi og gerir það sem honum sýnist, eins og hann brúkar varasjóð bankans til þess er honum sýnist. Hinn sami þm. sagði, að það væri ekki tekið tillit til þess, að landið gæti tekið á sig ofmikinn kostnað. Þetta nær ekki nokkurri átt, því það eru til áætlaninir frá félaginu yfir kostnaðinn og það tekið fram, að alt sé mjög ríflegt. Hann sagði einnig, að hvert einasta kauptún mundi heimta telefón. Þetta liggur alls ekki fyrir, en mér þykir samt líklegt, að allar hinar stærri verzlanir að minsta kosti leggi telefón til sín. En mér finst nógur tími fyrir þm. að tala um þetta og vera á móti því, ef hann verður oftar á þingi.

Hann og hinn h. þm. Rvk. (J. Jenss.)

talaði um, að áætlanirnar mundu ekki vera sem áreiðanlegastar, því stjórnin heimtaði meira fé en gert væri ráð fyrir í áætlaninni, en úr því hinir h. þm. ekki skilja það, er velkomið að eg skýri það fyrir þeim. Stjórnin álítur ekki skýrslurnar um kostnaðinn of lágar, heldur vill hún hafa fé á milli handa til undirbúnings og rannsókna, til þess að hún standi ekki uppi í vandræðum eins og seinast. Það þarf að rannsaka, hvar þráðurinn á að liggja. Hanson, sem ferðaðist hér um, heimtaði 4000 kr. fyrir starfa sinn, ef hann yrði riðinn við fyrirtækið, en 8000 kr., ef hann yrði það ekki. Svo þarf nýrra rannsókna við. Þetta á félagið ekki að borga, heldur stjórnin og hún tekur það af því fé, sem veitt er til fyrirtækisins.

1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að eg hefði þagað yfir sumum skilmálunum. Það er satt, en það var af því að eg hafði enga heimild til að segja frá þeim, nema þessum 300,000 kr. C. Hage, framsögumaður fjárlaganefndarinnar, tók það beinlínis fram við mig, að þetta væri heimullegir skilmálar. Eg var þess vegna bundinn til að þegja og eg veit ekki, hvaðan þm. hefir komið heimild til að skýra frá þessu opinberlega. En þetta hefir ef til vill breyzt síðan eg talaði við Hage, en það er víst, að þegar eg talaði við hann um þetta, þá átti að halda samningnum leyndum.

En svo stendur á, að félagið vill ekki eiga við landsímann, heldur aðeins sæsímann. Þá var það annað, sem honum þótti athugavert, og það var að félagið fengi tiltölulegan hluta af ágóðanum. Mér þykir það nú ekkert sérlegt tiltökumál, þegar félagið leggur fram 300,000 kr., þó það fengi tiltölulegan hluta af ágóðanum. Um ágóða getur ekki verið að tala, nema því að eins að tekjurnar séu meiri en útgjöldin, og þá á félagið að fá sinn hluta af ágóðanum við landsímann. Tekjur eru að eins það, sem fram yfir er útgjöldin. Þó mér þyki þetta nú ekki sérstaklega óaðgengilegt, þá er þó ekki víst, nema að breyta mætti því svo, að Íslendingar fengju allan ágóðann. Slíkt gæti verið samningsatriði, þegar stjórnin veitir leyfið til að leggja símann og tillag til hans frá Íslands hálfu.

Þá spurði h. þm. A. Sk. (J. J.), hverra framfara mætti vænta af ritsímanum. H. þm. S. Múl. (S. G.) hefir nú svarað því að miklu leyti, og benti á reynslu annara þjóða. Svo má líka benda á það, að það yrði kannske fyrsta sporið til innlendrar verzlunar, og svo er svo margt annað, t. d. skipaferðir, eða ef skip laskast eða stranda, þá má senda ritsímaskeyti eftir hjálp. Sömuleiðis þegar ísalög eru, og eins ef snögglega kemur síldarganga, að þá má senda símskeyti eftir skipum. Eg veit að á Norðurlandi og Austfjörðum hafa skip stundum legið alt sumarið og ekkert fengið, en svo þegar þau hafa verið farin heim, þá hefir kanske alt í einu komið síldarganga. Kæmist nú ritsíminn á, þá mætti senda skeyti, að nú væri hentugur tími, og mætti líklega loka síldina inni á meðan í nótum. Líka getur verið að fólk sé atvinnulaust á sumum stöðum, en þá mætti senda boð eftir því, þangað sem þörf er fyrir það í fljótu bragði, og það getur oft verið áríðandi. Það er þannig margskonar hagur, sem af því mundi leiða, ef símskeyti kæmust á. Hinn sami þm. (J. J.) sagði líka, að hann vildi láta félagið leggja landsímann, og sjá svo hvernig gengi, t. d. eftir 3 ár. En félagið mun als ekki ganga að því, það hefir aldrei gefið kost á öðru en að leggja sæsímann og veita svo 300,000 kr. til land-

símans, og að þing og stjórn annist svo lagningu hans og annað.

Þá var það líka eitt, sem hann mintist á, og það var, að réttara væri máske að bíða, því nú væri svo mikið talað um símskeyti í loftinu þráðalaust Í sama streng tók líka h. þm. Rvk. (J. Jens.) og sagði, að nú mætti senda skeyti á þann hátt 40 enskar mílur. Það hefir líklega verið með vilja, að hann tók fram enskar mílur, því þá verður það svo stórt í munni. En þetta eru þó ekki nema 8 mílur danskar eða $1^3/_5$ úr þingmannaleið. En væri slíkt komið mjög vel á veg, held eg ekki að félagið legði 300,000 kr. til landsíma. Svo líka ef á að senda skeyti þráðalaust, þá verður að vera hæðalaust (*Jón Jensson*: Ekki satt). Jú, það er satt, og eg er hræddur um, þó að station væri hér, þá mundi kannske Vatnajökull geta orðið einhversstaðar í vegi, ef senda ætti skeyti milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. En ef jafnan ætti að miða við, hvað verða kynni í framtíðinni, þegar um eitthvert fyrirtæki er að ræða, þá mundi lítið verða úr framkvæmdum. Það er víst, að menn hafa gjört sér góðar vonir um ýmislegt nýtt, en reyndin orðið síður. Það er oft að í blöðum og tímaritum er talað um, hvað eitthvað sé gott og hverjar afleiðingar það muni hafa, ef það komist á o. s. frv. En svo hefir ekkert orðið úr því, þegar á átti að herða. Í þessu tilfelli hefir það nú sýnt sig af tilraunum, að það hefir komist lengst, að senda loftsímaskeyti yfir sundið milli Englands og Frakklands.

H. þm. S. Múl. (Sig. G.) sagði, að við ættum að byggja á því, sem fagmenn segðu okkur, því sjálfir hefðum við ekkert vit á því, og gætum ekki bætt úr áætlunum, en eg þóttist í ræðu minni í gær hafa sýnt fram á, að áætlanirnar væru of hátt settar, einkum þar sem gjört er ráð fyrir 3 stöðvum (stationum), sem ætlað er að kosti 5000 kr. hver, sem verður þá 15000. En nú segi eg, að stöðina á Seyðisfirði eigi félagið óefað að kosta. Og eg sýndi fram á í gær, að með því að losna við Seyðisfjarðarstöðina sparaðist 7—8000 kr. Eg veit varla hvað vakað hefir fyrir félaginu að gjöra ráð fyrir nema 2 stöðvum, heldur gera ráð fyrir Seyðisfjarðarstöðinni líka, nema ef það ætlaði sér að græða þessa upphæð. Það er augljóst bæði af skjölum þeim, sem eg hefi í höndum og því sem eg þegar hefi tekið fram, að draga má talsvert frá áætlunum.

H. þm. Rvk. (J. Jenss.) tók fram, að þegar þingið síðast veitti 35,000 kr., þá hefðu menn álitið sem málið væri þar með útkljáð, en það er víst ekki allskostar rétt; eg held að fyrir flestum hafi vakað, að miklu meira fé mundi þurfa, og það man eg, að einu sinni var hér með þingsál.till. lofað að veita 45,000 kr. Hann tók líka fram, að hér væri um botnlaus útgjöld að ræða, en það get eg ekki skilið. Hér eru að eins áætlaðar ákveðnar upphæðir, og þegar félagið tekur fram, að þær séu ríflega áætlaðar, þá er varla dragandi í efa, að þær eru ekki of lágar. Hann sagði, að áætlanirnar væru ekki áreiðanlegar, því kostnaðurinn hefði ekki verið rannsakaður nákvæmlega. En eg segi jú, því þær eru gjörðar af mönnum, sem vit hafa á, þar á meðal verkfræðing Hanson, sem einmitt sýndi, hvað kunnugur hann er erviðleikunum hér, með því að hækka áætl. úr 18000 kr. upp í 46 þús. kr.

Hann sagði ennfremur, að sumir héldu því fram, að það væri sama sem að fella málið, ef ekki væri fé veitt, en hann væri ekki á þeirri skoðun. Það hefi eg heldur aldrei sagt, en eg hefi

sagt það, að það gæti orðið stór hnekkir fyrir málið, sá hnekkir að ekkert yrði hægt að gjöra fyrri en eftir 2 ár, og svo, eins og eg tók fram í gær, gagnvart útlendingum að þegar þeir sæju að Íslendingar sjálfir vildu ekkert leggja fram, og það þegar um svona litla upphæð væri að ræða, hvort þeir þá ekki mundu, ef til vill, hugsa sem svo, að ekki væri vert að eiga neitt við fyrirtækið. Þess vegna gæti það líka orðið hnekkir.

Þá sagði h. sami þm. einnig, að eg hefði sagt, að Danir mundu taka sína fjárveiting aftur, ef þingið ekki samþykti að veita þessa upphæð; það hefi eg heldur aldrei sagt, en eg hefi tekið fram, að hún gæti ekki orðið notuð, og að málið yrði þá að leggjast aftur fyrir ríkisþingið, ef ekki væri fast bundið við að leggja símann á Austurland, eða réttara sagt Seyðisfjörð. Þm. getur sjálfur séð það, að félagið vildi ekki ganga að því að veita 150,000 kr. til þess að hann kæmi á land í Reykjavík.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að það mundi víst engin hreppapólitík vera að vilja heldur fá sæsímann hingað til Reykjavíkur, en mér skilst að hér sé um annað verra að ræða, nefnilega að vilja ekki unna neinum öðrum gæðanna, heldur að eins að Reykjavík ein hafi gagnið og engir aðrir; ástæðan getur varla verið önnur, því kostnaðarástæðan er svo mikill barnaskapur, að hann getur engin grýla verið. Eða vilja h. þm. heldur fá lagðan síma til Reykjavíkur og þá engin tillög frá öðrum til landsíma, eða skyldi ekki sá landsími verða landssjóði dýrari, sem hann yrði að annast einn, ef sæsíminn lægi á land í Reykjavík? Ríkisþingið vildi að alt landið hefði gagn af símanum, og það vona eg líka að h. þingd. sjái að er affarasælast. Eg skyldi fúslega játa það, að það væri óaðgengilegt, ef höfuðstaður landsins hefði ekki líka gagn af símanum, en þegar hann nú missir einskis í, þá skil eg ekki, hvaða ástæða getur verið til að vilja ekki unna öðrum að hafa líka gagn af honum. En sem sagt, eg vona h. þingd. samþ þetta fjárframlag.

Tryggvi Gunnarsson: Fyrst skal eg með fám orðum víkja að breyt.till. h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) um fjárveitingu til endurbóta á spítalanum í Reykjavík. Það er styzt af að segja, að eg er mótfallinn breyt.till. þessari, í fyrsta lagi af því, að umbætur þær, sem fram á er farið, eru ófullnægjandi, og í öðru lagi af því, að þær fyrirbyggja það, að vér um langan tíma getum fengið hentugan spítala fyrir landið.

Þá skal eg svara nokkru h. þm. Vestm. (V. G.), þó ekki upp á það, sem okkur fer persónulega á milli, því að hvorki sæmir það að troða þess háttar illsakar hér í þingsalnum, og svo er h. þm. Vestm. (V. G.) nú dauður, og getur því ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

H. þm. Vestm. (V. G.) heldur því fram, að ritsímafélagið norræna sé ófáanlegt að leggja fréttaþráð hér yfir land. Á síðasta þingi stóð þó málið þannig, að félagið ætlaði að leggja þráðinn eða ritsímann til Reykjavíkur, og var talað um að félagið ætlaði að leggja hann í land á suðausturströnd Íslands, og þaðan yfir land til Reykjavíkur. Þá var það ekki hrætt við að leggja sjálft símann yfir land. Það hefir hlotið að koma einhver nýr maður síðan, sem hefir lagt gott til málsins. Þá kom ekki til orða á þingi annað en að landið veitti 35,000 kr. á ári, um 20 ár, til fréttaþráðarlagningar milli útlanda og Reykjavíkur, en ekki minst

þá einu orði á það, að landið ætti þar að auki að leggja fé fram, til þess að leggja fréttaþráð yfir land.

Í öðru lagi talaði h. þm. Vestm. (V. G.) um, að mótstöðumenn þess, að þráðurinn væri lagður annarsstaðar á land en í nálægð við Reykjavík, spyrntu á móti þessu af hreppapólitík. Eg verð að segja fyrir mig, að *mín* breyt.till er alls ekki sprottin af því að eg sé að hugsa um hagsmuni Reykjavíkur fremur en annara hluta landsins, heldur beinlínis af því að eg lít á hag landsins alls; mér þykir ærið viðsjárvert að leggja landinu allsendis óákveðna kostnaðarbyrði á herðar, en það er gjört, eins og aths. í stjórnarfrumv. er orðuð. Efnahag landsins er svo varið nú, eftir því sem útlit er fyrir með árferði og efnahag landsmanna, að vér verðum að fara varlega, og gæta þess að reisa oss eigi hurðarás um öxl. En eg held að hægt sé að koma máli þessu í viðunanlegt horf, án þess að stofna landinu í alt of mikla óvissu, og það er með því að þingið samþykki breyt.till., sem eg mun koma með til 3. umræðu, að landið veiti fast ákveðna upphæð til landsímalagningar, og stendur mér á sama hvort heldur það nú væru 50,000 kr. eða 60,000 kr. Það ætti að vera nóg, því h. þm. Vestm. (V. G.) er búinn að margsegja, að áætlun stjórnarinnar 56 þús. kr. sé of há. Það má því ætla, að óhætt sé, að einhver muni fást til að leggja landsímann fyrir 360 þús. kr., þegar svo ríflega er boðið fram fé til lagningarinnar, eftir áliti þm. Eg hefi hugsað mér, að þegar svo langt er komið, að stjórnin hefir fengið málið í sínar hendur, þá auglýsti hún í enskum og þýzkum blöðum, að þetta fé stæði til boða þeim, sem vildu leggja símann yfir land. Ef athugasemdin í stjórnarfrumv. er samþykt, þá hefir landið skuldbundið sig til að leggja fram alt það fé, sem vantar upp á 300,000 kr. frá ritsímafélaginu, hvort sem það svo verður 50,000 eða 100,000 kr. Þessa óvissu vil eg að félagið en ekki landið taki á sig, en svo hefir félagið aftur hagnaðinn, ef kostnaðurinn verður minni en fjárveitingin er. Eg tek það aftur upp, sem eg sagði í morgun, að eg er með því að síminn sé lagður á land á Austfjörðum, ef upphæð af landsfé til ritsímalagningarinnar yfir landið er fastákveðin, og þykist eg þá sýna með því, að hér sé um enga hreppapólitík að ræða fyrir mér, heldur það eitt, að eg vil ekki að landinu sé bundin á herðar óákveðin fjárútláta byrði. En hér er dálítið einkennilegt við alt þetta þrátt. Það er svo að heyra að h. þm. Vestm. (V. G.) og hans fylgjendur álíti, að atkvæði alþingis um 10 eða 40 þús. kr. fjárveitingu meiri eða minni, ráði úrslitum málsins, en það er langt frá því að svo sé. Þeir, sem mest atkvæði hafa í »stóra norræna ritsímafélaginu«, líta ekki á nokkur þús. kr., sem upphaflega þarf að leggja til, heldur líta þeir á, hvort fyrirtækið í framtíðinni gefi þeim gróða eður tap. Eg hefi talað við formann hins norræna ritsímafélags alveg eins og h. þm. Vestm. (V. G.), og heyrt orð hans jafn-glögt og hann, og fanst mér hann heldur vondaufur um, að málinu yrði komið fram bráðlega. Hann sagði, að ef aðalhlutaeigendur ritsímafélagsins væru Skandinavar, þá gæti hann verið vongóður um málið, en nú væri svo ástatt, að það væru Frakkar, sem ættu flestar aktiurnar í félaginu, og réðu þess vegna mestu, en þeir hefðu að þessum tíma verið mikið tregir til að veita fé til að koma málinu fram, nema því að eins, að hægt væri að koma því í það horf að sennilegt væri, að fyrirtækið gæti orðið gróðavænlegt í þeirra augum, því að þeim mundi ekki

detta í hug að leggja fé í sölurnar frá sér fyrir Ísland. Það er framtíðar gróðavonin sem ræður atkv. þeirra. Eg álít því, að ef vér bjóðum fram fastákveðna fjárupphæð, t. d. 60,000 kr., sem er meira en það, sem h. þm. Vestm. (V. G.) segir, að reynslan muni sýna, að þurfi til þess að leggja ritsímann yfir land, að viðbættum 300,000 kr., þá álít eg að þingið hafi leyst hendur sínar sómasamlega. Hér er ekki aðalatriðið fyrir afdrif málsins hver skilyrði þingið setur eða hvað stjórnin segir, heldur hitt, hvernig fer um það við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ritsímafélagsins norræna í París.

Jens Pálsson: Viðvíkjandi breyt.till. minni um fé til vegalagningar upp Mosfellssveitina, skal eg bæta því við það, sem eg áður sagði um nauðsyn hennar, að þrátt fyrir mótmæli þau, sem fram hafa komið, þá virðist mér verksmiðjan á Álafossi jafnvel ein út af fyrir sig gjöra það nauðsynlegt, að vegur þessi sé lagður. Það virðist full þörf á því að hafa veg þangað, sem fær sé á vetrardegi, því að verkefni þarf að flytja að verksmiðjunni á vetrum eins og á sumrum, og eigi síður koma því þá burt frá henni, sem unnið hefir verið. Að minsta kosti ætti þetta að vera sterklega meðverkandi til þess að hinar 10,000 kr., sem farið er fram á til vegagjörðarinnar, fengjust veittar.

Þá skal eg minnast á breyt.till. undir 52. tölulið á atkvæðaskránni. Eg hefi síðan eg talaði seinast fengið þær upplýsingar, að verzlunarfélag það, sem Björn Sigurðsson í Flatey stendur fyrir, muni hafa hug á að fá dálítinn bát og láta hann ganga um Breiðafjörð. Það gæti verið hvöt fyrir félag þetta, ef það ætti von á því, að geta fengið dálítinn styrk úr landssjóði til þess að halda ferðunum uppi. Þessa vildi eg ekki láta ógetið, en það sem aðallega kom mér til að tala nú, það voru orð þau, sem fallið hafa um flutningabrautirnar. Eg verð að játa það, að hve nær sem eg heyri falla orð í þá átt, að þær séu ekki nytsamar, þá snerta þau mig óþægilega.

Sérstaklega voru það ummæli h. þm. S.-Þing. (P. J.), sem eg ætlaði að minnast á. H. þm. (P. J.) fórust mjög skynsamlega orð, að því leyti, að hann kvað þörf á að rannsaka, hverjar flutningabrautir ættu að sitja fyrir, og yfir höfuð þyrfti að komast að fastri niðurstöðu um það, í hvaða röð þær skyldi leggja. En h. þm. S.-Þing. (P. J.) gjörði ráð fyrir, að sú rannsókn mundi leiða til þess, að rétt yrði talið að strýka sumar þeirra eða allar út úr vegalögunum. (*Pétur Jónsson:* Það var ekki eg, sem það sagði). Eg bið forlátts á misminninu, það var h. þm. Snæf. (E. G.) sem hafði á orði, að stryka þær út úr vegalögunum. Eg get ekki látið mig furða mjög á því, þótt þessar flutningabrautir séu eigi enn meira notaðar til vagnflutninga en þær eru. Vér vitum, að vér Íslendingar erum seinir á oss, að gjöra gagngjörðar breytingar, hvort heldur að er í búskap, flutningum, ferðalögum eða öðru. Það hefir líka komið í ljós, að hestar vorir með því uppeldi og fóðri, sem þeir hafa jafnaðarlega, eru nokkuð veikbygðir til að draga þunga vagna. Af þessu leiðir, að vér þurfum að koma oss upp sérstökum vagnhestum, og fóðra þá betur en áburðarhesta vora, en það þarf auðsjáanlega nokkurn tíma og samtök til þess að koma þessu í kring, og svo eins til hins, að bændur geti nokkuð alment útvegað sér hentuga flutningavagna. Þegar þessa alls er gætt, þá er ekki von að vagnflutningar séu komn-

ir langt á veg enn; þó vaxa þeir með ári hverju.

En svo er eitt atriði, sem ætti að hvetja oss til að halda flutningabrautunum áfram. Eins og kunnugt er, þá eru menn í seinni tíð farnir að nota sérstaka vagna, hina svo kölluðu motorvagna; eru þeir sumir knúðir fram með rafmagni, en geta líka gengið fyrir vél, sem hituð er með steinolíu. Sumir þeirra eru svo gerðir, að þeir ganga eftir spori, en nú upp á síðkastið hafa menn komist upp á að nota þá á sléttum vegi, án þess nokkurt spor þurfi. Eg hefi nýlega átt tal við mann, sem hefir séð vagna þessa notaða í útlöndum, og líka séð flutningabraut vora hér austur eftir, og áleit hann, að væri henni haldið nokkurn veginn vel við, þá mundi mega hafa beztu not af motorvögnum á henni. Því álít eg að flutningabrautirnar muni brátt koma oss í góðar þarfir, í miklu betri þarfir, en flestir munu nú hyggja. Motorvagnar þessir eru ekki mjög dýrir. Eg hefi séð það auglýst, að í Þýzkalandi fáist þeir fyrir 3000 mörk eða 2700 kr. Auðvitað er það, að fyrst um sinn yrði nokkuð margir að slá sér saman um einn vagn, enda mundi hann nægja handa heilum sveitum. Eg hefi þá trú, að innan skamms muni flutningabrautir vorar reynast oss mesta þing, því að auk þess, sem þær eru ágætur hestavegur, muni og mega nota þær fyrir motorvagna. Að því er snertir spursmál það, sem þeir voru að ræða sín á milli h. 2. þm. Húnv. (B. S.) og 1. þm Eyf. (Kl. J.) hvor sýslan Húnavatns- eða Eyjafj.s., ætti að sitja fyrir með að fá framhald á flutningabraut, þá skal eg taka það fram, að mér þykir það eðlilegt, að Húnavatnssýsla sé látin ganga fyrir, og þar sem svo er, eins og h. 2. þm. Húnv. (B. S.) hélt fram, að á stjórnarfrumv. hefir hvað eftir annað verið gjört ráð fyrir, að fé yrði varið til flutningabrautar í Húnavatnssýslu, en ekkert orðið úr, þá þykir mér það mjög eðlilegt, að Húnvetningar haldi því fast fram, að á þessu fjárhagstímabili verði þó eitthvað úr brautarlagningunni bjá sér.

Að öðru leyti vil eg ekki fella neinn ákveðinn dóm um það, hvort héraðið eigi í sjálfu sér að ganga hér fyrir, því að eg er hvorugu héraðinu nógu kunnugur til þess. Þó hefir mér verið sagt, að vetrarísar bættu mjög flutninga í Eyjafirði, og meira en í Húnavatnssýslu.

Úr því eg tók til máls, get eg ekki stilt mig að minnast á tölulið 59. á atkvæðaskránni, þar sem fjárlaganefndin leggur það til, að athugasemdin við 12. gr. D., það er við fjárveitingarliðinn til ritsíma milli Íslands og útlanda, falli burtu, en sú athugasemd heimilar stjórninni að ákveða, að sæsíminn sé lagður á land á Austurlandi, og að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75000 kr. til að undirbúa landsímalagning og útvega efni og áhöld til þess, með því skilyrði, að sá sem leyfi fær til að leggja sæsímann, leggi 300,000 kr. fram til lagningar símans yfir land frá lendingarstöðinni til Reykjavíkur. Af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í þessu máli, er eg kominn að þeirri niðurstöðu, að þessi tillaga háttv. fjárlaganefndar sé misráðin.

Eg lít svo á, að það sé vist, að hið stóra norræna ritsímafélag leggi 300,000 kr. fram til landsíma, svo framarlega sem heimild og fjárveiting sú, sem stjórnarfrumv. fer fram á, verður veitt. En aftur á móti, ef að hún verður ekki veitt fyrir þá sök, að þingið kýs heldur að leggja símann á land við suðvesturströndina, þá skil eg málið svo, að þá sé engin vissa og engin sennileg von framar til þess, að það verði lagt fram

nokkurt fé til landsímans. Fjárframlag það, er í því tilfelli var sett sem skilyrði frá ríkisþinginu, hefir hið stóra norræna ekki viljað ganga inn á að leggja fram til framhalds símanum yfir landið.

Mér finst að það sé þetta tvent, sem maður verður að bera saman hvort tiltækilegra sé. Eg get ekki hugsað mér sæsímann kominn hér á land í nánd við Reykjavík og kominn til Reyjavíkur með tiltölulega litlum kostnaði, þar sem ekki væri um neinn lengri veg að ræða, án þess að þegar kvikni svo sterkur áhugi á að koma honum áleiðis, t. d. til Norðurlands, að það hljóti að veitast til þess fé innan skamms, nema því að eins, að það verði tekið upp fyr að senda þráðarlaus skeyti. En verði sú nýung orðin nothæf, þá verður farið að stritast við að byggja stationir út um landið, og má ganga að því vísu, að þær muni einnig kosta mikið fé, og þá yrðu stöðugar fjárveitingar nauðsynlegar til þess að halda áfram yfir landið, sem mundi verða erfitt viðfangs, af því að þá yrðum við að spila algert upp á okkar eigin spítur. Eg get ekki hugsað mér annað en að einnig það muni hafa stórkostlegan kostnað í för með sér, og sé ekki annað, en að tvísýnt sé um mögulegleika til að koma því í verk. Aftur á móti, ef sæminn á að koma upp á Austfirði, þá eigum við þessar 300,000 kr. vísar. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að það sé enganveginn víst, að það fé dugi til að koma þræðinum áfram yfir Norðurland, gegnum Akureyri, og hingað til Reykjavíkur. Eg er honum samdóma um það, að það verði alls ekki með neinni vissu sagt, að féð hrökkvi til þess, en svo mikið er víst, að fyrir svo mikið stórfé mundi mikið mega gjöra. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hélt því fram, að réttara væri að reyna að fá aðra til að leggja þráðinn upp á »akkord« heldur en að Ísland réðist í það. Eg skal játa, að þetta væri heppilegast, ef maður væri þá viss um, að þetta fyrirkomulag gjörði ekki að meiru eða minnu leyti það að verkum, að þráðarlagningin yrði óvandaðri, bæði að efni og frágangi. En það er einmitt hætt við því, þar sem þeir, er verkið tækju að sér, mundu hugsa meira um að standa sig við það, og jafnvel græða á því, heldur en að ganga sem bezt frá öllu; þess vegna álít eg betra að landið gjöri það og efni til þess, og að það sé mikið hrein trygging fyrir vönduðu efni og vandvirkni, svo að bilunarhætta yrði sem allra minst.

Eg vil því halda mér í atkvæðagr. minni að háttv. minni hluta fjárlaganefndarinnar, og það því fremur, sem að þótt það reyndist praktiskt og ódýrt að nota þessa nýju uppfynding, að senda hraðskeyti án þráða, og þó að landið væri búið að fá síma og stationir frá Austfjörðum, yfir Akureyri til Reykjavíkur, þá yrði sannarlega nóg svæði eftir til að beita þessu nýja systemi á.

Landshöfðingi: Eg vildi segja nokkur orð, af því h. þm. S.-Múl. (S. G.) furðaði sig á því að eg hefði ekkert lagt til umræðanna um ritsímann. Eg áleit óþarft að leggja orð í belg, bæði af því að stjórnin hefir skýrt svo ljóst frá afstöðu sinni í þessu máli í athugasemdunum um þennan útgjaldalið, og hins vegar vissi eg, að þessi hluti fjárlaganna átti svo öflugan formælanda þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) er, að honum væri einum trúandi fyrir að halda uppi svörum fyrir ritsímalagningunni á landi. Eg skal þó nefna eitt atriði, sem mér hefir alt af þótt kynlegt. Þegar samningar fóru fram milli fjár-

laganefndar fólksþingsins og innanríkisráðgjafans um þetta málefni, var algerlega gengið fram hjá ráðgjafa Íslands, og hann leyndur öllu þangað til eftir að frumv. þetta var samið. Það hefir ef til vill þótt óþarfi að tala við ráðgjafa Íslands um þetta, þar sem menn höfðu h. þm. Vestm. (V. G.) til samráða, og munu þeir hafa trúað honum betur en ráðgjafanum fyrir Ísland.

Reyndar sést það, að stjórnin hefir litla trú á samningunum um ritsímann, en hitt er þó vonandi, að þeir komi okkur fyr eða síðar að notum.

Að því er snertir styrkinn til flutningabrautar í Eyjafirði, þá skal eg geta þess, að eg var honum ekki meðmæltur á þinginu 1897, sérstaklega af því að mér var kunnugt, að jafnaðarlega má nota sem akbraut ísinn á Eyjafjarðará á vetrum. En þar sem nú stjórnin hefir varið þessum 14000 kr. styrk, sem veittur er í gildandi fjárlögum til þessarar flutningabrautar, til þess að byrja á henni og koma henni áfeiðis hér um bil mílu vegar, þá sýnist mér sjálfsagt, að brautinni sé haldið áfram, að minsta kosti inn að Grund. En Húnavatnssýsla þarf ekki fyrir því að verða útundan, hún getur að öllum líkindum fengið það sem afgangs verður seinna árið, c. 20,000 kr. Þó Eyjafjarðars. fái þær c. 15,000 kr. sem eg hafði hugsað mér að væri varið til flutningabrautar í Eyjafirði.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Umræða þessi er orðin óvanalega löng, og það er því heppilegt, að eg hefi ekki mörgu við að bæta.

Fyrst vildi eg minnast á tillögu h. þm. Dal. (J. P.) um að hækka upphæðina til þjóðvega um 10 þús. kr. fyrra árið. Eg vildi leiða athygli hinnar h. deildar að því, að það lítur svo út sem ætlast sé til, að þúsundir þessar verði látnar ganga til ákveðins vegakafla. En þar sem því nú er svo varið með veg þennan, að hann er ekki langur og liggur samhliða bezta vegi landsins, en aðsóknin að verksmiðjunni ekki afarmikil, þá virðist mér of mikið, of fljótt, ef eg mætti svo segja, af þinginu, ef það vildi verja svo mikilli upphæð til þessa. Það væri álíka og leggja akveg til kirkju einhversstaðar, svo mönnum yrði sem hægast fyrir. Eftir þeim fyrirvara sem h. þm. áður hefir haft við fjárveitingar til vegabóta, virðist mér ekki mögulegt fyrir það að veita þetta fé.

Þá ætlaði eg fám orðum að minnast á styrkinn til póstvagnaferða. Hér hefir bólað á dálitlum misskilningi. Eins og eg hefi skýrt frá, bauðst maður til að annast þessa póstflutninga, en nefndin áleit að bezt væri að fela póststjórninni að semja við manninn, og ætla henni fé til þess, auðvitað að því tilskyldu, að landssjóður þurfi eigi að borga honum meira, en hann býðst til að gera þetta fyrir. Ef nokkrar ítarlegri tillögur koma fram í þessu efni, mun nefndin reyna að samlaga sig um þær til 3. umr. við tillögumann.

Að því er snertir fjárveitinguna til yfirhjúkrunarkonu holdsveikisspítalans, er komi í stað hestfóður þess, sem hún hefir haft undanfarið, get eg ekki bundizt orða um, að hestfóður þetta er enginn skylduskattur á landssjóð. Þetta er líklegast ráðstöfun Oddfellowa, en ekki stjórnarráðstöfun, og þó svo væri, þá hefði verið sjálfsagt af henni að leita samþykkis til þessa á fjáraukalögum. Þetta er að vísu lítil upphæð, en mér virðist henni ekki vera komið fyrir undir réttum lið á fjárlögunum, og uppástungan ekki rökstudd.

Þá kem eg að tillögu fjárlaganefndarinnar, um styrk til aðstoðarlæknis handa Guðm. Hannessyni. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) hefir hreyft mótbárum

móti þessu, sem koma mér fremur kynlega fyrir, og það því heldur sem h. þm. sjálfur er læknir. Hann gat þess, að fengi þessi læknir svona lagaðan styrk, þá ættu allir læknar, þar sem spítalar væru, heimting á hinu sama. Þetta er ekki svo. Fjárlaganefndin hefir einmitt viljað girða fyrir þennan misskilning með því að orða tillögu sína svo sem hún gerði. Styrkurinn er ekki ætlaður spítalalækni, heldur héraðslækninum á Akureyri, Guðm. Hannessyni, persónulega honum. Aðsóknin að manni þessum er nefnilega svo mikil, að honum er ómögulegt að komast yfir það. Aðsóknin stafar af því mikla áliti, sem haft er á lækni þessum, og meðan það ekki dvín, mun aðsóknin síður minka en vaxa. Þess vegna verður hann að hafa mann fyrir sig að bera. Hann mun þá koma því svo fyrir, að hann lætur aðstoðarlækni sinn annast hin minni tilfelli, en sjálfur sér hann um öll hin alvarlegri. Eftir stefnu h. þings að undanförnu finst mér að það verði að vera tillögu þessari hlynt. Það er merkilegt, að 1. þm. G.-K. skuli koma fram með þá tillögu, að spítalinn eigi að taka þátt í kostnaðinum við aðstoðarlæknirn. Eins og eg hefi áður tekið fram er hér ekki að ræða um hag spítalans, og þó svo væri, þá skil eg ekki framkomu hins h. þm. að heldur. Í öðru veifinu stingur hann uppá að leggja kostnað á spítalann, en í hinu veifinu kvartar hann um, hve mjög spítalar vorir séu látnir sitja á hakanum. Svo fórust h. þm. orð í dag um Rvíkurspítala út af tillögu h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) Nú er það svo, að spítalinn í Rvk. hefir fengið þrefalt meiri styrk en hinir, og hefir þó ekki verið sóttur einu sinni eins og gamli spítalinn á Akureyri. H. þm. talar um að flest áhöld og verkfæri Rvíkurspítalans séu ónýt, þrátt fyrir þann styrk, sem hann hefir fengið, en hann vill láta annan spítala, sem hefir miklu minni styrk, launa að hálfu spítalalækni sinn! Mér er þetta óskiljanlegt.

Þá vík eg að tillögu hinnar h nefndar um að fella burt aths. um lagning landsíma við 13. gr. D, og tala eg um hann sem óbreyttur þingmaður, en ekki sem nefndarmaður. Þegar í gær lét h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) í ljós þá skoðun, að á síðasta þingi hefði það verið almenn skoðun manna, að veita ætti fé til þess að leggja síma milli landa, en ekki til að leggja landsíma. Þetta er ekki rétt. Af alþtíð. má sjá, að frsm. — og eg hafði þá eins og nú hlotið þann heiður að vera frsm. — lýsir yfir því, að jafnframt því að sæsíminn verði lagður, eigi að kosta fé til landsímalagningar (1 þm.: draumur.) Þá tólf manna draumur, og hinir 11, sem þá voru á mínu máli sem frsm, hafa ekki gert grein fyrir, hvenær eða hvernig þeir hafi vaknað af draumi þeim. Eg talaði þá og tók það fram, eins og sést í þingtíðindunum, eigi að eins fyrir hönd fjárlaganefndarinnar heldur líka samgöngumálanefndarinnar, eða samtals fyrir 12 þingmenn, og yfirlýsing minni var alls ekki mótmælt. Þetta sést allt í þingtíðindunum. En það er nú ekkert aðalatriði í málinu, hverrar skoðunar þingið '97 var, eg vil aðeins benda á það vegna þess, að menn hafa notað það sem ástæðu móti málinu. Sú aðalástæða, er menn hafa hreyft gegn lagning landsímans, er að efnahagur landsins þoli það ekki. Það eru helzt h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. varaforseti, sem hafa látið bóla á þessu. Hv. varaforseti hefir meðal annars drepið á, að kostnaður sá, er landsímalagningin hefir í för með sér, væri óútreiknanlegur, að minsta kosti nú sem stæði. Í þessu tilfelli er slík mótbára ástæðulaus, því enginn getur sýnt fram á né

sannað, að áætlanir þær, sem fram eru lagðar, séu of lágar. Mér dettur ekki í hug annað en gjöra ráð fyrir meiri kostnaði, þegar stundir líða. Náttúrlega þarf að leggja aukaþræði eins fljótt og unt er út frá aðalþræðinum t. a. m. til Ísafjarðar, frá Reykjavík og austur í sýslur, og af Austfjörðum suður á bóginn. En látum þar nótt sem nemur fyrst um sinn, og snúum oss heldur að því, sem eg álít aðalatriðið í þessu máli.

Er það nauðsynlegt fyrir oss og þjóðmegun vora að komast í símasamband við umheiminn? Eg þykist nú svo fyllilega sannfærður um, að það sé lífsnauðsyn fyrir oss að fá símann, en þm. A. Sk. hefir beðið um sannanir fyrir þessu, um sannanir fyrir gagnsemi símans. Þetta er að vísu fjarstæða hjá h. þm., hann spyr líkt og maður, er aldrei hefir sól séð. Það verður ekki metið til peninga, hvað hver sólargeisli framleiðir mikið líf, ljós og hita, og eins er því varið með rafmagnssímann; en eitt er víst, að eins nauðsynlegur og sólargeislinn er fyrir gróður jarðar, eins nauðsynlegt er hið nánasta samband þjóðanna einmitt fyrir andlegan og verklegan gróður hverrar einstakrar þjóðar. Hér sitjum vér á hjara veraldar, í margra mílna andlegri fjarlægð frá öðrum þjóðum og þó spyrja menn um sannanir fyrir gagnsemi símans. Þeir á sólarlausa landinu heimta sannanir fyrir ágæti sólarinnar!

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir komið fram með tvær mótbárur ekki mikilvægar. Hin fyrsta er sú, að félaginu hafi verið áskilinn réttur til ágóða í tiltölulegu hlutfalli við þá upphæð, er það leggur til landsímans. En h. þm. verður að gá að því, að það er sitthvað tekjur og ágóði; ágóði er þá fyrst, er tekjurnar fara fram úr gjöldunum, en það eru litlar líkur til að svo verði fyrst um sinn og engin hætta á að það verði nokkur féþúfa fyrir félagið. Önnur mótbáran var sú, að sæsíminn yrði eign danska ríkisins að 20 árum liðnum, ef félagið þá afsalaði sér honum. Í þessu felst engin hætta, en miklu fremur hin bezta trygging. Að vísu er Ísland ekki ríkið sjálft, en það er óaðskiljanlegur partur ríkisins, það er í ríkinu, og því missum vér ekki símann, þó ríkið taki við honum, heldur þvert á móti. Hvern tiltölulegan þátt, sem Ísland þá hefir tekið í fyrirtækinu, fær það þá til eignar og umráða. Eg er þess vegna miklu fremur þakklátur fyrir, að svo er um hnútana búið. Hinn h. þm. vildi búa svo um, að Ísland borgaði ákveðna upphæð á ári hverju og að félagið hefði þá allan veg og vanda af, en væri þetta ekki sama sem afborgun af láni? (þm.: nei! ekki rétt!)

Ja, hvað sem þessu líður, lít eg svo á, að sérhvað það, sem tálmar málinu nú á þessu þingi, verði að álítast sem hik á okkur, en hik í svona löguðu máli er hið voðalegasta slys, er eg get hugsað mér.

Eg hefi þá föstu trú, og hefi haft hana í mörg ár, að fyrirtæki þetta sé undirstaðan og grundvöllurinn undir öllum framförum vorum, og eg hefi aldrei gladst betur en þá, er eg varð þess vís, að málið væri komið á eins góðan rekspöl og það nú er komið.

Hæstv. landsh. drap á, að Íslandsráðgjafi hafi verið leyndur öllum samningum um þetta mál. En eg verð að geta þess fyrir hönd háttv. þm. Vestm. (Valt. G.), sem nú er dauður frá umræðum og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, að bæði innanríkisráðgjafinn og h. þm. Vestm. (Valt. G.) sjálfur töluðu um málið við ráðgjafa Íslands, og það er mín skoðun, að allur undirbún-

ingur og meðferð málsins hafi verið eins góður og á varð kosið.

Björn Sigfússon: Eg hafði ætlað mér í dag að svara ýmsu í ræðu háttv. þm. Eyf. (Kl. J.), sem hann beindi til mín, en af því eg sé, að háttv. þingd. vill nú hætta umræðunum, get eg gjarnan slept því að miklu leyti, og það því fremur, sem eg veit að allir finna, að ræða hans var ekki svaraverð; hún var í raun og veru ekkert annað en rangfærslur eða bein ósannindi, og svo persónuleg árás á mig. Eg bara vísa þeim óþverra heim aftur. Já — hann gekk — með sinni vanalegu frekju — svo langt í sorp-austrinum, að hann var líka að reyna að ata út saklausan mann, sem ekki hafði annað til saka unnið en það, að hann var sessunautur minn! Já — og svo hafði hann, h. þm. Eyf. (Kl. J.) til skaprauna, bent á þann sannleika, að flutningabrautin í Húnavatnssýslu væri líka þjóðvegur, sem h. þm. Snæf. (E. G.) var svo ófróður að vita ekki. Eg skal láta mér nægja að nefna dæmi, til að sýna að ferð hans: Sönnunin fyrir þörfinni á Eyfirzku brautinni var sú: að Eyfirðingar sjálfir(!) beiddu um hana. Sönnunina fyrir ósamkvæmninni hjá mér varð hann að búa til og byggja á því, sem eg ekki sagði; honum þykir aldrei mikið fyrir því. Hann sagði, að eg teldi flutningabrautir óþarfar yfir höfuð, en vildi þó fá hana í Húnavatnssýslu; á þessum ósannindum staglaðist hann eins fyrir því, þó eg gripi fram í fyrir honum og mótmælti þessu; en hann gætti þess ekki, að þó eg hefði verið á móti flutningabrautum, var engin ósamkvæmni í því, að halda fram veginum í Húnavatnssýslu, af því að hann er ekki einungis flutningabraut, heldur líka þjóðvegur. Svo þóttist hann þurfa að breiða eitthvað yfir hvað mikið fé Eyfirðingar hefðu fengið, án þess eg væri neitt að rekja það. (Það voru nú reyndar 26,900 kr. á einu fjárhagsári), en til þess að fá álitlega upphæð fyrir Húnavatnssýslu, varð hann að fara yfir 8 ára tímabil, en fór þó ekki rétt með.

Að öðru leyti skal eg ekki svara honum, og ekki spilla gleðinni, sem að hann hefir af sjálfum sér, þegar hann verður eins og froðufellandi berserkur fram á völlinn og hyggur að sig biti engin járn. Í þessum ham er hann svo ánægður með sjálfan sig, rétt eins og hann vildi heimfæra upp á sig vísuhelminginn gamla:

Enginn brandur bíta kann
berserk Andra hamraman.

Hann heldur sjálfsagt að sér sé ekkert ófært. En við hinu get eg ekki gert, þó einhverjum háttv. þingdeildarm. gæti dottið í hug, að heimfæra til hans fyrstu hendinguna af þessari sömu vísu, sem eg nefndi.

Landshöfðingi: Eg vil gjöra stutta athugasemd. Eg lít svo á, að þó 44. tölul. á atkvæðaskránni, sem er breyt.-till. á þingskjali 254, verði samþyktur, að þá sé stjórninni ekki skylt að verja 10,000 kr. til þjóðvegagjörðar í Mosfellssveitinni. Eg get ekki álitið, að það sé bindandi fyrir umboðsstjórnina, þó einhver háttv. þingm. segi, að hann ætlist til þess, að einhverjum tilteknum hluta þess fjár, sem veitt er til vegabóta, sé varið á tilteknum stað.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) sagði, að eg hefði viljað fá sannanir fyrir því, hve mikið gagn yrði að ritsímanum. En eg vil geta þess, að þetta er ekki allskostar rétt. Eg vildi að eins, að menn vildu benda á þær breytingar til framfara í þjóðlífi voru, sem að yrðu við ritsímalagninguna, í hverju þær væru fólgnar. Eg vildi láta sýna fram á annað meira en drauma og óljóst hugboð, en annað

eða meira finst mér hvorki h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) né h. 1. þm. S.-M. (Sig. G.) hafa haft að bjóða. Aftur á móti kom h. þm. Vestm. (V. G.) með ýms dæmi, sem eg er honum þakklátur fyrir, því að framfara-drauma þarf eg ekki að sækja til annara.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf) vildi, viðvíkjandi orðum mínum, taka líkingu af sólinni og jafna ritsímanum við hana. Hann sagði meðal annars, að sólin framleiddi ekki mat né peninga, en eg vil bera á móti því; það er hægt að sýna fram á, að því víkur alt öðru vísi við með hana eða ritsímann. Hún framleiðir alt, grös og jurtir og dýr, og hiti hennar færir oft beinlínis björg í búið, svo þessi samlíking getur ekki átt hér heima. Mundi það ekki hafa meiri áhrif á frjósemi og auðmagn landsins, ef það væri horfið svo sem 10—20 mælistigum sunnar, og nyti þeim mun betur sólarinnar, heldur en þó að ritsími væri kominn um það alt?

En að nota þannig lagaða aðferð til að vinna sitt mál og buga andstæðinga sína, eins og háttv. frams. (J. J., 2. þm. Eyf.) hefir beitt gagnvart mér, getur ekki verið rétt, né haft neinn sannfæringarkraft í sér fólginn.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): H. þm. A.-Sk. (J. J.) hefir ekki skilið þau orð, sem eg sagði.

Jón Jensson: Því hefir verið dróttað að okkur, sem vildum fella burt athugasemdina við 12. gr. D í frumv. stjórnarinnar, að það hafi verið af að hreppapólitík, og jafnvel af enn þá verri hvötum. Vér eigum ekki að vilja láta aðra staði njóta góðs af ritsímanum en Reykjavík. Mér þykir það kynlegt, að háttv. þingm. skuli drótta þessu að okkur. Það væri miklu nær að segja, hreppapólitík réði úrslitum, ef afráðið yrði, að landsíminn yrði lagður á land á Austfjörðum eða yfir höfuð annarsstaðar á land, en sem næst Reykjavík. Ritsíminn á að liggja til Reykjavíkur, lang-helzt þangað af öllum stöðum á landinu.

Verði síminn lagður á land á Austfjörðum og landsími lagður yfir land til Reykjavíkur, er líklegt mjög, að samband Reykjavíkur við útlönd yrði slitið lengri eða skemri tíma, á vetrum einkanlega, því að hættan á því, að landsíminn geti bilað og ekki orðið að honum gjört, er mikil. En þetta er óhafandi ástand, því að ef nokkur staður þarf að standa í tryggu sambandi við útlönd, þá er það Reykjavík.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) staðfesti það, sem eg sagði, viðvíkjandi kostnaðinum við landsímann; alt, sem hann sagði í þá átt, var mínu máli til stuðnings.

Viðvíkjandi því, sem sami þingm. talaði um nytsemi ritsímans, þá vil eg geta þess, að mér dettur ekki í hug, að neita því, að hann geti komið að miklum notum, þó eg á hinn bóginn ekki hafi þá tröllatrú á fyrirtækinu, að það hafi þau áhrif á ástand þjóðarinnar, að hún fái fyrir það bót allra sinna meina.

Mín hugsun var sú, að þingið ætti heldur að velja ódýrari veginn til þess að fá þetta síma-samband. Eg álít þess vegna miklu skynsamlegra, að fresta málinu; þó að vér bíðum næstu 2 ár, þá þarf það ekki að verða málinu til falls.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að svara háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), þar sem hann var að tala um spítalann hér í Reykjavík, og gegn tillögu minni um að stækka spítalann. Hann nefndi 3 atriði, sem væru á móti því, að spítalinn í Reykjavík væri stækkaður. — Hann nefndi fyrst jarðnæðisleysi, sem

eg vildi heldur kalla skort á hæfilegri lóð, en eg held því fram eins og áður, að lóðin sé nægileg.

Því næst nefndi hann afrensluleysi. En eg vil segja, að þó afrenslið sé ekki beint niður í sjó, þá er það þó niður í tjörn, sem aftur hefir afrensli niður í sjó. Og í þriðja lagi nefndi hann erfiðleika með vatn. Hvað það atriði snertir, þá er eg honum samdóma í því, en álít gallann ekki stórvægan.

Við erum á sama máli um það, að eitthvað þurfi að gera fyrir spítalann, því það er mjög óheppilegt, að margir sjúklingar þurfi að liggja úti í bæ vegna rúmleysis á spítalanum. En fyrst og fremst skoða eg málið frá hlið sjúklinganna, en svo vil eg taka í annari röð það gagn, sem spítalinn gerir fyrir læknaskólann. En fyrst og fremst eru það sjúklingarnir, sem þurfa á spítalanum að halda, og þar næst er það læknaskólinn, sem hefir gagn af sjúklingunum á spítalanum.

Mér finst málið vera skoðað mest frá læknanna hlið, litið mest á þá þörf, sem læknaskólinn hefir fyrir spitalann, en aðrar hliðar málsins aftur eigi skoðaðar sem skyldi. Mér finst eins og ætlast sé til, að allir verði lagðir á spítalann, eins og allir eigi að vera nokkurs konar »dissecti-susobject«. — Það er líkt eins og með Magnús heitinn hringjara. Þegar infludensan gekk og deyddi marga hér, sagði hann: það væri betur að það héldist. Hann skoðaði málið frá þeirri hlið, að hann þá fengi meiri peninga fyrir að hringja þá ofan í gröfina.

H. þm. G.-K. (Þ. Th.) virtist halda því fram, að læknaskólinn væri ófullkominn kenslustofnun og kandídatarnir kynnu ekkert. En eg vil taka það fram, að vér eigum marga fyrirtaksgóða lækna, sem einmitt hafa lært á þessum skóla og þessum spítala, og hafa þeir eflaust góða þekkingu þrátt fyrir þennan spítala, sem h. þm. G.-K. (Þ. Th.) talaði svo mikið á móti. Og eg vil taka það fram, að sjálfur háttv. þingm. er lifandi sönnun fyrir mínu máli, eg vil segja all-spræk sönnun.

Það má auðvitað segja um mig og mína líka, að það sé vitleysa, sem við segjum, að við höfum ekkert vit á þessu máli. Það má ef til vill segja það um þá hlið málsins, sem að læknunum snýr, en slíkt verður ekki sagt um okkur, hvað fjárhagslegu hliðina snertir.

Eg hefi fyrir mér orð frá merkum lækni um það, að fyrir 15000 krónur megi byggja góðan spítala fyrir 10 sjúkrarúm.

H. þm. G.-K. (Þ. Th.) hélt því fram, að fyrir hvert sjúkrarúm þyrfti 100 □ metra stóra lóð, en eg álít þetta eigi rétt, álít of mikið í lagt. Eg vona að tillaga mín verði samþykt.

Það getur verið að þessi stækkun reynist með tímanum ónóg, og ef vér verðum þá svo efnum búnir, getum vér bygt annan stærri spítala. En hinn fyrri spítali yrði okkur ekki ónýtur fyrir það. Við höfum þar þá hús, sem má brúka fyrir læknaskóla, náttúrugripasafn og efnarannsóknarstöð.

Ef spítalinn ætti að geta verið nógu stór, þyrfti hann að geta tekið eigi að eins sjúklinga með almennum sjúkdómum, heldur einnig vitfirringa, fábjána og berklaveika menn. At vitfirringum og fábjánum er mikið til í landinu, og meðferðin á þeim er oft hneyksli næst. En til þess að spítalinn gæti tekið þessa sjúklinga, þá yrði hann að vera svo stór, að slíkur spítali yrði oss nú ofvaxinn vegna hins mikla kostnaðar. En með tímanum getur það breyzt, og mér finst skynsamlegast fyrir oss nú að reisa oss eigi hurðarás um öxl hvað

peningaframlag snertir. Mér finst þess vegna fjarstæða að ráðast í jafn-stórkostlegt fyrirtæki eins og nú stendur.

ATKVGR. um 11. og 12. gr.:

Atkvgr. um 11. gr. fór þannig fram:

1. og 2. liður a. p. samþ. í e. hlj.

Brtill. 24 á atkvskr feld með 14 : 3.

Brtill. 23 á atkvskr. feld með 13 :6.

Brtill. 25 á atkvskr. samþ. með 14 samhl. atkv.

3. 4. og 5. liður samþ. í e. hl.

Brtill. 26 á atkvskr. við 6. a. feld með 14 : 5.

Þá var tekin aftur 28. brtill. á atkv.-skrá, en þm. Vestm. tók hana þegar upp.

6. b. c. d. samþ. í e. hl.

Brtill. 27 á atkvskr. samþ. með 19 samhl. atkv.

f. til m. samþ. með 21 samhl. atkv.

Brtill. 28 á atkvskr. samþ. með 14 : 3.

Brtill. 29 á atkvskr. samþ. með 12:4.

7. liður samþ. með 21 samhl. atkv.

Brtill. á þingsk. 285 feld með 11 : 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Halld. Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss. A.-Sk.
Pétur Jónsson,	Jón Jónss. þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.

Síðari brtill. á þingsk. 285 tekin aftur.

8. liður a. samþ. með 18 samhl. atkv.

Brtill. 30 á atkv.skrá feld með 13 : 5.

8. liður b.—h. samþ. með 19 samhl. atkv.

Brtill. 31 á atkv.skr feld með 13 : 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson.
Guðj. Guðlaugsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss. þm. Eyf.,	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Ólafur Briem,	Sighvatur Árnason,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson.	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Brtill. 32 á atkv.skrá feld m. 13 : 5.

Brtill. 33 á atkv.skrá samþ. með 17 samhl. atkv.

Brtill. 34 á atkv.skrá samþ. með 13 samhl. atkv.

Brtill. 35 á atkv.skrá samþ. með 14 samhl. atkv.

11. gr. frvs. breytt samþ. í e. hl.

Atkvgr. um 12. gr. féll þannig:

1. og 2. liður samþ. í e. hl.

Brtill. 37 á atkv.skrá feld m. 13 : 6.

Brtill. 38 á atkv.skrá samþ. með 17 samhl. atkv.

3. tl. a.—e. samþ. í e. hl.

Brtill. 40 á atkv.skrá samþ. með 20 samhl. atkv.

g. og h. samþ. í e. hl.

Brtill. 41 á atkv.skrá samþ. með 16 samhl. atkv.

B.

Brtil. 42 á atkv.skrá samþ. með 13 samhl. atkv.

a. og b. samþ. með 17 samhl. atkv.

Aths. á brtill. 42 sþ. m. 16.

2. liður samþ. í e. hl.

Brtill. 43 á atkv.skrá feld m. 12 : 7.

3. liður óbreyttur samþ. m. 16 samhl. atkv.

Brtill. 44 á atkv.skrá samþ. með 12 : 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Jensson,
Eiríkur Gislason,	J. Jónss, þm. A.-Sk.,
Guðj. Guðlaugsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Guðl. Guðmundss.	Ólafur Briem,
Halld. Danielsson,	Sig. Gunnarsson,
Jens Pálsson,	Tr. Gunnarsson,
Jón Þórarinson,	Valtýr Guðmundss.
Pétur Jónsson,	Þórður Guðmundss.
Sighvatur Árnason,	Þorl. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Thoroddsen.	

5. liður samþ. í e. hl.

Brtill. 45. á atkv.skrá samþ. með 17 samhl. atkv.

Brtill. 47 á atkv.skrá samþ. með 13 samhl. atkv.

Brtill. 48 á atkv.skrá samþ. í e. hl.

C.

1. liður samþ. í e. hl.

Brtill. 50 á atkv.skrá feld m. 15 : 3.

Brtill. 51 á atkv.skrá samþ. með 12 samhl. atkv.

Brtill. 54 á atkv.skrá samþ. með 14 samhl. atkv.

Brtill. 52 á atkv.skrá feld með 11 : 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gislason,	Björn Sigfússon,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Jensson,
Guðl. Guðmundsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Halld. Danielsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Jens Pálson,	Jón Þórarinson,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,
Sk. Thoroddsen.	Tr. Gunnarsson,
Valt. Guðmundsson,	Þ. Guðmundsson,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Brtill. 53 á atkv.skrá samþ. með 14 samhl. atkv.

Stafl. c. samþ. m. 14 samhl. atkv.

Brtill. 55 á atkv.skrá að sjálfsögðu fallin.

Brtill. 56 á atkv.skrá: Orðal. fyrstu aths. samþ. með 18 samhl. atkv.

Orðin: »upphaf næstu gr. — o. s. frv.« samþ. án atkv.

Orðin: »þriðja gr. aths« falli burt, samþ. með 18 samhl. atkv.

Brtill. 57 á atkv.skrá samþ. m. 13 : 7.

Brtill. 58 á atkv.skrá samþ. með 15 samhl. atkv.

D.

2 fyrstu línur samþ. í e. hl.

Brtill. 59 á atkv.skrá feld með 14 : 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Klemens Jónsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Þórarinson,	Halld. Daníelsson,
Tr. Gunnarsson,	Jens Pálsson,
Þórður Guðmundss.,	J. Jónss. þm. Eyf.
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson.
	Sk. Thoroddsen,
	Valt. Guðmundsson,
	Þórður Thoroddsen,

Aths. við D. samþ. með 15 samhl. atkv.

12. gr. þannig breytt samþ. með 20 samhl. atkv.

II. kafli, 13.—18. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson* þm. Eyf.): Þar sem eg sé, að framsagan á þessum kafla fjárlaganna muni taka æðilangan tíma, vildi eg geta lokið nokkru af því af á þessum fundi, enda þótt dagur sé nú að kvöldi, en taka afganginn á næsta fundi. Fer eg eftir töluliðum atkvæðaskrárinnar. Verður fyrst fyrir 61. tl. Það er brtill. frá nefndinni við 13. gr. A. að nýum lið sé bætt inn á eftir 7. lið um 300 kr.

fjárveitingu til prestsins að Nesþingum. Svo er mál með vexti, að prestur þessi hefir áður farið fram á það við þingið, að það bætti sér upp úr landssjóði prestsmötu þá, er hann hefir átt að hafa af jörðinni Laugarbrekku með hjáleigunni nú um 13—14 ár, en kúgildi jarðarinnar hafa fallið og eigandi ekki getað haldið þeim við. Í fyrra var reynt að selja þessa jörð, því að svo var álitið, að jörðin stæði að veði fyrir gjöldum þeim, sem á henni hvíldu, en ekki varð úr því, því að ekki fekst hærra boð í hana en 10 kr. Nefndin lítur svo á, að hlutaðeigandi prestur eigi að fá einhverja uppbót, sérstaklega að kúgildin verði reist við og að hann fái auk þess uppbót á þeim tekjumissi, er hann hefir beðið af þessu, síðan hann leitaði þingsins 1895, en með þeim skilyrðum, að jörðin, sem nú er í eyði, verði með tilheyrandi hjáleigum lögð landssjóði út sem eign. Nefndin þóttist ekki geta fundið sanngjarnari veg, og vonar góðrar undirtektar á þessari till.

Næsta till. er einnig frá nefndinni, sem fer fram á að prestinum að Felli í Mýrdal verði veittar 600 kr. fyrir flutning og bygging staðarhúsanna. Svo stendur á, að á brýtur túnið, og hefir presturinn því orðið að flytja staðarhúsin með ærnum kostnaði og byggja þau á öðrum stað, en þar sem þessi kostnaður orsakaðist af slysi af náttúrunnar völdum, virðist rétt að landssjóður hlaupi undir bagga með kostnaðinn að sínu leyti eins og þingið gjörði 1897 við prest, sem mist hafði staðarhúsin sakir eldsvoða.

63. tölulíður er tekinn aftur, því að nefndin hefir síðar fengið upplýsingar frá forstöðumanni prestaskólans, og því komist að þeirri niðurstöðu að till. þessi sé ekki á nægum rökum bygð.

Þá kem eg að brtill. frá öðrum háttv. þingdm., en því miður er því þannig háttað með þær flestar, að nefndin hefir ekki átt kost á, að ráðgast um þær saman, því svo hart hefir verið knúð áfram með þingfundi, að hún hefir ekki haft tíma til að koma saman eftir að brtill. þessum var útbýtt. Nokkurar þessara fjárbæna hafa að sönnu verið fyrir nefndinni áður, sem hún hefir ekki séð sér fært að mæla með, en aftur eru aðrar, sem nefndin veit ekkert um fyr en nú. Sú fyrsta af þessum brtill. er frá h. 1. þm. G.-K. (Þ.Th.) um að námsstyrkur til nemenda við læknaskólann sé hækkaður úr 1200 kr. í 1800 kr. árlega eða um $^1/_3$, og að hver nemandi megi fá 300 kr. styrk í stað 200 kr. Mér er ekki fyllilega ljóst, á hverjum rökum þetta er bygt, en líklega er það eitt af hinum mörgu og víðtæku ráðum, sem nú eru höfð til að hlynna að læknaskólanum. Að svo stöddu get eg ekki sagt um afstöðu nefndarinnar gagnvart þessari brtill., og finn því ekki ástæðu til að tala um hana fyrst um sinn, fyr en eg hefi heyrt ástæður h. flutnm.

65. tl. er frá nefndinni um að hækka upp í 200 kr. úr 150 kr. fjárveiting þá, sem ætluð er til eldivíðar, ljósa og ræstingar við læknaskólann. Er það gjört eftir tilmælum landlæknis, sem sýndi fram á að slíkt væri nauðsynlegt.

66. tl. fer fram á, að til latínuskólahússins og girðingar skólans sé veittar 3,200 kr. í stað 5,422 kr. 65 a. eins og er í frumv. Í nefndarálitinu er stuttlega gerð grein fyrir því, hvers vegna nefndin hefir komist að þessari niðurstöðu. Fyrst verður hún að álíta, að hentugra sé að leggja trégólf en steingólf í bókhlöðu skólans, og að girðing skólalóðarinnar sé haldið við úr *timbri* í stað þess að hún sé bygð úr steini, því kunnugir menn hafa bent oss á,

að snjóskaflar mundu hlaðast á vetrum undir steingirðinguna, og mundi það auka trafala og spilla samgöngum í bænum, og hvað skúrinn við leikfimishús skólans snertir, álítur nefndin að hann þyrfti ekki stærri en svo, að hin áður nefnda upphæð ætti að nægja til allra þessara útgjalda.

67. tl. er lítilfjörleg breyt.till. um, að fé það, er ætlað er til tímakenslu við latínuskólann, sé hækkað um 100 kr. í stað 150 kr., sem standa í fjárlagafrv. Í ástæðunum fyrir því leggur stjórnin til, að þessi liður sé hækkaður um 150 kr, af því hve torvelt sé að fá menn fyrir prófdómendur nema fyrir borgun. Meiri hluti nefndarinnar verður nú að álíta það meiri heiður en erviði, að vera prófdómandi við lærðaskólann, og að það ætti að geta gengið eins og hingað til, að láta það starf ólaunað; en sé nauðsynlegt að veita fé til þess, vill hún veita 100 kr., því það verður auðvitað notað, alt hvort sem veitt er til þess meira eða minna, og þá er þetta þó 50 kr. sparnaður, þó lítið sé, en h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir lagt til, að aftan við þessa grein sé bætt því skilyrði, að fé þetta veitist því að eins, að latneskur stíll sé atnuminn við inntökupróf í skólann. Eins og h. deild er kunnugt, hefir því verið hreyft, bæði á síðasta þingi og nú nýlega á þessu þingi, að það væri ekki rétt krafa, að heimta latneskan stíl til inntökuprófs við lærðaskólann, þótt slíkt hafi verið tíðkað til þessa. Það getur reyndar verið að hægt hefði verið að fá því framgengt, að afnema þessa venju með öðru móti en þessu, en mér sýnist þó þessi vegur aðgengilegur, og vil því styðja tillöguna.

Þá hefir nefndin lagt til, að tímakennara við lærðaskólann cand. mag. Bjarna Jónssyni séu veittar 500 kr. á ári auk venjulegrar borgunar fyrir tímakenslu. Nefndinni hefir borist bænarskrá frá þessum manni um launaviðbót, enda er það ekki að ástæðulausu, því launakjör hans eru óviðunandi, en nokkuð sérstaklega stendur á með hann, því að hann hefir orðið óvenjulega lengi að vera tímakennari, og þar sem þörf er á stöðugum tímakennurum við skólann, og maður þessi er álitinn mjög vel hæfur kennari, þá þótti nefndinni rétt að leggja til að þessi styrkur yrði veittur.

Þá hefir nefndin leyft sér að gera athugasemd við það, að æðsta stjórn Möðruvallaskólans sé ekki á sem hentugustum stað, þar sem hún er í Reykjavík. Það þarf ekki að vera annað en að eitthvert ólag komist á skólann, annaðhvort með hús eða áhöld, og þá er óhentugt, að skólastjórnin sé hér í Reykjavík, því að þá verður ekkert gert af hennar hálfu nema úrskurða hvað gera skuli, en um eftirlit getur naumast verið að ræða. Sama er að segja, ef misklíð kæmi upp í skólanum milli nemenda og kennara. Nefndinni sýndist því hagfeldara, að amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu yrði falin yfirstjórn skólans.

Þegar kemur að 13. gr. B. V. stýrimannaskólanum, verða fyrir manni ekki svo fáar breyt.till. Það er eitthvað sviplíkt með stýrimannaskólann og holdsveikisspítalann, að áætlanirnar um kostnaðinn við hann virðast nokkuð ríflegar, svo það sýnist ekki hafa vakað fyrir þeim, er sömdu áætlunina, áhugi á því að spara fé. Nefndinni sýndist ekki frágangssök að lækka sumar þessar upphæðir, svo sem 2. lið til áhaldakaupa, samtals um 400 kr. og 4. lið, til ýmislegra útgjalda, um 100 kr. hvort árið. Þá stinga þeir h. þm. Dal. (J. P.) og fl. upp á því, að 3. liður, til eldiviðar og ljósa, sé lækkaður úr 500 kr. í 300 kr. á ári. Nefndinni er reyndar

ekki full-ljóst, af hvaða ástæðu er farið fram á lækkun þessa liðar, því hún er ekki búin að kynna sér það svo fyllilega, en getur búist við, að þetta hafi við einhver rök að styðjast, eftir því sem áætlað er til annara gjaldliða, en lætur bíða að tala meira um þessa breyt.till., þar til hún hefir heyrt ástæður flutningsmanna.

Loks leggur nefndin til, að 5. töluliður sé feldur burt, því hún sér ekki ástæðu til að auka lóð skólans, heldur megi komast af með þá lóð, sem hann hefir, fyrst um sinn.

Þá koma 2. breyt.till. frá h. 2. þm. Húnv. (B. S.), sem fara fram á það, að breyta til um það, sem hingað til hefir verið venja, og að skift sé alveg upp fé því, sem fer til kvennaskólanna í Eyjafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, í stað þess að áður hefir nokkrum hluta þessa fjár verið skift upp milli skólanna eftir nemendafjölda. Það er athugavert, að hér er prentvilla á atkvæðaskránni í 75. tl., 2. liður fyrir 3. liður. Mér er ekki ljóst, hvort það er gild ástæða til að breyta frá því sem nú er, og sýnist margt mæla með því, að veita rúman helming af fé því, er gengur til skólanna, er skiftist að jöfnu milli þeirra, en nokkkuð hárri upphæð sé aftur skift eftir nemendafjölda. Sýnist mér þessi skifting harla réttlát. Eg hefi að sönnu ekki kynt mér hvernig hlutfallið hefir verið milli skólanna, að því er nemendafjölda snertir, en finst þessi skifting svo eðlileg, að nokkuð miklar ástæður þurfi til þess að breyta frá þessu fyrirkomulagi.

Þá hefir nefndin lagt til, að 500 kr. á ári séu veittar til frú Guðlaugar Víum, til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði, sem hefir óskað eftir þessum styrk, til þess að gera dvöl og kostnað stúlkna á skóla þessum léttari. Nefndinni er kunnugt um að kona þessi er mjög vel fallin til kenslu, og hefir kent áður við skóla og með bezta vitnisburði, og er bæði skynsemdar kona og vel að sér, og þegar þess er gætt, að á Austurlandi er enginn kvennaskóli styrktur, þá virðist ekki ósanngjarnt að veita þennan litla styrk, til þess að gjöra námsstúlkum á Austurlandi nám sitt léttara.

Þá kemur nú breyt.till. til skólahalds en sem ekki er á atkvæðaskránni, og er hún frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), um fjárstyrk handa hússtjórnarskólanum. Eg þykist mega fullyrða, að nefndin getur ekki verið hlynt þessari breyt.till. Nefndin hafði fyrir sér styrkbeiðni frá stjórn þessa skóla, en sá sér ekki fært, að veita honum styrk. Eg veit ekki hvaða ástæða er til að styrkja þennan skóla. Eg efast að sönnu ekki um, að hann muni vinna gagn, en eg ætla, að hann sé grundvallaður þannig, að hann ætti að geta borið sig, og eg efast um að það sé rétt, að gera vistina á honum léttari, því aðsókn að honum mun vera nokkurnveginn sæmileg, og það gæti skoðast varhugavert, að hið opinbera ætti að styðja þessa stofnun í samkepninni við aðra menn hér í bænum, sem hafa atvinnu af því að selja fæði.

Þá er komið að barnaskólunum. Þar við eru breyt.till. nokkuð margar, og svo er með þær allar, að nefndin hefir ekki haft færi á að athuga þær, og nú berst mér ein þeirra í þessu augnabliki. Hin fyrsta af þessum breyt.till. er frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), um að fjárveitingin sé hækkuð nokkuð og að liðurinn orðist svo: »Til barnaskóla« í stað þess að í frumv. stendur: »til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum«. Fjárveitingarvaldið hefir hingað til haldið þeirri reglu, að veita ekki styrk barnaskólum, sem eru í kaupstöðum. Það getur verið álitamál, hvort

ekki væri rétt að veita styrk til barnaskóla í kaupstöðunum, en eg hygg þó, að álöguvaldið í kaupstöðunum sé þannig, að það geti séð fyrir þörfum sinna barnaskóla, en ef þetta væri samþykt, þá sé eg ekki betur en barnaskóli Reykjavíkur gæti tekið $^2/_3$ alls styrksins fyrir sakir nemendafjölda. Eg veit ekki hvort þetta er tilætlunin, en ef svo er, þá er það ekki heppilegt. Slíkt er ekki af því að eg unni ekki Reykjavík góðs, en eg álít að landsstjórnin eigi ekki að styrkja þetta bæjarfélag til barnakenslu, því eg hygg, að það sé vel fært um að sjá fyrir sér sjálft. Mundi og verða nokkuð lítið eftir handa hinum skólunum, ef till. yrði samþykt.

Þá er breyt.till. við sama lið frá mentamálanefndinni, um að hækka styrkinn upp í 6000 kr., og önnur frá h þm. Dal. (J. P.), er gengur út á hið sama, og ætla eg að hlaupa alveg yfir það nú, því eg veit ekki á hverju það er bygt.

Þá er tl. 81. Þar sýnist ekki til mikils mælst, en þetta er einn af þeim liðum, sem alt af verður að umtalsefni hér, og það getur verið dálítið þreytandi að tala alt af um hann.

82. tl. hefir fjármála nefndin átt kost á að segja álit sitt um, og gat hún þá ekki aðhylst hann.

Þá hefir nefndin lagt til, að Stefáni Eirikssyni tréskurðarmanni væri veittur 600 kr. styrkur hvort árið, til þess að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík, samkvæmt beiðni frá honum sjálfum. Eg skal ekki spá neinu um það, hvernig þessi till. nefndarinnar mælist fyrir, en það er einmælt að maður þessi sé vel að sér. Aðalatriðið er það, hvort að hugsunarháttur manna hér er svo, að hann vilji nota þessa kenslu. Annarsvegar má líka líta svo á, að þeir er njóti kenslunnar sé að eins þeir, er geti borgað fyrir sig, því það sé alment fólk, sem bæði hafi efni og ekki mikið að gera, er mundi nota slíka kenslu. En eigi að síður fanst nefndinni ástæða til að gera tilraun með, hvort teikning gæti ekki þrifist hér, því hún hefir mjög mentandi og vekjandi áhrif yfir höfuð, og sérstaklega fyrir þá, sem vilja reyna að komast dálítið áleiðis.

Næsta till. nefndarinnar er um skjalasafnið, og nokkru síðar kemur till. hennar um forngripasafnið, og standa þær í sambandi hvor við aðra. Nefndin hefir íhugað þetta mál rækilega, og komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að veita fé til þess að hægt sé að nota skjalasafnið, sem nú er ónotað og ónotandi. Líkt er varið með forgripasafnið, að það er nú í slæmu ástandi, sem ekki má eiga sér stað, þar sem það er merkasti og dýrmætasti gimsteinn þjóðarinnar. Nefndin vill útvega forngripasafninu húsnæði í hinu nýja bankahúsi, og landssjóður leggi fram allan kostnað af húsnæðinu, sem ekki er lítill, en skjalasafnið sé geymt í alþingishúsinu, þar sem forngripasafnið er geymt nú. Nefndin hefir einnig lagt til, að borgun til skjalavarðarins sé lækkuð frá því, sem stendur í frumv., en það getur verið álitamál, hvað mikið fé eigi að veita til hans. Í athugasemdum við fjárlaganefndarfrumv. er gjört ráð fyrir því, að þetta eigi ekki að vera aðalstarf hans, heldur þurfi hann að eins að verja þess nokkrum stundum annanhvorn dag, en það gefur að skilja, að því minna gengur áfram verk það, er hann á að vinna, sem minna fé er veitt til þess; en þar sem hér er ekki að ræða nema um eina fjárveiting, sem á að verða áframhaldandi, þá hefir það ekki mikið að þýða, hvort hún er upphaflega hærri eða lægri.

Viðvíkjandi forngripasafninu hefir

nefndin lagt til, að 2000 kr. væri veittar á ári til húsnæðis og hita, og verður þessu ákvæði ekkert breytt, því að húsnæðið fæst ekki fyrir minna. Til þess að flytja safnið er lagt til að veita 800 kr. í stað 1000 kr. er stjórn safnsins fór fram á að veitt yrði; en þessi áætlun er gerð nokkuð af handahófi, en slíkt gjörir minna til, þar sem þetta verður að eins borgað eftir reikningi. Svo má búast við því, að töluvert þurfi af áhöldum til þess að setja safnið sæmilega upp.

Í sambandi við þetta vil eg vekja athygli á því, að ekki er búið með þennan kostnað við forngripasafnið, þótt búið sé að veita þessar 2000 kr. og 800 kr., þótt mönnum kunni að vaxa hann í augum, því að hann hlýtur að verða meiri. Fyrst og fremst hefir þeirri till. verið hreyft, að safnið þyrfti að vera opið oftar, og er sú skoðun á allmiklum rökum bygð, en þá hlýtur líka umsjón við það að verða dýrari; og í öðru lagi, að þegar safnið er komið í svona stórt húsnæði, sem aðgreint er í sundur, þá getur ekki einn maður sýnt það, heldur verður að hafa sér aðstoðarmann. Nefndin hefir þó ekki komið með neina till. um þetta nú, en vill að eins vekja athygli á því, að slíkt muni þurfa áður langt um líður.

Breyt.till. nefndarinnar um styrkinn til bókmentafélagsins leiðir af sjálfu sér þegar breytt er um útgáfu fornbréfasafnsins

Þá hefir nefndin lagt til, að fornleifafélaginu væri veittur 500 kr. styrkur hvort árið, til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýri sögu vora og siðu Þetta er gjört samkvæmt beiðni frá stjórn fornleifafélagsins, og hefir hún verið áður fyrir þinginu, og fengið fremur góðar undirtektir. Er ætlast til, að þetta verði til þess að vekja eftirtekt annara þjóða og manna á oss, og gert ráð fyrir að hægt verði að selja þetta myndarit smámsaman, svo kostnaðurinn verði á endanum lítill eða enginn, þótt hann verði nokkur í byrjuninni.

Líkt sendur á með till. 91 á atkvæðaskránni um 1000 kr. styrk til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar. Nefndin hefir komið með þessa till. eftir uppástungu kapt. Daníels Bruuns, sem leggur alt kapp á að vekja athygli á Íslandi, og ætlar að sýna ýmsa íslenzka forngripi á Parísarsýningunni. Samskonar bæklinga er búið að gefa út um Færeyjar og Grænland, og hér er farið fram á, og er ætlast til að bæklingurinn um Ísland verði ekki gjörður síður úr garði, og að hann standi þeim ekkert á baki. Er ekki ætlast til að upplagið sé selt, heldur sé því útbýtt gefins, svo það sé eins og nokkurskonar auglýsing, með myndum af því, sem einkennilegast þykir hjá oss, og að myndunum fylgi texti til skýringar um náttúru landsins og veðuráttu, landsháttu, lifnaðarháttu, stjórnarháttu, mentun, bókmentir og siðu, og vonar nefndin að þessari till. verði tekið vel, og að alt verði gjört til þess að bæklingur þessi verði oss ekki til vansæmdar.

Læt eg hér svo staðar munið framsögu minni þar til á næsta fundi. —

Það var liðurinn 91 á atkvæðaskránni, sem vér síðast höfðum til meðferðar. Hér skal að eins bæta því við, að þó ekki sé tekið fram, hver annast skuli útgáfu bæklingsins, þá er ætlast til að það verði gjört af nefnd þeirri, en undirbýr sýninguna fyrir hönd Danmerkur; blutdeild Íslands í sýningunni annast kapt. Daníel Bruun, sem oss er að góðu kunnur sem dugandi maður og áhugamikill um Íslands mál. Þá er br.-till. nefndarinnar 92 á atkv.skránni,

um styrk til tveggja manna til að nema dýralækningar. Nefndin álítur rétt að veita þennan styrk; er henni kunnugt um, að fleiri en einn efnilegir menn vilja stunda þetta nám. Annað af embættum þeim, er stofnuð hafa verið fyrir dýralækna hér á landi, er óveitt enn þá, og er jafnan gott að hafa fleiri en einn úr að velja. Það er tilætlun h. þm. Skagf., að tillaga hans um að veita 5000 kr. hvort árið til rannsókna byggingarefna hér á landi komi hér inn á atkvæðvskrá. Till. þessi mun eiga rót sína að rekja til greinar Guðm. læknis Hannessonar um húsabyggingar; er svo til ætlast að fenginn sé maður til að rannsaka byggingar og byggingarefni um alt land; mundi ganga til þess lang ur tími, fleiri ár, og gætu þá loks komið fram gagnlegar tillögur um þetta efni. Eg er till. hlyntur, en uppást.m. mun gera betur grein fyrir henni sjálfur. Nefndin er meðmælt till. h. þm. Vestm., um landbúnaðarnámsstyrk til Guðjóns Guðmundssonar, atkvæðaskr. 93. Er henni það kunnugt, að maðurinn er efnilegur, en hins vegar svo fátækur, að hann verður að hætta við nám sitt fái hann ekki styrkinn. Reyndar mun búnaðarfélagið eitthvað ætla að styrkja hann, en það hrekkur ekki til.

Um tölulið 94 skal eg vera fáorður. Nefndin hefir tilfært ástæður sínar í álitsskjalinu. Að því er snertir breyt,-till. h. þm. Ísf., um að Jóni Jónssyni skuli ekki gert að skilyrði, að halda alþýðlega fyrirl. um Íslandssögu, þá er hún sanngjörn og getur nefndin því fallist á hana. Það er bæði að styrkurinn er lítill, og hins vegar yrði viðkomandi að vera í Reykjavík, og gæti því ekki rannsakað þau skjöl, sem annarstaðar eru geymd.

Um tölulið 95 á atkv.skránni skal eg geta þess, að mér þykir leiðinlegt að sú till. kom fram. Á undanfarandi þingum hafa oft komið fram tillögur um skáldlaun, og mikið verið um þau rætt, en sérstaklega má búast við því, að tillaga um þetta skáld veki misklið. Enginn mun neita því, að maðurinn er skáld mikið og gott, en það er mín skoðun, að ekki geti komið til greina að veita skáldlaun svo einhæfu skáldi sem hann er. Hann hefir, svo sem kunnugt er, að eins gefið sig við einni hlið kveðskaparins, sálmakveðskapnum, og þó sú grein sé í sjálfu sér fögur, þá getur varla átt við að launa af almannafé það skáld, sem að eins gefur sig við einni hlið skáldskaparins. Vona eg því að tillagan verði tekin aftur. Nefndin er og mótfallin br.till. 96 á atkv.skránni. Tillögumaður ætlast til, að síra Matthías leggi niður embætti sitt, en það verður ekki séð á tillögunni, og þarf að taka það fram sérstaklega.

Tölulið 97 á atkv.skránni getur nefndin ekki mælt með; vill hún láta sitja við það, sem í frumv. stendur.

Viðvíkjandi 98. tl. á atkv.skránni skal þess getið, að á seinni árum virðist lítið hafa bólað á háskólaáhuga hjá mönnum. En kæmi það til síðar að stofna háskóla hér á landi, virðist óþarft að taka það fé, sem landssjóður legði fram, nú þegar út úr landssjóðnum og ávaxta það sérstaklega, því auðvitað ávaxtast það eins vel í landssjóðnum og þó það væri lagt í annan sjóð, og kemur þá alt í sama stað niður.

Nefndin er meðmælt styrknum til Geirs skólakennara Zoëga til að gefa út ísl.-enska orðabók, atkv.skrá 99. Hann hefir á undanfarandi fjárhagstímabili notið þessa styrks, og mun þurfa hans 3 ár enn, og er síst ástæða til að hætta við þá fjárveitingu í miðju kafi.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) leggur til, að styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna og vísindalegra iðkana falli burt, atkv.skrá 100; nefndin vill styrkja starf þessa manns, þar sem það getur haft bæði praktiska og teoretiska þýðingu, en ekki vill hún að svo stöddu gjöra lifibrauð úr því, og hefir hún því fært styrkinn niður í 1000 kr. hvort árið. Í sambandi við þetta skal eg minnast á 104. tl. á atkv.-skrá. Stefán Stefánsson kennari sótti til þingsins 1897 um hærri styrk en þessi er, í þeim tilgangi að rannsaka fóður- og beitijurtir. Síðan hefir hann lagt sig í framkróka með að kynna sér bæði í Svíþjóð og annarsstaðar kostnað við slíkar rannsóknir, og hefir nú sótt um 1200 kr. hvort árið til þessara rannsókna. Nefndin hefir trú á að þessar rannsóknir geti orðið landbúnaðinum til gagns, enda er maðurinn áhugamaður mikill, og því góð von um mikinn árangur, og leggjum vér því til, að veittar séu 1000 kr. til þessa hvort árið. — Nefndin mælir með till. 103 á atkv.skránni. — Um 105 og 106 á atkvæðaskránni er lítið að segja annað en það sem stendur í nefndarálitinu. Hlutaðeigendur hafa þegar notið styrksins lengi, vill því nefndin að veittar séu 1000 kr. fyrra árið, meðal annars til að taka af öll tvímæli um, að nú sé þeirri styrkveitingu lokið.

Nefndin leggur til að Sig. Pétursson fái styrk til að fara á Parísarsýninguna; er tillaga þessi komin fram fyrir beiðni hlutaðeiganda. Það getur auðvitað verið álitamál, hvort rétt sé að veita slíkan styrk, en þessi maður hefir vitnisburð fyrir framúrskarandi elju og áhuga, og þó sumum kunni að sýnast að styrkur þessi mætti vera minni, þá lítur nefndin svo á, að annaðhvort sé að veita alls engan styrk, eða hafa hann svo ríflegan, að heimild sé til að heimta sem mestan og fullkomnastan árangur af starfi hlutaðeiganda.

Nefndin leggur til að styrkurinn til Iðnaðarmannafélagsins verði hækkaður um 100—100 kr., svo það geti hjálpað einum iðnaðarmanni fleira til utanferðar. Samkv. skýrslu um notkun styrksins 1898 hafa gjörðir Iðnaðarmannafélagsins verið í hvern stað fullnægjandi og er því rétt heldur að bæta við en draga úr.

Till. þm. Ísf. (Sk. Th.), atkv.skrá 109, er nefndin samþykk; er ekki þörf á að ræða um hana, með því að það mál hefir verið rætt svo mikið hér í deildinni.

Nefndin er ekki samþykk tillögu h. þm. Snæf. (E. G.). Hefir sá maður, sem um er að ræða, áður sótt um styrk og annar maður, Otti Guðmundsson, fekk þess konar styrk síðast, en sagt er að lítill árangur muni af því verða. Slíkur styrkur þyrfti og að vera svo mikill, að hlutaðeigandi gæti farið víða, annars verða slíks lítil not. — Þá er till. frá h. þm. Rvk. (J. Jens.) um styrk til Johannessen kaupm., til að gjörast umboðsmaður til að selja íslenzkar afurðir í Noregi, svo sem kjöt, ull o. s. frv. Nefndin er ekki með þessu að svo stöddu, sýnist ólíklegt að einn maður geti kipt slíku í lag, ef kaupmenn geta ekki lagt út í slíka tilraun sjálfir. Það hlýtur að vera auðvelt að útvega umboðsmann í Björgvin, og mundu kunnugir menn taka það ráð, ef ráðlegt þætti. Þótt einn umboðsmaður væri á einum stað í Noregi, mundi árangur verða lítill; heldur væri þó viðlit að hafa fleiri og á mörgum stöðum.

Þá er till. 110 og 111 á atkvæðaskr. og fara báðar fram á hið sama, en ekki getur nefndin gefið þeim meðmæli sín. Það er eitthvað svo kynlegt, þegar félag er stofnað á einhverjum stað og hefir sérstaka þýðingu fyrir hann,

og þegar sjóðir eru til á staðnum, er styrkt gætu félagið, að hlaupa undir eins úr vöggunni beina leið í landssjóðinn með styrkbeiðslu, í stað þess að afla sér fyrst viðurkenningar sveitafélagsins. Og þetta á sérstaklega við um Rvík. Félög út um land leita venjulega fyrst til sýslu- og amtssjóðs áður en þau rjúka í landssjóðinn. Þannig er t. d. félag eitt á Austfjörðum, er er heitir »Leikfélag og skotfélag Eskifjarðar«; hafa bæjarbúar sjálfir lagt fram krafta sína og fengið auk þess styrk úr amtssjóði og sýslusjóði, en þó getur nefndin ekki tekið fjárbeiðni þeirra til greina. Leikfélag Reykjavíkur getur ekki með réttu fengið styrk úr landssjóði fyr en það hefir fengið viðurkenningu þeirra, sem næstir standa. En þessi hugsunarháttur stingur fram trýninu víða hér, en eg vona að þingið láti til sín taka og gangi ekki inn á slíkt. Bæjarfélagið verður að viðurkenna félagið í verkinu, hér duga ekki orðin tóm.

Þá er 112. liðurinn á atkv.skránni. Það er tillaga frá landshöfðingja um að veita Haraldi Nielssyni styrk til utanfarar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamlatestamentisins Nefndin treystir sér ekki til að vera með þessu. Auk þessarar áskorunar landshöfðingja lá fyrir nefndinni breiðni frá biblíufélaginu um styrk til að vinna að biblíuþýðingunni. Það getur verið álitamál hvort hér á að veita styrk eða ekki. Hér er um mikið starf að ræða, sem þarf að gerast. og sem þarf að búa sig vel undir. Eg veit ekki hvaða þýðingu þetta hefir fyrir oss sem þjóð. Praktiska þýðingu hefir það enga. Ef til vill gæti það orðið oss til frægðar frá vísindalegu sjónarmiði, að hafa unnið að slíku þrekvirki, en eg verð að spyrja, höfum vér ráð á því? Er það ekki ófrjósamt að kasta peningum í slíkt? Eins er með tölulið 114 á atkv.-skránni, sem er tillaga frá landshöfðingja um styrk til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomna sig í orgelspili og Musiktheori. Nefndin gat ekki verið með því, jafnvel þó styrkurinn væri færður niður í 800 kr., eins og breytingartill. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fer fram á.

Sama máli er að gegna með tölulið 115, sem er tillaga frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um 300 kr. styrk til síra Bjarna Þorsteinssonar til að gefa út hátíðasöngva. Hann hefir unnið að þessu með mestu elju, og þeir eru víst góðir í sinni röð. Eina ástæðan, sem gæti verið fyrir því, að styrkja þetta af almanna fé, væri sú, að þetta væri svo mikið listaverk, að þjóðinni væri sómi að gefa það út. Það getur auðvitað verið álitamál hvort svo sé, en nefndin var ekki með því, að þetta fé væri veitt. Ekki gat nefndin heldur fallist á tölul. 116, sem er tillaga um styrk til Ögmundar Sigurðssonar; fyrir nefndinni lá bænarskrá frá hlutaðeiganda, en nefndin gat ekki sint henni.

Á 117. tl. felst nefndin ekki heldur. Nefndin hefir lagt það til að það væri veitt sem lán og mun halda sér við það. Sama máli er að gegna með styrkinn til Jóhanns skyttu Halldórssonar tl. 118. Nefndin sá sér ekki fært að sinna þessu því margar slíkar bænaskrár lágu fyrir. Það er leiðinlegt að þurfa að mæla á móti þessu, en það eru margir, sem gætu heimtað það sama og því miður hefðu þörf á að fá það. Það er undarlegt að sýslurnar skuli ekki veita þennan styrk, því þó auðvitað sé gagn að þessu fyrir landið alt þá eru það þó einkum sýslufélögin sem hafa gagn af þessu.

Um tl. 121, sem er brtill. nefndar-

innar við 15. gr. skal eg ekki fara mörgum orðum en að eins vísa til nefndarálitsins. Brtill. h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) við 18. gr. (tl. 125 á atkv.-skránni) um að orðin »frá útlöndum« falli burt, sýnist ekki mikil fyrirferðar, en það geta ef til vill samt orðið nokkrar umræður um hana. Það er augljóst að ef hún er samþykt, verða þessi lán ekki til að fjölga skipunum og það var þó upphaflega tilgangurinn. En þar að auki gæti þetta orðið til þess að menn færu að drífa þann leik að látast kaupa hver af öðrum til þess að fá billeg lán. Eg get nú tekið mér létt það sem eftir er og læt landbúnaðarnefndina útskýra það. Viðvíkjandi viðaukagreininni um að veita 5000 kr. lán til að koma á mársteins og þakhellugerð vil eg benda á það, að nefndin álítur það gott. Hvað viðvíkur viðaukatill. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) um að sýslufélögum megi veita lán til að koma upp slátrunarhúsum, þá skal eg geta þess, að mér finst þetta nokkuð út í loftið. Eg veit ekki hvað meint er með »slátrunarhús«. Þetta er ef til vill heimskulegt af mér, því það er ekki í fyrsta sinn sem eg hefi séð þetta orð. Eg hefi séð það í þingmálafundargjörðum og víst víðar, en eg veit nú samt ekki hvað menn hugsa sér með þessu. Svo er þetta að veita sýslufélögum lán. Undir hvaða formi? En það er bezt eg láti bíða að tala um þetta þangað til flutningsmenn hafa útskýrt það, því eins og eg sagði áðan, eg veit ekki hvað meint er með þessu.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þeim breyt.-till., sem fram hafa komið við þennan kafla fjárlagafrumvarpsins. Fjárlaganefndin hefir komið fram með 2 brtill., við 13. gr. A og get eg fallist á þær báðar.

Brtill. nefndarinnar við 13. gr B. I. b. 8. um að fella þann lið burt hefir verið tekin aftur. Brtill. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) um námsstyrki til læknaskólans skil eg ekki. Eg veit ekki hver ástæða getur verið til að styrkja nemendur við þann skóla meir en t. d. nemendur við prestaskólann. Þegar eg kem til latínuskólans veit eg ekki hvort það er vel ráðið af nefndinni að færa niður liðinn til latínuskólahússins utan og innan« um 2200 kr. Í nefndarálitinu lýsir nefndin því yfir að hún álíti að gólfið í bókhlöðunni, sem þarf aðgerðar, eigi að vera úr timbri, og steingólf sé óhentugt, sökum þess að bókhlaðan verði ekki notuð um langan tíma, ef steingólf sé sett í hana. Viðvíkjandi þessu skal eg geta þess, að þessi uppástunga um steingólf er komin frá rekt- og kennurum skólans. Þeir hafa eftir því ekki verið hræddir við, að ekki væri hægt að nota bókhlöðuna þótt steingólf væri sett í hana, en álitið þetta varanlegra, því raki er í húsinu og trégólf fúnar þessvegna á skömmum tíma. Sama ástæða er fyrir því, að farið hefir verið fram á að setja steingirðingu kringum lóðina. Þess konar girðingar eru tíðkaðar hér í Reykjavík sökum þess að þær eru álitnar ódýrari, þegar fram í sækir, af því þær eru varanlegri en trégirðingar, sem altaf þarf að vera að lappa upp á. Að snjór safnist fremur að steingirðingu en trégirðingu held eg sé ekki á rökum bygt, að minsta kosti hefi eg ekki orðið þess var, að snjór hafi safnast að steingirðingu, sem er í grend við mig, svo farartálmi hafi orsakast af. Þá leggur fjárlaganefndin til, að þær 150 kr., sem farið er fram á »til prófdómenda« séu færðar niður í 100 kr. Eg skal geta þess, að 150 kr. var álitið það minsta sem hægt væri að komast af með, því þetta er ekki eingöngu ætlað prófdómendunum við burt-

fararpróf úr 6. bekk heldur líka prófdómendum við árspróf 4. bekkjar. Nefndin tekur það fram að hún álíti 100 kr. nóg, þar eð það sé skoðað sem heiður að vera kosinn prófdómandi, en reynslan hefir verið sú við latínuskólann, að nærri ómögulegt er að fá hæfa menn til þessa starfa. Sá hugsunarháttur ryður sér meir og meir til rúms hér á landi, að menn eigi ekki að leggja fram vinnu sína andlega eða líkamlega til nokkurs skapaðs hlutar án þess að fá borgun fyrir. Þetta er, eins og eg tók fram áðan, reynslan við latínuskólann, og því álít eg rétt að veita 150 kr. Brtill. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um að bæta því skilyrði aftan við liðinn, »til tímakennslu og prófdómenda« (13. gr. B. III. c. 4.), að fjárveitingin sé bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður til inntökuprófs, finst mér ekki eiga heima í fjárlögunum. Það er ekki meiningin að með fjárlögunum, sem aðeins gilda fyrir tvö ár, skuli gera neinar breytingar á gildandi lagafyrirmælum eða öðrum ákvæðum, sem snerta umboðsstjórnina; enda hefir stjórnin áður lýst því yfir, sbr. athugas. við fjárlagafrv. 1882—1883, Alþtíð. 1881 I, 19—20, að hún væri mótfallin slíkum fleygum. Eg held þar að auki að það sé ekki tiltækilegt að banna að láta þetta skriflega próf í latínu fara fram við inntöku í 1. bekk, því ef þeir sem ætla að ganga inn í skólann væru ekki búnir að læra að setja saman latneskar setningar þegar þeir koma í skóla, mundu þeir ekki verða svo færir í þeirri námsgrein eftir einn vetur, að þeir kæmust upp úr 1. bekk. Þeir yrðu því að sitja þar 2 ár. Þetta ákvæði yrði því einungis til að spilla fyrir þeim, sem koma í skóla. Þá er brtill. að veita Bjarna Jónssyni 500 kr. styrk. Eg skil ekki í hverju sambandi þetta stendur við tímakenslu í latínuskólanum. Það hefir áður komið fyrir, að bætt hefir verið við laun tímakennara t. a. m. Jóns rektors Þorkelssonar og að mig minnir Halldórs Guðmundssonar áður en þeir fengu embætti við skólann, en það hefir ekki verið gert á þennan hátt; þeim voru veitt föst laun og urðu svo að takast á hendur sama tímafjölda á viku eins og hinir föstu kennarar. Eg gæti verið því meðmæltur, að kjör þessa manns, sem er þarfur skólanum, væru bætt á þann hátt að honum væri veitt einhver viss upphæð, sem föstum tímakennara. Athugasemdinni, sem fjárlaganefndin hefir gjört við 13. gr. B. IV. um að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu skuli hafa eftirlit með skólanum á Möðruvöllum, er eg samþykkur. Það er erfitt fyrir stiftsyfirvöldin að hafa eftirlit með þeim skóla.

Það eru komnar ýmsar brtill. fram við stýrimannaskólann, sem eru miður heppilegar. Það er fyrst við b 2, að fjárveitingin til áhaldakaupa sé lækkuð. Eg skal ekki segja svo mikið um það. Það lítur út fyrir, að h. fjárl nefnd hafi sést yfir uppástungu stjórnarinnar, um að útvega siglutré handa stýrimannaefnum að æfa sig. Stjórnin hefir farið fram á að það séu veittar 400 kr. til þessa, en sé liðurinn lækkaður eins og h. nefnd leggur til, þá er sjálfsagt að það verður að hætta við að útvega það áhald. En eg skal taka það fram, að það þarf nú þegar að útvega fleiri áhöld til afnota við kensluna vegna hinnar miklu aðsóknar að skólanum, og sérstaklega eins og tekið er fram í frumvarpinu, að kaupa skápa til að geyma í verkfæri og bækur, og mun mega útvega þetta alt fyrir þá upphæð, sem fjárlaganefndin vill veita, ef siglutrénu er slept.

Þá er komin fram breyt.till. um lækkun á fjárveitingunni til eldiviðar og ljósmatar, sem eg verð að vera mjög mótfallinn. Það er farið fram á að veita að eins 300 kr. til eldiviðar og ljósa í skólanum, í staðinn fyrir 500 kr., sem stendur í frumv. stjórnarinnar. — Þessi breyt.till. hlýtur að vera sprottin af misskilningi eða vöntun á þekkingu á þörfum skólans; það er ómögulegt að komast af með 300 kr. til eldiviðar og ljósa, en eigi að halda stýrimannakenslunni áfram, má til að útvega henni nauðsynlegan hita og birtu; það er mjög óviðkunnanlegt, að brúka meira fé en í fjárlögum um er veitt, en hjá því verður ekki komizt, ef fjárveitingin er svona lág; hins vegar er engin hætta fyrir því, að meira fé verði brúkað til þessa en minst er mögulegt að komast af með.

Það sama er að segja um það, þar sem stungið er upp á að lækka fjárveitinguna í 4. liðnum, að hún var sett svo lág í frumv., sem frekast þótti tiltækilegt; þau lögboðnu gjöld, sem eiga að greiðast af þessum gjaldlið, eru svo há, að ekki verður komizt af með minna en 600 kr. fyrra árið og 500 kr. seinna árið.

Þá hefir háttv. fjárlaganefnd lagt það til að fella burtu fjárveitingu í 5. lið, til að kaupa lóð í viðbót handa skólanum. Það er áhorfsmál, hvort það sé rétt að sleppa að kaupa þessa lóð, það er hætt við að sú lóð verði fljótt seld, svo að skólinn gæti ekki fengið hana síðar, þó á þyrfti að halda; vildi eg því leggja það til, að þessi liður væri látinn standa, en eg gjöri það ekki að neinu kappsmáli.

Eg er mikið vel samdóma háttv. þm. Húnv. (B. S) um að því fé, sem ætlað er til kvennaskóla á Ytriey og Akureyri, sé skift jafnt á milli skólanna, 2200 kr. handa hvorum, heldur en að nokkur hlutinn sé fastur, og nokkrum hluta skift eftir nemendafjölda eins og áður hefir verið gjört, og stungið er upp á í frumv. stjórnarinnar.

Eg hefi fengið reynslu fyrir því, að það er erfitt að eiga við þá skiftingu, þar sem oft vantar nægilegar upplýsingar um, hve lengi nemendurnir hafa verið í skólanum, og í hverjum námsgreinum þær hafi tekið þátt. Það eru sumar, sem hafa verið allan kenslutímann, en ganga ekki undir próf, aftur aðrar, sem eru að eins lítinn tíma, kanske ekki nema einn mánuð, en ganga þó undir próf; eg fæ því ekki betur séð, en að það sé heppilegast að haga þessari fjárveitingu eins og h. þm. Húnv. (B. S.) stakk upp á, að skifta henni jafnt á milli skólanna.

Þá eru komnar fram breyt.till. viðvíkjandi styrknum til barnaskóla. — Eigi nokkra breytingu að gjöra frá stjórnarfrumv., þá hallast eg fyrir mitt leyti helzt að tillögunni í 79. tölulið; en það er önnur tillaga sem eg álít mjög óheppilega, það er breyt.till. undir 78. lið á atkvæðaskránni um að fella burtu orðin »annarsstaðar en í kaupstöðum«, því er eg alveg mótfallinn; eg sé enga ástæðu til að meginið af styrknum lendi til barnaskólanna í kaupstöðunum; eg get ímyndað mér, eins og h. framsögum. (J. J., 2. þm. Eyf.) sagði, að Reykjavík gleypti t. a. m. þriðjunginn af allri fjárveitingunni, en eg sé enga ástæðu til, að landssjóður sé að styrkja til barnakenslu í Reykjavík. Þá fer þessi sama breyt.till. fram á, að styrkurinn sé hækkaður að mun, en styrkurinn er eftir minni skoðun nægilega stór.

Eg er hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir, að hún hefir tekið svo vel í uppástungu stjórnarinnar um fjárveitingu til skjalasafnsins, en eg get ekki verið nefndinni samþykkur um, að rétt sé að

færa niður laun skjalavarðar frá því, sem tiltekið er í stjórnarfrumvarpinu. Eg gjöri nefnilega ráð fyrir, að hann fái talsvert að gjöra, ekki einungis við að raða safni því, sem nú er og sjá um geymslu á því og notkun þess, heldur líka má búast við, þegar að hentugur staður er fenginn fyrir safnið, að þá mundi það aukast með því, að þá mundu verða flutt þangað ýms skjöl og bækur, sem nú eru víðsvegar út um land, svo sem kirkjubækur, amtsskjöl, sýsluskjöl o. fl. til að geyma þau. — Safnið hefir hingað til haft mjög óhentugt húsrúm, og af því hefir leitt, að umhirðingin hefir ekki verið svo góð, að menn vildu trúa safninu fyrir, að geyma slíkt áríðandi skjöl; eg vil því óska þess, að þessi tillaga verði samþykt óbreytt.

Aftur á móti má gjöra ráð fyrir að húsaleiga falli burt, þegar það verður gjört, sem menn hafa nú í hyggju að gjöra, nefnil. að flytja skjalasafnið í húsrúm það, sem forngripasafnið hefir, en forngripasafnið aftur niður í hið nýbygða bankahús.

Viðvíkjandi hinum ýmsu breyt.till. og viðaukatill., sem hér fara á eftir, verð eg að vera sömu skoðunar eins og eg hefi verið að undanförnu, að þær séu viðsjárverðar. Það er nú þegar meir en nóg af slíkum upphæðum á fjárlögunum, sérstaklega eru athugaverðar allar þær tillögur, sem að fara fram á styrkveitingu til einstakra manna, því að þegar þær einu sinni eru komnar inn á fjárlögin, þá vill það fara eins og menn vita, að farið hefir um svo margt, að þá verður það þar kyrt; svo er alt af bætt við smátt og smátt, svo að alt af hækkar upphæðin á þessum kafla fjárlaganna.

Eg verð sérstaklega að geta þess um þá liði, sem eg sjálfur hefi stungið upp á, að þeir eru settir inn eftir skipun stjórnarinnar.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) mælti með uppástungunni á 53. tölulið, og er eg háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir það; það er eins og háttv. fjárlaganefnd er kunnugt, að kapt. Ryder hefir mikinn áhuga á skógarrækt hér á landi, en hann hefir ekki annað fé til þess, en það sem hann hefir tekið hjá sjálfum sér eða fengið hjá kunningjum sínum, og lítils háttar styrk fra landbúnaðarfélaginu í Danmörku. Hann hefir nú þegar gjört tilraun á Þingvöllum, og langar til að gjöra tilraun enn á tveimur eða þremur öðrum stöðum; en mér finst það vera vanvirða fyrir landið, að útlendir menn séu að leggja peninga til slíks; eg vona því að þingið samþykki þessa fjárveiting; reynist árangurinn illa, þá verður hún ekki ítrekuð, en reynist hann vel, álít eg að 1000 kr. á ári sé vel varið til að koma upp skógarrunnum hér og hvar um landið.

Aftur á móti var h. framsm. (J. J., 2. þingm. Eyf.) ekki eins meðmæltur breyt.till. undir 112. og 114 tölulið. — Eg heyrði á ræðu hans viðvíkjandi styrknum til Haraldar Níelssonar, að hann var honum eigi svo móttallinn, en hann setti hann í samband við annað, sem hann vildi að þingið legði ekki fé til, nefnilega til þýðingar á gamlatestamentinu yfir höfuð. Eg vona nú samt, að háttv. deild finni ástæðu til að veita þennan styrk, sérstaklega þar sem þessi maður hefir fengið styrkveitingu bæði frá háskólanum og frá stjórninni í Danmörku, sem sýnir, að hann hefir álit á sér sem vísindamaður og sérstaklega vel fallinn til hebreskunáms.

Viðvíkjandi tillögunni um styrk handa Brynjólfi Þorlákssyni skal eg geta þess, að hann var síðast liðinn vetur í Kaupmannahöfn með styrk frá landssjóði,

og hafði þar tvo mikils metna menn sem kennara í orgelspili; hefir hann fengið ágætan vitnisburð frá þeim, en þeir álíta, að hann þurfi að vera eina 4 mánuði enn til að fullkomna sig í orgelspili, og til þess það, sem gjört hefir verið, verði að fullkomnum notum. Það er nú stungið upp á, að það séu veittar 1200 kr. í þessu skyni, og hefir komið breyt.till. frá h. þm. Eyf. (Kl. J.) að 1200 kr. séu færðar niður í 800 kr. og skal eg ekki hafa á móti því.

Þá hefir háttv. fjárlaganefnd lagt það til, að feldur sé burtu styrkurinn sem Bogi Melsted hefir haft til að rita íslandssögu. Mér þykir hálf-kynlegt, að fara að kippa burtu þessum styrk nú, þegar að því er komið, að ávöxtur sjáist af þeim styrk, sem að veittur hefir verið hingað til. Það er sagt að hann sé langt kominn með landnámssögu Íslands, og þannig komi á næsta ári upp hafið á þeirri bók; þess má geta, að hann er búinn að semja stutta kenslubók i Íslandssögu, sem geti verið notuð við nám í latínuskólanum; eg álít því, að það sé ekki vel ráðið, að kippa nú burt þessum styrk, og sérstaklega undarlegt þykir mér af háttv. fjárlaganefnd, að hún skuli hafa tekið þessar 600 kr. og veitt þær öðrum manni.

Eg fæ ekki séð, að það sem hefir komið fram frá þeim manni, sé svo vandað eða vel úr garði gert. Eg vil mikillega óska, að tölul. fái að standa eins og hann er. Eg verð að öðru leyti að láta í ljósi, að það eru svo margar mjög háar styrkveitingar, sem lagt hefir verið til að veittar séu á fjárlögunum, að það lítur út, sem þeir þm., sem hafa komið fram með þær breyt.till., séu búnir að gleyma því, sem svo oft hefir verið á minst, að hagur landsins sé bágborinn. Það eru svo stórar upphæðir sem hér er stungið uppá að veita, að það er eins og hagur landsins væri í blóma, og það svo, að menn vissu ekki hvað gjöra skyldi við peningana. Þannig eru till. um 5000 kr. til rannsóknar byggingarefna, 7000 kr. til háskólasjóðs og 5000 kr. til tigulbrenslu.

Eg skal játa að það gæti verið rétt að veita sumar þessar fjárupphæðir, ef landssjóður væri svo fullur af peningum, að menn væru í vandræðum að koma þeim fyrir; en eins og nú stendur, sýnist mér ekki ástæða til þess.

Eg er háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir hve vel hún hefir tekið í að veita Þorvaldi Thoroddsen kennara við lærða skólann lausn frá embætti með eftirlaunum, en hún hefir gjört meira, en um var beðið. Það var einungis farið fram á að hann fengi þau eftirlaun, sem honum ber með lögum, en henni hefir ekki þótt það nóg, heldur hefir hún nærri því tvöfaldað upphæðina. Þessi tillaga fer í líka átt eins og uppástungan undir 96. tl. um að veita skáldalaun til Valdimars Briem, og að hækka styrkinn til Matth. Jochumssonar. Allir þessir menn eru að vísu góðs maklegir, en eins og hagur landsins stendur nú er naumast hægt að sinna slíkum fjárveitingum.

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (J. J. þm. Eyf.) skýrskotaði til landbúnaðarnefndarinnar, að mæla fram með br.-till. 126 á atkvæðaskránni, eða öllu heldur viðaukatill. Eg vona nú að ekki þurfi mikið að mæla með till., heldur sé h. þd. ljóst að það sé rétt að styðja að þessu augnamiði. Hún er náskyld þeirri till. sem samþ. var hér í deild. með miklum atkv.mun, nl. um styrk til kenslu í mjólkurmeðferð. Hugsun nefndarinnar var sú, að þegar er lærisveinar hefðu lokið námi þar, þá væri verkefni fyrir höndum handa þeim á stórum búum, en til þess að svo sé, yrði nauðsynlegt að koma á samlags-

búum eða öðrum stórbúum, sem síðan gætu orðið til fyrirmyndar fyrir nágrennið. Að vísu býst nefndin við, að menn ekki gætu lokið námi á stofnun þessari á minna en einu ári, og yrðu þá búnir til starfa á sumrinu 1901, en þó vildi nefndin að fé yrði veitt til styrktar mjólkurbúum, sem á því ári tækju til starfa. Þessi bú yrðu stærri og fullkomnari, ef búast mætti við lánsstyrk til þeirra, og eg hygg, að menn mundu verða fúsir til að koma þeim á með samlögum; að minsta kosti hafa nokkurir látið í ljósi við mig, að þeir vildu gjarna reyna að koma upp slíkum mjólkurbúum, en treysta sér ekki til þess styrklaust.

Lánsstyrkur handa sveitarfélögum til jarðabóta hefir mælst vel fyrir, einsog þingm.fundarg. bera með sér. Það hefir nl. engu máli, að stjórnarskrármálinu undanteknu, verið hreyft eins víða á þingmálafundum og einmitt þessu, og allsstaðar til meðmæla. Hér í deildinni er og gengið fram frumvarp til laga um ræktunarsjóð Íslands, og er annar aðaltilgangur hans sá að leggja verð seldra þjóðjarða í sérstakan sjóð, er eigi verði eytt, og hinn að veita hagfeld lán til jarðabóta á sama hátt og farið er fram á í viðaukatill. Þetta er því alveg samferða; og lán þau, er veitt hafa verið hingað til í þessu augnamiði, og veitt verða hér eftir, ganga í ræktunarsjóðinn, ef hann kemst á, sem eg vona.

Hæstv. lh. sagði, að það yrði að líta á fjárhaginn í sambandi við þetta, og er það ekki nema sjálfsagt. Auðvitað er mér ekki fullkunnugt, hve mikið fé er fyrir hendi í landssjóði, en hitt er mér ljóst, að þessi veiting er mjög nauðsynleg og þarfleg. Svo get eg naumast séð, að hagur landssjóðs sé svo bágborinn, að hann ekki muni kljúfa þessa fjárupphæð, eða að minsta kosti hafa það lánstraust að fèð megi útvega. Eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vona að h. þd. samþ. þessa till.

Ólafur Briem: Það er hér ein brtill., sem eg hefi leyft mér að koma fram með, þess efnis, að veittar séu úr landssjóði 5000 kr. hvort árið til þess að rannsaka byggingarefni í landinu og til leiðbeiningar í húsagerð. Eg skal játa, að till. er nokkuð óákveðin og hæpið að hún fái framgang í þessu formi, en það var heldur ekki beinlínis meining mín, að hún gengi nú þegar fram til fullnustu, heldur að þingmenn létu í ljósi álit sitt um hana við þessa umræðu. Um þetta efni hefir verið skrifað í blöðin af Guðmundi lækni Hannessyni, sem hefir kynt sèr málið ítarlega og borið sig saman við byggingarfróða menn. Árangurinn af þessum athugundum hans er sá, að það gæti meðal annars orðið til mikils sparnaðar að nota betra byggingarefni og hafa hagkvæmara fyrirkomulag á húsabyggingum en nú á sér stað. Hann hefir leitt rök að því, að hér er varið tiltölulega miklu meira fé til húsabygginga en í öðrum löndum, og það af ýmsum ástæðum, og mótar lítið fyrir að breytt sé til batnaðar enn sem komið er. Eg skal að vísu játa, að mikil breyting hefir á síðari árum orðið í þá stefnu, að moldarhús hafa lagst niður en timburhús komið í staðinn, en eg hygg að telja megi efasamt, hvort sú breyting sé svo heppileg. Timburhús, sem bygð eru úr lélegum trjávið og að öðru leyti lítt vönduð, hafa þann ókost, að þau eru kaldari en torfbæir, og oft mikill súgur í þeim. Eg tel því vafasamt, hvort þau séu miklu notasælli, eða hvort þessi breyting sé til svo mikilla bóta þegar á alt er litið.

Eftir því sem fróðir menn segja, þá er í Noregi, þar sem timbrið er alveg við hendina, hreyfing einmitt í þá átt að taka upp torf sem byggingarefni. Skyldi þá síður vera ástæða til þess fyrir okkur hér að reyna að nota torfið, leirinn eða moldina til húsagerða, að því leyti sem hægt væri að bæta úr göllum þessara byggingarefna?

Það hefir komið fram sú athugasemd, að þessi uppástunga væri ein af þeim, sem sóaði fé úr landssjóði. Eg skal játa að upphæðin er nokkuð mikil, en eg álít hana ekki of mikla, þegar um velferðarmál er að ræða, sem gæti orðið til verulegs gagns. Uppástunga Guðmundar læknis Hannessonar lýtur að því, að fá hingað útlendan byggingafræðing til þess að rannsaka þetta efni, og það verð eg að segja, að gætu rannsóknir hans leitt til þess að gefa sannar og réttar upplýsingar um, hvaða byggingarefni væri hagkvæmust og hvernig þau ætti að nota, og yfirleitt hvernig húsabyggingum almennings ætti að vera fyrirkomið, svo að þau fullnægðu sem bezt heilnæmisskilyrðum og öðrum menningarkröfum, án þess að verða mönnum ofvaxnar, að því er kostnað snerti, þá efast eg um að nokkur embættismaður á Islandi væri nytsamari en hann, eða öðru fé væri betur varið en því, er gengi til launa handa slíkum manni. Eg álít þetta einhverja hina mestu sparnaðaruppástungu, sem fram hefir komið. Sparnaðurinn er ekki fólginn í því, að halda sem fastast um hverja þá krónu, sem í landssjóð kemur, heldur í því, að verja fénu sem bezt og hyggilegast til nytsamra fyrirtækja, sem mest arðsvon er af. Alt, sem miðar í þá átt, er sparnaður í raun réttri. Hér er heldur ekki eingöngu að ræða um fjársparnað, heldur líka um að spara líf og heilsu og þrótt manna í allar stefnur, andlega og líkamlega.

Það hefði líklega mörgum orðið, sem hefðu viljað fá þessu máli framgengt, að leggja til að nefnd yrði kosin í það, en það hefi eg ekki viljað gjöra, því eg efast um, að nokkur þm. geti gefið frekari upplýsingar en Guðmundur læknir Hannesson, og hans álit er öllum háttv. þm. kunnugt.

Þorlákur Guðmundsson: Það er hvort um sig, að eg á ekki margar brtill á atkv.skrá, enda skal eg ekki tefja með mörgum orðum, því eg hefi reynslu fyrir því, að þessar löngu umræður, og það allra sízt í fjárlögunum, gjöra ekki útslagið. Eg ætla að eins að minnast á viðaukatill. mína við tölul. 95. H. framsm. (J. J., þm. Eyf.) mintist á hana, sem vænta mátti, en hún fann ekki náð fyrir hans augum. Eg bar hana hér fram sökum þess, að hún kom fram á þingmálaf. í vor í Árnessýslu, og var borin upp af mjög mikilsverðum manni í mínu kjördæmi. Eg veit ekki, hvort það er samkvæmt ósk hlutaðeiganda, að þessi till. er framkomin, en mér fanst rétt að koma með hana hér, úr því að hún var borin upp á þingmálafundi, en eg ætla mér alls ekki að fara í neinar orðahnippingar, eða gera slíkan mann, sem hér á hlut að máli, að þrætuefni á þinginu; það væri að gera honum stóra óvirðingu. Það vita allir, að hann er ekki einungis landfsrægur, heldur líka heimsfrægur sem sálmaskáld og skáld.

Þá á eg ásamt öðrum h. þm. (Þ. G.) viðaukat. síðast á atkv-skrá, og skal eg ekki fjölyrða um hana, en lofa h. fyrra flutningsm. að mæla með henni, að minsta kosti fyrst, þótt eg ef til vill taki til máls síðar.

Þá er hér ein till. frá h. þingm Skagf. (Ó. Br.) um að veita 5000 kr. hvort árið til rannsókna á byggingarefni landsins og leiðbeiningar við húsagerð.

Hér er að visu um talsverða fjárupphæð að ræða, og mikið í varið að henni sé varið réttilega og haganlega, ef hún verður veitt.

En hitt skal eg líka þegar taka fram, að hér er um mikilsvarðandi og þýðingarmikið mál að ræða, svo að eg efast um, að í annað skifti hafi meir varðandi mál verið framborið á þingi. En þessa uppástungu vantar það, að hún er ekki nægilega takmörkuð, en eg álít nauðsynlegt að trygging sé fyrir því, að þegar fé er veitt, þá sé því líka vel varið. Eg skal alls ekki hafa á móti því að umboðsvaldið sé gott, það sem það nær, en eg verð að taka undir með hæstv. lh., sem hann sagði, þegar um umbætur á húsum þjóðjarða var að ræða við fyrsta kafla fjárlaganna, að þar væri umboðsstjórninni gefið rúmt vald, en það rúma vald er jafnan vandasamt; en eg skal sleppa að tala um það nú, en halda mér að að aðalefni till., sem er það að veita þjóðinni holl og góð húsakynni eða stíga spor í þá átt að það geti orðið. Okkur hefir víst öllum gefist kostur á að lesa langa og góða ritgjörð eftir Guðmund lækni Hannesson, enda álít eg mjög gagnlegt að lesa hana. Hann endar með að láta í ljósi, að ef nokkuð sé nauðsynjamál, þá sé það þetta, og að alþingi ætti að veita ríflegan styrk í þessum tilgangi.

Með leyfi hins háttvirta forseta ætla eg að lesa dálítinn kafla úr þessari ritgjörð hans (sbr. »Bjarki« IV. 15), því eg vil gjarna að þau standi í þingtíðindunum, svo öllum gefist kostur á að lesa, hvað þessi mikilhæfi læknir segir um þetta mál. Kaflinn hljóðar þannig:

»Á hverju þingi er hinn mesti fjöldi mála ræddur og mikið talað; þó er þar að miklu leyti gengið fram hjá ýmsum hinum þýðingarmestu lífsnauðsynjum vorum og þýðingarmestu málum«.

Eru þetta ekki áhrifamikil orð fyrir fulltrúa þjóðarinnar? Og svo heldur hann áfram:

»Hvað hinar líkamlegu nauðsynjar vorar snertir, þá er naumlega um þær að villast. Þær eru þessar gömlu: húsnæði, föt og fæði landsins barna«.

»Þær eru hvorki valtýska né benidiska eða yfir höfuð nein iska«.

»Ef þess er spurt, hversu ástatt sé með húsakynni, föt og fæði þjóðar vorrar, þá er fljótt frá þeirri sögu sagt: Húsakynnin eru skrælingjum einum samboðin, matarhæfið ilt og ófullkomið, fötin í flesta staði óhentug og lítt við landsins hæfi, þó undantekningar finnist í þessu sem öðru«.

»Þetta verður að breytast; ekki eingöngu til þess að reka skrælingjabragginn af höndum oss, og geta litið djarfmannlega framan í nágrannaþjóðirnar, heldur til þess blátt áfram að geta lifað«.

»Lífið er að breytast. Samgöngur og skipaferðir aukast ár frá ári, og með þeim flytst fleira en vörur. Sjúkdómar og drepsóttir flytjast með og borga engan farseðil. Tæringin er langmerkilegasti túristinn á landinu núna, og þegar stjórnmálin og pappírinn eru komin í hið eina sáluhjálplega horf, þykir mér ekki ólíklegt að fullur helmingur allra landsmanna sé orðinn sýktur af henni«.

»Kyns-sjúkdómarnir eru að gægjast upp. Einn þeirra er orðinn innlendur — hinir koma á eftir«.

»Hóstandi náföla tæringar-beinagrindur, hálsdigur kirtlaveik börn með endalausum útbrotum og augnasjúkdómum, börn með bakið kengbogið af tæring í hryggnum. Þetta sést nú daglega — hvað mun síðar. — Þá bætast við and-

vana fædd börn í heilum hópum, börn sem fæðast með einn arf og hann aumlegan kynsjúkdóm; fullorðnir menn með máttlausa báða fætur«.

»Þetta eru ekki framtíðar horfurnar heldur framtíðar-vissan, ef ekki er að gert«.

»Þannig verður hann, lýðurinn, sem veltist innan um moldargrenin og timburhjallana hér á landi, eftir nokkra mannsaldra, fátækur, hóraður, lánlaus. — — — Ef ekki er í taumana tekið«.

»Taumarnir eru ekki fjölgun lækna og tæplega bygging sjúkrahúsa, heldur betri húsakynni, föt og fæði þjóðarinnar, samfara talsverði aukinni þekking hjá öllum þorra manna«.

Dirfist nú nokkur að bera á móti því, að þetta séu framtíðarhorfurnar, það sem í vændum er, meðan moldargrenin og timburhjallarnir haldast við.

H. till. maður (Ó. Br.) tók fram, að húsakynni væru að batna, og getur skeð að það megi segja í vissum skilningi, en mjög er þeim enn ábótavant, og er óvíst að um framfarir sé að ræða; að minsta kosti segir Guðmundur læknir að liggi fyrir heilsuleysisöld með þeim húsakynnum, sem við nú höfum, og er svo að sjá sem ástandið sé að versna. Áður fyrri þektust ekki þessir sjúkdómar eða voru á lægra stigi en nú eru þeir, en það mun nú hafa verið mikið því að þakka, að samgöngur voru þá minni; en þar sem þær nú fara í vöxt, mun mikið því að kenna að viðskiftin við útlendinga aukast. Sú stefna er nú líka að ryðja sér til rúms að fjölga læknum og spítölum, en Guðmundur Hannesson segir, að það sé heldur ekki einhlítt. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að því verður ekki ráðið til lykta á stuttum tíma, en því fyrri, sem við byrjum á því, því betur. Við höfum að vísu nóga smiði, en líklega engan, sem er nægilega fær um að leiðbeina í þessu efni án frekari mentunar, og yrðum við þá líklega fyrst að senda mann til annara landa til þess að nema þar þá byggingarfræði, sem við gæti átt hjá öllum fjölda alþýðu hér á landi, og ennfremur til að afla sér þeirrar þekkingar, sem þarf til þess, að þekkja þau byggingarefni, sem til eru í landinu sjálfu. Það er sorglegt að sjá, hvað alt er á reiki. Það þarf ekki annað en koma í kaupstað til þess að sjá, hvað öll bygging er á reiki og í ósamræmi, húsin bygð sitt með hverju sniði og sitt á hvern hátt, og sama má segja um sveitabæi. Ekki vantar það, að timburhúsin séu ekki nógu kostnaðsöm, en það stafar aftur af þekkingarleysinu. Svo er timbrið, sem flyzt, líka einhver hin lakasta vara, sem til landsins flyzt, víst hér á suðurland. Nú eru kaupmenn hættir að flytja timbur, sem áður átti sér stað, að þeir fluttu svenskt timbur, og þó það væri dýrara, var samt betra kaup á því. Aðrir flytja nú ekki timbur hingað en Norðmenn, en norskt timbur er viðurkent að vera eitthvert hið lakasta. Eg álít, að þingið geti varla verið þekt fyrir til lengdar að sinna ekki þessu máli. Eg er ekki nægilega fróður í þessu efni; það er alt annað að geta smíðað eftir fyrirsögn en að hafa fulla þekkingu á að haga húsaskipun eftir því, sem bezt á við á ýmsum stöðum og úr ýmsum byggingarefnum. Þingið hefir veitt styrk til iðnaðarmanna að sigla og sjá og læra, og skal eg ekki telja hann eftir, þann litla styrk, en mér finst að flestir styrkir ættu að víkja fyrir þessum, ef ekki væri kostur á að sinna þessu máli á annan hátt.

Jón Jensson: Eg hefi hér 2 breyt.-till., sem eg ætla mér að skýra dálítið frá. Fyrri till. er ekki á atkvæðaskrá,

og hljóðar um styrk til verzlunarerindsreka í Björgvin, er eg hefi kent við nafn M. Johannessens. Það er þó ekki meiningin, að þetta eigi að vera bitlingur eða styrkur til ákveðinnar persónu, frekar en verkast vill. Orsökin til þess að till. er stíluð upp á nafn, er sú, að þessi maður hafði sótt um styrk til þingsins. Það hefir verið mikið talað um það í blöðunum, að Reykjavík ætti að eiga verzlunarfulltrúa í útlöndum, til að greiða fyrir verzlun sinni, enda væri það ekkert sérstakt fyrir Ísland, þó það ætti slíkan fulltrúa; aðrar þjóðir hafa þá til að leita uppi brautir fyrir verzlun sína, og til að benda löndum sínum á, hvernig þeir geti bezt komið vörum sínum í verð. Þetta gera þær þjóðir, sem standa oss næst, t. d. Norðmenn, og launa þær þessum mönnum vel, og eru þeir nefndir »Handelsstipendiater«, og ef þetta er nauðsynlegt fyrir Noreg, þá ætti það að vera ekki síður nauðsynlegt fyrir oss, sem erum svo afskektir. Staðurinn Björgvin er mjög vel fallinn til að vera stöð fyrir verzlunarerindsreka, því að þar er aðalmarkaður fyrir helztu vörur vorar, saltkjöt, saltfisk og ull, og Björgvin er sá bær, sem stendur einna fremst, hvað verzlun snertir, í norðurhluta Norðurálfunnar. Verzlun er þar fjörugri en í Kaupmannahöfn og verzlunarmenn í Björgvin eru orðlagðir fyrir, hvað ötulir og duglegir þeir eru. Eg álít því, að ef vér viljum kosta verzlunarfulltrúa, þá sé hann hvergi betur settur. Þessi maður, sem kom fram með umsókn sína til þingsins, hefir hugsað sér helzt að greiða fyrir útflutningi á saltkjöti, en útflutningur á þeirri vöru hefir beðið mjög mikinn halla við kjöttollinn í Noregi. Í Noregi hefir verið aðalmarkaður vor fyrir saltkjöt, en afleiðingin af tollinum hefir orðið sú, sem bezt sést af verzlunarskýrslunum, að sá kjötflutningur hefir að mestu lagst frá Noregi til Danmerkur, og þaðan er kjötið selt á aðra eða þriðju hönd, til verzlunarflotans í Noregi, sem þarfnast saltkjötsins héðan. Þessi maður býðst nú til að reyna að koma því svo fyrir, að saltkjöt vort geti selzt beint til Noregs án þess tollurinn leggist á það. Ætlar hann að selja saltkjöt á »transit« í Noregi, hafa upplagshús í Bergen, er taki á móti kjöti, er útflutt sé þaðan aftur, og kæmist þá kjötið hjá tollinum.

Eg skal ekki segja, að vér þurfum óhjákvæmilega sérstakan mann til þessa, en það er mikið komið undir því, hvernig kaupmenn snúa sér í máli þessu. Ef þeir tækju duglega höndum saman, þá ættu þeir að eiga hægt með að útvega sér »komissionær« í Björgvin, er gæti gjört sama gagn. En kaupmenn hafa ekki gjört neitt slíkt enn þá, en hafa að eins, að því er virðist, hörfað með kjötið undan tollinum af bezta markaðinum (Noregi). Það er því varla rétt að bíða eftir að kaupmenn taki hér í taumana, og ef við gætum fengið það meira fyrir saltkjöt vort með þessu móti, sem hér er stungið upp á, sem tollinum, 5 a. á pundi, nemur, þá græddum vér á hverju ári á breytingunni um 70,000 kr., og væri þá tilvinnandi að kosta til þessum 3,500 kr. á ári í þessi 2 ár.

Það er líka fleira, sem þessi verzlunarerindsreki gæti gjört fyrir oss. Hann ætti yfir höfuð að rannsaka verzlunarvon fyrir Ísland í Björgvin. Hvað saltfisk snertir, þá er Björgvin höfuðbærinn fyrir þá verzlun í Noregi, og það getur vel verið, að verzlunarerindsrekinn gæti leiðbeint oss þar og stutt, svo að það gæti orðið oss til gagns.

Eins er ástatt með ullina. Ullarverksmiðjur eru komnar upp í Noregi,

sem einkum vinna úr íslenzkri ull, og það gæti verið, að beina mætti ullarverzlun vorri til Noregs, svo að vér hefðum gróða af. Eg kom með þessa tillögu af því, að eg áleit ekki rétt að stinga bænarskránni undir stól, en vildi að háttv. deild, sem oft hefir minst á, að hún bæri verzlun og landbúnað fyrir brjóstinu, fengi færi á að sýna velvilja sinn með atkvæði sínu. Fyrir mér er nafn verzlunar-erindsrekans ekkert höfuðatriði, en úr því að fjárveitingin er hér bundin við sérstakt nafn, þá vil eg geta þess, að eftir því sem eg þekki þennan mann, þá er hann vandaður og vel að sér, og eg skil ekki annað en hann sé vel fallinn til þessa starfa.

Önnur breyt.till., sem eg á, er um styrk til »Leikfélags Reykjavíkur«. — Þingið hefir sýnt á ýmsan hátt, að það vill styðja listir og íþróttir. Það hefir t. d. veitt mönnum styrk til að læra málara íþrótt, myndasmíði o. fl. o. fl., og þá skil eg ekki, að það sé nein fjarstæða, að ætlast til þess, að þingið vilji eins vel styrkja leikara-íþrótt; enda er fult svo mikil ástæða til að styðja hana eins og hitt.

Það mælir jafnvel með að styrkja leikara-íþrótt fremur en aðrar listir, að sjónleikum er haldið uppi, hvort sem þeir eru styrktir eða ekki, en því minna, sem til þeirra er kostað, því ófullkomnari verða þeir, en leikir hafa svo mikil áhrif á fegurðar-tilfinningar og siðgæði almennings, að það er miklu meiri hætta, að láta þá afskiftalausa af því opinbera, en þó einhver t. d. máli illa, því að vondir og óheppilegir sjónleikir skemma fegurðartilfinninguna og afvegaleiða alt tilfinningarlíf, og er því ástæða til að stuðla að því, að þeir fari sem bezt úr hendi.

Það verður ekki sagt annað um þetta leikfélag, en að það hafi gert sér far um að láta sér fara sem bezt fram, og hefir slíkt borið töluverðan árangur, eins og sést af vitnisburði þeim, er það hefir fengið í blöðunum, og það er nú sömuleiðis almannarómur, að félaginu hafi farið mjög vel fram sérstaklega í vetur, og að leikirnir hafi verið góðir. Þessar framfarir félagsins eru sérstaklega þakkaðar því, að félagið hefir lagt í töluverðan kostnað með að fá betri leiðbeiningu en áður. En afleiðingin af því, að leggja fram meiri kostnað til þess að vanda leikina, hefir ekki orðið til þess, að aðsóknin hefir vaxið og tekjurnar að sama skapi, og því hefir félagið fyrir þessa viðleitni sína að vanda sig einmitt átt örðugra uppdráttar og komist í skuldir.

En af því að leikfélagið hefir sýnt vandvirkni og viljað leggja út í kostnað til þess, og heldur beðið sjálft halla, þá finst mér hvöt fyrir þingið að koma því til hjálpar. Væri sótt um styrk handa einhverjum leikara til utanfarar til að fullkomna sig í leikment, þá efast eg ekki um, að honum yrði veittur styrkur til slíks af þinginu, enda væri slíkt sama eins og þegar styrktir eru málarar og myndasmiðir, en nú er hér um styrk að ræða til heils félags, svo að hann komi til nota og fullkomnunar mörgum mönnum í einu, og hér er líka að ræða um innlenda íþrótt, að hlynna að henni í íslenzkum jarðvegi, og finst mér það mæla fremur með þessari fjárveitingu en móti.

H. framsögum. (J. J., 2. þingm. Eyf.) hefir lýst yfir því, að hann væri ekki velviljaður tillögunni, þó hann færi um það vægilegum orðum. Mér er kunnugt, að meiri hluti fjárlaganefndarinnar var á móti tillögunni og gerði háttv. framsögum. því ekki annað en skyldu sína, en það gladdi mig, að hann var ekki á móti því frá almennu sjónarmiði að félag þetta nyti einhvers styrks, en hann kunni ekki við það, að bæjarfélag

Reykjavíkur skyldi ekki verða fyrst til að styrkja það. En hvers vegna á bæjarfélagið fremur að styrkja leiki en aðrar listir? Ekki var það gert að skilyrði, þegar Þórarinn Þorláksson var styrktur, til að læra málara-íþrótt. -- (*Jón Jónsson*, 2. þingm. Eyf.: Það var ekki fyrir Reykjavík!). Og ekki hefir verið farið fram á það, þegar myndasmiðum hefir verið veittur styrkur til náms, að hlutaðeigandi bæjarfélög styrktu til slíks náms; nú á líka að fara að stofna skóla fyrir teikning og tréskurð hér í Reykjavík, en ekki er þó Reykjavíkurbæ gjört að skyldu að leggja fram fé til slíks.

Mér finst þingið eigi ekki að skifta sér af því, hvort bæjarstjórnin styrkir þetta fyrirtæki, ef það annars álítur það styrksvert í sjálfu sér, og það get eg sagt um bæjarstjórnina, að hún styrkir þau fyrirtæki, er hún álítur styrks verð, án þess að binda slíkt því skilyrði, að aðrir álíti fyrirtækið styrks vert.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg er svo vel settur, að eg á enga breyt.till. í þessum kafla fjárlaganna, en það er þó ein þeirra, er eg hlýt að vera sérstaklega meðmæltur; það er breyt.till. 97 á atkvæðaskránni. Af háttv. þingm. mun eg standa einna bezt að vígi með að gefa statistiskar upplýsingar tillögu þessari viðvíkjandi. Tillagan er að vísu ekki þýðingarmikil, lítill munur á fjárupphæðinni í breyt.till. og þeirri, sem í frumv. stendur, en eg þykist vinna málefninu sjálfu með því, að skýra frá starfi og hag hinnar íslenzku Good-Templarreglu síðastliðin 2 ár. Reglan hefir auðvitað margar aðrar tekjur en landssjóðsstyrkinn; sjóðnum og reikningshaldinu er skift í tvent, hinn almenna sjóð stórstúkunnar og »útbreiðslusjóð« hennar; landssjóðsstyrkurinn er ætlaður renna til »útbreiðslusjóðsins«. — Tekjur hins almenna sjóðs á tímabilinu frá 1. maí 1897 til 30. apríl 1899 eru þessar:

Gjöld félagsmanna um . . .		3460 kr.
Aðrar tekjur, þar á meðal af sölu blaðsins		1000 —
		4460 kr.

Gjöldin á sama tímabili eru:

Styrkur til blaða .	1750 kr.	
Til prentunar rita	600 —	
Þingkostnaður . .	400 —	
Ýms gjöld, laun, þar í: starfsmenn um 400 kr. til alþjóða-stúkunnar 240 kr. og fleira um 360 kr.	1000 kr.	3750 kr.
Mismunur, í sjóði		710 kr.

Reikningur útbreiðslusjóðsins 1. maí 1897 til 30. apríl 1899 er þannig:

Tekjur:		
Í sjóði 1. maí 1897 .	506,85	
Styrkur úr landssjóði árin 97—99 . . .	2400,00	
Sparisjóðsvextir . . .	27,56	2934,41
Gjöld:		
Til bindindis-útbreiðslu	1483,15	
Til útgáfu rita . . .	1272,37	2755,52
Mismunur, í sjóði		178,89

Hver árangur hefir orðið af starfsemi reglunnar síðastliðin 2 ár, má sjá bezt af því, að líkja meðlimafjöldanum saman við undanfarin ár.

Eg tek árin

1887	1897	1899
855	1938	3967 meðl.

og sést af því, að meðlimum hefir fjölgað um rúman helming síðustu 2 árin.

Það hefir oft verið tekið fram, að starfsemi bindindismanna hér á landi hafi gjört Ísland hvað kunnugast erlendis.

Sænskur maður, sem er hátt-standandi meðlimur reglunnar þar, lét í ljósi hér

nú í sumar, er hann hafði kynt sér skýrslur vorar, að vér stæðum Svíum miklu framar í öllum bindindismálum, og hafa þeir þó til þessa verið taldir fremstir í flokki Norðurálfumanna, og ætti að fara í mannjöfnuð, mundi mannvalið vera tiltölulega öllu betra í ísl. reglunni; hér væri tiltölulega fleira af málsmetandi mönnum fylgjandi bindindi. Tala Good Templara í Svíþjóð væri um 100 þúsund af 5 miljónum móts við um 4 þús. af 75 þúsundum á Íslandi. Auk þess er þetta félag nú landsins auðugasta félag, þó það naumast ætti til hnífs og skeiðar fyrir svo sem 15 árum. Það á nú um land allt eignir, er svara 30—40 þúsund krónum. Vöxtur félagsins fram að 1897 var ekki mikill, en hann var jafn, en á síðustu 2 árum hefir því fleygt fram mjög. Ekki er hægt að álasa félaginu fyrir það, þó einstaka maður reynist þar ver en skyldi; það er misjafn sauður í mörgu fé, og ekki tilætlandi, að allir séu englar; til þess þyrfti íslenzka þjóðin sjálf að vera bygð öðru vísi frá grunni. Af því að það er farið að tíðkast hér í deildinni tilvitnanir úr blöðum og tímaritum, og náttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) rétt nýskeð hefir gengið í því á undan með góðu eftirdæmi, ætla eg að lesa hér upp fáeinar línur úr Þingtíðindum Stórstúku Íslands frá þinginu í ár, svo að starfsemi reglunnar komi enn skýrar í ljós.

Þar stendur á bls. 56:

»Reglan hefir fremur en flest annað gjört Ísland þekt á síðari árum um heiminn. — — Sumir menn hennar eru víða þektir af henni. Bindindisbaráttan á Íslandi er miklu betur kunn annarsstaðar en aðrar pólitiskar deilur, eða löggjöf og stjórn. Reglan er á þennan hátt landinu til sóma og vegs; hún gjörir garðinn frægari en hann var. Hún leiðir inn í landið loftstraum af enskamerískum hugsunarhætti, sem landsfólkinu er holt að fá. Hún kennir oss gott skipulag og að hlýða föstum reglum, og vér höfum gott af því. Það gjörir landsmenn að nýtari borgurum, ef þeir læra það hvorttveggja. -- — Hún er auðvitað ekki nein bein kristileg hreyfing sjálf, en hún ryður veginn fyrir kristilegum hreyfingum, hvar sem hún hefir staðið í blóma um nokkurn tíma. Fyrir flesta, sem í henni eru lengri tíma, er hún menningar-meðal, og býr þá undir önnur störf í þjóðfélaginu. Hún er ekki að eins bezti mælskuskólinn á landinu, heldur sá einasti, sem til er. Fjöldi landsmanna hefir bæði gefið henni hjarta sitt og töluvert fé, en eg vona, að hún hafi borgað þeim hvorttveggja aftur, og gjöri það enn betur síðar«.

Eg get staðhæft það, að orð þessi eru fyllilega rétt.

Klemens Jónsson: Það eru nokkrar brtill. við þennan kafla, sem eg álít tilhlýðilegt að fara fáeinum orðum um. Eg skal taka þær eftir röð og byrja þá á brtl. undir tl. 74 og 75. H. þm. Húnv. (Bj. S) fer þar fram á, að styrk þeim, sem áður hefir verið sameiginlega veittur til kvennaskóla norðurlands sé skift í tvent og fái sinn helminginn hvor. H. þm. bar brtill. þessar undir mig, áður en hann kom fram með þær, og lét eg í ljósi að eg mundi ekki gera þær að neinu kappsmáli. Þó get eg ekki varist að geta þess, að mér hefði þótt það tilhlýðilegra, ef þær hefðu komið fram fyrir svo sem 4—5 árum. Skólinn á Ytri-Ey var þá betur sóttur en skólinn á Laugalandi, en nú er skóli Eyfirðinga mikið betur sóttur og hefir því síðustu árin fengið meira fé en Eyjarskólinn, en upphæðarmunurinn er þó svo lítill, að eg get

ekki verið að gjöra hann að kappsmáli. En í þessu sambandi vildi eg minnast á kvennaskólamálið í heild sinni.

Eg er þeirrar skoðunar, að reyna ætti að koma á kvennaskóla sameiginlegum fyrir alt norðurland. H. núverandi forseti hélt þessu fast fram á þingi 1895, sem framsögumaður fjárlaganefndarinnar, og eg studdi þá það mál, og enn komu fram raddir í líka átt á þingi 1897. Fjárlaganefndin hefði átt að taka það mál til íhugunar nú, því eg álít, að slík sameining ætti að vera mark og mið þingsins; fé það, sem veitt er nú, gjörir ekki nærri eins mikið gagn, þegar því er dreift meðal margra, og enda vafi á, hvort einn almennilegur skóli mundi þurfa jafnmikið fé eins og allir skólarnir fá nú. Af þessum ástæðum er eg t. d. á móti því, að fara nú að veita fé til kvennaskólahalds á Seyðisfirði, því eg er svo sannfærður um, að það fullnægir aldrei tilganginum, nema því að eins að styrkur þessi sé veittur konu þeirri, sem hann er stýlaður uppá, persónulega. Eg vil því beina máli mínu til h. frms. með þeirri fyrirspurn, hvort fjárlaganefndin hafi eigi tekið þetta til íhugunar.

Eg hefi undir tl. 78 farið fram á að fella burt orðin »annarsstaðar en í kaupstöðum«, svo að styrkurinn verði veittur eins til barnaskóla í kaupstöðum og annarsstaðar. Það hefir að vísu áður verið almennt uppi í þinginu sú skoðun, að kaupstaðirnir væru ekki ofgóðir að halda skóla sína að fullu og öllu, og nú hefir bæði hæstv. landsh. og h. frsm. tekið það fram, að engin ástæða væri til að styrkja kaupstaði til þess að halda barnaskóla, því þeir hefðu meira fé yfir að ráða en hreppar nir, en eg er engan veginn samdóma

þeim. Hreppar og kaupstaðir hafa tiltölulega jafnmiklar tekjur; aðaltekjur þeirra eru gjöld þau, sem jafnað er niður á menn, og það fer aðeins eftir gjaldþoli manna í því og því sveitafélagi, hve miklu öll upphæðin nemur, og er eg alveg viss um, að gjaldþolið er yfirleitt ekkert betra í kaupstöðunum en flestum hreppum. Þar að auki lít eg svo á málið, að barnaskólar í kaupstöðum eigi öllu fremur skilið að vera styrktir, sökum þess, að það venjulega eru betri skólar en til sveita. Gegn þessu hefir komið fram sú mótbára, að ef svo væri, þá mundi barnaskóli Rvíkur gleypa svo að segja alla upphæðina. Eg sé nú satt að segja ekkert á móti því, þó Rvíkur barnaskóli fengi sinn tiltölulega hluta, en það vill nú svo til, að einn bæjarstjórnarmaður hér, sem líka er í skólanefndinni, hefir lýst því yfir við mig, að bæjarstjórnin mundi ekki vilja færa sér rétt þenna í nyt, því bæði hefir nú bærinn efni á að halda þenna skóla sinn og auk þess nýtur hann 800 kr. styrks úr Thorkillii-sjóði. En það væri synd að segja, að barnaskólar annara kaupstaða þurfi ekki hjálpar við. Hvað barnaskólanum á Akureyri viðvíkur, þá gleypir hann helming allra aukaútsvara, og barnaskólinn á Ísafirði hlýtur að vera enn dýrari, þar sem fastur kennari er haldinn þar fyrir ríflega laun. Annars er mér ekki kunnugt um skóla þann. Það er þó ekki sjálf peningaupphæðin, sem hefir komið mér til að gjöra þessa uppástungu, heldur sú spurning, hvort ekki mundi rétt að afnema þann mismun, sem nú er gjörður á hreppsskólum og kaupstaðarskólum, eða öllu heldur, að taka kaupstaðarskólana fram yfir. Af því eg sé, að mentamálanefndin á þgskj. 289 fer fram á hið sama, en með lægri

upphæð, og mínum tilgangi er náð með því, að koma þessu undir umræðu, tek eg brtill. mína aftur. Eg verð þó aðeins að geta þess útaf brtill. nefndarinnar, að það hefði ekki veitt af að hækka upphæðina, en eg gjöri það ekki að neinu kappsmáli, og greiði atkv. mitt með brtill.

Þá hefi eg leyft mér að koma fram með tillögu um styrk til húsmæðrakennaraskólans í Rvík og vona eg, að hún fái góðan byr. Þingið sýndi það í fyrra, að það var skóla þessum hlynt með því þá að veita honum talsverðan styrk. Eg þarf naumast að fara mörgum orðum um gagnsemi skólans; því var lýst svo fagurlega á síðasta þingi, hvað mikla þýðingu það hefði að kenna stúlkum almenna húsmæðrakennslu og venja þær á þrifnað og reglusemi. Tekjur skólans hafa nú ekki hrokkið til þess að leysa þetta verk af hendi; stafar það annarsvegar af því, að þung gjöld hvíla á, svo sem mánaðarleg húsaleiga, 60—70 kr., fyrir utan þvott og ræstingu, en hinsvegar er kosturinn svo ódýr í samanburði við gæði hans, ca. 1 kr. 10 au. á dag, að naumast er hægt að ætla nokkurn ágóða af honum. Þingmenn munu sjálfir kunna að dæma um það, að eg fer með satt, að því er gæði matarins snertir. Auk þessa vantar nú skólann ný og betri áhöld, sem kosta talsvert fé; enn fremur er brýn þörf á að bæta við annari kennslukonu. Stúlka sú, sem völ er á, er mér persónulega kunn, það er allra duglegasta og mentaðasta stúlka, hefir verið forstöðukona kvennaskólans á Akureyri og nú erlendis síðustu tvö árin til þess að fullkomnast. Af því að eg veit, að margir þm. eru skóla þessum hlyntir, og eg veit með vissu, að mörgum mundi þykja eftirsjá í því, ef skólinn legðist niður vegna féleysis, þá geri eg mér beztu vonir um, að tillaga mín fái góðan byr.

Þá kem eg að C, þessum alræmda bitlingaparagraf. Eg tók það fram á síðasta þingi, að það væri í sjálfu sér rangt og siðspillandi að hafa miklar umræður um þessa menn, er styrks beiðast, siðspillandi bæði fyrir þá og þingið. Langréttast væri að veita stjórninni ákveðna upphæð til menta og lista, og heimila henni að útbýta henni eftir vild. Vitanlega má búast við því, að mörgum mundi þykja kenna meiri eða minni partisku af hálfu stjórnarinnar við ráðstöfun fjár þessa, en það væri þá hægt fyrir þingið, eins og nú er orðinn siður til, að láta stjórnina standa reikningsskap ráðsmensku sinnar við 1. umr fjárlaganna. Það hefir fyrir skömmu einnig verið ritað um þetta sama í blaði einu hér í Rvík, af merkum manni, en fjárlaganefndin hefir ekki viljað taka það til greina. Á síðasta þingi fóru 232 dálkar prentaðir í al.ptíð. til þessa kafla; menn geta því ímyndað sér, hvað sparast getur við að láta umræður um þessa bitlinga falla úr sögunni, að eg ekki tali um siðbótina. Eg vænti, að sá tími komi, þegar stjórninni einni er falið að úthluta fé þessu, hún mun valla gjöra það ver en þingið, og þá fengju þeir er, skamma mest stjórnina, eitthvert umtalsefnið; þeim mundi verða það kærkomið að hafa eitthvert tilefni til þess, og þar liggur verkefnið fyrir.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtill. mína við C. 14, um hækkun á styrknum til skáldsins Matth. Jochumssonar. Maður þessi er svo alkunnur, að eg þarf ekki að mæla fram með honum. Síðan 1891 hafa honum verið veittar 600 kr. í skáldalaun, en í brtill. minni fer eg fram á að þau verði hækkuð nú og framvegis upp í 2000 kr. Ástæðurnar til þess eru þær, að maður þessi er nú aldurhniginn, og því ekki við að búast, að

að hann geti gegnt lengi embætti úr þessu, en á hinn bóginn hefir hann, eins og flestum háttvirtum þm. er kunnugt, fjölskyldu mikla fyrir að sjá, og fjárhagur hans er og hefir ætíð verið mjög erviður; mun hann því naumast geta látið af prestskap nema honum bjóðist eitthvað sæmilegt í aðra hönd. Mér fyrir mitt leyti finst nú, að þjóðin sé beinlínis skyld til að sýna, að hún kunni að meta þetta þjóðskáld sitt, því það sýnist svo sem honum fari fram með aldrinum. Hin síðari kvæði hans og söguljóðin, sem hann nú nýlega hefir lokið við, er eitt hið allra bezta, sem til er eftir hann. Því hefir verið haldið fram af h. frsm. að brtill. mín gæti skilist svo, sem umsækjandi fengi styrkinn, en héldi embætti sínu engu síður, en það er ekki meiningin; síra Mattías segir sjálfur í skjali sínu til þingsins: »nú við aldamótin verð eg, ef lifi, hálfsjötugur, mundi eg því nú þegar beiðast lausnar frá prestskap, ef eigi væri fjölskylda mín og vanefni annars vegar«. Þetta þarf því eigi að taka fram, en af því eg veit, að annar h. þm. ætlar að koma fram með brtill. til að fyrirbyggja allan ágreining um það atriði, þá mun eg aðhyllast brtill. Að endingu vil eg minna menn á, að síra Mattías mun eigi leggja niður ljóðagjörðina jafnframt prestskapnum, heldur mun það fara eins og hann segir sjálfur í skjali sínu, »að einungis frjálsir svanir syngi fegurst fyrir dauðann.«

Eg hefi komið fram með breyt.till. við breyt.till. hæstv. landsh. um styrkinn til Brynjólfs Þorlákssonar til söng fræðisnáms og orgelspils, og hefi farið fram á þar, að færa upphæðina niður í 800 kr. Manni þessum var veittur styrkur á síðasta þingi. Fór hann fyrir hann til K.hafnar, dvaldi þar sjö mánuði og stundaði nám hjá prof. Nebelong söngfræðing. Þessi Nebelong, sem er í miklu áliti, hefir gefið styrkbeiðanda beztu meðmæli sín, og auk þess hefir hann hlotið 300 kr. viðurkenningu frá kenslumálaráðaneyti. Þetta virðist bera órækan vott um, að maðurinn er hæfur. Nú vantar hann eina 4—5 mánuði í að geta tekið próf og orðið fullnuma, en hann hefir ekkert fé til fararinnar; hann er fátækur maður og getur ekki lagt neitt af mörkum fyrir sjálfan sig, og kenslan er dýr. Eg bar mál þetta fram í fyrra, og sá nú, að hæstv. landsh. fór fram á helzt til rífa upphæð, sem eg ekki bjóst við, að þingið vildi veita. Spurði eg þá umsækjanda, af því mér var ant um, að hann fengi einhverja úrlausn, hvort hann mundi ekki geta nægst með 800 kr., samsinti hann því, og leyfði eg mér þá að færa niður upphæðina.

Þá hefi eg að lokum komið fram með tillögu um 300 kr. styrk til síra Bjarna Þorsteinssonar, til að gefa út hátíðasöngva, og er því svo varið, að hann hefir samið lög við hátíðasöngva, semsé víxlsöngva milli prests og safnaðar, hefir hann gert þetta í samráði við biskup, og beiðist nú styrks til að koma þeim á prent. Söngvar þessir hafa verið bornir undir hið nafnkunna tónskáld, gamla prof. Hartmann, og hefi eg séð bréf frá honum, þar sem hann lætur undrun sína í ljósi yfir því, að ósigldur og í þeirri ment ófræddur maður, skuli hafa getað búið til slíkt snildarverk. Það virðist því að vera full ástæða til fyrir þingið, að sinna þessari beiðni. Síra Bjarni er nú að láta prenta söngvana, meðan hann er í Khöfn að safna þjóðlögum þeim, er þingið hefir veitt honum styrk til áður, en þar sem hér er um þjóðlegt listaverk að ræða, virðist ástæðan nú engu minni. Maðurinn

hefir sjálfur engin tök á að gefa út þessa söngva; hann situr í litlu brauði, á útkjálka lands, en þetta er beinn tilkostnaður, því ritið mun ekki seljast mikið hin fyrstu ár, vona því, að þingið líti svo á, að þetta sé fyllilega styrkjandi.

Þá hefi eg ekki fleiru við að bæta við þennan kafla fjárlaganna.

Þórður Guðmundsson: Eg ætla ekki að vekja umræður um frumv. stjórnarinnar frá 12. gr. þess, eða um hinn 67. tölul. á atkv.skránni, sem snertir 13., 14., 15., 16., 17., 18. gr. frumv. Allir þessir tölul. ganga að vísu út á það, að auka gjöld landssjóðs, og eg vil ekki neita því, að mig furðar á þeim tölum, þegar eg á hinn bóginn lít á hag landsins yfir höfuð. Í þessum kafla atkv.-skráarinnar er þó ein breyt.till. sem ber mitt nafn. Í þessari breyt.till., sem er á þingskj. 231, hefi eg farið fram á það, að landssjóður veiti lán. Reyndar hafði eg óskað þar, og eg bjóst við því, að sú tillaga kæmi frá landbúnaðarnefndinni. Tillagan fer fram á það, að landssjóður veiti alt að 8000 kr. til að koma upp slátrunarhúsum.

H. framsm. (J. J., þm. Eyf.) brosti að þessari tillögu. En eg veit ekki, hversvegna honum gat þótt hún brosleg, þar sem hér er um þýðingarmikið atriði að ræða.

Fyrir 3 árum var bannaður útflutningur á lifandi fé, og eins og mönnum er kunnugt, þá hefir þetta bann gert hinn mesta skaða fyrir landið í heild sinni, og því þarf eg ekki að lýsa hér. Vér vorum fyrir þessar sakir neyddir til að selja fé í landinu sjálfu. Eg ætla hér ekki að tala um verðið á því, því það er öllum kunnugt, hversu afar lágt það er. En eg ætla hins vegar að tala um meðferðina á þeim afurðum, sem fé gefur af sér. Meðferðin á afurðum þess fjár er óskynsamleg, að eg ekki segi öldungis ófær, sem fremur hæfi skrælingjum en mentuðum þjóðum.

Þess vegna finst mér brýn þörf á því, að komið sé upp slátrunarhúsi, svo að meðferðin á afurðum sláturfjárins geti orðið betri og sæmilegri. Og eg vil geta þess, að allar þjóðir, sem langt eru komnar áleiðis í mentun og menningu, hafa slátrunarhús. Þessi upphæð, sem eg hefi farið fram á, er of lág til þess að koma upp fullkomnu slátrunarhúsi. Og í sambandi við þetta vil eg geta þess, að í Noregi hafa menn bygt slátrunarhús, allgóð, fyrir 10,000 kr. En með því að þetta er nýmæli hér og þess vegna ekki mun verða svo hraðfara, þá vildum við ekki hafa tillagið hærra.

H. frsm. (J. J., þm. Eyf.) fann það að þessari tillögu, að hann ekki vissi, hvað meint væri með henni. Eg vil útlista það á þá leið, að hún er bygð á þeirri hugsun, að slátrunarhúsin séu nauðsynleg, til þess að allar afurðir af sauðfé voru séu sem bezt, notalegast og hreinlegast meðhöndlaðar. En slíkt stendur á afarlágu stigi hér hjá oss. Eg vil ekki lýsa því hér í þingsalnum, á hve lágu stigi það stendur. En eg vil samt geta þess, að á næstliðnu hausti var komið að því, að sveitamenn létu mikið af innmatnum úr því fé, sem þeir seldu hér, út fyrir bryggjurnar. Það er sorglegt, ef mikið af góðum mat fer til ónýtis.

Eg treysti því, að ef slátrunarhús kæmust á, að þá yrði þetta á annan og betri veg, að maturinn yrði ekki ónýtur. Það gæti og komist á niðursuða á kjöti og bjúgnagerð, sem er afarnauðsynlegt, og gæti það haft hina mestu þýðingu fyrir oss. Þó ekki hafi verið mikið keypt frá útlöndum af niðursoðnu kjöti, þá er það þó talsvert og

síðastliðið ár var keyptur niðursoðinn matur fyrir 24,000 kr.

En út úr landinu hefir verið flutt og selt kjöt fyrir 290 þús. kr. En þetta kjöt er svo illa verkað, að það er tæplega álitið mannamatur í útlöndum. Aftur yrði kjötið betur verkað undir umsjón tilsjónarmanns á slátrunarhúsunum. Þegar kjöt hefir verið sent úr sveitinni til skólapilta í Kaupmannahöfn, þá hefir það verið álitið gott. Eg vil geta þess, að eg hefði gjarnan viljað koma með þá tillögu, að einstakir menn stofnuðu slík slátrunarhús, og álít eg bezt að kaupmenn gerðu það, en á því munu þeir ekki hafa mikinn áhuga. Þetta mál er áhugamál þeirra, sem framleiða kjötið, bændanna, og þeir líða mestan skaða, ef illa fer um afurðirnar.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) gat þess, að hér væru engar reglur settar fyrir þessum stofnunum, en eg ber svo gott traust til sýslunefndanna, að eg þori vel að fela þeim það að setja reglur fyrir því. Mér þætti að vísu heppilegast, að slátrunarhúsin væru sett á fót af aktiufélögum, en allir þekkja, hversu tregir menn eru að hefjast handa til stofnunar nýjum fyrirtækjum. Eg álít mestu þörfina á slátrunarhúsi hér í Reykjavík; svo geta nærsýslurnar gengið í félagið með. Úr nærsýslunum, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Borgarfjarðarsýslu sækir hingað mest að af fé. Eg vona, að h. fjárlaganefnd vilji íhuga þetta mál og það því fremur, sem í henni sitja að nokkuru leyti skynsamir landbændur, en þetta atriði snertir mjög mikið landbóndann og hlyti að verða honum til hagsmuna.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla að gera hér athugasemd viðvíkjandi breyt.till. minni við 68. tölul. atkvæðaskrárinnar, þar sem eg hefi farið fram á, að fjárveitingin til tímakenslu í latínuskólanum sé bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður við inntöku í neðsta bekk skólans. Þessi breyt. mín hefi mætt allmiklum andmælum bæði frá h. frsm. fjárlaganefndarinnar (J. J., 2. þm. Eyf.) og hæstv. landsh.; hæstv. landsh. álítur þessa tillögu naumast löglega; álítur ekki rétt að setja slíkt skilyrði inn í fjárlögin. En eg álít aftur á móti, að þingið geti veitt slíkar fjárveitingar sem þessa, með hvaða skilyrðum, sem því þóknast.

Þegar á það er að líta, hvort latneskur stíll sé lögskipaður við skólann við inntöku í neðsta bekk, þá er það álit mitt, að svo sé ekki. Eg læt mér nægja að benda á 2. gr. latínuskólareglugerðarinnar frá 1877. Þar er ekki heimtaður latneskur stíll af þeim, sem teknir eru í fyrsta bekk skólans, heldur að eins það, að þeir kunni dálítið í latínu. Og þegar þessi gr. er skoðuð í sambandi við 4. gr., þá er auðsætt að ólöglegt er að heimta latneskan stíl af þeim. Þar er að eins heimtað, að í 4 fyrstu bekkjunum skuli iðka latneskan stíl. Og þar sem þingið er þeirrar skoðunar, að það sé ólöglegt að heimta latneskan stíl til inntökuprófs í neðsta bekk latínuskólans, þá álít eg óhjákvæmilegt að reistar séu skorður við því, að farið sé lengra en lög leyfa í því efni. Áskorun alþingis 1897 til stjórnenda skólans þessu viðvíkjandi varð árangurslaus, og hvernig á þingið þá að fara að, til þess að fá vilja sínum framgengt?

Sú stefna hefir komið fram hér á þinginu að takmarka beri að miklum mun kenslu í latínu, og ef þingið vill vera sjálfu sér samkvæmt, þá verður það að halda sér fast við það, að ekki sé farið lengra í því efni en lög leyfa. Eg álít það óhjákvæmilegt að setja þetta skilyrði inn í fjárlögin, þar sem óskir þingsins um breyting á fyrirkomulaginu í þessu efni hafa verið virtar

að vettugi. Sú skoðun ryður sér meir og meir til rúms, að rétt sé að takmarka kenslu í gömlu málunum í latínuskólanum, þessum dauðu málum, sem enga praktiska þýðingu hafa. Íslendingar hafa sannarlega annað að gera, heldur en að nema þessi dauðu mál, og þeim er miklu fremur þörf á að nema annað en þau. Þrátt fyrir mótmæli hæstv. landsh., vil eg því vona að deildin aðhyllist tillögu mína.

Þá skal eg minnast á 94. töluliðinn á atkvæðaskránni, þar sem fjárlaganefndin leggur það til, að styrkurinn til sagnfræðings Jóns Jónssonar komi í stað styrksins til Boga Melsteð. Það eina, sem eg hefi við þetta að athuga, er það, að fjárlaganefndin hefir bundið fjárveitinguna því skilyrði, að hann haldi alþýðlega fyrirlestra um efni úr Íslandssögu, en afleiðingin af því að leggja honum þetta á herðar, mundi verða sú, að hann yrði að sitja hér stöðugt í Reykjavík, þar sem þó þau vísindalegu störf, sem hann er að fást við, gjöra honum nauðsynlegt að vera ýmist í Reykjavík eða í Kaupmannahöfn, til að rannsaka söfnin. Annars hefði eg verið til með að veita þessum manni ríflegri styrk. Sýnist mér það nær, en að veita hann þeim manni, sem hans hefir notið að undanförnu en enginn árangur hefir sést af, nema fáeinar vitleysur, eins og þingmönnum er kunnugt.

Þá er breyt.till. mín við 98. tölulið á atkvæðaskránni, um að veita 1000 kr. á ári um nokkur ár, til háskólasjóðs Ísland. Málið um stofnun háskóla hefir lengi verið á dagskrá, og einu sinni verið afgreitt sem lög á þingi, en synjað staðfestingar konungs.

Eg hygg að oss sé ekki vaxið sem stendur að reisa háskóla, en að sá vegur muni réttur og einna auðveldastur að leggja fé á hverju ári til að koma á fót háskóla, á þann hátt, að sameina skóla þá hina æðri, sem nú eru, og bæta við kenslugreinum, sérstaklega sögu landsins og náttúrufræði. Háttv. framsm. var á móti þessari till. minni, og fanst að alt fé ætti að veitast í einu, þegar háskólinn yrði stofnaður, en fyrir þjóðina er þetta, sem eg fer fram á, ekki eins tilfinnanlegt, að skifta kostnaðinum niður á fleiri ár, og þjóðina munar það litlu, að leggja þetta fram, sem ekki nemur fullum 10 aurum á mann.

Þá er önnur till., sem eg hefi komið fram með, það er breyt.till. undir 100. tölulið, að styrkur Helga Jónssonar falli alveg burt. Stjórnin hefir lagt það til, að þessum manni séu veittar 2000 kr. á ári, til þess að rannsaka þarategundir, en eg hygg að vér höfum margt annað þarfara að vinna, og legg því til, að þessi styrkur falli alveg burt. Maður þessi, sem styrk fekk á síðustu fjárlögum, hefir ekki látið svo lítið að skýra þinginu frá aðgjörðum sínum, hann hefir að eins skrifað nokkrar ritgjörðir í danskt tímarit »Botanisk Tidsskrift«, en alþýða manna á Íslandi hefir ekki aðgang að því. Þegar landssjóður styrkir einhvern mann til einna eða annara framkvæmda, þá finst mér maður geti í öllu falli heimtað, að hann riti um þær á íslenzku, en þessi maður hefir látið sér nægja að skrifa í tímarit, sem er ætlað Dönum einum; og þá er eins gott að ríkissjóðurinn danski borgi honum fyrir það. Þess utan er komin till. um að veita Stefáni Stefánssyni styrk til að rannsaka fóður og beitijurtir, sem eg ætla að muni hafa meiri »praktiska« þýðingu, og finst mér því rétt að láta það sitja í fyrirrúmi.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyt till. mína undir 109. lið á atkvæðaskránni. Hún er um það, að

snikkari Jón Sveinsson, sem var gabbaður svo herfilega af stjórninni, þegar stýrimannaskólinn var bygður, fái borgun fyrir uppdrátt þann, er hann gjörði, og sem þingið ætlaðist til að bygt væri eftir. Fjárframlag þetta er svo óverulegt, að eg get ekki ímyndað mér, að það geti orðið ágreiningur um það, enda skýrðist mál þetta vel fyrir deildarmönnum við 1. umr. fjárlaganna. Þá er síðasta till., sem eg er viðriðinn, snertandi leikfélag Reykjavíkur. Eg álít að blómgun slíks félags sé skilyrði fyrir því, að leikarament taki framförum hér á landi, og jafnframt fyrir því, að leikritahöfundar komi upp og láti þjóðinni í té ýms leikrit, sem geta verið bæði siðbætandi, fræðandi og skemtandi. Það er í tillögunni ekki farið fram á meira en 500 kr. á ári, og mér finst, ef leikfélagið er styrkt á annað borð, að það muni ekki mikið um minna en 1000 kr., en eg vil þá að eins veita styrk þennan af landssjóði, og því að eins, að Reykjavíkurbær veiti félaginu jafnmikla fjárupphæð, því þó að þetta leikfélag geti haft fyrir landið í heild sinni töluverða þýðingu, þá er þýðing þess þó aðallega fyrir Reykjavíkurbúa, sem helzt eiga kost á að sjá það, sem leikfélagið sýnir, og eg fæ ekki betur séð en að ef bæjarstjórn Reykjavíkur vill ekki veita þessu félagi 500 kr., jafnmikla upphæð sem landssjóðsstyrkinn, þá sé það ekki þess vert, að það fái styrk úr landssjóði. Eg skal geta þess, að eg hefi heyrt, að það hafi verið siður að leikfélagið hafi borgað til bæjarsjóðs 5 kr. fyrir hvert kveld, sem leikið hefir verið, en að bæjarsjóðurinn hafi gefið þetta gjald eftir. Þetta mun nema 100—200 kr., svo að beint útlag þyrfti ekki að verða svo mikið, þó bæjarsjóðurinn veitti leikfélaginu 500 kr. á ári; mér finst það vera alveg rétt, sem h. framsm. tók fram, að það sé ekki rétt fyrir þingið að styrkja slík félög, nema bæjarfélög þau, þar sem félögin starfa, séu áður búin að veita þeim styrk, og þannig að viðurkenna, að þau kunni að meta störf þeirra. Þá eru ekki fleiri breyt.till., sem eg er viðriðinn, og skal eg því að eins leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þremur öðrum breyt.till.

Það er þá fyrst sú breyt.till., sem komin er fram frá h. þm. Eyf. um að veita styrk til matreiðsluskólans í Reykjavík; þeirri fjárveiting er eg algjörlega móttfallinn. Þessum skóla var veittur styrkur á þingi 1897, að eins á hinu fyrra ári fjárhagstímabilsins, og þingið vildi með því sýna ótvíræðlega, að það væri í hið eina skifti, sem það vildi styðja þessa stofnun. Eg verð að segja, að fyrir mitt leyti er eg ekki fjarskalega hrifinn af þessari stofnun, því eg álít, að þar sé ekkert kent annað en það, sem stúlkur geti lært á góðum heimilum, hvort sem er í sveit eða kaupstað. Það eru ekki þær átveizlur hér á Íslandi, að stúlkur geti ekki lært á hverju góðu heimili það, sem nægir í matartilbúningi, og sama er um þrifnaðinn að segja. Auk þess er þetta gróðafyrirtæki, sem fljótlega borgar sig mjög vel, og má því til sönnunar taka fram, að niðurjöfnunarnefndin hér í Reykjavík hefir lagt útsvar á þessa stofnun; en það myndi hún ekki hafa gjört, ef hún hefði ekki litið svo á, sem hún mundi bera sig. Þegar líka er litið til þess, að stúlkur þær, sem á skólann ganga, borga 1 kr. á dag og ganga að öllum verkum, þá get eg ekki séð annað, en það hljóti að borga sig mjög vel, að minsta kosti mundi mörgum þykja það gott að hafa vinnukonur með þeim kjörum, og það jafnvel þótt þær borguðu ekkert með sér. Eg er

því algjörlega á móti þessari tillögu, og eg held ekki, að sú fjárveiting mælist vel fyrir út um landið.

Nokkuru öðru máli finst mér gegna með till. h. þm. Rvk. (J. Jenss.), um fjárveiting handa kaupmanni Jóhannessen til að setjast að í Noregi sem verzlunarfulltrúi; það virðist geta haft mikla þýðing, að Ísland hefði í Björgvin fastan verzlunarerindsreka, og vil eg því geta því atkvæði mitt, og því heldur, sem Jóhannessen er öllum kunnur sem vandaður maður og áreiðanlegur, svo að telja má víst, að hann mundi gjöra alt, sem hann gæti, til þess að fjárveiting þessi kæmi að notum.

Þá finn eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um breyt.till. þær, sem hér liggja fyrir, að eins vil eg minnast lítið eitt á breyt.till. frá h. þm. Rangv. um lán til slátrunarhúss. Eg get ekki séð, að það sé nein þörf á þeirri fjárveiting, og mun því greiða atkvæði á móti henni. H. flutningsmenn þyrftu að gjöra grein fyrir, hvernig þeir ætlast til að þessu sé hagað. Eg veit ekki, hvernig þeir hugsa sér það, hvort þeir hugsa sér að það sé bygt stórt hús, þar sem hver og einn geti rekið inn fé sitt, og slátrað því þar. En það þarf meira en að slátra fénu, það þarf líka að koma því út, og eg fæ ekki séð, að það yrði betra fyrir bændur að selja fé sitt í slátrunarhúsið en til kaupmanna eða í ishúsið, því þó við hefðum þetta slátrunarhús, þá batnaði innanlands markaðurinn ekkert að heldur. (2. þm. Rangv.: Jú, hann batnar).

Þórður Thoroddsen: Eg skal leyfa mér að minnast á eina breyt.till., sem eg á, og sem er undir 66. tl. atkvæðaskrárinnar; fer hún fram á að auka námsstyrkinn við læknaskólann úr 1200 kr. í 1800 kr. H. framsm. gat þess, að þetta mundi ein af þeim till., sem væru gjörðar til þess að auka aðsóknina að læknaskólanum, og er það rétt. Eins og kunnugt er, fer stjórnarfrumv. fram á, að veita námsstyrk handa 6 nemendum á læknaskólanum, 200 kr. til hvers, eða 1200 kr. en eg hefi lagt til, að námsstyrkurinn væri hækkaður upp í 300 kr. til jafnmargra nemenda, svo hann yrði alls 1800 kr., og er það gert í því skyni, að laða stúdenta að því að fara á læknaskólann. Ástæðan fyrir þessu er hjá mér sú, að stúdentar, er stunda nám við læknaskólann, fá miklu minni styrk en íslenzkir stúdentar á Regensen í Kaupmannahöfn, og sama má segja um stúdenta við prestaskólann. Þó að námsstyrkurinn t. d. við læknaskólann væri ætlaður 200 kr. á ári handa hverjum nemanda og húsaleigustyrkur 80 kr., þá er styrkurinn alls ekki nema 280 kr. En nú er það ekki, því þegar þar eru fleiri stúdentar en 6, þá er styrkurinn ekki nærri eins mikill; og eftir þeim nemendafjölda, sem nú er á læknaskólanum, er hvorttveggja ekki meira en 180—200 kr. að meðaltali. Það er því mikill munur á þessu og því, sem íslenzkir stúdentar fá í Kaupmannahöfn, því þar fá þeir leigulausan bústað með ljósi og hita og 40 kr. um mánuðinn eða 480 kr. á ári, og þegar þessa er gætt, þá er ekki von, að menn vilji sækja að skólunum hér í landi, þar sem námsdvölin verður þeim miklu dýrari en erlendis. Eg vona, að h. þingdm. vilji vera með mér í því, að hlynna að þessum innlendu stofnunum, að þær fái sem beztan viðgang; hér er heldur ekki farið fram á svo mikla upphæð, að eins 600 kr., svo að ekki verður sagt, að landssjóður hafi ekki efni á því.

Þá vil eg minnast á 2 aðrar breyt.till. og er önnur þeirra undir 117. tl. atkvæðaskrárinnar um 5000 kr. styrk handa Birni Kristjánssyni til að koma

á fót tígulsteinsverksmiðju. Eins og sjá má af nefndarálitinu, þá hefir nefndin komið með till. um að úr viðlagasjóði megi veita 5000 kr. lán til að koma á fót tígulsteins- og þakhellugjörð. Fyrir nefndinni lá bænarskrá frá Birni Kristjánssyni um 5000 kr. styrk til þessa fyrirtækis, en nefndin hefir ekki séð ástæðu til að taka þessa bænarskrá til greina, en orðar till. sína svo, að hún vill að lán sé veitt í þessum tilgangi. En þar sem mér er fullkunnugt, að maður þessi hefir ekki komið með bænarskrá þessa í þeim tilgangi að fá lán, því hann er bæði svo vel efnum búinn og svo vel kyntur, að hann gæti fengið lán annarsstaðar en í landssjóði með vanalegum kjörum, ef hann þyrfti, þá verð eg að segja, að þetta er að nokkru leyti svarað út í hött hjá fjárlaganefndinni. Eg held, að allir muni játa, að ef tígulsteinsverksmiðja væri komin á fót hér, þá mundi það verða til ómetanlegs hagnaðar fyrir landið, og virðist mér því rétt, að slíkt sé í byrjun styrkt af landssjóði.

Umsækjandinn hefir tekið fram, að ofn til tígulsteinsgjörðar með gufuvél, þerrihúsi og tilfæringum til að flytja leirinn og steininn fram og aftur mundi kosta 12000 krón., og þar sem það er ekki fullur helmingur kostnaðarins, sem hér er farið fram á, og þegar þess er gætt, að hann býðst til að kenna mönnum ókeypis um næstu 5 ár, eftir að fyrirtækið er komið á fót, bæði tígulsteins og þakhellugerð, þá þykir mér ekki farið hart í sakirnar. Eg álít það aftur á móti lítilsvirði, þótt veitt væri 5000 kr. lán úr viðlagasjóði til að koma þessu fyrirtæki á stofn, sérstaklega þegar það er með vanalegum kjörum, og engin ívilnun gjörð, hvorki með vexti eða afborgun, svo að ekki er betra að fá þetta lán úr landssjóði en í öðrum sjóðum. Það hefði verið sök sér, ef þingið hefði tekið alla upphæðina, 12000 krónur, og boðist til að lána hana með góðum kjörum; en þetta er hvorki heilt né hálft. Að nokkur hætta sé fyrir því, að þetta geti orðið vanbrúkað, getur ekki komið til greina, þar sem skilyrði er sett um það, að styrkurinn skuli ekki borgaður út fyrri en fyrirtækið sé að öllu leyti komið í gang.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Aðrar breyt.till. á eg með h. þm Dal. (Jens P.), en þarf ekki að minnast á þær, því að hann mun tala fyrir þeim.

Þá eru að eins 2 tillögur frá háttv. fjárlaganefnd, er eg vildi minnast á lítið eitt.

Undir 66. tölulið á atkvæðaskránni leggur fjárlaganefndin til, að til latínuskólahússins utan og innan sé varið 3200 kr. fyrra árið, í stað 5422 kr. 65 a., sem stendur í frumv. stjórnarinnar. Ætlast stjórnin til, að sett sé steingólf í bókhlöðu skólans, og steingirðing sé bygð utan um lóð hans, en fjárlaganefndin vill spara fé með því, að hafa þetta hvorttveggja úr timbri. Eg held að nefndin fari hér ekki búmannslega að, því að auðsætt er, að timburgirðing og timburgólf verður með tímanum miklu dýrara en væri hvorttveggja bygt úr steini eða með steinsteypu. — Verð eg að líta svo á þetta, sem nefndin kasti með því burtu krónunni, en sé að reyna að spara eyririnn.

Röksemdir nefndarinnar fyrir þessu virðast mér heldur ekki sem beztar, og hæstv. landsh. hefir sýnt fram á, að ástæður þær, er hún færir fyrir timburgólfinu í stað steinsteypugólfs, eru ekki á rökum bygðar, og eg held líka, að ástæður hennar gegn steingirðingunni, séu ekki betri.

Nefndin tekur fram, að götur þær, er fram með steingirðingunni liggja, muni verða tímunum saman lítt færar af snjó, ef steingirðing er sett, en eg sé ekki, að þetta sé frambærileg ástæða. Þeir, sem þekkja til í kring um latínuskólann, vita að hér er að eins um eina götu að ræða, er slíkt megi segja um, götuna að norðanverðu, og þó að eins, ef hafður væri sveitasiður, að setja aldrei reku í snjó til þess að moka honum burt. Gatan fyrir austan skólann liggur að túnunum, en lækurinn að vestan, og snjókyngi er ekki að óttast að sunnanverðu, og þá er það að eins gatan að norðanverðu, sem eg áður nefndi, og tel eg ekki eftir bæjarstjórninni að láta moka þessa einu götu, enda mun hún sjálfsagt gjöra það. —

Eg mun því greiða atkvæði á móti þessari breyt.till. nefndarinnar.

Jens Pálsson: Eg skal fara fáum orðum um breyt.till. þær, er eg hefi komið með. Fyrst er sú tillaga að hækka styrkinn til barnaskóla um 500 kr. hvort árið. Tillagan gengur ekki út á, að breyta neinu öðru frá fjárlagafrumv. en tölunum, og meining mín er, að skilyrðin fyrir aðganginum að styrknum standi óbreytt.

Aftur á móti kemur tillaga frá mentamálanefndinni um, að styrkurinn sé hækkaður jafnmikið og eg fer fram á, en að fyrirsögninni sé breytt, þannig, að styrkurinn geti náð til allra barnaskóla. Þessari tillögu verð eg að vera algjörlega mótfallinn, enda hefi eg skilið svo menn úr nefnd þessari, að tilgangurinn hafi að eins verið að fá styrkinn hækkaðan, en hitt hafi orðið af misritun eða vangá, að tillagan er svo orðuð, að styrkurinn geti náð til barnaskóla í kaupstöðum.

Þá liggur enn fyrir tillaga frá háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um hækkun styrksins, og að styrkurinn nái einnig til barnaskóla í kaupstöðum og hefir hann fært sem ástæðu fyrir þessari breyting, frá því sem nú er, það, að hann verði að álíta það misrétti, að kaupstaðarskólarnir fái ekki líka landssjóðsstyrk. Á þessa skoðun get eg ekki fallist. — Eg álít það á góðum rökum bygt, að styrkurinn sé bundinn við barnaskóla utan kaupstaða. Þingið hefir hingað til litið svo á, að styrk til barnaskóla ætti að veita þeim bygðum einum, sem búast mætti við, að ætti svo örðugt, sökum strjálbygðar og fátæktar, að halda uppi barnaskólum, að þeim væri það ókleift án styrks, og því yrði hið opinbera að hlaupa undir bagga á þeim stöðum, þar sem skólar væri nauðsynlegir. Alt öðru vísi standa bæjarfélögin að vígi. Þar er svo þéttbýlt og fólksfjöldi svo mikill, að skólarnir hljóta að fá mikla aðsókn, séu þeir í lagi; bæjarfélög þurfa því ekki styrk til skólahalds, og það því síður, sem þeir, er börnin eiga í skólunum, borga bæjarsjóði töluvert fé í kenslukaup. Auk þess eru bæjarfélögin svo miklu betur efnum búin en fátæk sjóþorp og sjávarpláss, að þau geta vel staðið straum af barnaskólum sínum sjálf. Barnaskóla-styrkurinn er í eðli sínu hjálparfé til að standast kostnað við skólahald í þeim bygðum, er eiga við mikla erfiðleika að berjast, sökum fámennis og fátæktar, en þar sem þetta er ekki fyrir hendi, fellur þörfin á styrk burt, og því sé eg ekki að neinu misrétti sé beitt við bæjarfélögin, þótt þau verði að standa ein straum af barnaskólum sínum. Á Akureyri og sérstaklega Ísafirði eru útsvör miklu lægri eftir efnum og ástæðum en í nokkru sjóþorpi, og standa bæir þessir því miklu betur að vígi.

Ástæða mín fyrir því, að hækka styrkinn til barnaskólanna um 500 kr. á ári, er bygð á því, að skólarnir eru bláfátækar stofnanir, hart nær snauðir

að öllum áhöldum og margir í töluverðum skuldum, en eru sumstaðar nauðsynlegir og vinna ótvírætt gagn, svo brýn nauðsyn er til að styrkja þá, svo þeir geti því betur unnið hlutverk sitt.

Ástæðan fyrir því, að eg hefi lagt til að styrkurinn væri hækkaður til sveitakennara, er sú, að þeim hefir fjölgað, og kröfurnar gjörast æ meiri og meiri til þeirra, en eftir því sem þeim er launað betur, má búast við, að á betri mönnum verði völ, til að hafa það starf á hendi, og þar sem fjárhækkun þessi er bæði bófleg og á gildum rökum bygð, vona eg að tillaga mín verði tekin til greina.

Þá er hér breyt.till. um að hækka styrkinn til kennarafræðslu um 200 kr. hvort árið. Eg get farið stutt yfir þetta, því þetta mál var rætt all-ítarlega í deildinni, þegar kennaraskólafrumv. var á ferðinni. Eg held að flestir verði að viðurkenna það, að kennarafræðsla sé nauðsynleg, og að því meiri og betri fræðslu sem þeir fá, því hæfari verði þeir til að gegna starfa sínum. — Ögmundur Sigurðsson hefir ekki getað fengið meiri laun en 1000 krón. á ári fyrir starfa sinn við skólann, því skólinn þarf að verja fé sínu til svo margs annars. Þessi laun eru svo knöpp, að það er ekki hægt að ætlast til, að hann berist af með þau, þar sem hann þarf að halda hús. Þess vegna er farið fram á að hækka styrkinn um 200 krónur, þannig, að hann hafi 1200 kr. á ári, því fyr mega launakjör hans ekki kallast viðunanleg. — Eg vona, að deildin fallist á þetta, því eg man ekki til þess, að neinum manni, sem hefir átt að gegna opinberri stöðu, og það jafn-langan tíma, hafi verið ætluð jafn-lítil laun. — Eg skal játa það, að fyrst þegar hann tók við þessum starfa, var honum boðið enn þá minna, en þá var heldur ekki vinnutíminn $7^1/_2$ mánuður af árinu eins og nú.

Þá er undir tölulið 97 farið fram á, að stórstúkunni sé veittur ríflegri styrkur en hingað til. Það hefir verið minst á starf félagsins, og eg hefi engu þar við að bæta. Eg vona, að engum blandist hugur um, að hér sé um siðferðislegt framfaramál að ræða, og að dugnaður þessa félags sé frábær, svo eg held að mér sé óhætt að segja, að enginn annar félagsskapur hér hafi afrekað meir. Á síðasta fjárhagstímabili hefir það meir en tvöfaldast, og sett á stofn 34 nýjar stúkur. Það telur nú 3000 meðlimi í stað 1400 áður. Úr því nú félagið sýnir þennan dugnað í því, að breiða út bindindi, meira að segja með því, að að leggja út töluvert fé úr sínum eigin sjóði, þá finst mér rétt að meta það og virða með því, að styrkja þennan dugnað, sem hefir mikla þjóðlega þýðingu.

Breyt.till. á þingskjali 117, um styrk til Björns Kristjánssonar, sem mitt nafn stendur við, hefir þegar verið rædd. — Hér er gert ráð fyrir því að þessi upphæð sé veitt sem styrkur, en ekki sem lán. Eins og meðflutningsmaður minn, h. þm. G.-K. (Þ. Th.) hefir drepið á, hefir þessi maður um nokkuð langan tíma verið að hugsa um að fá framleitt innlent byggingarefni, sem taki fram því, sem við nú höfum. Hann hefir í því skyni safnað saman og sent utan deigulmó og ýmsar leirtegundir, sem hann hefir látið rannsaka efnafræðislega og hafa reynst vel. Nýlega hefir hann utanlands látið smíða mót og brent í því sýnishorn af þakhellu úr íslenzkum leir. Þetta alt hefir hann gert á eigin kostnað, og finst mér þessi viðleitni hans mjög virðingarverð. Setjum svo, að menn færi það fram sem andmæli gegn þessu, að það sé ekki heppi-

legt að nota tígulstein í utanhússveggi; hann er þá notaður í reykháfa, ofnplötur og skilrúmsveggi, og það er ekki svo lítið, sem fer til þess. Við vitum allir, að það er flutt töluvert mikið af tígulsteini til landsins, en flutningurinn er dýr, svo það væri ekki lítið unnið við, að fá innlendan tígulstein. Það er sannfæring hans, að það mætti fá innlenda tígulsteina miklu ódýrari, og hann er líka viss um, að hér sé svo mikið af hentugum og góðum leir, að það megi í sveitunum brenna svo mikið að nægi. Þessi tígulsteinsbrensla, sem hann hefir hug á að koma á fót, er ekki beinlínis ætluð til að græða á, heldur á hún miklu fremur að vera til að kenna mönnum að afla sér sjálfir tígulsteina heima í sveitunum. Þetta hefir því mikla praktiska þýðingu. — Það er tvísýnt hvort hann hefir gagn af því, að þetta fé sé veitt sem lán, og eins og hæstv. landsh. tók fram, er það ekki líklegt, að landssjóður hafi handbært fé til allra þeirra lána, sem nú er verið að biðja um.

Eg ætla að eins að minnast örfáum orðum á breyt.till. á þingskjali 116 um styrk til Ögmundar Sigurðssonar til að fara á kennarafund. Eg álít rétt að taka þetta upp, og vil minna deildina á, að það er þýðingarmikið fyrir þá menn, sem eiga að kenna, að þeir geti kynt sér allar nýjungar í sinni grein, og það er sérstaklega þýðingarmikið einmitt fyrir þennan mann, sem kenna á kenslu-aðferðir. Eg vil bæta því við af persónulegri viðkynningu við þennan mann, að eg er viss um, að hann mundi færa sér slíkan styrk vel í nyt, og að það mundi verða ávaxtasamt fyrir alþýðumentun vora að veita honum hann.

Þá vildi eg minnast á eina breyt.till. enn, og það er breyt.till. hæstv. landsh. um styrk til Haraldar Níelssonar. — H. framsögum. nefndarinnar fór auðvitað virðulegum orðum um þetta starf, sem hér er í undirbúningi, og sem Haraldur þegar hefir leyst af hendi nokkurn hluta af. Þetta, sem hér er lagt út í, er visindalegt þrekvirki, og ætti að geta orðið þjóð vorri til sóma. Háttv. framsögum. efast um, að verkið hafi svo mikla þýðingu fyrir þjóðina, en eg er annarar skoðunar í því efni. Það er nauðsynlegt verk að koma biblíunni á rétt, gott og lipurt mál, og þar sem þjóð vor er kristin þjóð, þá tel eg ekki vafasamt, að henni muni þykja mikilsvert að eiga biflíuna í fagurri og réttri þýðingu. Eg tel víst, að því fé, sem er varið til þess, sé vel varið, og að þjóðinni sé kært að veita það.

Eg ætla svo að síðustu að eins lauslega að minnast á breyt.till. undir 71 á atkvæðaskránni, sem fer fram á, að lækka fé til eldiviðar og ljóss við stýrimannaskólann. Það er meining mín og meðflutningsmanns míns, að koma með aðra breyt.till. í sömu átt, sem ekki fer fram á eins mikla lækkun, svo við óskum, að þessi breyt.till. sé skoðuð tekin aftur.

Hæstv. landsh. hefir skýrt frá, að það mundi ekki verða komizt af með þessa upphæð, og ætla eg mér því, að stinga upp á 400 kr.

Valtýr Guðmundsson: Eg á að eins eina breyt.till. í þessum kafla, atkv.skr. 93, og vil eg minnast nokkuð á hana. H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) lét í ljósi, að nefndin hefði fallist á hana, og þarf eg því ekki að fjölyrða um hana, en álít þó heppilegra að tilfæra nokkrar ástæður fyrir tillögunni. Guðjón þessi Guðmundsson, er farið er fram á að veita styrk til landbúnaðarnáms, er efnilegur maður, sem hefir sýnt frábæran dugnað í því að komast áfram. Hann er fátækur bóndason úr Strandasýslu. Gekk hann fyrst á búnaðarskól-

ann í Olafsdal, en síðar á Möðruvallaskólann, og vann hann að jarðabótum fyrir norðan. Síðan fór hann til Noregs og ætlaði að komast á hinn nýstofnaða búnaðarskóla í Ás, en það tókst ekki, af því að öll pláss voru þar upptekin. Fór hann þá til Kristjaníu og gekk á Krist. Winters Landbrugskursus. Sumarið eftir var hann á búi einu úti á landi, er stendur í sambandi við skólann. Skrifaði hann mér þá til Khafnar, og spurðist fyrir, hvort nokkur von væri til, að unt væri að útvega sér nokkurn styrk, svo hann gæti stundað námið áfram, annaðhvort við búnaðarskólann í Ás eða Landbohöjskolen í Khöfn. Eg skrifaði honum að landbúnaðarfélagið danska réði yfir fé, sem ætlað væri til að styrkja Íslendinga til landbúnaðarnáms. Leiddi þetta til þess, að hann kom til Landbohöjskolen í Khöfn með aðstoð tveggja Norðmanna, er virtu dugnað hans, keyptu honum lífsábyrgð og lánuðu nokkuð fé. En um styrkinn frá Landbúnaðarfélaginu fór svo, að hann var, þegar til kom, lofaður til margra ára til skógræktunartilrauna á Íslandi. Nellemann, fyrverandi Íslands ráðgjafi, veitti honum 20 kr. á mánuði af hinu Classenska Fideikommis og mun hann fá að halda því sakir dugnaðar hans, en það nægir ekki, því nú eru peningar þeir, er Norðmennirnir lánuðu honum, gengnir til þurðar. Í sumar hefir hann tekið fyrrihlutapróf við Landbúnaðarháskólann, eru við það próf gefnar 8 einkunnir, 6 í munnlegum fræðum, og 2 í verklegum; hefir hann í þessum 6 greinum fengið 4 laud og 2 præ. Hinum verklegu greinum var ekki lokið, síðast þegar eg vissi. Þar sem nú maðurinn er svo efnilegur, og þar sem við hins vegar höfum 4 búnaðarskóla, en engan fullmentaðan mann í þeim fræðum, virðist mér sjálfsagt að styrkja hann. Mér hefir gramist að sjá menn fá styrk til að nema dýralækningar við landbúnaðarháskólann, og gera svo ekkert annað en eyða fé; væri það hart að láta þennan mann, sem er svo duglegur, þótt hann sé kanske enginn framúrskarandi gáfumaður, fara á mis við styrkinn, svo hann verði að hætta, og einkum væri það minkunn fyrir okkur að veita honum enga viðurkenningu, þar sem Norðmenn hafa orðið til þess. Þar sem eg hefi ekki farið fram á alla þá upphæð, er hann sótti um, gjörði eg það til samkomulags. Eg er viss um að hann verður að liði, og hann er staðráðinn í að koma heim, þegar hann hefir lokið námi.

Þá vil eg leyfa mér að minnast á einstaka liði, og þá fyrst á breyt.till. 68 á atkv.skránni, um að fjárveitingin sé bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður til inntökuprófsi lærðaskólanum.

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að ekki væri rétt að setja neitt það á fjárlögin, er hefði í för með sér breyting á gildandi lögum, þá skal þess getið, að hér er ekki farið fram á að breyta neinum lögum, heldur hitt, að gildandi lögum sé hlýtt Þetta ákvæði á að vera til að neyða umboðsstjórnina til að fylgja lögum, sem allir þekkja, sem einhvern tíma hafa litið í reglugjörðina fyrir lærða skólann. Og þegar ekki annað dugir, verður þingið að taka í taumana. Hæstv. landsh. sagði, að latneski stíllinn væri til þess að reyna piltana í latn. málfræði, en stíllinn er skoðaður sem sérstök námsgrein og sérstök einkunn gefin í honum. En að ekki sé unt að reyna menn í málfræði með öðru en stíl, sýnist mér ganga bulli næst. Svíar hafa engan latneskan stíl í sínum skólum og þykja þeir ekki verr að sér í latínu en aðrar þjóðir.

Þá hefir fjárlaganefndin á atkv.skr.

69, fartð fram á 500 kr. uppbót til Bjarna tímakennara Jónssonar. Eg verð að líta líkt á þetta og sumt fleira hjá hinni h. fjárlaganefnd; hún fylgir ekki altaf föstum reglum. Hér hefir hún tekið einn mann út úr tímakennarahópnum. Það er sannast sagt, að það er minkunn að því, hvernig tímakensla er launuð, bæði við þennan skóla og aðra hér á landi. Öll frí eru dregin frá. Ef piltar verða veikir, fær tímakennarinn ekkert fyrir tímann, þótt hann mæti eins og endrarnær. Jólafríið alt dregið frá, og að eins borgaðir 90 aurar fyrir hvern tíma. Á hverju eiga svo tímakennarar að lifa? Þetta er hreinasta ómynd. Hið réttasta væri að innleiða líka reglu og höfð er við skóla í Danmörku. Þar er því svo háttað, að hver tímakennari, sem hefir t. d. 6 tíma á viku, fær 24 kr. á mánuði árið um kring, hvort sem fríin eru fleiri eða færri, með því ávalt eru reiknaðar 4 vikur í hverjum almanaksmánuði. Hér gæti verið álitamál, hvort launa ætti tímakennara í sumarfríinu, en öll önnur frí ættu að vera launuð. Eg vil skjóta því til hinnar h. nefndar að láta eitt yfir alla tímakennara ganga. Mundi eg sjálfur hafa komið með tillögu í þessa átt, ef eg hefði í höndum skilyrði til þess. Að taka þannig einn út úr hópnum er principbrot.

Af sama tagi er till. 121 á atkv.skrá. Hér er farið fram á að veita einum vísindamanni tvöföld eftirlaun. Því skal eg sízt neita, að þessi maður á mjög gott skilið, og er ekkert á móti því að fé sé veitt, en principbrot er það eigi að síður. Þingið berst fyrir því að lækka öll eftirlaun og fyrirbyggja að ungir menn fái þau; það finnur að því, þegar stjórnin gjörir slíkt, en hér tvöfaldar fjárlaganefndin sjálf eftirlaun. Sjálfur er eg á móti afnámi eftirlauna, en eg vil að eins benda á, að þetta er á móti reglunni. Frá þingsins sjónarmiði ætti það að vera rétt að veita þessum manni 2000 kr. laun, en ekki eftirlaun. Sé það veitt sem eftirlaun, mun hann ekki kæra sig um að sækja um embætti í Danmörk, sem eg gat þó ímyndað mér að hann ætti kost á. Eg legg á móti till. 77 á atkv.skránni um styrk til frú Guðl. Wíum. Mér sýnist engin ástæða til að hafa svo marga kvennaskóla. En þetta er auðsjáanlega að eins byrjun, meiri fjárbænir til þessa skóla mundu koma á eftir. Eg er samdóma h. þm. Eyf., að kvennaskólarnir ættu að vera fáir, en góðir, helzt að eins 2.

Viðvíkjandi 78 á atkv.skránni skal eg geta þess, að eg er algjört mótfallinn því að orðin: »annarsstaðar en í kaupstöðum« falli burt. — Að því er snertir till. á atkv.skránni 82, vil eg geta þess, að eg er mótfallinn öllum námsstyrk, en úr því þingið veitir öðrum eins mikinn námstyrk og það gjörir, má alveg eins veita þessum kennaraefnum hann. Verð eg því að vera með styrknum eftir reglunni: »jo galere, jo bedre«. En með þessum miklu námsstyrkveitingum ginna menn marga inn á mentaveginn, og fá svo loks stúdentalið, sem menn hafa ekkert við að gjöra og er þá vel að verið. — Eg er nefndinni þakklátur fyrir styrkinn til Stefáns Eiríkssonar. Hann er, að allra kunnugra dómi, einkar efnilegur maður og á, hvenær sem hann vill, opna vissa stöðu erlendis, en hefir þó kosið heldur að starfa hér heima til gagns fyrir landið.

Það er fátt, sem okkur vanhagar meira um í mentun en kunna teikningu, hefi eg oft fundið til þess; en öll kensla í þeirri grein hér á landi hefir verið lítils eða einkis virði og er það víst enn. Tréskurðurinn getur og haft mikla þjóðlega þýðingu.

Þá er breyt.till. 100 á atkv.skrá, um

að fella burt styrkinn til H. J., og verð eg frekast að fallast á þá till. Eg sé ekki, að við höfum efni á að veita fé til starfa, sem að eins hafa vísindalega þýðingu, en að þetta geti orðið að öðru gagni, fæ eg ekki séð. Ef hér hefði verið að ræða um rannsóknir á fóðurjurtum, hefði eg verið því meðmæltur að veita jafnvel bæði St. St. og H. J. styrkinn. Mér þykir h. fjárlaganefnd heldur »flot« í tillögu sinni um styrkinn til Sig. Péturssonar. Eg skil ekki, hvaða árangurs er af því að vænta, að veita manni, sem ef til vill kemur aldrei til Íslands, þennan styrk. Það hefði þó heldur verið meining í að veita verkfræðing landsins þann styrk. Auk þess getur verið að maðurinn sé nú dáinn, því hann lá hættulega sjúkur á spítala í Khöfn, seinast þegar eg vissi, og frá Austurlandi hefir borist sú fregn, að hann væri látinn; en að því sleptu er styrkurinn meiningarlaus, þetta er aðallega skemtiferð, og meiri líkur til að hlutaðeigandi setjist að erlendis; hann er efnilegur maður, og þar bjóðast honum góðir kostir, en engir hér. Till. er því ófær.

Styrkinum til »Leikfélags Rvíkur« er eg hlyntur; leikarament er einn aðalþáttur í menningu allra mentaþjóða og altítt að styrkja hana af alþjóðarfé. Þannig leggja Danir konungl. leikhúsinu um 150 þús. kr á ári af ríkisfé, til að halda uppi góðri leiklist, og hafa þeir þó nóg önnur leikhús. Á sama hátt ætti að styrkja leikment í Reykjavík, og bærinn sjálfur að leggja nokkuð til, því Reykjavík á að vera hjarta landsins. Þaðan eiga menningarstraumarnir að ganga út um landið. En ekkert meðal er betra til að vekja hinn ómentaða lýð en sjónleikar.

Breyt.till. landsh. um að veita manni styrk til að fullkomna sig í orgelspili og »Musiktheori« er eg í sjálfu sér ekki á móti, ef ekki stæði svo á, að maðurinn er óreglusamur. Þótt hann sé efnilegur, verður að taka tillit til þess. Mér finst ekki rétt að veita óreglumönnum styrk. Eg er enginn bindindispostuli, en mér finst, að ef þeir vilja komast áfram, verði þeir að sjá að sér.

Till. 117 er till. um að veita Birni Kristjánssyni styrk til að koma á fót ölgerðarsteinsverksmiðju. Eg verð að álíta þetta þarft. Fjárlaganefndin hefir stungið upp á að veita þenna styrk að eins sem lán, en eg efast um að það sé nóg. Ef þetta á að vera tilraunastöð, má ekki búast við miklum gróða, og þess vegna ekki við að búast, að menn vilji leggja fé sitt í fyrirtækið, en þó ágóði yrði af því, álít eg rétt að styrkja það, því það hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir landið.

Einar Jónsson: Það var að eins ein lítil breyt.till., sem eg vildi minnast á. Tillagan er frá mér og 2 öðrum þm., og fer fram á að veita manni dálitinn styrk, sem hefir sýnt framúrskarandi dugnað í einni sérstakri grein í þarfir landsins, nefnil. Jóhanni Halldórssyni »skyttu«. H. frsm. fjárlaganefndarinnar mælti á móti því, en mér finst talsvert mæla með því. Vér veitum ungum mönnum styrk til að mentast, án þess að vér vitum, hvernig þeir muni reynast, en þetta, sem hér er um að ræða, er viðurkenning fyrir unnið verk. Það er vitanlega ekkert þrekvirki til þjóðþrifa, en hann hefir lagt óvanalega mikinn skerf til að útrýma einni skaðlegri meinsemd fyrir landbúnaðinn, nfl. refunum, og sýnt í því framúrskarandi dugnað. Hann hefir skotið og eytt öðruvísi alt að 1000 refum. Við þetta starf hefir hann mist sjónina af illum aðbúnaði, og er nú félaus og rétt á sveit. Þegar einhver maður hefir gert svo mikið gagn — þó að eigi sé það í svo kölluðum stórmálum, finst mér rétt að

sýna að landið viðurkenni það. Spurningin getur að eins verið, hver eigi að gera það. Framsm. benti á sýslufélögin, en í þessu tilfelli eru þau svo mörg — það eru að minsta kosti fimm sýslur, sem hafa notið góðs af starfi hans. Og er eigi víst, hversu greitt honum yrði að ná í styrk hjá þeim öllum. En þetta svo mikill hluti lands, að landssjóður mætti gjarnan veita viðurkenninguna. Eg hefði gjarnan viljað minnast á fleiri liði, en af því mönnum hefir komið saman um að slíta umræðunum sem fyrst, verð eg að sleppa því og skal eg vera stuttorður, enda þýða langar umræður í máli þessu ekki mikið.

Það hefir verið mælt á móti styrknum til frú Guðlaugar Wium, en eg er þessum mönnum ekki samþykkur, en verð að mæla sem bezt með tillögunni. Styrkurinn er lítill og auðvitað ekki hægt að halda reglulegan skóla með honum, en styrkurinn gæti samt orðið að góðum notum, því hann yrði eflaust samvizkusamlega notaður og hún gæti kent mörgum stúlkum, sem ekki hafa ráð á að fara í annan fjórðung til að mentast. Eg get ekki verið á því að rétt sé að útiloka Austfirði frá því að koma upp kvennaskóla. Eg vildi helzt fá 1 skóla í hverjum fjórðungi, því á þann hátt geta flestar stúlkur notið tilsagnar á þeim. Þeim er miklu hægra að komast út af borgun fyrir skólaveru sína í sínum eigin landsfjórðungi, en í öðrum fjórðungum. Menn þurfa að borga það í peningum í öðrum fjórðungi, en geta komist öðruvísi út af því í sínum eigin fjórðungi. Allir hljóta að sjá, hver hagur það er, þegar önnur eins peningaekla er eins og nú. Till. um að veita styrk úr landssjóði til rannsókna á byggingarefni er eg meðmæltur. Mér þótti ilt að heyra það, sem þm. Vestm. (V. G.) sagði um Sigurð Pétursson, því Guðm. læknir Hannesson, sem þekkir hann vel, sagði að hann treysti honum allra manna bezt til að vinna að þessu starfi, og að Sigurði væri áhugamál að komast að því.

Tryggvi Gunnarsson: Það voru aðeins nokkrar upplýsingar, sem eg vildi gefa um fáeina liði, sem eg er kunnugri en flestir af háttv. þingmönnum hér. Er þá fyrst viðvíkjandi því, sem lh. sagði um að setja steingólf í bókhlöðu latínuskólans.

Fjárlaganefndin hefir lagt það til að sett væri trégólf í bókhlöðuna en ekki sementsgólf, af því hún áleit steingólf óhentugra fyrsta árið vegna raka, sem kemur í húsið, en kostnaður mikill að flytja bækurnar burtu til lengri tíma. Þeir, sem ekki vilja trúa þessu, geta farið niður í Bankahúsið nýja. Nú eru 3 mánuðir liðnir síðan steingólfið var lagt þar, og enn þá er það svo blautt að ekki væri tiltök að geyma þar nokkra bók hálft ár hér eftir, því vætan úr gólfinu sýgst 15 þuml. upp frá gólfinu upp í veggina, sem þeir drekka í sig. Ef menn vilja vinna til að flytja bækurnar, þá er steingólf betra til frambúðar. Sama máli er að gegna með steingirðinguna kringum lóð skólans; hún væri haldbezt, en að henni mundi safnast svo mikill snjór á veturna, að illfært væri að moka tvær götur, sem að henni lægju, nema með ærnum kostnaði. Það er því mjög tvísýnt, hvort bæjarstjórnin leyfir að slík steingirðing sé bygð, þótt peningarnir væru veittir til þess. Svo get eg ennfremur gefið þá upplýsingu, að brtill. á þgskj. 242 við 18. gr., um fjárlán til þilskipakaupa að orðin »frá útlöndum« falli burt, væri bæði mjög óheppileg, ef hún væri samþykkt, og þar að auki í öfuga stefnu við aðaltilganginn, þegar féð í sama tilgangi var veitt á síðasta þingi. Það var þá

veitt til þess að skipum fjölgaði í landinu, en ekki til þess að þau gengi greiðar kaupum og sölum manna í milli innanlands. Þar að auki gæti það, eins og bent hefir verið á, orðið til þess, að menn létust kaupa skip hver af öðrum, til þess að að ná sér í ódýr lán. Þannig eyddist féð úr landssjóði en skipum fjölgaði ekkert, sem þó er aðaltilgangurinn með fjárveitingunni. Þetta voru þær upplýsingar, sem eg vildi gefa.

Svo ætla eg að minnast á till. um að veita 5000 kr. til að rannsaka byggingarefni. Mér finst þetta ópraktiskt og skil ekki hvernig menn hugsa sér það. Eg þekki ekki önnur byggingarefni en torf, tré, stein og múrstein. Þetta eru þau almennu byggingarefni og svo möl og sement blandað saman, sem nýlega er farið að nota í veggjasteypu; eg býst ekki við, að hér sé verið að tala um gler og pappveggi, þó það sé í einstaka húsi erlendis. Þá er leirinn eftir og hann má rannsaka í útlöndum fyrir nokkrar krónur, svo mér sýnist óþarfi að veita 5000 kr. til slíks. Eg greiði þess vegna atkvæði á móti þessari till. Mér finst nærri raunalegt að sjá allar þær fjárbænir og bænaskrár sem til þingsins koma. Það lítur út fyrir að enginn hafi sjálfstraust, það er: treysti sínum eigin mætti, hvert viðvik á að launast og styrkja af landssjóði. Þessi hugsun kemur glögt í ljós í tillögu 117 á atkv.skránni, þar er farið fram á að veita ríkum manni, B. Kristjánssyni, 5000 kr. gjöf til múrsteinsbrenslu. Mér finst alveg rangt að veita þetta fé sem gjöf, eg álít réttara það sem fjárlaganefndin leggur til, að féð sé veitt sem lán, og að það sé ekki bundið við einn mann, heldur hver sem efnilegastur er til að framkvæma verkið, geti fengið lánið. Það hefir verið sagt, að ekki væri nóg að veita þetta sem lán, það yrði að vera styrkur eða gjöf, eg get ekki séð að svo sé. Ef maðurinn er hyggjnn, leggur hann ekki út í fyrirtækið, nema hann viti hvað það kostar og álíti að það geti svarað kostnaði. En geti fyrirtækið ómögulega borgað sig án styrks, þá er ekki til neins að veita 5000 kr. til þess. Þeim er þá kastað í sjóinn.

Þm. Vestm. (V. G.) talaði um, að það væri principleysi hjá þinginu að veita Þorv. Thoroddsen eftirlaun. Það finst mér ekki. Eg hefi altaf skoðað afnám eftirlauna þannig, að menn væru almennt mótfallnir lögákveðnum eftirlaunum, sem allir embættismenn ættu heimting á að fá, hversu lélega sem þeir hafa staðið í stöðu sinni, en þar í móti hefi eg oft heyrt flesta vera mjög fúsa til að veita eftirlaun afbragðs mönnum og yfir höfuð þeim sem almenningur játar að eigi það skilið fyrir mikið eða gott starf. Þingið hefir og sýnt þetta áður, þeir eru eigi svo fáir, sem nú eru á eftirlaunum, sem þingið sjálft hefir veitt. Mér finst það því alls eigi principleysi af þinginu, að veita Þorv. Thoroddsen eftirlaun.

Björn Sigfússon: Það er kominn lofsverður sparnaðaráhugi meðal h. þm. með að spara umræður og tíma, og vil eg fyrir mitt leyti taka þátt í þeim sparnaðarsamtökum.

Eg skal aðeins víkja fáum orðum að nokkrum brtill., það eru töluliðir 74, 75 og 76 á atkv.skránni, það er nfl. brtill. um að skifta því fé, sem kvennaskólunum á Norðurlandi er veitt, jafnt milli skólans í Eyjafirði og Húnavatnssýslu. Það er ekki farið fram á neina breyting á upphæðinni, heldur aðeins að skifta fénu jafnt á milli þeirra. Þetta er eftir beiðni og ósk bæði stjórnar

kvennaskólans á Ytriey, og sýslunefndar Húnavatnssýslu. Framsögumaður fjárlaganefnarinnar, sem annars hafði ekki á móti þessari tillögu, tók það fram, að til þess að fara að breyta þessu; yrðu að vera einhverjar gildar ástæður. Eg er nú svo heppinn að hæstv. lh. hefir sýnt fram á, að það eru gildar ástæður til að taka brtill. til greina. Eg hefi því litlu við það að bæta, sem hæstv. landsh. sagði þessu til meðmæla. En eg vil leyfa mér að bæta því við, að ef það væri rétt regla að halda áfram að veita þessum tveim kvennaskólum nokkra sameiginlega fjárupphæð, þá væri eins rétt að veita öllum kvennaskólunum sameiginlega fjárupphæð, nfl. Reykjavíkurskólanum líka, og svo getur maður haldið áfram. Eftir hinni sömu reglu væri líka rétt að veita búnaðar og gagnfræðaskólunum öllum saman eina fjárupphæð; en það hefir ekki hingað til verið álitið heppilegt fyrir aðra skóla; þeim hefir verið veitt hverjum sín upphæð, og skil eg eigi að það sé rétt með þessa kvennaskóla, að fylgja annari reglu. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, eg vona að h. deild felli ekki þessa brtill. heldur taki til greina þessar óskir. En áður en eg sleppi þessu algjörlega, vildi eg þó drepa á það, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að þetta hefði helzt átt að koma fram áður, af því að áður hefði skólinn í Húnavatnssýslu verið fjölsóttur, en nú aftur á móti væri farið að draga úr aðsókninni þar, og mér skildist að það mundu vera fleiri nemendur á Akureyrarskólanum, og því bæri honum meira. Það er nú raunar ekkert nýtt að þessi ósk komi fram frá skólanum í Húnavatnssýslu, þessu hefir verið hreyft áður en ekki verið sint; en hvað námsmeyjafjöldann snertir á þessum skólum, þá er það auðvitað upp og niður, getur verið meira þetta árið á þessum skóla og hitt árið á hinum.

Að því er snertir námsmeyjatölu á skólum þessum síðastl. ár, þá er mér ekki hægt að bera það saman, því að hér liggur engin skýrsla fyrir frá Akureyrarskóla, þó vanalegt sé að leggja þær fram. Mér vitanlega hefir engin skýrsla komið frá þeim skóla. Aftur á móti sýna skýrslur frá skólanum í Húnavatnssýslu, að það eru rúmar 30 námsmeyjar, sem hafa verið allan tímann. Eg man eftir því, að því var einu sinni kastað fram hér í deildinni af 2. þm. Eyf. (J. J.) þegar svo stóð á, að vanrækt hafði verið að senda þinginu skýrslu, að sá skóli ætti ekki skilið að fá styrk, sem ekki hirti um að senda þinginu skýrslu.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona að þessi litla og meinlausa brtill. nái fram að ganga.

En áður en eg sezt niður, vil eg minnast fám orðum á brtill., sem eg kom fram með ásamt h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.). Það er þessi fjárveiting til Jóhanns Halldórssonar skyttu. Mér finst standa svo sérstaklega á með þennan mann, að eg hneigist að því að það sé rétt af þinginu, að sýna honum viðurkenningu. Eg efast um að dæmi verði fundin til þess nokkursstaðar á landinu, að í þessari grein, nl. refaveiðum, hafi verið jafnmikið afrekað af nokkurum einstökum manni, og bænarskrá þessa blinda gamalmennis er svo skemtilega og barnalega fram sett, að mér finst skína út úr henni, að þar sé ekki sagður nema sannleikurinn, enda er það tekið fram í vottorðum frá mjög merkum mönnum, sem fylgja bænarskránni, að þar sé ekkert ofhermt. Hér er því um að ræða að veita verðlaun fyrir unnið verk, já, mikið þarfaverk, og jafnvel fyrir snild, því eftir því sem vottorðin bera með

sér, þá hefir þessi maður verið viðurkendur fyrir skotmannssnild. Hvað það snertir, sem framsm. sagði, að réttast væri að sýslunefndir, þar sem hann hefir verið, veiti honum verðlaun, þá er á það að líta, að það er erfitt fyrir þennan blinda mann að leita til allra sýslunefnda viðsvegar út um land, þar sem hann hefir verið, sem er fyrir víst í 5 sýslum. Eg held að hann, blindur maður norður á Hornströndum, mætti lengi bíða eftir því.

Hér er ekki um stórfé að ræða, og þingið hefir sannarlega veitt margar upphæðir, sem hafa ekki verið fremur verðskuldaðar heldur en þó gamalmenni þessu yrði sýnd viðurkenning. Eg hygg að það sé ekki þýðingarlaust, að svona menn fái opinbera viðurkenning. Það er uppörfandi fyrir alla, sem afreka eitthvað sem skarar fram úr, að geta gert sér von um að fá einhverja opinbera viðurkenning fyrir starfa sinn, og í gamla daga þótti það rétt regla, þó það þyki nú máske úrelt.

Eg skal leyfa mé að benda á, að það má víða sjá það í lærdómslista-félagsritunum, að verðlaunum hefir verið heitið úr konungssjóði fyrir alt mögulegt hér á landi, og þar á meðal má sjá, að 1789 hafa Þorkeli nokkurum Þorkelssyni úr Eyjafirði, fyrir tilstilli rentukammersins, verið veitt verðlaun fyrir sérstakan dugnað í refaveiðum; honum hefir verið send mjög vönduð og góð byssa. Kansellíið gamla veitti mjög oft slík verðlaun, og það hafði vit á að finna að þetta væri mjög uppörfandi, og því var haldið áfram um langt skeið.

Já, eg lofaði að taka þátt í þessum sparnaðarsamtökum, og skal eg binda enda á þetta loforð mitt, og ekki tala um fleiri brtill.

Eiríkur Gíslason: Eg ætlaði að eins að minnast lítið eitt á umsókn Bjarna Þorkelssonar. Þessi maður hefir sótt um styrk til þingsins bæði 1895, 1897 og nú. Eg þarf ekki að fara að lýsa hæfileikum hans, því það vill svo vel til, að umsókninni fylgja vottorð frá merkum mönnum úr Ólafsvík. Að því sem eg þekki til, þá hefir þessi maður svo góða hæfileika, að eg efast ekki um, að það mundi geta orðið til mikilla framfara, ef hann gæti siglt og lært þar skipasmíðar. Hann er að allra kunnugra dómi sérstaklega duglegur og hefir um 10 síðastliðin ár fengist við báta- og skipasmíði, og hefir mikinn áhuga á að vinna sjávarútveginum gagn með iðn sinni.

Hvað aðra liði snertir skal eg vera fáorður. Það eru að eins 2 eða 3 liðir sem eg vildi minnast á. Undir 127 á atkv.skrá er viðaukatill. frá þingm. Rangv. (Þ. G.) og Árn. (Þorl. G.) þar sem farið er fram á að sýslufélög fái lán til að koma upp slátrunarhúsum. Mér er ekki vel ljóst hvernig h. þm. hafa hugsað sér þetta. Meining þeirra mun vera sú, að hlynna að þeim afurðum, sem skepnan gefur af sér við slátrunina, en eg ímynda mér að það mundi ekki leiða af þessari fjárveitingu, að kjöt hækkaði í verði. Víðast hvar á landinu, þar sem eg þekki til, er meðferð kaupmanna á kjötinu því til fyrirstöðu, að það komist í hátt verð. Eins og menn vita, er hjá kaupmönnum mismunandi verð á kjötinu, eins og eðlilegt er, eftir gæðum, en svo er öllu blandað saman, verðmiklu og verðminna, og eg ímynda mér, þó svona hús komi upp, þá muni ekki verða breyting á þessu, svo eg held að það komi ekki að þeim notum, sem flutningsmenn hafa hugsað sér.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) mintist á brtill. frá h. þm. Eyf. (Kl. J.) viðvikjandi hús-

stjórnarskólanum og kvaðst ekki mundi gefa þeirri brtill. atkvæði sitt, og bygði það aðallega á 2 ástæðum: í fyrsta lagi þeirri, að stofnunin væri ekki svo nytsöm, að það væri vert að styrkja hana, og í öðru lagi þeirri, að fjárhagur skólans stæði svo vel, að þess þyrfti ekki. Það er kunnugt, að síðastliðinn vetur var lagt mikið útsvar á stofnunina, og þar af leiðandi skyldi maður ætla, að fjárhagur hennar væri í góðu lagi. En þetta er engin fullgild sönnun fyrir efnahag, því það kemur oft af ókunnugleik þeirra, sem jafna niður, og sá ókunnugleiki getur verið svo mikill, að þeir vita með engu móti hvernig hagurinn stendur. Mér finst vert að styrkja þessa stofnun, eins og aðrar stofnanir, sem miða til að auka menningu kvenfólksins, og eg held að það sé engin ástæða til að nema burtu styrk, sem miðar til þess. Af sömu ástæðum mun eg greiða atkvæði með styrk til kvenmentunar á Austurlandi.

Framsögumaður (*Jón Jónsson* þm. Eyf.): Viðvíkjandi ræðu hæstv. lh. í morgun út af styrk til Bjarna Jónssonar kennara, að hann kynni betur við að veitingin yrði sett í eitt, skal eg taka það fram, að nefndin mun taka það til yfirvegunar og að líkindum fallast á það, með sérstöku tilliti til þeirra upplýsinga, sem hæstv. landsh. gaf, og verður þá sú breyting gerð til 3. umræðu.

Það hefir furðu lítið verið talað um eitt merkilegt nýmæli, nl. brtill. um að veita styrk til Matth. Johannessens sem verzlunarmiðils í Bergen. Þessa brtill. hefir h. þm. Rvík. (J. Jenss.) komið fram með og mælt með henni í deildinni. Hann lýsti því yfir, að ef um það væri að ræða að lagfæra íslenzka kjötsölu í Noregi, þá væri verzlunarmiðill hvergi betur settur en í Bergen, og hann bætti því við, að ef hægt væri að losa okkur við kjöttollinn, þá væri það 70,000 kr. hagur fyrir okkur. Eg hefi í dag leitað upplýsinga hjá kaupmönnum hér í Reykjavík viðvíkjandi þessu efni, og hefi meðal annars fengið að vita, að mesta kjötsalan er ekki í Bergen, heldur miklu meiri í Kristjanssand og Kristjaníu, og er orsökin sú, að Bergen hefir svo mikið kjötuppland. En eg vil taka það fram, að sé væntalegur árangur at þessu, þá munu kaupmenn sjálfir taka þetta ráð, ef þeim sýnist það líklegt til hagnaðar. Það hefir verið borið fram sem meðmæli með tillögunni, að það væri nauðsynlegt fyrir Island, að hafa verzlunarerindreka í útlöndum. En það væri kynlegt, að byrja á þessu í landi, sem við höfum einna minst viðskifti við. Það væri annað mál að hafa verzlunarerindreka í Hamborg, London eða allra helzt suður í löndum, en hitt er öfugt að farið, enda finst mér engin meining í að fara að veita einum einstökum manni styrk til að setjast að í Noregi.

Út af ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þar sem hann mælti með því að hækka styrk til Good-templarreglunnar, skal eg taka það fram, að það fer fjarri því, að við álítum þeim styrk sé illa varið, sem gengur til félagsins, en þess ber að gæta, að við höfum í mörg horn að líta, eigi hvað sízt að því er snertir styrk til bindindismála. Eg vil leyfa mér að benda á, að hér hefir komið bænarskrá frá »Bindindisfélagasameiningu Norðlendinga« um styrkveitingu, og sá sem er fyrstur manna þar, séra Magnús í Laufási, hefir máske unnið meira í þarfir bindindisins en nokkur annar maður á landinu. Samt sem áður hefir nefndin ekki séð sér fært að sinna þessari bænarskrá, og þar af leiðir, að hún heldur ekki getur verið með því að hækka styrk til Good-templ-

arreglunnar né veita »Hvítabandinu« styrk.

Eg vil leyfa mér að benda á eitt í ræðu h. þm. Eyf. (Kl. J.), þar sem hann fórðar sig á því, að nefndin skuli ekki minnast á kvennaskólamál yfir höfuð, og sérstaklega á sameiningu kvennaskólanna á Norðurlandi, en það gat ekki komið til orða nú. Sú stefna hefir mætt svo mikilli mótsyrnu, að engin von var til þess að fá því framgengt, og tel eg að því máli sé þar með lokið. En h. þm. leiddi hér af ástæðu til að vera á móti styrk til kvennakenslu á Austurlandi. Eg skal leyfa mér að vekja athygli hans á því, að styrkbeiðnin er bygð á því, að viðkomandi kona vill létta undir með nemendum þeim, sem sækja skólann, og er því að skoða sem námsstyrk.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að hann yrði ekki var við »princip« hjá nefndinni, og talaði um »princip«-brot, og færði til dæmi, en þessi dæmi eru svo löguð, að eg get ekki kannast við, að þau sýni neitt í þá átt. Meðal annars tók hann til styrkinn til Bjarna Jónssonar. Ef h. þm. ætlar það »princip« nefndarinnar að láta menn, sem vinna þarft verk, sitja við sultarlaun, þá skal eg ganga inn á, að þetta sé »princip«-brot. Þess er að gæta, að því er snertir þennan mann, að hann hefir orðið að sitja óvanalega lengi við þessi launakjör. Hvað það snertir að borgun fyrir tímakenslu sé óviðunanleg, þá sýnist mér hún allsæmileg, og tímakenslan hefir reynst eftirsóknarverð fyrir menn, sem að eins þurfa að bíða stuttan tíma eftir embætti.

H. þm. brá sömuleiðis nefndinni um »princip«-leysi að því er snerti dr. Þorvald Thoroddsen, og sagði að það hingað til hefði verið »princip« þingsins að lækka eftirlaun. Eg get ekki gengið inn á, að það »princip« sé upphaflega komið frá fjárlaganefndinni, og eg lít svo á, sem deildin hafi fyrir nokkru kastað því frá sér sem »principi«, er hún samþykti læknalögin um daginn. Eg tel víst að nefndin verði fús á að nefna þetta »heiðurslaun« eins og h. þm. vildi að það væri kallað, því að í því skyni á þessi fjárveiting auðvitað að vera. En um leið ætla eg að minna h. þm. á hans eigin »princip«. Hann lýsir yfir því, að hann sé á móti öllum námsstyrk, og þess vegna er hann með styrk til kennaraefna, en móti styrk til námsmeyja á kvennaskólanum á Seyðisfirði. Hann sagði að sitt »princip« í þessu tilliti væri þetta: »Jo galere, jo bedre«, og það »princip« verður ekki sagt, að hann brjóti í þessu.

H. þm. er mjög mikið á móti styrk til Sigurðar Péturssonar. Það er kanske af því honum þykir styrkurinn of hár, en það er mín skoðun að annaðhvort eigi að veita honum þetta eða ekki neitt. Hann sagði að það væri engin trygging fyrir, að hann kæmi til landsins aftur. Það er satt, en svo er um alla menn sem fá styrk; við getum aldrei vitað, hvort þeir muni lengjast hér. Hann sagði einnig að slík styrkveiting væri meiningarlaus, en dæmi annara landa sýna að hún er ekki meiningarlaus.

Þá voru það 2 h. þm. (E. J. og Bj. S.), sem mæltu mikið með styrk til Jóhanns refaskyttu. Meðal annars lýsti h. þm. Húnv. (Bj. S.) því, hve innileg og ljúf bænarskrá væri, en maðurinn sjálfur er blindur og hefir því líklega ekki samið hana sjálfur, heldur hefir líklega einhver skáldmæltur maður í héraði h. þm. gert það, því hér er auðsjáanlega skáldað inn í. Eg er í sjálfu sér ekki á móti slíkum styrkveitingum, en eg vil hér sem annarsstaðar að menn snúi sér fyrst til sýslunefndanna um styrk. H. þm. sagði að það væri

ervitt að fá styrk úr sýslusjóði. Þarna kemur það! Það er svo létt að ná í landssjóð, þess vegna fara allir beina leið þangað, en slíkt er athugavert og eg vil venja menn af því.

Þá er þessum umræðum væntanlega lokið og er eg þakklátur h. þm. fyrir, hve rólega og friðsamlega þær hafa gengið, án þess að reyna á taugar eða talfæri mitt né annara.

ATKVGR.: 13. gr. A. a og 4 1—7. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 61 á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 62 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

8. liður í frumv. samþ. í e. hlj.

B. I. a og b samþ. í e. hlj.

II. a samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 64 á atkv.skrá feld með 14 : 2 atkv.

Síðari partur b. tekinn aftur.

b 1. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 65 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Liðurinn þar með samþ.

3 - 8 samþ. í e. hlj.

III. a, b, c, 1 og 2 samþ. í e hlj.

Breyt.till. 66 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. 67 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. 68 á atkv.skrá. samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. 69 á atkv.skrá samþ. með 13 samhlj. atkv.

Töluliður 5—12 samþ. í e. hlj.

IV. a. b. 1—5 samþ. með 21 atkv.

V. a. b. 1 samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 70 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 303 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jón Þórarinsson,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sighvatur Árnason,	Sigurður Gunnarss.
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

3. liður óbreyttur samþ. með 16 samhlj. atkv.

Brey.till. 72 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 73 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

VI. a. 1. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 74 á atkv.skrá samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 75 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 76 á atkv.skrá samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 77 á atkv.skrá feld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Halldór Daníelss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Tryggvi Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson.	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. á þgskj. 282 feld með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 240 tekin aftur.

Till. mentamálanefndarinnar á þgskj. 289 tekin aftur af formanni en tekin upp af 1. þm. Eyf.

Br.till. á þskj. 289 orðin til barnaskóla 6000 kr. 6000 kr., feld með 16 : 5 atkv.

Breyt.till. 79 á atkv.skrá feld með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. 80 tekin aftur.

Liður b. 1. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Liður b. 2. og c. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. 81 á atkv.skrá feld með 11 : 7 atkv.

Liður d. samþ. með 20 samhlj atkv.

Breyt.till. 82 á atkv.skrá samþ. með 13 : 2 atkv.

e—i samþ. með 19 samhlj. atkv.

VII a. og b. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 83 á atkv.skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.

C. 1. og 2 liður samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 84 á atkv.skrá feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Klemens Jónsson,
Jón Jensson,	Björn Sigfússon,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Guðl. Guðmundsson,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Halldór Daníelsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Sigurður Gunnarss.,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Þórður Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þorl. Guðmundsson.

3. liður a. samþ. með 15 samhlj. atkv.

3. liður b. tekinn aftur af landsh.

3. liður c. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 86, 87 og 88 á atkv.skrá samþ. í e. hlj.

6 a. og b. samþ. með 16 samhlj atkv.

Breyt.till. 89 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

7. og 8. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.

9. liður samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 90 á atkv.skrá samþ. með 16 samhlj. atkv.

10 liður samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 91 á atkv.skrá samþ. með 14 samhlj. atkv.

11. liður með skilyrði samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 275 samþ. með 13 : 2 atkv.

Breyt.till. 92 á atkv.skrá samþ. með 16 : 1 atkv.

Breyt till. 93 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. 94 á atkv.skrá fyrri hluti feldur með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Halldór Daníelsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	J. J., þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarss.,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
Tryggvi Gnnnarss.,	Þórður Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þorl. Guðmundsson.

13. liður samþ. með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. 94 á atkv.skrá síðari hluti, orðin: »Styrkur . . . . sögu Íslands: 600—600« samþ. með 16 samhlj. atkv. en orðin »og til að halda . . . . úr Íslands sögu« feld úr með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. 95 á atkv.skrá samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Kl. Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundsson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. J. þm. Eyf.,
J. J., þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,

já:	*nei:*
Sighv. Árnason,	Skúli Thoroddsen,
Sigurður Gunnarss.,	Valtýr Guðmundss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Þórður Thoroddsen.
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Breyt.till. 96 á atkv.skrá tekin aftur.

Breyt.till. á þgskj. 301 samþ. með 13 : 1 atkv.

15 liður samþ. með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. 97 á atkv.skrá samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. 98 á atkv.skrá feld með 13 : 4 atkv.

17. liður samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 99 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

18. liður samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 100 á atkv.skrá feld með 11 : 10 atkv.

Breyt.till. 102 á atkv.skrá samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 101 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. 103 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 104 á atkv.skrá samþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. 105 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 106 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 107 á atkv.skrá feld með 12 : 8 atkv.

Breyt.till. 108 á atkv.skrá samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. 109 á atkv.skrá samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Kl. Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. J. þm. A.-Sk.,	Ólafur Briem,

já;	*nei:*
J. J. þm. Eyf.,	Pétur Jónsson,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. á þgskj. 280 feld með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 281 feld með 13 : 4 atkv.

Breyt.till. 110 á atkv.skrá með viðauka á þgskj. 294 samþ. með 14 : 2 atkv.

Breyt.till. 111 á atkv.skrá þá þýðingarlaus.

Breyt.till. 112 á atkv.skrá samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Kl. Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Guðl. Guðmundss.,	J. J. þm. Eyf.
Halldór Daníelsson,	Jón Þórarinsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
J. J. þm. A.-Sk.	Pétur Jónsson,
Sighv. Árnason,	Tryggvi Gunnarss.,
Sigurður Gunnarss.,	Þórður Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 114 á atkv.skrá feld með 14 : 7 atkv.

Breyt.till. 115 á atkv.skrá feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Kl. Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelsson,
J. J. þm. Eyf.	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	J. J. þm. A.-Sk.
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sighv. Árnason,	Skúli Thoroddsen,
Sigurður Gunnarss.,	Tryggvi Gunnarss.,

já:	*nei*:
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. 116 á atkv.skrá feld með 12 : 3 atkv.

Breyt.till. 117 á atkv.skrá feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Halldór Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Jensson,	J. J. þm. A.-Sk.
Sighv. Árnason,	J. J., þm. Eyf.
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Valtýr Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Þórður Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þórður Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Þorl. Guðmundsson.	Tryggvi Gunnarss.

Breyt.till. 118 á atkv.skrá feld með 13 : 5 atkv.

13. gr. frumv. breytt samþ. með 21 samhlj. atkv.

14. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. 121 á atkv.skrá fyrri hluti samþ. án atkv.gr.

Fyrri málsgr. 15. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 121 á atkv.skrá síðari hluti samþ. með 13 : 4 atkv.

Síðari hluti 15. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

16. gr. frv. samþ. í e. hlj.

17. gr. frumv. með sjálfsagðri breytingu samþ. í e. hlj

18. gr. frumv. fyrri hluti samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. 125 á atkv.skrá orðin: »frá útlöndum« feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 125 síðari hluti samþ. með 14 samhlj. atkv.

18. gr. síðari hluti samþ. með 19 : 1 atkv.

Breyt.till. 126 á atkv.skrá 1. hluti samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. 126 á atkv.skrá 2. hluti með tl. 1—7 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 126 á atkv.skrá 3. hluti samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. 126 á atkv.skrá 4. hluti samþ. með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. 126 á atkv.skrá aths. samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 127 á atkv.skrá feld með 15 : 4 atkv.

7. gr. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 290, 291, 311, 317, 318, 321, 322, 323, 226, 327); 8. ágúst.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.). Eins og hina háttv. þingdeildarmenn mun reka minni til, gjörði fjárlagafrumv. stjórnarinnar ráð fyrir 34,500 kr. tekjuhalla. Eftir þeirri tillögu, er fjárlaganefndin gerði, hefði tekjuhallinn aukist og orðið rúmlega 70,000 kr. en í því var fólgin 16,000 kr. tekjulækkun; en eins og fjárlagafrumv. var samþykt við 2. umræðu hér í deildinni, er tekjuhallinn nú ekki minni en 122000 kr.— Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um það, hve álitlegt eða óálitlegt það sé, að ganga svo frá fjárlögunum, en að eins benda á, að það hefir verið stefna fjárlaganefndarinnar, að hafa tekjuhallann svo lítinn, sem unt er, og í þá stefnu ganga og þær tillögur, sem nefndin nú hefir leyft sér að koma fram með. Það mun og sjást, að fjárlaganefndin vill ekki valda ruglingi, með því að koma með alt of margar breytingartillögur, og það er einkennilegt, að flestar þær tillögur, sem nú eru

fyrir, hafa áður legið fyrir þingdeildinni. Og þó það sé gott og blessað að ræða málið frá ýmsum hliðum, verður að gæta þess, að ekki fari svo, að frumv. verði þó óálitlegra í kvöld en það er nú. Taki maður nú yfirlit, kemur það fram, að tillögur þær, er fyrir liggja, fara fram á að lækka útgjöldin um 32,500 krónur, og af þeirri upphæð á nefndin 14000 kr.

Þá eru og tillögur, sem fara fram á að hækka útgjöldin alls um 24,400 kr., og eru þær allar frá þingmönnum, als engin frá nefndinni, sem sýnir, að þeir eru enn við sama heygarðshornið, að hækka útgjöldin.

Þetta mun nú koma af því, að hver hugsar sem svo, að lítið muni um þá fjárupphæð, sem hann stingur upp á, gætandi ekki þess, að »safnast þegar saman kemur«.

Við atkvæðagreiðslu 2. umræðu hækkuðu útgjöldin um rúmlega 70,000 kr.— Reyni maður nú að flokka niður hinum ýmsu útgjöldum, sést það, að stærsta upphæðin, 23,750 kr., gengur til bitlinga í þessa orðs víðtækustu merkingu; reyndar er orðið nokkuð óákveðið, en vel má kalla þessi útgjöld einu nafni bitlinga; næst koma 21,900 krónur til samgöngumála; þá 21,000 kr. til búnaðarfélaga, og verður þá styrkurinn til þeirra als 61,000 kr.

Eg vildi vekja athygli á, að tillögur hafa komið fram bæði um að hækka þennan styrk enn og til að lækka hann líka. Auðvitað ríkir sú stefna nú, að styrkja sem mest landbúnaðinn, en nefndinni þykir ekki rétt að veita hinu ný-stofnaða búnaðarfélagi meira en þetta.

Þá er og að telja hækkunina á útgjöldunum til spítala og læknaskipunar 9,100 kr., til gripasafna og fornleifafélagsins 6,800 kr. og fleira. Í þessu er fólgin sú hækkun á tekjuhallanum, sem eg hefi nefnt.

Þá er að minnast á einstakar tillögur, og er þá fyrst breyt.till. á þingskj. 334. 1. við C. 4. b., um að færa styrkinn til búnaðarfélaga úr 20,000 krón. niður í 18,000 kr., og vill nefndin mæla með því. Að vísu hefir slíkur styrkur oft orðið að góðum notum, og vakið menn til jarðabóta, en jarðabæturnar eru vonandi nú sjálfar búnar að sanna hve nauðsynlegar og arðbærar þær eru, og ætti það að vera nóg hvöt út af fyrir sig fyrir menn til að halda áfram með að vinna þær, og hvöt sú, er fjárstyrkurinn gaf, ætti bráðum að fara að verða óþörf.

Þá eru 2—3 breyt till. um vagnflutninga, og eru þær fram komnar fyrir bendingar póststjórnarinnar; enn fremur hefi eg fengið bréf frá manni þeim, er tilboðið hefir gert, er færir rök fyrir því, að rétt sé að gjöra breytingar þær, sem upp á er stungið, og mælir því nefndin með þessum breyt till.

4. er að eins orðabreyting til leiðréttingar.

5. við 13. gr. B. III. c. 4. um að skilyrðið um latneska stílinn falli burt. Þetta mál hefir verið rætt svo mikið, að mönnum er kunnugt það, sem mælir með og móti tillögunni, en hér skal að eins geta þess, að meiri hluta nefndarinnar þykir óviðkunnanlegt að setja þetta skilyrði — ekki af því, að hún sé ekki samþykk uppástungumönnunum um, að latneskur stíll ætti ekki að vera til inntöku-prófs, heldur vegna hins, að hér er of stórt vopn notað, til að vinna svo lítið verk: afnám stílsins. —

6—7 eru framkomnar fyrir tillögur hæstv. landshöfðingja, og felst nefndin á þær.

8. við 13. gr. C. 13. Liðurinn falli

burtu. Það er ekki svo, að nefndin álíti þessa styrkveitingu ónauðsynlega, en liðurinn er nokkuð út í loftið, og því ekki vert að samþykkja hann að svo stöddu.

9. við 13. gr. C. 31. Nefndinni virðist rétt að orða þetta svo, af því að verið gæti, að Reykjavík vildi leggja leikfélaginu nokkuð tillag, þó að það yrði ekki svo hátt, og hlýtur þetta að vera til bóta frá sjónarmiði leikfélagsins. Loks er breyt.till. við 13. gr. C. 9. a., og er það að eins orðabreyting.

Fleiri tillögur á nefndin ekki og má því kalla, að hún hafi farið spaklega að ráði sínu, og vonar hún því, að þessar tillögur mæti velvild háttvirtu þingdeildar.

Breyt.till. við 3. gr. 1. ath. getur meiri hluti nefndarinnar fallist á; reyndar er hún ekki mótfallin því, að slík verðlaun séu veitt, en það er mikið vandaverk, og því rétt að sleppa þessu ákvæði að svo stöddu.

Þá er breyt.till. við 10. gr. A. 2. um hækkun á skrifstofu-launum. Stjórnin hafði stungið upp á 600 kr., en nefndin fært það niður í 200 krónur. Nú hefir hæstv. landsh. farið meðalveginn og stungið upp á 400 kr., og felst nefndin á þá tillögu.

Breyt.till. landbúnaðar-nefndarinnar við 10. gr. C. 4. c. um að enn séu veittar 2000 kr. hvort árið til að kenna meðferð á mjólk, getur nefndin ekki fallist á. Fyrirtækið ætti að vera kostað af þessum 8000 kr., sem veittar eru. Skilyrðið er óheppilega orðað, og mætti laga það.

Breyt.till. hæstv. landsh við 11. gr. 7. a. felst nefndin á, sömuleiðis að hækka »ýms útgjöld« upp í 1000 krónur. — Tillagan um að styrkurinn til sjúkrahússbyggingar á Patreksfirði falli burt, getur nefndin ekki fallist á, en líklega verður hann ekki brúkaður, og er því að eins á pappírnum.

Um 12. gr. B. þarf eg til allrar hamingju ekki að tala, þar sem deildin hefir synjað um leyfi til að ræða hana.

Nefndin er móti breyt.till. við 12. gr. B. 4. Ætti það að verða ofan á, að þingið hlutaðist til um að verja ákveðnum hlutum þess fjár, er verja skal til þjóðvega, til ákveðinna staða, er hætt við að seinni villan yrði verri hinni fyrri. Það er mjög óþægilegt að greiða atkvæði um vissar upphæðir, þar sem stjórnin hefir ekkert búið málið undir, væri því æskilegt, að mæla með því við stjórnina, að hún byggi málið undir fyrir næsta fjárhagstímabil.

Enn fremur er nefndin móti tillögu háttv. þingm. G.-K. (Þ. Th.) um 10,000 kr. til vegagjörðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Að vísu er styrkurinn helmingi minni en farið var fram á síðast, en þó enn mjög hár, bæði frá sjónarmiði sýslunnar og landssjóðs. — Auk þess sömu ástæður gegn þessari veitingu og þeirri, sem eg síðast drap á.

Nefndin mælir með tillögu háttv. þm. Dal. (J. P.) um alt að 1700 króna styrk til brúar á Laxá. Áætlað er, að hún kosti alls um 5000 kr. En auðvitað er það undirskilið, að málið verði nægilega undirbúið, og treystir nefndin landsstjórninni til að sjá um, að styrkurinn verði ekki borgaður út fyr en nægur undirbúningur er gerður.

Breyt.till. frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og fleirum háttv. þm. um að fella burtu 5000 króna styrkinn til að bæta innsiglingu og skipalægi á Stokkseyri getur fjárlaganefndin ekki verið meðmælt. Hún álítur þetta þarft og nauðsynlegt fyrirtæki, og er á þeirri skoðun, að það sé rétt og sanngjarnt, að landssjóður hjálpi til að koma þessu verki áfram.

Hvað snertir breyt.till. á þingskjali 322. frá h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) og fleirum háttv. þingm., sem er við 12. gr. D. í frumv., þá er það að segja, að þeirri breytingu gat meiri hluti fjárlaganefndarinnar ekki verið samþykkur. Það er yfir höfuð mjög erfitt að sjá, til hvers tillagan á að miða. Það skyldi þá helzt vera það, að lækka litið eitt fjárupphæð þá, sem tiltekin er í frumv. En eins og tillagan er orðuð, þá getur það falist í henni, að það sé ekki tilætlunin, að landsstjórnin noti þessa peninga, og þá miðar hún til að eyðileggja málið.

Þegar komið er í 13. gr. C. í frumv, þá liggja fyrir mjög margar breyt.till. Á 19. bls. eru breyt.till. nærri því við hvern lið. En eg get lýst því yfir, að yfir höfuð heldur nefndin sér fast við það, sem hún áður var búin að samþykkja.

Eg skal þá fyrst minnast á breyt.till. frá háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) og fl. háttv. þingm. um að veita skuli Birni Kristjánssyni 2500 kr. styrk til múrsteins- og þakhellugerðar. Þetta er sama fyrirtæki og rætt var um við 2. umræðu, en upphæðin er lækkuð. — Eg get lýst því yfir, að meiri hluti fjárlaganefndarinnar er á móti þessu. Í fyrsta lagi er hún þessu mótmælt af því, að hún hefir litla trú á því, að þetta fyrirtæki verði stofnað, og í annan stað af því, að hún heldur, að það muni ekki borga sig. Tígulsteinn er lítið brúkaður hér á landi. Sömuleiðis eru lítil líkindi til að þakhellurnar myndu útrýma því þaki, sem nú tíðkast og menn hafa felt sig vel við, og mundi því fyrirtækið því að eins geta haft nokkuð verulegt að starfa, að steinninn og hellurnar yrði flutt út. — En þá yrði varla gott útlit fyrir, að verksmiðjan borgaði sig.

Fjárlaganefndin er með því, að fella styrkveitinguna til Boga Melsteds, en aftur á móti er hún því mótmælt, að styrkveitingin til Jóns Jónssonar sagnfræðings sé feld burtu.

Við breyt.till. á þingskjali 323 um að fella burt 19. tölul. í 13. gr. í frv. stendur mitt nafn ásamt nöfnum annara háttv. þingm. Eg vona, að þessi breyt.till. geti komizt að. Fyrst og fremst stefnir hún í sparnaðaráttina, og í annan stað vona eg, að háttv. þm. verði að játa, að rétt sé að fara varlega, því það er ekki gott, ef slíkar fjárveitingar fara að verða algengar, enda hafa þær hingað til verið að nokkru leyti bygðar á þörf hlutaðeigenda, en hér mun ekki vera sú ástæða fyrir hendi.

Breyt.till. h. þingm. S.-Þing. (P. J.) á þingskjali 343, um að lækka styrkinn til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi um 200 kr., færa hann úr 1000 kr. niður í 800 krónur, er nefndin samþykk. Aftur á móti er hún á móti því, að veita öðru bindindisfélagi 200 kr. styrk.

Þá koma 2 nýjar tillögur frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á þingskjali 335, sem fara fram á það, að veita styrk til bókaútgáfu. Önnur fer fram á það, að Jóni Jenssyni yfirdómara og Jóni Magnússyni landritara sé veittur 400 króna styrkur til að gefa út lagasafn fyrir alþýðu, og hin fer fram á það, að Páli Briem amtmanni sé veittur 200 króna styrkur hvort árið til þess að gefa út tímaritið Lögfræðing. Meiri hluti nefndarinnar er mótfallinn báðum þessum styrkveitingum.

Breyt.till. h. 1. þm. Isf. (Sk. Th.), viðvíkjandi 25. lið frumv, getur nefndin ekki aðhylst, og heldur ekki breyt.till. hæstv. landsh. um að fella burtu 27. tölulið frumv. Nefndin hefir ekki séð, hvað hefir komið mönnum til að koma með þessar tillögur. Aftur á móti er

nefndin með því, að fella burt 31. og 32. tölulið frumv.

Þá kemur breyt.till. frá mér og fleirum háttv. þingm. (á þingskjali 342) um að veita Halldóri Lárussyni 400 krón. hvort árið til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana. Eg held að það sé vert að styrkja þennan mann. Það hefir nokkrum sinnum komið fyrir áður, að menn hafa sótt um styrk til að læra hraðritun, en þeir hafa allir viljað fara til útlanda. En þessi maður hefir brotið ísinn, þó hann sé enn ungur og hafi ekki farið til útlanda, hann hefir bæði lært reglur fyrir hraðritun og fært þær yfir á íslenzkt mál, og má það heita þrekvirki af unglingi. — Mér finst því vert, að styrkja þennan mann, því það gæti orðið til verulegs gagns fyrir þingið sjálft í framtíðinni, og þess væri sannarleg þörf.

Breyt.till. um lánveitingarnar eru flestar þess eðlis, að nefndin getur ekki verið með þeim, en aftur er hún með því, að fella lánið til múrsteins og þakhellugerðar, þar sem fullyrt er, að það muni ekki verða notað.

Tillaga háttv. þm. Dal. (J. P.) þótti nefndinni þýðingarlítil. Þessi tillaga fer fram á það, að veita Dalasýslu 5000 kr. lán til vega- og brúargjörðar í Dalasýslu. Nefndinni þótti ólíklegt, að sýslan gæti ekki fengið lán á annan hátt en þann, að búa til um það sérstök lög, þar sem hér er heldur ekki farið fram á annað en venjulega lánskosti.

Svo vil eg ekki tala meira í þetta sinn, og get hér látið staðar numið.

Landshöfðingi: Eg hefi komið fram með nokkurar brtill. við fjárlögin við þessa umræðu, og gladdi það mig, að h. framsm. (J. J., þm. Eyf.) var þeim meðmæltur.

Hvað snertir brtill. við 10. gr. A. 2, um að hækka skrifstofufé amtmannsins um 200 kr., þá hefir h. framsm. (J. J., þm. Eyf.) mælt með þeirri hækkun.

Að því er snertir brtill. við 11. gr. 7 á frv., þar sem veittar eru 500 kr. til ýmislegra útgjalda við holdsveikisspítalann, þá sýndi eg fram á það við 2. umr., að á spítalanum hvíla skyldugjöld með lögtaksrétti, sem nema yfir 500 kr., sjálfsagt um 650 kr. En það er óviðfeldið, ef stjórn spítalans væri neydd til að láta taka tögtak hjá spítalanum fyrir þessum gjöldum; en það mundi hún verða að gera, ef fjárveitingin á þessum lið væri ekki hækkuð.

H. framsm (J. J., þm. Eyf.) er mótfallinn því að hækka laun starfsmanna við spítalann. Að því er til yfirhjúkrunarkonunnar kemur, þá á hún heimting á að fá 500 kr. í laun og hestfóður að auki. Eins og sýnt hefir verið fram á við 2. umr. þessa máls, þá lofaði stórsír Oddfellowa henni þessu, og ef hestfóðrið verður tekið af henni, þá verður hún að snúa sér til stórsírsins og leita réttar síns hjá honum, en það virðist vera miður sæmilegt að neyða hana til þess. Hún fær bezta orð og þar sem ekki er að tala um að hækka laun hennar heldur breyta þeim, þá virðist ekki ástæða til að neita beiðni hennar. Eg þekki ekki, hvað stórsírnum og fjárlaganefndinni hefir talast til í spítalamálinu 1897, en hann réði yfirhjúkrunarkonuna með þessum launakjörum.

Það sem sér í lagi kom mér til að að stinga upp á, að 27. tl. í 13. gr. C. skuli falla burt, var það, að eg varð þess áskynja, að komin var fram brtill. um að fella burt 25. tl. í 13. gr., nl. styrkinn til Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna, en þá get eg eigi séð, að hann eigi fremur að fellast burtu en styrkurinn til Stefáns Stefánssonar. Eg get eigi séð, að meiri ástæða sé til að veita styrk til rannsóknar á fóð-

ur- og beitijurtum, heldur en til jurta-fræðisrannsókna þeirra, er Helgi Jónsson ráðgerir. Rannsóknir á fóður- og beitijurtum geta varla komið að neinum praktiskum notum, eins og jarðræktinni er nú háttað hér á landi. Slíkar rannsóknir geta því að eins komið að notum, að sáð væri til fóðurjurta; það mun eiga langt í land að sú breyting komist á, svo langt, að fóðurrannsóknir þær, sem nú færu fram, mundu verða orðnar á eftir tímanum.

Að því er snertir 26. tl. í 13. gr. C., þá er eg ekki mótfallinn, að veitingin til kapt. Ryders fyrir síðara árið falli burt.

Viðvíkjandi vegabótafénu hafa komið fram ýmsar brtill., þar á meðal ein frá h. þm. Húnv. (B. S.) og öðrum h. þm. um að verja skuli 10,000 kr. til vegagerðar austanmegin Hrútafjarðar. En við það er að athuga, að það er enn ekki búið að ákveða, hvar vegurinn frá Hrútafjarðará yfir Hrútafjarðarháls á að liggja. Ef það verður ofan á, að vegurinn verði lagður yfir Hrútafjarðarháls sunnanverðan, þar sem hann er lægstur, þá er því fé kastað í sjóinn sem varið er á svæðinu frá Hrútafjarðará að Þorvaldsstöðum. Eg vil leggja það til, að ekkert sé ákveðið í fjárlögunum um þessa vegagerð.

Hvað snertir brtill. við 12. gr. B. 4 frá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þá tel eg hana óþarfa. Eg tel það sjálfsagt, að á næsta fjárhagstímabili verði nokkuru fé varið til vegabóta í Skaftafellssýslum og þá sérstaklega á póstleiðinni um Mýrdalinn frá Vík og að Steigarhálsi. Það eina, sem gæti komið mér til að vera meðmæltum þessari brtill. er það, að brtill. bindur fjárveitinguna því skilyrði, að sýsluvegasjóður leggi 1000 kr. til verksins. En ef h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) vildi ábyrgjast, að þetta fé yrði lagt til úr sýsluvegasjóði, þó ekkert stæði um það í fjárlögunum, þá mundi hann að líkindum fá beiðni sinni framgengt án þessarar brtill.

Í sambandi við þessa brtill. vil eg minnast á brtill. frá h. þm. Dal. (J. P.) á þingsk. 345, um að veita 5000 kr. lán til vega- og brúargerða í Dalasýslu. Eg er samþykkur h. framsm. (J. J., þm. Eyf.) um að þessi brtill. sé óþörf. Dalasýsla getur fengið þetta lán, svo framarlega sem peningar eru til, og þess vegna er engin ástæða til að setja þetta inn í fjárlögin. Það einasta, sem hugsast getur að hafi vakað fyrir h. þm., eru þessi góðu kjör fyrir láninu. Með slíkum kjörum mundi það annars ekki veitt. Það er ekki vani að veita lán til vegabóta um lengri tíma en 10—15 ár. En eg álít hvorki rétt né skynsamlegt að binda sýsluvegaféð svo langan tíma, sem farið er fram á í brtill. Mér finst því réttara fyrir h. þm. að taka þessa brtill. aftur, en að sýslan fái lán með venjulegum kjörum.

Að því er snertir brtill. h. fjárlaganefndar við 13. gr. B. III. c. 4. og 5., sem snertir laun tímakennara Bjarna Jónssonar, þá vil eg taka þann fyrirvara, að ef hann af einhverjum ástæðum fer frá skólanum á næsta fjárhagstímabili, þá sé stjórninni heimilt að brúka fullar 1800 kr. til tímakenslu. Mér þykir ekki ólíklegt, að bráðum verði farið að veita stípendium úr legati Hannesar Árnasonar, og þá hygg eg að hann muni sækja um það.

Að því er snertir brtill. á þingsk. 335 frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og fleirum h. þm., sem fer fram á landssjóðsstyrk til þess að gefa út lagasafn handa alþýðu, þá vil eg geta þess, að eg er þeirri brtill. meðmæltur. Það lagasafn sem til er, nær að eins til ársins 1886 og hafa síðan komið út mörg lög og önnur fallið úr gildi. Það er því fylli-

lega þörf á, að samið sé og gefið út nýtt hefti.

Hvað snertir brtill. frá h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) á þingsk. 388 við 12. gr. B. í frv., þá er eg þar samþ. h. framsm. (J. J., þm. Eyf.), að sýslan færist mikið í fang, að fara að leggja til 10,000 kr til þessarar vegarlagningar. Það er ekki víst, að til þess fengist lán úr landssjóði. En það er varhugavert fyrir sýsluna að fara að leggja þennan veg, því þó hún gæti fengið 10,000 kr. styrk og legði sjálf til aðrar 10,000 kr., þá er hætt við að vegurinn næði að eins stutt suður fyrir Hafnarfjörð, og að láta veginn enda þar er lítið betra, heldur en ekki hefði verið byrjað á honum. Í brtill. stendur, að veginn eigi að leggja frá Reykjavíkurlandi. En þá kemur Hafnarfjörður, og vegur í gegn um hann mundi gleypa mjög mikið, jafnvel mörg þúsund kr., ef þar ætti að gera góðan veg. Með þessu mundi fé verða uppgengið, þegar komið væri dálítið suður fyrir Hvaleyri.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg á hér eina brtill., sem eg vona, að komi ekki miklum óróa á stað. Það er brtill. við 3. gr. 1. aths., að úr athugasemdinni sé feld burtu ákvæðin um verðlaun fyrir jarðabætur. Eg vona, að hún mæti ekki mótmælum, og eg þarf svo væntanlega ekki að fjölyrða um það. Það er ekki af því, að eg álíti að hið opinbera hafi ekki ástæðu til að veita verðlaun fyrir jarðabætur á þjóðjörðum, eins og til að efla húsabætur, heldur af því eg hygg, að það fé, sem hér er um að ræða, muni ekki reynast fullnægjandi til húsabótanna, hvað þá of mikið.

Þá er önnur brtill., sem eg hefi leyft mér að koma fram með, við 12. gr. B., að þar bætist inn athugasemd viðvíkjandi veginum frá Vík í Mýrdal. Eg skal geta þess, að það er sérlega nauðsynlegt að bæta þennan vegkafla. Vegurinn er póstleið, og það heyrir þessvegna undir landssjóð að bæta hann. Vegarstæðið er fremur slæmt, og síðan að umferðin til kaupstaðarins fór að vaxa að mun, hefir hann spilst svo, að hann má heita ófær. Ýmsir menn, og einnig pósturinn, hafa hvað eftir annað kært yfir þessum vegi. En nokkur þræta er um það, hvar veginn skuli leggja; nú hafa tveir menn skoðað vegstæðið, og þeir eru báðir samdóma um hvar veginn skuli leggja, og eg hallast að þeirra skoðun, og eg veit að hæstv. lh., sem er kunnugur á þessum stöðvum, mun hallast að hinu sama. Það hefir að vísu ekki verið gjörð áætlun um kostnað við vegagjörð á þessum kafla, ekki svo maður geti sagt með nokkurri vissu hvað vegurinn muni kosta, en eg skal geta þess, að lengdin á veginum er áætluð $1^1/_4$ míla. Af því að hér er spursmál um svo stóra upphæð, þá vildi eg hreyfa þessu máli í háttv. deild. Eg var hræddur um, að umboðsvaldið mundi ef til vill ekki treysta sér til að leggja fram svo mikla upphæð, sem þyrfti til að gjöra við þennan veg, án heimildar löggjafarvaldsins. Nú er komin fram yfirlýsing hæstv. landshöfðingja, og er hún mér fullnægjandi. Vitaskuld treysti eg mér ekki til að ábyrgjast formlega, að sýslunefndin í V.-Skaftafellssýslu leggi til 1000 kr., en eg leyfi mér að lýsa því yfir, að eg er ekki í neinum vafa um, að hún geri það.

Hér er ekki um annað að tala, en að binda nokkurn hluta af sýsluvega gjöldunum um ákveðið árabil, en alls ekki um gjaldálögu á sýsluna. Eftir því, sem nú er komið fram frá háttv. fjárlaganefnd og hæstv. landsh., þá sé eg ekki ástæðu til að halda fram brtill. minni, og lýsi því yfir, að eg tek hana aftur. Hún var aldrei ætluð til

þess að taka fram fyrir hendurnar á umboðsvaldinu, eins og mér heyrðist á ræðu h. framsm., að hann hefði álitið, og úr því eg hefi heyrt á ræðu hæstv. landsh., að hann álítur á þessum stað mjög mikla þörf á þessari vegagjörð, þá get eg verið ánægður. Sú tillaga er því tekin aftur.

Eg hefi í rauninni ekki neina sérstaka ástæðu til að fara að minnast á hinar aðrar breyt.till., sem hér hafa komið fram. Það er till. á þingskj. 342, um styrk handa nafngreindum manni til að fullkomna sig í hraðritun, sem eg vildi mæla með, því eg hefi reynslu fyrir því, að hann er þegar kominn það áleiðis, að líkindi eru til, að styrkveitingin komi að notum.

Eg vildi sömuleiðis mæla með breyt.till. um tígulsteinsverksmiðju, sérstaklega af því, að ef menn hér á landi lærðu að brenna tígulstein, þá mundi það geta orðið til þess, að útrýma hinum óhentugu byggingaefnum, sem hingað til hafa verið notuð, og eg ætla að það megi gjöra með litlum tilkostnaði, ef ekki er að spyrja um að brenna í stærri stíl; mér virðist því, að þingið ætti ekki að horfa í að leggja nokkuð fé til þessa, en mikið fé álít eg í rauninni ekki þurfa.

Pétur Jónsson: Eg er neyddur til að taka til máls af því hér liggja fr. br.till., sem nafn mitt stendur við. Eg ætla þá fyrst að minnast á breyt.till., sem komin er frá landbúnaðarnefndinni. Hún fer fram á að bæta 2000 kr. við Búnaðarfélag Íslands til kenslu í mjólkurmeðferð. — Eins og athugas. við veitinguna til Búnaðarfél. Ísl. er nú orðuð, fær fél. ekkert af þeim 8000 kr., sem veittar eru, nema það útvegi danskan Mejerist o. s. frv. Mér finst styrkveitingin til búnaðarfélagsins ekki mikils virði ef hún er bundin þessu skilyrði. Má auðvitað laga þetta með orðabreyting eingöngu; en landbúnaðarn. þykir upphæðin of lág, ef athugasemdin er sett í samband við hana, og stingur því upp á, að sérstök veiting sé til mjólkurkenslunnar og athugasemdin færð þangað. Þetta hækkar veitinguna til búnaðarfélagsins um 2000 kr. á ári. Landbúnaðarnefndin hefir kynt sér kringumstæður búnaðarfélagsins og verður að álíta að fjárlaganefndin yfir höfuð að tala sé heldur rög í fjárframlögum til þessa félags. Það hefir í fleiri ár vakað fyrir mönnum að koma á búnaðarfélagi fyrir alt landið.

Menn hafa gert sér vonir um, að slíkt félag gæti gert mikið gagn, eins og sýnir sig meðal annars á aðgerðum undanfarandi þinga til þess að koma félaginu á fót. Til þess að þessar vonir bregðist ekki, verður félagið þegar á næsta fjárhagstímabili að sýna, að það geti gert eitthvað sem munar um, annars hneigjast menn frá því og vanrækja það. Fengi það sæmilegan styrk, mundi það fyrir næsta þing vera búið að sýna, hvort það hefði varið styrknum vel eða ekki, og svo framarlega sem það hefði ekki varið honum vel, þá hefði þingið ráð félagsins í hendi sér. Eg fyrir mitt leyti álít því ekki rétt að klípa svo af styrknum, að félagið geti ekki sýnt neina rögg af sér.

Eg skal að eins leyfa mér að benda lauslega á fjárhagsáætlun félagsins. I hlutfalli við Búnaðarfélag Suðuramtsins mun félaginu ekki veita af 5000 kr. á ári til þess að styrkja stærri búnaðarfyrirtæki hér og hvar á landinu. Þá er og ætlast til að félagið hafi 2 ráðunauta í þjónustu sinni, til þess að leiðbeina í búnaði og örfa til búnaðarframfara. Annar t. d. tæki sérstaklega að sér gróðrarrækt og þó sér í lagi maturtarækt, því það er afar nauðsynlegt, ekki sízt þegar eins er erfitt með verzlun og nú, að kenna mönnum

að nota betur afurðir landsins. Hinn gæti gert mikið gagn út um land, með því að safna skýrslum viðvíkjandi búnaðinum, leiðbeina búnaðarfélögum og uppörfa þau, líta eftir búnaðarskólunum og reyna að koma samræmi á þá, kynna sér búpeningsrækt og gefa leiðbeiningar í ýmsum greinum. Þetta kostar laun handa mönnum þessum og ferðakostnað; og ef vel á að vera, þarf félagsstjórnin dálítið fé til ferðalaga. Til þessa alls er áætlað 3000 kr., þá eru nú hér komnar þær 8000 kr. á ári, sem búnaðarnefndin fer fram á. Félagið hefir auðvitað dálitlar tekjur, nefnilega vexti af sjóði 1000 kr. og tillag frá ömtunum 1000 kr., en eg álít full ásett hjá því, ef það á að gera gagn um land alt. Skal eg fyrst nefna búnaðarritið. Það þarf búnaðarfélagið að styrkja eða gefa út, og þarf til þess um 500 kr. eða meira. Í öðru lagi: eigi kensla í mjólkurmeðferð að fara fram, eins og gert er ráð fyrir, þá verður félagið að styrkja til þess, einnig af eigin efnum. Í 3. lagi, er það einnig mín skoðun, að félagið eigi að útvega verkfæri fyrir menn, t. d. skilvindur, strokka, kerrur, jarðyrkjutól o. s. frv. Hefir Búnaðarfélag Suðuramtsins gert það áður, þó í smáum stíl hafi verið.

Búnaðarfélagið yrði þá eins og pöntunarfélag fyrir land alt, að því er þessi verkfæri snertir. Fengjust þau þá ódýrari og öruggari, með því félagið væri stærstur kaupandi, og eg tala ekki um, ef það gæti sjálft veitt afslátt. Þá er einnig kostnaður við að halda búnaðarþing, sem líklega verður haldið 1901. Menn þurfa á því þingi að geta gefið sér tíma til að ráða þar ráðum sínum, og þurfa því sérstakan tíma til þess, líklega á undan alþingi. Loks þarf að hafa skrifstofu og skrifara í Reykjavík, og eykur það kostnaðinn. Eg vona að h. deild sjái, að búnaðarnefndin hefir ekki farið með neinni frekju út í þessa fjárbeiðslu, og eg verð að vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að ef nokkur framkvæmd á að vera í þessu búnaðarfélagi, þá má þingið ekki klípa alt of mikið við neglur sér, jafnvel í byrjuninni, því það er meira til að spilla en spara fé. Þegar við lítum til þess hvað Norðmenn, sem þó eru langtum meiri sjávar- og siglingaþjóð hlutfallslega en við, leggja til landbúnaðar, þá nemur það hér um bil 1 kr. á mann, en hjá okkur 70 aur., eftir frumv. sem fyrir liggur, þegar alt er talið. Eg get þess vegna ekki séð að við nálgumst neitt óhóf, þó við förum fram á þessa fjárveitingu, og eg vil geta þess, að það hefir bæði komið fram í blöðunum og á þingmálafundum, að menn ætlast til þess sérstaklega nú, að þingið hafi vakandi auga á landbúnaðinum.

Eg hefi skrifað nafn mitt á fleiri br.-till., þó eg ekki sé með þeim öllum, því eins og menn vita, er það algild regla, að lána nafn sitt til þess að breyt.till. geti komist að við 3. umr. Eg þarf því ekki að fara mörgum orðum um þær sumar. Viðvíkjandi breyt.-till. á þingskj. 317 skal eg að eins geta þess, að eg er samdóma h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) í því, að það er ekki heppilegt að setja þess konar skilyrði viðvíkjandi þjóðvegafé, heldur láta sitja við bendingar í umræðum og nefndaráliti um það, hvaða vegakaflar þurfi að sitja fyrir; álít eg nóg að landsstjórnin ein geri svo út um það. Það er hreint ekki laust við, að mér hafi fundist mitt kjördæmi verða nokkuð útundan, hvað umbætur á þjóðvegi snertir, og hefi eg samt ekki viljað koma fram með neinar tillögur til athugasemda á fjárlögunum því viðvíkjandi. Eg skal samt játa það, að athugasemdin á þing-

skj. 317, sem fer fram á fé til vegagjörðar austanmegin Hrútafjarðar, hefir að því leyti við góð rök að styðjast. Eg þekki veginn og mér er kunnugt um, að þar er þörf á betri vegi.

Þá eru breyt.till. á þingskj. 343, sem eg líklega verð að mæla með, af því eg stend þar fyrstur á blaði, og eg veit það, að þeir, sem standa þar með mér, muni ekki fylgja mér gegn um þykt og þunt. Eg skal líka taka það fram, að eg fer ekki fram á að fella þessa liði, af því eg álíti þá alla ónauðsynlega í sjálfu sér, heldur met eg þá í samanburði við ýmislegt annað, sem hefir hér verið felt, og maður er efnanna vegna neyddur til að fella. Verð eg að biðja menn að taka það ekki illa upp fyrir mér, þó eg hafi komið fram með þær tillögur.

Eg vildi þá í fyrsta lagi minnast á styrk til sjúkrahússbyggingar á Patreksfirði. Eg talaði um spítalana við 2. umræðu og þykir nægja að vitna til þess, sem eg sagði þá. Eg vil halda fast við að styrkja þá spítala, sem nú eru komnir á stofn hjá okkur, en þegar við ekki getum styrkt þá nægilega, þá álít eg ekki rétt að dreifa sér við enn fleiri spítala. Eg skal líka meðal annars minna á, að deildin hefir felt fjárveitingu til spítalans á Akureyri, og þegar litið er til þess, hvað hann er nauðsynlegur og til fyrirmyndar, eftir því sem smáspítalar geta verið, þá álít eg ekki að þessi spítali eigi að fá styrk af landsfé.

Þá vil eg minnast á styrkinn til að bæta innsiglingu og skipalagi á Stokkseyri. Eg álít auðvitað þörf á að gera höfn þar eystra, ef hægt væri, en mér heyrðist það koma fram við 2. umr., að það mundi til lítils gagns að fara að veita svona lítið fé til þess. Ef eg væri viss um að þessi styrkur gæti orðið til verulegs gagns, þá er fjarri því að eg mundi vera á móti honum.

Þá kemur breyt.till mín um að fella styrkinn til Jóns Jónssonar sagnfræðings. Eg vil láta fella þann lið af svipaðri ástæðu og h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram um annan lið á fjárlögunum og um annan mann, sem eg álít eins mikla þörf á að styrkja. Eg var þar á sama máli og hann, að þegar um hæfileikamann að er ræða, sem hefir reynst miður trausti manns en búist var við, þá er rétt að kannast við það og haga atkvæði sínu eftir því. Eg álít það ekki rétt að styrkja mann, sem það opinbera ekki getur borið fult traust til, og í þessu tilfelli álít eg að svo standi á. Eg vona að menn taki þetta ekki sem hleypidóma.

Þá er 4. liðurinn um það að lækka styrkinn til Good-Templarfélagsins lítið eitt. Eg fer alls eigi fram á þessa lækkun af því að eg unni ekki Good-Templarfélaginu alls góðs, heldur af því að mér þótti sanngjarnara að bindindisstyrknum sé skift á milli þeirra félaga hér í landi, sem vinna að hinu sama og stefna að hinu sama marki. Eg vona að Good-Templarfélagið sé ekki á móti því, þótt hitt bindindisfélagið, hin norðlenzka bindindissameining, fái og ofurlítinn styrk til stuðnings starfi sínu, því að þótt bindindisfélagasameiningin í Norðurlandi sé í smærri stíl en Good-Templarfélagið, þá hefir hún unnið verk sitt vel og sleitulaust, sérstaklega skal eg minna á störf höfuðsmannsins í félaginu, síra Magnúsar Jónssonar í Laufási, sem er viðurkendur einn hinn helzti bindindisfrömuður hér á landi. Mér finst, þegar á alt er litið, að það sé hæfilegt að bindindisfélagið norðlenzka fái 200 kr. á móts við 800 kr. til Good-Templarfélagsins. Skal eg svo ekki

fjölyrða um þetta, en óska bindindismálinu heilla og hamingju.

Þá er að minnast á brtill. um styrkinn til Ryders sjóforingja til skógræktar hér á landi. Eg er fyrir mitt leyti ekki á móti því, að þingið sinni þessu máli. Eg hefi heyrt, að hæstv. lh. tekur allvel undir tillöguna að styrkurinn sé látinn falla niður síðara árið, og eg vona að þingið gjöri sér enga vansæmd með því, en finst hóflega í farið að veittar séu 1000 kr. annað árið.

Vér leggjum og til að feld sé í burtu borgunin til Jóns Sveinssonar fyrir teikning stýrimannaskólans. Mér er alveg óljóst, að teikning þessi hafi verið gjörð fyrir tilstilli fjárlaganefndarinnar á síðasta þingi eða nokkurs annars, sem vald hafði til að láta búa hana til fyrir landsfé. Af þessu er eg á móti fjárveitingunni, en ekki af því að mér finnist ekki, að hann hefði átt að fá verkið borgað, ef hann hefði verið beðinn að vinna það. Að öðru leyti verð eg að taka það fram, að eg tel það óheppilegt, að ekki var tekið meira tillit til hans við bygging stýrimannaskólans en raun varð á.

Eg mun ekki gjöra það að miklu kappsmáli, hvort leikfélag Reykjavíkur tær styrk þann, sem því er ánafnaður nú, en þó finst mér að Reykjavíkurbæ standi næst að styrkja það, ef það þarf styrks við, því aðallega ætti það að verða til gagns og sóma fyrir hann. Og félaginu engin vansæmd, þó það deyi úr þingsögunni á samt öðru góðu og gagnlegu.

Um styrkinn til Haraldar Nielssonar hefi eg það að segja, að eg er alls eigi óvinveittur þessum manni eða því starfi hans að þýða ritninguna á betri íslenzku. En eg hefi ekki trú á því, að það sé gagn fyrir oss að styrkja þennan mann eða annan til þess að læra hebresku. Mín fasta skoðun er sú, að hin bezta þýðing, sem vér getum fengið á biblíunni, muni ekki geta verið bygð á hebreskukunnáttu þýðandans, heldur á því, að vér notum hinar beztu þýðingar biblíunnar á norðurálfumál og leggjum þær til grundvallar fyrir þýðingu vorri. Eg er að vísu ekki fróður eða fær um þetta mál, en mér hefir þó ekki skilist betur, af því, sem fróðir menn hafa sagt um það, en að það muni þurfa heilt æfistarf til þess að komast svo vel inn í fornu málin, grísku og hebresku, að nokkur von sé til að þýðari biblíu vorrar komist að eins fastri niðurstöðu, hvað þá fastari, en allir þeir ágætismenn, sem unnið hafa að biblíuþýðingum höfuðmentaþjóðanna. Mér finst líka, að ætti einhver að veita styrk þennan, þá stæði það biblíufélaginu næst. Eg tek það upp aftur, að af þessum ástæðum er eg á móti styrkveitingunni, en ekki af því að eg sé móthverfur endurskoðun biblíuþýðingar vorrar og umbótum hennar.

Loks höfum vér farið fram á að fella burt 5000 kr. lánið til tigulsteins- og þakhellugjörðar. Mér finst lán þetta þýðingarlítið og megi því missa sig. Eg hefi ekki trú á því, að múrsteinsgjörð muni fá hér mikla þýðingu, og geti fyrirtækið ekki borgað sig styrklaust, þá held eg að ekki sé svo mikið í það varið, að ástæða sé til að styrkja það af landsfé.

Þórður Thoroddsen: Það eru að eins tvær brtill., sem eg ætlaði að minnast á, brtill. á þgskj. 338 og 339.

Mér þykir það leitt, að bæði hæstv. lh. og h. fjárlaganefnd skuli leggja á móti því að Gullbringu og Kjósarsýslu sé veittur styrkur sá, sem farið er fram á, og það er dálítið undarlegt, að hæstv. lh. þykist hafa betur vit á hvað Gull-

bringu og Kjósarsýsla sé fær um að takast á hendur en bæði sýslunefnd og amtsráð. Sýslunefndin hefir samþykt að sýslan tæki 10000 kr. lán og amtsráðið hefir að sínu leyti fallist á það. Það getur verið, að Gullbringu og Kjósarsýsla sé svo illa séð hjá hæstv. lh., að hún fái ekki lán af fé því, sem hann á yfir að ráða; en þótt hann geti lokað landssjóði fyrir henni, þá er þó hamingjunni svo fyrir að þakka, að hann hefir ekki lykilinn að öllum heimsins auðæfum, og því ekki loku fyrir skotið, að sýslan geti fengið lán annarsstaðar.

Eg get annars ekki orða bundist um framkomu þingsins við Gullbringu og Kjósarsýslu. Það liggur ekki einungis fyrir því beiðni um lán þetta, heldur og um styrk vegna hallæris. Sú beiðni fann ekki náð hjá h. fjárln. og eg sá mér ekki fært að halda henni til streitu, en taldi líklegt, að betur gengi að fá þessu framgengt, að útvega hinum nauðstöddu sýslubúum atvinnu, og fá þannig nokkurt fé inn í sýsluna til þess að bæta úr bráðustu þörfinni. Undirtektir þingsins eru því kynlegri, sem svo má heita, að það hafi oturselt hérað þetta botnvörpuveiðurum, sem eyðileggja þar alla fiskiveiði og alla fiskiveiðavon, og fyrir þetta hefir þingið aflað offjár í landssjóð. En þegar sýslan er komin á vonarvöl fyrir þessar aðgjörðir, þá neitar þingið að láta einn eyri af hendi við hana af fé þessu, og það neitar henni líka um fjárstyrk til að vinna þarfaverk fyrir sýslufélagið og marga út í frá, verk, sem veita mundi atvinnu mörgum þurfandi sýslubúum. Eg veit ekki betur en að það sé venja í öðrum siðuðum ríkjum, þegar eitthvert hérað er í nauðum statt, að rétta því þá hjálparhönd af ríkisins hálfu, og eg veitt ekki til hvers vér erum að safna fé í viðlagasjóð, ef ekki má grípa til þess, til þess að hlaupa undir bagga með landsmönnum, þegar í nauðir rekur. Það klingdi líka við á fyrstu árunum eftir að vér fengum fjárforræði, að nú þyrfti að safna í viðlagasjóð, bæði til þess að fylla upp í skarðið, þegar bráðabyrgðatillagið frá Dönum tæki að þverra, og líka til þess að eiga fé á reiðum höndum til að hjálpa landsmönnum, ef óhöpp eða hallæri bæri að höndum.

Eg tel það víst, að ef ekki hefði komið ríflég hjálp frá útlöndum um árið, þegar jarðskjálftarnir gengu, þá mundi landssjóði hafa verið talið skylt að hjálpa þeim, sem fyrir tjóninu urðu. Eg segi þetta engan veginn til að telja slíka hjálp eftir, heldur aðeins til samanburðar, því að það er óhætt að segja, að langvarandi fiskileysi bakar sjávarsveitunum engu minna tjón en jarðskjálftarnir um árið sveitunum, sem þeir gengu yfir. Eg skil enn eigi í því, að þingið veiti ekki þennan lítilfjörlega styrk, og hjálpi með því til að halda lífinu í sýslubúum, þangað til útséð er um, hvort úr fiskileysinu muni rætast eða ekki.

Hæstv. lh. þótti í öðru orðinu fjárveiting þessi of mikil, en í öðru orðinu aftur of lítil. Eg skyldi vera með hæstv. lh. í því, ef hann vildi hækka fjárveiting þessa upp í 100000 kr., þótt eg að vísu álíti það ekki að öllu leyti heppilegt fyrir héraðið.

Hæstv. lh. kvað þessar 10000 kr. ekki mundu hrökkva mikið meira en til þess að leggja veginn gegn um Hafnarfjörð. Ef hann hefði kynt sér málsskjölin, sem hér liggja á lestrarsalnum, þá mundi hann hafa séð, að það var ekki meining sýslunefndarinnar, að vegagjörðin byrjaði í Hafnarfirði heldur einhversstaðar fyrir sunnan Hvaleyri, svo að þeir hreppar, sem nauðulegast eru staddir, ættu sem hæg-

ast með að ná í vegavinnuna. Það væri líka óráð egt að byrja með ekki meira fé á vegagjörðinni í sjálfum Hafnarfirði, hann mundi gleypa það mest alt upp, að minsta kosti væri vegurinn lagður með sjó fram, fyrir framan húsin, en það er vafasamt, hvort það er réttast að leggja veginn þar.

Eg er viss um að þessi fjárveiting gæti komið að miklum notum, því að svo hagar til að vinna má að vegagjörðinni á þeim tímum, þegar lítið er um aðra vinnu, á haustin og á vetrin; vegurinn liggur svo víða gegnum hraun og þarf að púkkleggja hann, en að því má oft vinna á vetrum.

Þá er að minnast lítið eitt á styrkveitinguna til þess að koma upp tígulsteinsgjörð. H. frsm. (J. J., þm. Eyf.) hefði það mest á móti henni, að fyrirtæki þetta mundi ekki borga sig, og því væri ekki vert að styrkja það, en við 2. umr. klingdi sú bjalla, að það mundi borga sig svo vel, að ekki væri þörf á að styrkja það. Það er skrítið, þegar svona gagnstæðar röksemdir eru færðar gegn máli af hinni sömu nefnd. Það bendir á, að hin h. nefnd hafi ekki gjört sér málið vel ljóst. H. frsm. (J. J.) sagði, að hér mundi ekki verða teljandi markaður fyrir tígulstein, ef miða mætti við það, hvað nú væri flutt til landsins af honum. Þetta bendir á, að h. frsm (J. J.) hafi ekki skilið hvað hér liggur á bak við; ekki gætt þess, að það á að koma mönnum upp á að nota meir tígulstein en hingað til, með því að veita þeim ókeypis kenslu í tígulsteinsgjörð; og sé það talið nauðsynlegt, að menn lærðu alment að nota þetta byggingarefni — og eg vil ætla að svo verði að álítast — þá er ólíklegt að mönnum þyki ofmikið lagt í sölurnar, þótt landssjóður leggi fram 2500 kr.

Eg skal benda á hvað mikið gagn þetta geti gjört, ef svo færi, að þakhella útrýmdi að mestu leyti þakjárninu, að eftir verzlunarskýrslunum 1897 var flutt hingað til lands þakjárn fyrir 101000 kr. Nú mætti búast við, að þakhellan yrði mörg þúsund krónum ódýrari, og það sem mest er í varið, peningarnir fyrir hana færu ekki út úr landinu, heldur fengju margir fé og atvinnu við þakhellugjörðina. Árið 1897 var fluttur hingað tígulsteinn fyrir 13000 kr., og er þó ótalið það, sem múrarar pöntuðu sjálfir, það sést ekki í skýrslunum.

Það sést því, að það er ekki svo lítill múrsteinn, sem er brúkaður nú í landinu, og mundi þó sjálfsagt stórum aukast, ef hann væri brendur í landinu sjálfu, og margur bóndinn mundi spara sér ekki svo lítið fé, ef að hann gæti brent sjálfur steinana í skorsteina sína og til fleiri heimilisbrúkunar.

Eg skil ekki í öðru en að fyrirtæki þetta ætti að geta orðið til mikilla hagsmuna fyrir landið.

Skal eg svo ekki tefja tímann með því að tala um hinar breyt.till., sem nafn mitt stendur við, enda munu aðrir verða til að tala um þær.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) þóttist ekki skilja í hvaða tilgangi að breyt.till. um tillagið til landsíma lagningarinnar væri fram komin, og skal eg því skýra honum frá því, að tilgangurinn með hana er sá, að eg og þeir aðrir, sem hafa skrifað nafn sitt á hana, viljum að tiltekin sé einhver viss upphæð, sem landið á að leggja til, til þess að koma á ritsíma á milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, því að ef einhverja mjög mikla upphæð þyrfti að leggja fram af landsins hálfu til að koma þessu á, þá gjöri eg ráð fyrir, að ýmsir þeir, sem þó annars

vilja fá símann yfir land, mundu hika sér við að gefa atkvæði sitt með því í þetta skifti.

Mér þykir athugasemd stjórnarinnar um það, hvað vér eigum að leggja fram alt í alt, vera of óákveðin, til þess að ráðlegt sé að ganga að henni óbreyttri; af þessum ástæðum förum vér fram á, að seinni hluta athugasemdar stjórnarinnar sé breytt þannig, að hún verði ákveðnari. Eins og athugasemdin er orðuð í stjórnarfrumvarpinu, lítur út fyrir, að þær 75 þúsund krónur, sem þar er farið fram á að veitt sé, sé að eins byrjun til annars meira fjárframlags, og að vér megum eiga von á hærri kröfum síðar. En í breyt.till. vorri er það glögt tekið fram, að þingið vilji vinna til að leggja sæsímann á land á Austfjörðum og veita 60,000 kr. til þess að fá landsímann samhliða sæsímanum, og það þrátt fyrir það, þótt Sunnlendingar og sjálfsagt margir Vestfirðingar mundu fremur kjósa, að sæsíminn væri lagður upp til Suðurlandsins. Þetta er gjört til þess að miðla málum, að vér viljum ganga inn á, að sæsíminn sé lagður á land á Austfjörðum, og svo landsími þaðan hingað til Suðurlands, þó því að eins, að það verði ekki of dýrt fyrir landið.

Um sjálfa upphæðina er mér ekki mikið kappsmál, eg gjöri ekki svo mikið úr því, hvort hún er tiltekin 56,000 kr., 60,000 kr. eða 75,000 kr. Aðalatriðið fyrir mér er, að hún sé ákveðin, svo að vér bindum oss ekki byrðar á herðar, sem vér ekki erum færir um að rísa undir. Vér höfum lagt til, að 60,000 krón. yrðu lagðar til landsímalagningarinnar, af því að stjórnin hafði áætlað, að 56,000 kr. mundu nægja í viðbót við þær 300,000 krónur, sem að ritsímafélagið norræna býður fram, og sem h. þm. Vestm. (V. G.) telur muni þó vera of hátt áætlað; en til að vera þó vissari, og til að sýna fram á, að það er ekki af sveita-pólitík eða til þess að eyðileggja málið, að vér viljum breyta athugasemd stjórnarinnar, þá hefi eg komið með breyt.till. við mína breyt.till., þannig, að upphæðin til landsímalagningarinnar verði hækkuð upp í 75,000 krónur. Eg skil ekki í, að menn hafi þá á móti að greiða atkvæði með þessu, því að þetta er sama upphæðin, sem stjórnin fer fram á, og hærri upphæð, en háttv. þingm. Vestm. (V. G.) telur þurfa.

Hvað snertir breyt.till. á þingskj. 343 um að nema burt styrkinn til að gjöra við Stokkseyrarhöfn, þá er eg á móti henni, bæði af því, að eg álít að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og af því, að það er mikið áhugamál kjósenda minna, og sem kom fram á þingmálafundi Árnesinga.

Eins og kunnugt er, þá er öll suðausturströnd landsins hafnlaus að heita má. Eyrarbakkahöfn hefir að vísu verið notuð um langan tíma, þótt slæm sé. Stokkseyrarhöfn er nýlega byrjað að nota; eins og nú stendur getur hún varla heitið höfn, en mikil líkindi eru til þess, að svo megi bæta við hana með ekki ókleifum kostnaði, að hún yrði brúkleg höfn. Eg hefi fengið kort yfir höfnina, þótt ófullkomið sé, og sést af því, að innsiglingin er mjög mjó renna og krókótt eða líkt og gjá, sem skerst gegnum kletta upp að landinu, og ganga sumstaðar klettasniddur inn í rennu þessa, og gjöra innsiglinguna miklu torveldari, og mundi skipaleiðin stórum batna, ef hægt væri að sprengja burt kletta-nibbur þessar; en að svo stöddu er ekki gott að segja um, hvað auðvelt það er, og hvað það mundi kosta, af því að verkfræðingur landsins hefir ekki fengist til að rannsaka þetta fremur en flest annað, sem hann ætti að gjöra.

Það koma hér fram sömu vandræðin sem oft áður, t. d. með Bessastaðatjörn fyrir skipalægi á síðasta þingi, og nú brú á Sogið, af því að ekki er hægt að fá álit verkfræðingsins til eins eða neins.

Erlindur Zakaríasson hefir aftur á móti rannsakað höfnina, og hann álítur verkið vel kljúfandi.

Auk þess er nokkur trygging fólgin í skilyrði því, sem fjárveitingin er bundin, sem sé að hlutaðeigandi menn og sveitir verða að leggja frá sér jafnmikið fé og landssjóður veitir. Þetta gjörir þá verkun, að varla mun hætt við að lagt verði út í verkið, fyrr en all-mikil vissa er fengin fyrir því, að talsverðar bætur á höfninni sé hægt að gjöra fyrir þær 10,000 kr., sem þá verða fyrir hendi.

Kaupmaður, sem rekur verzlun á Stokkseyri og hér í Reykjavík, hefir lofað talsverðu fé til fyrirtækisins sé það gjört nú, og gæti það því verið mikill skaði að fresta framkvæmd þess nú, því að líklegt er, að hann dragi sig þá til baka.

Það væri ýmislegt fleira, sem eg vildi minnast á, en eg vil þó láta það vera, til þess að tefja ekki tímann. — Þó vil eg mikillega mæla með að tillaga hæstv. landsh., um að hækka launin handa yfirhjúkrunarkonunni við holdsveikraspítalann, sé samþykt. — Verði hún nefnilega ekki samþykt, þá leiðir af því, að þá verður nauðugur einn kostur, að skrifa dr. Beyer um málið, og mun þá svo fara, að hann verður að borga henni hinar umræddu 100 kr. úr sínum eigin vasa, og mundu flestir telja það vansæmd fyrir landið, og illa launuð öll hans fyrirhöfn, að annast um samskotin og byggingu spítalans, sem að hann hefir alls ekkert reiknað sér fyrir.

Klemens Jónsson: Það eru að eins tvær tillögur, sem eg hefi hér að flytja, og standa þær báðar á þingskjali 335. Hin fyrri fer fram á það, að veita alt að 400 kr. f. á. til að gefa út 4. bindi af Lagasafni fyrir alþýðu, 20 kr. fyrir örkina. Mér er óhætt að fullyrða, að verk þetta ber nafn sitt með rentu, og að það hefir áður náð tilgangi sínum, að vera við alþýðu-hæfi, því var víða vel fagnað og tiltölulega vel keypt. — Eins og menn vita eru þrjú bindi þegar komin út, en 3. bindið kom út 1886, — það er svo langt síðan. Nú hafa á þessu tímabili einmitt komið mjög mörg merkileg lög, sum þeirra ein hin allra merkilegustu, en þau eru alþýðu að mestu ókunn. Rarnar hafa lög þessi verið prentuð í Stjórnartíðindunum, en það er bæði, að Stjórnartíðindin eru til mjög óvíða, og að þeim er illa haldið saman, þar sem þau eru að fá, eins og t. d. hjá hreppsnefndum.

Af þessum ástæðum á alþýða manna erfitt og enda með öllu ómögulegt með að kynna sér lögin.

Eg skal telja upp nokkur hinna helztu laga, er komist hafa á síðan 1886. — Það eru: Lög um veð, um aðför, um sveitastyrk og fúlgu, um þurrabúðarmenn, um iðnaðarnám, auka-tekjulög, gjaldþrotalög, vegalög, lög um hagfræðisskýrslur, lög um vörn gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma o. s. frv. — Allur þorri alþýðu þekkir ekki þessi lög, sem þó er henni alveg nauðsynlegt, og það ei aðallega komið af því, að ekki er til neitt handhægt lagasafn.

Eg hefi leyft mér að orða þessa tillögu mína eins og hún var orðuð á þingi 1885, þá er styrkur var veittur til að gefa út hin útkomnu bindi, með þeirri einu breytingu, að í stað landshöfðingja Magnúsar Stephensen komi landritari Jón Magnússon, því hann er kominn í stað landshöfðingja.

Það, sem aðallega gerir styrk þennan

óhjákvæmilegan, ef lagasafnið á að halda áfram, er, að búast má við, að það aldrei seljist svo, að það svari kostnaði með því lága verði, sem á það hefir verið sett, til þess að alþýða gæti eignast það, og að það er ómögulegt að fá menn til að gefa það út, nema með styrk.

Eg þykist eiga vissa von á því, að hin háttv. deild verði styrkveitingunni meðmælt, þó hin háttv. fjárlaganefnd hafi eigi tekið hana til greina; það hefir reynzt svo með önnur og jafnvel hin helztu mál nú, að hin háttv. deild hefir ekki getað orðið nefndinni samdóma né fallist á tillögur hennar.

Eg vil að eins taka það fram, að auk laga þeirra, sem að sjálfsögðu verða tekin í safnið, muni einnig teknir hinir merkilegustu úrskurðir, skipulagsskrár fyrir sjóði o. fl. frá þessu sama tímabili, og að það verði lögð enda meiri áherzla einmitt á þetta, en að undanförnu.

Hvað mennina snertir, sem að þessu ætla að vinna, ímynda eg mér, að þeir séu háttv. þingm. nægilega kunnir til þess, að treysta þeim fullkomlega; það eru menn, sem engra meðmæla þarfnast. — Ætla eg svo ekki að orðlengja meira um þessa breyt.till., en snúa mér að hinni tillögunni, sem eg hefi gjört í sambandi við þessa.

Í tillögu þeirri hefi eg leyft mér að fara fram á, að amtmanni Páli Briem yrðu veittar 20 kr. fyrir örkina til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 200 kr. hvort árið. Hann hefir nú í 3 ár gefið út tímarit þetta, styrklaust og aðstoðarlaust, og sjálfur fer hann ekki fram á þennan styrk nú, umsóknin er frá mér. Eg átti tal við hann, áður en eg fór til þings, og þá sagði eg honum, að eg ætlaði að gjöra þetta; hann gaf mér þá heimild til þess, og sagðist skoða það sem viðurkenningar-vott frá þingsins hálfu fyrir þetta starf sitt, ef að honum væri veittur styrkur til prentunar.

Eins og eg drap á áðan, hefir Páll amtmaður nálega einn ritað í tímarit þetta, og gefið það út með mikilli fyrirhöfn, án þess á hinn bóginn að bera mikið úr býtum, því sjálfur mun hann hafa borið lítið úr býtum fyrir starf sitt; hann hefir í því sem öðru sýnt hinn mesta dugnað, og hinni háttv. deild er jafn-kunnugt um það og mér, að þessi maður er einn hinn eljusamasti embættismaður landsins.

Það er von mín, að hin háttv. deild, sem hefir samþykt lög um stofnun lagaskóla, og með því hefir sýnt sig eindregið með, að lögfræðiskensla komist á í landinu, vilji hlynna að fyrsta vísinum til þessa með því að styrkja hið fyrsta lögfræðislega tímarit, sem að minsta kosti nú um langan aldur hefir verið gefið út á Íslandi.

Eg treysti því, að hin háttv. deild verði tillögu minni hlynt, en verði annað uppi á teningnum, þá ætla eg fyrir fram að lýsa yfir því, að tillaga þessi verður eigi borin upp í neinni annari mynd af minni hálfu, hvorki í þessari deild eða efri deild, ef að hún fellur nú hér.

Eg hefi ekki aðrar breyt.till., sem eg er flutningsmaður að.

Þórður Guðmundsson: Mitt nafn stendur hvergi fyrst á blaði á breyt.till. þeim, sem fram eru komnar, og hefi eg því enga sérstaka ástæðu til að minnast á neina þeirra, en það er ein breyt.till., sem eg vildi vekja máls á, það er breyt.till. á þgskj. 343, við 12. gr. C. 3, um að styrkurinn til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri falli burt. Flutnm. tók fram í ræðu sinni, að ekki væri nein rök né sann-

anir færðar fyrir því, að verkið, sem ætti að vinna fyrir þetta fé, yrði að tilætluðum notum. Það er nú hægra sagt en gjört, að færa sannanir fyrir góðum árangri af verki, sem enn er ó-unnið. Eg er nú þessu máli nokkuð kunnugur, og hlyntur því, að styrkurinn fáist og þess vegna skal eg gefa þær upplýsingar, sem eg get í té látið. Hér er uppdráttur, að vísu ekki allskostar góður, en þó brúklegur til stuðnings, og á honum sést, að innsiglingin er allgóð utast í sundinu, en þegar innar kemur, er þröngur ós á milli, sem er svo grunnur, að hann er 4—5 fet við hálffallinn sjó í smástreymi, og þá er hann ekki skipum fær. Nú er það áformið að sprengja klettana úr þessum ós, og sker nokkur, sem því miður eru á báðum skipalegunum til þrengsla. Hér er ó-mögulegt að leggja, þó ekki sé nema smáskipi, án þess að það sé bundið með festum, svínbundið, og þá er ætíð sú hættan, að það slitni upp, ef stórviðri gjörir; síðan farið var að leggja skipunum við hið svo kallaða »svirvil«, hefir ekkert skip strandað á Eyrarbakka, en það þarf að rýmka skipalægið á Stokkseyri, til þess að skipin geti snúist kringum »svirvilið«, og það hlýtur að vera hægt. Það hefir verið sagt, að Eyrarbakkahöfn væri góð fyrir gufuskip, en hún er í sjálfu sér slæm, og það er dýrt fyrir alla verzlunareigendur að leggja skipum sínum þar við festar. Lefolii á festarnar, en það hefir reynst öllum kaupmönnum svo dýrt að nota þær, að þeir hafa hætt að verzla þar og farið þaðan. Sú höfn getur þess vegna ekki komið að notum eins og hún er. En verði nú hinum væntanlega styrk varið á þann hátt, sem eg hefi lýst, hefi eg fulla von um, að það komi að tilætluðum notum, einkum þegar það er bundið þessu skilyrði, að annarsstaðar frá fáist jafnmikil upphæð. Vér verðum að bera það traust til þeirra manna, sem leggja fram hinn helminginn af fénu á móts við landssjóð, að þeir gjöri það því að eins, að þeir sjái það verða að notum, því annars munu þeir naumast veita peninga til þess.

Það er nýmæli, sem komið er fram á þgskj. 335, styrkurinn til að gefa út 4. bindi lagasafnsins. Eg álít þetta mjög þarft, og er eindregið með því.

Eg fer ekki út í það, að segja álit mitt um hinar aðrar breyt.till.; eg mun sýna það með atkvæði mínu síðar.

Björn Sigfússon: Mér brást illa sú von mín, að breyt.till. á þgskj. 317 fengi eindregin meðmæli fjárlaganefndarinnar. Eg vonaði það af því, að þar er ekki farið fram á annað en það, sem nefndin sjálf hélt fram í álitsskjali sínu 1897 að gjöra skyldi, og kemur mér þetta því kynlegar fyrir, sem að í nefndinni sitja 4 hinir sömu menn og þá. Það getur verið, að nefndin vilji ekki fallast á þetta af því, að hún vill ekki setja ákveðnar tillögur inn í fjárlagafrumv. sjálft um, hvernig þjóðvegafénu skuli varið, svo landsstjórnin hafi óbundnari hendur, en þetta var þó gjört með flutningabrautina úr Eyjafirði 1897. Eg veit þó, að nefndin er mér samdóma um, að ekki ætti að draga lengur að leggja þann vegkafla meðfram Hrútafirði að austan, sem er verstur, þar sem þetta er á fjölförnum þjóðvegi.

Eg skal geta þess, að eg man eftir, að hæstv. landsh. sagði mér frá því sumarið 1893, að komið hefði til orða að leggja þennan veg, ekki meðfram Hrútafirði, heldur yfir hálsinn fyrir sunnan Stað til Miðfjarðar. Hugði eg að það væri að eins lausleg uppástunga, en hafi þetta verið alvara, þá hefði

þurft að gjöra gangskör að því og rannsaka og ákveða vegarstæðið; þetta hefði átt að vera búið, það er svo langt síðan. Það má lengi ganga, að hafa það fyrir viðbáru, að vegur þessi verði ekki lagður, af því ekki sé búið að ákveða vegarstæðið.

Eg fyrir mitt leyti held nú að þetta vegarstæði sé óheppilegt. Hálsinn er að vísu lægri þar suður frá, en það yrði að vera óslitin brú þvert yfir, og svo norður hálsinn austanverðan milli bygða, sem er mjög langur vegur, og ekki yrði öðrum að notum en póstinum og öðrum langferðamönnum, en hvorug sveitin, Hrútafjörður eða Miðfjörður, hefði nein veruleg not af honum, og verð eg að telja það óheppilegra, en þar sem vegurinn er nú.

Ef hin háttv. fjárlaganefnd og hinn hæstv. landsh. gæfi skýra yfirlýsing um, að breyt.till. *mín* verði tekin til greina á sama hátt og till. h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þá væri mér ekkert ant um að setja þessa aths. inn í fjárlögin, þá hefði eg þó nokkra vissu fyrir, að þessi vegarkafli yrði gerður á næsta fjárhagstímabili. En komi slík yfirlýsing ekki fram, vil eg ekki taka breyt.till. aftur.

Jens Pálsson: Eg ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um breyt.till. þá, sem eg er flutningsmaður að, við þessa umræðu. Till. er á þgskj. 345, og fer fram á, að þingið veiti þriðjung kostnaðar til brúargjörðar á Laxá í Laxárdal, þó svo, að styrkurinn verði ekki meiri en 1700 kr. Eg hefi lagt fram skjöl viðvíkjandi þessari brúargjörð, sem þm. geta kynt sér. Háttv. framsm. fjárlagnefndarinnar fór nokkrum orðum um þessa breyt.till. í ræðu sinni, og mælti með henni, og gladdi það mig mjög, að háttvirt fjárlaganefnd er meðmælt fjárveiting þessari.

Beiðni frá sýslunefnd Dalasýslu um styrk til þessarar brúar, ásamt fylgiskjölum, barst mér fyrst í hendur undir 2. umr. fjárlaganna, og var þá þegar lögð fram á lestrarsalinn; en með því svo stutt er síðan, þykir mér ólíklíklegt, að allir h. þingdeildarmenn hafi getað kynt sér skjöl málsins til hlítar. Vil eg því leyfa mér að skýra deildinni frá málavöxtum.

Dalasýsla er að leggja nauðsynlegan sýsluveg að kauptúninu Búðardal, og á þessari leið er Laxá. Þessi vegur er afarnauðsynlegur, því margir hreppar sækja vörur sínar í þetta kauptún, og þar að auki verður þetta bein leið að læknissetrinu nú, og mikil líkindi til, að það verði eins framvegis. Dalasýsla hefir undanfarin ár varið þúsundum króna til samgöngubóta, bæði úr sýslusjóði og með samskotum frá einstökum mönnum. Nú í sumar hefir sýslan varið 1400 kr. til vegarins fyrir mynnið á Laxárdal, og það er talið óhjákvæmilegt að verja til hans 600 kr. í viðbót. Við þetta bætist svo brúin, sem kunnugir menn hafa áætlað að muni kosta 5000 kr. Það er að segja stöplarnir 2000 kr., og brúin sjálf 3000 kr. Hér hefir verið sýndur sérstakur dugnaður og áhugi, sem eg vona, að þingið vilji viðurkenna og heiðra, með því að veita þetta fé. Það er mikil þörf á að fá veg beina leið yfir mynnið á Laxárdal. En svo neðarlega, sem sú leið liggur, er ekkert vað á Laxá, en gott brúarstæði, því stöplarnir geta legið á traustum hrufóttum klöppum. Brúin er nauðsynleg, því þótt þetta sé ekki stórá, þá getur hún orðið ófær í leysingum og þegar áin er að ryðja sig. Áin er ekki brúuð á aðalpóstleiðinni, og pósturinn getur því tepst. En svo hagar til, að þá gæti hann notað þessa brú; það er tiltölulega stuttur spölur að henni af póstveginum, að sunnanverðu við ána, en tvær örstuttar bæjarleiðir frá henni

norðan megin ár, að póstafgreiðslustaðnum Hjarðarholti. Eg vona því, að þessi tilmæli um styrk til þessa nauðsynlega fyrirtækis fái góðan byr hér í deildinni, með því líka fjárlaganefndin hefir tekið vel undir þau.

Till. nr. 2 á sama þgskj., um að Dalasýsla fái 5000 kr. lán til vega- og brúar-gjörða, tek eg aftur eftir bendingu landsh., og treysti eg því fyllilega, að hann líti á þörf sýslunnar í því efni.

Þorldkur Guðmundsson: H. framsm. fjárlaganefndarinnar (J. J., 2. þm. Eyf.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að nefndin hefði viljað spara, og er eg honum samdóma um, að það sé rétt. Nefndin hefir haldið fast við þessa sparnaðarhugmynd sína, og eg get yfir höfuð að tala lokið lofsorði á gjörðir hennar í þá stefnu. Þó er eitt atriði, sem mér gleymdist að drepa á við 2. umr. þessa máls, og mér finst ekki samrímanlegt við þessa sparnaðarhugmynd, og það er hækkun á þeim fyrirhuguðu eftirlaunum. dr. Þorv. Thoroddsen. Mér þykir þetta einkennilegt, og eg skil ekki hvað nefndin meinar með að færa eftirlaun þessa manns svo mikið upp, um helming, þegar maðurinn sjálfur ekki sækir um það, og stjórnin fer ekki fram á meira en 1000 kr.

Formaður búnaðarmálanefndarinnar mintist á það, hver þörf væri fyrir búnaðarfélag landsins að hafa nægilegt fé milli handa. Eg get nú tekið í sama strenginn, því félagið er ungt og fáir meðlimir þess enn, þó það vonandi standi til bóta, og hefir því lítið fé til umráða. Það hefir lengi vakað fyrir hinum áhugamestu mönnum um búnaðarmál landsins, hve æskilegt það væri að allsherjarbúnaðarfélag kæmist á fót, og þarf því að sjá svo um, að það falli ekki við fyrsta spor. Það hefir verið erfitt að koma þessum félagsskap á, og nú ætti þingið að styrkja þetta félag með ríflegum fjárframlögum, án þess að skera við nögl sér, til þess að félagið lognist ekki út af sökum féleysis, og geti orðið að tilætluðum notum. Eg vona því að deildin samþykki þessa tillögu, sem hér liggur fyrir frá búnaðarmálanefndinni. Það er ýmislegur kostnaður, sem bráðlega hlýtnr að leggjast á félagið. Það getur t. a. m. ekki hjá því farið, að félagið þurfi innan skamms að byggja eða leigja hús, því það þarf skrifstofu innan skamms. Svo hefir það verið tekið fram, að félagið muni taka að sér að panta jarðyrkjuverkfæri fyrir menn. Það er sannarlega gott að geta snúið sér til félagsins í því efni, því bæði er líklegt að þiggjandi fái þau betri og ódýrari hjá því, en ef menn panta þau sjálfir og félagið þarf auðvitað hús til að geyma verkfærin í þangað til þau verða tekin af eigendunum, svo er og margur ófyrirseður kostnaður.

Eg hefi skrifað undir eina breyt.till. sem eg vildi minnast á, nefnilega till. um að veita þeim Jóni Jenssyni yfirdómara og Jóni Magnússyni landritara styrk til að gefa út lagasafn handa alþýðu. Alþýða manna hér á landi er ekki svo upplýst um skyldur sínar og réttindi að henni veiti af slíku safni, og það mun óhætt að trúa þessum mönnum fyrir þessu, því þeir eru vandaðir og samvizkusamir menn og góðir lögfræðingar. Hin breytt. á þessu þingskjali (335) er um að Páll Briem fái styrk til að gefa út »Lögfræðing«. Páll Briem er svo þektur, sem starfs og áhugamaður mikill, að óþarfi er að mæla með þessu. Það er þörf á þessu riti, því ekki er það orðum aukið, sem sagt hefir verið um, hversu trassað er að halda saman »Stjórnartíðindunum« af sumum þeim starfsmönnum þjóðarinnar, sem fá

þau gefins. Það er næstum sorglegt, að þegar þau eru prentuð, og kostuð að öllu leyti fyrir landssjóðsfé, og þeim útbýtt gefins eða seld með sérstaklega vægu verði, að menn skuli ekki hafa menning til að halda þeim saman, því að þau ættu að vera á hverju heimili. Eg kenni þennan trassaskap með fram umboðsvaldinu, sem ætti að hafa eftirlit með að »Stjórnartíðindin« væru hirt af þeim mönnum, sem það eiga að gera. Eg vildi því skora á menn að koma með þingsál. um að haft væri eftirlit með að þetta yrði öðruvísi framvegis.

Sighvatur Arnason: Eg hafði ásett mér að tala ekki mikið í dag í þessu máli, og verð eg því ekki langorður í þetta sinn. Nafn mitt er raunar á sumum breyt.till., en eg er hvergi í broddi fylkingar, og fylgist að eins með til að lækka eða fella suma liði frumv. Það, sem kom mér til að tala, var það, að sumum þm. hrutu þau orð af vörum, þegar þeir mintust á styrkinn til að gefa út lagasafnið, að sýslunarmenn og hreppstjórar hirtu illa »Stjórnartíðindin«. Þar sem ek þekki til, viðgengst þetta ekki. Eg er kunnugur þessu, því eg hefi verið endurskoðari hreppsreikninga sýslunnar í 25 eða 26 ár, og hefir ætíð komið fram band á stjórnartíðindum hreppstjóranna. En það getur verið, að aðrir þm. viti um vanhirðu á »Stjórnartíðindunum« í öðrum sýslum, og er þá vel til fallið, að eftirlit sé haft með að þau séu hirt. En hvort sem það er nú gert eða ekki, þá er eg með því, að veittur sé styrkur til að gefa út lagasafn. Það hafa fáir gagn af »Stj.-tíð.«, því þau eru óhandhæg milli margra, og ef þau gengju manna á milli, mundu þau fljótt slitna og ganga sér til húðar. Eg skal svo ekki lengja umr. frekar.

Skúli Thoroddsen: Það er sérstakl. ein breyt.till., sem gefur mér tilefni til að segja nokkur orð. Það er breyt.till. um það, að sá styrkur, sem Helga Jónssyni hefir verið ætlaður, falli burt. Eg gat þess við 2. umr. þessa máls, að sá styrkur, sem honum var veittur á þingi 1897, hefði ekki haft neina sýnilega þýðingu, að því er Ísland snertir, og væri ekki líklegur til þess í framtíðinni; en alt öðru máli finst mér vera að gegna um styrkinn til Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, og verð eg því að taka það fram, að mig furðar á þeirri breyt.till., sem komin er frá hæstv. landsh. um að fella styrk þann, sem honum er ætlaður. Álíti hæstv. landsh. að jurtarannsóknir beggja séu yfir höfuð nauðsynlegar, þá finst mér frá hans sjónarmiði vera réttara að stuðla til þess, að önnur styrkveitingin fái að standa, þó hin félli; hitt virðist mér lýsa ofmiklu kappi, eins og sagt væri: ef að þessi hefir ekki þetta, þá skal hinn ekki hafa hitt. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að styrkurinn til Stefáns Stefánssonar hafi meiri praktiska þýðing, og eg skal taka það fram, að það er ekki rétt að skoða þennan styrk til Stefáns kennara sem nokkurs konar bitling, því að minst af þessum 1000 kr. er ætlast til að lendi í hans vasa, heldur ætlar hann að verja mestu af fé þessu til að fá fóður- og beitijurtir rannsakaðar efnafræðislega í Stokkhólmi. Bæði Danir og Svíar hafa sett á fót stofnanir í því skyni, og þar sem nú er talað svo mikið um að efla landbúnaðinn á ýmsar lundir, þá finst mér ekki rétt að hliðra sér hjá ekki stærri fjárveiting en hér er um að ræða.

Sú breyt.till., sem samþykt var við 2. umr. þessa máls, að binda fjárveitinguna til tímakenslu við latínuskólann því skilyrði, að latn. stíll væri ekki heimtaður við inntökupróf, hefir ekki haft því láni að fagna, að finna náð í augum minna háttv. meðnefndarmanna,

þ. e. meiri hlutans, en eg verð að segja, að mér þykir það nokkuð djarft, að ætlast til þess, eftir að þetta skilyrði hefir verið samþykt við 2. umr. með 14 atkv. gegn að eins 2 atkv., þá fari háttv. deild að fella það nú, og það því fremur, sem engar upplýsingar hafa komið fram, sem gefi tilefni til þess.

Eg þóttist gera grein fyrir því við 2. umr. málsins, að það væri heimildarlaust, að hafa latneskan stil við inntökuprófið í latínuskólann. Eg veit að sumir svara þessu svo, að það sé að eins sérstakur máti til að prófa þekking í latneskri tungu, en þetta get eg ekki álitið rétt, vegna þess, að gefinn er sérstakur vitnisburður fyrir stilinn, og annar fyrir munnlega latínu. Hér er því um tvo karaktéra að ræða, en reglugjörðin gerir ekki ráð fyrir nema einum karaktér. Þetta virðist mér ljóst af 2 gr. samanborinni við 4. gr. reglugjörðarinnar, þar sem einmitt er talað um latneskan stíl. Eg get nú ímyndað mér, að háttv. deild verði ekki fastari í rásinni en svo, að hún felli skilyrði þetta núna við 3. umr. Þá ætti þingið sannarlega ekki, eins og gjört var '97, og líka hefir komið fram hér á þinginu, að vera að láta í ljósi óánægju sína út af því, hve mikil áherzla er lögð á latínuna, ef það hefir ekki þrek til þess að fylgja því einarðlega fram, að stjórnin sjái um að hinum gildandi lögum sé hlýtt; en hvað þessa aðferð snertir, þá er þingið tilneytt að taka til svo alvarlegra ráða, með því það hefir sýnt sig, að umtalið á þinginu '97 hefir ekki borið neinn ávöxt hvað það snertir, og að samþykkja áskorun til stjórnarinnar, þá hefir það ekki þann kraft, sem þetta skilyrði hefir. Og það er fyllilega lögmætt af þinginu að setja þetta skilyrði, þar sem tímakenslustyrkur ekki er nein lögboðin fjárveiting, heldur að eins veitt annaðhvort ár í fjárlögunum, og því skyldi þá þingið ekki eins geta bundið þessa fjárveitingu ákveðnum skilyrðum, eins og hverja aðra fjárveitingu, sem að eins byggist á fjárlögunum?

Þá verð eg að fara fám orðum um brtill. frá h. þm. S.-Þing. (P. J.), að liðurinn úr 13. gr. 30 (til snikkara Jóns Sveinssonar) falli burt. Mér þykir mjög leitt, að þessi háttv. þingm. og þeir, sem honum eru samtaka, skuli koma fram með þessa brtill., því mér sýnist það lýsa svo miklum skorti á réttlætistilfinningu og sanngirni. Það var sagt hér í dag, að þingið hefði ekki beðið þennan mann um uppdráttinn; mikið rétt, hann var ekki beðinn um þennan byggingaruppdrátt, en þingið skoðaði hann og samþykti, og gjörði hann að þeim uppdrætti, sem það vildi fara eftir. Eg fæ því eigi betur séð, en á þinginu hvíli að minsta kosti sú siðferðislega skylda, að borga manninum eithvað fyrir starfa sinn að þessum uppdrætti.

Þá er komin fram brtill. um það, að fella burtu tölulið 16 (styrkinn til Boga Melsteð), og af því eg var með því við 2. umr. að fella þennan lið, þá vil eg enn styðja það mál; en af því það hefir ekki komið glögt fram við umræðurnar, við hvað þessi till. hefir að styðjast, þá vil eg með fáum orðum taka fram, hvað vakað hefir fyrir mér.

Þegar Boga Melsteð fyrst var veittur þessi styrkur á þingi '91, þá var hann nýbúinn að ljúka við próf sitt, og hann langaði þá til að reyna sig við Íslandssögu og stúdéra ýmislegt er er þar að lýtur; þá var hann atvinnulaus, og þótti því þinginu rétt að styrkja hann á þennan hátt, og sjá hvað hann dygði. Nú eru síðan liðin 7 ár, en við höfum ekki enn séð neinn ávöxt af þessum styrk, og það, sem var aðal ástæðan til að veita þessum manni styrk,

er nú horfið, þar sem hann er orðinn aðstoðarmaður við ríkisskjalasafn Dana og hefir fyrir það 1200 kr. úr ríkissjóðinum; enn fremur hefir hann úr ríkissjóði 600 kr. til þess að rita Íslandssögu á dönsku, og af Árna Magnússonar safninu fær hann 400 kr. Þá eru nú komnar 2200 kr. Loks má búast við að þessi 400 kr. styrkur frá Árna Magnússonar safninu verði hækkaður um 600 kr. á hausti komanda; þessu er þannig varið, að í stað þess er »stípendía« safnsins hafa áður hafa verið tvö, annað 400 kr., sem Bogi hefir haft, en hitt 600 kr, sem garðprófastur Eiríkur Jónsson hafði, sem nýlega er dáinn, þá hefir nú verið gerð sú ákvörðun, að þessum stípendíum skuli slegið saman í eitt, þannig, að árlega skuli veittar 1000 kr. einum Íslendingi til vísindaiðkana, og til þessa er Bogi sjálfkjörinn, ekki að vísu hæfileikanna vegna, heldur af því, að hann er eini Íslendingurinn, sem sækir um það.

Það er því auðsætt, að hvort sem þessi maður fær þessar 600 kr. eða ekki, þá muni hann halda áfram að vinna að Íslandssögunni eftir sem áður; það er ekki komið undir fjáraustri, hvort menn starfa meira eða minna, ef þeir á annað borð hafa nóg fyrir sig að leggja; en það á sér í fylsta máta stað með þenna einhleypa mann, sem hefir fastar 2200 kr. og sem við vitum fyrir víst, að fær nú 600 kr. í viðbót. Væri þessi maður búsettur hér í Reykjavík, gæti eg meira að segja trúað, að sumum embættismönnunum hér þætti hann hafa nóg að lifa af, því það virðist nokkuð svo liggja hér í landi, að líta á hvað þessi og þessi hafi mikið, og hefðu mér því komið meðmæli hæstv. landsh. með fjárveitingu þessari all kynlega fyrir, ef ekki ætti venslamaður hans hlut að máli.

Aðalatriðið, hvað fjárveitingu þessa snertir, er þó ekki það, að maðurinn ekki þarfnast fjár þessa, eins og hag hans er komið, því að væri hann efnilegur maður, er treysta mætti til starfa þessa, sem um er að ræða, mundi enginn telja styrkinn eftir. En eg held enginn, sem þekkir hæfileika þessa manns, álíti, að hann geti leyst það svo af hendi, að íslenzkar bókmentir séu að nokkuru bættari. Ritverk hans, sem út hafa komið, sýna alt annað, en að hann sé glöggur sagnfræðingur, er dæmt geti skynsamlega og óhlutdrægt um atburði þjóðlífs Íslendinga.

Það var tekið fram við 2. umr. að hann hefði samið kenslubók í Islandssögu, og mun þar vera átt við þætti nokkura, sem eiga að koma út í alþýðusafni Odds Björnssonar; en það verður engin kenslubók, enda líklega hæpið, hvað úr útgáfu þátta þessara verður. Fyrir þingið 1897 lét maður þessi einnig talsvert yfir því, að starf hans væri vel á veg komið, en árangurinn þekkjum vér allir.

Þá er líka komin fram brtill. við 13. gr. C. 17. að fella burtu styrkinn til Jóns Jónssonar sagnfræðings, og verð eg að álíta till. þá mjög óheppilega, því fyrir þessum manni er svo ástatt, að hann hefir engan styrk, og getur ekki haldið starfi sínu áfram, ef þingið ekki veitir honum fjárupphæð þessa. Og svo er annað það, að þar sem Bogi Melsteð hefir sýnt, að hann er alls ekki hæfur til þessara sagnfræðisstarfa, þá er það þvert á móti með þennan mann. Hann hefir eftir stuttan styrktíma sýnt talsverðan árangur, og leyst af hendi verk, sem íslenskum bókmentum er til sóma. Eg hefi heyrt það tekið fram, þó það hafi ekki beinlínis komið fram hér í þingdeildinni, að honum væri nokkuð gjarnt að fá sér í staupinu; hvað hæft er í þessu, skal eg ekki segja, sjálfur hefi eg ekki orðið þess

mikið var. Og þó eg sé bindindismaður, þá verð eg að segja, að eg vil heldur veita þeim manni styrk, sem einhver dugur er í, og góðum hæfileikum er gæddur, þó hann aldrei nema fái sér í glasinu við og við, já, þó hann væri stundum sem maður segir svínfullur, þá vil eg heldur styrkja hann, en veita styrk þeim manni, sem ekki hefir vit í kollinum, og sem aldrei er því hægt að toga neitt af viti út úr heilanum á, þó jafnan sé hann rétt gáður.

Þá er ein brtill. enn, sem eg vildi minnast á (þingsk. 339), viðvíkjandi því að veita Birni Kristjánssyni styrk til þess að koma á fót tigulsteinsverksmiðju, byggja ofn o. s. frv. Eg hefi ekki getað verið sömu skoðunar og meðnefndarmenn mínir um þetta atriði, og mun því greiða atkvæði með þessari till. Hér er um nýja atvinnugrein að ræða, sem gæti orðið að liði, og svo er annað það, að þessi maður er alkunnur að dugnaði og framtakssemi, svo að hér höfum vér svo mikla tryggíng, sem unt er, fyrir því, að eitthvað verði gjört, og að fjárveiting þessi verði ekki tómt humbug. Hér er því alls ekki að tala um það, að veita fé út í bláinn, heldur um lítilfjörlega fjárveitingu til manns, sem við vitum, að kemur þessu á fót. Mér finst því ekki rétt af h. þingdeild að skorast undan að veita ekki stærri upphæð en þetta er, þegar um nýja atvinnugrein er að ræða.

Eg finn svo ekki ástæðu til að taka fleira fram.

Valtýr Guðmundsson: Eg á að vísu enga brtill. nú við þessa umræðu, en þó eru það einstök atriði, sem eg vildi minnast lítið eitt á, einkum þau, sem eg talaði lítið eitt um við 2. umr.

Það er þá fyrst brtill. við 11. gr. 7. a, frá hæstv. landsh., um að hækka laun starfsmanna við holdsveikraspítalann um 100 kr. Eg mintist á þetta atriði við 2. umr., en þessi upphæð er í sjálfu sér svo lítil, að eg sé ekki ástæðu til að gjöra hana að deiluefni, og mun því greiða atkv. með brtill. Það sem kom mér til að tala um þetta atriði við 2. umr. var það, að eg álít rangt að stjórnin taki sér bessaleyfi til að veita svona fé að þinginu fornspurðu.

Þá er þar næst 2 breyt.till. við 12. gr. D., viðvíkjandi sæsímanum, önnur á þgskj. 322, frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og fleirum, en hin á þgskj. 352 frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) einum. Sú fyrnefnda fer fram á, að færa tillagið niður í 60,000 kr. Upphæðinni sjálfri er eg alls ekki verulega mótfallinn, og gæti enda álitið það tillag nóg, hin, sem er breyt.till. við þá breyt.till., fer fram á, að hafa tillagið 75,000 kr. Hún sýnir þá það, að það er ekki sparnaðurinn, sem fyrir flutnm. vakir, heldur er það auðsætt, eins og aths. er orðuð í breyt.till. á þgskj. 322, að hún er eingöngu gjörð til þess að eyðileggja málið. Aths. er öldungis óaðgengileg og í engu sambandi við aths. þá, er í stjórnarfrumv. stendur. Eg vona því, að h. þingd. láti ekki blekkjast af þessum breyt.till., sem auðsjáanlega eru að eins snara til þess að eyðileggja málið.

Þá er þar næst breyt.till. við 13. gr. B III. c 4, um að fella burtu skilyrðið um latneskan stíl til inntökuprófs. H. framsm. tók fram, að þetta væri í sjálfu sér ekki nema lítilvægt atriði, og því væri ekki ástæða til að gera það að kappsmáli, en því verð eg að vera algjörlega mótfallinn, því að í mínum augum er þetta stórvægilegt atriði. Hér er um það að ræða, hvort haldast eigi uppi að breyta þvert ofan í gildandi lög. Hæstv. landsh., sem er sjálfur lagavörðurinn, samþykkir þetta fyr-

ir stjórnarinnar hönd, en þá fæ eg ekki betur séð, en að þingið sé hreinasti leiksoppur í höndum stjórnarinnar, ef það lætur slíkt haldast uppi. Vilji þingið ganga inn á það, að leyfilegt sé að víkja frá beinum fyrirmælum skólareglugjörðarinnar, þá liggur ekkert nær, en að búa til ný lög í þá átt. Og svo vil eg spyrja: Er þetta í samræmi við stefnu þess þings, sem vill minka og takmarka að mun kenslu í latínu og grísku? Eg skil heldur ekki í, að sú h. þingd., sem samþ. þetta frumv. við 2. umr. með 14 atkv. móti 2, breyti nú svo skoðun sinni, að hún greiði atkv. með því að afnema það. Slíkt vona eg að ekki komi fyrir.

Hæstv. landsh. tók fram, að latneskur stíll væri álitinn nauðsynlegur til þess að sjá kunnáttu piltanna í latneskri málfræði, en eg sýndi fram á við 2. umr., að heimting latnesks stíls til inntökuprófs væri alls ekki til þess, þar sem gefin er sérstök einkunn fyrir hann. Af því hæstv. landsh. var þá ekki við, þá tek eg það nú fram aftur. Væri tilgangurinn að eins sá, að sjá kunnáttu piltanna í málinu, þá mætti alveg eins heimta stíl í grísku. Í dönskum skólum er ekki einu sinni heimtað, að piltarnir kunni eitt orð í latínu, þegar þeir koma inn í fyrsta bekk, hvað þá heldur nokkur stíll. Í Sviþjóð er og latneskur stíll alls ekki kendur í latínuskólunum, og þó held eg að ekki hafi borið á öðru, en Svíar hafi getað náð fullsæmilegri þekkingu á forntungunum. Hví skyldi þá nauðsynin á stílnum vera svo mikil hjá oss?

Eg vona h. þingd. kippi ekki þessu skilyrði í burtu, enda væri það principbrot, ef hún nú færi að afnema það, sem hún áður hefir samþ. með svo miklum atkvæðamun.

Þá vil eg líka enn þá minnast á eitt atriði, sem eg áður hefi vakið athygli á, og það er viðvíkjandi því, að póstmeistarinn hafi ókeypis bústað í pósthúsinu. Þegar eg um daginn mintist á þetta atriði, þá var það alls ekki í þeim tilgangi, að svifta póstmeistarann þessu húsnæði, heldur af því, að eg vildi ekki að sú regla kæmizt átölulaust á, að veita þetta og annað slíkt, svona þegjandi, og án þess að spyrja þingið að. En aftur á móti tel eg óheppilegt að póstmeistarinn búi í þessu húsi, því eg tel víst, að einmitt þetta hús yrði sjálfsögð stöð fyrir ritsímann, að minsta kosti er það þannig í Danmörku, að ritsímastöð er venjulega uppi á lofti í pósthúsum. Eg hélt að háttv. fjárlaganefnd mundi taka til greina athugasemdir mínar um daginn í þessu efni, en eg sé að hún hefir ekki gjört það.

Ein breyt.till. er það enn þá, frá hæstv. landsh., sem eg vildi minnast á, og hún er við 13. gr. C. 27, um að fella burtu styrkinn til Stefáns kennara Stefánssonar. Hæstv. landsh. sagði, að það væri alt eins mikil ástæða til að fella burtu þennan styrk, eins og styrkinn undir tölulið 25 til cand. mag. Helga Jónssonar, sem farið væri fram á að fella í burtu, en mér virðist sem hér sé um tvent öldungis ólíkt að ræða. Hér er farið fram á, að veita styrk til rannsókna á fóður- og beitijurtum. Í útlendum ritum hefir oft verið minst á að þetta væri mjög nauðsynlegt til framfara landbúnaðarins, og t. d. Fejlberg hefir sagt, að þetta væri svo nauðsynlegt fyrir okkur, að meðan slíkar rannsóknir vantaði, vantaði alla undirstöðu undir íslenzk búvísindi. Hið sama hefir skólastjóri Torfi í Ólafsdal sagt í ritgerð einni í Isafold. Við vitum það, að í Danmörku er veitt stórfé til slíkra rannsókna. Sama er í Svíþjóð. Þegar Stefán var síðast í Höfn, þá gjörði

hann sér mikið far um að rannsaka þetta efni, og fá upplýsingar um það, og kyntist þá sérstaklega Fejlberg, og Fejlberg lét sér svo ant um þetta, að áður en Stefán hafði á þetta efni minst, sendi hann honum póstávísun upp á styrk, sem hann þegar hafði útvegað hjá landbúnaðarfélaginu danska, til þess hann gæti ferðast til rannsóknastöðvarinnar á Jótlandi, og fengið þær upplýsingar, sem nauðsynlegar voru. Líka fór Stefán til Sviþjóðar og kyntist þar Kellgren forstöðumanni rannsóknarstöðvar þar, og var hann mjög hlyntur þessu máli, og mun það hafa orðið að samningum milli þeirra, að Stefán sendi jurtir þangað, til þess að þeir svo létu ransaka þær, en gerði að skilyrði, að rannsóknirnar mætti birta í skýrslum þar. Svíar vilja gjarnan fá íslenzkar jurtir rannsakaðar, sökum þess að jarðvegurinn og loftslagið er svo svipað hér og norðantil í Sviþjóð.

Eg get ómögulega álitið þetta neinn bitling, því Stefáni mun standa alveg á sama fyrir sjálfan sig, hvort hann fær þennan styrk eður eigi, heldur er það að eins eftir áskorun annara, og málefnisins vegna, sem hann sækir um hann, enda á féð mestmegnis að ganga til þess að borga rannsóknir á plöntunum í útlöndum, en alls eigi til Stefáns kennara sjálfs.

Feiri orðum held eg svo að eg ekki þurfi að fara að þessu sinni.

Tryggvi Gunnarsson: Mér er alveg óskiljanlegt hvernig h. þm. Vestm. (V. G.) fer að álíta, að till. mín um fréttaþráðinn sé til þess að eyðileggja málið eða sé snara fyrir það; það mætti fremur segja, að það væri snara fyrir landið aths. sú, sem stjórnin hefir sett í frumv. sitt, eins óákveðin og hún er. Mér gengur ekki annað til með till. minni, en að fá vissu fyrir því, hvað landið á að leggja til þessa fyrirtækis, eins og eg hefi oft áður tekið fram. Þm. Vestm. (V. G.) sagði áðan, að fé þetta væri veitt út í bláinn, þar sem það væri ekki miðað við neitt nafn, en þetta er viðbára út í loftið, því téð er veitt til ákveðins fyrirtækis, sem stjórnin ein getur ráðið yfir, og í öðru lagi sjá allir, að í frumv., sem hér liggur fyrir, eru aðrar fjárveitingar, sem ekki eru miðaðar við neitt nafn, svo sem liðirnir 11. og 13. í 13. gr. C., þar sem veitt er fé til að gefa út bækling um Ísland vegna Parísarsýningarinnar, og til að rannsaka byggingarefni landsins; í till. minni stendur, að stjórnin hafi heimild (*Valtýr Guðmundsson:* Til að leyfa að leggja símann yfir landið.) til þessa fjár, því er það ekki sjálfsagt, að stjórnin hafi heimild til að ráðstafa því fé, sem veitt er á fjárlögunum, og ekki er bundið við ákveðnar persónur eða fyrtæki. Eða er það meining h. þm. Vestm. (V. G.), að stjórnin álíti sér óheimilt að nota þessar 60,000 kr., og léti þær ónotaðar, ef að eins stæði á því eina, að samningar um fréttaþráðinn kæmust á? Eg álít sjálfsagt að stjórnin hafi ekki að eins heimild, heldur skyldu til að verja þessum 60,000 kr. til lagningar fréttaþráðs yfir landið, til þess og einskis annars. Eg hefi hugsað mér þetta svo í framkvæmdinni, ef fyrirtækið kemst á, að stjórnin auglýsi í mörgum blöðum erlendis, að til væru 360,000 kr. til þess að leggja fréttaþráð yfir land, frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og ef enginn gefur sig fram til þess, þá verður stjórn hins norræna fréttaþráðarfélags, eða stjórn Íslands, að fá einhvern til að taka að sér þetta verk fyrir meiri borgun. Þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefir sagt, að 56,000 kr. sé vel í lagt, þá ætti 60,000 kr. upphæðin ekki að standa í vegi, og því

síður ef þingið veitir til þess 75,000 kr. Eg er sannfærður um, að hinir hygnari menn í þingd. muni greiða atkv. með till. minni, og vilji ekki gefa atkvæði sitt út í óvissu. Menn verða að hafa tillit til þess, að allmikill aukakostnaður er sjálfsagður, svo sem viðhald á landsímanum og lagning hliðarlínu til Ísafjarðar m. m.; fé það, er landið þarf að veita, er því miklu meira en þessar árlegu 35,000 kr. til sæþráðarins og 75,000 kr. til landþráðarins, svo þegar litið er á ástand landsins og fjárhag þess, þá verðum vér að fara gætilega, og megum ekki vera alt of djarfir í fjárveitingunum.

Jens Pálsson: Eg hefi notað tímann, meðan fundi var frestað, til að leita mér frekari upplýsinga viðvíkjandi fyrirætlun Björn Kristjánssonar, að koma á múrsteins- og þakhellugerð. Að fengnum þeim upplýsingum er mér það mál ljósara en áður, og eg skal játa, að mér nú er ant um, að fé þetta sé veitt, ekki af ástæðum þeim, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, ekki til þess að fá upp nýjan atvinnuveg í landinu, og ekki heldur af ástæðum þeim, er h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram, heldur af því eg vona, að fyrirtæki þetta verði til þess, að mönnum lærist að nota íslenzkan leir til bygginga, þar sem maður þessi vill skuldbinda sig til að kenna mönnum að brenna leir heima á bæjum í sveit. Íslenzkur leir er talinn gott byggingarefni, og honum talið það til ágætis fram yfir útlendan leir, að í honum sé minna af kalki og verði því endingarbetri. Sömuleiðis hefi eg leitað upplýsingar um, hvort menn mundu geta brent tígulstein sjálfir heimafyrir, og eftir því, sem eg hefi fengið upplýsingar um, ættu menn að geta mótað og brent leir á mjög einfaldan hátt. Má hnoða leirinn í höndunum, móta hann síðan í handmóti, þurka hann þar eftir í forsælu, hlaða honum svo upp á ákveðinn hátt (grinda hann) í þar til gerðri tóft eða gryfju, og fylla moði eða mosa í holurnar, síðan er kveykt í mosanum, og þá sviðnar hann upp, en við það brennist leirinn svo, að nota má hann á eftir til húsagerðar. Þetta ætti hver maður að geta lært. Með því móti gætu menn sjálfir brent tígulstein í reykháfa og til afnota við eldavélar, og væri það mikil bót. Allir þekkja hvaða vandræðakofar almenn íslenzk eldhús eru; yrðu þau verulega bætt, mundi það auka mjög hreinlæti og þægindi á heimilunum. Menn eru að berjast við að fá eldavélar, en eiga oft í miklum erviðleikum með að fá múrstein og eldfastan leir utan með eldavélinni og í reykháfinn; menn mundu fegnir vilja afla sér þess sjálfir úr íslenzkum leir. Hinn íslenzki deigulmór hefir í smiðjuöflum reynst ágætlega vel til að þola eld; má sjalfsagt nota hann í stað eldfasta leirsins, sem verið er að kaupa og flytja hingað til lands. Að minni hyggju getur ekki munað stórt um upphæð þá, sem hér er farið fram á að veita, í samanburði við gagn það, er af henni getur hlotist, sérstaklega þegar styrkþyggjandinn vill leiðbeina mönnum í tígulsteinsgerð, sem ætti að geta orðið að mjög góðum notum.

Eg vildi sýna með þessari skýrandi athugasemd, að fjárveiting þessi gæti haft allmikla þýðingu í nytsemdaráttina, þar sem hún gæti orðið til þess, að menn kæmust upp á að taka hjá sjálfum sér ókeypis múrstein til eigin afnota.

Jón Jensson: Eg ætla að tala fáein orð um eina brtill. n., sem sætt hefir miklum mótmælum. Það er að eins smáatriði, sem gert er alt of mikið úr. Það er till. að fella burt skilyrðið um afnám latneska stílsins við inntökupróf lærða skólans og eg álít það ó-

tilhlýðilegt af h. d., ef hún skyldi halda fast við fyrra atkvæði sitt þegar hún hefir íhugað málið, enda er eg viss um, og ber það traust til h. d., að hún muni ekki láta leiða sig til slíks þegar hún hefir íhugað málið nákvæmar. Það var tekið fram áður að h. þd. hefði samþykt þetta áður með 14 atkv. Það er ekki rétt; hún sampykti það með 12 atkv. gegn 2, en atkvæðagreiðsla sú gerir reyndar ekki mikið til, og eg vildi aðeins minnast á hana, vegna þess, hve hátt háttv. 2 þm. létu áðan um þetta.

Það er eitt sem bendir á, að hér muni oft vera eitthvað bogið, þar sem skólinn og hæstv. lh. hafa sína skoðun annars vegar, halda því fram, að krafan um latneska stílinn til inntökuprófs í lærða skólann sé alls ekki lagabrot, en hins vegar er þingið með sína skoðun. (*Skúli Thoroddsen*: Hvað segja menn um bankabygginguna?) Það var vakið máls á þessu atriði hér á þ. í hitt eð fyrra svo hæstv. lh. hefir haft tíma til að íhuga það, og honum getur ekki verið það kappsmál, að nýsveinar séu prófaðir í latneskum stíl, þó hefir hæstv. lh. ekki breytt skoðun sinni enn. Hér á þinginu er þetta atriði sérstaklega borið fram af 2 þm., sem hafa gjört það að kappsmáli sínu, en þingd. í heild sinni á hér enga sök. Eg ímynda mér, að ef þessir h. þm. íhuguðu þetta vandlega, mundu þeir komast að annari niðurstöðu.

Eg hefi farið að líta í reglugjörð skólans, og sé ekki einn staf, sem bendi á, að þetta sé ekki leyfilegt. Þar er sagt, að nýsveinar eigi að sýna með prófi, að þeir séu inni í latneskri málmyndalýsing. Þetta próf getur hvort heldur verið skriflegt eða munnlegt. Nú hefir skólinn kosið sjálfs sín vegna, til þess að hafa prófið sem stytst, að láta svör nýsveina vera skrifleg, enda er það einnig bezt vegna piltanna sjálfra, því þeir hafa þá betri umhugsunartíma. En enginn mundi geta bannað prófandanum að leggja alveg sömu spurningarnar munnlega fyrir nýsveinana, sem þeir svara nú skriflega og láta þá snúa þeim á latínu. (*Valtýr Guðmundsson*: En ekki að gefa sérstaka einkunn fyrir það). Af þessu getur hver maður séð, að hér er um hreinan hégóma að ræða, og þó vilja h. þm. gjöra þetta að því kappsmáli, að þeir vilja heldur láta loka skólanum en að skólinn hagi inntökuprófinu eins og honum þykir réttast og haganlegast. Þá hafa þessir menn fært fram fyrir sínu máli, að sérstakur karakter væri gefinn fyrir latneska stílinn. Eg neita ekki að svo sé. En það hefir komið fyrir, að piltur hefir gjört þennan stíl svo illa, að hann fekk ekki nema $^1/_3$ fyrir hann og þó var honum ekki neitað inntöku í skólann. Ef meiningin ætti að vera, að gjöra þetta að kappsmáli, þá ætti það að vera af því, að þetta væri piltum þröskuldur fyrir því að komast inn í skólann. (*Valtýr Guðmundsson*: Hvert gagn er þá að því?) En það er ekki, heldur er þetta skriflega próf gert til þess að prófa kunnáttu pilta.

Þá ætla eg að minnast á brtill. h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um að breyt.aths. við fjárveitinguna til ritsímans, og lýsa yfir því, að eg greiði henni atkvæði mitt, þó mér þyki hún fara of skamt. Eg er hissa á því, að þeir menn, sem hafa fullyrt, að áætlunin til ritsímalagningarinnar sé rífleg, skuli berjast á móti þessari till. og segja, að sé hún samþykt, muni það verða málinu til falls. Mótmæli þeirra geta ekki verið af

öðru sprottin en því, að þeir trúa ekki á áætlunina um kostnaðinn við landsímann.

Till. h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) stefnir að því að taka fyrir, að brúkað verði meira fé en áætlað er, og ætti ekki að vera neitt á móti þessari takmörkun á fjárveitingunni í augum þeirra manna, sem halda því fram að áætlunin sé viss og áreiðanleg.

Eg er viss um að margir hafa greitt atkvæði með athgs. af því þeir hafa treyst því, að áætlunin væri nægilega há; þeir hinir sömu geta nú með atkv. sínu útvegað sér vissu fyrir því, að ekki verði eytt meira fé í landsímann en tiltekið er í athugasemdinni og ætti þeim að vera það kærkomið að geta það, því að þá þurfa þeir ekki lengur að treysta áætluninni.

Guðjón Guðlaugsson: Eg ætla að fara fáum orðum um brtill. h. 2. þm. Húnv. (B. S.) um að 10000 kr. af því fé, sem ætlað er til þjóðvega, sé varið til vegagjörðar austan megin Hrútafjarðar. Eg þekki dálítið til þessa vegar og veit að bráðnauðsynlegt er að gjört sé við hann, en hvort heppilegt sé, að hann sé lagður á öðrum stað, treysti eg mér ekki til að segja um, enda liggur það hér ekki fyrir. En þótt eg álíti að nauðsynlegt sé að vegur þessi sé lagður, þá er eg á sömu skoðun og meiri hluti nefndarinnar, að óheppilegt sé að þingið fari að brytja niður fé það, sem veitt er til vegabóta, og segja stjórninni fyrir hvar hverjum eyri sé varið, því að þá er alt vald stjórnarinnar horfið, og nytsemin af því, að hafa fastan vegfræðing á föstum launum. Hitt ætti þingið heldur að gera, að nota vegfræðinginn meira, og heimta, að hann væri svo duglegur og nýtur, að hann geti sagt fyrir, hvernig vegabótum skuli hagað á hverju ári, og hvar mest sé þörf á vegabótum í hvert sinn.

Eg er samdóma skoðun h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sem hann tók fram viðvíkjandi 13. gr. b. að rétt væri að veita stjórninni upphæð þá í einu lagi, er varið skyldi til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, og á sama máli er eg hvað vegabótaféð snertir. En þá stríðir það á móti þessari skoðun, sé klipið af fjárupphæðinni og farið sé að brytja sundur vegabótaféð krónu fyrir krónu. Eg er því á móti till. þó eg sé með því að vegur þessi sé lagður.

Þá er breyttill. frá h. 1. þm. G.-K (Þ. Th.) um 10000 kr. til vegagjörðar í Gullbringu og Kjósarsýslu, móti því að sýslufélagið leggi fram jafnmikla upphæð. Mér þikir leitt að geta ekki verið með þessari ósk h. þm. bæði af því, að eg hefi fylgt þeirri stefnu, að rétt sé að veita þeim sýslufélögum fé til vegagjörðar, sem vilja hjálpa til með því að leggja sjálf fé fram, og svo þarfnast sýslufélagið hjálpar, en þetta skoða eg ekki sem venjulega hjálp. Mér fanst h. þm. skoða það aðalástæðuna fyrir fjárveiting þessari, að hún yrði til þess að veita sýslufélaginu hjálp og fátæklingum atvinnu. En úr því að þar er fátækt mikil, þá sé eg ekki að það sé rétta hjálpin, að leggja 10000 kr. lánsbyrði á sýslufélagið, því að skuldadögunum kemur, og þá hefir skuldin svæfandi og hálfdrepandi áhrif á alt framkvæmdarlíf í héraðinu í framtíðinni. Eg játa, að fögur hugmynd felst í uppástungu þessari, að nota fé þetta til að veita sýslubúum atvinnu, en eg vildi helzt að slegnar væru tvær flugur í sama höggi, að veitt væri fé til að útvega héraði þessu atvinnu, og jafnframt, að vinnunni væri beint í þá átt, að hún yki framleiðslu í héraðinu, því þá gæti þetta gjört tvöfalt gagn.

En það get eg eigi fundið, þar sem um það er að ræða að gjöra veg yfir

stóran kafla, og þar sem sakir fátæktar af hálfu sýslubúa varla verður ráðist í svo stórt fyrirtæki. Þar er heldur engin brýn þörf á vegi, því sýslubúar hafa sjóinn, það er þeirra aðal bjargræðisvegur og samgöngumiðill, og eg efa, að það mundi lyfta sýslunni mikið upp, þó hún fengi veg á landi, úr því svona góðar samgöngur eru á sjó.

Eg væri miklu heldur með því að veita sýslunni 10—20 þús. kr. skilyrðislaust, sem styrk eða sem gjöf, af sérstöku tilliti til þess, að landssjóður hefir einmitt grætt á því, sem varð sýslunni til tjóns. Eg vildi veita þetta fé til rófnaræktar, kartöfluræktar o. s. frv. og slá þannig tvær flugur í einu höggi, að sýslubúar fengju fé til að vinna fyrir hjá sjálfum sér og hlytu um leið arðinn af vinnu sinni. Þetta væri ekki nema eðlilegt og fallegt, að veita slíka hjálp, og komi h. þm. með till. í þá átt, þegar fjárlögin koma hér næst fyrir, þá skal eg vera með henni.

Þá vildi eg minnast á breyt.till. h. nefndar um að fella burt skilyrðið fyrir styrknum til tímakenslu við latínuskólann. Eg býst við að eg verði varla álitinn því vaxinn, að tala um þetta mál, en eg ætla þó engu að síður að segja meiningu mína um þetta skilyrði. Eg álít það óviðurkvæmilegt og jafnvel hneyksli, að setja því um líkt skilyrði inn í fjárlögin og á þessum stað. — Mér finst ótilhlýðilegt að láta nokkurri þeirri fjárveitingu, sem óhjákvæmilegt er að veita, fylgja það skilyrði, sem litlu varðar á aðra hliðina, en sem að getur skoðast sem þyrnir í augum staðfestingarvaldsins. Ströng skilyrði mega ekki vera með nema þeim fjárveitingum, sem geta fallið úr án mikils skaða, ef skilyrðum er ekki fullnægt, það þarf að vera svo, að stjórnin hafi alveg óbundnar hendur til að ganga að því eða frá. Að setja því um líkt skilyrði, er rétt hið sama og að háttv. þingm. vildu láta loka skólanum, nema þessu skilyrði sé fullnægt, því að ekki er það annað, er þeir gera ráð fyrir, en að öll tímakensla verði afnumin, ef skólastjórnin fellir ekki burt latneska stílinn við inntökupróf.

Eg hygg nú að það hefði haft nægileg áhrif á stjórnina, ef háttv. þingdeildarmenn hefðu komið sér saman um þingsályktunartillögu; það hefði að líkindum dugað. Að minsta kosti áleit h. þm. Vestm (V. G.) í hitt eð fyrra í sjálfu stjórnarskrármálinu, að hægt mundi að ná ráðgjafanum út úr ríkisráðinu með einfaldri þingsályktunartillögu, og merkilegt vantraust er það nú á ráðgjafa Íslands, að vilja láta þetta standa mitt í fjárlögunum.

Hér eru breyt.till. frá h. þm. S.-Þ. (P. J.), sem nafn mitt stendur á; þær eru margar, svo ekki er að búast við, að eg greiði atkvæði mitt með þeim öllum, en sumum er eg algjörlega með. Þannig hefði eg sjálfur getað flutt þá tillögu, að færa styrkinn til Good-Templarfélagsins úr 1000 kr. niður í 800 kr. Mér finst félagið fullsæmt af þeirri upphæð, sem það hefir haft, og að ekki þurfi að hækka hana, þó málefnið sé gott. Að veita því meira fé gæti enda orðið til að gjöra það óvinsælla, en það eykur álit þess, að það beri sig sem mest sjálft, og starfi meira en styrknum munar. Eg vona því, að deildin samþykki þessa breyt.till.

Fjárlaganefndin lagði það til við 2. umræðu, að styrkurinn til Boga Melsteds yrði strykaður út, og eg fylgdi þar fjárlaganefndinni að málum, en með því að eg hefi sannfærst um það síðan, að engin ástæða væri til að stryka styrkinn út, þá greiði eg nú atkvæði á móti því. Eg álít ekki rétt að hætta nú, þegar fyrst fer að sjást árangur

af verkinu. Þó þingið hafi hingað til ekki séð neinn sýnilegan árangur af styrknum, ætti það þó að vita, að það er mikið verk það eitt, að safna til sögunnar. Eg hefi fyrir mér mikilhæfa menn, sem ekki eru persónulegir vinir styrknjótanda, og þeir hafa sagt, að það væri miklu meiri ástæða til að láta styrkinn nú halda sér, heldur en að veita hann nokkurn tíma í upphafi.

Þá hefir komið fram uppástunga um að fella burt styrkinn til hins sagnfræðingsins; fjárlaganefndin hafði sett hann í stað Boga, en nú hefir komið fram rödd um, að hann væri þess ekki verður. Eg veit nú ekki á hve miklum rökum tillaga þessi er bygð, en það er mér kunnugt, að maðurinn er gáfumaður og vel fallinn til sagnaritunar; hann hefir sýnt það svart á hvítu, og mér þykir því leiðinlegt, ef nú á að fara að svifta hann þeim eina styrk, sem hann hefir til að lifa af. Sé hér um einhvern breiskleika að ræða, þá álít eg öllu réttara að yfirvinna hann, með því að sýna manninum tiltrú og viðurkenningu, heldur en með því að svifta hann von um framtíð sína. — Raunar er það satt, að tekjuhallinn er mikill, en þó að þingið þurfi að spara, þá er ekki rétt að ganga svo langt, að menn hljóti engan styrk til vísindaiðkana, þar eð um engan annan sjóð en landssjóð er að ræða til styrktar í þeim efnum.

Sama er að segja um 25. og 27. liðinn. Eg greiði atkvæði mitt með þeim báðum. Að því er hinn fyrra snertir, þá er maðurinn mér persónulega kunnur. Það er fátækur maður og heilsutæpur, en efnilegur og atorkusamur, og mér er það kunnugt, að hann getur ekki unnið að þeim efnum, sem hann þegar er búinn að safna, nema hann fái styrkinn.

Hvað 27. liðinn áhrærir, þá er líklegast langt í land, þangað til af honum sjást verkleg not. Rannsókn á beiti-jurtum getur að eins orðið að vísindalegum notum, en að því er fóðurjurtirnar snertir, mætti segja, að það, að þekkja þær og nytsemi þeirra, stefndi í praktiska átt, þegar svo væri komið, að menn færu almennt að sá grasfræi í stað þess að rista ofan af. En mín skoðun er nú að ofanafristu-aðferðin sé nú nota-drýgst, og verði fyrst um sinn, á meðan verið er að ryðja og undirbúa hana til betri ræktunar. En sökum þess að vísindin eru undirrót verklegra framfara, virðist þó rétt að veita einnig þennan styrk, það getur strax komið að liði á þann hátt, að menta alþýðuna. Þegar eg ber skynbragð á hvaða fóðurjurtir eru heilnæmt og kjarnmikið fóður, þá get eg, undir eins og eg geng inn á eitthvert túnið, sagt, hvort það sé gott eða ekki, og hvort taðan af því sé góð eða ekki. Sama get eg sagt um úthagana. Eg sæki vizku mína í fóðurjurtafræðina, ef að eg á að velja mér jörð eða dæma um gæði hennar; og því er þetta mikill og góður fróðleikur.

Eg er með því að veita báðar þessar upphæðir, þær eru hvort sem er samanlagt ekki hærri en upphæð sú, er í stjórnarfrumv. var ætluð Helga Jónssyni einum, og það er þá rétt að skifta henni að jöfnu milli þessara tveggja manna.

Þá hefi eg ekki fleira að athuga.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal geta þess, að eg skil ekki meiningu háttv. þm. Árn. (Tr. G.) ef hér er um upphæðina að ræða; það er orðunin, sem gjörir alt ónýtt. —

Gagnvart háttv. þm. Rvík (J. Jenss.) verð eg að halda því föstu, að það er ólöglegt að heimta latneskan stíl til inntökuprófs. Landsh. gat ekki fært neinar sönnur á, að það væri löglegt.

Háttv. þingm. Rvík. (J. Jenss.) hélt því fram, að heimilt væri að prófa bæði munnlega og skriflega, og það er að vísu rétt, en í þessari grein eru gefnar 2 einkunnir, og stíllinn því skoðaður sem sérstök grein, eins og eg hefi áður tekið fram, enda hafa piltar, sem gengið hafa upp til inntökuprófs, oft verið feldir fyrir þessa einu einkunn. Það kom og fyrir við inntökupróf í annan bekk í vor, þó minna sé auðvitað við það að athuga.

Hér er um það að ræða, hvort þingið vill láta skólann halda þessu fram í trássi við lögin og samþyktir þingsins, og hvort hinir háttv. þingm. vilja taka aftur atkvæði sín, 14 móti 2, er þeir greiddu við 2. umr. Hér er ekki svo sem þetta brjóti í bága við reglur þær, sem gilda í dönskum skólum, svo að stjórnin mundi gjöra það að nokkuru kappsmáli, að halda þessu fram. — Latneskur stíll er ekki heimtaður til inntökuprófs í dönskum skólum. Það hefir stundum þótt nóg um, hve gjarnt mönnum er að »dependera af Dönum«, og hér virðist mér háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) vilja forðast það í því, sem gott er. En svo skarpur lögfræðingur sem h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) er, gat hann þó ekki sannað, að þetta væri löglegt, og mundi hann hafa fært fram rök, ef til hefðu verið.

Háttv. þingm. Strand. (Guðj. G.) hélt að þetta mundi verða til þess, að skólanum yrði lokað, en eins og eg hefi sýnt fram á, er engin hætta á því, að stjórnin haldi svo fast í latneska stílinn. — Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði og að sér hefði snúist hugur, að því er snertir styrkinn til Boga Melsteds, og mundi hann greiða atkvæði með honum, af því sér hefði verið sýnt fram á, hve vandasamt og seinlegt verk það væri, að rita um sögu Íslands.

Nú er þess að geta, að Bogi hefir, svo menn viti, hingað til að eins fengist við að rita fornaldarsöguna, og ætti eg að geta borið um, hve vandasamt og seinlegt verk það er, þar sem eg á að heita kennari í sögu Íslands við háskólann. Sá kafli sögunnar hefir mörgum sinnum verið ritaður af ágætum útlendum vísindamönnum, sem Bogi kemst ekki í hálfkvisti við, og er það ekki nema vetrarverk að rita sæmilega þann kafla Íslandssögu. Þannig hefir Maurer ritað ágæta Íslandssögu, sem nær þjóðveldistímann út og tekur efnið frá mörgum hliðum, — er t. d. fullkomin menningar- og réttarsaga. Munch hefir í Noregssögu sinni alt af ritað sögu Íslands jafnframt, og sama er að segja um Sars. —

Það sem Bogi hefir boðið Bókmentafélaginu og fyrst byrjar að koma út að ári eru 5—6 arkir á ári, og heimtar hann full ritlaun fyrir það. —

Þar sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, að hér væru engir sjóðir, svo að alþingi yrði að hlaupa undir bagga með styrk til slíkra starfa, þá er það rétt, en hér stendur sérstaklega á, þar sem herra Bogi hefir einmitt styrk úr sjóði, sem ætlaður er til að styðja þess háttar störf eingöngu. Þar sem hann nú einmitt fær styrk til þessara iðkana úr annari átt (úr Árna Magnússonar sjóðnum), sýnist ekki ástæða til að veita þennan styrk framvegis, því þó hann væri allur af vilja gjörður, afkastar hann ekki meiru, þó því sé bætt við hann, þar sem hann hefir nóg að lifa af áður.

Auk þess er, sem sagt, ekki nema vænt vetrarverk að rita fornaldarsögu Íslands, og var það upphaflega misráðið af þinginu, að binda ekki þennan styrk við það, að ritað væri um Íslandssögu eftir 1400, því það er bæði seinlegt

verk og vandasamt, þar sem skjalasöfnin eru svo að segja öll órannsökuð.

Þórður Thoroddsen: Eg vil þakka h. þingm. Strand. (Guðj. G.) fyrir það, hvernig hann tók undir breyt.till. mína á þingskjali 338 um styrkinn til Kjósar- og Gullbringusýslu. En aftur á móti vil eg benda honum á, að það hefði verið betra fyrir málefnið, að koma með þá tillögu, sem hann kom fram með, fyr, og hefði honum verið það innan handar, þar sem hann sjálfur er i fjárlaganefndinni og þar sem beiðni um þennan styrk lá fyrir fjárlaganefndinni. En eg vildi að þessi breyt.till. mín yrði samþykt nú, eins og hún er, og mun eg seinna koma með breyt.till. í þá átt, sem háttv. þingm. benti á.

Eg veit ekki, hvernig háttv. þingm. geta farið að segja, að ekki sé til neins að veita sýslunni þennan styrk, þar sem hún muni ekki geta borgað aftur það, sem gjört er ráð fyrir að hún leggi á móti. Ástandið í sýslunni er þannig lagað, að ef hún ekki fær þennan styrk, þá er hún neydd til að taka mikið lán, hallærislán, og það verður hún að borga alt aftur.

Munurinn á þessu tvennu er sá, að ef sýslan tekur 20000 kr. hallærislán, þá þarf hún að borga alt aftur, en ef hún fær 10000 króna styrk, og þarf að taka 10000 kr. lán, þá þarf hún ekki að borga nema helminginn.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.). Það vill svo vel til, að ekki er ástæða fyrir mig að tala mikið í þetta sinn, en þó vil eg minnast með nokkurum orðum á fáein atriði.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um, að honum þætti fjárlaganefndin rög og íhaldssöm í búnaðarmálunum. Hvort þetta er réttur dómur eða ekki, skal eg láta ósagt. Eg held að nefndin hafi farið hér meðalveg, og eg er hræddur um, að hans fögru framfaravonir séu lengra inn í framtíðinni en hann heldur.

Það hefir verið talað um breyt. á þingskj. 339 frá h 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), sem fer fram á styrkveitingu og lán til að koma á múrsteins- og þakhellugerð, og það hefir verið mælt með því og talað um nauðsyn þess, að slíkt fyrirtæki kæmist á. Það getur nú verið álitamál, hvort það er rétt eða ekki, og að minsta kosti er það efasamt, ef það er rétt, sem áður hefir verið sagt, að fyrirtækið ekki muni borga sig. En á hinn bóginn finst mér engin ástæða til að gera þetta að nokkru kappsmáli. Tillagið er lítið og maðurinn, sem fyrir fyrirtækinu stendur, á mest á hættu sjálfur. En fyrir mitt leyti vil eg ekki gera þetta að neinu kappsmáli. En á hinn bóginn hefi eg ekki neina trú á því, að þakhellurnar rými járninu burt.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir tvisvar staðið upp til að mæla með breyt. sinni á þingskj. 322 við 12. gr. D. í frumv. Hann hefir viljað halda því fram, að hér væri ekki farið fram á neina verulega breytingu. En nú hefir hann aftur komið með breyt. við hina fyrri breyt. sína. Hann vildi halda því fram, að hann vildi koma í veg fyrir það, að ekki yrði meira brúkað en það, sem farið er fram á í frumv., en eg get ekki fundið, að þessi till. bindi hendur stjórnarinnar í því efni næsta fjárhagstímabil. Annaðhvort finst mér því till. vera gagnslaus eða skaðleg, og miði til að tefja fyrir framgangi þessa máls. Eg þykist hafa komist að raun um, að afleiðingin yrði sú, að telegraf kæmi hingað 2 árum síðar en ella. Í lok ræðu sinnar hafði h. þm. áskorunarorð um það, að hinir hygnari meðal þingmanna myndu athuga þetta og kannast við, að till. sín væri rétt. Vér telj-

um oss fult eins hygna, þó vér séum á annari skoðun í þessu máli.

H. þm. Rvk. (J. Jens.) hafði einnig í ræðu sinni áskorunarorð í þá átt, að nú gætu menn sýnt, hversu velviljaðir þeir væru þessu máli. Eg veit ekki hvað hann hefir meint með því að segja þetta, hvort hann með því hefir ætlað að hafa áhrif á þingmenn. Það er næsta einkennilegt, hvílíkt kapp þessir menn leggja á það að glepja fyrir málinu og hindra rétta framsókn þess. En eg vona svo góðs af h. þingd., að hún láti ekki fleka sig í þessu máli.

Mér skildist á h. þm. Vestm. (V. G.), að eg hefði talið það lítilfjörlegt atriði, að latneskur stíll sé ekki heimtaður til inntökuprófs í lærða skólanum. Vissulega get eg ekki talið það lítilfjörlegt atriði, því að ef latneskur stíll er heimtaður til inntökuprófs, þá hlýtur undirbúningurinn að verða talsvert örðugri. Og enn fremur er það ekki lítilfjörlegt atriði, ef þetta er brot á skólareglugjörðinni.

En það, sem eg sagði, það var þetta, að meiri hluti nefndarinnar liti svo á, að ráðið til að kippa þessu í lag væri of stórt, þegar ætti að beita fjárveitingarvaldinu til að knýja fram vilja sinn. Fjárveitingarvaldið er beittasta vopnið, hvort sem með því á að hrinda einhverju áfram eða aftra mönnum frá einhverju. En þetta atriði er of lítið til þess að brúkað sé beittasta vopnið til að koma því fram.

Vil eg svo ekki tala meira.

ATKVGR. fór þannig:

Breyt.till. á þingskj. 347 við 3. gr. 1. aths. sþ. með 19 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 290 við 10. gr. A. 2 sþ. með 12 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 334,1 við 10. gr. C. 4. b. feld með 11:11 atkv.

Br.till. á þskj. 341 við 10. gr. C. 4. c. sþ. með 12 : 1 atkv.

Br.till. á þskj. 321 við 11. gr. 7. a. sþ. með 12 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 391 við 11. gr. 7. o. sþ. með 16. samhlj. atkv.

Br.till. á þskj. 343,1 við 11. gr. 12. feld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
J. J., þm. Eyf.	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Pétur Jónsson,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	J. J., þm. A.-Sk.,
Sigurður Gunnarss.,	Ólafur Briem,
Þórður Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson.	Tryggvi Gunnarss.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Br.till. á þskj. 334,2 við 12. gr. A. 3. sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 334,3 við 12. gr. A. 3. sþ. með 21 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 317 við 12. gr. b. 4. Orðin milli sviga tekin aftur. Hitt sþ. með 12 : 10 atkv.

Br.till. á þskj. 338 við 12. gr. B. sþ. með 12 : 4 atkv.

Br.till. á þskj. 345 við 12. gr. B. sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 334,4 við 12. gr. C. 2. aths. samþ. án atkv.gr.

Br.till. á þskj. 343,2 við 12. gr. C. 3. feld með 13 : 7 atkv.

Br.till. á þskj. 352 við br.till. á þskj. 322 við 12. gr. D. athugas. feld með 13 : 5 atkv.

Br.till. á þskj. 322 við 12. gr. D. Aths. feld með 13 : 8 atkv.

Br.till. á þskj. 334,5 við 13. gr. B. III. c. 4. feld með 11 : 11 atkv.

Br.till. á þskj. 334,6. við 13. gr. B. III. c. 4. sþ. með 13 : 8 atkv.

Br.till. á þskj. 334,7 við 13. gr. B. III. c. 5. sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 351 við 13. gr. B. III. c. 9 sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þskj. 334,8 við 14. gr. B. III. c. 13. sþ. með 12 : 4 atkv.

Br.till. á þskj. 339 við 13. gr. B. III. c. 13. sþ. með 16 : 1 atkv.

Br.till. á þskj. 327 við 13. gr. B. III. c. 16. feld með 11 : 11 atkv. að viðh. nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Halldór Daníelss.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Sigurður Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Br.till. á þskj. 343,3 við 13. gr. C. 17. feld með 13 : 5 atkv.

Br.till. á þskj. 323 við 13. gr. C. 19. sþ. með 13 : 1 atkv..

Br.till. á þskj. 343,4 við 13. gr. C. 21. sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 343,5 við 13. gr. C. 21. feld með 11 : 9 atkv.

Br.till. á þskj. 335 við 13. gr. C. 23. sþ. með 12 : 1 atkv.

Br.till. á þskj. 335 við 13. gr. C. 23, sþ. með 14 : 5 atkv.

Br.till. á þingskj. 326 við 13. gr. C. 25 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu.

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þórður Guðmundss.,	Sighvatur Árnason,
Þórður Thoroddsen.	Sigurður Gunnarss.
	Þorl. Guðmundsson.
	Tryggvi Gunnarss.,

Br.till. á þskj. 343,6 við 13. gr. C. 26. sþ. í e. hlj.

Br.till. á þskj. 344 við 13. gr. C. 27. feld með 16 : 5 atkv.

Br.till. á þskj. 343,7 við 13. gr. C. 30. feld með 11 : 9 atkv.

Br.till. á þskj. 343,8 við 13. gr. C. 31. feld með 12 : 8 atkv.

Br.till. á þskj. 334,9 við 13. gr. C. 31. sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 343,9 við 13. gr. C. 32. tekin aftur.

Br.till. á þskj. 342 við 13. gr. C. 33. sþ. með 15 samhlj. atkv.

Br.till. á þskj. 341,2 við 18. gr. aths. 7. sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 343,10 við 18. gr. síðasta viðaukagr. tekin aftur.

Br.till. á þskj. 339 við 18. gr. síðustu viðaukagr. tekin aftur af flutningsmanni en jafnskjótt tekin upp aftur af 2. þm. Eyf. og var hún samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni með breyt. samþykt í e. hlj. og verður sent Ed.

Ein umr. (C. 504, 514, 516, 519, 520, 521, 523, 524). 22. ágúst.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.). Eg vona, að h. þingdm taki það ekki illa upp fyrir mér, þó að eg byrji ræðu mína með því að minna þá á, að það er nú orðinn hver seinastur til þess að leggja smiðshöggið á þetta mál, og að sérhver þau mistök, sem fram kunna að koma í málinu, verður úr þessu torvelt að laga. Það væri því æskilegt, að frumv. yrði sem minst breytt frá því sem það kom frá h. Ed., því það

vitum við allir vel, að ef fjárlögin koma fyrir sameinað þing fyrir kappsmál milli þingdeildanna, þá getur það verið mikill skaði. En það er áríðandi að hugsa þetta mál vel, því þrátt fyrir öll þau störf, sem við höfum með höndum, og þótt misjafnlega kunni með þau að takast, þá er það víst, að ef fjárlögin verða vel úr garði gerð, þá er nokkuð unnið. Þetta mál er eitt af hinum mikilsvarðandi málum, og áríðandi að oss takist að leysa það svo vel af hendi sem frekast er kostur á. Og það er mjög þýðingarmikið atriði, hvernig við förum með þessa fáu aura, sem okkur er falið á hendur að ráðstafa, þó auðvitað geti ávalt verið misjafnir dómar um það.

Því verður ekki neitað, að breytingar þær, sem fram hafa komið, eru æði margar, og ef þær yrðu allar samþyktar, þá er hætt við, að kapp gæti komið milli þingdeildanna, og þess vegna hefi eg farið nokkrum almennum orðum um þetta mál, áður en eg sný mér að hinum einstöku atriðum.

Þegar fjárlögin fóru síðast frá deildinni um daginn, þá var gert ráð fyrir 130,000 kr. tekjuhalla. Nú hefir fjárlagafrumv. tekið þeim breytingum í h. Ed., að tekjuhallinn hefir minkað hér um bil um 30,000 kr. H. Ed. hefir þótst vilja spara, og henni hefir tekist það svona, eins og h. þm. sjá. En þegar um það er að ræða að brúka eitthvert fé, þá er mest undir því komið, hvernig því er varið. Og tekjuhalli þarf eigi að vera neitt óttalegur, ef fénu er vel varið, en sé því ekki vel varið, þá er hann iskyggilegur. Og sparnaður er því að eins heppilegur, að fénu sé að öðrum kosti ekki varið til neins þarflegs fyrirtækis.

En mér finst að h. Ed. hafi ekki tekist svo vel að spara landsins fé sem skyldi. Hún hefir t. d. tekið 13,000 kr. af því fé, sem Nd. hafði ætlað til eflingar landbúnaðinum og 25,000 kr. af því, sem hún hafði ætlað til vega og samgöngubóta; þessir 2 liðir eru þá samtals 38,000 kr. eða nokkuru meira en öllum sparnaðinum nemur. Eg ætla mér ekki að fara að leggja neinn áfellisdóm á h. Ed. fyrir þetta, en mér þykir þannig lagaður sparnaður ekki allskostar skynsamlegur eða heppilegur, af því að h. d. hefir aftur varið talsverðu af þessu sparaða fé til annars. Sparnaðarpólitíkin hjá h. Ed. hefir hafið sig upp á kostnað landbúnaðarins og samgangnanna, en hún hefir aftur hnotið um bibliuna og fallið á kné í kirkjugarðinum.

Eg vil ekki fara fleirum almennum orðum um þetta.

Eg verð þá að lýsa því yfir, að afstaða fjárlaganefndarinnar í þessu máli er sú sama og áður. Hún vill breyta sem minstu, og ef tillögur hennar, þær er fyrir liggja, verða samþyktar, þá minkar tekjuhallinn um 4000 kr., ef allar tillögur nefndarinnar verða samþyktar. Þetta er að vísu ekki mikið, en það er þó í áttina.

En breyt. þær, sem aðrir h. þm. hafa komið fram með, eru yfirgripsmeiri og stefna í aðra átt.

Þær nema til hækkunar útgjöldunum 25,000 kr., en til lækkunar 12,000 kr., svo að ef allar breyt. kæmust að, næmi hækkunin á tekjuhallanum 9000 kr. Og eg vil taka það fram, að það væri leiðinlegt, ef við sendum frumv. til h. Ed. með meiri tekjuhalla, en nú er ráðgerður í því, eins og það liggur fyrir frá h. Ed.

Eg skal þá að svo mæltu snúa mér að einstökum brtill. og taka þær í þeirri röð, sem þær eiga við í frv.

Hin 1. brtill. er frá h. þm. Mýram.

(H. D.) og er við 10. gr. C. 4 b, og er þess efnis, að styrkurinn til búnaðarfélaganna, sem í frv. stjórnarinnar var ákveðinn 18000 kr. og sem stendur með sömu upphæð í þessu frv., sé settur í 20000 kr. Afstaða fjárlaganefndarinnar í þessu er eins og hún var; fjárl.nefndin var á móti þessari hækkun, og eg þóttist þá sýna fram á, að ástæðan til þessarar hækkunar væri svo sérlega lítil. Búnaðarfélögin munar alls ekkert um það; það er líklega ekki nema svo sem 2 aurar á mann. Eg skil ekki í mönnum að þeir skuli vera að koma fram með þessa till. um hækkun á styrknum til búnaðarfélaganna, nema þeir geti komið með einhverjar ástæður fyrir því. Eg sé engar ástæður til þess að hækka þessa fjárveitingu. Þvert á móti sýnist mér réttara, eins og líka fyr og síðar hefir verið hreyft, að þessi fjárveiting mætti smám saman fara að minka, af því að sá upphaflegi tilgangur hennar var sá, að hvetja menn til jarðabóta, og þeim tilgangi er að æði miklu leyti náð. Jarðabæturnar eru búnar víða að sanna gagn sitt, og menn halda hér eftir áfram með þær hvort sem styrkurinn er meiri eða minni, og eg vona að alveg eins miklu verði afkastað í þessu efni á landinu, þó hann minki og jafnvel hverfi; enda er það sannast að segja eitthvað skrítið að vera að gefa mönnum fé til að bæta jarðir sínar. Það væri miklu skemtilegra að þurfa þess ekki; hagsvonahvötin og sæmdarhvötin ætti að vera mönnum nóg. Eg hygg að starf þessara félaga sé svo vel á veg komið, að það þurfi ekki að vera að styrkja þau öllu lengur, og hvað getur þá verið unnið við það að vera að hækka fjárveitinguna? Eg vona því að háttv. deild fallist ekki á þessa brtill.

Önnur brtill. er við sömu gr. næsta staflið. Þar kemur landbúnaðarnefndin með till. um að hækka styrkinn til búnaðarfélags Íslands upp í 7000 kr. þegar fjárl. voru rædd hér í deildinni, var mikill atkv.fjöldi fyrir því að láta þetta vera 8000 kr. En nú hefir h. Ed. lækkað það í 6000 kr. og ímynda eg mér að þessi háttv. deild muni ekki gera það að kappsmáli, heldur fallist hiklaust á þessa till. landbúnaðarnefndarinnar.

Nokkuð öðru máli er að gegna um næstu brtill., um að veita fé til gróðrarræktunarstöðvar. Fjárl.nefndin var á móti þeirri fjárveiting, en hún var samt samþykt hér í deldinni með 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. seinna árið. Þessa fjárveiting hefir háttv. Efri deild felt burt.

Nú hefir landbúnaðarnefndin aftur komið með till. um þetta, en hefir lækkað fjárv. ekki svo lítið, sett hana 2000 kr. annað árið, en 1500 kr. hitt árið. Eg álít nú að þetta málefni sé þannig í eðli sínu, að það muni ekki vera kostað of miklu til þess þó þetta sé veitt.

Fleiri brtill. hygg eg ekki séu framkomnar við 10. gr.

Við 11. gr. eru þær líka fáar, þær eru aðeins tvær. Önnur er frá h. þm. N.-Múl. (E. J.) og er þess efnis að tannlæknirinn fái styrk til að ferðast kringum landið, 300 kr. hvort árið. Fjárl.nefndin getur ekki verið samþykk þessari brtill.; hún sér ekki sérlega mikla nauðsyn á þessu. Hún verður að álíta, að tannveikir menn geti fengið hjálp hjá hlutaðeigandi læknum þó það séu ekki specialistar. Það er nokkuð annað með tannveika menn heldur en með augnasjúklinga. Það sem gefur ferðum augnalæknisins um landið svo mikla þýðingu, er það, að þegar augnalæknirinn fer um landið, getur hann sagt sjúklingunum hvort það sé ráðlegt fyrir þá að koma hingað til

Rvíkur, og vera undir hendi hans til lækninga. Það er því full ástæða til að veita syrk til ferða hans, en tannlæknirinn held eg geti varla verið ástæða til að styrkja.

Nefndin getur ekki annað en verið á móti þessari till., og gerir það af því, að hún heldur að þessi fjárveiting muni ekki koma að neinum sérlegum notum.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir komið með till. um 1200 kr. styrk til spítalans á Akureyri. Það er nú svo skamt síðan að talað var svo mikið um fjárveiting til spítala; eg held það sé búið að tala svo mikið um það og háttv. þingmenn eru búnir að fá svo volduga fyrirlestra um þetta efni, að enginn ætti að þurfa að vera í efa um hvernig á að greiða atkv., og eg þykist sannfærður fyrirfram um, að þeir muni allir vera búnir að festa sig á einhverju af þessum prinsipum í spítalamálinu, sem svo mikið hefir borið á hér í deildinni, svo að sérhver þingm. greiði atkv. í þessu máli eftir föstu prinsípi.

Fleiri breytingartillögur eru ekki við 11. gr.

Við 12. gr. eru aftur dálítið fleiri, og hætt við að geti verið nokkuð sundurleitar skoðanir um sumt af þeim.

Hin 1. er nú samt ekki mikil eða stór; hún er aðeins aths. um það, að póstmeistarinn verði látinn fá leigulaust íbúðarherbergi, sem eru í pósthúsinu. Þessi aths. leggur nefndin til að sé feld, og ástæðan, sem henni sýnist vera til þess, er sú, að það sé ekki rétt að gera það að lögum, að hann hafi ókeypis bústað. Fjárl.nefndin hefir ekkert á móti því að póstmeistari fái að nota þessi herbergi fyrir litla leigu, en að það sé nokkursstaðar sett fram, að hann eigi ókeypis bústað, það vill fjárl.nefndin ekki að svo stöddu, fyrir það fyrsta af því, að hún álítur enga þörf á því að hann fái það; og þó það verði eins og h. þm. Ísf. (Sk. Th.) segir, aðeins til tveggja ára, þá eru líkurnar svo miklar til að þessi fjárveiting verði föst, ef hún á annað borð kemst inn, að nefndinni finst að þá sé ekki nægilega séð fyrir hag landssjóðs. Eg hefi sem sagt ekkert á móti því að póstmeistarinn hafi bústað í þessum herbergjum, meðan ekki þarf á þeim að halda til annars, og eg vil gera ráð fyrir því líka, að hann fái það fyrir lítið eða jafnvel ekkert, en það er það, sem eg vil koma í veg fyrir, að síðar, þá er þessi herbergi verða tekin til annarar notkunar, geti póstmeistarinn átt heimting á uppbót fyrir það, að hann hafi að einhverju leyti átt að hafa frían bústað og haldi svo framvegis þeirri uppbót í notum þess. Þó það séu ekki nema svona meinlausar athugasemdir geta þær orðið viðsjálir gripir með tímanum, ef þær komast inn í fjárlögin.

Mér virðist því að það sé sú eina rétta leið, að svo stöddu, að löggjafarvaldið geri enga ákvörðun um þetta atriði.

Næst er breyttill. við 12. gr. B. 9. Þessi töluliður hefir þegar leitt af sér æði miklar umræður. Upphaflega var farið fram á, að landssjóður veitti 20 þús. kr. gegn því að sýsluvegasjóður veitti aðrar 20. þús. Þegar þetta svo kom til umræðu, þá voru ýmsar raddir móti þessari veitingu, einkum af því að sýslan væri svo illa á vegi stödd, en þessi fjárveiting átti þó einkum að vera til þess að styrkja menn, með því að veita þeim atvinnu. Þetta var síðan fært niður í 10 þús. gegn jafnháu tillagi úr sýsluvegasjóði, og var það samþ. eins og menn muna, þó nefndin væri að vísu altaf á móti því, eins og það lá fyrir, en h. Ed. hefir nú kipt í burtu skilyrðinu, en vill að öðru leyti

fallast á fjárveitinguna. Eg er hálf hræddur um að fjárveiting þessi mundi að nokkru leyti missa tilgang sinn, ef hún er veitt í þessu formi. Aðaltilgangurinn er, að því er mér skilst, sá, að styrkja þá hreppa, sem bágstaddastir eru, en ekki sá að leggja veg, og eg hefði kunnað betur við að veita sýslutélaginu þessa upphæð til þess að styrkja þá hreppana, er bágast eru staddir, á hvern þann hátt er því sýndist, en ekki binda það við að gjöra veg. Nú er komin brtill. frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) sem breytir því, að þessu fé skuli varið til vegagjörðar, en fer fram á að því sé varið til jarðræktar. Það getur vel verið, að það yrði til þess, að féð lenti þá fremur í þeim hreppunum, sem verst eru staddir, og að þeir hefðu enn meira gagn af því vegna jarðabótanna, svo að með því móti væru tvær flugur slegnar í einu höggi, en eg er hræddur um að ervitt kynni að verða að útbýta þessu fé milli sveitafélaganna svo, að ekki kæmi upp tígur og óánægja milli þeirra. En verði breytingartillaga nefndarinnar, um að liðurinn falli burtu, ekki samþykktur, mun eg greiða atkv. með þessari till.

Þá hafa h. þm. Árn. (Tr. G. og Þorl. G.) komið fram með brtill. við 12. gr. C, þess efnis, að veittar séu 5000 kr. til þess að bæta innsigling á Stokkseyri, og var það samþykt hér í deildinni á dögunum. Nú hefir h. Ed. felt þá fjárveiting burtu, án þess mér sé vel ljóst af hvaða ástæðum. Eg hygg helzt að hún hafi gjört það vegna sparnaðar og svo meðfram af því, að hún hafi álitið að þessi upphæð væri of lítil til þess að koma að tilætluðum notum. Eg verð nú að álíta það réttari stefnu, sem tekin var hér í Nd. að lofa þeim er næstir standa, að reyna þetta, úr því þeir vilja leggja talsvert fjárframlag á sig sjálfa í því skyni. Það mælir líka nokkuð með þessari fjárveitingu, að maður, sem ætla má að hafi töluvert vit á þess háttar, og rannsakað hefir leiðir og lendingar á suðurströndinni, hefir gjört áætlun um kostnaðinn og er sú áætlun líklega fult eins áreiðanleg og margar aðrar, sem við höfum haft að burðast með. Alt öðru máli er að gegna með aðra brtill. frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem er sú 1. á þgskj, 535. Eg skil ekki hvaða skynsamlegar ástæður h. þm. hefir fyrir því að fara nú enn að koma fram með þennan uppvakning. Eg hugsaði að tillaga í sömu átt hefði verið svo rækilega kveðin niður við 3. umr. að ekki væri hætt við að hún kæmi fram aftur, einkum þar sem h. Ed. hefir látið athugasemdina og skilyrðið standa óbreytt, eins og það kom frá Nd. Eg álít óþarft að færa ástæður móti till. enn á ný, þar sem það var nægilega búið áður. Eg skil ekki að hinn h. þm. hafi nokkra von um að þessi till. nái að ganga fram.

Þá eru ekki fleiri breyt.till. við 12. gr., en það er eins og vant er, að þær eru æðimargar við 13. gr. H. Ed. hefir ekki verið ánægð með uppbótina til prestsins í Nesþingum, og þess vegna hækkað hana um 100 kr., en eg vil minna á það, að nefndin í þessari deild vildi veita honum uppbót sem samsvaraði þeim tekjumissi, sem hann hefði beðið, eftir að hann sneri sér til þingsins, því það sem áður hafði gengið frá, annaðhvort vegna skeytingarleysis eða slóðaskapar, áleit nefndin landssjóði ekki skylt að borga.

Þá hefir h. Ed. bætt við nýjum tölulið við A, sem verður 11. tl. Sá liður fer fram á að veita alt að 8000 kr. til þess að kaupa kirkjugarðsstæði fyrir Reykjavík. Það er ekki í fyrsta sinn að þetta vandamál kemur fyrir deild-

ina, og það eru ekki margir dagar síðan, að það lá hér fyrir deildinni í talsvert aðgengilegri mynd eftir minni skoðun, þar sem farið var fram á makaskifti á lóðum. Þá till. feldi h. deild, að eg ætla af þeirri ástæðu, að hún áleit það mál ekki rétt fram borið, og því væri réttast að fresta því til næsta þings, að minsta kosti hafði eg ekki neina aðra ástæðu. En undir meðferð þessa máls, þá var nokkuð sem mér var torvelt að skilja. Hæstv. landsh. lét ekki uppi skoðun sína á málinu hér í deildinni, en eg var svo heppinn, að vera staddur í Ed. þegar þetta mál var þar til umræðu, og lét hann þá í ljósi þá skoðun sína, að landinu bæri að sjá Reykjavík fyrir kirkju garði. Reyndar hefir sú yfirlýsing ekki svo mikla þýðingu fyrir þessa deild, því eg álít að till. um daginn hafi mestmegnis verið feld vegna formsins. Við þm., sem komum utan af landinu, rekum okkur á það, að margt er hér öðruvísi en við ætluðum og höfum vanist; svo er með þetta kirkjugarðsmál. Eg er nú ekki nægilega kunnugur hinum sögulega gangi þessa máls, en eitt er mér torvelt að skilja, og það er, hvernig Reykjavík hefir orðið eigandi að hinum gamla, niðurlagða kirkjugjarði, og vildi því spyrja, hvort hún hafi haft heimild til þess, og ef svo væri, þá hvaða heimild? Eg hefi heyrt að Reykjavík hafi haft töluvert fé upp úr þeim garði, og ef svo skyldi vera, þá er ekki nema sanngjart að hún leggi að minsta kosti þá upphæð til hins nýja kirkjugarðs. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefir lagt til, að telja þennan 11. tölulið burtu, en til þess að vekja ekki kapp í þessu máli, þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till., sem heimilar að lána dómkirkjunni í Reykjavík 6000 kr., til þess að kaupa kirkjugarðsstæði. Eg hefi gjört þessa till. til þess að fyrirbyggja, að safnaðarstjórnin þyrfti að lögsækja landssjóðinn um kirkjugarðsstæði, og til þess að forðast vandræði. Eg verð fastlega að mæla með því, að mín till. verði samþ., því þetta mál er kannske eitthvert hið hættulegasta til þess að verða að kappsmáli.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir komið með breyt.till. við 13. gr. B. III. c. 4—5, um styrk til tímakenslu í latínuskólanum. Aðalbreytingin er fólgin í því, að h. þm. Vestm. (V. G.) leggur það til, að liðurinn um hin sérstöku laun til cand. mag. Bjarna Jónssonar fyrir tímakenslu, sé feldur burtu; en auk þess leggur hann það til, að fé til tímakenslu í lærðaskólanum sé hækkað um 150 kr. frá því sem það var í stjórnarfrumv., eða úr 1850 kr. upp í 2000 kr. á ári. Þetta mun helzt koma af þeirri skoðun h. þm. Vestm. (V. G.), að hann vill láta auka ofurlítið borgunina fyrir tímakenslu, og láta reikna hana út eftir nokkuð öðrum reglum en hingað til hefir viðgengist. Eg skal ekki orðlengja um þetta, en lýsi því að eins yfir, að nefndin heldur við fyrri skoðun sína í þessu. Að öðru leyti gjöri eg ráð fyrir, að h. þm. muni færa rök fyrir breyt.till. sinni, og bíð eg þess að heyra þau, þótt eg sjái reyndar ekki hvaða gilda ástæðu hann muni geta fundið fyrir því, að fella burtu ákvæðið um sérstaka tímakenslu-borgun handa Bjarna Jónssyni. Hér liggur fyrir önnur breyt.till. um það, að færa laun manns þessa upp í 1500 kr. Þó að 1300 kr. séu óneitanlega lág laun í samanburði við laun annara kennara við latínuskólann, og í sjálfu sér alt of lág til þess að geta lifað á þeim, þá vill nefndin þó enn halda við sína tillögu.

Þá hefi eg sjálfur leyft mér að koma með breyt.till. við 13. gr. B. VI. a, um

að eftir 3. tölulið komi nýr liður: Styrkur til frú Guðlaugar Wium, til að halda kvennaskóla á Seyðisfirði, 500 kr. hvort árið. Fjárlaganefndin hafði stungið upp á því að veita ofurlítinn styrk til kvennaskóla á Austfjörðum, en sú tillaga var feld við 2. umr. hér í deild, án þess mikil rök væru færð fyrir því, að það væri rétt að fara þannig að, og án þess að mér þætti þau afdrif vel skiljanleg, er eg bar þau saman við það, hvernig atkvæði féllu um skyld mál í deildinni. Eg vil að vísu ekki halda tillögu þessari fram með neinu ofurkappi, en eg vildi gefa h. deild kost á að greiða atkvæði um hana enn að nýju, til þess henni veittist færi á að sýna meiri samgirni en hún virtist sýna við hina fyrri atkvæðagreiðslu, þegar það er borið saman við ýmislegt annað, sem hefir staðið og enn stendur óáreitt í fjárlögunum af mér og öðrum, svo sem námsstyrki, kenslustyrki og annað fleira. Eg er þess viss, að þessum styrk mundi eins vel varið og hverjum öðrum námsstyrk eða kenslustyrk. Eg fel h. deild þetta til yfirvegunar, og tel mig mann að betri fyrir það, að eg vil gefa henni kost á að bæta úr því, sem mér fanst henni skjátlast við hina fyrri atkvæðagreiðslu.

Þá vill h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) lækka styrkinn til landsbókasafnsins um 600 kr., og að orðin »og til samnings spjaldskrár« falli burtu. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki verið með þessu, og eftir því sem eg hefi reynt að kynna mér málið, þá held eg að hér sé um töluvert þarfaverk að ræða. Landsbókasafnið er ein af hinum beztu og merkustu eignum vorum, sem vér eigum sem þjóð, og eg get ekki séð eftir því, þótt nokkru fé sé varið til að gjöra það sem bezt úr garði, sérstaklega virðist mér eiga að styðja að því, að það sé gjört sem aðgengilegast, og þótt eg þekki ekki persónulega hvert fyrirkomulag sé haganlegast á bókasöfnum og skrám yfir þau, þá hefi eg það þó fyrir satt, að spjaldskrár séu einkar hentugar fyrir hagnýtendur safnanna.

Eitt af því sem h. Ed. hefir felt úr, og sem oss hér var meira eða minna sárt um, er styrkurinn til að gefa út bækling með myndum og kortum snertandi Ísland, bækling sem á að útbýta á Parísarsýningunni að ári, og vera eins konar auglýsing um Ísland. H. deild tók svo vel í þetta mál, að eg gjöri mér beztu von um, að tillaga nefndarinnar, um að taka þessa styrkveiting aftur upp í fjárlögin, fái hér góðan byr. Eg er viss um að það mun ekki vekja sundrung milli deildanna, þótt þessi breyt.till. verði samþykt. Eg vil benda á það, að þar sem lagt er fram töluvert fé af annara hálfu til þess að sýna íslenzka muni í París, þá má það ekki minna vera, en að vér leggjum fram 1000 kr. til að semja bækling, er eigi verði oss til minkunar, eða standi á baki sams konar bæklingum um Grænland og Færeyjar. Eg tel þetta sæmdarmál fyrir oss, og að vér megum ekki telja eftir þetta litla fé. Þá vill nefndin fella burtu 9. liðinn úr 13. gr. C., það er nýr liður, sem settur var inn í frumv. í háttv. Ed. Beiðni um styrk til að þýða biblíuna, lá fyrir fjárlaganefndinni frá biblíufélaginu, svo málið var þegar orðið henni talsvert kunnugt. Það er tvent sem gjörir það að verkum, að nefndin vill ekki láta veita styrk þenna, að minsta kosti ekki að þessu sinni. Fyrst er það, að biblíufélagið sjálft á töluvert fé, svo að einmitt nú, þegar menn barma sér um fjárskort og tala um að þurfi að spara, einmitt nú virðist ekki vera hinn rétti tími til að veita fé þetta. Vér vonum að einhvern tíma ári bet-

ur, og þá getur fremur verið ástæða til að styrkja félagið. Annað er það, og það er í mínum augum höfuðástæða. Eg tel oss vísindalega þýðing biblíunnar af frummálinu ofvaxna sökum fæðar vorrar og smæðar, og vísindaleg biblíuþýðing auk þess að líkindum miður þörf en margt annað. Eg skal benda á það, að sama daginn sem h. Ed. fellir burt úr fjárlögunum styrk til gróðrartilrauna, sama daginn vill hún veita fé til biblíuþýðingar. Þetta finst mér absurd, hrein og bein fjarstæða.

Þá hefir h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) komið með tillögu um, að veitt sé fé til að rannsaka byggingarefni landsins. Samskonar tillaga var samþykt hér við 2. umr., en aftur feld við 3. umr.; þá var bæði farið fram á hærri upphæð og tillagan þá nokkuð lausleg, þar sem stjórninni var heimilað að fá hverjum sem hún vildi fé, og hún þurfti eigi annað að segja við hann, en að hann ætti að verja því til að rannsaka byggingarefni landsins. Nú er þessu nokkuð breytt; nú má eigi verja fénu öðru vísi en eftir ráðstöfun búnaðarfélags landsins, og þótt sumir kunni að vera á því, að ekki sé fengin næg trygging fyrir því, að fénu sé vel varið þrátt fyrir þetta, þá er eg þó á því, að þetta sé bezta tryggingin, sem vér getum fengið, og það er mín trú, að í praktiskum búnaðarefnum muni það verða bezti ráðanautur landsstjórnarinnar. Eg veit það vel, að skoðanirnar á þessari fjárveitingu voru ákaflega misjafnar; sumir töldu hana allra mesta heillaráð, aðrir sýndust aftur á móti verða lítt snortnir af því, sem sagt var um nauðsyn hennar. Mér dettur ekki í hug að halda langa ræðu fyrir breyt.till. þessari, en vil vísa hverjum þeim, sem vill sökkva sér niður í grundvallarhugsun þá, sem hún hefir að geyma, á að lesa ritgjörð um þetta efni, sem útbýtt hefir verið meðal h. þm.; eg er viss um að hún mun stórum skýra málið fyrir hverjum þeim, sem alvarlega vill yfirvega það, og það veit eg að allir muni vilja gjöra. Eg fyrir mitt leyti er svo snortinn af hugmyndinni, að mér blandast ekki hugur um að greiða atkvæði með tillögunni.

Nefndin leggur það til, að 13. liðurinn í 13. gr. C., falli burt. Það er einn af þessum liðum, sem hefir átt að sæta miklum breytingatilraunum. Í h. Ed. var stungið upp á hækka hann, en þar var líka stungið upp á að fella hann; þó fór svo að lokum, að hann stóð þar óhaggaður frá því sem hann fór héðan úr deildinni. Nefndin hefir þá ástæðu fyrir tillögu sinni, að henni þykir ekki líklegt, að fyrirtækið verði stofnað á þessum grundvelli, og þótt það yrði stofnað, þá séu minstar líkur fyrir, að fyrirtækið borgi sig, eða að það geti orðið landinu að miklu gagni. Þetta fé er veitt á nafn manns þess, sem ekki hefir látið lítið á sér bera; nú nýlega hefir þessi maður sent út flugrit um bankann, þá stofnun, sem oss ætti að vera einna annast um allra stofnana vorra; á þessa stofnun hefir hann ráðist á þann hátt, sem eg álít svo gagnstæða framkomu hvers góðs Íslendings, að eg álít að við eigum ekki að trúa honum fyrir fé þessu. Að vekja ótrú á bankanum, reyna til að gjöra menn hrædda við hann og helzt að fá honum lokað, alt þetta getur orðið sá skaði fyrir þjóðina, að henni hefir ekki verið sýnt annað eins tilræði á þessari öld, eins og þetta.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir komið með tillögu um að lagfæra skilyrðið, sem í fjárlögunum er sett fyrir fjárveitingunni til séra Mattíasar Jochumssonar. Skilyrði þetta var sett í h. Ed.

og var það fremur til bóta en hitt, og sama má enn segja um breyt.till. Eg vil því óska, að allir þeir, sem vilja styðja fjárveitinguna, veiti og till. þessari fylgi.

Þá hefir og sami h. þm. (Sk. Th.) komið með tillögu um að veita Jóni sagnfræðing Jónssyni 600 kr. á ári. Sú fjárveiting var samþykt hér í deild, þegar fjárlögin voru hér áður, og þá allmikið rætt um hana, svo að eg finn ekki ástæðu til að tala um hana nú.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að veita leikfélagi Reykjavíkur 300 kr. á ári. Áður var farið fram á að félaginu væru veittar alt að 500 kr. á ári, gegn því að Reykjavíkurbær legði fram annað eins. Nú er, eins og eg tók fram, farið fram á að það fái alt að 300 kr., gegn því að bærinn leggi fram helmingi lægri upphæð að minsta kosti. Þessi tillaga er aðgengilegri fyrir Reykjavíkurbæ, að því leyti, að hann þarf að leggja fram minna fé, og einnig fyrir landið af sömu ástæðum. Þrátt fyrir þetta hefir meiri hlutinn þó ekki fallist á tillöguna.

Enn leggur h. þm. Ísf. (Sk. Th.) til, að fjárveitingin til Jóns Sveinssonar sé hækkuð um 50 kr.; það er helmingurinn af þeirri upphæð, sem h. Ed. lækkaði fjárveitinguna um. Eg gjöri ráð fyrir að það muni ekkert kappsmál verða á neina hlið, hvað ofan á verður.

Nefndin heldur fast við, að Halldór Lárusson fái 400 kr. hvort árið, en ekki 600 kr. að eins fyrra árið. Hún hyggur að starfi hans sé þannig háttað, að fjárveitingin komi þannig að betri notum, og vil eg því mælast til, að h. deild fallist á tillögu nefndarinnar.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) á hér eina breytt., sem fer fram á það, að veita leikfélagi Eskifjarðar dálitla fjárupphæð. Mér er það kunnugt, að félag þetta á heiður og þökk skilið fyrir starf sitt; það var stofnað og því hefir verið haldið áfram með dugnaði og þolgæði dæmafáu hér á landi. En af því að eg býst við að h flutningsm. (S. G.) muni mæla með tillögunni, þá skal eg ekki tala fleira um hana.

Aftur leggur nefndin það til, að styrkurinn til Ólafs Rósenkranz til leikfimiskenslu falli burt. Eftir því sem sést á bænarskrá, sem maður þessi hefir sent h. ed. um málið, ætlast hann ekki til að fá borgun fyrir sjálfa kensluna, hana muni hann veita ókeypis, en að fénu eigi að verja til að borga með ljós, hita, ræsting, áhöld o. s. frv. Það sést á bænarskránni, að um 40 manns hafa notið kenslu þeirrar, sem hér er farið fram á að styrkja. Eg held að útgjöld félags þessa hljóti að vera lítil; eg hefi heyrt, að það hafi fengið að nota leikfimishús og áhöld latínuskólans ókeypis, og þegar kenslan sömuleiðis er ókeypis, þá getur ljós, hiti og ræsting ekki kostað neitt stórfé, og eg vil spyrja: Getur félag ungra manna ekki kostað þetta lítilræði? Eg hefi fyrir satt, að í félaginu séu efnaðir menn eða efnaðra manna synir, að minsta kosti ættu þeir að geta borgað fyrir sig. Og er það nú eiginlega vert að vera að styrkja leikfimi og annað nám, á meðan nemendur vilja ekkert leggja í sölurnar til að afla sér þess?. Í öllu falli vil eg ráðleggja leikfélagi þessu að kynna sér leikfélag Eskifjarðar og það sem það hefir lagt í sölurnar; það kynni þó að verða til þess, að það kæmist að þeirri niðurstöðu, að fyrst um sinn ætti það að geta starfað án styrks úr landssjóði. Eg segi þetta ekki af því, að eg unni ekki leikfimi og telji hana ekki hina nytsömustu list, heldur af því, að mér virðist hér koma fram sá hugsunarháttur, sem bráðnauðsynlegt er að venja þjóðina af. Eg verð að telja háttv. ed. mislagðar

hendur, er hún samþykti sama daginn styrk til leikfélags þessa, sem hún feldi styrkinn til leikfélags Eskifjarðar. Því að mér er óskiljanlegt, að menn í Reykjavík eigi að vera mældir á annan mælikvarða en menn annarsstaðar á landinu, en þótt sorglegt sé, er ekki til neins að dyljast þess, að svo virðist stundum vera

Þá vill háttv. þingm. Vestm. (V. G.) fella burtu styrkinn til hússtjórnarskólans. Um þennan styrk hefir áður verið rætt hér í deildinni og hann feldur, en nú hefir háttv. Ed. sett inn í frv. 800 kr. f. á. og er ætlast til að því sé varið til þess að kaupa áhöld o. s. frv. Nefndin getur ekki greitt atkv. með þessari till., þótt skólinn sé nú kominn á stofn og verði vonandi með tímanum svo arðsöm stofnun, að hann ætti að geta borið sig, þá er þess að gæta, að hann er enn í talsverðum skuldum fyrir áhöld og annan stofnunarkostnað, og virðist því rétt, að hann fái nokkurn styrk í bráð, þar sem hann annarsvegar verður að teljast líklegur til gagns og þrifa

Eg get ekki verið með brtill. háttv. þm. Árn. við 15. gr. Þessi fjárveiting hefir staðið gegn um allar umræður í báðum deildum og enginn mælt á móti; þykir mér því óviðkunnanlegt að þessi till. hefir komið fram. Nefndin getur ekki fallist á hana.

Þá eru till. við 18. gr.; 2 þeirra eru um lán til Reykjavíkur til hafskipabryggjugerðar, og um lán til mjólkurbúa og hafa þær áður verið samþyktar hér í deildinni; og þótt sagt sé, að landssjóður sé ekki því vaxinn, að veita þetta lán alt, þá er þó að minsta kosti óskaðlegt að hann hafi heimild til þess, ef til kæmi að lánsins væri óskað og féð væri þá til.

Loks er brtill mín um lán til að kaupa lóð fyrir grafreit handa Reykjavík. Um hana hefi eg áður talað, og vona eg að hún verði til að gjöra málið mildara og aðgengilegra.

Landshöfðingi: Eg get verið samþykkur háttv. framsm. nefndarinnar (J. J., þm. Eyf.) um margt það, er hann tók fram viðvíkjandi meðferð háttv. Ed. á fjárlögunum og eins um hitt, hvaða reglu ætti að fylgja við meðferð þeirra hér. það hefir farið nú eins og stundum fyr, að komið hefir slík skæðadrífa af breytingartillögum við eina umr. hér í deildinni, að við borð liggur að menn drukni í henni, því bæði hafa gamlar áður feldar brtill. verið vaktar upp aftur og nýjar bætst við. Það er leiðinlegt, að hin háttv. fjárlaganefnd hefir ekki getað fengið tækifæri til að kynna sér þær allar, svo hinn háttv. framsm. gæti sagt afdráttarlaust álit nefndarinnar um hverja einstaka þeirra, en það hefir hann ekki getað; vanalega hefir hann orðið að segja: meiri hluti nefndarinnar, og hafi honum orðið á að segja: nefndin, hefir oftast gollið við úr ýmsum áttum: meiri hlutinn. Eg man ekki eftir, að nefndin hafi á fyrri þingum nokkurn tíma haldið eins lítið saman eins og nú á þessu þingi. Áður var þetta öðru vísi; þá hélt nefndin venjulega saman og dró mikinn hluta þingdeildarinnar með sér, en nú ber það eigi allsjaldan við, að nefndarmenn greiða atkvæði hver gegn öðrum, og hinir aðrir þingdm. fylgja þeim á víxl. Samheldnin hefir þar ekki verið eins mikil og æskilegt væri og miklu minni hér í deildinni en í háttv. Ed.

Mér líst nú ekki sérlega vel á sumar af þessum brtill., og það er athugavert, að tekjuhallinn er altaf að aukast; Þetta verð eg að telja háskalegt. Við umr. um annað mál hér í deildinni,

sem sé bankamálið, var það oft tekið fram af ýmsum háttv. þm., að voði væri á ferðum með fjárhag landsins. Þessu var reyndar mótmælt af sumum, en eg er hræddur um, að hinir háttv. þm. hafi ekki gert sér nægilega ljóst í hverju voðinn liggur. Hann liggur ekki í breyting á bankalögunum, en hann liggur í fjárlögunum. Tekjuhallinn er altaf að aukast við hverja umr.; útgjöldin aukast, án þess að tekjurnar aukist að sama skapi. Á þessu fjárhagstímabili verður tekjuhallinn um 150 þúsund kr, ef alt verður útborgað, sem gert er ráð fyrir, og þó má búast við, að á næsta fjárhagstímabili verði hann tvöfaldur við þetta. Það kalla eg voða, því eg sé ekki, hvernig á að fá það fé inn. Auðvitað má í bráðina taka viðlagasjóðinn til að borga tekjuhallann, en það er mjög viðsjárvert. Það væri leiðinlegt, ef þær spár rættust, sem komu fram í Ríkisdeginum, þegar talað var um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur, þá var því spáð, að Íslendingar mundu safna í viðlagasjóð á góðu árunum, en eta hann svo upp aftur á stuttum tíma, þegar þeir yrðu soltnir. Nú er ekki hart í ári, og væri því réttara að spara það sem hægt er og geyma féð, þangað til að þörf er fyrir það, eða að minsta kosti að eyða því ekki í ónauðsynleg útgjöld.

Þá vil eg minnast nokkuð á fáeinar brtill. Eg skal þá fyrst geta þess, viðvíkjandi brtill. nefndarinnar við 12. gr. A. 4. a. að eg legg ekki sérstaklega áherzlu á það mál. Eg kom fram með þessi ákvæði í Ed. vegna umr. þeirra, sem urðu um þetta mál hér í deildinni, en nú stendur það á litlu, einkum þar sem háttv. framsm. nefndarinnar hefir lýst því yfir, að nefndin vildi ekki að réttur póstmeistarans til að nota íbúðarherbergi í pósthúsinu, sé ákveðinn með lögum, en hefði hins vegar ekkert á móti því, að hann héldi þeim fyrir lága þóknun eða jafnvel ekkert, og við hið síðara mun eg halda mér.

Það er nauðsynlegt að póstmeistarinn búi í pósthúsinu, en herbergi þau, er hann hefir til afnota, eru svo lítilfjörleg, að ef hann ætti að greiða leigu af þeim, mundi hann heldur kjósa að búa annarsstaðar; en eins og eg hefi bent á, getur það oft komið fyrir að póstur komi um nótt, og væri póstmeistarinn ekki í pósthúsinu, yrði það til þess, að bæjarmenn fengju bréf sín seinna en annars. Seinustu brtill. nefndarinnar er eg ekkert á móti, af því hún er þýðingarlaus. Það kemur ekki til mála, að hægt sé að veita þetta lán. En hinsvegar er það leiðinlegt, að hin háttv. fjárlaganefnd virðist ekki hafa gert sér ljóst, hvernig fjárhagur landsins er, er hún tekur þessa till. upp aftur.

Næst kemur þá brtill. á þingsk. 519. Eins og greinin er orðuð nú, skil eg hana svo, að ef síra M. sækir um lausn frá embætti án þess að hafa læknisvottorð, þá fái hann þessar 2000 kr. sem eftirlaun, en geti hann lagt fram læknisvottorð, verði þau eftirlaun, sem hann á heimting á, bætt svo upp að þau verði 2000 kr. Mér skilst því að hann eigi að fá 2000 kr., hvort sem hann fær lausn með eftirlaunarétti eða ekki, og það álít eg nægilegt, því að meira hefir hann ekki sótt um. Eg kann ekki við aðferð þingsins, þegar það kemst í eftirlaun. Þjóðin vill helzt engin eftirlaun hafa, eða þá mjög lítil, en þingið ryður stundum í þá menn, sem um eftirlaun sækja, meiru en þeir hafa búist við. Í slíku er engin samkvæmni, og það er ekki rétt. Um brtill. um byggingarefnarannsókn, þingsk. 523, skal eg ekki bæta neinu við það, sem hinn háttv. framsm tók fram.

Eg skil ekki, að sú fjárveiting geti

orðið að neinum notum, að minsta kosti er hún ekki bráðnauðsynleg, og gæti því beðið. Auk þess er tillagan skrítilega orðuð, í tilliti til þess, hver eigi að verja þessu fé. Ef það er meiningin að láta landsstjórnina gjöra það, þá er það skrítið að binda hendur hennar svo, að hún sé skyld til að haga sér í því efni að öllu leyti eftir því, sem búnaðarfélag landsins vill ákveða. Heldur væri þó tiltök að láta búnaðarfélagið verja því sjálft, það er hvort sem er orðið eins konar átrúnaðargoð. Menn halda, að ef »Búnaðarfélag Íslands« gengst fyrir einhverju, þá sé engin hætta, því að alt verði að gulli í þess höndum; eg fyrir mitt leyti hefi nú ekki svo mikla trú á því; mér sýnist bezt að bíða og sjá hvernig það reynist; þess vegna sýnist mér nóg, að það fái þessar 6000 kr., sem efri deild hefir ætlað því, og svo þessa viðbót til mjólkurmeðferðar.

Styrknum til gróðrartilrauna, þingskj. 524, sem efri deild hefir strykað út, er eg eins mótfallinn eins og hún, en þar sem breyt.till. er fram komin frá landbúnaðarnefndinni, tel eg sjálfsagt, að hún verði samþykt, og skal eg því að eins gjöra þá athugasemd, að mér finst skrítið, að vilja hafa þessa gróðrartilraunastöð einmitt í nánd við Reykjavík, það er víst af því, að nágrennið hérna er svo frjósamt og vænlegt til gróðurs, mönnum gefur heldur en ekki á að líta, þegar menn ganga hérna um, holtin og melarnir. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að þessi stöð yrði sem lengst í burtu, og ætti hún að hafa lögbundinn stað, væri réttast að hafa hana á Hvanneyri. Að verja 20000 krón. úr viðlagasjóði til lána til mjólkurbúa er falleg hugsun — en ekki annað.

Þá er þingskjal 528 um tímakenslu í latínuskól. Ef þessi upphæð verður veitt, skil eg svo, að ætlast sé til, að borgun fyrir tímakenslu í latínusk. sé færð upp í 1 kr. um tímann, og að í annan stað skuli tímakennarar eins fá tímaborgun, þó einstöku tímar falli úr, t. d. þegar frí er, þannig, að tímakennari, sem kennir 24 tíma á mánuði, fái 24 krónur hvern mánuð, eins þegar t. d. jólafrí er. Eg tek þetta fram, til að háttv. þingdeildarmenn geti mótmælt því, ef þeim sýnist.

3 háttv. þingm. fara fram á, á þingskjali 330, að liðurinn um tjáraveitingu til kirkjugarðsstæðis falli burtu. Háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) skýrði svo mikið frá því máli, að þótt eg kæmi hingað með þeim fasta ásetningi, að leggja á móti þessari tillögu, þá skal eg játa, að hann hefir snúið mér í því máli.

Breyt.till. á þingskjali 546 er að minni hyggju alveg fullnægjandi. — Eg skal geta þess, að háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) vakti athygli á einu atriði, sem eg hefi ekki hugsað um, sem sé því, hvað orðið væri um gamla kirkjugarðinn, og eg get ekki neitað því, að háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) sannfærði mig, að minsta kosti í svip, um að landssjóður ætti þar eitthvað til góða, með því að hann er kirkjugarðseigandinn. En eg vil ekki tala mikið um það mál, því verið getur, að til séu einhver atriði, er gjöra kynnu tilkall landssjóðs veikara en það sýnist. — Er sé það svo, að landssjóður eigi gamla kirkjugarðinn, þá er lítið efamál að hann á heimting á, að bærinn leggi til að minsta kosti eins stóran reit, og þó það sé auðvitað ekki nóg, þá er það nokkur viðbót, og ætti þá lánveiting sú, sem farið er fram á í breyt.till. hins háttv. framsm. (J. J., 2. þingm. Eyf.), 6000 kr., að verða nægileg. En eins og ef hefi tekið fram, eru ekki nú fyrir hendi tæki til að rannsaka þetta, svo eg get ekki sagt um það með vissu.

Það ætlar ekki að verða endaslept með styrkinn til Gullbringu- og Kjósarsýslu. Háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) drap dálítið á sögu þess máls. Eg hefi ekki annað við þá sögu að athuga, en að háttv. efri deild gjörði að eins þá breytingu, að fella burtu skilyrðið, sem var þýðingarlaust, af því að meiningin var, að sýslan legði fram frá sér það sem hún hefir kostað til vegar, sem þegar er búið að leggja; var því sama hvort skilyrðið stóð eða ekki.

Nú vill háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) gjöra þennan styrk að eins konar jarðræktarsjóð, en eins og tillagan er orðuð, er þetta alveg ómögulegt, og það hefir háttv. flutningsmaður séð, þar sem hann vill flytja þessa veitingu yfir á 10. gr. C. 6, en það hefir aldrei þótt kurteist að setjast í annara sæti, og háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), sem er svo kurteis maður, hefði átt að gæta þess, að sætið er ekki autt, því þar situr fyrir styrkur til búnaðarrits, og mundi hans gæta lítið, ef þessi veiting settist ofan á, en eg kann nú ekki við, að reka þann styrk burt.

Auk þess vil eg gjöra þá athugasemd, að skilyrðið er þannig vaxið, að engin umboðsstjórn getur fullnægt því. Það stendur, að fátækustu mennirnir eigi að sitja fyrir vinnu, en hvernig í dauðanum á umboðsstjórnin að hafa gætur á því. Umboðsstjórnin getur ekki borgað út fé, nema skilyrðunum væri fullnægt, að fátækustu mennirnir hefðu unnið, að öðrum kosti mætti heimta veitinguna aftur, og færi þá með hana eins og styrkinn til Magnúsar Þórarinssonar hér í deildinni. Þess vegna verður annaðhvort að láta veitinguna standa, eins og hún er í frumv., eða láta þessa athugasemd falla burtu.

Úr því eg er að tala um vegafé, skal eg geta þess, að efri deild hefir fært fé til flutningabrauta úr 25,000 krón. niður í 20,000 kr. Meining efri deildar var, að engu væri varið til flutningabrautar í Eyjafirði, en þegar eg benti á, að leiðinlegt væri að hætta við þetta svona hálfgert, hélt efri deild því fram, að óþarfi væri að halda vegagjörðinni áfram, því náttúran hefði búið þar til flutningabraut á vetrum. Neðri deild ætlaðist til, að nokkuru af þessu væri varið til flutningabrautarinnar í Eyjafirði, en þá var öll upphæðin, sem ætluð var til flutningabrauta, 25,000 kr., en nú eru að eins ætluð 20,000 krón. til þeirra.

Eg vil því fá að heyra, hvort þessi deild ætlast til, að nokkuru sé varið til brautarinnar í Eyjafirði, eða eins og efri deild, að því sé öllu varið til brautar í Húnavatnssýslu. Ef svo færi, að þessi deild væri á öðru máli, þæktist landsstjórnin hafa frjálsari hendur, til að halda áfram með brautina í Eyjafirði, svo að hún yrði ekki gagnslaus.

Ólafur Briem: Eins og menn muna, kom eg, þegar fjárlögin voru hér til 2. umræðu, með breyt.till. um að verja 5000 kr. til að rannsaka byggingarefni landsins og til leiðbeininga í húsagerð. Hún fekk þá all-góðar undirtektir, en var svo aftur feld við 3. umr. Aðalorsökin til þess var, að mönnum þótti upphæðin nokkuð há og tillagan nokkuð óákveðin Eg hefi nú ásamt fimm öðrum þingmönnum leyft mér að koma fram með breyt.till. um þetta, þar sem upphæðin er færð niður í 3000 krónur og athugasemd er bætt við um, að fé þessu skuli varið eftir tillögum búnaðarfélags Íslands.

Háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) tók þessu vel, en hæstv. landsh. fór ómjúkum orðum um tillöguna, en einkum þó um athugasemdina, og vildi heldur hreint og beint láta veita Bún-

aðarfélagi Íslands þetta fé, ef á annað borð ætti að fá því í hendur umráð yfir fénu. En eg er ekki á sama máli um þetta. Komi stjórn Búnaðarfélagsins sér ekki saman um, að fénu verði varið til verulegs gagns, gerir hún engar tillögur um, hvernig því skuli verja, og þá verður það aldrei útborgað úr landssjóði, ef athugasemdin er þannig orðuð. Í sambandi við þetta skal eg með leyfi forseta lesa hér upp erindi frá stjórn Búnaðarfélagsins.

»Eftir ósk nokkurra þingmanna vottar undirrituð stjórn Búnaðarfélags Íslands, að svo framarlega sem alþingi veitir fé til að rannsaka byggingaretni landsins, og til leiðbeiningar í húsagerð, er stjórn Búnaðarfélagsins boðin og búin til þess, hvort sem vill að vera í ráðum með landsstjórninni um meðferð þessarar fjárveitingar eða sjálf ráðstafa henni sem bezt hún getur, og telur stjórn félagsins slíka fjárveitingu einkar nauðsynlega og tímabæra, enda hefir Búnaðarfélag Suðuramtsins haft samskonar verkefni með höndum.

Reykjavík 21. ágúst 1899.

H. Kr. Friðriksson, Þórh. Bjarnarson, Eiríkur Briem.

Til
alþingis 1899.

Þrátt fyrir ummæli hæstv. landsh. get eg ekki betur séð, en nöfn þessara manna séu trygging fyrir, að þessu fé sé ekki á glæ kastað.

Sumir hefðu ef til vill haldið, að landsstjórnin mundi verða fegin að þurfa ekki að vera ein um að ráðstafa þessu fé, því eins og menn vita, er stjórnin hlaðin störfum, svo hún getur varla sint þeim öllum, og mér finst því hún ætti að þakka fyrir, að fá þarna 3 góða menn sem ráðanauta.

Tilætlunin með fjárveitingunni er sú, að útvega hæfan mann til þess að ganga í þjónustu landsins, til að hrinda þessu máli áleiðis, og menn munu helzt hafa augastað á Sigurði Péturssyni verkfræðing, ef honum entist líf og heilsa. Hann ætti að ferðast um landið til að kynna sér húsaskipun og rannsaka þau efni, er menn byggja úr og jafnframt gefa mönnum upplýsingar um, ef einhverju væri hagað betur í öðrum landshlutum, og svo setja sig í samband við útlenda byggingarfræðinga, til þess að njóta góðs af þeirri reynslu, er þeir hafa fengið. Augnamiðið er að fá sem bezt húsakynni fyrir sem minst verð; að þau uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru til góðra hýbýla, séu heilnæm, súglaus og rakalaus, varanleg eða endingargóð, haganleg eða þægileg umgöngu, og enn fremur lagleg útsjónar, alt með sérstöku tilliti til þess, að byggingarnar verði sem kostnaðarminstar. Mér finst fyrsta sporið í þessa átt eiga að vera að afla sér þekkingar, en það er auðvitað ekki einhlítt, nema framkvæmd fylgi með.

Það má ef til vill koma með þá mótbáru, að efni skorti til framkvæmda, en á seinni árum hefir verið mjög mikill áhugi hér á landi á að bæta húsakynni, enda vonandi sá áhugi fremur þróist og vaxi, með því hann er sprottinn af, mér liggur við að segja, einni hinni göfugustu tilfinningu, að þeim líði vel, sem manni eru nánastir.

Ein hætta getur stafað af þessum áhuga, sú, að menn byggi yfir efni fram, og það því fremur þegar byggingarkostnaðurinn er ekki nákvæmlega lagður niður, áður en menn ráðast í bygginguna. En allir hljóta að sjá, að síður er hætt við því, ef áætlun er fyrirfram gerð yfir kostnaðinn, bygð á reynslu og nákvæmum rannsóknum.

Í sambandi við þetta skal eg taka fram, að með því ábúðar- og úttektarlögin eru mjög ófullkomin, má búast við, að ekki líði á löngu, að þau verði

endurskoðuð, og að sú endurskoðun gangi meðal annars í þá átt að tryggja betri húsabyggingar á jörðum. En jafnhliða slíkri lagabreytingu er nauðsynlegt að húsabyggingar fari ekki fram í annari eins ráðleysu og stundum hefir átt sér stað, svo að spornað verði við því fjártjóni, sem leiðir af því, að einn rífur niður það sem annar byggir upp. Eg verð að biðja menn að gæta þess, að hér er að eins um fáar krónur að ræða í sambandi við það, sem gæti sparast á öllu landinu, ef þessum styrk yrði vel varið, svo að árangurinn samsvaraði tilganginum, því þá mundi mega telja hagnaðinn ekki í tugum heldur hundruðum þúsunda. Hér við bætist sá óbeini hagnaður, að húsin mundu verða hollari bústaður en nú gjörist alment. Af því eg hygg þetta eitt af þýðingarmestu sporunum á framfarabraut þjóðar vorrar, vona eg að málið fái góðar undirtektir, og verði ekki að ágreiningsefni.

Klemens Jónsson: Eg á hér eina brt. á þingskj. 544 um að veita sjúkrahúsinu á Akureyri 1200 kr. styrk. Þessi styrkbeiðni er ekki ný; við 2. umr. þessa máls hér í deildinni lá fyrir breyt.-till., sem fór fram á að 2000 kr. væru veittar í þessu augnamiði, en hún féll með litlum atkvæðamun. Breyt.till. kom fram af því, að spítalinn er í fjárþröng, en hefir hlutfallslega ekki fengið eins mikið tillag úr landssjóði eins og t. a. m. spítalinn á Seyðisfirði. Sá spítali kostaði 15,000 kr. og fær 5,000 kr. tillag úr landssjóði, en Akureyrarspítalinn, sem kostar 25,000 kr., fær ekki heldur nema 5,000 kr. Hér hefir því komið fram bersýnilegt misrétti, sem mér sýndist ástæða til fyrir deildina að laga, og enn bersýnilegra er þetta misrétti, þegar þess er gætt, að landið ætlar að leggja fram helming af kostnaði til spítala á Patreksfirði, en einungis 1/5 hluta kostnaðar til Akureyrarspítala. Eg hefi þó ekki farið fram á sömu upphæð nú og í fyrra skiftið, ekki af því að 2000 kr. væru of mikið handa spítalanum, heldur af því, að eg álít ekki rétt að koma með sömu br.t. upp aftur og aftur. Það, sem einkum gefur mér góðar vonir um að þessi sanngjarni styrkur verði veittur, er það, að með landsspítalanum fá sýslurnar hér fyrir sunnan ókeypis spítala, en það voru einkum þm. úr þessum kjördæmum, þar á meðal meira að segja einn læknir, og það sá, sem mest barðist fyrir landsspítalanum, sem greiddi atkvæði á móti styrknum til Akureyrarspítalans. Eg þykist því gera góðverk við þessa þm., með því að koma fram með þessa brt., því mér þykir ólíklegt að menn, sem fá gratis spítala, setji sig á móti því, að þeir sem hafa kostað ærnu fé til spítala hjá sér, fái lítilfjörlegan styrk, en hér með gefst þeim nú tækifæri til að bæta þennan órétt.

Svo vildi eg víkja fáum orðum að flutningabrautunum. Ed. hefir gert sér þann sóma, að lækka mikið fjárveitinguna til flutningabrauta, og má ef til vill verja það í sjálfu sér, en ástæður Ed. til þessa eru þannig lagaðar, að eg get ekki látið vera að minnast á þær. Í nefndaráliti Ed. stendur, að draga megi að halda áfram með flutningabrautina í Eyjafirði, því þar séu góðir vegir. Eg skil ekki hvernig menn geta látið slíkt frá sér fara, þar sem flestir nefndarmenn eru ókunnir og vita þar af leiðandi hvorki hvort vegir þar eru góðir eða vondir. Aftur á móti veit eg, að einn nefndarmaðurinn er kunnugur í Eyjafirði, en eg skil ekki í, að hann með góðri samvizku geti sagt þetta um vegina í Eyjafirði, því eg get lýst því yfir, að það er langt frá að svo sé, og áður en farið var að bæta

vegina hérna í kring um höfuðstaðinn, var hvergi eins slæmur vegur eins og fram Eyjafjörðinn með köflum. Þetta er því beinlínis rangfærsla. Hvað hinni náttúrlegu flutningabraut viðvíkur, skal eg játa það, að stundum er akfæri á vetrum, en það er eins með Eyfirðinga og aðra menn, að þeir þurfa að flytja vörur á sumrin líka, og þar að auki kemur það fyrir, að akfæri bregst nærri algjörlega. Það sem kom mér til að minnast á þetta var það, að hæstv. lh. upplýsti í ræðu sinni, að það hefði komið fram við umr. í Ed., að meining deildarinnar hefði verið, að engu af því fé, sem veitt væri til flutningabrauta, skyldi varið til flutningabrautarinnar í Eyjafirði. Þetta finst mér óhyggilegt, að hætta svona við hálfnað verk og koma með því í veg fyrir að nokkurt gagn verði að því, sem unnið hefir verið. Mér finst Húnavatnssýsla vera fullsæmd af að fá það til að byrja með, sem afgangs verður, þegar búið er að gera flutningabrautina í Eyjafirði svo langa, að eitthvert gagn verði að henni, því það verða að líkindum 12—14 þúsund kr., eða sama sem Eyjafjarðarsýsla mátti byrja með, sem eftir verða handa Húnavatnssýslu, og þegar hætt verður í Eyjafirði, fær Húnavatnssýsla alt saman. Mér finst það meiningarleysa, að hætta við brautina í Eyjafirði, meðan hún er ekki komin lengra, og eg skal geta þess, að háttv. Nd. hefir beinlínis lýst því yfir, að hún vilji aðhyllast till. stjórnarinnar í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið. Þetta gerði hún, þegar hún með miklum atkvæðamun feldi till. frá h. þm. Húnv. um að verja öllu flutningabrautafénu í Húnavatnssýslu.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á brtill. á þingsk. 519. frá h. þm. Ísf. (Sk. Th.). Það er brtill., sem fer fram á, að ákveða dálítið skýrara um styrkinn til Matth. Jochumssonar. Hvað þetta snertir, þá skal eg geta þess, að eg votta háttv. þd., bæði Ed. og Nd., þakkir mínar fyrir það, hvað þær hafa tekið vel í þetta mál. Sérstaklega hefir háttv. Ed. ætlað að bæta úr, með því að orða þetta eins og hún hefir gert; en sjálfsagt hefir það orðið í ógáti, að athugasemd h. Ed. er þannig, að láti síra Matth. af prestskap án löglegra orsaka, fær hann 2000 kr., haldi hann áfram prestskap, fær hann 600 kr., eins og hann hefir nú, en fari svo að hann sækti um lausn með læknisvottorði, sem eðlilegast væri um svo aldraðan mann, þá fengi hann ekkert, hvorki þessar 2000 kr. né 600 kr. Úr þessu bætir brtill. h. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hún er í þessu tilfelli, sem eg nefndi, alveg nauðsynleg, og eg verð fastlega að mæla með því að hún verði samþ., til þess að taka af öll tvímæli, og þar sem h. d. hefir samþ. fjárveitinguna, og þar eru margir, sem unna þessum manni fyrir skáldskap hans, þá vona eg að þessi brtill. verði samþykt.

Þá vil eg minnast á viðaukatill. frá h. þm. A.-Sk. (J. J.) viðvíkjandi eftirlaunum til síra P. Guðmundssonar, sem eg vil mæla með; enda er hún í sjálfu sér ekki annað, en að hann fái að halda eftirlaunum sínum óskertum.

Þegar síra P. hætti prestskap, voru honum veittar í eftirlaun 500 kr., sem reyndar var hærra en hann átti heimting á; en þegar þess er gætt, að hann hafði um langan tíma þjónað einhverju hinu lélegasta útkjálkabrauði landsins, og einkanlega þegar tekið er tillit til þess, að honum var gjörður óréttur, þar sem honum hafði verið veitt það með fyrirheiti, en það fyrirheit haft að engu, þá átti hann skilið að fá þessi eftirlaun, og það því fremur sem hann

var sárfátækur. Eg hafði því ætlað mér að koma fram með till. um að hækka eftirlaun hans um 100 kr., en þar sem slíkar brtill. eiga ekki uppi á pallborði hjá þinginu, einkanlega þegar það er prestur. sem í hlut á, þá hætti eg við það. Að vísu væri hugsanlegt, ef það væri laust, létt og hægt og aðgengilegt brauð, að þessi maður gæti þjónað því, og að hann sækti um það; og það vill nú svo vel til, að slíkt brauð er til, nl. Staður í Súgandafirði, svo það er ekki ólíklegt, að síra P. sækti um það brauð. En eitt er víst, að honum er ómögulegt að lifa á því, sem hann hefir nú. *Eg get því ekki séð*, að það sé mikill skaði skeður, þó þingið samþykki þessa till., og að minsta kosti er eg glaður yfir því, að hún hefir komið fram, því hún hefir gefið mér tilefni til að minnast á þetta mál.

Tryggvi Gunnarsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með brtill., sem eg býst við að eigi táa liðsmenn og sé til dauða dæmd, eftir því sem mér heyrðist tekið undir það mál við 3. umr. fj.l.; einkum var það háttv. framsm. (J. J., þm. Eyf.), sem var nýlega að tala um, að hann skildi ekki í því, að eg hefði verið að koma með þessa brtill. aftur inn í þingdeildina, eins og því var tekið við 3. umr. fjárlaganna. Eg ætla að svara háttv. framsm. með sömu orðum, sem hann sjálfur hafði um aðra till., sem hann var flutningsmaður að. Hann sagði: »Eg kom með þessa brtill. til þess að háttv. þingm. ættu kost á að bæta úr því, sem þeim hefir áður misýnst«. Eg kem einmitt líka með þessa brtill. í sama skyni. Meiningin með brtill. er sú sama, sem eg fór fram á, þegar málið var hér til 3. umr. Eg sagði þá að till. stjórnarinnar væri svo viðsjárverð, af því ekki væri ákveðið, hve mikið landið alls ætti að leggja til. Í henni er farið fram á 75,000 kr. veitingu, en ekki talað um það, hvort aftur eða framvegis þurfi aðrar 75,000 kr. til að kom þessum fréttaþræði yfir landið. Sumir álíta, að ef brtill. mín kæmist að, þá muni hún eyðileggja fyrirtækið. En þetta er viðbára ein og hugarburður. Það er ekki líklegt, að stórt félag, sem ætlar að ráðast í fyrirtæki, sem kostar fleiri milljónir, hætti við það, þótt nokkurar þúsundir kr. vanti. En sem sagt, ef þingið þorir að leggja þetta á landið, þá er það ekki mín sök; eg fann skyldu mína að koma fram með brtill.

Þá er brtill. á þingsk. 535, sem fer fram á fjárveiting til að búa til spjaldskrá yfir landsbókasafnið. Það er ein af þessum upphæðum, sem er dálítið viðsjárverð og dregur dilk eftir sér. Ef upphæðin er veitt nú til að byrja með, þá þarf framvegis í fleiri þing að veita fé til þessa, því þetta er mikið verk, sem ekki er til neins að byrja, ef ekki er haldið áfram. Þetta getur orðið á endanum eins margar þúsundir, eins og stungið er nú upp á hundruðum króna. Komi það fyrir, sem verið er að tala um, að bókasafnið verði flutt, þá eru þessar spjaldskrár því nær ónýtar, því þá þarf aftur að breyta eftir nýrri niðurröðun í nýrri byggingu.

Þá hefi eg á þingsk. 533 eina brtill. Það er um styrk til að bæta innsigling og höfn á Stokkseyri. Fjárl.nefndin kom með þessa till. og deildin samþykti hana, en háttv. Ed. hefir komið sér saman um að breyta þessu, hvort sem það hefir verið af sparnaðarhugmynd eða af því að þeim eru ekki kunnugir málavextir. Stokkseyri vex fljótast af öllum bæjum á Suðurlandi; það er eins og það væri í Ameríku; hún hefir vaxið um $^3/_4$ á örfáum árum. Eins og háttv. þm. er kunnugt, er á allri suðurströndinni hafnalaust, nema á Eyrarbakka

er höfn, sem notuð hefir verið í mörg ár af þeim kaupmönnum, er þar hafa rekið verzlun. En auk þess að höfnin er vond, er hún svo lítil, að varla geta legið þar fleiri skip en þau, sem föstu verzlaninni heyra til, sízt svo, að þau geti legið í festum, sem festar eru í sker, en það er nauðsynlegt á þeirri höfn. Kaupfélag Árnesinga og Rangæinga var því í vandræðum, þar til reynt var að nota Stokkseyrarhöfn. Það er félögunum og þar af leiðandi verzlun að þakka, að Stokkseyri hefir vaxið svo fljótt.

Eg vona því að þeir af þingm., sem riðnir eru við kaupfélög, gefi till. minni atkvæði sitt, svo pöntunarfélögin séu ekki í hættu vegna hafnleysis. En sé ekki gert við höfnina, þá er tvísýnt að sjóskaðaábyrgð fáist fyrir skip, sem þangað eiga að fara

Þá er það ein brtill. frá nefndinni, sem eg vildi fara nokkrum orðum um, því að fjárl.nefndin gjörði það meira fyrir mín orð að koma fram með hana, en að þetta atriði sá áhugamál hennar. Lán þetta á að vera til þess að byggja hafskipabryggju hér í Reykjavík. Þingið hefir áður veitt 90 þús. kr. til þess, en bæjarstjórnin sá sér þá ekki fært að leggja út í fyrirtækið; nú er aftur vaknaður talsverður áhugi að byrja á því, og verið að gjöra teikning í útlöndum, sem eg vona að komi í næsta mánuði. Ef bæjarstjórnin sér sér fært að leggja út í þetta fyrirtæki, þá er leitt, ef ekkert fé er fyrir hendi, þegar teikningin kemur. Það er bæjarstjórnin að vísu, sem sækir um þetta, en í raun og veru er það hafnarsjóðurinn, sem ætlar að byggja bryggjuna. Sá sjóður er ekki fátækur, hann á um 45 þúsund kr. og brúkar auðvitað alt það fé, áður en hann færi að brúka þetta lán; það getur svo farið, að bærinn þurfi ekki að brúka svona mikið lán, kannske ekki nema 45—50 þús kr., en þessi upphæð, 90 þús kr., er sú sama sem áður var veitt. Eg er einn í hafnarnefnd og álít að þetta sé eitthvert mesta framfaraspursmál, bæði fyrir Reykjavík og landið í heild sinni. Þegar hafskipabryggja er komin, þá kemur hér sjálfsagt »Oplagsplads« eða vörugeymslustaður, og þaðan verða svo vörurnar sendar með strandferðabátunum kringum landið, þá fyrst fara strandferðirnar að bera sig. Það er ekki lítil upphæð, sem árlega er tekin hér í hafnargjöld af skipum, sem hingað koma, en til þessa tíma er ekkert gjört fyrir skipin, höfnin er ekki betri nú en hún var fyrir 100 árum. Það er hart fyrir skipaeigendur að borga hér árlega há gjöld, en fá ekki krónu virði til hæginda eða tryggingar fyrir skipin í staðinn; þetta má ekki lengur svo ganga, og að því verður alþingið að styðja.

Í gær var hér lögð á lestrarsalinn áskorun, með fjölda undirskriftum bæjarbúa, viðvíkjandi sölu á litlum bletti hér við Arnarhól fyrir lítla fjárupphæð og óhætt er að telja með minstu smámálum á þingi. Mér hefði nú sýnst betur fara, að bæjarbúar hefðu sýnt áhuga í því að senda áskorun til þingsins um að leggja fé til kirkjugarðsstæðis, og lána fé til þess að koma hér á hafskipabryggju og landsspítala. Þetta eru mál, sem varða bæinn miklu, en á þau er ekki minst með einu orði af bæjarbúum, heldur er allur krafturinn spentur fyrir ekki að selja ½ dagsláttu blett í bænum, sem öllum má standa á sama um; út af þessu er alt í uppnámi, en þau 3 mál, sem áríðandi eru fyrir bæinn, eru látin af-

skiftalaus; eg vona að þingið láti sér vítin að varnaði verða og taki málið rólega og kapplaust.

Þá eru aðeins 2 atriði enn þá af brtill. nefndarinnar á þgskj. 514, sem eg vildi fara nokkurum orðum um. Hinn h. framsm. (J. J., þm. Eyf.) mintist á styrkinn til þess að gefa út bækling með myndum og kortum fyrir Parísarsýninguna, og var hann honum meðmæltur; eg þarf því lítið um hann að tala. Að eins vildi eg bæta þeirri skýringu við, að stjórn grænlenzku verzlunarinnar ætlar að gefa út bækling í sumar til þess að vekja eftirtekt annara þjóða og útbreiða þekkingu á landinu og þjóðinni. Slíkt hið sama ætla Færeyingar að gjöra. Það væri því hrapallegt og landinu til vansóma, ef Íslendingar einir yrðu eftirbátar í því efni. Það sýndi þá sömu deyfðina og dáðleysið, sem verið hefir undanfarin ár, að láta sig engu skifta sýningar í nábúalöndum, sem flestar eða allar aðrar þjóðir hafa tekið þátt í og lært mikið af. Mér þætti mjög leitt ef það, sem sýnt verður á sýningunni frá Grænlendingum, verður tekið fram yfir það, sem frá Íslandi kemur, og þeir væru álitnir standa okkur framar; slíkt yrði þjóð okkar til vansæmdar. Meiningin er að gefa út skrautrit með myndum og kortum, til þess að útbreiða þekkingu á landinu. Og mun textinn til myndanna verða tekinn að miklu leyti úr Salómonsens Konversationslexikon, þar sem skýrt er frá fjárhag, landsháttum og mentunarástandi þjóðarinnar, alt ritað af íslenzkum rithöfundum.

Þá er á sama þgskj., 514, brtill. í þá átt, að fella burtu styrkinn til Björns Kristjánssonar til þess að koma á fót tígulsteinsverksmiðju og þakhellugjörð og er eg henni samþykkur. Eg hefi séð sjálfur, að þessi hella getur ekki reynst vel, því þegar hún er lögð í vatn, þá leysist hún upp og verður að leðju. Eg álít heppilegra, eins og meining nefadarinnar var fyrst, að veita ákveðna upphæð í þessu skyni, sem ekki er bundin við nafn, svo hver, sem vildi, gæti sótt um styrkinn, en ekki að veita hann beinlínis nafngreindum einstökum manni. Að öðrum kosti liti svo út, sem þingið þættist fært til að dæma um, að þessi eini maður væri öllum öðrum hæfari til að koma verki þessu til framkvæmda og verðugastur til að njóta styrksins, en eg álít langt vera frá að svo sé. Þessi maður hefir heldur ekki komið þannig fram í sumar, að þingið hafi sérstaka ástæðu til að ausa til hans gjöfum. Eg segi það satt, að mér hefir ekki fallið ver atkv.greiðsla, heldur en þegar háttv. Ed. um daginn samþ. að veita þessum manni 2500 kr. að gjöf, sama daginn, sem hann gefur út og útbýtir flugriti í þeim tilgangi, að koma landsbankanum, sem er eign þjóðarinnar, í gjaldþrot, og reyna til að gjöra hann sem tortryggilegastan í augum almennings. Að veikja traust á banka hvers lands sem er, er svo hættulegt og getur valdið svo miklu þjóðarböli, að enginn vandaður maður, sem vill landi sínu vel, gjörir slíka fúlmensku. Og hvernig er svo þetta skjal? Það lýsir því, að maðurinn hefir ekki vit á einfaldasta bankareikningi, eða hann vísvitandi segir ósatt. Fyrst og fremst er það ósatt, þar sem segir í fyrirsögn ritsins að þetta sé álit »nokkurra kaupmanna í Reykjavík«, því eg hefi í höndum hér skjal, hvar á hafa ritað hver einasti núlifandi maður, sem hefir fengið borgarabréf hér í Reykjavík, að B. Kr. undanskildum, að þeir ekkert hafi vitað um þetta flugrit og eigi engan þátt í því. Í öðru lagi er það ósatt, að ástæða sé til að óttast fyrir »að ekki verði hjá því kom-

ist, að bankanum verði lokað«. Þetta má sýna með hans eigin flugriti. Hann viðurkennir að bankinn eigi í útlendum verðbréfum 338,757 kr., og svo gjörir hann ráð fyrir að seld verði verðbréf fyrir 100 þús. kr., til að reyna að bjarga bankanum; eftir verða þá 238,757 kr., sem hann segir að bankinn sé skyldur að hafa liggjandi í varasjóði. En svo kemst hann að þeirri niðurstöðu, að bankann vanti 180 þús kr. til þess að »komast hjá því, að honum verði lokað«. Látum svo vera að bankinn skuldi 180 þús. kr. Hann hefir því til tryggingar liggjandi í varasjóði bankans 238,757 kr. í verðbréfum. Eftir B. Kr. eigin reikningi á bankinn þannig að verða gjaldþrota, af því hann vantar 180 þús. kr., en hefir í kgl. skuldabréfum 238 þús. kr. liggjandi í skúffunni; fleira er þessu líkt.

Skrifar nokkur maður svona, sem er ant um sóma sinn og velliðan ættjarðar sinnar? Eg held ekki. Það er ekki honum að þakka, þó að þetta og tvö önnur flugrit hans, sem komið hafa út um bankann næstliðinn hálfan mánuð, verði ekki til skaða, heldur er það stillingu landsmanna að þakka, að þeir hlaupa ekki eftir slíku og þvílíku hugsunarlaust. En kæmi slík rit út í Frakklandi og annarsstaðar, þar sem blóðið rennur fljótt um æðarnar, hefðu þau getað valdið uppþoti og miklu tjóni. Er það nú ekki hörmulegt, að sama daginn, sem þetta skjal kemur út, samþykkir meiri hluti efri deildar að gefa þessum manni 2500 kr.; tiltæki hans er landráðum næst, eg vona að þessi h. Nd. feti ekki í fótspor Ed. Þessi maður, sem hefir gjört annað eins og þetta, að svívirða og skaða stofnun landsins, bankann, sem öllum á að vera ant um, hann á ekki skilið styrk af landsins fé og er eg því fastráðinn í að vera þessari fjárveitingu algjöringa mótfallinn.

Jón Jensson: Eg ætla að nota tækifærið, úr því enginn biður um orðið, til þess að fara nokkurum orðum um atriði, sem eg er viðriðinn. Það hefir áður verið minst á þetta svo kallaða kirkjugarðsmál, en það er nú komið í gott horf, og betra en þegar það var síðast hér í deildinni, því h. efri deild hefir fært inn í frumv. 8000 kr. fjárveitingu til að kaupa fyrir kirkjugarðsstæði handa Reykjavík, og er ástæða til að halda, að neðri deild hafi áttað sig svo á málinu, að hún líti nú alt öðrum augum á málið en áður, og ræð eg það af því, að komin er breyt.till. frá háttv. þingm., sem áður var málinu mótfallinn, um að veita stjórninni heimild til að lána 6000 kr. af landssjóði handa dómkirkjunni til þess að kaupa fyrir kirkjugarðsstæði, og gjöri eg ráð fyrir, að háttv. deild hafi ekki á móti þessari tillögu, hvað sem hún gjörir við fjárveitinguna í frumv. frá h. efri deild. En þar sem lánsupphæðin, sem farið er fram á að fá til kirkjugarðsstæðisins, er lægri en fjárveitingin var upphaflega, og eg er hræddur um, að lánið geti fyrir það reynst of lítið, þá hefi eg nú komið fram með breyt.till. um, að lánsupphæðin sé færð upp í 8000 krónur, og vona að háttv. deild verði með þessari breyt.till., sérstaklega með tilliti til þess, að engin hætta er á því, að lán það, sem um er að ræða, verður ekki haft meira en þarf, enda hefir hæstv. landsh. lýst því skýrt yfir bæði hér og í h. efri deild, — eg heyrði á ræðu hans þar — að hann mundi fara svo varlega í fjárbrúkun þessa, sem unt væri.

Það var ein mótbára, sem h. framsögum. (J. J., 2. þingm. Eyf.) hreyfði í sambandi við þetta mál, þar sem hann mintist á gamla kirkjugarðinn, sem var

lagður niður 1837. Hann gat þess, að þessi gamli kirkjugarður væri nú notaður sem eign bæjarins, og sagðist hann ímynda sér, að það mætti líta svo á, sem kirkjan ætti þar til góða hjá bænum andvirðið fyrir hann.

Eg skal geta þess, út af þessu, að þessi hugsun h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) að hér sé skuld hjá bænum, mun ekki á rökum bygð. Þessi gamli kirkjugarður var á kaupstaðarlóðinni, sem var gefin bænum, og þar sem engin undanþága var gjörð, hvað hann snerti, var hann að sjálfsögðu fólginn í gjöfinni, nema hvað kvöðin, að vera notaður sem grafreitur, hvíldi að sjálfsögðu á honum, meðan hann entist til. Svo þegar kirkjugarðurinn var útnotaður sem kirkjugarður, hefir hann fallið aftur til bæjarins.

Þessi skoðun mín styrkist við konungsúrskurðinn 1837, því þar er það viðurkend skylda ríkissjóðs, að útvega honum nýjan grafreit, en ekki minst á endurgjald frá bæjarins hálfu fyrir hinn niðurlagða kirkjugarð. Maður getur líka hugsað sem svo, sem bærinn hafi lagt til ókeypis þann kirkjugarð, sem nú er notaður í staðinn fyrir hinn gamla. Það er því augljóst, hvernig sem á er litið, að krafa um endurgjald fyrir gamla kirkjugarðinn er alveg úr gildi gengin. Það er heldur ekki vandi í viðskiftum manna á meðal að koma eftir 50—60 ár og segja: »Eg gleymdi að áskilja mér endurgjald fyrir það, sem eg lét af hendi við þig«.

Þetta álit mitt er reyndar ekki bygt á nákvæmum eða óyggjandi rannsóknum, heldur að eins á ályktunum 1837 frá því, sem kunnugt er um þetta kirkjugarðsmál, en eg efast ekki um, að hæstv. landsh., eins og hann tók fram að þyrfti, eða stjórnin, muni rannsaka mál þetta, og láta krefja bæinn um endurgjald, ef það sýnir sig, að um fjárkröfur á hendur honum er að ræða, og yrði þá lán það minna, er þarf af landssjóði.

Þá er að minnast á breyt.till. h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um athugasemdina við ritsímann. Eg ætla að greiða atkvæði með þessari breyt.till., af því eg álít þann kost við hana, að þar er sett fast og ákveðið tillag úr landssjóði, en eg vil ekki að stjórnin hafi heimild til að leggja fé út í landsímalagninguna, nema víst sé að áætlunin, sem gjörð hefir verið um kostnaðinn, sé nokkurn veginn áreiðanleg. Því að það, sem kostnaðurinn fer fram úr áætlun, á landssjóður að bera einn, og getur það orðið mikið fé.

Þingið, sem veit hvernig fjárhagur landssjóðs er, ætti að vilja fara gætilega í fjárveitingu þessa. Því hér getur verið stór hætta á ferðum, þar sem möguleg skekkja getur munað ákaflega miklu; yrði skekkjan t. d. 1/4 eða 1/3 af áætluninni, þá gæti munað um 100 þúsund kr., sem lenti alt á landssjóði. Og þegar tekjuhallinn á fjárlögunum verður líklega að meðtöldum lánveitingum um 300 þús. kr., eins og hæstv. landsh. benti á, og þegar menn ráðast í önnur eins fyrirtæki, eins og gjört hefir verið á þessu þingi, svo sem klæðaverksmiðju, læknafjölgun, brúargjörðir og fleira, og allir tala um stórkostlegt peningaleysi í landinu og bankavandræði, eins og alt sé um koll að keyra, þá væri full ástæða til, að fara svo varlega sem unt er.

Eg sé heldur ekki, þó þessi tillaga sé samþykt, og lagning landsímans bundin við vissa upphæð, að slíkt geti orðið til neinnar hættu fyrir sæsímann. — Afleiðingin verður að eins sú, ef stjórnin getur ekki fengið landsímann fyrir þetta, þá verður sæsíminn lagður til Suðurlandsins, og yrði það einmitt hið æskilegasta fyrir þetta land, því þá leidd-

umst vér að því, að koma á hjá okkur stöðvum fyrir símalaus skeyti á landi. Væru ekki símar hafðir á landi, heldur símalausar stöðvar, þá gætu menn fyrir þessar 75,000 kr., sem eiga að ganga til landsímans, — en sem vel að merkja gætu orðið 175,000 krónur — þá gætu menn fengið 37 símalausar stöðvar út um landið með því verði, sem nú er á slíkum stöðvum, og gætu þær náð yfir töluvert af landinu, ef ekki alt landið. Þegar menn athuga þetta, ættu menn ekki að vera mjög fíknir í að ráðast í landsíma fyrirtækið, sem er mjög tvísýnt, þar sem landsíminn mundi gera það að verkum, að sambandið við Reykjavík mundi slitna um lengri eða skemri tíma ársins, án þess hægt væri að gera við, og finst mér ekki vert að kasta óákveðinni upphæð út í slíkt.

Þá er lítil tillaga frá mér um, að Leikfélagi Reykjavíkur verði veittar 300 kr. móti því, að bæjarfélag Reykjavíkur leggi til helming á móti því. — Þessi upphæð er svo lítil, að vonandi er, að hún mæti ekki mótspyrnu.

Þingið veitir fé til málara og myndasmiða erlendis, en hér er að ræða um innlenda list, sem heldur áfram og verður hér, hvort sem henni er veittur styrkur eða ekki, en vel að merkja, þroskast ekki eins, ef hún er ekki styrkt. Eg vona því, að háttv. deild verði með þessari breyt.till.

Um lánið til hafskipabryggjunnar ætla eg ekki að tala, því h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) hefir minst á það, hve mikil nauðsyn væri á henni. Það eru að vísu fremur lítil líkindi til, að lánið verði brúkað, en þó er nauðsyn á, að lánið verði heimilað, ef bæjarstjórnin sæi sér fært að ráðast í fyrirtækið, sem þýðingarmikið fyrir alt landið, ekki síður en Reykjavík.

Þá ætla eg að minnast á breyt.till. við fjárveitinguna til síra Matthíasar Jochumssonar frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og get eg ekki fallist á hana, því að það leiðir af henni, að ef síra Matthías Jochumsson fær lausn, þá á hann að fá 2000 kr., og þar að auki vanaleg eftirlaun.

Mér finst, eins og hæstv. landsh. sagði, að þingið fari að verða heldur óspart á eftirlaunum, og gæti slíkt leitt til ójafnaðar og óþægilegs samanburðar; t. d. er hér merkur uppgjafa embættismaður í Reykjavík, sem var í embætti yfir 40 ár og stóð vel í stöðu sinni, og hefir einnig á annan hátt unnið landi sínu og bæ gagn. Þessi maður fær þó að eins 2100 krón. í eftirlaun, en síra Matthías Jochumsson fengi eftir þessu 2300 krónur, og mætti nefna fleiri slík dæmi. Mér finst líka, að síra Matthías Jochumsson sé fullsæmdur af að fá 2000 kr. eftirlaun.

Þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að skilyrðið í frumv. leiddi það af sér, að ef síra Matthías Jochumsson fengi lausn eftir læknisvottorði, þá mundi hann hvorki fá 2000 kr. né 600 krón., þá er það ekki rétt. Í frv. stendur, að síra Matthías Jochumsson eigi að fá 2000 krón., án þess skilyrðið fyrir embættislausn sé til staðar, en þá mundi engri stjórn detta í hug, að veita ekki fé, þótt skilyrðið væri til staðar, enda hefir hæstv. landsh. tekið fram, að hann skildi tillöguna þannig.

Fjárveiting þessi, eins og hún stendur í frumv., leiðir til þess, að ef síra Matthías Jochumsson fær lausn frá embætti, hvort sem það er eftir læknisvottorði eða ekki, fær hann 2000 kr., en ekki eftirlaun, en þau verða dregin frá upphæðinni, ef lausnin er eftir læknisvottorði, og það álít eg rétt, og mun því greiða atkvæði móti breyt.-till.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Eg ætla að geta þess, áður en meira er rætt, að hér eru 4 tillögur, sem farið er fram á að setja inn í frumv. eða fella úr því, og sem hafa verið samþyktar áður í einu hljóði.

Eg vil vekja athygli á, hverjar þær eru, til þess að koma í veg fyrir, að mikið kapp verði sett í þær.

Fyrst eru 2 tillögur frá h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) önnur um 5000 kr. til hafnarinnar á Stokkseyri, en hin um samning spjaldskrár landsbókasafnsins. Hvorttveggja þetta hefir verið samþykt í einu hljóði í háttv. efri deild, og gæti því orðið til þess, að vekja kapp á milli deildanna. Hinar till. eru um að hækka búnaðarfélagastyrkinn úr 18000 kr. í 20000 kr., og að setja inn aftur Leikfélag Reykjavíkur, en hvorttveggja þetta er gagnstætt því, sem samþykt var í efri deild í einu hljóði, og vildi eg einnig vekja athygli á því.

Pétur Jónsson: Eg er riðinn hér við breyt.till., og því neyðist eg til að lengja umr. Fyrst eru breyt.till. frá búnaðarnefndinni, sem eg vona, að eg þurfi ekki að mæla mikið með, því þær eru í samræmi við vilja h. deildar, eins og hann kom fram hér áður við 2. umr., og auk þess er þeim svo varið, að h. Ed. mun ekki gjöra þær að deiluefni, að minsta kosti tvær þeirra. Búnaðarnefndin hefir líka slakað til á báðum till., til þess að eiga kost á samvinnu við h. Ed. Nefndin er viss um, að h. Ed. hefir klipt af styrknum til landbúnaðarins að eins af því, að henni hefir þótt hún þurfa að minka tekjuhallann; henni hefir, eins og von er, fundist hann nokkuð mikill í frumv. En þar sem hún vill taka 13000 kr. af landbúnaðinum einum, sem hefir ekki mikið fé til umráða, þá er ástæða til að það sé lagað aftur að nokkru; hefir nefndin því farið miðlunarveg og stungið upp á að setja inn aftur 5500 kr.

Hæstv. landsh. hefir minst á þetta atriði, og er á honum að heyra, sem hann sé ekki hlyntur breyt.till. nefndarinnar, og verð eg að lýsa óánægju minni yfir því, að geta ekki notið aðstoðar hans í þessu máli eins og skyldi. Hann vildi ekki veita búnaðarfélagi landsins mikinn styrk að svo stöddu, heldur láta það fyrst sýna sig. En eg vona að fé því, er því verður fengið í hendur, verði ekki á glæ kastað, því það má geta þess, að í stjórn þess eru menn, sérstaklega einn, sem staðið hafa lengi fyrir stjórn búnaðarfélags Suðuramtsins; ber eg eins mikið traust til þessarar stjórnar eins og þó vér hefðum ráðaneyti. Að því er ábyrgð félagsstjórnarinnar snertir í samanburði við ráðgjafa, þá er hin siðferðislega ábyrgð eins mikil og nokkurs ráðaneytis, enda má telja víst, að yrði ráðaneyti nokkurn tíma stofnað hér á landi, mundi búnaðarráðaneyti tekið úr stjórn búnarfélags landsins. Búnaðarþingið er líka til tryggingar búnaðarfélagsstjórninni, og ræður yfir fé því, sem félaginu er veitt; á því sitja margir þm., og hefir það því líkum kröftum á að skipa og alþingið. Eg vona og óska, að það eigi fyrir búnaðarfélaginu og hæstv. landsh. að liggja, að vinna saman um mörg ár, og að það reynist, að því fé verði ekki illa varið, sem fengið væri búnaðarfélaginu í hendur.

Þá mintist hæstv. landsh. á gróðrartilraunastöðina. Hann virðist ekki hafa áttað sig á því máli, og fanst það hneykslanlegt, að hafa hana í nánd við Reykjavík. En skyldi þetta vera svo mikil fjarstæða? Eg vil minna á, að í sjálfri Reykjavík og í grend við bæinn er allmikill gróður, og að unnist hefir töluvert einmitt upp úr þessum holtum

og urðum, er hæstv. landsh. þóttu svo hrjóstug; það hefir meira að segja hvergi á landinu farið svo fram með gróðrarrækt eins og hér nú á síðari árum; er það mikill heiður fyrir bæinn. Meining mín er ei önnur en sú, að rækta gras- og matjurtir, en það er hvergi á landinu eins mikil uppskera af matjurtum á jafn litlum bletti, og tún bæjarins eru hin stærstu, að eg veit, á svo litlu svæði. Þar að auki er búið að gera hér töluverðan undirbúning; það er búið að fá til þessa bæði túnblett og óræktað land, og þá er illa hægt að hætta við svo búið. Auk þess er Reykjavík, samkvæmt áliti þeirra manna, er hér hafa bezt vit á, álitin heppilegasti staðurinn, og það er þó ekki hægt að fara fremur eftir öðrum í því efni en því, sem maður veit bezt. Eg vona þess vegna, að hæstv. landsh. verði þessu ekki svo móttallinn eins og hann virtist að fyrsta áliti.

Þá er mjólkurbúaliðurinn. Kenslan í meðferð mjólkur hlýtur að verða mjög þýðingarlaus, ef ekki er unt að fá lánsstyrk til að koma mjólkurbúum á stofn. Fyrst er sú stofnun, sem tekst mjólkurkensluna á hendur; er ætlast til að hún beri sig að öðru en því, sem snertir hinn útlenda verkfræðing, en hún þarf eigi að síður að fá það kapítal að láni að mestu leyti, sem hún byrjar með. Til þess að öll héruð landsins geti haft gott af fyrirtækinu, þarf helzt að hafa verkefni handa lærlingunum strax, og mjólkurbú í hverjum fjórðungi lands er þó betra en ekki. Það má segja að fjárhagur landsins sé óskyggilegur, en eigi að styrkja nokkuð, þá er þó réttast að styrka þá atvinnugrein, sem hefir aðalframleiðslumagnið, og löggjafarvaldið hefir því mikillar skyldu að gæta einmitt hér. Stjórnin hefir fleiri skyldur en að spara og halda í; hún þarf að gæta að hverju því, sem efit getur framleiðslu og gjaldþol í landinu, og þó hún þá jafnframt legði til, að lögð væri gjöld á landsbúa. Eg vona að hæstv. landsh. viti, að þm. eru ekki svo illa að sér í reikningi, að þeir sjái ekki hvert horfir með fjárhaginn, og séu viðbúnir afleiðingunum, þó auðvitað engum sé það jafn ápreifanlegt og landsh.

Landbúnaðarnefndin vildi ekki fara fram á að hækka styrkinn til búnaðarfélaga; hún sá, að það varð að slaka til, og þýðingarlaust að halda krófum sínum til streitu. Af þeim 13 þús., er Ed. dró af landbúnaðinum, hefir hún að eins sett inn aftur 5,500 kr.

Að því er snertir breyt.till. við 13. gr. A, b, 11, er áhrærir veitinguna um lán til kirkjugarðsstæðis handa Reykjavíkurbúum, þá lét eg í ljós meiningu mína um það atriði í sambandi við annað mál, og h. framsm. tók það fram, sem einnig kom mér til að vera á móti þessari lánveitingu. En þó mér þyki það hálf ankannalegt, að landið kaupi aftur af bæjarfélaginu fyrir uppskrúfað verð eign, sem það einu sinni hefir gefið bænum, einmitt til þess að leggja bænum sjálfum þetta til fyrir grafreit, þá býst eg þó við að landið verði að leysa úr þessu á einhvern hátt. Hæstv. landsh. lét í ljósi, að þetta mundi nú mega bíða næsta þings, og þar sem hann eða hin æðsta stjórn landsins jafnframt er kirkjuvergi, þá má henni vera það kunnugast, og því óhætt að láta málið hvíla sig. Eg sé ekki heldur, að málið sé nægilega undirbúið, og þá ætti stjórnin að undirbúa það til næsta þings. Eg álít nauðsynlegt, að um leið og það kæmi aftur fyrir og væri útkljáð, að þá væru samin lög um kirkjugarð í Reykjavík, sem fyrirbygðu að annað eins og þetta þyrfti að

koma fyrir oftar. Þó landið leggi til lóðarkaupa í þetta sinn, ætti það ekki að verða oftar. Enn fremur ætti að semja lög þá um leið, viðvíkjandi girðingu kirkjugarðsins, því ákvæði um þetta vantar, þegar meira þarf að leggja til en blábera vinnu, og er þetta einkum tilfinnanlegt í Reykjavík.

Viðvíkjandi breyt.till. um styrk til Bjarna kennara Jónssonar, þá geri eg hana að vísu ekki að kappsmáli. Það er þó að því gætandi, að þessi maður hefir svo mikið minni laun fyrir ekki minna starf en hinir föstu kennarar, og mér finst það fátæklegt af þinginu, að taka af þeirri upphæð, sem farið hefir verið fram á, úr því hann gegnir vel stöðu sinni, það er að nota sér neyð fátæks manns, að ætla, að hann hafi að eins þriðjungs borgun við það, sem aðrir kennarar skólans hafa. H. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram við 2. umr., við hve mikil sultarkjör tímakennarar hefðu að búa, og þegar skírskotað er til þess, að maður þessi er reyndur, og skólinn vill hafa hann framvegis, en hann á hinn bóginn er fjölskyldumaður, þá finst mér ekki nema sanngjarnt, að hann haldi launaviðbótinni. Vona eg, að allir þeir embættismenn hér í deildinni, sem — að undanskildum prestunum — hafa flestir helmingi hærri laun, finni til þessa fult eins glögt og eg. Og eg vona það, að þeir sem vilja bæta því við póstmeistarann, sem hefir helmingi hærri laun, að láta hann hafa ókeypis bústað, verði ekki á móti breyt.till. minni.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk. Eg á hér eina viðaukatill., sem mun þykja nokkuð óvanaleg. Hún er við 15. gr. og fer fram á, að séra Pétur Guðmundsson frá Grímsey fái að halda eftirlaunum sínum, þó hann fái eitthvert prestsembætti á fjárhagstímabilinu. Eg sagði, að hún þætti sjálfsagt óvanaleg, en það hefir líka verið farið óvanalega með þennan mann. Hann fekk veitingu fyrir Grímsey með fyrirheiti um betra brauð eftir fá ár, en varð að sitja þar 27 ár; hann sótti hvað eftir annað frá eynni, en var jafnan neitað, jafnvel þótt kirkjustjórnin ætti (víst einu sinni) full ráð á veitingunni, og að lokum kom hann þaðan með konu sína heilsulausa. Nú gæti verið, að hann sækti um eitthvert lítið brauð til að fá viðbót við þau litlu eftirlaun, sem hann hefir. Eg þarf hér engu við að bæta, því að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir mælt svo vel með þessari tillögu.

Eg á ekki þátt í neinum öðrum br.t. nema við 13. gr. A. b. 11., og vildi minnast lítillega á þann lið, og jafnframt á lánið til kirkjugarðsstæðis. Það hafa margir um það talað, þar á meðal hæstv. landsh. og framsm., og er eg framsm. að mestu leyti samþykkur. Það var að heyra á orðum hæstv. landsh. í gær, að hann bæri svo mikla umhyggju fyrir landssjóði, að hann vildi ekki láta veita fé til ókeypis sjúkrarúma á landsspítalanum, en mér finst nú meiri gustuk og meiri nauðsyn að veita sjúkum hjúkrun, en að kaupa leg hér innanbæjar handa dauðum mönnum fyrir ærna peninga úr landssjóði, sem óvíst er að verði skyldaður til slíks, þótt kirkjan sé landssjóðseign. Mönnum út um landið mun alment blöskra það, hve mikið á að gefa fyrir þetta kirkjugarðsstæði, meira en fyrir marga stórbýlisjörð í sveit, og mér finst engin nauðsyn á því. Eg skil ekki, að enginn hæfilegur staður sé til í Reykjavíkurlandi, sem sé ódýrari en þetta. Það er ekki nauðsynlegt, heldur mjög ótilhlýðilegt, að hafa kirkjugarðinn inni í miðjum bæ, eins og líklegt er að hin umrædda lóð geti orðið með tímanum, en eg skil ekki, að það sé ekki hægt að fá stað fyrir utan bæinn fyrir lítið

verð eða svo sem ekkert. Og það er engin frágangssök; það mun tíðkast víða í útlöndum að hafa kirkjugarða langt í burtu, og það væri þá hægt að taka upp líkvagna hér eins og annarsstaðar. Eg óska að þetta mál megi bíða til frekari undirbúnings, og mun því greiða atkv. með að fella liðinn 13. gr. A. b. 11, eins og líka heimildina um lán til kirkjugarðsstæðisins, því að það getur líka orðið landssjóði þung byrði. Annars talaði h. þm. S.-Þing. (P. J.) vel um þetta, og er eg honum að miklu leyti samdóma.

Þar sem h. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði um flutningabrautirnar, að Nd. hefði þar mótmælt stefnu Ed., þá vil eg geta þess, að sumir í fjárlaganefndinni skildu þá grein eins og h. Ed., og vildu því láta hana óábrærða, en vera má að skoðanir nefndarinnar séu skiftar einmitt í þessu atriði, og eg er helzt með því, að flutningabrautirnar séu strykaðar út og alveg látnar bíða í þetta sinn, þar sem fjárhagurinn er svo erviður.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi hér dálitla viðaukatill. á þskj. 541 um að veittur sé 200 kr. styrkur bæði árin til leikfimis- og skotfélags Eskfirðinga. Þetta er engin stór upphæð, enda vonast eg til, að henni verði vel tekið. Eg býst við að hv. þingd.menn hafi máske ekki kynt sér umsóknarskjalið, og því ætla eg með fáum orðum að gefa nokkrar upplýsingar beiðninni viðvíkjandi. Beiðnin er komin frá stofnanda félagsins, sýslumanni Axel Thuliníus. Hann skýrir frá, að félagið hafi verið stofnað 1896, og að það sé nú búið að koma sér upp æfingahúsi í sambandi við bindindisfélag þar. Leikfimisfélagið á húsið nálega að hálfu; það er 20 álna langt og er virt á 1400 kr. Í félaginu eru nú 34 manns auk 20 unglinga, sem formaðurinn líka hefir umsjón yfir. Þessi sami maður hefir stofnað samskonar félag á Djúpavogi, og lætur hinn færasta lærisvein sinn kenna þar; auk þess hefir hann nú í sumar byrjað leikfimi á Fáskrúðsfirði og býst við að koma á fót skotfélagi í haust uppi í Fljótsdalshéraði. Félagið á Eskifirði er, svo sem áður er sagt, bæði skot- og leikfimisfélag. Nálega allur sá kostnaður, sem lagður hefir verið í sölurnar í þessu efni, hefir lent á félagsmönnum, sem alt eru fátækir menn, en þó einkanlega á sjálfum formanni. Að vísu hafa þeir fengið dálitla hjálp, 50 kr. hjá amtssjóði og aðrar 50 hjá sýslusjóði S.-Múl.-sýslu; auk þess hefir hermálaráðaneytið danska, fyrir forgöngu formanns, látið félagið fá 30 afturhladninga og 20 Remington rifla. Æfingaárið er 6 mánuðir frá 1. nóv. til 10. maí, kensla þrisvar á viku 1—2 stundir.

Eg vona, að mér hafi tekist að sýna, að félög þessi eru mjög myndarleg og að áhugi formanns og lærisveina er óvenjulega mikill, og því allrar virðingar verður. Að vísu hafa félögin fengið nokkur verkfæri, en vantar þó enn ýmislegt til útibúa, og eru í nokkurri skuld fyrir það, sem þegar er fengið. Meiningin er sú, að styrknum yrði varið til frekari áhaldakaupa, og enn fremur til að borga áfallinn kostnað. Eg mæli sem bezt með því, að styrkurinn fáist. Sjálfsagt gjöri eg ekki kappsmál úr tillögu þessari, en þyki deildinni á annað borð vert að styðja líkamsíþróttir, og það hygg eg rétt vera, þá ætti einmitt að veita þessum félögum einhverja litla viðurkenningu, úr því að þau hafa sýnt svo mikla rögg af sér.

Það liggja fyrir margar breyt.till. frá ýmsum h. þm., en um fæstar af þeim ætla eg að tala, það hafa aðrir gjört. Þó er ein br.till., sem eg ætla mér að fara nokkrum orðum um. Hún er frá

nefndinni og er við 13. gr. C, 9. tölul. og fer fram á það, að styrkur til hins íslenzka biblíufélags, til nýrrar þýðingar biblíunnar, verði feldur burtu. H. félagar mínir í nefndinni vita, að eg get ekki verið þessu samþ. H. framsm. (J. J., þm. Eyf.) mælti ýmislegt á móti þessari styrkveitingu, enda kom mér það ekki óvörum. Mér heyrðist hann telja einkum 2 ástæður móti styrkveitingunni. Fyrri ástæðan var fjárskortur; hann kvað oss ekki hafa efni á að leggja fé út til þessa fyrirtækis. Eg get ekki gert svo mikið úr þessu eins og h. framsm., og því síður, þegar þess er gætt í sambandi við þetta, að aðrir liðir standa með þúsundir og aftur þúsundir í útgjaldaáttina, sem eru að minu áliti miklu ónauðsynlegri en þessi.

Önnur ástæðan, sem h. framsm. (J. J.) kom með gegn þessari fjárveiting, var sú, að þetta fyrirtæki, sem um er að ræða, væri all-óþarft og enda mesta fjarstæða. Honum þótti það blátt áfram »absurd« fyrir oss, svo eg viðhafi hans eigin orð, að ætla sér að þýða biblíuna úr frummálinu. Eg skal játa, að þetta eru álitleg kraftyrði, en sanna ekki mikið. Þegar um þetta atriði er að ræða, verð eg að líta svo á, þegar eg virði h. framsm. fyrir mér sem dómara í þessu máli, að eg hafi fulla ástæðu til að taka meira tillit til þess, sem stjórn biblíufélagsins segir. Án þess eg ætli nokkuð að lasta h. framsm., sem er mjög vel gefinn maður, eins og allir vita, þá verður hann að fyrirgefa mér, þó eg í þessu efni meti meir dóm hinna færustu lærðra manna vor á meðal.

Eg veit ekki betur en að það sé alment álit lærðra manna, að til þess að fá vandaða og trúa þýðingu af hverju ritverki sem er, sé nauðsynlegt að leggja út eftir frumritinu, hin sama regla verður þá að gilda um biblíuna. Þar að auki verð eg að álíta, að á meðan ríki og kirkja eru sameinuð, þá hafi ríkið helgar skyldur að uppfylla við kirkjuna, og að þetta þing, sem hefir æðsta löggjafarvald í kirkjunnar málum, eigi síður en í verslegum málum, sé skyldugt til að styðja annað eins mál eins og þetta, sem hlýtur að miða kirkjunni til gagns og þjóðinni í heild sinni til stórmikils sóma. H. framsm. getur ekki borið á móti því, að það er almenn skoðun, að þeim þýðingum á biblíunni, sem við nú höfum, er mjög ábótavant, og að brýn nauðsyn sé því til, að vér getum fengið betri þýðingu. Það, að stjórn biblíufélagsins hefir viljað verja svo miklu af biblíufélagssjóðnum til þessa, er hún telur sér framast fært, ætti að vera trygging fyrir því, að hér sé eigi verið að ráðast í neina vitleysu. Vissulega mundi stjórnin ekki hafa ráðist í slíkt rétt að gamni sínu, eða svo sem blindandi.

Það, sem mér þar að auki finst styðja þetta mál, er það, að biblíufélagið brezka hefir, þegar er það fekk vitneskju um, að Íslendingar ætluðu að ráðast í að þýða biblíuna af nýju, boðist til að leggja fé til þess að þýða nýja testamentið. En hugsun biblíufélagsstjórnarinnar hér er sú, að eyða ekki meiru af biblíufélagssjóðnum en svo, að hann geti kostað útgáfu biblíunnar, þegar þýðingunni er lokið. En stjórninni mun varla þykja sæmandi, að fara þess á leit við biblíufélagið brezka, ofan á þetta veglega tilboð, að það leggi einnig fé til útgáfu biblíunnar, þegar þar að kemur. Það mundi kosta um 10,000 kr. að gefa biblíuna út, ef hún ætti að vera með svipuðu góðu verði og nú, og því hefir biblíufélagsstjórnin viljað leita aðstoðar þingsins, svo að hún þurfi ekki að eyða sjóðnum frekar en svo. Eg vona því að þessi fjárveiting verði látin standa og að h. þingd. telji sér

sóma að samþykkja hana. Það verður í alla staði lítt tilfinnanlegt fyrir landssjóð að styrkja þetta fyrirtæki einmitt með því að leggja fram hóflegan árlegan styrk. Það er ekki betra fyrir þingið að láta bindindisfélagið eyða öllum sjóði sínum til þýðingarinnar, og biðja svo um alt fé til útgáfunnar í einu.

Svo eru ekki margar fleiri athugasemdir, sem eg man eftir að eg þurfi að gera.

Að því er snertir breyt.till. frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á þingskj. 544, sem fer fram á það, að þingið veiti styrk til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Akureyri, 1200 kr. fyrra árið, þá býst eg við, að eg verði þeirri brt meðmæltur, af þeim ástæðum, sem hann sjálfur tók fram, eins og líka breyt.till. 1. þm. N.-Múl. um hækkaðan styrk til spítalans á Seyðisfirði, þó mér á hinn bóginn þyki æðimiklu fé varið til lækna- og heilbrigðismála á þessu þingi, í hlutfalli við annað, sem einnig er nauðsynlegt fyrir land og lýð.

Að því er snertir breyt.till. frá h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), á þingskj. 537, sem fer fram á það að lækka eftirlaun Þorv. Thoroddsen um 500 kr., færa þau úr 2000 kr. niður í 1500 kr., þá er eg eins og h. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) á móti þeirri niðurfærslu. Hæstv. landsh. þótti þingið ekki sjálfu sér samkvæmt í eftirlaunamálum, og koma þar nokkuð skrítilega fram, en mér finst þetta atriði vera alveg sérstaklegs eðlis. Eg verð að skoða það, sem hér er veitt fram yfir venjuleg eftirlaun, sem heiðurslaun, og þó alþingi og þjóðin séu á móti eftirlaunum yfir höfuð, hefir alþingi einmitt talið við eiga að gjöra undantekningar, þar sem sérstök ástæða virðist vera til. Dr. Þ. Thoroddsen hefir unnið frægt starf, eftir áliti þeirra manna, er bezt hafa vit á, og kunna að dæma um störf hans hlutdrægnislaust, og er hann þegar orðinn frægur maður um alla Norðurálfu.

Vér erum sárfátækir af slíkum mönnum, en þegar forsjónin sendir oss einn slíkan, þá finst mér vér eigum að láta það sjást að vér kunnum að meta hann, og sýnum honum einhvern verulegan sóma. Og eg er viss um að þessi maður hefir sterkan hug á að vinna landi sínu og þjóð gagn og sóma, með ritstörfum sínum og rannsóknum framvegis, engu síður en hingað til, enda getur hann þá fyrst notið sín til fulls, er hann hefir engu sérstöku embætti að gegna. Eg vona að h. þingdm. flestir líti líkt á þetta og eg, og fallist því ekki á breyt.till. h. 2. þm. Árn.

Þorlákur Guðmundsson: Eg á hér eina breyt.till., sem að öllum líkindum ekki nær fram að ganga; hún á sjálfsagt ekki marga formælendur, og sú hefir raun á orðið, að hún hefir ekki fengið góðar undirtektir.

Það hefir komið fram breyt.till. frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og eg er þar líka undirskrifaður. Hún er á þingskj. 533, og fer fram á það, að veittur sé 5000 kr. styrkur til þess, að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri. — Þessa fjárveitingu aðhyltist neðri deild við fyrri umræður fjárlaganna síðast, en háttv. efri deild hefir strykað hana út.

Það hefir verið haft sem ástæða móti þessari fjárveitingu, að 5000 kr. væri svo lítið fé, og það mundi ekki muna neitt um þær til þess að gjöra það, sem gert er ráð fyrir. Það getur verið, að þetta sé að nokkuru leyti satt. En þeir, sem mælt hafa á móti þessu, hafa litið of einhliða á málið, og mér finst háttv. efri deild hafa skoðað málið um of frá einni hlið. En það má ekki líta of einhliða á þetta mál, það verður að skoða það á fleiri vegu en einn. Það er eins og menn héldu, að sætti að fara

að moka sandi, sem jafnskjótt fyki í sama farið aftur. En hér er ekki um sand að tala, sem vindurinn feyki eða sjórinn hreki burt, heldur er hér að ræða um sker, sem á að sprengja burtu og þau koma ekki aftur. Og þó skerin væru ekki sprengd í burtu öll í einu, þá má byrja að koma þessu burt, og svo halda þannig áfram smátt og smátt og koll af kolli. Það má gjöra ráð fyrir, að einhvern tíma verði öll skerin sprengd í burtu, og því er betra, að láta ekki dragast að byrja. Það liggur í augum uppi, að það er talsverður munur á því að byrja á verki, sem er skynsamlegt og gott og því bygt á klöpp, eða verki sem sýnilega er sama sem að byggja á sandi eða með öðrum orðum verður til ónýtis. Og það getur komið að miklum notum að byrja á því verki, sem hér er um að ræða, þó eigi verði unt að ljúka strax við það. Þó styrkurinn væri ekki meiri en svo, að hann nægði til að gjöra $^1/_{10}$ hluta af því, sem gjöra þyrfti, þá væri honum þó eftir minni skoðun vel varið.

Önnur breyt.till., með h. þm. Skagf. (Ól. Briem) efstum á blaði, er einnig með mínu nafni undirrituðu. Hún er á þingskjali 523 og er við 13. gr. C. a., og fer fram á það, að veita 3000 kr. hvort árið til rannsókna á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) talaði ljóslega fyrir þessari tillögu og færði skýr rök fyrir nytsemi og nauðsyn hennar, en hún mætti ekki neinum stuðningi hjá hæstv. landsh., mig minnir að hann segði, að það myndi geta beðið. Eg hefi tekið það fram þessu viðvíkjandi, að þess seinna sem byrjað er á þessu, því seinna verður því lokið og þess seinna getur það komið framkvæmdum á stað. Eg hefði vonast eftir, að hæstv. landsh. hefði verið þessu meðmæltur, og að hann hefði fremur viljað styðja tillöguna. Honum er það kunnugt, að inn í 3. gr. fjárlagafrumv. hefir verið bætt ákvæði um það, að gefa stjórninni heimild til að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig, til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin. Hann sagði: »er það máske gott að veita þetta umboðsveginn«, en eg vil segja, að það sé vandaverk, að nota þetta fé. Eins og við vitum, þá er ekkert form á byggingum, heldur er alt á víð og dreif af þekkingarleysi. Ef hingað yrði sendur byggingarfróður maður, eða hann fengist hérlendur, þá yrði það gott fyrir landsstjórnina, því þá gæti hann leiðbeint henni með að nota þessa heimild, sem eg mintist á, og þá væri meiri von til, að þetta fé yrði að tilætluðum notum.

H. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það væri tilhlýðilegt, að landssjóðurinn gengi á undan öðrum með góðu eftirdæmi, með að veita fé til umbóta á húsakynnum á þeim jörðum, sem væri hans eign. Enginn mælti á móti þessum orðum, sem líka var rétt. — En það er ekki nóg, þó fé sé til að byggja fyrir, ef þekkinguna á því vantar, hvernig eigi að verja því á beztan hátt. Landssjóðurinn ætti einnig að ganga á undan í því, að útvega nægilega þekkingu á því, að þessu fé verði ekki á glæ kastað.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók það fram, að nauðsynlegt væri að fá áætlanir um kostnað á byggingum, og að engin opinber bygging væri bygð án þess fyrirfram væri gerð áætlun um, hvað hún myndi kosta. Það sjá líka allir, að það er betra að hafa eitthvað að miða við, heldur en að hafa ekkert.

Eg vil þá með fám orðum minnast á breyt.till. mína á þingskjali 537 við

breyt.till. á þingskj 532, sem fer fram á að lækka eftirlaun dr. Þorv. Thoroddsens niður í 1500 kr. úr 2000 kr. H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) mintist á hana og var henni ekki hlyntur, og sömuleiðis var h. þm. S.-Múl. (Sig. G.) henni mótfallinn.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) sagði, að þessi breyt.till. mín kæmi ekki fyr en á 11 stundu; það er satt. Eg vona, að fyrst að háttv. frams., úr því hann tók þetta dæmi um 11 stundu, að hann verði að kannast við það, að hún eigi sama rétt á sér og hún hefði komið um 6—9 stundu, og mér finst sá skriftlærði, herra h. þingm. S.-Múl. (Sig. G.) ætti að ganga inn á það, því það myndi vera samkvæmt skriftinni.

Að því er þessa breyt.till. mína snertir, þá skal eg taka það fram, að það er ekki samkvæmt skoðunum þingsins eða þjóðarinnar í eftirlaunamálum, að veita dr. Þorv. Thoroddsen meira en sem svaraði eftirlaunum samsvarandi embættisaldri hans.

Dr. Þorv. Thoroddsen hefir heldur ekki farið fram á meira en venjuleg eftirlaun, og stjórnin segir í ástæðum sínum fyrir þessari fjárveitingu, að ástæða sé til að verða vel við þessari beiðni hans, og að eftirlaunin muni verða lítið yfir 1000 kr.

Þó breyt.till. mín verði samþykt, þá álít eg vel orðið við bón hans og stjórnarinnar, eftirlaunin geta í hæzta lægi orðið 1200 kr.

H. þm. S.-Múl. (Sig. G.) sagði, að dr. Þorvaldur Thoroddsen væri búinn að gera landinu og þjóðinni mikinn sóma með störfum sínum. Þetta er öldungis satt. En eg álít að þingið geri skyldu sína, þegar það verður við bón hans, þó það gjöri ekki meira. Það er alveg sérstakt, að veita honum eftirlaun, jafnungum manni. En þingið gæti síðar sýnt honum sóma, þó það ekki veitti honum svona mikið fé strax.

Það má gjöra ráð fyrir því, sem sjálfsögðu, að hann verði ekki aftur embættismaður hér á landi eða taki aftur embætti í ríkinu. Og þar sem hann er svo ungur, þá má gjöra ráð fyrir því, að hann gæti orðið 40—45 ár enn þá á eftirlaunum. Þessi eftirlaun hans gætu orðið talsvert fé á svo löngum tíma, ef þau væru sett á vöxtu, og við hvert ár bættust einnig vaxtavextir.

Hann er þess utan vel fjáður maður og með því að hann er ungur, getur hann unnið sér vaxandi heiður og um leið vaxandi fé, og að því leyti er hann ekki þurfandi. Og eg er ekki viss um, að hann vinni meira, þó hann fái eftirlaun. Eg er heldur ekki viss um, að honum væri svo þént með því, þó hann væri látinn hafa meiri eftirlaun, en hann hefir farið fram á; eg ímynda mér, að honum væri annara um að vinna ættlandi sínu heiður og sæmd, og um leið reisa sér sjálfum minnisvarða í lifanda lífi.

Eg skal að síðustu geta þess, að eg vona, að háttv. þingm. vilji fallast á þann miðlunarveg, sem eg hefi bent á, nefnilega að veita dr. Þorv. Thoroddsen 1500 kr. í staðinn fyrir 2000 kr., því mér finst það svo sanngjarnt, sem verða má.

Valtýr Guðmundsson: Eg á hér nokkrar breyt.till. á þingskjali 528, sem eg þurfti að minnast á; hin fyrsta er við 13. gr. B. 3. c. 4. Svo stóð á, að þegar koma skyldi fram með breyt.till. við 2. umræðu fjárlaganna, meðan þau voru í þessari deild, var eg lasinn og gat þess vegna ekki komið með þetta þá. Þessi breyt.till. mín stefnir að því, að hækka fjárveitinguna til tímakenslu úr 1800 krónum upp í 2000 krónur. —

Fjárlaganefndin fer fram á, að fá sérstaka upphæð til tímakenslu Bjarna Jónssonar, en mér finst rangt, að taka einn mann út úr hópnum og launa hon um sérstaklega, en láta hina búa við sömu kjör sem áður; mín breyt.till. miðar að því, að gjöra borgunina praktiskari. Það sem eg ætlaðist til er fyrst og fremst, að hækka borgunina um 10 aura fyrir hvern tíma; nú er borgunin 90 aurar fyrir tímann, en tillagan fer fram á, að hún verði 1 kr. Þó þetta muni ekki miklu, þá getur þó tímakennarann munað dálítið um það. — Enn fremur er þeirri reglu fylgt við skólann, að frá launum tímakennaranna dragast öll frí. Þegar nú koma löng frí, eins og t. a. m. jólafríið, þá eiga tímakennararnir ekki að hafa neitt að lifa á, því að það er ekki tækifæri fyrir þá, að leita sér atvinnu um þann tíma. Það þarf ekki annað, en að piltar leggjast í einum bekk, þá missast launin, þó að kennarinn sé ráðinn til skólans, og sé reiðubúinn til að kenna; ef að piltar eru veikir, þá fær hann enga borgun. Þetta er mjög ósanngjarnt fyrirkomulag, og tillagan fer fram á, að því sé breytt í líka stefnu, og er í dönskum skólum. Setjum, að það væri maður, sem að hefir t. a. m. 6 tíma á viku, þá á hann að hafa 24 krónur um mánuðinn alt skólaárið. — Að vísu getur það verið, að kennari, sem hefir 6 tíma á viku hafi nokkuð meira en 24 tíma á mánuði, en þá jafnar það sig upp á móti fríunum, þeir tímar sem kunna að vera fram yfir. Tímakennarar hafa laun sín í Danmörku árið um kring, en þar er sumarfríið stutt, ekki nema 6 vikur, en hér langt, 3 mánuðir, og því ekki hentugt, að hafa það fyrirkomulag hér, enda er sumarfríið svo langt hér, að þeir geta vel fengið aðra atvinnu þann tíma. — Eg skal geta þess, að eg hygg það sé nokkuð óvíst, að þessar 2000 kr. reynist nógar til tímakenslunnar, en færi svo, að þær reyndust ónógar, þá mundi landshöfðingjinn ekki álíta sig svo bundinn við þessa fjárveitingu, að hann mætti ekki fara fram yfir hana, miklu mun það aldrei muna. Eg miðaði upphæðina við stundafjölda tímakennaranna umliðið ár. En það getur skeð, að eg hafi ekki tekið nægilega mikið tillit til þess, að föstu kennararnir kunni líka að kenna fyrir tímaborgun, með því þeir eru ekki skyldir að hafa fleiri en 24 tíma á viku, og fá aukaborgun fyrir það sem fram yfir er.

Að því er snertir, að taka þennan mann, Bjarna Jónsson, út úr hópnum, og launa honum sérstaklega, þá legg eg til, að sá liður falli burt. Mér virðist ekki sanngjarnt, að taka einn mann út úr, heldur verði hann að sæta sömu kjörum, sem hinir aðrir, og þegar hann sækir um það, þá verður hann að taka þau kjör, sem honum eru boðin, en vilji hann það ekki, þá getur hann snúið sér þangað, sem betur er borgað og fengið þar atvinnu.

Það hefir verið sagt, að það stæði sérstaklega á með þennan mann, hann hefði verið svo lengi við skólann, að það væri ástæða til, að hlynna að honum. En eg skal taka það fram, að Páll Melsted var tímakennari í fjölda mörg ár fyrir 90 aura um tímann. (*Landshöfðingi:* Það voru ekki 90 aurar þá). — Ekki svo mikið einu sinni, og það var ekki fyr en seint og síðar meir, að honum var sýndur sómi fyrir þetta langa starf.

Þá hefir það verið borið fram, að þessi maður væri svo afar-nauðsynlegur fyrir skólann, að það bæri nauðsyn til, að tryggja skólanum hann; hann sé svo ágætur kennari. Eg trúi því vel, að hann sé góður kennari; en að hann sé þar fyrir skólanum svo afar nauð-

synlegur, fæ eg ekki séð; hann er málfræðingur í gömlu málunum, en í þessum klassisku málum eru 4 fastir kennarar við skólann, þar sem aftur á móti í öllum öðrum greinum eru ekki nema þrír.

Þegar þessa er gætt, þá get eg ekki séð, að það sé absolut nauðsynlegt fyrir skólann, að þessi maður fáist þar við timakenslu.

Svo kemur enn þá eitt til greina; eins og deildin man eftir, tók hæstv. landsh. það fram um daginn við 2. umr. fjárlaganna, að það væri alls ekki víst, að þessi maður yrði við skólann, að hann mundi ætla að sækja um annað, sem honum félli betur. Einmitt þegar það er í vændum, þá finst mér því síður ástæða til fyrir háttv. deild, að fara að slá þessu föstu, og gera þennan ójöfnuð milli timakennaranna, að veita einum laun sem föstum kennara, en láta hina hafa sömu sultarlaunin og áður.

Eg get þess vegna ómögulega séð, að það sé á rökum bygt, að taka svona einn timakennara út úr hópnum, og eg vona að háttv. deildin fallist á þessa breyt.till. og játi, að hún fer í rétta átt. — Það er síður en svo, að eg öfundi þennan mann, þó hann fengi þessi laun, því það er síður en svo, að hann sé öfundsverður af þeim; en h. þingm. er vandi á höndum, þeir verða að líta á hag landssjóðs, og það, að það sé rétt princip í því, sem þeir samþykkja; en eftir réttu principi er sjálfsagt að gjöra jafnt við alla, — og þeir, sem ekki þykjast geta unað við þá borgun, sem boðin er, þeir geta þá snúið sér að öðru.

Þá skal eg minnast á þessa athugasemd, bústað póstmeistara í pósthúsinu, sem fjárlaganefndin hefir lagt til, að verði feld burtu. Eg get vel fallist á þá tillögu, því þegar búið er að athuga það einu sinni, og fjárlaganefndin hefir að vísu lagt til, að það yrði ekki sett í fjárlögin, en á hinn bóginn lýst því yfir, að hún ætlaðist til, að póstmeistari ætti að búa þar, þá er alt í röð og reglu.

H. framsögum. fjárlaganefndarinnar vildi láta leigja þessi herbergi fyrir lítið eða jafnvel ekkert; það er þetta »jafnvel fyrir ekkert«, sem mér finst dálítið óvarlegt, en þó það væri fyrir lítið, það stæði mér á sama; mér finst sem sagt, ef ekki þarf að halda á þessum herbergjum, þá ætti póstmeistari að fá að nota þau, en þó svo, að taka mætti til þeirra hvenær sem á þyrfti á halda, án þess að póstmeistari geti krafist nokkurrar uppbótar fyrir þau.

Þá hefir h. fjárlaganefnd lagt til að lækka aftur uppbótina til séra Helga Árnasonar, en eftir því, sem eg þekki til, þá mælir öll sanngirni með því að fallast á till. h. Ed. Þá hefir hún enn fremur lagt til að veita 1000 kr. til útgáfu bæklings fyrir Parísarsýninguna, og verð eg að vera þeirri till. meðmæltur, því eg álít sóma okkar liggja við. Mig minnir að ríkisþingið veitti 1/2 miljón í því skyni að taka þátt í sýningunni, og hefir víst kapteinn Bruun 25 þús. af því fé til umráða fyrir Grænland, Færeyjar og Ísland, svo það væri stakur nánasarskapur af okkur, ef við ekki vildum veita þessa litlu upphæð í þessum tilgangi.

Þá hefir h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) komið með breyt.till. um ritsímann. Mér þykir hann þrálátur að koma nú strax með þessa till. eftir að till. í sömu átt var feld með miklum atkv.mun við 2. umr., og h. Ed. hefir látið athugasemdina með skilyrðinu standa óbreytta gegnum allar umræður. H. þm. Rvk.

(J. Jenss.) mælti líka með þessari till., og færði þær ástæður fyrir henni, að við yrðum að fara varlega í slíkar fjárveitingar, þar sem svo margt annað bættist nú á landssjóð, en eg sé ekki að hér sé neitt varlegar farið, þar sem stungið er upp á sömu upphæð og í stjórnarfrumv., og þó aldrei nema meira fé þyrfti, þá kæmi það aldrei á þetta fjárhagstímabil, heldur þá hið næsta. H. sami þm. sagði líka, að ef upphæðin væri minkuð, þá væri hættan ekki önnur en sú, að sæsíminn yrði lagður til Reykjavíkur. Þar sprakk blaðran. Til þess eru refarnir skornir að eyðileggja landsímann. Með öðrum orðum að eyðileggja það, sem okkur er bráðnauðsynlegt, til þess einungis að Reykjavík hafi gagn af sæsímanum, en engir aðrir. En þetta yrði til þess, að við ekki einungis mistum landsímann, heldur alt, því að félagið gengur, eins og eg færði rök að við 2. umr., aldrei að þessu skilyrði Hann sagði enn fremur, að þó við mistum landsímann, þá gætum við notað þráðarlaus símskeyti og að við gætum fengið 35 stöðvar fyrir þessar 75 þúsundir, en eg er þeirrar skoðunar, að það mundi lítt hrökkva, þar sem landið er svo hæðótt. Annars held eg að ekki þurfi að fjölyrða um þetta nú, það var sýnt svo rækilega fram á það við 2. umr., að slíkt væri bygt í lausu lofti, og athugasemdin, eins og hún nú er í frumv., samþ. með svo mörgum atkv., að eg skil ekki að deildin hafi breytt svo skoðun sinnni, að hún aðhyllist nú þessa breyt.till.

Sighvatur Árnason: Eg stend ekki upp til þess að halda langa ræðu fyrir neinni sérstakri breyt.till, þeir munu nógir samt, sem það gjöra, því það mun reynast hér sem máltækið segir, »að hverjum þykir sinn fugl fagur«, og það vill nú svo vel til, að eg á engan fugl hér á þingborðinu til að fegra við þessa umræðu. Það var einungis eitt atriði, sem eg vildi *minnast á*, og það er hækkun á styrknum til búnaðarfélaganna, einkum þó út af orðum háttv. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.). Mig furðar stórum á, hvað hann leggur mikið kapp á að fella þessa hækkun, sem hér er farið fram á, þar sem hækkunin þó miðar að eflingu landbúnaðarins. Eg þarf raunar ekki að furða mig á, þó þessi till. verði feld, því það er ekki langt á að *minnast frá í dag, hvernig* farið var með mál, sem mér var ant um. Það hefir komið fram hjá sumum h. þm., einkum þó landbúnaðarnefndinni, að þeir hafa gjört svo mikið úr þessu *nýja stóra félagi*, landbúnaðarfélagi landsins, og viljað vísa öllum fjárveitingum þangað, en eg er nú hálf efablandinn um, hversu mikið gagn það gjörir landbúnaðinum, fyrir það fyrsta næsta fjárhagstímabil. Fyrst verður það að komast vel á laggirnar, til að byrja með, og svo verður að sækja fundi þess viðsvegar að og langt að, svo eg býst varla við miklu gagni af því fyrst um sinn, að minsta kosti ekki næsta ár. Mín reynsla hefir líka verið sú, að því víðtækari sem slík félög eru, því minna verka þau tiltölulega. Svo er annað um þetta stóra félag, að það mun verða nokkuð kostnaðarsamt sjálfu sér. Stjórn hinna smærri félaga kostar ekkert, en stjórn búnaðarfélags landsins mun koma til að kosta mikið.

Það hefir verið tekið fram um fjárlaganefndina, að hún hafi verið rösk í þetta sinn, og eg játa, að það eru varla dæmi til þess, að fjárlögin hafi komið eins fljótt frá henni og nú, en svo þegar fram í sækir, þá kemur í ljós, að nefndin heldur ekki saman í öllum greinum, og af því stafar að nokkru leyti sá glundroði, sem nú er, að málið er svo mikið komið í mola. En eg

skal ekki kasta þungum steini á nefndina, því þetta, eins og margt annað, er meðfram afleiðingin af því, hvað þingtíminn er stuttur, svo málunum er alt of mikið flaustrað af til þess, þó að þau nái fram að ganga á þinginu. Eg vil út af þessu minnast á, að eg snemma á þingtímanum kom fram með till. um að lengja þingtímann, til að grípa til, eftir því sem með þyrfti, þegar til kæmi, en bæði mælti hæstv. landsh. móti henni, og svo feldi h. deild hana með atkv. sínu. En nú hygg eg svo komið, að flestir mundu álíta þess fulla þörf, að þingtíminn væri lengdur, og mundu enda fegnir, þó ekki væri nema um 1 til 2 daga. Það er ekki svo auðvelt að átta sig á öllum þeim breyt.-till., sem yfir dynja, í fljótu bragði. Fjöldinn er svo mikill, að það er hart á því að maður geti haft tíma til að ákvarða sig, hvort maður eigi að greiða atkvæði með einhverri till. eða ekki. Í sambandi við þetta skal eg minnast á orð hæstv. landsh. í dag, þar sem hann sagði, að þingi yrði sagt upp á föstudaginn. Það hefir undanfarið klingt við í einu blaði, »Þjóðviljanum unga«, að landsh. væri farið að förlast, en eg lít svo á, að þess hafi alls ekki gætt á þessu þingi, eða enn sem komið er, nema ef vera skyldi í dag, þegar hann batt uppsögn þingsins við föstudaginn, að honum sé farið að förlast með minni. Hann hafði þau orð í sumar, þegar hann mælti móti minni till., að hann mundi lengja þingið um 1 eða 2 daga, ef á lagi. (*Landshöfðingi*: Já, ef nauðsyn krefði.). En eg er nú viss um það, að þó að hæstv. landsh. hefði þessi orð í dag, þá muni hann þó ekki beita þessu svo, að hann ekki lengi þingið til laugardags, sem sjálfsagt verður nauðsynlegt.

Út af því, sem eg sagði áðan, skal eg bæta því við, að það er sorglegt, þegar blöðin leggja það í vana sinn, að elta einstaka menn á röndum og færa alt til verri vegar, og bera sagnir út um þá, bæði sannar og ósannar, hver sem í hlut á, þegar þeim ræður svo við að horfa, og geta ekki einu sinni fært sannar fregnir af opinberum mannfundum, auk heldur öðru.

Það er meira en leiðinlegt, þegar blöðin eru orðin svo óáreiðanleg, að segja má um þau sum hver, eins og sagt er um mann, sem lýginn er, að honum er ekki trúað, þó hann segi satt.

Halldór Daníelsson: Breyt.till. á þskj. 520. hefir heldur mætt mótmælum í þessari h. deild, og mér finst hún ekki eiga upp á háborðið hjá h. framsm., sem hefir mælt á móti henni, en það kunna aðrir að styðja hana, því þetta þing hefir í mörgu viljað styðja landbúnaðinn. Við erum komnir inn á þá braut, að styðja búnaðarfélögin, og hefir það gengið vel, enda hafa síðustu árin verið unnin 56,000 dagsverk hin 2 síðustu ár, 1897 og 1898, til jarðabóta hvort árið, og kalla eg það vel að verið, og eg held að það sé ekki of djúpt tekið í árinni að segja, að af öllum fjarveitingum hafi ekkert borið eins mikla og sýnilega ávexti, og því er ástæða til að auka þessa fjárveitingu. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: En hvað gera 2 aurar á dagsverki?) Það getur verið, að þeir geri ekki svo mikið, en þeir gera það það er. En fyrst allir viðurkenna, að fé þetta geri gagn, þá er ekki ósæmilegt, að fara fram á, að fá ríflegri styrk. Eg er reyndar viss um, að búnaðarfélögin muni gera gagn þó h. deild samþykki þetta ekki, og það mun ekki draga kjark úr þjóðinni,

því það er alt af vaxa manndómur hjá henni, og það er ekki af sníkjuanda, þó farið sé fram á þetta.

Þá er hér þgskj. 523., um að veita 3000 kr. styrk til að rannsaka byggingarefni landsins. Oss Íslendingum hefir verið brugðið um, að vér værum ekki sparsamir, og eg ætla ekki að mæla eyðslusemi þjóðarinnar bót. En það eru ekki til sparnaðar húsabyggingarnar hér, þar sem þessar byggingar hrynja eftir 20 ár, eða verður að rífa þær, og þegar bóndi byrjar búskap, tekur hann vanalega við öllum byggingum niður niddum. Að nokkurum árum liðnum fer hann að byggja upp og hleypir sér þá í skuldir, sem hann rís ekki úr aftur Það væri þó annað mál ef húsakynnin yrðu viðunandi, en það er alt annað. Það er því ástæða til að gera tilraun til að bæta húsabyggingar hér á landi, og veita fé til þess. Reyndar má ekki búast við því, að sjá alstaðar gull og græna skóga, ef hér væri ferðast um eftir 1 eða 2 ár, en það mun þó margborga sig að gera eitthvað í þessu, þar sem málið er í hinu mesta óefni. Fyrst var siður að byggja úr torfi en nú eru timburbyggingar farnar að tíðkast, en þær eru litlu betri, því þekkingu vantar að gjöra þær svo góðar, sem þörf væri á, því það er ekki að eins, að byggingarefnið vanti, heldur einnig þekkinguna til þess að nota byggingarefni þau, sem til eru, en með þekkingu mætti gjöra miklu kostnaðarminni og varanlegri byggingar en nú.

Þá er að minnast á kirkjugarðinn hér. Mér finst mál þetta komið á góðan rekspöl, þar sem hér liggja fyrir 2 breyt.till., önnur að lána dómkirkjunni 6000 kr. til þess að fá fyrir kirkjugarð, en hin um að hækka þá upphæð í 8000 kr., og getur verið, að það sé eins gott, því ætla má að landssjórnin sjái um, að ekki verði brúkað til þess fé fram yfir þarfir, enda hafa Reykvíkingar, nú orðið, svo mikinn áhuga á málinu, að þeir munu ekki liggja á liði sínu, og sjá um, að kirkjugarðurinn verði sem haganlegast settur og kostað sem minstu fé til hans. En það er sagt að kirkjugarðurinn núverandi sé orðinn svo útgrafinn, að ekki sé hægt að nota hann lengur. Eg skal ekki segja um hvort það er satt, því maður heyrir þetta utan að sér. Eg held því, að eg verði að halla mér að hærri upphæðinni, þar sem þetta er einungis lán — og Reykvíkingar gætu þar af leiðandi fengið meira svæði til kirkjugarðs, og þyrftu þá ekki heldur um langan aldur að ómaka sig til þingsins með þetta kirkjugarðsmál.

Einar Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma með tvær breyt.- og viðaukatill. við fjárlögin. Önnur af till. þeim, er eg ber fram, er ný, um 300 kr. fjárveitingu á ári til tannlæknisins til þess að fara lækningaferðir á ári hverju. Hefi eg bygt á því, að þar sem tannveiki er almenn hér, þá mundi það koma sér vel, ef tannlæknirinn gæti komið á hinar helztu hafnir í kringum landið, og dvalið þar um hríð, svo menn gætu þar leitað hans, því margir eru þeir, sem fjárhags vegna er of dýrt að leita hans hingað til Reykjavíkur. Héraðslæknarnir geta reyndar hjálpað nokkuð í sjúkdómi þessum, en þó sjaldan annað en draga út tennur, en ekki til þess að fylla upp holar tennur, eða setja nýjar tennur í menn. Eg hefi talað við tannlæknirinn, og telur hann líklegt, að þessar ferðir gæti orðið að góðu gagni, ef hann gæti farið með strandferðaskipunum og dvalið um tíma á hinum helztu höfnum. Segir hann, að sín leiti miklu fleira fólk hingað utan af landinu, en úr Reykjavík,

— en það, sem hann gæti gert í þessum ferðum, væri að fylla holar tennur, og hreinsa skemdar tennur burtu undir nýja tannsetning, en það tekur ætíð talsvert langan tíma þangað til alt er gróið, svo að hægt sé að setja nýjar tennur í. En þegar alt er gróið þyrftu menn að eins að skreppa hingað til Reykjavíkur snöggva ferð til þess tennurnar yrðu settar í.

H. framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) hefir mælt á móti þessari till., en það mætti líka mótmælum, er eg lagði til hér um árið, að fé væri veitt til ferða augna læknisins. Fekk það þó framgang og þykir nú vel ráðið, og vænti eg að eins mundi fara um þessa till.

Þá hefi eg lagt til, að féð til spítalans á Seyðisfirði verði hækkað úr 4000 kr. í 5000 kr. Það er kunnugt, að viðkomandi héruð hafa lagt mikið fé fram, til þess að koma spítalanum upp, eins og h. framsm. skýrði frá við 2. umr., og væri því rétt að veita nú spítalanum það fé, sem hann þarf til þess að koma sér nokkurn veginn í lag. Eftir lægsta reikningi þyrfti hann til þess 6000 kr., og mælir alt með því að ekki væri dregið af þeirri upphæð, en eg hefi þó eigi farið svo langt.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) bar saman, hvað lagt hefði verið fram í héruðunum til þessa spítala og til spítalans á Akureyri, en sá reikningur var ekki nákvæmur, þar sem spítalinn á Akureyri átti svo miklar eignir undir.

Spítalinn á Seyðisfirði hefir kostað 15000 kr. og hafa að eins 1200 kr. af því verið lagðar fram úr landssjóði. Spítalinn á Akureyri kostaði 25,000 kr., en honum hafa verið lagðar 5000 kr. úr landssjóði. Hann átti þó fyrir 9000 kr. og nokkurar aðrar eignir. Og þar sem nú Suðuramtið fær svo ríflegan styrk, með því að landsspítalinn er kostaður af landssjóði, þá mælir öll sanngirni með þessari fjárveitingu til Seyðisfjarðarspítalans, og jafnframt með styrknum til Akureyrarspítalans. Eg vil líka benda á, að hækkun á fjárveitingunni, 4000 kr. í 5000 kr., féll í háttv. Ed. með jöfnum atkv., svo sú deild er ekki mikið á móti að veita þessa upphæð. Að öðru leyti finst mér varúðarvert að ganga í berhögg við háttv. Ed. með þær upphæðir, sem hún hefir sýnt, að hún er alveg mótfallin, en þar sem svo stendur á, að atkvæði hafa verið jöfn, er alt öðru máli að gegna.

Eg ætla ekki að fara út í fleiri brtill. enda þótt það geti verið, að eg greiði atkvæði öðruvísi um sumar einstöku þeirra nú en síðast, bæði af þessum og fleiri ástæðum.

Þó ætla eg að eins að drepa á eina brtill. frá h. framsm. (J. J., þm. Eyf) um styrkinn til frú Guðlaugar Wium til kvennaskóla á Seyðisfirði, sem eg vil mæla sem bezt með. Eg álít að Austfjörðum sé gert rangt til, ef þessi till. er ekki samþykt, því menn ættu að muna eftir því, að þingið hefir áður heitið 1200 kr. til kvennaskóla á Austurlandi, ef hann kæmist á, og gert ráð fyrir að styrkja hann síðar, eins og slíkir skólar eru styrktir í öðrum fjórðungum landsins. Þess vegna vona eg að menn sýni velvild þessum litla vísi til kvennaskólastofnunar á Austfjörðum.

Guðjón Guðlaugsson: Eg hefi brtill á þingsk. 531, sem eg ætla að fara um nokkurum orðum, og sem ekki hefir verið minst á af öðrum en háttv. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) og hæstv. lh. Við þessa brtill. á þingsk. 531 er önnur brtill. á þingsk. 553, um að færa liðinn þangað, sem hann á heldur að vera, eftir eðli sínu Hæstv. lh. hafði við brtill. að athuga, að liðurinn væri settur í sætí, þar sem annar liður væri

fyrir, og að það væri ekki kurteisi að hrinda öðrum úr sessi og setjast í hann sjálfur, en þetta er kurteisi, sem tíðkast í öllum fjárlögunum, þegar verður að færa til liði, enda hefir áður verið komið með brtill., þar sem nýjum lið hefir verið bætt inn, án þess getið hafi verið, að tala liðanna breyttist eftir því. Annars verð eg að skoða athugasemd hæstv. lh. fremur sem spaugsyrði, en að hún komi efninu við.

Þá hafði hæstv. lh. líka að athuga við brtill. á þingsk. 531, að það yrði ómögulegt fyrir landsstjórnina, að borga út þessa 10,000 kr. upphæð, til Gullbringu- og Kjósarsýslu, af skilyrði því, sem sett sé fyrir fjárveitingunni. Eg get ekki skilið í að þetta sé rétt athugað. Að vísu er ákveðið, að fénu sé varið á ákveðinn hátt, en það er álitamál, hvort það er eiginlegt skilyrði. Mér finst sjálfsagt, að stjórnin megi aldrei veita fé til annars en þess, sem ákveðið er að verja því til, og að hún megi ekki hér verja þessu fé til vegagjörða. Eg veit ekki hvað getur legið í þessum skilningi hæstv. lh. nema að ekki sé hægt að borga féð fyrirfram, og að það væri betri trygging fyrir þingið, að veita ekki féð fyr en á eftir. En sé þörf á því fyrirfram, þá sé eg ekki betur, en að þar sem féð fyrst á að ganga til sýslunefndarinnar, að þá muni unt fyrir hana að gefa ábyrgð fyrir því, að því sé varið samkvæmt því, sem áskilið er. En þar sem því á að verja til jarðabóta, má borga það út jafnóðum og vinna fer fram, því sýslunefndin getur gefið landshöfðingja skýrslu jafnóðum. En sjái landsstjórnin sér ekki fært að veita féð eftir áreiðanlegu vottorði, þá hygg eg að hún færi öðruvísi að, en þegar hún borgaði féð, sem veitt var til Magnúsar Þórarinnssonar, (*Landshöfðingi*: Þar var ekkert skilyrði.) Jú, þar var skilyrði um að veita féð til ákveðins verks, sem aldrei var reynt að framkvæma.

Þá er efni till. Það hefir áður verið færð sú ástæða fyrir henni, að þetta væri ekki annað en hallærisstyrkur til sýslunnar, og ekki væri vert að verja því í verk, sem engan arð bæri, því að vegspottar hingað og þangað í héraðinu væru ekki nema kák, og ekki sérlega þarft, þar sem líka væri örðugt að gera veg.

Eg tók það fram um um daginn, að eg væri með fjárveitingu í þessa átt, 1) af því að það veitir atvinnu mönnum þeim, er verkið vinna; 2) til þess að auka framleiðslu í framtíðinni, og hygg eg að þessum atriðum verði báðum náð, og þar sem nú eru bágindi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, af því að sjávarafli hefir brugðist, þá álít eg heppilegt spor af þinginu, að leiða athygli þeirra er þar búa að því, að ná arðinum úr jörðinni. Brtill. mín fer fram á að fátæklingar gangi fyrir, að vinna fyrir þetta fé, eftir tillögum sýslunefndar og hreppsnefnda. Eg hefi fengið upplýsingar um, eftir viðtali við menn, að til eru spildur á þessu svæði, sem hægt er að rækta í félagi, og sem sveitafélögin gætu fengið með góðum kostum. Sveitastjórnirnar gætu látið þessa menn njóta arðsins af vinnunni, en sveitafélögin eiga svo þessa bletti í framtíðinni, því það væri heppilegt fyrir þau, því eg álít jafnvel, að sveitafélögin ættu að eiga allar jarðir, að undanteknum þjóðjörðunum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þær eru svo vel setnar, kristfjárjarðirnar!) Þær eru oft vel setnar og geta vel verið það. Eg vil í fám orðum mæla með þessari till, að veitt sé fæði þeim svöngu, aukin atvinna, efld framleiðsla og útveguð sveitafélögum eign, sem þau kosti lítið til, en sem geti borið mikinn arð í

framtíðinni. Mér finst því mikið mæla með þessari till. í samanburði við það, að verja fénu til vegagjörðar, sem mundi verða að litlu gagni, og vona því að háttv. deild samþykki þessa tillögu.

Eg ætlaði að breyta orðfærinu á till. út af orðum hæstv. lh. og skrifaði brtill. í því skyni, en kom henni ekki til prentunar, því prentsmiðjunni var lokað fyrir kl. 8 í kvöld, og því er brtill. ekki komin. En þótt einhverjum finnist till. sú, sem fyrir liggur, ekki heppilega orðuð, þá vona eg þó að háttv. deild samþykki hana, því hægt er að breyta henni í háttv. Ed. og sam. þingi.

Þá er brtill., sem eg veit ekki nema eg ef til vill samþykki, og skal eg því minnast lítils háttar á hana, það er um fé til landsbókasafnsins 13. gr. C. 1. c., að fyrir 4000—4000 komi 3400—3400, eða með öðrum orðum, að féð til samnings spjaldskrár sé strykað út. Eg hefi þá hugmynd um þetta verk, að það sé að vísu nauðsynlegt, en eg dreg í efa, hvort það er bráðnauðsynlegt, og einkum þegar tekjuhallinn er svo mikill. Það er og efasamt, að verkið verði svo fullkomið, sé það unnið nú, sem það mundi verða síðar. Það er ætlast til að samdar verði þrenns konar skrár: 1) titlaskrá, 2) efnisskrá og 3) hilluskrá. Efnisskrá og titlaskrá er auðvitað hægt að semja, en hilluskrárnar er ekki gjörlegt að semja nú, af því í ráði er að flytja bókasafnið innan skamms. Þess ber og að gæta, að þessari fjárveiting verður að halda áfram. Þó væri eg ekkert á móti henni, ef hún væri veitt til stjórnar safnsins, en ekki gerður úr henni bitlingur til að útvega einstökum manni að eta. Eg býst við, að fæstir háttv. þingm. hafi séð bréf til þingsins um þetta. Mér var sagt að það væri frá stjórn bókasafnsins, en nú hefi eg talað við forseta vorn, sem er í þessari stjórn, og vissi hann ekki til þess, og mun beiðnin hafa verið frá stjórn stúdentafélagsins eða öðrum. Mér hefði þótt miklu eðlilegra, að beiðnin kæmi beint frá stjórn bókasafnsins, og að tiltekið hefði verið, hvernig ætti að verja fénu, og mundi eg þá ekki greiða atkvæði á móti. Ef mynduð yrði úr þessu ný staða, mundi það verða til þess, að á næsta þingi yrði að hækka launin upp í 800 kr., síðan upp í 1000 kr., þá upp í 1200 kr. og drægi þá þessi brtill. leiðan dilk á eftir sér, því auðvitað kæmi beiðni um að hækka laun hinna annara starfsmanna bókasafnsins að sama skapi.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eg skal undir eins svara lítið eitt síðasta kaflanum í ræðu h. þm. Strandam. (Guðj. G.). Því miður er eg ekki svo kunnugur þessu máli, að eg geti dæmt um, hve nauðsynlegt þetta starf er, en eg held að það, sem háttv. þingm. hafði á móti veitingunni, sé á litlum rökum bygt. Eg vil benda á að þetta er ein af þeim styrkveitingum, sem háttv. Ed. hefir samþykt með öllum atkv. Það sem háttv. þm. hafði einkum á móti þessari veitingu var, að ekki væri sýnt, að stjórn landsbókasafnsins óskaði eftir henni, og í öðru lagi, að úr þessu kynni að verða bitlingur. En þetta er ekki algjörlega rétt. Að vísu hefir stjórn safnsins ekki skrifað þinginu, heldur er beiðnin frá stjórn stúdentafélagsins, en þessari beiðni fylgdi útskrift úr gjörðabók stjórnar bókasafnsins. Og eins og fjárveitingin er orðuð, heyrir hún undir stjórn bókasafnsins og notkun hennar og getur enginn annar en sú stjórn ráðið hvernig eða hvort féð verður notað, og því getur varla orðið bitlingur úr því, finst mér; eg kalla ekki bitling, þó borgun fyrir eitthvert

nauðsynjaverk sé greidd úr landssjóði, hvort sem vinnan er akkordsvinna eða tímavinna. Þingm. sagði enn fremur, að ekki væri hægt að semja hilluskrá nú, af því að flytja ætti safnið og yrði þá hilluskráin ónýt, en þessi ástæða er ekki mikils virði, ef þess er gætt að safnið verður varla flutt á næstu árum, því til þess yrði að byggja stórt, dýrt og vandað hús, en það verður varla hægt fyrst um sinn, og er því ástæðulaust að draga þetta starf þess vegna. En eins og eg tók fram í upphafi, er eg ekki svo vel að mér, að eg geti fyllilega dæmt um þetta.

Þá eru fáein önnur atriði, sem eg vil minnast á. Hæstv. landh. upplýsti, að eftir orðum efri deildar væri ætlast til að fjárveitingunni til flutningabrauta yrði að eins varið til vegagjörðar í Húnavatnssýslu en ekki bæði í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í frv., og Nd. sömul. ætlaðist til. Síðan hefi eg leitað álits fjárlaganefndarinnar hér, og skal eg lýsa því yfir, að meiri hluti nefndarinnar heldur fast við sinn skilning. H. þm. A.-Sk. (J. J.) sagði að sumir í nefndinni hefðu verið sömu skoðunar og h. Ed., en eg verð að mótmæla því að þetta »sumir« geti þýtt annað en þm. sjálfur. Hæstv, landsh. og h. þm. Rvk. hafa fundið að því, að eg yrði alloft að segja: »meiri hluti nefndarinnar«, og hafa þeir álasað nefndinni fyrir, að hún hafi ekki sýnt eins mikla samheldni og áður. Þetta vitum við bezt sjálfir og umræður og mælgi um það er þarflaus, en það er fleira einkennilegt fyrir þessa nefnd, og það er, að hún var kosin með hlutfallskosningu, sem aldrei hefir komið fyrir áður, og það er ekki nefndinni að kenna hvernig hún er kosin.

Hæstv. landsh. kvaðst hafa skilið orð mín um íbúð póstmeistarans í pósthúsinu svo, að hann mætti búa þar fyrir ekkert; ef til vill hafa orð mín verið óljós, en meining mín var sama og háttv. þm. Vestm., að póstmeistari ætti að gjalda dálitla leigu, þó ekki væri ætlast til að landssjóður hefði neitt teljandi fé upp úr því.

Umræðurnar um hið alkunna kirkjugarðsmál hafa verið rólegar og þakka eg það br.till. minni. Háttv. varaforseti vill fá upphæðina hækkaða og hefi eg fyrir mitt leyti alls ekkert á móti því, af því að eg álít að í orðum hæstv. landsh. liggi full trygging fyrir því, að ekki verði meira brúkað af fénu, en hægt verður að komast af með minst.

Eg þakka hæstv. landsh. mikillega, hvernig hann tók bendingu minni um gamla kirkjugarðinn, vona eg að þetta fáist leiðrétt og treysti eg hæstv. lh. til hins bezta í því efni. Eg vona að þrátt fyrir hið margumrædda kansellibréf eða konungsúrskurð, sem h. þm. Rvk. talar um, sé þetta ekki alveg grafið og gleymt. Eg kann reyndar ekki um það að segja, hvaða gildi konungsúrskurðir hafa, sem eru gefnir um einstök atriði á einstökum stað og tíma, eða hvort það er rétt, að láta þá hafa lagagildi fyrir öll lík eða samkynja atvik á alt öðrum tíma. Eg er ekki lögfræðingur, en mér finst skýring h. þm. Rvk. í þessu nokkuð ólíkleg. Og gaman hefði eg af að vita, hvaða matur h. þm. Rvk. yrði úr því, ef hann hefði konungsúrskurð um, að landssjóður ætti að kosta alla Reykvíkinga bæði líts og liðna, jafnvel þó úrskurðurinn hefði verið gefinn af einhverjum af »guðs náð«, sem máske hefði verið meira eða minna »ótilreiknanlegur«.

Um ritsímann þarf eg ekki að tala; eg vona að ástæður þær, er h. þm.

Vestm. færði fram gegn brtill., hafi verið svo ljósar og gildar, að hún nái ekki fram að ganga. H. þm. S.-M. hefir ekki misboðið oss með löngum ræðum eða mörgum brtill. á þingi þessu og skal hann hafa þökk og heiður fyrir það. En því leiðinlegra þykir mér að þurfa að vera honum ósamdóma í máli því, er hann nú fylgir fram: biblíufélagsstyrknum. Hann tók það fram, að nauðsyn væri á að hafa vandaða biblíuþýðingu, og að þetta verk yrði þjóðinni til sóma. Þetta játa eg að geti verið rétt, en mér finst það ekki raska röksemdum mínum gegn þessu máli. Aðalástæða mín var sú, að þótt þetta væri nauðsynlegt og þarft, þá væri þó margt þarfara, og að hins vegar væri lítil von um að við gætum leyst þetta verk svo af hendi, að það yrði okkur til sóma, að við hefðum tök á að vinna það verk, sem Englendingar t. d. hafa látið marga af sínum beztu mönnum, starfa að í mörg ár. Eg get ekki trúað því, að ekki megi fá gott mál á bibliuna, þó enskar og þýskar þýðingar væru lagðar til grundvallar. Eg verð að álíta að eg sé »frá almennu sjónarmiði« betur fær um að dæma um þetta, en stjórn biblíufélagsins, því eg hlýt í því máli að vera allsendis óvilhallur, en það getur stjórn biblíufélagsins varla verið. Hún hlýtur, sem slik, að líta á það frá sjónarmiði þess félags, sem hún á að stjórna og annast. Og enn er sú ástæða, að biblíufélagssjóðurinn er ómótmælanlega hlutfallslega betur á vegi staddur en landssjóður, vil eg því bíða meðan biblíusjóðurinn baðar í rósum og þangað til gullöld landssjóðsins rennur upp. Eg skal nú ekki tala meira um þetta mál, en vil biðja h. þm. S.-M. (S. G.) að fyrirgefa, að eg hefi orðið að tala svo mjög í móti þessu. Eg skal geta

þess, að eg fór með nokkuð sem ekki var rétt áðan, er eg blandaði saman 2 leikfimisfélögum, þar sem aðeins annað á að verða styrks njótandi. Eg hika mér ekki við að játa þessa yfirsjón, sem kom af ófullkomnum upplýsingum, sem mér höfðu verið gefnar. En það haggar samt alls ekki við þeim ástæðum, er eg færði fram móti styrknum. H. þm Vestm. (V. G.) talaði móti launum Bjarna kennara Jónssonar, en í röksemdafærslu sinni var hann ónákvæmari en hann er vanur að vera og sumar ástæður hans ekki réttar. Honum þótti ekki meiri nauðsyn að þessum kennara en hverjum öðrum, sem hefir samskonar próf (klassisku málin), en eg veit ekki betur en að hann sé ekki talinn nauðsynlegur skólanum vegna klassisku málanna, heldur til að kenna þýsku, sem hann er sérlega vel að sér í. Hann talaði og um principbrot, en eg vil benda á, að við latínuskólann eru bæði leikfimiskennari og söngkennari með föstum ákveðnum launum, og hefir það lengi verið svo. Þar sem hann mintist á Pál Melsteð, skal eg geta þess, að hann hafði að minsta kosti frá 1885—'93 1800 kr. laun á ári, en 1893 fekk hann þau heiðurslaun, er hann síðan hefir notið. Þetta hefir reyndar ekki mikið að þýða, en það sýnir að h. þm. hefir ekki kynt sér málið nógu vel.

Eg þarf ekki að svara h. þm. Mýram. eða h. þm. Rvk., þar sem þeir hafa haldið því fram að rétt sé að hækka styrkinn til búnaðarfélagsins, því enginn hefir þar hrakið ástæður mínar. Eg held því fast fram, að þessi hækkun, 2000 kr. á ári, auki ekkert hvötina til að vinna jarðabætur. Og eg vil enn alvarlega vekja athygli h. deildar á því, hvort ekki sé misráðið að taka 4000 kr. úr landssjóði á fjárhagstíma-

bilinu, og skifta því niður í eintóma tveggja aura bitlinga; en að vísu verða þeir ærið margir.

Fleira hefi eg svo ekki að segja og get því vel sagt amen!

ATKVGR.: Brt. við 10. gr. C. 4 b. á þgskj. 520 feld með 12 : 8 atkv.

Brt. við 10. gr. C. 4 e. á þgskj. 524 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. við 10. gr. C. 5, á þgskj. 524, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. við 11. gr. B á þgskj. 516 feld með 15 : 4 atkv.

Brt. við 11. gr. 11 á þgskj. 544 feld með 12 : 8 atkv.

Brt. við 12. A. 1. a. á þgskj. 514 samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Gíslason,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelss.,
Jón Jensson,	Jón Þórarinsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Ólafur Briem,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	Þórður Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sigurður Gunnarss.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	
Þorl. Guðmundsson.	

Brt. við 12. gr. A 1 a á þgskj. 547 þar með fallin.

Brt. við 12. gr. B 9 á þgskj. 514 feld með 12 : 8 atkv.

Brt. við 12: gr. B 9 á þgskj. 531 sþ. með 12 : 5 atkv.

Brt. við 12. gr. B 9 á þgskj. 553 sþ. án atkv.

Brt. við 12 gr. C 3 á þskj. 533 feld með 12 : 10 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu.

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundsson,
Halldór Daníelsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	Jón Jensson,
Sighvatur Árnason,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Sigurður Gunnarss.	Jón Jónss., 2. þm. Eyf
Tryggvi Gunnarss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þorl. Guðmundsson.	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Brt. við 12. gr. D aths. á þgskj. 535 feld með 11 : 8 atkv.

Brt. við 13. gr. A 8 á þgskj. 514 feld með 12 : 8 atkv.

Brt. við 13 gr. A b 11 á þgskj. 530 sþ. með 19 : 1 atkv.

Brt. við 13 gr. B III c 4 á þgskj. 528 feld með 11 : 5 atkv.

Brt. við 13. gr. B III c 5 á þgskj. 528 tekin aftur.

Brt. við 13. gr. B III c 5 á þgskj. 552 feld með 12 : 5 atkv.

Brt. við 13. gr. V b 5 á þgskj. 514 sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. við 13. gr. VI a 3 á þgskj. 538 feld með 13 : 8 atkv.

Brt. við 13. gr. C 1 c á þgskj. 535 feld með 11 : 9 atkv.

Brt. við 13. gr. C 7 á þgskj. 514 sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. við 13. gr. 9 á þgskj. 514 samþ. með 13 : 4 atkv.

Brt. við 13. gr. 12 á þgskj. 523 sþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Jens Pálsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Jensson,
Halldór Daníelss.,	Sighv. Árnason,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss. þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þórarinsson,	Tr. Gunnarsson,

já:	*nei:*
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.,
Pétur Jónsson,	Þórður Thóroddsen.
Valtýr Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundss.	

Brt. við 13. gr. C 13 á þgskj. 514 sþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já;	*nei:*
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Kl. Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	Halldór Daníelsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jens Pálsson,
Jón Jensson,	Jón Þórarinsson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Sighv. Árnason,
J. Jónss. þm. Eyf.	Skúli Thoroddsen,
Ól. Briem,	Þórður Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	Þorl. Guðmundsson.
Sig. Gunnarsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundss.	

Brt. við 13. gr. C 16 á þgskj. 519 sþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Kl. Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Halldór Daníelson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
J. Jónss. þm. Eyf.,	Jón Þórarinsson,
Ól. Briem,	Sig. Gunnarss.,
Pétur Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Valtýr Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundss.	

Br.till. við 13. gr. C. 20 á þskj. 529 feld með 14 : 8 atkv. að viðh. nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Halldór Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Skúli Thoroddsen,	J. J., þm. A.-Sk.,
Þórður Guðmundss.,	J. J., þm. Eyf.,
Þórður Thorodds.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Br.till. við 13. gr. C. 27 á þskj. 521 sþ. með 12 : 4 atkv.

Br.till. við 13. gr. C. 28 á þskj. 548, feld með 14 : 4 atkv.

Br.till. við 13. gr. C. 31 á þskj. 514, sþ. með 17 shlj. atkv.

Br.till. við 13. gr. C. 31 á þskj. 541, feld með 13 : 5 atkv.

Br.till. við 13. gr. C. 32 á þskj. 514, sþ. með 16 samhlj. atkv.

Br.till. við 13. gr. C. 33 á þskj. 528, feld með 11 : 9 atkv.

Br.till. við 15. gr. á þskj. 532 og 537, feldar með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	J. J., þm. A.-Sk.,
Sighv. Árnason,	J. J., þm. Eyf.
Valtýr Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þórður Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þorl. Guðmundsson.	Skúli Thoroddsen,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Thoroddsen.

Br.till. við 15. gr. á þskj. 543 sþ. með 13 : 4 atkv.

Br.till. við 18. gr. á þskj. 524 sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. við 18. gr. á þskj. 514 feld með 12 : 10 atkv.

Br.till. við 18. gr. á þskj. 554 feld með 17 : 3 atkv.

Br.till. við 18. gr. á þskj. 546 feld með 12 : 9 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 20 samhlj. atkv., og verður þannig endursent Ed.

Hjónabandslýsingar.

FRUMVARP til laga um breyting á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (C. 45); 1. umr., 12. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 45, 62), 14. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg finn ekki ástæðu til að halda langa ræðu til að réttlæta breyt.till. þá, sem eg og annar h. þm. (Kl. J.) höfum leyft okkur að koma fram með. Mér er persónulega kunnugt um, að það hefir staðið dálítið í vegi fyrir giftingum, að menn hafa verið neyddir til eins af tvennu, annaðhvort að láta prest lýsa og gefa sig saman í kirkju, eða þá að gjalda hið háa gjald fyrir leyfisbréf, er veitti undanþágu frá þessu, 33 kr. 66 aura. Eg hygg að niðurfærsla gjaldsins mundi gjöra það að verkum, að ýms hjónaleysi, sem nú búa saman hálf hneykslanlegri sambúð, og eiga börn saman utan hjúskapar, mundu ganga í hjónaband.

Landshöfðingi: Eg er ekki samþykkur h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að nýmæli það, er kemur fram í br.till., sé svo æskilegt. Hjónavígslubréf þau, sem hér er um að ræða, veita undanþágu frá þessu þrennu: að lýsingar til hjónabandsins fari fram, að hjónaefnin þurfi að láta hlutaðeigandi sóknarprest gefa sig saman og að hjónavígslan þurfi að fara fram í kirkju. Þessi hjónavígslubréf hafa talsvert verið notuð, þó sjálfsagt mest í því skyni að fá undanþágu frá lýsingunum, enda er það ekki óeðilegt á meðan þær eiga að vera þrjár, því að eins og tekið er fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, þá hefir það valdið töluverðum örðugleikum að koma þessum þrem lýsingum á á hæfilega stuttum tíma. En þar sem stjórnarfrumv. ætlast til, að að eins fari fram ein lýsing, þá er að miklu leyti horfin þörfin á að kaupa hjónavígslubréf; það má heita að slíkt sé hreinn óþarfi hér eftir og fremur gjört af fordild, og þá er eigi ástæða til að lækka leyfisbréfsgjaldið þess vegna.

Eg sé litla nauðsyn á því, að fá leyfi til að nota annan prest en sóknarprestinn til þess að framkvæma hjónavígsluna, né heldur á því, að hún fari fram annarsstaðar en í kirkjunni, og það því síður sem það er heimilt eftir gildandi lögum, að gefa hjón saman í heimahúsum, ef sjúkdómur er til hindrunar að þau geti orðið gefin saman í kirkjunni.

Eg hefi reyndar orðið þess var, að margir líti svo á, að með því að kaupa hjónavígslubréf telji þeir sig hafa keypt sér undanþágu frá því að halda brúðkaupsveizlu. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er rétt). En eg efast um, að það sé nokkur ástæða fyrir löggjöfina að fara að blanda sér inn í það mál.

En auk þess er eg mótfallinn forminu á breyt.till. Það þarf eigi að taka það fram í lögunum, að hjónavígslubréf megi veita eins og að undanförnu, um slíkt leyfi er þegar kveðið á í 13. gr. stjórnarskrárinnar með þessum orðum: »konungur veitir, sumpart beinlínis, sumpart með því að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkast hafa

eftir reglum þeim, sem farið hefir verið eftir hingað til«. Ætti br.till. því að komast að, þá væri nær að orða hana þannig: gjald fyrir hjónavígslubréf skal hér eftir vera 10 kr. Þá kann eg ekki heldur við það, að sýslumönnum sé falið á hendur að gefa út leyfisbréf þessi. Hér er um mál að ræða, sem er einungis umboðslegs eðlis og hefir konungur hingað til falið ráðgjafanum eða háyfirvöldunum á hendur að ákveða í hvert einstakt skifti fyrir sína hönd, hvort leyfi skyldi veitt eða ekki. Eins og málinu er hagað sýnist mér engan veginn rétt að gjöra breyting á þessu og skylda konung til að fela sýslumönnunum starf þetta. Ef h. flutningsm. vilja endilega halda fast við breyt.till. sína, þá mun eg í raun og veru ekki setja mig á móti, að gjaldið fyrir leyfisbréfin sé lækkað, en fastlega verð eg að ráða þeim til að breyta formi tillögunnar, og ættu þeir helzt að taka hana aftur nú, en bera hana þá heldur fram í nýrri mynd við 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er þakklátur h. flutningsm. fyrir það, að þeir hafa komið með þessa breyt.till. Eg hafði einmitt hugsað mér að koma fram með breyt.till. í þessa átt, en þeir urðu fyrri til.

Eg játa það, að ástæðan til að fá undanþágur þær, sem hjónavígslubréf veita, minkar mikið við það, ef lagabreytingin kemst fram, því að það eru einmitt hinar þrjár lýsingar, sem oft hafa mjög stuðlað að því, að leyfisbréfin hafa verið keypt. En þó er ástæðan til að kaupa þau eigi með öllu horfin þrátt fyrir lagabreytinguna, því að lýsing þarf þó að fara fram þrem vikum á undan hjónavígslunni. Hjónaefnin verða því að vera búin að fastbinda það þrem vikum á undan, hvenær þau ætli að ganga í hjúskapinn, og getur það stundum verið töluvert óþægilegt, hitt þægilegra að þurfa ekki að hafa umhugsunartíma. Reynsla mín er og sú, að þótt eigi sé heimtuð nema ein lýsing, þá geti verið töluverðir torveldleikar á því að komast í hjúskapinn, nema þá með því að bíða eftir því um harla óákveðinn tíma. Eg þekki þær sóknir, þar sem messugjörð hefir alls eigi farið fram um þann tíma, sem alþýða manna giftir sig helzt; eg veit dæmi til þess að engin messugjörð hefir farið fram frá því í september og þangað til seint í desember.

Það geta og verið fleiri ástæður en þessar fyrir því, að menn vilji kaupa leyfisbréf; það getur t. d komið fyrir, að menn vilji ekki láta eiginn sóknarprest sinn gefa sig í hjónabandið, því að hér er um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að það er engin von að menn vilji nota þann prest til þess starfa, sem þeir vilja ekki nota til annara verka. Þar sem samkomulagið getur verið svo, að viðkomandi kjósi helzt að þurfa hvorki að heyra eða sjá sóknarprestinn sinn, þar má geta nærri hve ófúslega hann muni þiggja hjónavígslu af prestinum.

Undanþágan frá því að nota kirkjuna til hjónavígslunnar er ekki heldur þýðingarlaus; það getur kostað meira en 10 kr. að þurfa að fara til kirkjunnar giftingardaginn, að eg ekki tali um þá hrakninga, sem því geta orðið samfara, og sem menn helzt vilja vera lausir við þann dag.

Það er líka á það að líta, að hér er um talsverða tekjugrein að ræða fyrir landssjóð. Eins og eg játaði áðan, minkar ástæðan til að kaupa leyfisbréf til hjónavígslu, ef frv. stjórnarinnar verður að lögum; verði því leyfisbréfunum haldið jafndýrum eftirleiðis og hingað til, má búast við því, að færri kaupi þau en áður, og tekjur landssjóðs rýrni því. Verði þau aftur á móti færð niður, eins

og breyt.till. fer fram á, þá er eg viss um að þeim muni fjölga svo, er leyfisbréfin kaupa, að tekjur landssjóðs muni vaxa en eigi rýrna.

Að öllu athuguðu verð eg að telja það rétt fyrir þingið, að fallast á breyt.-till., það getur aftur verið annað mál um það, hvort form hennar er heppilegt eða ekki, um það skal eg ekki þrátta. En það er nógur tími til að laga það síðar, þótt breyt.till., eða öllu heldur viðaukatillagan, verði samþ. nú eins og hún liggur fyrir.

Hæstv. landsh. þótti það óheppilegt, að binda konung við það, að fá sýslumönnum í hendur útgáfu leyfisbréfanna, en þess er að gæta, að svo er ekki í raun og veru, því að í tillögunni stendur að eins: Fela má sýslumönnum að afhenda slík leyfisbréf, en eigi að það skuli fela þeim það.

Jens Pálsson: Eins og h. deild er kunnugt, er það almennur vilji í landinu, að breytt sé til um þau ákvæði, sem nú gilda um lýsingar til hjónabands, enda hafa komið óskir í þá átt frá mörgum héraðsfundum, og hefir synodus og kirkjustjórn eindregið ráðið til breytingar þessarar af góðum og gildum ástæðum, og er í ráði að taka þessa breytingu upp í hina tilvonandi endurskoðuðu handbók presta Með því frumv. felur í sér æskilega og alment eftirælskta umbót, og hefir fengið rækilegan undirbúning, er mér sárt um það, og því ekki ljúft að því yrði breytt þannig, að breyt.till. yrði staðfesting þess til hindrunar, þar eð mig uggir, að breyt.till. í þeirri mynd, er hún fyrir liggur, kunni að verða orsök til þess, að frumv. verði ekki samþ. með henni, þá álít eg hyggilegri veg, og ekki óaðgengilegan fyrir h. flutningsm., að taka hana nú aftur, og koma með hana í annari mynd við 3. umr., svo sem hæstv. landsh. stakk upp á.

Hvað snertir ástæðurnar, sem bornar hafa verið fram fyrir því, að lækka gjaldið fyrir hjónavígsluleyfisbréfin niður í 10 kr., þá eru þær, að mér virðist, harla veikar. Það eru ekki verulegir örðugleikar á að koma fram einni lýsingu, og hvað snertir það, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, að í mörgum söknum væri ekki messað frá því í september og þangað til um jól, þá þekki eg ekki dæmi til slíks í þeim prófastsdæmum, sem eg hefi verið prestur í. Eg verð að minsta kosti að álíta að það sé ofsagt, að slíkt sé í mörgum prestaköllum; það getur að vísu komið fyrir á einstökum stað, af sérstökum ástæðum, en eg get ekki fallist á, að það sé svo alment, að það gefi ástæðu til lagabreytinga.

Þá kemur önnur ástæðan, sem komið var með, að svo slæmt samkomulag væri á sumum stöðum milli prests og safnaðar, að létta þyrfti fyrir almenningi með að geta keypt leyfisbréf vegna þess, svo ekki þyrfti að nota sóknarprestinn til að framkvæma hjónavígslu. Eg fullyrði að slíkt sé hreinasta undantekning, og tel auk þess tvísýnt, hvort það bæti samlyndið, ef brestur er á því milli prests og safnaðar, að gera mönnum hægra fyrir að nota annan prest.

Aðalatriðið fyrir mér er það, að h. flutningsm. hafi ráð hæstv. landsh., og taki breyt.till. aftur, svo hún geti ekki orðið þess valdandi, að frumv. verði ekki staðfest, og vil eg heita h. flutningsm. liðsinni mínu til þess að koma lagaðri breyt.till. að til 3. umr., ef þeir skyldu verða of liðfáir til þess.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því eg er gamall prókúrator, þá kann eg betur við að byrja á forminu fyrst, og skal eg því játa, að athugasemd hæstv. ldsh. viðvíkjandi forminu geti verið á rökum bygð, en mér fanst hann gera nokkuð

mikið úr því, að tekið væri fram fyrir hendur umboðsvaldsins. Eg sé ekki að gert sé annað en staðfesta þá venju, sem nú er, og það er ekkert nýtt að taka slík ákvæði upp í lagaboð. Í 96. gr. skiftalaganna 12. apríl 1878 stendur t. d. ákvæði, sem meiri ástæða hefði verið til að segja, að tæki fram fyrir hendur umboðsvaldsins. Eg get því ekki séð, að breyt.till. komi í bága við rétt konungs, að veita undanþágu frá gildandi lögum.

Síðasti liður tillögunnar, um að sýslumaður megi gefa út hjónavígslubréf, getur ef til vill verið dálítið varhugaverður, því það er breyting á núverandi ástandi. Það er venja, að útgáfa leyfisbréfa, er veita undanþágur frá lögum, sé falið ráðgjafanum eða háyfirvöldunum, landshöfðingja og amtmönnum. En þar sem sýslumenn veita ýms leyfi, alveg eins þýðingarmikil og þessi, og innheimta gjöld fyrir ýms leyfisbréf o. fl., þá get eg ekki séð neitt á móti því, að þeim sé falið að afhenda þessi bréf.

En mér dettur ekki í hug að halda formi þessu til streitu; að eins þykir mér dálítið óviðkunnanlegt að taka till. aftur, þar sem eg álít hana rétta, en eg vil lýsa yfir því, að eg er fús á, verði breyt.till. samþykt nú, að koma með breyt.till. við 3. umr. samkv. bendingu hæstv. landsh., ef það verður álitið nauðsynlegt. En mér þykir ekki allsendis þýðingarlaust, að bera till. undir atkv., því það gæti verið bending fyrir stjórnina, hver væri vilji h. deildar með afgreiðslu þessara leyfisbréfa, og gæti stjórnin þá, án þess til þess þyrfti lagaboð, fengið sýslumönnum útgáfu þeirra í hendur, ef hún sæi sér það fært, þau mundu þá verða almennara notuð, og keypt af fleirum en nú á sér stað.

Þá hefir verið þráttað dálítið um efni tillögunnar. Það er mikil fjarstæða, að segja, að með svolöguðum ákvæðum sé verið að hlynna að því, að söfnuðir sýni prestum ójöfnuð. Vér getum eins vel sagt, að með því að halda ástandi því, sem nú á sér stað, sé hlynt að því, að prestar sýni söfnuðunum ójöfnuð. Þess eru því miður dæmi, að prestar eru ekki síður sök í óvild milli þeirra og safnaðanna en söfnuðirnir. Vitaskuld eru það sumstaðar söfnuðirnir eða einstakir menn meðal þeirra, sem koma óvildinni á stað.

Eitt vil eg enn benda á í sambandi við þetta. Hér hefir margsinnis verið samþykt frumv. um, að mönnum í þjóðkirkjunni væri leyft að giftast borgaralegu hjónabandi, og má ætla, að alda sú mundi sjatna, ef slakað væri til í þessu atriði, sem er alls ekki kirkjulegt. Eg vil ekki minnast á þetta frekar, en tók það að eins fram sem bendingu.

Háttv. þm. Dal. (J. P.) sagðist ekki þekkja neina sókn á landinu, þar sem ekki væri messað frá því í september og þar til í desember. (*Jens Pálsson*: Ekki í þeim prófastsdæmum, þar sem eg hefi verið prestur). Það er engin sönnun fyrir því, að dæmið sé ekki til og eg þekki dæmi til þess, að ekki hefir verið messað frá páskum til jóla.

Samkvæmt því, er eg hefi áður sagt, þykir mér hálf-óviðkunnanlegt að taka tillögu þessa aftur, en eg er fús á að breyta henni til 3. umr.

Klemens Jónsson: Sem 2. flutningsmaður breyt.till. þessarar vildi eg tala fáein orð. Þessi breyt.till., sem hér liggur fyrir, er í 3 liðum.

Hvað snertir 1. liðinn, þá er ekki meint með því að breyta því, sem áður hefir verið, að konungur hafi rétt til að veita undanþágur frá lögum, heldur er slíkt sem endurtekning þess,

er stendur í 13. gr. stjórnarskrárinnar. Þó er okkur ekkert kappsmál um þetta atriði, þótt það félli niður.

Hvað snertir hina liðina, þá var það einkum síðasti liðurinn, um að sýslumenn gætu gefið út hjónavígslubréf, sem kom mér til að vera með tillögunni. Því eins og alkunnugt er, geta hjónaefnin snúið sér til amtmanns og fengið leyfisbréf þetta án þess að tilfæra nokkrar ástæður, og án þess einu sinni að koma með skriflega beiðni um það, og þá finst mér umsvifaminna fyrir menn, að fá leyfisbréf þetta hjá sýslumanni, heldur en menn af Ísafirði verði að sækja það til Reykjavíkur eða menn úr Suður-Múlasýslu til Akureyrar, úr því að leyfisbréf þessi eru alt af veitt undantekningarlaust.

En hvað snertir þá athugasemd hæstv. landsh., að það væri óviðkunnanlegt fyrir löggjafarvaldið að blanda sér í verkahring umboðsvaldsins, þá skal eg játa, að svo sé, en þó vildi eg biðja hæstv. landsh. að mæla fram með því við umboðsstjórnina, að sýslumönnum væri falin útgáfa þessara leyfisbréfa.

Um gjaldið fyrir leyfisbréf þetta vorum við flutningsmenn í nokkrum efa um, hvað ætti að setja það hátt, hvort ætti að setja það á 10 kr. eða 5 kr. (*Landshöfðingi:* Hví ekki krónu?)) en við héldum þó, að 10 kr. gjaldið gæti gengið, og ekki sérlega mikil hætta fyrir því, að landssjóður biði mikinn halla við það, því að miklu fleiri hjónaefni munu kaupa leyfisbréfin eftir en áður.

Það er alveg rétt, sem hæstv. landsh. tók fram, að það er almenn skoðun, að þegar leyfisbréf er keypt, losist brúðhjónin við að halda veizlu, en þar sem hann spurði, hvort löggjafarvaldið ætti að hlynna að því fyrir það, þá er ekkert á móti því, og þar sem það yrði til að spara töluvert fé fyrir efnalaust fólk, þá væri rétt fyrir þingið að hlynna fremur að því.

Að öðru leyti er mér sama um, hvort breyt.till. þessi verður samþykt nú eða feld, því þá kemur hún til 3. umr. í annari mynd.

ATKVGR.: Breyt.till. við síðustu línu frumv., á þingskj. 62, samþykt með 13 atkv. gegn 2.

Frumvarpsgreinin með áorðinni breytingu samþykt með 21 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 samhljóða atkv

Þriðja umr. (C. 69, 70, 89); 18. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að taka það fram, að við, sem erum flytjendur breyt.till. á þingskjali 69, viljum gjarnan aðhyllast breyt.till. þá, sem komin er fram við hana. — Eg hefi og borið mig saman um þetta við hæstv. landsh., og álítur hann heppilegra, að sú breyt.till. komist að.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 89, við breyt.till. á þingskj. 69, samþykt með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 69, breytt, samþykt með 15 samhlj. atkv.

Frumvarpið, með áorðinni breyting, samþykt með 17 samhljóða atkv., og verður sent aftur til efri deildar.

Ein umr. (C. 193); 27. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 16 samhljóða atkv., og verður afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Smjörlíkistollur.

FRUMVARP til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (C. 30); 1. umr., 8. júlí.

Framsögumaður (*Björn Sigfússon*): Frumv. þetta er svo gamall góð-kunn-

ingi hér í deildinni, að eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um það. — Það hefir alt hið sama sér til meðmæla, sem tekið var fram á síðasta þingi og áður, og sem eg álít, að ekki sé til annars en til að tefja tímann, að fara að taka upp aftur. En auk þess hafa þó að minni hyggju bætst við nýjar ástæður fyrir því, að leggja toll á smjörlíki. 1., að nú eru enn brýnni og meira knýjandi ástæður en áður, til þess að reyna að greiða fyrir landbúnaðinum, sem flestir munu kannast við að sé í voða staddur, reyna að gefa nýjar hvatir til að auka og bæta framleiðslu landbúnaðarafurðanna. Raddir um þetta efni kalla æ hærra og hærra og það er sýnilegt, af þingmálafundargjörðum að dæma, að þeim fjölgar meira og meira, sem óska eftir, að eitthvað verulegt sé gjört í þessu efni, og þar má einnig sjá, að það er almenn ósk, að tollur sé lagður á smjörlíki. — Í öðru lagi má geta þess, að nú er vaknaður nýr, sterkur og nærfelt almennur áhugi hjá landsmönnum á því, ekki að eins að auka smjörframleiðsluna í landinu, heldur og einnig að bæta hana, og gjöra mjólkur-afurðirnar að sem beztri og mestri verzlunarvöru. — Það er sýnilegur og áþreifanlegur vottur um þetta, hve fljótt landsmenn hafa tekið upp að nota skilvindur — svo dýr verkfæri sem þær eru — strax og menn hèr lærðu að þekkja þær. Í þessu hefir landsmönnum fleygt afarmikið fram á síðustu 2 árum, og meðferð mjólkur og smjörs batnað að miklum mun.

Það er auðvitað ýmislegt fleira, sem telja mætti máli þessu til meðmælingar, en eg sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það að sinni. Eg vænti þess, að háttv. þingd. taki frumv. vel, og tel það sjálfsagt, að hún muni leyfa því að ganga til 2. umr.

Aftur á móti finn eg ekki brýna ástæðu til að leggja til, að nefnd sé skipuð í málið, sem er í sjálfu sér einfalt, en vilji einhver stinga upp á nefndarkosningu, mun eg ekki hafa á móti því.

Klemens Jónsson: Það er þegar búið að skipa svo margar og þýðingarmiklar nefndir, að eg vil ekki leggja til, að þeim sé fjölgað til muna, enda má það heita viðunandi, ef úrslit þeirra allra verða eins og þjóðin óskar, og leyfi eg mér því að stinga upp á, að máli þessu sé vísað til landbúnaðar-nefndarinnar.

Jón Þórarinsson: Eg legg til, að málinu sé vísað til nefndar þeirrar, sem á sínum tíma mun verða skipuð hér í deildinni um tollmál.

ATKV.GR.: Samþykt að vísa málinu til landbúnaðar-nefndarinnar með 12 samhlj. atkv.

Framhald 1. umr. (C. 30, 82); 20. júlí.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Eins og háttv. þingmenn sjá, þá hefir nefndin tekið ástæður sínar all-ítarlega fram í nefndarálitinu, og finn eg því ekki ástæðu til að taka þær upp aftur. En eg vildi vekja sérstakt athygli á, að nefndinni getur ekki annað en virzt það verzlunarlag, sem nú á sér stað, mjög óeðlilegt. Að þjóðinni eins og finst óumflýjanlegt að kaupa frá öðrum löndum, það sem landið sjálft framleiðir.

Það virðist sannarlega alvarlegt umhugsunarefni, að landsmenn skuli nú borga til útlendinga yfir 85 þús. krónur fyrir viðmeti, sem nóg gæti verið til af í landinu sjálfu, ef það væri réttilega hagnýtt. Það er sannarlegt verzlunar-

ólag. Menn munu nú ef til vill segja, að landið geti ekki framleitt nægilega mikið af þessari vöru, það sýni útflutningurinn, sem sé hverfandi lítill á móts við innflutninginn. En á því er ekkert að byggja eins og nú stendur. — Smjörframleiðendur hafa enga hvöt til að auka framleiðsluna, þar sem smjörverðið er svo afar lágt, að eg ekki tali um tólgina; hvorttveggja má nú heita óseljanlegt, af því útlenda smjörlíkið fyllir markaðinn hér, og lokar honum fyrir landsmönnum sjálfum.

Það kemur svo ljóslega fram hér eins og víðar, að það er eins og landsmenn séu orðnir svo vanafastir eða svo fínir, að þeir geti ekki notað annað til fæðis eða klæðis en það sem er útlent.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið. Eg býst við að fram muni koma hinar gömlu, margtuggnu ástæður á móti, en sem líka er margbúið að hrekja.

Jón Þórarinsson: Það mætti nú virðast tilgangslaust að hefja að nýju andmæli gegn frumv., þar sem h. framsm. tók það svo skýrt fram í enda ræðu sinnar, að hann byggist ekki við öðrum ástæðum gegn því, en þeim, sem áður væru marg sagðar, og hraktar um leið. Eg hefi tekið svo eftir, að ástæður flutningsmanna, eða tilgangur þeirra með frumv., hafi verið þrjár: 1. að auka tekjur landssjóðs, 2. að íslenzkt smjör yrði betur vandað og 3. að auka smjörframleiðslu.

Eg vil nú fyrst spyrja, hvort líklegt sé, að þetta frumv. verði til þess að auka smjörframleiðslu í landinu? Eg geri varla ráð fyrir því, fyrir mitt leyti, að íslenzkir bændur fari að leggja svo mikið kapp á að framleiða smjör fram yfir það, sem verið hefir, þótt nú sé lagður tollur á smjörlíki. Eg hygg að þeir hafi haft flestar hinar sömu hvatir til þess áður, og framleiðslan er þó lítil í samanburði við þörfina. En skyldi þá þetta frumv. verða til þess að bæta innlent smjör? Fyrstur manna skal eg verða til að játa það, að frv. væri þarft og gott, ef það yrði að lögum, og þau lög hefðu þann árangur, að gera hið íslenzka smjör að góðri og útgengilegri vöru. En eg geri mér enga von um að sá tilgangur náist.

Er nokkur skynsamleg ástæða til að ætla, að bændur og bændakonur, sem nú verka illa smjör sitt, hugsi sem svo, — ef útlent smjör er hátt tollað, og því óseljanlegt hér í landi: Nú skal eg fara að vanda smjörgerðina, því að nú er ekki lengur »margarínið« við að keppa. Nei, það væri sennilegra, að samkepnin milli »margarínsins« og íslenzka smjörsins gerði það að verkum, að smjörvöndunin batnaði. En þessa hollu og — eins og nú stendur — nauðsynlegu samkepni — vilja styðjendur þessa frumv. útiloka. Verð tveggja vörutegunda, sem keppa saman á markaði, er mælikvarði fyrir gæðum þeirra (hlutfallslega). Nú sýna skýrslurnar, að verð á »margaríni« er hærra en verð á íslenzku smjöri. Með öðrum orðum íslenzka smjörið er verri vara en hið innflutta »margarín«. Er þá nokkur meining í því að tolla »margarín«? Slíkur tollur yrði ekki skoðaður öðru vísi en sem verndartollur. En hvað sem annars má um verndartolla segja, þá er það víst, að vernd slæmrar vöru með tolli er óhyggileg. Þörfin á smjöri eða öðru viðbiti er svo mikil, að okkur vantar um 150,000 pd., en vonandi er að sá tími komi, að við getum fullnægt okkur sjálfir með smjör. Þegar landið framleiðir sjálft svo mikið af smjöri, og þegar það smjör er yfir höfuð orðið góð vara, þá — og þá fyrst — er ástæða til að tolla aðflutt smjör, eða smjörlíki.

Þá gæti verið spursmál um, hvort

þetta frumv. yrði ekki til að auka tekjur landssjóðs. Það er auðvitað falleg hugsun að vilja auðga landssjóð, svo að vér t. d. gætum tekist á hendur eitthvert stórt þarflegt fyrirtæki, en það verður þó að vaka fyrir mönnum, að þessi aukning komi skynsamlega og sanngjarnlega niður á gjaldendur til landssjóðs. En kemur þá þessi tollur, sem hér er gjört ráð fyrir, skynsamlega niður? Nei, hann mundi koma ósanngjarnlega niður, því hann mundi einkum koma niður á hinum fátæku sjávarhreppum. Sá tilgangur að auka tekjur landssjóðsins næst vafalaust að nokkru leyti. En sú aukning er að mestu á kostnað bláfátækra manna í sjávarhéruðunum. Ef eg geri ráð fyrir sama aðflutningi með þessum háa tolli, eins og átt hefir sér stað undanfarin ár, þá nemur hann í landssjóð um 24,000 k.; en af þessari upphæð lendir yfir 10,000 kr. á þeim héruðum, sem verzla við Hafnarfjörð, Reykjavík og Keflavík, með öðrum orðum á fáeinum bláfátækum sjávarhreppum. Því að sveitamenn kaupa þó líklega ekki »margarín«, eftir því áliti að dæma, sem þeir sýnast hafa á þeirri vöru. Óréttmætari tekjugrundvöll fyrir landssjóð er varla unt að finna.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla að eins að gera fáar athugasemdir, þar sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) hefir nú þegar tekið fram megnið af því, er eg vildi hafa sagt. Viðvíkjandi stefnu frumv. þessa, er eg samþykkur þeirri meginstefnu, sem nefndin tekur fram í áliti sínu, að rétt sé að tolla, á einn bóginn óþarfa vörur, og á hinn bóginn þær vörur, sem landið getur sjálft framleitt nægilegt af. Af þessu leiðir, að eg er stefnu frumv. þessa fremur hlyntur, því eg efa eigi, að sá tími komi, — þótt naumast sé hann kominn enn —, að landið geti framleitt nóg feitmeti fyrir íbúa sína. En áður en eg afræð að greiða frumv. þessu atkvæði mitt, finst mér annað atriði koma til skoðunar. Eg vildi beina þeirri spurningu til tollmálanefndarinnar, hvað hún hafi hugsað sér að gera, til þess að greiða fyrir sjávarútveginum á þessu þingi? Eg sé, að það dynur inn á þingið hvert frv. á fætur öðru, til þess að styrkja landbúnaðinn, bæði með fjárframlögum og með tollverndun, svo sem með þessum aðflutningstolli á smjörlíki, sem að kalla eingöngu kemur niður á sjávarmönnum. Það sé fjarri mér að lasta þessa vitleitni, sem sannarlega er allra góðra gjalda verð, en eg hefði getað búist við því, að jafnframt hefði komið fram frv. um afnám útflutningsgjalds af fiski, sem bæði er ranglátt og óskynsamlegt gjald. Fiskinn framleiðum vér til útflutnings; það er sú varan, sem vér aðallega verðum að afla oss útlendrar nauðsynjavöru fyrir, og ætti því að hvetja til þess, að sem mest væri framleitt af þessari vöru, í stað þess að leggja höft á framleiðsluna með útflutningstolli. En hvað frv. það snertir, sem hér er til umræðu, þá sé eg ekki betur, en að það stefni beint að hinu gagnstæða, að hér sé beinn tollur lagður á sjávarmanninn, og honum þannig gert örðugra fyrir, og mun eg því að eins greiða atkvæði með frumv. þessu, að skýr yfirlýsing komi frá tollmálanefndinni um það, að hún komi með frumv. á þessu þingi um afnám á útflutningsgjaldi af fiski, til þess að létta því aftur af útvegsmönnunum, sem smjörlíkistollurinn leggur á þá. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Frumv. er ekki frá tollmálanefndinni). Eg veit það, en eg beini engu að síður fyrirspurn minni til hennar, enda eru nokkrir hinir sömu menn í báðum nefndunum. Eg endur-

tek það því, að eg óska yfirlýsingar nefndarinnar um þetta, og undir því er atkvæði mitt komið.

Að öðru leyti vil eg taka undir með h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að eins og nú stendur á, þykir mér nokkuð ísjárvert að leggja toll á smjörlíki, af því að hvorki er smjör-framleiðsla vor svo mikil né góð, sem vera þyrfti, og þar sem h. 2. þm. Húnv. (Bj. S.) tók það fram, að menn vildu ekki nota nema útlent smjör, af því að menn kynnu því bezt, að kaupa fremur útlenda en innlenda vöru, þá mótmæli eg því algjörlega, að sú sé ástæðan, heldur hin, að smjörlikið er ódýrara viðbit en íslenzkt smjör, og auk þess hefir margarinið þann kost, að það er hrein vara, sem því miður er ekki hægt að segja um alt íslenzkt smjör, þó þar frá séu, sem betur fer, margar heiðarlegar undantekningar og að smjöverkunin sé að komast í betra horf, einkum síðan skilvindur fóru að tíðkast á stöku heimilum.

Eg ætla svo ekki að tala fleiri orð, en fái eg ekki yfirlýsingu frá tollmálanefndinni þess efnis, að hún komi með frumv. um afnám á útflutningsgjaldi af fiski, sé eg mig knúðan til að greiða atkvæði gegn frumv., því með þessu frumv. yrði ella alt of hár og ósanngjarn skattur lagður á útvegsbændurna. —

Pétur Jónsson: Eg ætla að tala örfá orð viðvíkjandi mótmælum þeim, er komið hafa fram gegn frumvarpinu. Eitt af því, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) mintist á, var núverandi útflutningur á íslenzku smjöri. Eg get gefið h. þm. þær upplýsingar, að það er alls ekkert sent út frá Íslandi af smjöri, og allar ályktanir, sem bygðar eru á þessum ímyndaða útflutningi, eru þýðingarlausar. Til dæmis um áreiðanleik verzlunarskýrslanna er, að eitt árið stóð í þeim, að 9000 pd. smjörs hefðu verið útflutt frá Húsavík, en þaðan hefir ekki verið sent út eitt pund, nema hvað prívat menn kunna að hafa sent utan verzlunar, en slíkt gat ekki komið í verzlunarskýrslurnar, og því er ekki hægt að tala um markaðsverð á íslenzku smjöri erlendis, enda er það vafasamt, hvort hægt er að selja nokkurt smjör á útlendum markaði, nema það sé framúrskarandi að gæðum.

Önnur mótbáran, sem komið hefir fram, er sú, að engar sannanir væru fyrir því, að hægt væri að framleiða nóg smjör í landinu. En þegar ekki er nægilegur markaður fyrir smjör í landinu og enginn útflutningur, þá er ekki að vænta þess, að smjörframleiðslan aukist eða bætist eins og hún mundi geta orðið. Eg ímynda mér, að smjörframleiðsla í landinu vaxi eftir því, sem innflutningur á margarini minki, enda styðst slíkt við reynsluna, þegar um aðrar vörur er að ræða. Það er hægt að margfalda smjörframleiðsluna hér, sem til sölu er höfð, án þess að þurfi að breyta til í háttum manna að miklum mun. En til þess að fyrirbyggja ekki alveg innflutning á margarini, á meðan smjörframleiðslan er ekki nægileg, hefir nefndin ekki stungið upp á hærri tolli en hér er gjört, og nefndin er jafnvel ekki óáanleg til að lækka hann.

Þar sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að hér væri eingöngu verið að leggja á skatt, sem eingöngu kæmi niður á sjávarbændur, og því kæmi niður á saklausa menn, þá játa eg að þetta er satt. En þetta getur verið nauðsyn eins fyrir því, þótt ill sé. Það er svo um marga þjóðarnauðsyn, að hún er ill nauðsyn, og er svo um alla tolla, sérstaklega verndartolla, eins og þetta raunar er.

Eins og nú er, þá keppir sjávarút-

vegur og landbúnaður hér á landi hvor við annan. Sjávarútvegurinn býður hærri vinnulaun, og hækkar því í verði vinnuna fyrir landbúnaðinum og dregur hana til sín, svo að jarðir níðast og búskapur rýrnar. Þetta þykir okkur sveitabændunum ilt, enda er það mælt, að þeir sem frá sjónum komi aftur, einkum af þilskipunum, hafi eigi grætt fé né annað, heldur að jafnaði þvert á móti. Þess vegna lítur sveitarbóndinn hornauga til sjávarútvegarins, einkum nú, þegar nálega allur sjávarafli gengur út úr landi, svo hin gömlu góðu viðskifti milli sveita- og sjávarb. eru horfin.

Komi nú ekki þessir aðalatvinnuvegir landsins hvor í bága við annan, og níði hvor annan niður, þá þurfa þeir að rétta hvor öðrum vinarhönd. Þess vegna ætti að myndast markaður á milli sjávarbænda og landbænda, þar sem hvor seldi öðrum afurðir sínar og yrðu þannig til að styðja hvorir aðra. Nú kaupa sjávarmenn naumast kjöt nema lítið og við mjög lágu verði, því þeir hafa fiskinn að miklu leyti í þess stað, einkum ef þeir hafa við honum. Rekur þá að því, að sú eina vara, sem sjávarbændur hafa ástæðu til að fá hjá landbændum, er smjör; ætlast eg til, ef sjávarmenn vilja nokkur vinahót milli þessara tveggja atvinnuvega, að þeir bjóði landbændum svo sanngjarnlega hátt verð fyrir smjör, að landbændur vinni til að framleiða það í svo miklum mæli, sem þörf er á handa landinu. Og nú sem stendur er ómögulegt fyrir landbændur að geta framleitt smjör, ef þeir þurfa að keppa við margarinið ofan í 40—50 aura fyrir pundið. Menn segja að smjörið eigi að ryðja sér braut fyrir gæða sakir, en eg hefi reynslu fyrir því, að þó vont sé að selja miðlungs smjör, er þó helmingi verra að selja gott smjör og það jafnvel þó það sé ekki nema 5—10 aurum dýrara en meðal smjör. Svo hefir mér reynst þetta, og hefi eg þó selt smjör í 10 ár, frá 6 til 8 þúsund pund á ári, og vona eg að þessar upplýsingar verði teknar gildar, þar sem eg tala hér eftir ,persónulegri reynslu á flestum höfnum landsins.

Eg held því að það sé ekki nema sanngirni að sjávarbændur leggi á sig þennan skatt til þess að koma á viðskiftum milli sjós og sveita. Mundi það afla sjávarbændunum þess hagnaðí staðinn, að þeir gætu selt sveitabændum upp í smjörverðið þær tegundir sjávarafurða, sem sízt eru hentugar til útflutnings, og það yrði til að koma innanlandsverzluninni á.

Þórður Thoroddsen: Eg skal strax svara h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um frv. til afnáms útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að mál þetta kom til tals í tollmálanefndinni, en meiri hluti nefndarinnar var á móti frumvarpi í þá átt.

Eg hafði ekki ætlað mér að standa upp og mundi ekki hafa gert það, ef nokkur orð í ræðu h. 2. þm. Húnv. (B S.) hefðu ekki knúð mig til þess, því orð hans bentu mér á, að hann og nefndin virðast að minni byggju misskilja málið gersamlega. H. þm. sagði, að smjörverzlunarlagið væri ófært, og hefði hann og nefndin því ætlað sér að laga þetta ólag með því að leggja toll á aðflutt smjör. Að þetta lagist á þennan hátt er herfilegur misskilningur. Ef það verður, þá mun það verða í fyrsta sinni í heimi hér, að verzlun lagist með verndartollum, því eins og frv. kemur fram, þá er þessi tollur ekki annað en verndartollur.

Eg ætla að reyna að gera grein fyrir því, hvernig eg lít á smjörverzlunina, eins og hún mun verða hér eftir. Þótt frumvarp þetta verði að lögum, flyzt eins mikið margarin til landsins

og áður. Frumvarpið heftir engan aðflutning, gerir hann að engu minni. Sveitamenn framleiða ekki meira smjör til sölu en áður, af því að þeir fá engu betri markað, þar sem sjávarmenn kaupa ekki meira af þeim, þó margarin-tollurinn sé kominn á, því afleiðingin af þessum tolli, eins og öllum öðrum verndartollum, er sú, að bæði tollaða varan og verndaða varan stígur í verði eins og tollinum svarar. Bæði margarin og íslenzkt smjör hækkar í verði um 15—20 aura pundið. Vilji menn heldur kaupa margarin en íslenzkt smjör nú, verður ekki afleiðingin af tolli þessum sú, að farið verði meira að kaupa íslenzka smjörið, af þeirri einföldu ástæðu, að hlutfallið milli verðsins raskast ekki, verður alveg hið sama. Afleiðingin verður þá sú af þessu frumvarpi, að óréttlátur skattur er lagður á þá, sem kaupa margarin; og óréttlátur er hann af því, að margarin er nauðsynjavara, sem að eins fátækir sjávarmenn nota.

Nú sem stendur er margarin miklu ódýrara en íslenzkt smjör, og ódýrara en íslenzkir bændur geta staðið sig við að framleiða það, og þetta er aðal-orsökin til þess, að fátæklingarnir kaupa heldur margarin. En setjum nú svo, að þessi lög fái framgang, og að þau nái tilgangi sínum í þá átt, sem h. flutningsm. (P. J.) vill vera láta, að sjávarbændur og sveitabændur fari að verzla meira saman. Sveitabóndinn hækkaði þá smjör sitt í verði, að minsta kosti alt betra smjörið, svo að það yrði dýrara en margarin. En fátæki sjávarmaðurinn, sem að eins getur keypt alt hið ódýrasta, yrði þá að kaupa annaðhvort margarin, eða þá hið lakasta smjörið, sem sveitamenn hefðu að bjóða, og ekki sæu sér fært að hækka eins mikið í verði og betra smjörið. Þá er ljóst, að afleiðing þessara tolllaga yrði sú, sem nefnd hefir verið, að þau yrðu að eins til þess að friða gráðann.

Eg get því ekki annað álitið, en að það sé bygt á misskilningi hjá þeim háttv. þm., að þeir geti lagað innanlandsverzlunina með tolllögum þessum. Ef sveitamenn vilja koma út smjöri sínu, ættu þeir ekki að spekúlera í sínu eigin landi, heldur miklu fremur í öðrum löndum. Þeir ættu að kosta kapps um að laga svo smjörverkunina hjá sér, að þeir gætu boðið öðrum þjóðum vöru sína, boðið vöru sína á erlendum markaði. Og það er svo fjarri því, að þeir ættu að æskja eftir tolli á aðfluttu margarini, að þeir ættu miklu fremur að sækjast eftir því handa sjálfum sér, selja sitt framleidda smjör með sem hæstu verði í útlöndum, en kaupa útlent margarin með sem lægstu verði til eigin þarfa.

Þetta væri búhnykkur af þeim, en ekki hitt, að leggja toll á margarinið, sem einmitt yrði því til fyrirstöðu, að smjör þeirra yrði að verzlunarvöru erlendis.

Eg skal fúslega játa, að sveitabændur mundu græða við tolllög þau, sem hér er farið fram á, með því að smjör þeirra mundi hækka í verði, en þó ekki á meira smjörmagni en því, sem nú gengur kaupum og sölum, þar sem þeir ekki mundu framleiða meira smjör en áður. Mér mun kanske verða svarað því, að þegar kominn sé verndartollur á margarin, þá verði það landinu til góðs. En er það landinu til góðs, þó sveitabændur fái meira fyrir smjörið en áður, ef sá verðauki er tekinn úr vasa fátæklinga í landinu sjálfu? Landið hefir því að eins grætt, að fé hafi aukist í landinu, en það verður ekki með lögum í þessa átt. Það verður með engu öðru móti en því, að smjör verði selt góðu verði til annara landa.

Hitt er í fylsta máta óréttlátt, að taka fé fátæklinga og fita sig á því.

Eg ætla ekki að orðlengja þetta frekara, en að eins taka það fram, að hér er ekki fundið rétta meðalið til þess að auka framleiðslu smjörs í landinu. Hér ætti að fara aðra leið, sem miðaði til þess að framleiða meira smjör, sem hæft væri til útflutnings. Eg tel það ráð einna bezt, að landssjóður verði miklu fremur nokkrum þúsundum króna til að koma upp mjólkurbúum og smjörgjörðarhúsum, bæði til þess að auka framleiðslu á smjöri, og til þess að það gæti orðið að góðri verzlunarvöru, þá þyrfti enga verndartolla til að koma því í gott verð.

Tryggvi Gunnarsson: H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sagði áðan, að tollur þessi kæmi ójafnt niður, en sama á sér stað um alla tolla, þeir koma allir ójafnt niður. Kemur tóbakstollurinn t. d. jafnt niður á alla landsmenn, þar sem ekki munu vera meira en $^1/_{10}$ landsbúa sem brúka tóbak, en hinir $^9/_{10}$ alls ekki, og borga því ekkert af tóbakstollinum. Sama er með brennivínstollinn, hann kemur að eins niður á þá, sem kaupa vínið. Ef óvanalega mikill drykkjuskapur væri í einhverri vissri sveit, þá mundi engum koma til hugar að segja, að ekki mætti leggja toll á brennivín, af því hann kæmi ójafnt niður, og lenti of hart á þessari sveit, og öðrum fátæklingum í landinu. Sami h. þm. bar líka fram þá mótbáru, að ekki væri til næg fita í landinu. Hvernig fór landið að komast af áður en margarinið fluttist til landsins og hefir það þó verið bygt í meira en þúsund ár? Fólkið lifði þá á því, sem landið gaf af sér. Er fólkið fleira en áður var, eða kýrnar orðnar færri? Fólkið er ekki að mun fleira, en búpeningur eða nautpeningur kann að vera lítið eitt minni. Ef nú þarf að flytja inn yfir 150 þús. pund af margarini, þá er annaðhvort, að óþarflega miklu er eytt, eða ekki farið vel með fituefni það, sem til er í landinu.

Þá hefir verið talað um það, að sjávarútvegurinn þyldi ekki að þessi tollur væri lagður á, og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) kvaðst ekki mundi greiða atkv. m. frv. nema létt væri á sjávarútveginum. Er þetta nú fullkomlega rétt? Er svo hart farið með sjávarútveginn í samanburði við landbúnaðinn? Það er helzt hægt að svara þessu með því að bera saman þau laun, er greidd eru verkafólki bæði til sjós og sveita. Mánaðarlaun háseta hér við Faxaflóa er 40 kr. á mánuði og 3 aura premía fyrir hvern fisk er þeir draga, og með þessu fá margir hásetar 60–70 kr. á mánuði auk fæðis, og þetta eru ekki dýrustu sumarmánuðirnir heldur á veturna í marz og aprílmán. (*Jón Jensson*: Út úr búð). Margir fá helming launa í peningum. Er nú hægt að benda á nokkra vinnu upp til sveita, sem hægt er að fá slík laun fyrir um hávetur. Þetta er orsökin til þess, sem kvartað er yfir, að sjávarútvegurinn dragi fólk frá landbúnaðinum. Vinnulaun eru alt of há við sjávarútveginn í samanburði við landsveitirnar, í hið minsta hér sunnan og vestanlands.

Mér virðist því, að tollfrumv. þetta miði til þess að gjöra dálítið jafnvægi milli sjávar- og landssveita, því það er óneitanlega hættulegt fyrir landið, að fólkið flykkist ofmargt úr sveitunum til sjávarins. En með því að leggja meiri útgjöld á útvegsmenn hljóta launin að lækka til háseta, sem svo aftur dregur úr flutningi manna til sjávarins frá landsveitunum.

Það hefir verið talað um, að með því að tolla margarin megi óttast, að tollurinn lendi á fátæklingunum, en þetta er ekki alveg rétt, því að útgerðarmenn skipa brúka alt að helming af

öllu því margarini, sem flutt er til landsins, og er ekki hægt að kalla þá hina fátækustu af þjóðinni, þeir eru margir einmitt efnabeztu mennirnir.

Þar sem það hefir verið sagt, að tollur þessi ætti að verða til þess, að meira smjör yrði framleitt í landinu, þá dettur mér ekki í hug að svo verði, heldur að hann verði að eins til þess að fyrirbyggja, að smjörframleiðslan í landinu minki langt niður úr því sem komið er. Til þessa tíma hafa verið ýmsir fordómar gegn því að borða margarín, menn hafa vegna vanans heldur viljað borða sitt súra smjör, en sá fordómur mun smátt og smátt hverfa, og þá má búast við, að ísl. smjör komist í lægra verð en margarinið, sem menn geta fengið fyrir 40—50 a. pd., og er þá auðsætt, að hverju það stefnir, þegar landbændur geta ekki fengið 40—50 aur. fyrir smjör sitt. Þeir hætta að búa til meira smjör en heimilið þarfnast. Í þessu sjáum við tollmennirnir að háskinn er fólginn. Eg sé því ekkert óeðlilegt við það, að þeir sem sjó stunda, verði að bera dálítið meiri kostnað en áður, og kaupa margarinið dýrara, svo landbóndinn geti fengið dálítið meira fyrir smjör sitt. En ef útvegsbændur þykjast ekki geta þolað þennan kostnað, þá liggur beint við, að þeir setji niður kaupið við hásetana; mér virðist það nauðsynlegt, ef landbóndanum á ekki að vera hætta búin vegna skorts á vinnukrafti.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Eg held að búið sé að svara flestum mótbárum, sem fram hafa komið, og get eg því verið stuttorður.

Það eru að eins fá atriði í ummælum h. andmælenda, sem eg ætla að minnast á, H. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir sérstaklega tekið fram, hver líkindi væru til, að framleiðslan ykist, og hefi eg ekki neinu við það að bæta. En báðir h. þm. G.-K. hafa tekið fram, að þetta frumv. næði ekki tilgangi sínum, því afleiðingin af því að tolla smjörlíkið yrði ekki sú, að hægra yrði að selja íslenzkt smjör, þar sem búast mætti við, sem sjálfsögðu, að íslenzkt smjör hækkaði svo ógurlega í verði, en sú ástæða virðist mér kynleg; það er þó auðsætt, að ef innlendir smjörseljendur halda smjörinu í of háu verði, þá geta þeir ekki selt það, og mundu því hafa vitá því, sjálfs sín vegna, að gjöra það ekki.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) sagði að þetta yrði sama sem að leggja 10 þús. kr. skatt á menn við Faxaflóa, og það einkum hina fátæku, en þetta er fjarstæða, enda hefir h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) bent á það. Mjög mikið af smjörlíki, sjálfsagt mesti hlutinn, er keypt af þilskipaeigendum, og þeir verða þó naumast taldir í flokki hinna fátækari. Eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram 1897, sem sjálfur er þilskipaeigandi, þá mundi þetta gjald ekki verða þeim svo tilfinnanlegt. 1897 kom þeim saman um það, h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að smjörlíkistollurinn mundi nema um 150 kr. fyrir þilskip, sem gert væri út í 5—6 mánuði. En gjald þetta er tiltölulega mjög lítið á svo stórri útgerð, og getur ekki verkað neitt verulegt til að hnekkja þeim atvinnuvegi.

Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) hafði eftir mér, að eg hefði sagt að verzlunarlagið væri ötugt, og vildi vefengja það, þá kannast eg við, að eg talaði um þetta og þykist ekki hafa ofmælt, það var eindregið álit landbúnaðarnefndarinnar. Það er ekki einungis með smjörlíkistollinn, að nefndin vildi stefna að því, að auka innlendu viðskiftin, heldur einnig með þeirri tillögu að koma á fót innlendri smjörlíkisverksmiðju. Af þeirri till. nefndarinnar sést bezt, hvaða vit er í að bregða henni um, að hún vilji friða gráðann.

Þar mætti gera að góðu viðmeti flestar fitutegundir, sem til eru í landinu, sérstaklega tólg, og af því nokkuð af smjöri er notað í smjörlíkið, mætti hreinsa hið lakara smjör í verksmiðjunni til þess. Á þennan hátt gætu sjávarbændur að líkindum fengið ódýrt innlent smjör, úr því efni, sem landið sjálft framleiðir.

Hvað því viðvíkur, að verð á smjörlíki yrði svo hátt, ef þetta frumv. yrði samþykt, þá fæ eg ekki séð, að svo hljóti að verða, því kunnugur maður sagði mér í morgun, að fá mætti allgott margarin fyrir hér um bil 40 au. pundið, og þó það væri þá lagður 15 aura tollur á hvert pund, þá yrði það í allra hæsta lagi á 60 aura, og það því að eins, að kaupmenn legðu aukagjald á. Verðið yrði þá svipað og verið hefir á íslenzku smjöri undanfarin ár. Eg held annars að þau mótmæli, sem fram hafa komið, gjöri of mikla grýlu úr þeim afleiðingum, sem þessi tollur mundi hafa.

Af því eg held að búið sé að svara flestum mótbárum, þá ætla eg ekki að segja fleira að sinni.

Jón Þórarinsson: Eg ætla að eins að segja fáein orð, út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Hann sagði, að þessi tollur væri ekki ranglátt gjald, en eg kalla það mikið hugrekki, að ætla að sannfæra h. þingd. um, að hann komi réttlátlega niður, enda tókst það ekki. Nei, það sanna er, að hann kemur mjög óréttilega niður. Hann sagði líka að nóg viðbit væri í landinu sjálfu. Eg efast nú ekki um að hann væri ágæt búsmóðir, en hræddur er eg um, að sjómönnum þætti hann skamta lítið, ef hann ekki ætlaði að sækja neitt viðbit til útlanda. Hann sagði líka, að hér væri enginn vandi á ferðum, því tollurinn kæmi aðallega niður á þilskipaeigendum, og þeir gætu vel staðið sig við það, því þeir væru engir fátæklingar, og svo væri líka hásetar á þilskipum vel launaðir, svo þeir væru ekki sérlega fátækir. Þó að það væri rétt hjá h. þm., að tollur þessi hvíldi aðallega á þilskipaeigendum, þá væri hann eins ósanngjarn fyrir það, og geri eg ráð fyrir, að h. þm. sé eins kunnugt og mér um það, að þilskipaútgerðin hefir ekki fyrir öllum útgerðarmönnum gengið svo vel, að hún þoli sérlegar álögur. En svo er það heldur ekki rétt, að tollur þessi lenti aðallega á útgerðarmönnunum. Hann lendir alveg eins á hásetunum, þessum fátæka vinnulýð, sem á fult í fangi með að hafa ofan af fyrir sér með vinnu sinni þann tímann, sem fiskiskipunum er haldið úti.

Mig furðar á því að heyra hinn h. þm. slá því fram hér á þingi, að laun þessara manna séu svo há, að á þau megi leggja veruleg gjöld, þar sem mér eru kunnar skoðanir hans frá útgerðarmannafélaginu, og veit að hann hefir haldið því þar fram, að á engan hátt megi þröngva kosti þeirra.

Sem sagt, vona eg að h. deild sjái svo miklar ástæður móti þessu frumv., að hún láti það ekki fara lengra.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv.

Önnur umr., (C, 30; 82), 22. júlí.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 12 atkv.

3. gr. samþ. með 12 atkv.

4. gr. samþ. með 12 atkv.

Málinu var vísað til 3. umr. með 12 : 5 atkv.

Þriðja umr., (C. 30), 25. júlí.

Jón Þórarinsson: Eg þóttist sjá

feigðarmörk á frumv. þessu við 2. umr., og þótt það hafi tórt fram á þennan dag, á það vonandi ekki mörg augnablik ólifuð héðan af. En áður en það veltur út af til fulls, ætla eg að segja örfá skilnaðarorð. Eg skal leyfa mér að minna á þetta frumv. í sambandi við annað frumv., sem fram er komið hér í deildinni, frumv. um verðlaun fyrir gott útflutt íslenzkt smjör; það frumv. vil eg reyna að styðja, því að það ætti að geta komið því til leiðar, að með tímanum yrði ekki búið til á Íslandi eitt einasta pund af smjöri, er seldist fyrir minna en 80—90 aura, en til þess þyrfti að breyta frumv., setja verðlaunin hærri en það gjörir. Þegar svo væri komið, þá væri ekki til neins að leita að markaði fyrir íslenzkt smjör hjá fátækara hluta þjóðarinnar, hann hvorki vildi eða gæti keypt hið dýra smjör; hann kann hvorki að meta smjörgæðin, né hefir þau peningaráð, að hann geti borgað fram undir krónu fyrir smjörpundið. Það verður að leita að markaði fyrir hið dýra íslenzka smjör erlendis, en eitthvert viðmeti þyrftu fátæklingarnir þó að fá, sem er við þeirra hæfi, en það vill þetta frv. gjöra þeim svo erfitt; það vill neyða þá til að kaupa annaðhvort dýrt íslenzkt smjör, eða þá dýrt útlent margarín. Þetta er misskilningur og röng stefna. Rétt væri hitt, að kappkosta að gjöra íslenzka smjörið svo úr garði, að það seldist á útlendum markaði, en stuðla um leið að því, að vér gætum fengið sem ódýrast útlent viðmeti til að fylla upp í skarðið fyrir útflutta smjörið.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 13 : 5 atkv. Verður atgreitt til forseta Ed.

Tóbakstollur.

FRUMVARP til laga um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 63); 1. umr., 15. júlí.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg vona, að eg þurfi ekki að ræða mikið fyrir þessu frumv. fyrir því, að það er engin sérleg nýbreytni, sem það hefir inni að halda. Stefna sú, sem fyrst kom upp í tollmálum vorum, var að ná í tekjur handa landssjóði annaðhvort af þeim vörum, sem væru skaðlegar eða að minsta kosti ónauðsynlegar. Þessi stefna hefir haldist óbreytt að öðru en því, að mönnum hefir hugkvæmst, hvort ekki væri rétt að leggja toll á nokkrar fleiri vörur. Hugsunin hlýtur að vera sú, með því að tolla skaðlegar eða ónauðsynlegar vörur, að annaðhvort verði tollurinn til hagnaðar fyrir landssjóð eða landsmenn. Annaðhvort verður hann tekjuauki fyrir landssjóð eða kaup hinna skaðlegu eða ónauðsynlegu vara minki stórum, og er það sparnaður fyrir landsmenn, svo að hver niðurstaðan sem verður, er góð. Vér sem komum með þetta frumv., viljum halda í sömu stefnu og áður hefir verið farin. Vonum vér því, að þeir, sem áður hafa verið með tóbakstolli, verði með því nú, að hækka hann dálítið. Það er gaman að athuga, hvaða áhrif þetta frumv., ef það verður lög, hefði. Eftir landsreikningnum 1897 var tóbakstollurinn nál. 77,000 kr., en með sama aðflutningi og þá, og toll þeim, sem farið er fram á í þessu frumv., ætti tollur af tóbaki að verða 115,000 kr., eða tekjuaukinn um 38,000 kr. Reyndar má búast við, að tollhækkunin hafi þau áhrif, að keypt verði minna af tóbaki eftir en áður; en minkaði aðflutningur svo mjög, að tekjuhækkun yrði eigi nein með tollhækkuninni, það væri

sparnaður fyrir landsmenn, er næmi c. 160,000 kr. Það sem landssjóðurinn missir, er því meir en ferfaldur gróði fyrir kaupendur tóbaksins. En líklegast þykir mér, að þó aðflutningur minki eitthvað, verði landssjóði eigi að síður talsverður tekjuauki að tollhækkun þessari.

Eg vona að h. þingdeild taki frumv. þessu vel, þar sem svo hóflega er farið í tollhækkunina, enda ætlum vér alls ekki að gera upphæð tollsins að neinu kappsmáli, eða hvort hækkunin nemur 10, 15 eða 20 aurum eða meiru.

Landshöfðingi: Eg get fyllilega tekið undir með h. flutnm. (P. J.) um það, að æskilegt væri að geta útvegað landssjóði meiri tekjur en nú, eða geta fylt upp í þau skörð, sem koma fyrir væntanlegan tekjumissi á sumum tekjuliðum. Það má ganga að því vísu, að vínfangatollurinn lækki, ef frv. stjórnarinnar um vínfangasölu verður að lögum, og væri þá gott að geta fengið eitthvað í skarðið. Sömuleiðis má búast við því, að fasteignar- og lausafjárskatturinn minki, ef frv. það fær framgang, sem nú liggur hér fyrir h. deild um það efni, svo ekki mun af veita, að bæta landssjóði upp töluverðan tekjumissi. En eg er hræddur um, að sé tóbakstollurinn hækkaður jafnmikið og hér er farið fram á, þá muni verða keypt miklu minna af tóbaki en áður; þar sem gert er ráð fyrir tvöfaldri hækkun frá því, sem nú á sér stað á vindlum, þá er það gífurlega mikil hækkun á hinum lakari vindlategundum. Það er alt annað þótt svona hár tollur væri á Havanna-vindlum, en það er ot hár tollur á almennum vindlategundum. Má gjöra ráð fyrir að tóbaksbrúkun fari töluvert minkandi, þegar tollurinn er þannig hækkaður, svo tekjuauki landssjóðs verði lítill. Reyndar er það nokkur bót í máli, að sé minna keypt af tóbaki, þá er það sparnaður fyrir landið, en reynslan sýnir, að þegar menn hætta við einn óþarfann, taka þeir annan óþarfann í staðinn, eða aðra nautn, og verður sparnaðurinn því ekki eins mikill og virðist í fljótu bragði, þegar öllu er á botninn hvolft.

Það er eitt atriði, sem eg vildi sérstaklega benda á. Í hvert skifti, sem tollur er hækkaður, má búast við meiri undanbrögðum eftir en áður, og meiri hættu fyrir tollsvikum. Ræð eg því h. nefnd til að íhuga mál þetta betur, hvort ekki sé ástæða til að setja í frv. ákvæði, sem kæmu í veg fyrir undanbrögð, sem liggja mjög nærri, eftir því sem frumv. er orðað. En það er ekki leyfilegt við þessa umr., að benda h. nefnd á þessi sérstöku atriði eða hvernig hægt er að hafa undanbrögð eftir frumv. þessu, en sem ómögulegt er að festa hendur á.

Þá er annað ákvæði í frumv., sem eg vil benda á sem ísjárvert, sem sé um tíma þann, þegar lög þessi eiga að komast í gildi. Það er naumast hægt, að búið sé að staðfesta þau, og þau verði orðin kunn um alt land fyrir 1. nóvember, enda nemur litlu þótt slíkt væri látið bíða til 1. janúar, því litlir aðflutningar eru af tóbaki í þá 2 mánuði ársins, sem um er að ræða, eftir tollskýrslunum að dæma. Væri því ákvæði haldið, að lögin ættu að koma í gildi 1. nóv., mætti eiga það á hættu, að lögin gætu ekki fengið staðfestingu, vegna þess hvað tíminn væri naumur, eins og komið hefir fyrir einu sinni áður, þegar líkt hefir staðið á og hér á sér stað. Þetta vildi eg biðja háttv. nefnd að íhuga áður málið kemur til 2. umr.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Mér

þótti vænt um, að h. landsh. bætti við framsögu mína ástæðum fyrir frv., nfl. hið væntanlega tekjutap, sem búast má við að landssjóður verði fyrir. En h. landsh. gerir ráð fyrir, að þessi lög verði að litlum eða engum tekjuauka fyrir landssjóð. Það er auðvitað ekki gott að segja um slíkt fyrirfram með vissu, en það huggar mig, að verði þau ekki tekjuauki fyrir landssjóð þá verði þau þó til hagnaðar fyrir landsmenn, og þá álít eg að slíkt borgi sig. Auðvitað er landssjóður ekki betur settur fyrir það, en þá þola landsmenn betur gjöld þau, er þeir eiga að greiða hinu opinbera, og fær þá landssjóður hagnað á annan veg. Annað mál er það, ef menn ímynda sér, að minkuð tóbaksnautn væri ekki til neins sparnaðar fyrir landið. Sumir ímynda sér að menn séu svo gerðir, að hætti þeir við eina synd, þá snúist þeir þegar að annari.

Aftur á móti viljum vér álíta að það sé rétt, sem máltækið segir: »að ein syndin bjóði annari heim«, ein eyðslan annari. Eg get því ekki komist að sömu niðurstöðu og h. landsh. í því efni.

Hvað það snertir; að meiri hætta sé fyrir tollsvikum þegar tollurinn sé talsvert hækkaður, þá hefir nefndin tekið það atriði til íhugunar, og verður hún því fús á, að verða við bendingum h. landsh. um það efni, og svo hefir hún jafnvel hugsað sér að koma með sérstakt frumv. í þá átt, að girða fyrir þau.

Viðvíkjandi því hvenær lögin öðlist gildi, þá álítur nefndin hið ákveðna tímatakmark heppilegt, og nauðsyn til þess, að þau öðlist gildi sem fyrst, því viti menn um tollhækkunina löngu fyrirfram, þá er hægt að skaða landssjóð með því að flytja vöruna inn í stórum heildum áður en tollhækkunin kemst á. En það væri tap fyrir landssjóðinn.

Landshöfðingi: Eg held að h. flutnm. hafi misskilið orð mín, ef hann ætlar eða álítur, að laga megi galla þá, sem eru á þessu frv. með því að koma með ákvæði, sem eiga að girða fyrir tollsvik yfir höfuð, því meining mín var sú, að það þyrfti að taka inn í þetta frv. nokkur ákvæði, til þess að girða fyrir lögleg og leyfileg undanbrögð, ekki gegn tollgreiðslu yfir höfuð, heldur gegn þessu sérstaklega, og þar sem mér skilst af ræðu hins h. frms, að honum ekki sé ljóst, hvað eg átti við í því efni, hygg eg réttast, að eg taki fram nú þegar, hvað eg hafði fyrir augum, þegar eg mintist á undanbrögð undan fyrirmælum frv., og er það einkum þetta tvent; í fyrsta lagi, að setja þyrfti sérstakan toll á cigarettur, því eftir frv., eins og eftir gildandi lögum, verður að tolla þær eins og alment tóbak, í pundatali, en þegar tollur hækkaði á vindlum að mun, má búast við að menn kjósi heldur að reykja cigarettur, og að innflutningur aukist að miklum mun á cigarettum. Hitt atriðið er það, að eftir þessu frv. verður ekki tekinn tollur af vindlum af minna en 100 vindlum og tæki einhver því fyrir að flytja inn aðeins 99 vindla í einu, verður enginn tollur heimtaður af þeim. Nú eru 12—13 ferðir frá útlöndum hingað á ári og með því að fá 99 vindla með hverri ferð, gæti sami maðurinn fengið c: 1200 vindla á ári án þess að gjalda nokkurn toll af þeim og án þess að brjóta í nokkurn handa máta móti tillögunum, og þótt það hafi ekki verið praktiserað hingað til, að panta vindla á þennan hátt, má búast við að það verði gert þegar tollur á vindlum hækkar að mun.. En það er hægt að gjöra við því með því ákvæði, að jafn mikill tollur skuli vera af minna

en hundraði vindla eins og af heilu hundraði.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg vil að eins lýsa yfir því, að nefndin er þakklát hæstv. landsh. fyrir bendingar þær, er hann hefir gefið og mun taka þær til athugunar til 2. umr.

Hvað tollhæðina á vindlum snertir í samanburði við tollinn á öðrum tóbakstegundum, þá má athuga slíkt, en eg hygg þó, að munurinn sé ekki of mikill, þegar tekið er tillit til verðhæðarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., (C. 53; 133), 20. júlí.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Það er óþarfi fyrir mig að orðlengja um frv.; og um brtill. nefndarinnar er það að segja að hún er bein afleiðing af bendingum þeim, sem komu fram, sérstaklega frá hæstv. landsh., við 1. umr. málsins. Að vísu hafa komið privat bendingar til nefndarinnar í þá átt, að tollur á cigarettum væri enn of lágur, en þær bendingar komu of seint til þess að nefndin gæti tekið þær til greina. Eg vona að brtill. verði samþykt og frumv. látið ganga óbreytt til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að vera stuttorður um þetta mál að sinni og vil aðeins taka það fram, að mér finst óþarfi eins og stendur að hækka toll á tóbaki.

Eg greiði því atkvæði móti hækkuninni og mun eg við 3. umr. gera grein fyrir hvers vegna mér finst þessi hækkun eiga illa við.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg er ekki á sama máli og h. þm. V.-Sk. og kemur það mest til af því, að eg þykist sjá fyrir að vintollurinn muni stórum lækka, ef vínsölufrumv. það, sem nú er til meðferðar í þinginu, nær fram að ganga, sem eg tel víst. Það verður því að ná þessum tekjuhalla upp einhversstaðar, og er tóbakið vel til þess fallið, það sem það nær. Tollhækkun sú, sem við höfum farið fram á, finst mér mjög hófleg og gat varla réttlátari verið.

Sighvatur Árnason: Eg verð að taka undir með h. þm. V.-Sk., að eg er ekki með þessari tollhækkun. H. þm. S.-Þing. tók það fram, að það væri hugboð sitt að tekjur landssjóðs mundu minka, ef vínsölufrv. næði fram að ganga, en þetta er sem sagt ekki nema hugboð, og er ekki neitt að vita enn þá. Mér finst heppilegast að bíða þangað til reynslan er búin að skera úr þessu, og get eg því ekki gefið frumv. atkvæði mitt. Yfir höfuð vil eg ekki hækka tolla í þetta sinn á meðan ekki sést að þess sé brýn þörf.

Tryggvi Gunnarsson: Skoðun mín fer mitt á milli h. þm., sem nú hafa talað. Eg er ekki neitt hlyntur að þessi tollhækkun komist á, samt ekki beinlínis af því, að mér finnist ekki þörf á að auka tekjur landssjóðs, heldur af því að mér finst það geti orðið hættulegt að hækka tollinn svo mjög sem hér er farið fram á. Þegar farið er að tolla margar vörur, og setja háan toll á þær, þá leiðir það til þess, að setja þarf gæzlumenn við tollheimtuna á hverri höfn. En meðan tollurinn er lágur, þá er síður hætt við tollsvikum. Þegar byrjað var hér á þingi að leggja toll á, þá vöruðust þingmenn að setja hærri tollinn en svo, að hann væri talsvert lægri en tolluppbótin, sem kaupmenn fengju í útlöndum t. d. í Danmörku; meðan svo var, var beinlínis hagur fyrir þá að tollaða vöran stæði á tollskránni, t. d. þegar tolluppbót á kaffi pd. er í Danmörku 14 a. en tollurinn hér ekki nema 10 a. af pd. Auk

þessa er tollur sá, er frv. fer fram á, ósanngjarnlega hár á sumum tegundum, t. d. á reyktóbaki 50 a. af pd., en í innkaupi er sumt reyktóbak ekki meira en 25 og 30 a.; hér er því tollurinn tvöfalt hærri en verð vörunnar. Eg held, ef eg fæ nógu marga með mér, að eg við 3. umr. komi fram með brt. um lækkun á tolli þeim, er frv. fer fram á, einkum að því er snertir reyktóbak.

Klemens Jónsson: Eg skil ekki, að mönnum geti blandast hugur um, að það sé óhjákvæmilegt, svo framarlega sem frv. stjórnarinnar um vínverzlun er samþykt, að víntollurinn rýrni til muna, ef til vill alt að helmingi. Þessa rýrnun verða menn að vinna upp með því að leggja toll á nýjar vörur eða að hækka tolla á vörum, sem nú eru tollskyldar, og finst mér þá tóbakið þola það bezt. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þótti tollurinn af reyktóbaki of hár í samanburði við annað tóbak. Það getur verið að ekki sé rétt að leggja jafnháan toll á alt tóbak, og tekur tollmálanefndin þetta sjálfsagt til íhugunar. Að því er snertir toll á vindlum, þá er hann alt of lágur í samanburði við það sem t. d. á sér stað á Englandi þar sem hann er c: 5 shill., og virðist hann því vel þola tvöfalda hækkun. Þá hefi eg orðið þess var, að mörgum þætti tollur af cigarettum of lágur. Við höfum farið fram á, að hann verði 1 kr. af hverju pundi, í stað þess að nú er það 35 aurar af pundi; það kann nú vel að vera, að þetta sé alt of lágt, en nefndin mun sízt hafa á móti því, að hækka tollinn á cigarettum, því hún álítur, að tóbak og vindlar sé sú vara, sem þoli allmikla tollhækkun. Og vilji menn eigi samþykkja þessa tollhækkun, þá vil eg spyrja þá menn að, hvar á að taka tekjuhallann, ef víntollurinn lækkar stórkostlega á næsta fjárhagstímabili, sem telja má víst?

H. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að það mundi óumflýjanlegt að skipa hér tollstjórn, svo framarlega sem tollar væri auknir að mun. Það er alveg rétt, að þetta verður nauðsynlegt innan skamms, þó ekki vegna tóbakstollsins, því hér er ekki farið fram á að fjölga tollum, heldur að eins að hækka toll á vissri vörutegund, sem áður er tollskyld, svo að örðugleikarnir við tollheimtu vaxa ekkert, þó þetta frumv. verði samþykt. Hér er líka þess að gæta, að samkvæmt frumv. og gildandi lögum er það skylda hvers kaupmanns eða móttakanda, að gefa lögreglustjórninni skýrslu upp á æru og samvizku um tóbak og vindla, er hann fær með hverri ferð, og liggur við all-þung sekt ef út af er brugðið, og það er einmitt sú eina vörutegund, sem þess konar skýrsla er heimtuð um af móttakendum, og þess vegna er einmitt tollheimta af tóbaki sú langhægasta. Að öðru leyti skal eg taka það fram, að eg gjöri mér ekki mikla grýlu úr tollstjórninni, þó tollheimtan verði umfangsmeiri við nýjar toll-álögur, því eg er sannfærður um, að það er hægt að fá menn á verzlunarstöðunum til að takast tollheimtu á hendur gegn þeim 2% innheimtulaunum, sem áskilið er, og mundi meira að segja verða kapp í mönnum að fá það, þó þeir auðvitað yrðu að setja ábyrgð fyrir innheimtunni. Fyrirhöfnin er tiltölulega lítil en gefur víða töluvert í aðra hönd.

Frumv. ætti skilið að fá framgang, því hér er að eins að ræða um tollhækkun á munaðarvöru, en ekki neina tollbreytingu.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Það er að eins stutt athugasemd, sem eg ætla að leyfa mér að koma fram með vegna ræðu háttv. þingm. Árn. (Tr. G.). Reyktóbak er venjulega dýrara en munntóbak; auðvitað má fá það ódýrara, en þá eru það lélegri tegundir. —

Þessi tollur þótti h. þm. Arn. (Tr. G.) hlutfallslega of hár, en samkvæmt því sem eg hefi nú sagt, er það ekki, nema um lélegri reyktóbakstegundir væri að ræða, og þá mundi hann stuðla að því, að menn heldur keyptu dýrari og betri tegundirnar, því tollurinn kemur auðvitað tiltölulega léttara niður á þeim. Ef farið er að gjöra mun á tollinum á hinum einstöku tóbakstegundum, þá yrði það ekki til annars, en að valda ruglingi.

Sighvatur Arnason: Eg ætla mér ekki að tala langt mál, en skal að eins taka það fram, út af orðum háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að eg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði með hækkun tolla, þegar atvinnuvegirnir standa á svo veikum fótum sem nú, að eg man varla annað eins. Áður en eg legg út í það, vil eg láta reynsluna skera úr, hvort nokkurt verulegt skarð verði í tekjum landssjóðs, þótt vínsölufrumv. fái framgang, en það er hvorttveggja, að það er óvíst, hvort það mál verður samþykt hér á þingi, og svo veit heldur enginn, hvort að landssjóður bíður nokkurn verulegan tekjuhalla, þótt svo færi, að það gengi í gegn. Þess er að gæta, að tóbakstollurinn er gjald, sem hvílir á allri þjóðinni, því menn mundu brúka tóbak jafnt eftir sem áður, meðan einn peningur hrökkur. Menn eru búnir að skapa sér þessa þörf, sem óhægt er að neita sér um.

Eg vil því ekki fyrirfram fara að ráðast í tollhækkun meðan engin vissa er fengin um vínsölumálið, eða trygg reynsla fengin í því efni, hvort nokkurt skarð þarf að fylla, eins og áður er búið að taka fram, út af vínsölufrumv., þó það gangi fram.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg bjóst ekki við, að þessu máli mundi verða svo mjög mótmælt, sem raun hefir á orðið. Mér sýnist frumv. bygt á svo hóflegum grundvelli, að ekki sé hægt að finna annan veg heppilegri til að auka tekjur landssjóðs, ef á þarf að halda.

H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) vill ekki auka skatta fyr en reynslan væri búin að sýna, hve mikils landssjóður misti í við vínsölufrumv., eða hvort hann misti nokkurs í. Það má nú deila nokkuð fram og aftur um þetta, en það skal eg skýra fyrir háttv. þingm. Rangv. (Sighv. Á.), ef hann ekki veit það, að svo er að sjá af reynslu þessara síðustu ára, sem tekjur af vínfangatolli muni fara lækkandi, og má búast við, að það muni tugum þúsunda.

Það er rétt, sem háttv. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði, að tollur á tóbaki er gjald, sem hvílir á allri þjóðinni, og mundi hér ekki eiga heima orðtækið: »Guði sé lof það fæst, við tölum ekki um hvað það kostar«, og að tóbak yrði keypt eftir sem áður; og mér var sagt, að orðtækið: »Guði sé lof að það fæst«, hefði einmitt myndast á siglingaleysisárum og um tóbak.

Eitt var það enn, sem h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hafði á móti tollinum, nefnil. að atvinnuvegirnir væru svo illa staddir, og væri því ekki rétt, að leggja frekari gjöld á menn. Eg veit ekki betur, en að það að jafnaði sé talið bezta ráðið, til að bjarga atvinnuvegunum við, að landssjóður hlaupi undir bagga með mönnum. Er það nú ekki gjörandi, má eg spyrja, að láta menn borga 15 aur. meira fyrir pundið af tóbaki og safna því saman í einn sjóð, er svo verði notaður til að bæta atvinnuvegi landsins. Mér sýnist rétt að landssjóður brúki þessi tollgjöld, sem í hann renna, til að koma atvinnuvegum landsins í betra horf en nú.

Eins og eg tók fram í byrjun, hefði

eg aldrei trúað því, að þetta mál mundi mæta mótspyrnu, en eg vona þó, að háttv. deild ekki felli það nú þegar, enda er málið svo vaxið, að það er engin ástæða til að fara fram með svo miklu kappi við þessa umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Mér finst það efalitið, að einhver lög um takmörkun á sölu og nautn áfengra drykkja muni að þessu sinni ganga gegnum þingið, og að tekjur landssjóðs muni því rýrna; auk þess eru mikil líkindi enn til þess, að þær muni rýrna fyrir hið óhagkvæma ástand landsmanna um þessar mundir.

Eg get því ekki verið samdóma h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um, að hér þurfi að spá í eyðurnar, því að það er nær því auðsætt, að landssjóður muni tapa meira eða minna af tekjum og aukin útgjöld óumflýjanleg. Eg get því vel verið með því, að tóbakstollurinn sé hækkaður, til þess að bæta dálitið upp tekjuhalann, en vera má að sú hækkun sé helzt til mikil, sem farið er fram á, og mundi eg því ekki ófús að styðja til 3. umræðu breyt.till., er færi fram á hóti minni tollhækkun.

Mér þykir tóbakstollurinn ekki svo varúðarverður, því að það er skattur, sem landsmenn leggja á sig af frjálsum vilja, og eigi ætti tóbaksmönnunum að vera meiri vorkunn að venja sig af tóbaksnautninni en drykkjumönnunum af vínnautninni, og hefir þó mörgum þeirra tekist það.

Ekki get eg heldur verið samdóma h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.) um það, að tollur slíkur sem þessi sé atvinnuvegum vorum til hnekkis.

Hitt mun reynast sannara, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að rétt væri, að leggja toll á óþarfa vöru og einmitt styrkja með því fé atvinnuvegina, það mun sannara, að sá tollur geti orðið þeim til viðreisnar en falls, ef honum er hyggilega varið. Eg mun því óhikað greiða atkvæði með málinu.

Jón Jensson: Eg hefi ekki getað sannfærst um, að þörf sé á að bera frumv. þetta fram, og mun eg því greiða atkvæði móti því.

Það hefir verið fært sem ástæða fyrir málinu, að fé mundi þverra í landssjóði sökum heftingar á vínsölu, ef að frumv. það fær framgang, sem þegar hefir verið samþykt í háttv. efri deild. En það er að svo komnu allsendis óvíst, hvort vínfangatollurinn muni minka fyrir það. Hins vegar útvegar það landssjóði töluverðar tekjur fyrir vínsöluleyfin.

En þótt svo kynni nú að fara, að vínfangatollurinn lækkaði eitthvað, þá vildi eg fyrst sjá þá lækkun, áður en gripið er til að fylla upp í skarðið með nýjum tollum. Landssjóður stendur sig svo vel, að hann getur í bráð fylt upp í skarðið, sem kann að koma við lækkun vínfangatollsins. Eg held það sé hyggilegra, að geyma sér að tæma eitthvað af tekju-uppsprettunum þangað til vér lærum betur að fara með landsfé en hingað til; betra að geyma sér að hrúga fé að óþyrirsynju í landssjóð, á meðan vér horfum ekki í að sóa tugum þúsunda út í bláinn. Nokkur fjárþurð mundi kenna oss að búa, og eg álít jafnvel, að vér hefðum gott af því í þessu tilliti, þótt að vér beinlínis þyrftum að sjá í botninn á landssjóði.

Það hefir verið talað um — og það með réttu — að afleiðingin af þessu frumv. væri sú, að meiri hætta yrði á tollsvikum eftir en áður. Það rekur sjálfsagt að því, sem háttv. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, að vér verðum að setja nýja tollstjórn, ef vér hækkum tollana mikið.

Formælendur tollastefnunnar hafa sagt, að ekki væri mikið í húfi, þótt setja yrði tollstjórn, því að hægt mundi

hvar sem væri, að fá nóga menn til að taka að sér innheimtu tollanna fyrir 2%. Eg skil ekki í hvernig þessir menn hugsa, og það hinir núverandi tollheimtumenn. (*Klemens Jónsson*: Þeir þekkja málið); það er eins og þeim standi á sama í hvers höndur tollheimtan er seld. Þessu er líkt varið og eg heyrði mann einn tala um annað mál. Það var verið að tala um það, hve há laun læknar hefðu, og þó fengju þeir aukaborgun fyrir hvert vik og handtak, sem þeir gjörðu; kvaðst maðurinn — sem var skottulæknir — fús á að taka að sér starf læknanna fyrir einar 1500 kr. án þess að taka einn eyri í aukaborgun fyrir verk sín. Líkt er hér; það á að fela tollgæzluna þeim, sem lægst býður.

Það er alvarlegt mál að hækka tollana og freista með því manna, til þess að fara í kringum lögin, þar sem fyrirkomulagið er eins og hjá oss, að tollskilin verða að vera komin undir æru og samvizku.

Önnur afleiðingin af hækkuninni verður sú, að vér fáum verri vöru eftir en áður, þeim mun verri og ódýrari í innkaupi sem tollinum nemur.

Menn hætta ekki að kaupa tóbakið við tollhækkunina, en kaupmaðurinn útvegar þeim það, sem er allra ódýrast og verst, svo að tollhækkunin verður beinlínis til heilsuspillis, og vér erum þá að búa til lög til þess að spilla heilsu landsmanna, svo að það á vel við, að við komum með frumv. um fjölgun lækna jafnhliða þessu frumv.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi áður látið í ljósi skoðun mína á tollum, og skal enn taka það fram, að eg er mjög á móti tolla-íþyngingu eins og hagur landsmanna stendur nú. Eg hefi heyrt suma háttv. þingmenn halda því fram, að þörf sé á nýjum tollum, til að bæta hinn erfiða hag manna. En eg sé ekki, að þetta sé beinasti vegurinn. Það er þó augljóst, að ekki aukast peningar í landssjóð nema þeir rýrni að minsta kosti að sama skapi hjá landsmönnum. Ef þingið heldur áfram þessari stefnu, að leggja toll á toll ofan, fæ eg ekki betur séð, en tollstjórn verði óhjákvæmileg. En það hefir ljóslega komið fram í þeim löndum, þar sem tollstjórn hefir verið sett, að hún etur upp mikið af toll-tekjunum; og koma í ljós tollsvik, hvað mun þá verða hér, þar sem fólksfæðin og strjálbygðin er svo mikil? — Mér þykir það koma hálf-undarlega við, að vilja vera að færa tollinn af einni vörunni yfir á hina. Eg sé ekki hvað slíkt á að þýða.

Það hefir verið gjört ráð fyrir, að ef frumv. um vínsöluleyfi fær framgang, þá muni tekjur landssjóðs af áfengum drykkjum rýrna. Eg er ekki viss um það, en þótt svo verði, þá held eg að landsmönnum sé eins hagkvæmt að verja hagnaði þeim, sem landsmenn fá af því, að minka vínfangakaup, til þess að auka bú sitt á skynsamlegan hátt, eins og hrúga þeim í landssjóð, því að það vitum vér, að ekki er öllum tekjum hans sem bezt varið, og það eru nóg gjöld, sem hvíla á landsmönnum, þótt ekki sé verið að auka þau.

Eg verð því að vera sömu skoðunar og eg hefi áður látið í ljósi, að ekki sé rétt að leggja toll á tóbak, og mun yfir höfuð verða á móti öllum nýjum tollum á þessu þingi.

Þórður Thoroddsen: Eg er hissa á ræðum ýmsra háttv. þingm. í þessu máli, sérstaklega af því, að í byrjun þingsins kom þó háttv. deild sér saman um, að setja tollmálanefnd. Eg veit ekki hvað þessi nefnd hefir átt að gjöra annað en íhuga tollmálin. Úr því að svo var, gátu menn gjört ráð fyrir, að

sú nefnd mundi, ef til vill, komast að þeirri niðurstöðu, að í sumum greinum væri ástæða til að hækka tolla og jafnvel leggja nýja tolla á. (*Jón Jensson*: Hún átti víst að drepa alla tolla). Ekki er það rétt, því að það var skýrt tekið fram, þegar talað var um að setja þessa nefnd, að þörf mundi vera á, að finna einhverja nýja tolla í staðinn fyrir rýrnun þá á vínfangatollinum, sem búist er við, og tollmálanefndin var einmitt kosin í þeim tilgangi, að ihuga á hvern hátt heppilegast mundi vera, að bæta upp þá rýrnun með nýjum tollum.

Háttv. þingm. hefir því sjálfsagt snúist hugur síðan í þingbyrjun, ef þeir vilja nú drepa svona meinlaust frumv. Það er ekki heldur í fyrsta sinni á dagskrá í dag að hækka tóbakstollinn. Jafnframt því, sem bindindisfélögin hafa hreyft því víðsvegar um land, að æskilegt væri, að algjört vínsölubann kæmist á, hafa þau lagt það til, að bæta landssjóði tekjumissinn við það, með því að hækka stórum tóbakstollinn. — Eg skil heldur ekki í þeim þingmönnum, sem fárast yfir því, að þessi tollaukning á tóbaki sé nýr skattur á þjóðina. — Það er enginn nýr skattur, því að svo framarlega sem vínfangatollurinn minkar, þá má skoða þennan tollauka að eins sem yfirfærslu tolls frá vínföngum til tóbaks, og frá þeirri hlið skoðað, er þjóðinni sem þjóð ekkert íþyngt með þessu.

Eg skil heldur ekki í þeim, sem segja að tekjur landssjóðs muni aukast, enda þótt frumv. efri deildar um gjöld fyrir vínsöluleyfi fái framgang, og fyrir þá sök eru frumv. þessu mótfallnir. — Eg þykist alveg viss um, að ef þetta frumv. fær framgang, þá muni vínsala og vínnautn minka víða í landinu. — Og engin ástæða er til að ætla, að vínnautn muni aukast á þeim stöðum, þar sem vínsöluleyfið væri notað. Það er bæði óhugsanlegt og gagnstætt allri reynslu. Gjaldið, sem lagt er á vínsöluna er sama sem aukinn tollur á víninu; og hver líkindi eru til að vínnautn aukist fyrir aukinn víntoll? — Þeir sem svo hugsa, ættu að vera með þessu frumv., því að eftir sömu reglu ætti aukinn tóbakstollur að auka tóbaksnautnina, og þar af leiðandi gefa landssjóði mjög mikinn tekjuauka.

Hér er, eins og eg áður tók fram, ekki um annað að ræða, en að færa toll þann, sem búast má við að tapist landssjóði af vínföngum, yfir á aðra ónauðsynlega vöru, og þessi fyrirhugaði tóbakstollur er ekki svo hár, að gjöra þurfi ráð fyrir að tóbaksnautn minki að mun hans vegna. Þegar þess er gætt, að tóbak er alveg eins brúkað á útkjálkunum, eg vil nefna Keflavík, Raufarhöfn o. fl., eins og t. d. í Reykjavík, þótt á útkjálkunum kosti munntóbakspundið 2 kr. 20 aur., en máske ekki nema 1 kr. 60 aur. í Reykjavík, þá sé eg ekki, hvaða ástæða sé til að ætla að tóbaksnautn muni minka að nokkrum mun, þótt pundi verði svo sem 15 aurum dýrara eða þótt einn eyrir leggist á vindilinn. Af þeirri ástæðu þarf víst enginn að vera á móti frumv. (*Jón Jensson*: En varan verður verri). Eg get sagt h. þm. Rvk. (J. Jens.) að frá heilsufræðislegu sjónarmiði muni honum jafnholt eða jafnskaðlegt að reykja 9 aura vindil eins og 10 aura, eða tyggja tóbak sem kostar 1 kr. 60 aura eins og það sem kostar 1 kr. 75 aura.

Björn Sigfússon: Það hafa komið fram ýmsar kynlegar mótbárur gegn frumv. þessu. Sérstaklega kom það fram hjá h. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þ. G.), að þeir álitu ófært að hækka

tóbakstollinn sökum fátæktar í landinu. Það er alveg eins og þeir skoði tóbakið sem einhverja nauðsynjavöru t. d. rúg, og því megi ómögulega leggja toll á það. Þetta þykir oss, sem eigi skoðum það þannig, býsna kynlegt. Flestir munu geta vanið sig af tóbaksnautn, ef þeir leggja sig undir lima með það, og við það spöruðu þeir miklu meira en tollhækkuninni nemur.

Eg skil ekki í að h. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þ. G.) skyldu ekki skilja jafnskýrar bendingar, og komu fram hjá h. 2. þm. Eyf. (J. J.), um að það mundi heillavænlegt fyrir landið, að safna þessum tolli saman í eina heild, og verja honum svo til að efla atvinnuvegina, og styðja hina fátæku til að framleiða það, sem þeir þyrftu til þess að borga tóbakið með.

Eigi þótti mér síður undarlegt að heyra h. þm. Rvk. (J. Jens-) segja, að það mundi holt fyrir oss að sjá í botninn á landssjóðnum. Fyrir honum vakir auðsjáanlega ekki, að bezt sé að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann; hann vill heldur geyma það þangað til það er orðið. Það eru sterkar líkur fyrir því, að vínfangatollurinn muni lækka á næsta fjárhagstímabili, jafnvel þótt engin höft verði lögð á vínsöluna; en nú bæði gjöri eg ráð fyrir að svo verði, og óska þess líka. Auk þessa liggja ýms frumv. fyrir þinginu nú, sem benda á, að ný fjárframlög verði heimtuð úr landssjóði, og líklegt að meira eða minna af þeim verði tekið til greina.

Þegar nú svo standa sakir, að búast má við, að tekjur landssjóðs minki en útgjöld vaxi, þá sé eg ekki annað en að nauðsynlegt sé, að hugsa eitthvað fyrir að fylla í skarðið, og eg sé ekki á hvern veg það er hægra, en með því að hækka tóbakstollinn. Eg vona því að þeir, sem nú mæla móti frumv., íhugi vel allar ástæður, og þá trúi eg ekki öðru, en að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki hyggilegt, að andæfa málinu.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg bjóst ekki við, að hin stutta athugasemd mín mundi vekja allar þær umræður, sem nú er raun á orðin, og sé eg mér ekki fært að sitja lengur hlutlaus hjá. Skal eg þá fyrst leyfa mér að spyrja: Hver er ástæða til þess að hækka tolla nú? Eg býst við að h. deild viðurkenni það, að í sjálfu sér sé tollhækkun neyðarkostur, og að þegar hagur landsmanna er erfiður, eins og hann í sannleika er nú, þá réttlæti ekkert annað en brýnasta nauðsyn tollhækkun, til að auka tekjur landssjóðs.

Það geta verið tvær ástæður fyrir því að innleiða tolla: Önnur sú, að nota þá sem verndartolla, hin sú, að bæta úr fjárskorti landssjóðs. Til þess að réttlæta tollhækkun á tóbaki nú, hefir verið bent á, að tekjur landssjóðs muni rýrna, og því sé nauðsyn að auka tekjurnar. Þessi tekjurýrnun er ekki enn farin að sýna sig, og engin sönnun er enn komin fram fyrir að hún muni koma fyrir, svo að í raun og veru get eg með jöfnum sanni sagt, að þær muni ekki rýrna, þótt t. d. frumv. stjórnarinnar um vínsöluleyfi verði samþykt. Eg get bent á eitt atriði, sem meðmælendur tollhækkunarinnar gætu slegið fram, það atriði, að tekjuafgangur landssjóðs hefir farið minkandi síðustu árin. 1896 var hann 88000 kr., 1897 ekki nema 53000 kr. og 1898 mun hafa verið orðinn hér um bil 30000 kr. tekjuhalli. En vel að merkja, þetta stafaði ekki af því, að tekjurnar hefðu minkað heldur af vaxandi útgjöldum, vaxandi fjársóun lá mér við að segja. Tekjuupphæðin var nálægt 3000 kr.

minni 1897 en 1896, en mismunurinn á afganginum nálægt 30000 kr., en þetta stafaði, eins og eg sagði áðan, af því, að þing og stjórn er að verða rífara og rífara á útgjöldunum. Vér munum það, að í sameinuðu þingi 1897 benti einn h. þm., sá hinn sami sem nú situr í forsetasætinu, á það, að útgjöldin yxu svo hröðum skrefum, að nærri lægi, að útlitið væri voðalegt. En eg tek það enn fram, að það er ekki fyrir þverrandi tekjur landssjóðs, að fjárhagur landsins sýnist standa heldur ver nú en fyr, heldur fyrir vaxandi fjárbrúkun. En eg sé ekki að af þeirri ástæðu sé svo æskilegt að hækka mikið gjöldin og draga fé í landssjóð. Þingið verður því rífara á fiskstykkjunum, við nærri því hvaða humbug sem borið er fyrir þingið.

Eg játa það, að töluverðar framfarir hafa orðið hjá þjóðinni síðari árin, en þær eru líklega ekki fremur að þakka framlögum úr landssjóði, en framkvæmdum einstakra manna, og eg hefi trú á, að svo muni verða framvegis, og eg tel það mjög athugaverða stefnu, að hrúga saman fé með tollálögum, á meðan stjórnarástandið er eins og það er nú. Það hefir verið bent á, að útgjöldin muni halda áfram að aukast en tekjurnar þverra, og sérstaklega á það, að breytingin á læknaskipuninni muni hafa í för með sér 13—14000 kr. útgjaldaauka árlega, fram yfir það sem nú er, og búast má við, að til Laugarnesspítalans þurfi árlega svipaða upphæð fram yfir það, sem gjört var ráð fyrir. En þess er að gæta, að landssjóður á nú rúma eina miljón kr., og að um helmingurinn af þessari upphæð er í peningum, sem liggja arðlitlir í höndum stjórnarinnar Þegar þessa er gætt, þá mun vera alveg óhætt að bíða eitt fjárhagstímabil án þess að safna meiru í pokann, og sjá til, hvort mikið minkar í honum á því. Það er bezt að sjá til hvort öllu getur ekki reitt vel af án allrar tollhækkunar, ef að eins er farið varlega í allar fjármálasakir á þinginu. Eg held, að ef þess er gætt, þá sé enn óhætt að bíða rólegur á meðan tekjuhallinn er eigi meiri en nú, og að eigi sé of seint að byrgja tekjuhallabrunninn, þótt beðið sé með það fyrst um sinn til næsta þings.

Yfir höfuð er það líklega ekki sem heppilegust aðferð, að vera að kría saman fé frá einstaklingunum, og hrúga því í landssjóð, og verja því svo, þegar farið er að brúka það, harla misjafnlega, og oft ekki til gagns nema ef vera skyldi fyrir einhverja einstaka menn. Það hefir verið gjört mikið úr því að frumv. stjórnarinnar um sölu og veitingu áfengra drykkja mundi gera það að verkum, ef það fengi framgang, að tekjur landssjóðs mundu rýrna að miklum mun. Frá almennu sjónarmiði segi eg það, að vínfangatollurinn mætti allur hverfa, þótt ekkert kæmi í hans stað; það væri stór ávinningur fyrir þjóðina; en því miður mun því ekki verða að heilsa. Vér Íslendingar stöndum þar ekki öðruvísi að vígi en aðrar þjóðir; og þar er reynslan sú, að við verðhækkun á vínföngunum, hafa kaup þeirra minkað dálítið 2—3 fyrstu árin, en svo hefir alt sótt í sama horfið aftur. Vér þurfum ekki heldur annað en að líta í skýrslurnar um innflutning á áfengum drykkjum, til þess að sjá að vínfangatollurinn hefir verkað einmitt svona hjá oss. (*Þórður Thoroddsen*: Misskilningur). Já, ef h. þm. kann ekki að reikna þetta út, þá skal eg ókeypis kenna honum svo mikið í reikningi, að honum takist að komast í skilning um svona einfalt atriði. Afleiðingin af frv. stjórnarinnar verður ekki önnur en sú, að verð á vínföngum hækkar dálítið Ef flestir kaupmenn hér í Reykjavík

leysa leyfisbréf til vínsölu, þá mun hækkunin verða um 20 aura á pottinn á brennivíni og 25 aura á vínflöskunni. En ef flestir kaupmenn hér slægju sér saman og kæmu upp einni sameiginlegri vínsölubúð, eins og eg hefi heyrt varpað fram, að þeir að minsta kosti gætu gjört, þá mundi hækkunin ekki þurfa að nema meiru en 6‰ eða 6 kr. á hverju 1000 kr. virði Eg styðst hér við frásögn kunnugra manna, og veit að kaupmenn hafa rætt málið á fundi hjá sér. Þegar þess nú er gætt, að Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Eyrarbakki borga yfir 100000 kr. af þeim hér um bil 150000 kr., sem vínfangatollur nam síðustu ár, og þegar þess er gætt, hvað lítið þessir kaupstaðir þurfa að færa vínföngin upp, þá má gjöra ráð fyrir, að verðhækkun vínfanganna hafi því nær engin áhrif til að minka vínkaupin, og það sem vínkaupin og víntollurinn kann að minka fyrstu árin, það held eg meir en vinnist upp með gjaldinu fyrir leyfisbréfin. Eg held því helzt að tekjurnar af vínfangasölunni muni hækka en ekki lækka, ef frumv. stjórnarinnar fær framgang. Á það bendir reynsla annara þjóða. Í öllu falli ættu menn að hugsa sig vel um, áður en farið er að leggja nýjan toll á þjóðina, sökum þess staðlausa hugarburðar, sem næsta lítil líkindi eru fyrir að rætist.

Það má að vísu segja, að mín orð og spor séu líka hugarburður einn, en það er þó að minsta kosti hugarburður sem hefir reynsluna með sér en ekki móti sér.

Eg segi það enn: Út af tómum hugarburði eigum vér ekki að fara að skapa nýja tolla, og það því síður, þar sem engin hætta er að bíða, þótt hugarburðurinn kynni að einhverju leyti að rætast, sem eg reyndar sé sáralítla mögulegleika fyrir.

Það væri annað mál, ef vér gætum gengið að því vakandi að frumv. verkaði það, að vínfangatollurinn minkaði um helming eða hyrfi með öllu. En frumv. stjórnarinnar megnar slíkt ekki, til þess þurfa alt önnur ráð.

Eg játa það, að í sjálfu sér sé tóbakið einkar hentug vörutegund til að tolla, en þó vil eg ekki að tollur sé hækkaður á því að nauðsynjalausu nú.

En færi svo, að það tækist að láta brennivínstollinn hverfa úr sögunni, þá lægi beint við að bæta landssjóði tekjumissinn með því að leggja toll á tóbak, og hann miklu hærri en hér er farið fram á. En þá hefði þetta tollkák nú gjört málið erfiðara viðurfangs.

Tollhækkun sú á tóbakinu, sem hér er farið fram á, mundi ekki nema meir en 36—38000 kr. á ári, og sjá allir að það næði skamt, ef áfengistollurinn hyrfi.

Þessum mótmælum mínum ætlaði eg fyrst að hreyfa við 3. umr. Þar áttu þau heima, og enda geyma ýmislegt af því, sem eg hefi nú tekið fram, þangað til annað mál kæmi hér til umræðu í deildinni. En umræðurnar um málið gáfu mér tilefni til að koma með þessar athugasemdir nú þegar.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg álít að miklu leyti óþarfa fyrir mig að lengja umræðurnar um þetta mál, en get þó ekki komist hjá að segja fáein orð, og þá sérstaklega út af orðum h. þm. V. Sk. (Guðl. G.). Hann vildi mótmæla því, að ástæða væri til að álykta, að vínfangatollurinn mundi fara lækkandi, þótt fyrirhuguð breyting á lögum því viðvíkjandi næði fram að ganga, en eg er eftir sem áður þeirrar skoðunar, að hann lækki.

Það getur vel verið, að einhverjir af kaupmönnum verði þjóðinni svo þarfir, að gera samtök um vínsölu,

í því skyni að létta þessa hindrun, sem lögin gera. En það yrði þá líklega helzt hér í Reykjavík. Yfir höfuð er vafalaust, að vínsala á mjög mörgum verzlunarstöðum minkar stórum og hverfur.

Eins og h. þm tók fram, þá er stefnan sú, að útgjöld landssjóðs aukast að mun og meira en tekjurnar, og vildi hann kalla það fjársóun. Eg vildi að hann vildi bera saman fjárlög frá eldri og yngri tímum, og sjá, í hvaða átt hin vaxandi útgjöld einkum fara. Mér virðist stefnan sú, að efla alþýðumentun og atvinnuvegi, og það mun af flestum álitið nauðsynlegt, og finst mér því það óvirðulegt orð, að kalla þá stefnu fjársóunarstefnu. Hann sagði líka, að kalla mætti að verið væri að kría saman fé frá einstaklingunum, og svo væri því varið til misjafnlega þarflegra hluta, en eins og eg tók fram, þá er stefnan sú, að auka alþýðumentun, atvinnuvegi og samgöngur, og get eg ekki séð að það sé að kría fé frá einum einstaklingnum handa öðrum. Bitlingar eru ekki fleiri en áður, tiltölulega. H. þm. Reykv. (J. Jenss.) hélt, að við mundum hafa gott af að sjá í botninn á landssjóði. En ef svo færi, þá er eg mjög hræddur um, að við um leið mundum sjá í iljarnar á sjálfum yfirdómaranum. (*Jón Jensson*: Og tollgæzlumanna.). Já, tollgæzlumannanna, sýslumannanna og í stuttu máli allra sem á landssjóði lifa.

H. 2. þingm. Rang. (Þ. G.) sagði, að hann kynni illa við að færa toll af einni vörutegund yfir á aðra. Hér getur ekki verið um það að tala, að vínfangatolli sé létt yfir á tóbakið; því frumv. það, sem nú er á ferð í þinginu, leggur hátt gjald á vínsölu og er það sama og tollur.

Mér datt í hug út af ræðum beggja hinna háttv. þm., þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og 2. þm. Rang. (Þ. G.), að það væri eitt áhald sem vantaði hér í salnum til afnota fyrir þingmenn, en það er »bumba«. Það gæti verið þægilegt fyrir barlónsandann að hafa þetta verkfæri, svo hans gætti meira í þingsölunum. En þá datt mér í hug að spyrja h. þm. Rang., hvort þeir hefðu umboð kjósenda sinna til að slá þessa bumbu, því væri það ekki, gæti verið, að kjósendum þætti sér enginn heiður með því gjör.

Jens Pálsson: Eg var meðmæltur þessu frumvarpi um hækkun á tóbakstolli, sem þörfu og réttmætu, til þess að bæta upp væntanlegan tekjuhalla landssjóðs Sú ætlan er að minu áliti úr lausu lofti gripin, að vínfangafrumvarpið muni ekki rýra toll af víni. Þvert á móti virðist auðsætt, að tekjur landssjóðs rýrni að mun, verði vínfangafrumvarpið að lögum. Það frumvarp, ef það yrði að lögum, mundi fækka veitingastöðum að miklum mun og stytta mörgum vínverzlunum aldur. þetta er hinn mikli kostur vínfangafrumvarpsins, að vínsala og vínnautn mundi við það minka. En rýrna mundi þá einnig tollurinn sem tekjugrein landssjóðs, og þarf þá fé í skarðið fyrir þá rýrnun. Tel eg þetta ekki vínfangafrumvarpinu til ámælis; getur það í sjálfu sér verið jafngott fyrir það.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G) talaði mikið um vaxandi fjárbrúkun, en áleit þó ekki þörf á að auka tekjur landssjóðs. Hann mintist á hina nýju læknaskipun og Holdsveikraspítalann, en eg bjóst við að hann mundi minnast á fleira, t. d. ritsímann og ullarverksmiðjuna. Sú stefna, sem nú er ávalt að koma betur og betur fram, sýnir þá rás viðburðanna, að vér erum að verða meira og meira stórhuga; en því framgjarnara, framkvæmdasamara og stórhugaðra

sem þingið verður, því meira fé þarf það á að halda.

En frumv. þetta hefir og aðra þýðingu en þá, að afla landssjóði fjár. Hún er sú, að þessi tollaukning, sem hér er farið fram á, þótt hún að mínu áliti sé of lág, miðar jafnframt til þess, að minka tóbaksnautnina, eða að minsta kosti til þess, að vekja athygli manna á, hve ísjárverð þessi óforsjála nautn er. Gæti frumv. verkað í þessa átt, þá álít eg það bæði gagnlegt og til stórra framfara.

Það er raunalegt að vita meginið af karlmannalýð landsins hafa vanið sig á jafn-fávíslega og dýra nautn og án efa ekki allsendis hættulausa fyrir heilsuna. Allraskaðlegast mun tóbakið vera unglingum, og er því raunalegra að vita unglingana venja sig á tóbak, jafnvel innan fermingaraldurs.

Það hefir verið og er mikið kvartað yfir, hve hagur þjóðarinnar sé erfiður, og því skal ekki neitað að hann er afarþröngur og virðist jafnvel vera að versna, sem er því iskyggilegra, er þess er gætt, að veruleg harðindaár hafa þó ekki komið yfir land alt síðan 1881—1887. Erfiðleikarnir stafa auðvitað nokkuð af því, að flest framleiðsla eða flestar afurðir hafa lækkað í verði og hefir það mikið að þýða. En það er fleira sem veldur, og vil eg í þessu sambandi benda á eitt, sem ekki er hvað þýðingarminst, það, hve vaxandi munaðar nautn og óþörf eyðsla stuðla nú til að koma þjóðinni á kné. Hver þau skynsamleg ákvæði, sem koma fram í þá átt að minka þessa eyðslu, eru þörf og gagnleg, og því fagna eg þessu frv. Eg mundi fagna hverju því frv., sem stefndi að því að tolla sætindi og glingur eða annað þessh., sem altaf er að flytjast hingað meir og meir og brúkun þess sífelt að fara í vöxt, langt fram yfir það, sem efnahagur þjóðarinnar leyfir.

Vér erum engu sælli fyrir þá brúkun, en hún kemur fjárhag margs manns og jafnvel alls landsins í vandræði.

ATKVGR.: Brtill. a. við 1. gr. sþ. með 17 samhlj. atkv.

Brtill. b. við 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

1. gr. frv. samþ. með 17 : 1.

2. gr. frv. samþ. með 16 : 1.

Brtill. við 3. gr. samþ. með 18. samhlj. atkv.

3. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 17 : 1.

4. gr. frv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Brtill. við 5. gr. sþ. með 16 samhlj. atkv.

5. gr. frv. þar með fallin.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 : 4.

Þriðja umræða (C. 157) 24. júlí.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Hér er komin fram lítil brtill á þingsk. 173, sem nefndin hefir ekki háft tíma til að taka til athugunar á fundi, en eg ímynda mér að hún setji sig ekki upp á móti henni, ef h. deild þykir þar íslenzkulegar til orða tekið en í frv., og sjálfur læt eg mig litlu skifta hvað verður ofaná.

En hvað aftur á móti snertir brtill. á þingsk. 178 frá hæstv. lh., þá er þar farið fram á efnisbreytingu. Hafði það komið til orða í nefndinni, að leggja toll á cigarettur eftir tölu en ekki vigt, en nefndin var þó á því, að eðlilegra mundi að leggja toll á þær eftir pundatölu, en hundraða, og þar að auki er sá tollur á þeim, sem nefndin stingur upp á, nokkuð hár, eða hér um bil ferfalt hærri en á reyktóbaki, og cigarettur eru í rauninni ekki annað en gott reyktóbak, vafið innan í bréf. Nefndinni er þetta reyndar ekki kappsmál, en hún hallast þó að því að tolla cigarettur eftir pundatölu.

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að gera dálitla breytt. við frumv., um toll á cigarettum, því að mér finst hann of lágur í samanburði við toll á vindlum, þar sem hún vill hafa 1 kr. toll á 1 pd. af cigarettum en 2 kr. á 100 vindlum. Eg held, að þegar nefndin samdi þessa tillögu, hafi henni ekki verið ljóst hvað fer í pundið af cigarettum, en eg get upplýst hana um, að af meðal cigarettum er 100 hér um bil 20 kvint eða 500 í pundinu, og yrði þá eftir till. nefndarinnar ekki nema 20 aura tollur á hundraðinu af cigarettum, en það finst mér of lítið í samanburði við toll á vindlum, enda eru þeir sem reykja cigarettur, vanalega menn, sem hafa efni á því að borga nokkuð háan toll.

Þar sem 100 vindlar eru nál. 1 pd. og tollurinn af þeim 2 kr., en að eins 1. kr. af pd. af cigarettunum, þá er hlutfallið rangt, og því kom eg með þessa brtill., en ekki af því, að mér væri svo ant um að hækka tollinn.

Þar sem komin er brtill. um að breyta orðinu cigarettur í vindlinga, þá er slík þýðing bygð á misskilningi, því cigarettur eru ekki undnar, heldur stoppaðar eins og tóbak í pípu. Eg álít því galla á frv. að taka upp í það orð, sem ekki er rétt, í stað þess að halda orði, sem allir nota í daglegu tali, og það því fremur, sem ekki verður komist af án þess að setja það orð á milli sviga til skýringar.

Guðjón Guðlaugsson: Sú litla athugasemd, sem eg vildi hafa gjört við þetta frv., er nú orðin um seinan. Það er eins með þetta mál, og ýms önnur, að tíminn er of lítill fyrir mann, til þess að yfirvega það nægilega. Eg hefði máske helzt óskað að það væri tekið út af dagskrá, en um það mun ekki að tala. Það er að eins ákvæðið um, að tóbaksblöð, sem eftir yfirvaldaráðstöfun væru höfð til baðlyfja skyldu vera tollfri, sem eg hefi dálítið at athuga við. Að vísu þekki eg ekki þessi blöð og veit því ekki hvort þau eru betri eða verri sem baðlyf en annað tóbak, en af því eg dreg það í efa, að þau séu eins góð og t. d. munntóbak til þessar notkunar, þá hygg eg að betra hefði verið, að undanskilja alt tóbak tolli, sem eftir yfirvaldsráðstöfun væri notað sem baðlyf, því það er mín hreinasta sannfæring, að tóbaksbað sé það einasta og í alla staði það áreiðanlegasta baðlyf sem vér getum fengið, og að þingið ætti því að gjöra sitt til þess, að landsmenn notuðu það.

Eg býst við að fá það svar, að það mundi leiða til undanbragða með tóbakstollinn, ef leyft væri að flytja þannig fleiri tegundir tóbaks tollausar, og skal eg játa, að þetta er á gildum rökum, þrátt fyrir það þótt eftirlit eða ráðstöfun yfirvalds væri höfð í skilorði, en slíkt getur einnig átt sér stað um tóbaksblöðin, því mér þykir líklegt, að þau séu ekki svo frábrugðin öðru tóbaki, að ekki megi nota þau í »tóbaksleysi« til að reykja eða í nefið, og þó yfirvaldið útvegi þau sem baðlyf, getur orðið ervitt fyrir það, að líta eftir hverjum einstökum, sem kynni að nota eitthvað at blöðunum á annan hátt.

Miklu heppilegra hygg eg því, að ekkert ákvæði hefði verið um það, að flytja nokkurs konar tóbak tollaust inn í landið, heldur þannig lagað, að tollur fengist endurborgaður af hverju því tóbaki, sem áreiðanlega hefði verið notað til baðlyfja, og hygg eg með þeirri aðferð, að mun hægra væri fyrir yfirvaldið, að koma í veg fyrir tollsvik af þessu leiðandi, en með hinni aðferðinni. Ef t. d. sýslumaður stæði fyrir útvegum á tóbaki til baðlyfja, held eg

að hann gæti fundið einfalt ráð til þess að fara svo með tóbakið áður en hann slepti því úr sínum höndum, að ekki væri hætt við, að það yrði notað til annars. Eg á við að gjöra tóbakið óætilegt, án þess þó að skemma það sem baðlyf, t. d. með því að dífa því niður í steinolíu. Þegar þannig væri búið að ónýta tóbakið til alls nema sem baðlyf, gæti yfirvaldið tafarlaust snúið sér að því að fá tollinn endurborgaðann.

Eg veit ekki hvort þessar athugasemdir hafa nokkuð að þýða, þar eð málið ekki verður tekið út af dagskrá, en þetta er síðasta stig þess hér í deildinni, en þá er þó ekki óhugsandi að háttv. efri deild taki bendingar mínar til yfirvegunar.

Jón Jónsson (þm. A. Sk.): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að ekki væri rétt að hafa orðið vindlingur yfir cigarettu, þá vil eg aðeins geta þess, að það er myndað af vindill, á sama hátt og t. d. bitlingur af biti og þarf ekki endilega að tákna eitthvað undið, heldur eitthvað sem svipar til vindils að einhverju leyti. Annars er eg ekki sjálfur tóbaksmaður, og því ekki vel heima í þessum efnum.

ATKVGR: Brtill. á þgskj. 178 sþ. með 19 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 173 samþ. með 13:3 atkv.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykt með 20 samhljóða atkvæðum og afgreitt til forseta Ed.

Ræktunarsjóður Íslands.

FRUMVARP til laga um stofnun »Ræktunarsjóðs« Íslands (C. 130) 1. umr. 21. júlí.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eins og sjá má af frv., fer það fram á, að tekin séu sérstök ákvæði um andvirði seldra þjóðjarða, og er sú hugsun ekki ný, því hún hefir áður komið fram hjá nefnd, sem fjallað hefir um sölu þjóðjarða, að það væri ekki hygglegt, að andvirði seldra þjóðjarða rynni í landssjóð og yrði þar að eyðslufé, og yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa stungið upp á því, að sérstakur reikningur væri haldinn yfir andvirði seldra þjóðjarða og vexti af því, en stjórnin hefir haft á móti því, að stofna sérstakan sjóð af fé viðlagasjóðs, nema það væri gjört í sérstöku augnamiði.

Aðalatriðið í frv. þessu er þó það, að stofnaður sé ræktunarsjóður fyrir Ísland, hitt er aukaatriði, hvaðan það fé er tekið, sem notað yrði til þess. Ef menn vilja gera sér grein fyrir því, hvað mest ríður á að gera, til þess að tryggja framtíð landsins, þá blandast mér ekki hugur um, að þó hugsa megi sér að koma megi upp ýmsum nýtum stofnunum, þá geti þær ekki komið að fullum notum ef undirstöðuna vantar, þá, að landið sjálft sé ræktað. Það má hugsa sér, að sjávarútvegurinn vaxi stórum frá því sem nú er, enda játa allir, að hann er meiri auðsuppspretta út af fyrir sig, og fljótteknari arður af honum en af landbúnaði. Það má hugsa sér, að iðnaður komi upp í landinu í stórum stýl, ef alt hið mikla fossaafl væri notað, og það getur í sjálfu sér sýnst glæsileg hugmynd. En verði afleiðing þess sú að atvinnukraftur lendi í höndum einstakra manna og að meginþorri þjóðarinnar verði vinnulýður, sem ætti kjör sín undir náð vinnuveitendanna, sem gætu skamtað þeim brauðið úr hnefa, þá er það í mínum augum ekki glæsileg framtíðarhugmynd. Hingað til hefir íslenzkt bændalíf verið megin-

þátturinn í íslenzku þjóðlífi og í óslítanlegu sambandi við það, en eg get varla hugsað mér, að það haldi áfram, ef jarðræktin fer forgörðum. Grasræktin er auðvitað aðalatriðið, en þó ekki eingöngu; því hvílík stoð væri það ekki fyrir þann vinnulýð, er hefði aðal atvinnu sína við að vera hásetar á skipum, að hafa ræktað land, að hafa garðrækt, sem þeir gætu látið skyldulið sitt vinna að, meðan þeir væru sjálfir að heiman. Að því leyti kemur þetta frv. ekki aðeins til nota fyrir landbúnaðinn, að því er grasrækt snertir, heldur ætti það einnig að hafa mikla þýðingu fyrir garðræktina. Nú eru jarðepli innflutt fyrir tugi þúsunda, og þó er víst notað minna af þeim og öðrum rótarávöxtum og kálmeti en æskilegt væri, bæði til búdrýginda og til heilnæmis í mataræði. En nú hagar svo til í mörgum sjávarsveitum, að þar er jarðvegur góður til garðræktar, svo þar mætti víða hafa góðan arð af henni.

Menn tala um nú á tímum, að afurðir landbúnaðarins séu í mjög lágu verði, og það tvent, sem reynandi sé til að bæta úr því, og hækka verðið, sé, að bæta vöruverkunina og vera sér úti um sem beztan markað. Þetta tvent er auðvitað mjög mikilsvert, en einhlítt er það þó ekki. Það er svo margt, sem hefir áhrif á vöruverðið á heimsmarkaðinum, svo sem aðflutningsbann, verndartollur o. fl., sem landið getur ekki neitt við ráðið. En það getur gjört annað, það getur sparað útgjöldin með því að auka framleiðsluna svo að minna þurfi að kaupa frá útlöndum og það getur lækkað kostnaðinn við framleiðsluna, en það er einmitt með aukinni ræktun, því að með því má spara vinnukraftinn og framleiða meiri vöru með hlutfallslega minni kostnaði.

Eg þykist ekki þurfa að fara lengra út í þetta, því eg hygg að einmitt þessi skoðun sé ríkjandi ekki aðeins hjá mönnum hér í þingsalnum, heldur einnig hjá öllum þeim, sem láta sér ant um framtíð landsins.

Eg skal geta þess viðvíkjandi frumv. að til þess að stofna hinn fyrirhugaða ræktunarsjóð, er ætlast til, að varið sé andvirði seldra þjóðjarða, er seldar hafa verið frá því 1883 fram að þessum tíma, og að fé þetta sé fengið búnaðarfélagi landsins til umsjónar. Andvirði seldra þjóðjarða á þessu tímabili nemur 144004 kr. 25 a. Þar af eru greiddar í viðlagasjóð 83,104 kr. 50 a. en leiguliðar þeir, er keypt hafa jarðirnar hafa gefið skuldabréf fyrir 60899 kr. 75 a., er þeir eiga enn ógreitt af andvirði jarðanna. Það fé, sem sjóðurinn fengi umráð yfir eftir þessari uppástungu væri 1, veðskuldabréf einstakra manna, sem áður eru nefnd og nema rúmum 60 þús. kr. og 2, 83 þús. kr. úr viðlagasjóði sem yrðu borguð með veðskuldabréfum fyrir lánum þeim, sem veitt eru sveitafélögum til jarðabóta, að svo miklu leyti, sem þau hrökkva til, en afgangurinn með peningum.

Fjárupphæð sú, sem sjóður þessi hefði til umráða, til útlána árlega, yrði fyrst um sinn nál. 10000 kr. að meðaltali á ári. Væri það vextir og afborganir af þeim 60 þús. kr. af andvirði þjóðjarða, er úti standa hjá kaupendum jarðanna og svo af lánum, veittum til jarðabóta. Næmi sú upphæð nál. 6000 kr. En þar við bættust rúmar 20 þús. kr., er greiddar væru úr viðlagasjóði fyrir það, sem skuldabréf fyrir lánum til jarðabóta nægðu ekki fyrir andvirði seldra þjóðjarða, og ef þessum 20 þús.

kr. væri skift niður á 5 ár, gæti sjóðurinn lánað af þeim 4000 kr. að meðaltali á ári í 5 ár. En svo byrjuðu afborganir að þeim tíma liðnum, svo verja mætti þeim til lána á ný.

Þó þetta sé ekki mikið fé gæti það gert töluvert gagn, og eg vona að menn játi að stofnun þessa »ræktunarsjóðs« sé spor stigið í rétta átt, sé frækorn, sem hljóti að festa rætur og bera ávöxt landinu til nota.

Valtýr Guðmundsson: Eg játa fullkomlega, að mér lízt vel á hugsun þá, sem kemur fram í frumv., og eg held eins og h. framsm. (Ól. Br.), að það sé spor stigið í rétta átt. En eg vildi koma með eina athugasemd, til athugunar fyrir nefnd þá, sem komið hefir með málið, að mér finst óviðkunnanlegt, að eigur landssjóðs séu lagðar undir vald annara en landsstjórnarinnar, svo sem hér er farið fram á, að búnaðarfélagi landsins sé fengin stjórn ræktunarsjóðsins í hendur. Held eg því heppilegra að ákveða, að sjóðurinn sé undir stjórn landsstjórnarinnar, en landsstjórnin fari eftir tillögum búnaðarfélagsins að því er útbýtingu lána og verðlauna snertir, og búnaðarfélagið sé þannig ráðanautur landsstjórnarinnar en það hafi ekki stjórn sjóðsins á hendi.

En þótt eg geti verið með því, að safna verðinu fyrir þjóðjarðir þær í sérstakan sjóð, er seldar hafa verið á síðari árum, af því eg álít óviðkunnanlegt, að selja eignir landsins, og hafa þær fyrir eyðslufé, þá vona eg, að hér eftir verði ekki farið langt í að selja fasteignir landssjóðs, því verði nokkurra framfara auðið í landinu, þá hljóta jarðir að hækka í verði. En þó hætt verði við að selja jarðirnar er þegar kominn álitlegur sjóður til að stofna »ræktunarsjóðinn« af, þar sem söluverð jarðanna er 144,000 kr., er seldar hafa verið síðan 1883.

Eg vildi að eins taka þetta fram, í þeirri von, að landbúnaðarnefndin tæki til greina, hvort ekki muni heppilegra, að sjóðurinn sé undir stjórn landsstjórnarinnar, en hún fari að ráðum búnaðfélags landsins með fjárveitingar þær, sem greiddar eru úr honum.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal taka það fram viðvíkjandi ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), að það var hugmynd landbúnaðarnefndarinnar, að í sjálfu sér væri það ekki aðalatriðið, hver hefði stjórn sjóðsins á hendi, með því að sjóðurinn hlyti að hafa svo afmarkað verksvið, sem nákvæmlegar mun verða tekið fram í skipulagsskrá hans og reglugjörð. En það vakti fyrir nefndinni, að allar framkvæmdir, er sjóðurinn mundi styðja með lánveitingum eða verðlaunum, stæðu í svo nánu sambandi við verksvið búnaðarfélags landsins, og að öll viðskifti við sjóðinn mundu verða óbrotnari og vafningaminni, ef stjórn hans væri í höndum búnaðarfélagsins, heldur en í höndum landsstjórnarinnar, enda engin hætta á því, að stjórn búnaðarfélagsins mundi misbeita valdi sínu.

Að öðru leyti mun nefndin fúslega taka þessa breyt.till. til íhugunar, og sömuleiðis aðrar bendingar, er hún kynni að fá frá h. þingdm.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., (C. 130, 159) 24. júlí.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal geta þess, að nefndin getur að mestu leyti fallizt á þær breyt.till., sem fram eru komnar á þgskj. 159. Hvað hinni 1 viðvíkur, við 2. gr. frumv., er gengur út á það, að ræktunarsjóðurinn

verði stofnaður af andvirði þeirra jarða, er seldar hafa verið frá árslokum 1883 til ársloka 1898, þá kemur hún alveg heim við það, sem vakti fyrir nefndinni, og er því að eins til skýringar. Þessi 15 ára tími er einmitt sá tími, sem salan hefir farið fram á, því fyrstu almennu þjóðjarðasölulögin eru frá 8. nóvbr. 1883 en síðustu lögin frá 13. desbr. 1895, og heimildin til sölunnar samkvæmt þeim er fallin úr gildi 31. desbr. 1898.

Viðvíkjandi hinni 2. breyt.till. við 3. gr. frumv. um að stofnfé sjóðsins megi aldrei skerða, þá má segja nokkuð svipað um hana, að hún er til skýringar, því það var svo langt frá, að það væri meining nefndarinnar, að stofnféð yrði skert, að hún hafði miklu fremur álitið það sjálfsagt, að nokkur hluti vaxtanna að minsta kosti yrði ávalt lagður við höfuðstólinn.

Þá er 3. breyt.till., við 4. gr. frumv., aðallega efnisbreyting, og lýtur að því, að landsstjórnin hafi á hendi stjórn sjóðsins í stað þess að eftir frumv. átti sjóðurinn að vera undir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Að vísu hafði nefndin athugað þetta, og álitið sjóðinn bezt kominn undir stjórn búnaðarfélagsins, með því tilgangur hans stæði í svo nánu sambandi við ætlunarverk félagsins, en samt sem áður getur nefndin vel fallist á breyt.till., með tilliti til þess, að samkvæmt henni á búnaðarfélagið að vera í ráðum með samningu á skipulagsskrá sjóðsins og reglugjörð, er innihaldi öll hin nánari ákvæði honum viðvíkjandi. Nefndin játar einnig að frá sjónarmiði landssjóðsins sé eðlilegra, að hann standi undir landsstjórninni, eins og breyt.till. fer fram á.

Að endingu skal eg geta þess, að því er snertir lánveitingar til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta, að fyrir nefndinni vakti ekki að eins ræktun á jörðum í eiginlegum skilningi heldur einnig á smáblettum, er teknir væru til túnræktunar, matjurtagörðum, o. s. frv. Jafnframt vakti það og fyrir henni, að lánin veittust eigi einungis fyrir verkið sjálft, heldur einnig til áhalda, einkum stærri áhalda. Annars vona eg að frumv. þetta sæti hinum sömu góðu undirtektum og áður, og skal því ekki orðlengja um þetta mál meira.

Valtýr Guðmundsson: Það er reyndar óþarfi fyrir mig að taka til máls, úr því h. nefnd hefir tekið svo vel undir þessa breyt.till., sem eg og nokkrir aðrir hafa komið með. Þar sem í breyt.till. er miðað við andvirði seldra þjóðjarða á ákveðnu tímabili, þá er það fremur sett til skýringar, til þess að fyrirbyggja þann skilning, að andvirði þeirra þjóðjarða, er síðar kynnu að verða seldar, ætti líka að renna í sjóðinn. Það er auðvitað, að þó að þessi ræktunarsjóður standi undir umsjón landsstjórnarinnar, þá má álíta sem sjálfsagt, að hún muni í meðferð á fé hans hér um bil eingöngu fara eftir tillögum frá búnaðarfélagi Íslands. Eg fyrir mitt leyti álít það óviðkunnanlegt að fleygja út því nær 150,000 kr. af fé landssjóðs, án þess að landsstjórnin hafi eftirlit með, hvernig þeim er varið. Þetta er það sem aðallega hefir vakað fyrir þeim mönnum, sem komu fram með breyt.till.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er einn úr búnaðarnefndinni, og því vil eg ekki gjöra ágreining um breytingu þá, sem h. þm. Vestm. (V. G.) flytur við 4. gr. frumv., en nauðsynlega álít eg hana ekki. Þetta sem stendur í 1. gr., að af andvirði þjóðjarða skuli sjóð stofna, þá er það að eins hljómur, sem gjörir málið eðlilegra í eyrum þeirra, sem ekki hugsa um eðli þess. Andvirði þjóðjarða, sem þegar er runnið inn í landssjóðinn, er

ekki lengur til sem slíkt, það er að eins fé viðlagasjóðs og ekkert annað, og þar sem þessi sjóðsstofnun nær ekki einnig til óseldra þjóðjarða — sem eg álít líka að hefði verið mjög varhugavert — þá er efni frumv. ekkert annað en það, að þingið veitir Búnaðarfélagi Íslands c. 140 þús. kr. með föstum og einskorðuðum skilmálum, og einmitt fyrir þá einskorðuðu skilmála frá þingsins hálfu, að féð skuli alls ekki verjast nema til lána en ekki eyðast, þá álít eg fjarri því, að þingið fari neitt út fyrir sína siðferðislegu heimild, þó það veiti fé þetta, án þess að landsstjórnin hafi í framtíðinni öll ráðin sjóðnum viðkomandi.

Eg hygg, að í flestum tilfellum ætti stjórn búnaðarfélagsins að vera öllu betur til þess fallin, að hafa hönd yfir sjóði þessum en landsstjórnin, og að það sé heppilegast að búnaðarfélagið losi landsstjórn og þing við sem flest landbúnaðinum viðvíkjandi, en breyt.-till. ákveður búnaðarfélaginu ekkert annað, en að það taki þátt í samningu skipulagsskrárinnar, og það er einungis af því eg vona, að stjórn búnaðarfélagsins reyni þá um leið að ná sér í einhver veruleg ráð yfir sjóðnum, að eg ekki greiði atkvæði móti þessari breytingu.

Eg get sem sagt alls ekki fallist á að þessi breyt.till. sé nauðsynleg.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. sþ. með 18 atkv.

2. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. sþ. með 20 atkv.

3. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. við 4. gr. sþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Þriðja umr., (C. 185) 26. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. var samþ. með 18 atkv. og málinu síðan vísað til Ed.

Ein umr., (C. 355; 388) 14. ágúst.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eins og sést á framhaldsnefndarálitinu á þgskj. 388 hefir Ed. að eins gert 2 breytingar á frumv. Hvað fyrri breytingunni viðvíkur, að einnig skuli renna í sjóðinn andvirði þeirra jarða, sem hér eftir verða seldar, þá skal þess getið, að till. í þessa átt kom fram í landbúnaðarnefndinni, þegar hún hafði frv. þetta til meðferðar, og þó nefndin sæi ekki ástæðu til að taka hana upp, er síður en svo, að nefndin vilji setja sig á móti þessu ákvæði. En svo er þess að gæta, að ef þingið heldur áfram þeirri stefnu, sem nú virðist vera að ryðja sér til rúms, að hætta að selja þjóðjarðir, þá hefir þetta atriði litla þýðingu. Hin breytingin, sem er í því fólgin, að slept er ákvæðinu um að skipulagsskrá og reglugjörð sjóðsins skuli samin eftir tillögum búnaðarfélags Íslands, en aftur á móti skuli leita álits búnaðarfélagsins viðvíkjandi lánveitingum og verðlaunaveitingum, virðist nefndinni ekki svo yfirgripsmikil efnisbreyting, að hún sjái ástæðu til að gera þetta að kappsmáli. Nefndin leggur þess vegna til að frumv. sé samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKV GR. Frumv. samþ. í heild sinni með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh., *sem lög frá alþingi*.

Útflutningsgjald af hvalafurðum.

FRUMVAP til laga um útflutningsgjald af hvalafurðum (C. 134); 1. umr. 21. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eftir bendingu frá nefndinni í hvalaveiðamálinu, kemur tollmálanefndin með frumv. þetta, og er það gert í tvenns konar tilgangi: 1, til þess að út-

vega landssjóði tekjuauka, og 2, til þess að íþyngja dálítið hvalveiðamönnum hér við land. Nefndin verður að álíta, að landssjóður þurfi á peningum að halda, þó ekki sé nú, þá þegar fram líða stundir, þótt sumir menn væru á öðru máli hér í gær. Einnig verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að gjald það, sem á þessum hvalveiðamönnum hvílir nú til almennra þarfa, sé eftir arðinum, sem þessi atvinna hefir í för með sér, alt of lítið, í samanburði við það gjald, sem aðrir atvinnurekendur hér á landi verða að inna af hendi.

Eg ætla ekki að tala fleiri orð að svo komnu, en vona, að h. deild lofi þessu máli að ganga umræðulítið til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16. samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 154, 174); 24. júlí.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það komu engar mótbárur gegn máli þessu við 1. umr., og síðan hafa ekki heldur komið neinar breyt.till., er snerta efni þess, svo eg vona, að það muni ekki mæta mikilli mótspyrnu nú.

Eg tók það fram við 1. umræðu, að full ástæða virtist til að leggja þyngra gjald á hvalafurðir en nú er, þar sem hvalveiðamenn greiða að eins mjög lítinn toll í landssjóð af afurðum atvinnu sinnar, eina 30 aura í toll af lýsistunnunni, og 1 kr. af hverjum 100 pundum af hvalskíði, en hinar hvalafurðirnar eru með öllu ótollaðar.

Það kemur greinilega í ljós, að lágir tollar hvíla á hvalveiðamönnunum, þegar þess er gætt, í fyrsta lagi, að þeir engan skatt greiða til landssjóðs af atvinnu sinni, og í öðru lagi, þegar borið er saman hve mikið þeir flytja út úr landinu, að tiltölu við alt vörumagn það, sem út er flutt, svo og hve hár tollur nú greiðist af hvalafurðum alls, í samanburði við það, sem greitt er af útfluttum fiski og lýsi. Eftir verzlunarskýrslunum 1897 voru fluttar út vörur fyrir alls rúmar 6 milljónir króna; af því voru hvalafurðir fyrir hér um bil $1^1/_2$ miljón króna eða nálægt fjórði hluti af öllum útfluttu vörunum. Aðrar tollskyldar vörur, sem er fiskur og lýsi, hafa verið útfluttar fyrir $2^1/_2$ miljón króna.

Þegar á þetta er litið og jafnframt á hitt, að útflutningsgjald á fiski og lýsi nemur um 35 þúsund kr. á ári, og þar af er tollur á hvalafurðum um 16 þús., en hitt á fiski og lýsi öðru en hvallýsi, þá sýnist ekki óeðlilegt, þótt útflutningsgjaldið á hvalafurðunum hækki nokkuð, og eg vona, að nefndinni hafi tekist, að gjöra hækkunina nokkurn veginn sanngjarna, þegar á alt er litið, og gjaldið á hinum einstöku tegundum hvalafurðanna hlutfallslega rétt.

Hvað tekjuauki landssjóðs mundi verða mikill með þessu aðflutningsgjaldi, er ekki gott að segja með vissu. En ef teknar eru hvalafurðir þær, sem út hafa verið fluttar 1897, þá mundi hækkunin verða rúmar 40 þúsund krónur.— Af hvallýsi hafa sem sé það ár verið útfluttar 47082 tnr., og með 1 kr. útflutningsgjaldi gjörir það $47082 \times 70 =$ 32957,40 kr. tollhækkun. — Af hvalskíðum hafa verið útflutt 277900 pund, sem með 2 kr. tolli gjörir 2779 króna tollhækkun. Af hvalbeinamjöli hafa verið útflutt 715800 pund, sem gjörir 1073,70 kr. tollhækkun; af hvalkjötsmjöli 681800 pund, sem gjörir 1704,50 króna tollhækkun. Guano mundi hafa gefið rúmar 4 þúsund krónur í toll, og bein $3^1/_2$ hndr. kr.

Eg gat þess áðan, að eg vonaðist eftir, að tollurinn á hinum einstaklegu hvalafurðum mundi hluttallslega réttur

eftir söluverði þeirra, og skal eg gjöra nokkuð gleggri grein fyrir því. Eftir verzlunarskýrslunum 1897 seldist hvallýsistunnan á hér um bil 22 krónur að meðaltali. 100 pund af hvalskíði seldist mismunandi, lægst 33 kr., og hæzt 54 kr., og verður meðaltal um 44 kr.; hver 100 pund af hvalkjötsmjöli á 4—5 kr., og hver 100 pund af hvalguano á 2—3 kr., og af hvalbeinum á 1 kr. Ef því miðað er við þetta verð, held eg að nefndin hafi farið nokkuð nærri lagi með tollinn.

Hér er komin fram breyt.till. um að í staðinn fyrir »hvalkjötsmjöl« komi: »þvestismjöl«, og fyrir »hvalguano« »verksmiðjuáburður af hvölum«. — Nefndin hélt sömu nöfnunum í frumvarpi sínu, sem stóðu í verzlunarskýrslunum, og eg sé enga ástæðu til að breyta þeim. Í sjálfu sér má standa nokkurn veginn á sama hver nöfn eru brúkuð, og frá því sjónarmiði er lítil ástæða til að mæla á móti þessum breytingartillögum. En nöfnin verða þá að vera rétt, og mega ekki geta valdið misskilningi; en hér er alt öðru máli að gegna. Eg tel það miður heppilegt, að kalla hvalguano »verksmiðjuáburð af hvölum«, af því að það virðist liggja beinast við að ætla, að átt sé við áburð af hvölum, sem borinn sé á verksmiðjur; en það er þó sjálfsagt ekki meiningin. Þvestismjöl er heldur ekki alls kostar rétt, þar sem »þvesti« er annað en »hvalkjöt«.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal leyfa mér að vekja athygli háttv. deildar á því, að frumv. þetta getur haft töluverða þýðingu, og jafnvel þær afleiðingar, sem háttv. deild ef til vill rennir ekki grun í nú. Það getur orðið beinlínis til þess að spilla fyrir því, að vér fáum bráðlega ritsíma til Íslands. — Mér er kunnugt um það, að leitað hefir verið til stjórnarinnar í Noregi um að styrkja sæsímalagning til Íslands, og að hún hefir tekið vel í málið, svo að þaðan má vænta all-ríflegs fjárframlags. En þó hefir norska stjórnin gjört ráð fyrir, að setja það skilyrði fyrir fjárframlaginu, að þeim Norðmönnum, sem nú reka atvinnu á Íslandi, sé ekki íþyngt með nýjum álögum.

Það er tilgangur stjórnarinnar norsku, að styrkja sambandið milli Noregs og Íslands, og ættum vér sízt að hindra það. Þetta er mér kunnugt, og mér er það líka kunnugt, að tollhækkun sú, sem hér er farið fram á, mundi mjög spilla fyrir ritsímamálinu í Noregi.

Eg held að hér sé ekki um svo aríðandi tekjuspursmál fyrir landssjóð að ræða, að harla varúðarvert sé fyrir alla, sem styðja vilja að ritsímalagningu hingað til lands, að greiða atkvæði með frumv. þessu.

Hitt er annað mál, að eftir gildandi lögum mun vera hægt að láta þá Norðmenn, sem hér stunda hvalveiðar, gjalda meira í landssjóð, en þeir gjöra nú; að minsta kosti mun sú vera skoðun íslenzku stjórnarinnar í Kaupmannahöfn.

Skúli Thoroddsen: Eg var fyrst í nokkrum vafa um, hvort eg ætti ekki að koma með breyt.till. og reyna þannig að lappa upp á frumv. þetta, en eg hætti við það, því að eg var þeirrar skoðunar, að tollhækkunarlög á hvalafurðum ættu alls ekki að fá framgang á þessu þingi,

H. framsögum. (Þ. Th.) tók það fram, að tilgangur frumv. væri tvenns konar, annar væri sá, að útvega landssjóði nýjar tekjur, og hinn sá, að íþyngja hvalveiðamönnunum. Hvað fyrra atriðið snertir, kom það fram í ræðu h. þingm. G.-K. (Þ. Th.), að tekju-aukinn fyrir landssjóð verður þó tiltölulega lít-

ill, þegar miðað er við tekju-upphæð landssjóðs yfir höfuð, en eigi að síður getur hinn aukni tollur þó orðið mjög tilfinnanlegur fyrir þá, sem hann eiga að borga.

En hvað hina ástæðuna snertir, þá þykir mér það næsta leitt, að það skuli heyrast hér á þinginu, að menn vilji íþyngja einstökum atvinnurekendum landsins; og ekki hvað sízt finst mér það óviðfeldið, að koma fram með frv. þetta nú, eftir að nefndin í hvalveiðamálinu hefir lýst því yfir, að hún hafi ekki vit á því, hvort hvalveiðar hafi skaðleg áhrif á fiskiveiðar eða ekki, og fer því fram á, að stjórnin láti rannsaka málið. Í öllu falli held eg því að það væri réttara, að bíða með að íþyngja hvalveiðamönnum, þangað til þingið veit nokkuru gleggri deili á málinu, en það veit nú.

H. þm. Vestm. (V. G.) benti réttilega á eitt atriði, sem samþykt frumv. þessa gæti haft óheppileg áhrif á, og það er ritsímamálið. — En mál þetta er langt frá því að vera eina málið, sem frumv. þetta gæti haft næsta óheppileg áhrif á.

Eins og vér vitum hafa Norðmenn lagt toll á innflutt saltkjöt, og er það landbændum vorum eigi lítið óhagræði. Nú ættum vér einmitt að nota hvalveiðamálið til þess að fá linun á þessum innflutningstolli, eða til þess að fá hann afnuminn með öllu. En förum vér þá leið, sem frumv. þetta þræðir, að íþyngja Norðmönnum þeim, er hér reka atvinnu, þá fæ eg ekki betur séð, en að vér gerum vort til þess að espa þing Norðmanna til þess að ganga enn lengra á þessari tollbraut, í stað þess að veita oss ívilnun.

Mér er og kunnugt um það, að stórþing Norðmanna hefir lagt fram fé, til að stuðla að reglulegu gufaskipasambandi milli Noregs og Austfjarða, og eg hefi skrifast á við Norðmann, sem hefir skýrt mér frá því, að Norðmenn mundu jafnvel vilja auka það fjárframlag, og koma samgöngum milli landanna í betra horf, og mundi það vera mjög æskilegt fyrir báðar þjóðirnar, og ekki hvað sízt fyrir oss Íslendinga.

Vér ættum því ekki með frumvarpi þessu að fara að gera leik til þess, að hrinda þessu máli aftur á bak, en að því stefnir þó frumv. það, sem nú er um að ræða.

Háttv. framsögum. (Þ. Th.) tók það fram, að útflutningur hvalafurða hefði 1897 numið nálægt 1½ miljón króna. Þetta mun og rétt vera. En menn mega ekki einblína um of á brúttótekjurnar, því að hvalaveiðar eru fjarska dýr atvinnugrein. Það er ekki lítið, sem þarf að leggja í kostnaðinn við hvalaveiðareksturinn. Eg skal að eins benda á allar þær byggingar á landi, sem hvalveiðamennirnir hafa reist, og guanóverksmiðjur og annað. Auk þess hefir hvert hvalveiðafélag 4—5 hvalveiðabáta eða fleiri, og eitt eða tvö gufuskip til að draga heim hvalina, sem þeir sækja oft norður að Grímsey, og jafnvel enn lengra. Þar að auki hafa þeir fjölda fólks í vinnu bæði á skipunum og í landi. Það þarf því ekki annað, en að renna huganum til þessa, til að sjá, hvað brúttó-tekjurnar eru óáreiðanlegur mælikvarði fyrir arðinum af hvalveiðunum; enda hefir reynslan sýnt, að sum hvalveiðafélögin hafa mörg árin haft skaða, en ekki ábata á hvalveiðunum. Það er að eins einn maður, Ellefsen á Önundarfirði, sem jafnaðarlega hefir haft all-góðan hagnað af þeim, en hann er líka viðurkendur sérstakur dugnaðar- og framkvæmdamaður.

Aftur á móti hefir hvalveiðafélagið á Dýrafirði sum árin beðið skaða af veiðunum, og svo er um fleiri.

Eg verð og að taka undir með h.

þm. Vestm. (V. G.) um það, að landsstjórninni mundi geta verið í lófa lagið að láta hvalveiðamennina borga nokkuru meir í landssjóð en gjört hefir verið; reglan hefir sem sé hingað til verið sú, að skoða hvalveiðarnar sem fiskiveiðar, og því hafa hvalveiðamenn aldrei verið látnir greiða atvinnuskatt af hvalveiðunum; en þennan skilning fiskiveiðalöggjafarinnar verð eg að telja mjög hæpinn, og vona því, að umræður þær, sem um þetta hafa orðið, verði til þess, að landsstjórnin taki þetta til athugunar.

Loks skal eg geta þess, að mér finst tollhækkunin svo gífurleg, að eg hlýt að líta svo á, sem hún myndi í reyndinni verða hið sama, sem að reka hvalveiðamennina burtu, fyrirmuna þeim að reka héðan af hvalveiðar. — Það hefði sannarlega minna mátt gagn gjöra en að tvöfalda tollinn á hvalskíðum og meira en þrefalda hann á hvallýsi, og leggja auk þess nýjan toll á hvalkjötsmjöl, hvalguano, hvalbein og hvalbeinamjöl.

Yfir höfuð er tollur þessi allur svo hár í hlutfalli við verðið á vörutegundunum, að hann hlýtur að verða næsta tilfinnanlegur fyrir gjaldendurna.

Af ástæðum þeim, sem eg hefi tilgreint, hlýt eg því að greiða atkvæði móti frumv., og eg vona, að háttv. deild hugsi sig vandlega um, áður en hún ljær fylgi sitt frumv., sem getur haft jafn óheppilegar afleiðingar sem þetta.

Klemens Jónsson: Mig furðaði sízt á því, þótt h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) væri máli þessu mótfallinn, en hitt furðaði mig meira, að h. þm. Vestm. (V. G.) skyldi rísa öndverður gegn því, af ástæðum þeim, er hann bar fram.

Það er rétt, eins og tekið hefir verið fram, að það eru tvær ástæður fyrir því að frv. þetta hefir komið fram, eða þó öllu heldur þrjár. Fyrsta ástæðan er sú, að nauðsynlegt er að bæta á einhvern hátt úr tekjuhalla þeim, sem fyrirsjáanlegt er að landssjóður muni verða fyrir á næsta fjárhagstímabili. Það hefir að vísu verið sagt, að það væru getgátur tómar um þennan tekjuhalla. En mér finst þær getgátur æði líklegar til að rætast, þar sem þegar hefir verið samþykt í h. Ed. frumv., sem sjálfsagt mun rýra að stórum mun vínfangatollinn, frumv., sem öll líkindi eru til að einnig verði samþykt hér í deildinni í einhverri mynd. Eg vil að vísu ekki fara að vekja að nýju langar umræður um þetta atriði, en tek það að eins skýrt fram, að það er mín sannfæring að vínfangatollurinn hljóti að minka, ef frv. um leyfi til að selja og veita áfenga drykki verður að lögum. Það hefir verið sagt, að gjald það, sem kaupmenn yrðu að borga fyrir leyfisbréfin, mundi fullkomlega nema því, sem vínfangatollurinn lækkaði. 1897 voru 191 verzlanir hér á landi; við skulum nú setja svo, að vínfangatollurinn lækkaði um helming, þá þyrfti nálægt 120 af verzlunum þessum að kaupa vínsöluleyfið til þess að vinna upp tolllækkunina, en eg þykist mega fullyrða, að svo margar þeirra mundu ekki gera það. Einn h. þm. hefir kastað því fram, að hér í Reykjavík mundi vínfangasalan ekki minka að að mun, því að kaupmenn mundu mynda hring, og koma upp sameiginlegri vínsölubúð, og þá þyrfti verðhækkunin á víninu ekki að verða meiri en 6‰. Eg hefi nú ekki trú á að þetta muni verða. Eg þekki það, að kaupmenn eru fljótir að tala um félagsskap og fúsir að mynda hann í orði kveðnu, en það verður oftast minna úr honum þegar á á að herða, og eg býst við að svipað fari með þessi ráð-

gjörðu kaupmannasamtök og svo mörg önnur samtök þeirra. Eg sé því ekki annað, en að það sé á fullum rökum bygt, að þörf sé á að útvega landssjóði nýjar tekjur.

Í öðru lagi sé eg ekki betur, en að það sé ósamkvæmni í því, að tolla sumar hvalafurðir en sumar ekki. Með lögum frá 13. apríl 1894 um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 var meiningin að taka skyldi toll af öllum útfluttum hvalafurðum, eins og tekinn er tollur af útfluttum fiskafurðum, en þá var ekki orðið mjög títt að flytja út hvalmjöl og hvalguano, og fyrir það mun það hafa sloppið undan tollinum. Eg sé því ekki betur, en áð þeir sem eru á móti hækkun á tollinum á hvallýsi og hvalskíði, hljóti þó að verða með því, að tollur sé lagður á hinar aðrar hvalafurðir, af því að sá tollur er í fylsta samræmi við útflutningstollinn af fiski ng fiskafurðum.

Þá hefir nú í þriðja lagi það vakað fyrir nefndinni, að rétt væri að leggja þyngri gjöld á hvalveiðamennina en hingað til, hvort sem menn nú vilja kalla það að íþyngja þeim, eða hvað. H. flutningsm. (Þ. Th.) hefir bent á, að hvalafurðir séu fluttar út fyrir 1½ miljón kr. á ári, vitaskuld er þar um brúttótekjur að ræða, og hvalaveiðarnar hafa mikinn kostnað í för með sér, en það held eg sé þó erfitt að mótmæla því, að þeir borgi ekki í landssjóð að tiltölu við arðinn af veiðinni. Árið 1897 borguðu þeir í Ísaf.s.eftir verzlunarskýrslunum að dæma, toll af hvalafurðum einar 15,000 kr., því þar sem því hefir verið haldið fram, að þeir borguðu þaðan í landssjóð 24 þúsund kr. þá er þar í talið með innflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, sem þeir hafa flutt inn handa sér og mönnum sínum, og hafa orðið að borga toll af, jafnt og aðrir landsmenn. Ef sá tollur, sem nú er farið fram á, reynist þrefalt hærri en tollurinn 1897, þá yrði, ef aflinn er sá sami, útflutningstollur af hvalafurðum um 45 þúsund kr. Þar sem ekki er um meiri hækkun að ræða en þetta, einar 30 þús. kr., á atvinnugrein sem nemur 1½ milljón kr., þá sýnist mér ekki geta verið um mikla íþyngingu að ræða, og eg skil ekki í, hvernig h. þm. Vestm. (V. G.) gat komið til hugar að bera það fram, að tollhækkun þessi mundi verða til þess að spilla fyrir ritsímalagning til Íslands. Eg hefi einmitt átt tal um málið við hvalveiðamenn, og þeir hafa sagt mér það, að ef algert bann væri lagt fyrir hvalaveiðar við Ísland, þá mundi stjórnin í Noregi láta málið til sín taka, hinu búast þeir jafnvel við, og munu í raun og veru ekki hafa mikið á móti, þótt tollur verði dálítið aukinn á hvalafurðum þeirra; hitt er annað mál, að þeir munu að sjálfsögðu heldur vilja vera lausir við tollinn en gjalda hann, og því er ekki nema eðlilegt, þótt einhverju í þá átt, sem h. þm. Vestm. (V. G.) nefndi, kunni að vera slegið fram við auðtrúa menn, sem eftir öllu hlaupa og láta ginna sig til alls. En hitt finst mér engri átt ná, að stjórnin í Noregi mundi telja þegnum sínum svo íþyngt með tollhækkuninni, að hún þurfi að láta hefndir koma niður á Íslendingum fyrir það, og því ólíklegra er að hún gjöri það, sem hér er um menn að ræða, sem sýnd hefir verið stórkostleg tilhliðrunarsemi af hálfu Íslendinga, þar sem séð hefir verið í gegn um fingur við þá, þótt þeir hafi rekið hér atvinnu, sem mundi reynast ólögleg, ef strangt væri farið í sakirnar.

Hér getur alls eigi verið um það að ræða, að espa Norðmenn upp á móti sér, og eg veit með vissu, að hvalveiðamennirnir búast sjálfir við, að tollur

muni verða hækkaður af hvalafurðum, og eg veit einnig, að þeim finst það langtfrá nein frágangssök.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) gaf í skin, að það væri meining íslenzku stjórnarinnar í Kaupmannahöfn, að íslenzkum lögum væri ekki beitt á réttan hátt gagnvart hvalveiðamönnunum norsku, og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) drap á, að eftir sinni skoðun ættu þeir að gjalda tekjuskatt af atvinnu. Eg efast nú reyndar mjög um að þetta síðasta sé rétt skoðað, þar sem hér er um að ræða arð af sjávargagni, en auðvitað er það lagaskýringarspursmál, sem dómstólarnir ættu að skera úr; og hafi íslenzka stjórnin í Kaupmannahöfn þá skoðun, að það sé þessum lögum, sem ekki sé beitt á réttan hátt gagnvart hvalveiðamönnunum, þá er harla undarlegt að hún skuli ekki hafa hlutast til um málið, og fengið því kipt í lag. Annars mundi það ekki hafa mikla þýðingu, þótt hvalveiðamennirnir ættu að fara að gjalda tekjuskatt af atvinnu. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) veit það vel, að að þegar kaupmenn eiga að fara að gefa upp afgangstekjur af atvinnu sinni hér, þá vilja þær venjulega ekki reynast miklar, og sama mundi verða hér ofan á, að landssjóð mundi ekki muna það miklu, þótt hann fengi tekjuskatt af 1000—2000 kr. frá hverri hvalastöðinnni fyrir sig, það yrðu ekki mörg hundruð kr. alls. Þetta byggi eg á eigin reynslu um það, hvernig kaupmenn og atvinnurekendur gefa upp atvinnutekjur sínar, þegar þeir á annað borð gera það, sem þeir ekki eru skyldir til.

Eg játa það, að það getur verið álitamál um það, hvort tollurinn sé settur of hár eða ekki, og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) er innan handar að koma með brtill. til 3. umr. um að hann sé lækkaður; eg er sannfærður um að tollmálanefndin mun íhuga hana vandlega og taka hana til greina, ef henni finst hún geta það. Eg skal ekki orðlengja þetta meira, en það segi eg, að þar sem altaf er verið að klifa á því, að hér sé farið fram á að íþyngja einstökum mönnum, þá má eins vel snúa því við, og segja að hér séu einstakir menn að leitast við að íþyngja almenningi, með því að vera að berjast fyrir hagsmunum einstakra manna og einstakra hreppa.

Pétur Jónsson: Það hafa tveir af hinum h. nefndarmönnum talað í þessu máli, svo eg hefi litlu við að bæta. En það eru þó atriði, sem mér finnast ekki nægilega athuguð enn sem komið er. Mönnum stendur hér víða stuggur af hvalaveiðum, og eru hræddir um, að uppræting hvalanna verði til mikils ógagns fyrir fiskigöngur, og þar af leiðandi annan aðalatvinnuveg landsins. Það er nú auðvitað satt, að vísindalegar sannanir eru eigi fengnar fyrir þessari skoðun; en þær eru heldur eigi fengnar fyrir hinu gagnstæða. Á meðan svo stendur, sýnist engin óhæfa, að tefja ögn fyrir eyðingu hvala við strendur landsins. Enn fremur getur hver maður séð, að hvalrekar hafa frá landnámstíð og fram á þennan dag verið tekjugr. fyrir landið og landsmenn. Ef nú hvölunum er eytt mestmegnis eða alveg, er þessi tekjugrein horfin og kemur ekki fljótt aftur, því það mun alkunnugt, að timgun hvala fer ákaflega hægt. Af þessum sökum álít eg sanngjarnt og rétt að leggja gjöld og hindranir á hvaladráp við strendur landsins. Sú eina trygging fyrir því, að hvölum verði eigi eytt með öllu er sú, að það borgar sig ekki veiðin, þegað fækkunin hefir orðið mjög mikil, og hækki kostnaðurinn, verður þeim mun

meira eftir af hvölunum ódrepið. Útflutningsgjald þetta er því nokkurs konar öryggispípa, til þess að eyðing hvala verði nær hófi. Og það er ótrúlegt, að Norðmenn fari að rísa upp á endann út af því.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem eg vildi gjöra viðvíkjandi einni hlið þessa máls. Eg álít það alveg rétt, að leggja hér toll á, en að eins ætti hann þá eftir minni hyggju að vera meiri en hér er gert ráð fyrir. Hann ætti, sem sagt, að vera nokkurs konar svar gegn þeim tolli, sem Norðmenn hafa lagt á aðflutt saltkjöt. Norðmenn hafa hér upptökin og eg áliti meira að segja rétt, að leggja toll á norskt timbur, til þess að þeim verði það tilfinnanlegt í einhverri þarlendri atvinnugrein, að þeir hafa tollað íslenzkt saltkjöt. Þessi tollur yrði auðvitað ekki mikill eða nauðsynlegur tekjuauki fyrir okkur, en mér finst þetta að eins rétt svar gegn saltkjötstolli Norðmanna. Eg vildi helzt, að deildin bindi samþykki sitt í þessu máli þeim skilyrðum, að stjórnin samþykki ekki þetta frumv., ef Norðmenn vilja afnema saltkjötstollinn. Ef þeir vilja halda saltkjötstollinum, þá vil eg að við höldum fram þessum tolli á hvalafurðum, og að við látum hann vera hærri, en hér er farið fram á. Eg verð að álíta, að réttast hefði verið, að stjórnin hefði verið búin að komast fyrir hjá stjórn Norðmanna um, hvort ekki væri tiltökumál, að fá saltkjötstollinn upphafinn, og ef það hefði reynst ófáanlegt, að hún þá hefði flutt þannig lagað frumv. inn á þingið. En því er nú ekki að heilsa.

Valtýr Guðmundsson: Viðvíkjandi ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) skal eg taka það fram, að mér finst þetta ekki eðlilegur vegur, sem hann vill fara. Eðlilegasti vegurinn, sem við getum farið, er sá að leggja toll á einhverjar innfluttar afurðir frá Noregi. Hér er um íslenzkar afurðir að ræða, nefnilega hvalaveiðina, og hana reka Norðmenn sem íslenzkir borgarar; ef við færum að leggja toll á hana, þá gerum við í raun og veru ekki annað en leggja toll á okkur sjálfa. H. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að þessi atvinna Norðmanna hér væri rekin óleyfilega, og að það væri að eins proforma, að þeir væru búsettir hér, og getur vel verið að það sé satt. En þar sem hann sagði, að það dygði ekki að hlaupa eftir því sem einstakir menn meðal Norðmanna segðu viðvíkjandi tillagi frá hendi Norðmanna til sæsímans hingað til Íslands, þá skal eg taka það fram, að mér er fullkunnugt um, að það verður af stjórn Norðmanna einmitt gert að skilyrði fyrir því fjárframlagi til sæsímans, að Norðmönnum þeim, er hér stunda atvinnu, sé ekki íþyngt fram yfir það, sem nú standa lög til, og eg álít það mjög óheppilegt, ef þetta frumv. gæti orðið til þess að eyðileggja það mál. Eg get því ekki verið með þessu frv. eins og það nú kemur fram.

Þórður Thoroddsen: H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir að mestu hrakið þær mótbárur, sem hafa komið fram gagnvart þessu frumv., svo eg þarf í raun og veru ekki að tala langt mál um það. Eg get ekki séð annað, en að ástæður h. þm. Vestm. (V. G.) og h. þm. Ísf. (Sk. Th.) séu að eins grýlur. H. þm. Vestm. (V. G.) sló því fram, að þetta mundi verða til að spilla fyrir fjárframlagi Norðmanna til sæsímans, en það get eg ekki séð, því Norðmenn gera það meir fyrir sjálfa sig en okkur, að leggja það fé til. Og þó nú svo yrði, þá getum við eins vel lagt sjálfir 20—30 þúsund kr. til ritsíma af þeim peningum, sem við fengjum af þessum tolli, og sé eg þá ekki annað, en að það

kæmi alveg í sama stað niður, hvort við sleppum tollinum og látum Norðmenn leggja til sæsímans, eða við höldum tollinum og leggjum fé sjálfir til. Eg álít réttara að gera hið síðara, og láta Norðmenn svo sjálfráða, í stað þess að vera að gera sér grýlur út af því, að þeir kannske mundu ekki leggja fé til ritsímans, ef tollur væri lagður á hvalafurðir. Eg fyrir mitt leyti efast nú um, að Norðmenn mundu hætta að leggja fé til ritsímans, þó þessi tollur væri lagður á. Það væri öðru máli að gegna, ef þeim algjörlega væri bannaðar hvalveiðar hér við land, þá væri slíkt þó hugsanlegt, en þó er þess að gæta, að Norðmenn reka hér líka bæði þorsk-, síld- og kolaveiðar. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að Norðmenn hefðu lagt fé til gufuskipaferða hingað, en það gera þeir fyrir sjálfa sig, af því þeir hafa verzlunarsambönd við landið, og mér er kunnugt um, eftir Norðmönnum sjálfum, að því sambandi vilja þeir halda. Að því er saltkjötstollinn snertir, þá finst mér h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) ekki hafa rétt fyrir sér. Eg vil ekki eiga það undir náð Norðmanna, hvort þeir upphefja saltkjötstollinn eða ekki, heldur vil eg orðalaust tolla þessa atvinnugrein þeirra, nefnil. hvaladrápið. Ef þeim þá er nokkuð um að gera, geta þeir leitað að samningum við okkur. Eg get því ekki verið með h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) í því, að skora á stjórnina að binda samþykki sitt þeim skilyrðum, að Norðmenn létti saltkjötstollinum af. Það var ýmislegt athugavert í ræðu h. þm. Ísf. (Sk. Th.), t. d. að ekki væri rétt að þyngja gjöld á þessum atvinnuvegi, fyrr en vissa væri fyrir því, að hann væri skaðlegur. Ef vissa væri fyrir því, þá fyndist mér réttast, ekki að eins að þyngja á honum heldur banna hann alveg. Þar sem um hvaladráp hér við land er að ræða, þá er að ræða um höfuðstól, sem er verið að eyða fyrir landsmönnum, og atvinnuveg á hinn bóginn, sem gefur mikinn arð. Að eytt sé þessum höfuðstól, tel eg rétt að settar séu skorður við, og arðsaman atvinnuveg á að leggja skatt á.

Jens Pálsson: Eg vildi að eins koma fram með eina örstutta athugasemd viðvíkjandi þessu máli. Menn hafa talað hér í þá átt, að með þessu frumv. sé verið að íþyngja Norðmönnum, og að norska stjórnin annarsvegar geri það að skilyrði fyrir framlagi sínu til ritsímans, að norskum þegnum sé ekki íþyngt neitt hér á Íslandi. Eg skal þá leyfa mér að taka það fram, að hér er að ræða um lög, sem að eins varða íslenzka borgara, og stjórn Norðmanna hefir enga ástæðu til að skifta sér af því, þó við semjum lög, sem snerta að eins okkur Íslendinga. Það væri annað mál, ef hér væri að ræða um innflutningstoll á norskri vöru, en nú er því heldur ekki til að dreifa, heldur er hér að ræða um toll á íslenzkri vöru. Eg ímynda mér, að ummæli h. þm. Vestm. (V. G.) séu bygð á einhverjum misskilningi, því með ákvæðum frumv. er alls ekki verið að íþyngja norskum atvinnuvegum.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 17 atkv. gegn 1.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

3. gr. sþ. með 15 atkv.

4. gr. sþ. með 14 atkv.

Frv. var síðan vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Þriðja umr. (C. 134), 26. júlí.

ATKVGR.: Frumv. var samþ. með 13 atkv. gegn 2, og var síðan vísað til Ed.

Ein umr, (C. 365, 434, 348), 17. ág.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki ver-

ið samdóma nefndinni um mál það, sem hér liggur fyrir, því eg álít sízt ástæðu til að áfellast h. Ed. fyrir meðferðina á því. Þegar mál þetta var áður hér fyrir Nd., þá bar eg það traust til h. Ed., að hún mundi fella frumv., eins og eg tók fram við síðustu umr. hér í deildinni, og eg get ekki séð, að síðar hafi komið neitt fram, sem réttlætt geti þessa tollhækkun. Mér finst það óviðurkvæmilegt og ranglátt, að einstökum flokk manna sé íþyngt með talsverðum tollálögum.

H. Ed hefir að vísu lækkað tollana nokkuð, en eg álít þó frumv. óaðgengilegt eins og það er, og að það mundi koma hart niður á hlutaðeigendum, og því hefi eg leyft mér að koma fram með nokkrar breyt.till., í þeirri von, að málið hafi nú skýrst svo fyrir h. deild, að hún verði tilleiðanleg til að beita sanngirni í þessu máli.

1. breyt.till., sem eg hefi komið með, er sú, að tollur á hvallýsi sé færður úr 50 a. niður í 40 a. á tunnunni. Verður þá tollhækkunin á tunnunni 10 au., frá því sem nú er, sem er það hæsta, sem eg get felt mig við. Reyndar er þess að gæta, að þessi tollur á hvallýsi er tiltölulega hærri en á öðrum lýsistegundum, t. d. á hákarlslýsi, því þar sem verðið á hvallýsi er ekki nema 18 kr. tn., þá er tn. af hákarlsl 25 kr., og er þá tollurinn nú af hákarlsl. $1^1/_5$% af söluverði, en af hvall. $1^7/_{10}$%. Þrátt fyrir þetta fer frumv. fram á töluverða tollhækkun á hvallýsi, svo ef frumv. yrði samþykt, yrði tollur á hvallýsi 2,84% í samanburði við bráttóverðið, og það finst mér of hátt, einkum þegar það er borið saman við toll á hákarlslýsi, sem er $1^1/_5$%.

Eg hefi fengið upplýsingar um, að einn hvalveiðamaður vestra flutti út í fyrra 14448 tunnur af hvallýsi. Með jafnmiklum útflutningi, og 20 aura tollhækkun, lenti á þessum eina manni 2889 kr. 60 aura tollauki á ári að eins á lýsi, og þegar þar er bætt við tolli þeim, sem í ráði er að leggja á hvalkjötsmjölið, hvalbeinamjölið o. fl. afurðir hvala, þá mundu tollar þeir, er hann ætti að greiða árlega, með sama útflutningi eins og í fyrra, nema 4369 kr. 60 au., og vona eg að h. deild blandist ekki hugur um, að hér sé nokkuð hart að gengið. Eg veit að þessir menn, sem eiga að inna toll þennan af hendi, mundu ekki telja það eftir sér að auka á sig gjöldum, ef nauðsyn bæri til að auka tekjur landssjóðs, það væri líka öðru máli að gegna, ef slík nauðsyn væri fyrir hendi, og jöfn álög væri lögð á alla landsmenn, en það má búast við því, að svona gífurlegar álögur á einstökum mönnum verði óvinsælar og mælist illa fyrir, þegar tollur þessi er lagður á, án þess að brýn nauðsyn sé fyrir hendi, og sem snertir að eins þá einstöku menn, sem reka þessa atvinnu.

Eg þarf ekki að taka það fram aftur, hve rangt það sjónarmið er, sem vakað hefir fyrir sumum hér í deild, að tollhækkun þessi ætti að vera nokkurs konar hefnd gegn Norðmönnum fyrir toll þann, sem lagður er á saltkjöt í Noregi, því þar sem hvalveiðamennirnir eru orðnir íslenzkir borgarar, þá mundi stjórn Noregs láta sér í léttu rúmi liggja, hvaða gjöld eru lögð á þá.

Eg vona því að h. deild taki br.till. mínum vel, og sérstaklega verð eg að halda því fram, að tollur á hvallýsi verði ekki hækkaður um meira en 10 aura á tunnunni, svo farinn sé meðalvegur milli núverandi frv. Ed. og gildandi laga. Finn eg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu, en vona að deildin taki br.-

till. minum vel, og h. nefnd styðji þær til að fá framgang, þegar hún sér hve sanngjarnar þær eru.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Nefndinni fanst frumv. þetta koma nokkuð þunt í roðinu frá h. Ed., í samanburði við það sem það var, þegar það fór héðan. Það er eigi að eins að tollurinn á aðalvörutegundunum hafi verið stórum lækkaður, heldur hefir hann verið með öllu feldur burtu á sumum tegundunum. Nefndin hér getur því ekki annað en látið í ljósi óánægju sína yfir þessari meðferð á frumv., sérstaklega þegar litið er á atvik þau, sem hafa orðið breytingunni valdandi. Það sem nefndin leggur höfuðáherzlu á í máli þessu, er það, að menn þeir, sem tollhækkunin einkum nær til, hvalveiðamennirnir, gjalda mjög lítið í landssjóð í samanburði við aðra landsmenn, þar sem þeir sleppa við að greiða atvinnuskatt; og auk þess má taka það til greina, að þeir eru sjálfsagt að eyða einum af atvinnugreinum landsins, eru að reyna að svifta landsmenn eign þeirra.

H. Ed. hefir ekki getað fallist á aðgjörðir þessarar deildar í málinu. Að visu mátti ráða það af nefndaráliti hennar, sem fyrst kom fram, að hún hafi verið samþykk aðalprincipinu er Nd. fylgdi. En svo vildi óheppilega til, að á meðan málið var til meðferðar í h. Ed., komu hingað til bæjarins tveir hvalamenn, og þá fyrst fekk nefndin í Ed. vind í seglin, þá fór hún fyrst fyrir alvöru að færa niður toll þann, sem hér í deildinni var lagt til að lagður yrði á hvalafurðir, og það enda niður fyrir það, sem þessir menn létu í ljósi, að sanngjarnt væri. Eg verð fyrir mína hönd og nefndarinnar hér að lýsa yfir óánægju yfir því, að h. Ed. virðist hafa tekið tillögur manna þessara um of til greina, og hagað tolltillögum sínum eftir því, sem þeir létu í ljós, að þeir mundu gjöra sig ánægða með.

Þegar á alt þetta er litið, bæði gang málsins, og að tollurinn er enda lægri, en sá tollur, sem tollgreiðendurnir kváðu sig fúsa að ganga að, þá má geta nærri, hvort nefndinni muni þykja ástæða til að taka til greina br.till. h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.). Það er svo fjarri því, að henni þykir meira að segja neyðarúrræði að verða að fallast á till. h. Ed.; hún hefði helzt kosið að frumv. væri felt nú, ef hún væri viss um að málið fengi betri byr á næsta þingi, en sökum óvissunnar um það leggur hún þó til, að það sé samþykt óbreytt eins og það kom frá h. Ed.

Klemens Jónsson: Eg vil að eins bæta fáum athugasemdum við það, sem sagt hefir verið af hálfu h. frsm. (Þ. Th.). Meðferð þessa máls hefir verið einhver hin kynlegasta, sem orðið getur. Málið var afgreitt héðan til h. Ed. með 16 atkv. Var í því frv. farið fram á þrefalt hærri toll af hvallýsi en nú er, og tvöfalt hærri á hvalskíðum og auk þess nýja tolla á ýmsar aðrar afurðir hvalsins, en h. Ed. lækkar alla þessa tolla og sleppir sumum alveg. Fyrst fór nefndin í Ed. fram á hóflega lækkun á tollinum af lýsi og hvalskíðum, en seinna, áður en þeirra eigið nefndarálit kemur til umræðu, fóru þeir fram á enn meiri lækkun. Hvernig stendur nú á þessu? Jú, viti menn, þeir höfðu í blaði einu séð þær fréttir, að leggja ætti 1 kr. toll á hver 100 pd. af hvallýsi eða 2,20 kr. á hverja tunnu, og þótti þeim það gífurlega hátt, svo sem von var til, 60 aura tollur á lýsi sem nefndin í Ed. hafði farið fram á, þótti þeim enn of bár, en voru harla ánægðir með 50 aura toll, og það lét svo nefndin eftir þeim. Nú þykir mér undarlegt að h. þm. Isf. (Sk. Th.) vill ganga enn lengra í því að verja hag

þessara manna, en þeir sjálfir kæra sig um. Samkvæmt upplýsingum hvalamanna, eru hvalskíði komin í svo lágt verð, að h. Ed. sá sér ekki fært, að leggja neinn toll á þau, og hefir nefndin hér gengið inn á það. En þar sem nú nefndin hefir gengið svo langt, sem frekast verður ætlast til, furðar mig á h. þm. Ísf. (Sk. Th.), þar sem hann vill lækka tollinn enn meir, og finst mér það ganga ósvífni næst, og leyfi mér því að skora á hann að taka brtill. sínar aftur.

Skúli Thoroddsen: Það liggur ekki við að eg vilji taka breyt.till. mínar aftur. Hin h. deild ræður hvað hún gjörir við þær, og eg þykist geta þvegið mínar hendur, ef eg rökstyð till. og sýni fram á, hve ósanngjarnt frumv. er. Hinn h. framsm. og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lögðu báðir áherzlu á það, að tveir hvalveiðamenn hefðu komið hingað að vestan, og haft áhrif á Ed. þingsins í þessu máli. Eg get ekki annað en furðað mig á því, ef koma þessara manna hefir hneykslað, og þá sérstaklega framsm. nefndarinnar, þar sem eg veit, að h. framsm. er ekki ókunnugt um, að 2 aðrir menn hafa einnig komið hér til þingsins, alla leið frá Danmörku, og haft eigi all-lítil áhrif á annað mál (bankamálið), sem h. framsm. hefir mikið um fjallað. Annars finst mér það eigi nema eðlilegt, að orð þessara hvalaveiðamanna hljóti að hafa haft áhrif á skoðun hinnar h. Ed. í þessu máli, einkum þegar þess er gætt, að flestum h. þm. var mjög ókunnugt um verðlag á ýmsum hvalafurðum, svo að tollaupphæðir Nd. voru bygðar í blindni.

Þar sem því var haldið fram, að hvalveiðamenn greiði minna til almennra þarfa en aðrir, er álíka mikilfenglega atvinnu stunda, þá er það alsendis ekki rétt, þegar tekið er tillit til sveitarútsvars þeirra, sem oft hefir numið 1000—1200 kr. á hvern þeirra. (*Klemens Jónsson*: Það sýnir hvað þeir græða). Nei, engan veginn; það sýnir eymd hreppanna, og þennan algenga íslenzka sið, að hlífa ekki þeim, sem eitthvað hefir milli handa. Eg þarf í því skyni ekki annað en að minna á þýzka baróninn á Hvítárvöllum, sem enginn veit, hvort á nokkuð eða ekki neitt, en þó var undir eins smelt á hann mörg hundruð króna útsvari. Hvalveiðamenn gjalda að öðru leyti sömu útgjöld sem aðrir, og auk þess all-mikil vitagjöld og skipagjöld í landssjóð. Svo gæta menn þess ekki, hve gífurlega mikið fé er lagt í sölurnar, til að reka slíkan atvinnuveg; þeir verða að halda mörg gufuskip, og kostar það ekkert smáræði. Þeir, sem hafa guanoverksmiðjur, verða að leggja í þær tugi þúsunda, sem eru bundnar þar, auk alls þess of fjár, sem aðrar byggingar þeirra kosta.

Mér þótti einkennilegt að heyra þann vísdóm, að hvalirnir, sem veiddir eru hér við land, væru eign landsins, og þykir mér engin furða, þótt nefndin hafi komist að kynlegri niðurstöðu, þar sem hún bygði á jafn fáránlegum grundvelli; en slíkan eignarrétt yfir sjávardýrum, sem flakka til og frá um sjóinn, hygg eg þó, að engir aðrir hafi heyrt nefndan.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að hvalveiðamennirnir hefðu verið harla ánægðir með toll-hækkun þá, er Ed. gekk að, en eg get lýst því yfir, að slíkt er fjarstæða ein; þeir voru auðvitað sáróánægðir; en af því þeir héldu í fyrstu, að meiningin væri að reka sig alveg af landi burt, þegar þeir heyrðu um allan gauraganginn, þá var eðlilegt, að þeir færu sem hóflegast í sakirnar, til þess að reyna að fá þó einhverja lækkun, og fyrir því töluðu þeir sem líðlegast við þá menn, sem þeir

vissu, að helzt gengust fyrir því, að blása upp þessum vindi. En það má geta nærri, hve ljúft þeim er að smelt sé á þá tollum, sem nema 4—5 þús. kr. fyrir hvern þeirra. Þegar veiðin er svipuð, eins og hún var í fyrra hjá þessum manni, er eg tók áðan til dæmis, þá nemur tollhækkunin hjá honum einum, ef deildin felst á tillögu mína, um 2700–2800 kr. á ári og getur þingið að mínu áliti verið fullsæmt af því að ganga ekki lengra en svo gegn einstökum manni.

Klemens Jónsson: Eg ætla að eins að segja örfá orð; eg ætla ekki, eins og h. þm. Ísf. (Sk. Th.), að fara út í persónulegar deilur, en þar sem hann segir um mig, að eg hafi verið »að blása upp þessum vindi«, mætti miklu fremur segja um hann, að hann væri af alefli að hlynna að persónulegum hag einstakra manna á kostnað alls landsins. Viðvíkjandi því sem h. þm. sagði, að hvalveiðamennirnir hefðu náttúrlega »talað líðlega« um þetta, en að þeim í rauninni væri illa við tollinn, þá er svo sem auðvitað, að hver kaupmaður vill helzt engan skatt greiða, en þessir menn voru svo sanngjarnir og réttsýnir, að þeim sýndist rétt, úr því annars þyrfti að auka tekjur landsins, að leggja 50 a. á tn., en ekki hærra; og það er þýðingarlaust að lækka það úr 50 a., og hart, að einn þm. skuli leyfa sér að fara lengra en sjálfir greiðendur tollsins eru ánægðir með; það er enda hlægilegt að búa til lög, sem útvega landssjóði einar 3 þús. kr. í tolltekjur (*Skúli Thoroddsen*: Það er hátt á 3. þús. frá þessum eina manni). Eg legg aðaláherzluna á hina fyrstu breyt.till. þm., hinar virðast mér litla þýðingu hafa, þó þær allar bendi að því sama, að taka tillit til einstakra manna.

Halldór Daníelsson: Af því h. þm. Ísf. (Sk. Th.) þóknaðist að minnast á Hvítárvallabaróninn, þá skal eg geta þess, að jafnvel þó sveitarútsvar hans hafi verið lækkað, þá er ekki þar með sagt að það sé víst, að það hafi verið of hátt ákveðið.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 448 feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðj. Guðlaugsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Kl. Jónsson,
Jón Jensson,	Björn Sigfússon,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Eiríkur Gíslason,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelss.,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thóroddsen,
	Þorl. Guðmundss.

2. breyt.till. á þgskj. 448 feld með 13 : 5 atkv.

3. breyt.till. á þgskj. 448 feld með 14 : 1 atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 448 feld með 14 : 1 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 18 : 1 atkv. og verður afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun (C. 152); 1. umr. 22. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv.

Önnur umr., (C. 152); 25. júlí.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
5. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
7. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
8. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
10. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
11. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Þriðja umr., (C. 152; 192), 28. júlí.

Þórður Thoroddsen: Eg hefi leyft mér ásamt öðrum h. þm. að koma með 2 breyt.till. við frumv., sem eg ímynda mér að ekki muni verða nema til bóta. Eins og stendur í frumv. er ætlast til, að þegar launin séu hærri en 2500 kr. bætist 1% af þeim við eftirlaunin fyrir hvert þjónustuár, en séu þau minni en 2500 kr., þá skal reikna 20 kr. fyrir hvert þjónustu ár. Af 2500 kr. launum eru þá 25 kr. fyrir hvert þjónustuár, af 3000 kr. 30 kr., og 4000 kr. t. a. m. 40 kr. fyrir hvert þjónustuár. Að láta eftirlaunin vera svona há fyrir hvert þjónustuár undir eins og 2500 kr. laun eru og 5 kr. hærri og þaðan af meira heldur en þegar þau eru t. a. m. 2400 kr. álítum við misrétti og óeðlilegt, og því komum við með þá breyt.till. að breyta 1% í $^2/_3$%. En verði sú breyt.-till. samþ. þá verður að færa launatakmarkið upp úr 2500 kr. í 3000 kr. þannig, að eftirlaunaviðbótin sé 20 kr. fyrir hvert embættisár handa þeim er hafa minni laun en 3000 kr., en $^2/_3$% af laununum handa þeim, sem hafa laun þar fyrir ofan. Þetta er nauðsynlegt af því, að yrði 2500 kr. launatakmarkið látið halda sér, en $^2/_3$% samþykt, þá fengju þeir, sem hafa 2500 kr. laun, minni viðbót en 20 kr. fyrir þjónustuárið. Eg vona að menn skilji þetta og að menn sjái að sanngirni mæli með því að breyta þessu ákvæði; komist breyt.till. okkar að, verða eftirlaunin miklu eðlilegri, samanborin við launaupphæðina, og stíga jafnar og eðlilegar en eftir þessu frumv.

Eftir því sem eg hefi heyrt, komst líka ákvæðið með 1% af vangá inn í frv. í h. Ed. Þar lágu fyrir 2 breyt.-till. Var önnur sú, að breyta $^1/_5$ í $^1/_4$ en hin að breyta $^2/_3$% í 1%. Voru þær svo báðar samþ. enda þótt tilætlunin væri sú að samþ. ekki nema aðra hvora.

Eg orðlengi þetta ekki meira, en vona, að menn skilji hvers vegna eg kem með þessar breyt.till.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 192 samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 192 samþ. 14 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Guðl. Guðmundsson,	Ólafur Briem,
Halldór Daníelsson,	Pétur Jónsson,
Jens Pálsson,	Sighvatur Árnason,
Jón Jensson,	Sigurður Gunnarss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Valtýr Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Þorl. Guðmundsson.
Skúli Thoroddsen,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Frumv. sent aftur til Ed.

Lögaldur.

FRUMVARP til laga um lögaldur (C. 101); 1. umr. 19. júlí.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Samskonar frumv. og þetta hefir áður verið hér fyrir h. deild. Það var borið upp 1889, og var þá afgreitt sem lög frá alþingi, en náði ekki staðfestingu konungs. Aftur kom það fyrir þingið 1891, en komst þá ekki gegnum það, og loks var það fyrir síðasta þingi, og féll þá með eins atkvæðis mun í sameinuðu þingi.

Um slík mál, jafn marg-rædd, álít eg óþarft að hafa mörg orð, enda á það ekki við, að farið sé út í einstök atriði við þessa 1. umr. málsins. Að eins skal eg taka það fram, að það er almennt viðurkent hér á landi, að núgildandi ákvæði um myndugleikaaldur séu óheppileg, og komi oft í bága í viðskiptalífinu.

Fjöldi manna reisir bú hér á landi rétt eftir tvítugsaldurinn, og það er óeðlilegt, að þessir menn geti ekki gert gilda samninga, nema þeir fái sér skipaðan kúrator. Eg legg því áherzlu á, að hér sé breyting nauðsynleg, og það því fremur, sem það er naumast komið inn í meðvitund þjóðarinnar, að giftir menn og búsettir skuli ekki vera fullmyndugir, enda er það algengt, að þessir ómyndugu bændur gera samninga við kaupmenn og aðra, án þess nokkrum detti í hug að spyrja um aldur þeirra.

Það er og óþægilegt fyrir landsbankann, og aðrar peningastofnanir, að menn skuli þurfa að mæta þar með tilsjónarmanni þangað til þeir eru orðnir fullra 25 ára, þegar gjöra þarf samninga við þá, og það er sannlega ekki gott að sjá það á útliti manna, hvort þeir eru 23, 24 eða 25 ára.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta að sinni; það getur auðvitað orðið ágreiningur um aldurstakmarkið, eins og raun varð á, á síðasta þingi milli Ed. og Nd., en sá ágreiningur ætti að geta jafnast, og eigi þurfa að verða málinu að falli.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr., (C. 101); 21. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 101), 24. júlí.

ATKV.GR: Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Áfengisverzlun.

FRUMVARP til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja (C. 139); 1. umr. 22. júlí.

Sighvatur Árnason: Af því frv. þetta er nýmæli og í öðru lagi hlýtur að hafa stórvægilega þýðingu fyrir landið, þá sting eg upp á að 5 manna nefnd sé kosin í það.

ATKVGR.: Nefnarkosning samþ. með 12 samhlj. atkv.

Kosnir voru:

Skúli Thoroddsen	með	12	atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	9	—
Jens Pálsson	—	9	—
Þórður Thoroddsen	—	9	— og
Sigurður Gunnarsson	—	7	—

1. umr frestað.

Framh. 1. umr. (C. 139; 296); 5. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmunds-

son): Eg skal að svo stöddu ekki fara langt út í þetta mál, en skal aðeins láta það í ljósi, að eg er stjórninni mikið þakklátur fyrir, hve rækilega hún hefir undirbúið þetta mál. Hún hefir að vísu ekki treyst sér til að fara svo langt, sem nefndin gjarnan hefði óskað, en að öllum atriðum vel íhuguðum verð eg þó að álíta, að stefna stjórnarinnar í málinu sé hyggileg, í mörgum atriðum heppileg. Það vakir auðsjáanlega fyrir stjórninni, að hún geti ekki farið lengra, án þess að raska löglegum rétti manna og baka landssjóði skaðabótaskyldu.

Eg legg að vísu enga verulega áherzlu á gjöldin fyrir leyfið eða í árgjaldið, en aftur á móti álít eg mjög mikilsvert að stjórnin vill taka tillit til hvað héraðsstjórnirnar vilja, svo að þær geta varið þau héruð, sem engin áfengisverzlun hefir verið í eða sem áfengisverzluninni hefir verið bygt út úr. Þótt nefndin viti það, að nú sé sterk hreyfing hér á landi, sem gengur lengra í þá átt að hefta vínverzlun, en stjórnin, hefir hún ekki viljað hreyfa við neinum grundvallaratriðum í frv. stjórnarinnar, jafnvel þó hún áliti það heppilegt, að gengið væri enn lengra, en í þessu frv. Breytill. nefndarinnar eru þess vegna ekki efnisbreytingar heldur að eins skerpa þær og skýra einstöku atriði. Eg skal ekki fara lengra út í þetta mál að þessu sinni, en vona að h deild láti það fara til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., (C. 139; 296; 348); 9. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg skal fyrir nefndarinnar hönd stuttlega gjöra grein fyrir breyttill. þeim, sem hún hefir gjört við frumvarpið, eins og það liggur fyrir frá háttv. Ed.

Fyrsta brt. nfd. er við 2. gr. frumv., að þar sé tekið fram, að verzlunarfélög, sem hafa rekið verzlun með áfengi, haldi þessum rétti; þetta var að eins skýring á orðunum í upphafi greinarinnar. En svo vill nefndin bæta við, að kaupfélög og pöntunarfélög haldi ekki þessum rétti, þó þau hafi hann nú. Það eru nú að eins fá kaupfélög og pöntunarfélög er hafa þennan rétt, en nefndinni fanst ekki ástæða til að halda uppi þeim verzlunarrétti, vegna þess, að verzlun þeirra stendur á nokkuð öðrum grundvelli en verzlun kaupmanna, þar sem hún gengur ekki út á, eins og verzlun þeirra, að útvega einstöku mönnum ágóða, það virðist nokkuð öndvert tilgangi þessara félaga að verzla með áfengi, enda heyri eg sagt að sum þeirra hafi með samþyktum útilokað áfengi bæði frá verzlun og frá pöntun.

Önnur breyttill. gengur út á það, að bæta inn í sérstöku ákvæði viðvíkjandi hlutafélögum, samlögum og öðrum stofnunum, er eigi verða eigendaskifti að.

Ef ekki væru sett sérstök ákvæði um þetta, þá mundi árangurinn verða sá, að þar sem verzlunarréttindi einstakra manna mundu hverfa, þá mundu þessi hlutafélög verða nokkurs konar »privilegeraðar« brennivínsverzlanir í landinu.

Nefndin fer því fram á að binda rétt þessara hlutafélaga við 15 ára tíma, og miðar nefndin þetta við það, sem verzlunarleyfi einstakra manna endast að meðaltali, auðvitað er þessi tala tiltekin nokkuð af handa hófi, með því það er erfitt að segja hvað verzlunarleyfi einstakra manna endast lengi. Það eru vitaskuld nokkur verzlunarleyfi, sem ekki endast svo lengi, nokkur, sem endast lengur, og það er lík-

legt að það hefði verið nóg að setja t. d. 10 ár í staðinn fyrir 15 ár. En aðalatriðið er að ákveða að slík félög eða samlög haldi þeim rétti, eins og hann er nú í dag, um takmarkaðan tíma, því að þau hafa engan rétt til að verða privilegeraðar vínsölustofnanir.

Þriðja till. nefndarinnar gengur út á að ákveða skýrt, að amtmaður skuli ekki veita vínveitingaleyfi nema hreppsnefnd og bæjarstjórn sé því meðmælt á þeim stöðum, sem svo er ástatt, að nýir eigendur taki við verzlunum og önnur vínverzlun er fyrir. Vitaskuld liggur þetta í orðunum í frumvarpinu, og það er lítið annað en orðaskýring.

Svo er í fjórðu tillögu breyting, sem einnig kemur fram í fimtu tillögu, sú nefnilega, að binda þetta ekki einasta við hreppsnefndir, heldur sýslunefndir. Það sem vakti fyrir nefndinni, er, að það mundi vel geta komið svo fyrir, að það mundi ekki heppilegt að binda þetta einungis við hreppsnefndirnar, duglegur kaupmaður kynni að geta haft hreppsnefndarmennina í vasa sínum, sé honum kappsmál að halda vínverzluninni áfram. Nefndinni finst réttara að binda þetta við samþykki sýslunefndar; eg sé ekki að af þessu þurfi að leiða neinar óheppilegar afleiðingar, sem komi til greina gagnvart þeirri tryggingu, sem í þessu liggur fram yfir það, ef leyfið væri að eins bundið við hreppsnefnd.

Hin 5. breyttill. við 2. gr. fer fram á, að eftir orðunum: »nema hreppsnefnd« bætist og »sýslunefnd eða bæjarstjórn«. Það er sem sé ekki gjört ráð fyrir því í frv., að nokkur af kaupstöðum landsins verði algjörlega laus við vínverzlun, og eftir frv. ætti amtmaður að veita brennivínsleyfi í kaupstöðum án samþykkis bæjarstjórnar, ef svo kæmi fyrir, að engin slík verzlun hefði verið þar áður; en það væri að setja bæjarstjórn skör lægra en hverja hrepppsnefnd á landinu; þetta áleit nefndin ósanngjarnt, og vildi því skjóta inn í orðunum: »og bæjarstjórn«. Þessar breyttill. nefndarinnar eru í sjálfu sér ekki stórvægilegar.

Eg skal um leið benda á eina breytingu frá núgildandi lögum, sem er í frv. 4. gr. staflið C. Þar er ákvæðið um vissan mæli á öli, er selja megi í einu, fært niður frá því sem lög frá 1888 tiltaka, en þetta hefir nefndin ekki álitið neitt þýðingarmikið.

Sjötta brtill. er við 5. gr. og hún er nokkuð viðtækari, hún fer fram á að banna öllum, ekki einasta verzlunarmönnum og forstjórum kaupfélaga, að panta áfengi fyrir aðra. Það er nauðsynlegt að setja inn slíkt ákvæði, með því annars gæti ákvæðið orðið til að opna mjög víðar dyr til að fara kringum lögin.

Nefndin fer fram á að banna mönnum að panta fyrir aðra, það getur hver maður pantað fyrir sjálfan sig, en má ekki láta annan panta fyrir sig nema þann, sem rétt hefir til að verzla með áfengi. Þetta atriði hefir talsverða þýðingu, til þess að koma í veg fyrir að menn eigi hægt með að fara í kringum þessi lög.

Mér finst að þeir, sem endilega vilja afla sér áfengis, séu ekki ofgóðir til að panta það sjálfir frá útlöndum, eða frá þeim verzlunum, sem hafa leyfi til að selja það, og greiða gjald fyrir það í landssjóð, og mér finst misráðið, að þingið opni mönnum veg til að fara í kringum lög, sem þingið er að samþykkja.

Árgjaldið fyrir vínsöluleyfið hefir verið fært úr 200 kr. upp í 500 kr.

og nú er komin fram sú breytingartillaga að gjaldið skuli í kaupstöðum vera 300 kr.

Þessi gjaldgreiðsla er nefndinni ekkert kappsmál, og þó að meiri hluti nefndarinnar greiði ekki atkv. með þessari brtill., þá ætlar nefndin ekki að neinu leyti að fara að berjast á móti henni. Það sem fyrir nefndinni vakti var það, að það væri ósanngjarnt að láta veitingamenn greiða lægra gjald en kaupmenn, því það hefir verið álitið, að sala í smáskömtum væri arðsamari en kaupmannsleg verzlun með áfengi.

En sem sagt, þó að nefndin fyrir sitt leyti ekki greiði atkvæði með þessari breytill. þá er henni það ekkert kappsmál.

Þá er enn brtill. við 7. gr. um að gjaldið sé hækkað úr 50 kr., komi í kaupstöðum 500 kr. og utan kaupstaða 200 kr. Þar er einnig brtill. um, að leyfið gildi aðeins fyrir einn sölustað; nefndin greiðir ekki atkvæði með henni.

Þá er brtill. frá h. þm. Húnv. (Bj. Sig.) á þgskj. 348, um að taka skýrt fram, að veitingaleyfi gildi aðeins um einn sölustað. Fyrir nefndarinnar hönd lýsi ég því yfir, að hún aðhyllist hana, hún gengur út á það, að maður, sem t. d. er búsettur í einum hreppi, og hefir veitingaleyfi, geti ekki flutt sig í annan hrepp eða í annan stað í hreppnum, og veitt þar áfengi, og alveg samsvarandi um veitingamenn í kaupstöðum, að þeir ekki geti selt brennivín annarsstaðar en í veitingastaðnum.

Þá er brtill. nefndarinnar við 12. gr.; eg hlýt að álíta hana á talsverðum rökum bygða. Í 12. gr. er tekið fram, að enginn námsmaður af skóla landsstjórnarinnar þurfi að borga áfengi, sem hann hefir fengið að láni, en nú eru oft og einatt námsmenn, sem komnir eru yfir myndugsaldur, og þess vegna virðist nefndinni réttast að jafnt gangi yfir alla, og að þetta ákvæði gildi alment. Auðvitað kemur ekki til greina með þetta ákvæði, fyr en eftir þann tíma að þessi lög öðlast gildi, og þá er réttur einstakra manna alls ekki brotinn. Þar sem í núgildandi lögum er tekið fram, að námsmenn ekki séu skyldir að borga slíkar skuldir, þá er víst ekki sú aðallega meining að sporna við því, að námsstyrkurinn gangi til slíks, heldur miklu fremur sá, að þeir eyðileggi ekki sjálfa sig. Að »drekka upp á krít« er líka álitið afar siðspillandi. Það er einmitt þetta sem nefndin álítur, að vakað hafi fyrir þegar lögin 1888 voru gefin út, og þessi ástæða gildir um alla. Það mætti að vísu segja sem svo, að þó skaði væri að hverjum þeim manni, sem glataðist, þá væri þó dýrari námsmaðurinn en hinir aðrir. En þó svo væri, þá er nefndin þó á þeirri skoðun, að ákvæðið ætti að vera alment. Það er stór skaði að hverjum sem tapast í drykkjuskap.

Þá er enn fremur brtill. nefndarinnar við 16. gr., og mætti segja að hún væri sérstaks eðlis, því eins og sjá má á tillögunni, þá er hér principiel mismunur, hvernig nefndin lítur á það brot, eða stjórnin og h. Ed. Nefndin vill sem sé skoða það brot, að veita ungling innan 16 ára og þeim öðrum, sem greinin nefnir, vitskertum mönnum o. s. frv. áfengi, á annan veg en brot móti öðrum ákvæðum frumvarpsins; hún álítur að það sé glæpur, þó á lágu stigi sé, þar sem hin önnur brot eru fremur lögreglubrot. Það er víst enginn í vafa um að skoða megi sem glæp, að veita mönnum áfengi, sem hafa ölæði (delirium), eða þeim sem sviftir hafa verið fjárforráðum sökum drykkjuskapar, eða þeim, sem skertir

eru á geðsmununum, og nefndin er sannfærð um að hugsunarháttur þjóðarinnar er kominn svo langt, að hún muni álíta þetta siðferðislegan glæp, og sé það glæpur, þá er rétt að leggja harðari hegningu við því, en öðrum brotum gegn þessum lögum.

Það gæti verið dálítill meiri vafi á, hvort skoða ætti sem glæp, að veita unglingum innan 16 ára áfengi, en eg fæ þó naumast annað séð en það sé glæpsamlegt að tæla máske unglinga út á hina skaðsamlegu glötunarbraut ofdrykkjunnar. Frá minu sjónarmiði er það skylt því broti, sem 175. gr. hegningarlaganna leggur við einfalt fangelsi eða jafnvel betrunarhúsvinnu, að minsta kosti get eg ekki annað séð, siðferðislega skoðað.

Að endingu vil eg geta þess, að eg hefi átt tal við hæstv. landsh. um allar breyt.till., og hann látið í ljósi, að hann ekki mundi mótfallinn neinni þeirra, nema hvað hann taldi breyt.till. við 16. gr. varhugaverða. Hann er því miður ekki til staðar núna, svo hann getur ekki lýst yfir skoðun sinni um hinar aðrar breyt.till., en eg vona, að engin mótstaða verði frá hans hálfu, hvað þeim viðvíkur, og skyldi verða mótstaða gegn þessari einu breyt.till. um fangelsishegninguna, þá mun nefndin reyna að fara einhvern milliveg, en eg vil enn einu sinni taka fram, að frá minu sjónarmiði og meiri hluta nefndarinnar er það glæpur, að minsta kosti siðferðislegur, að veita unglingum áfengi. — Frá miru persónulega áliti skoðað er öll áfengisverzlun í sjálfu sér glæpur.

Eg ætlaði að gjöra eina fyrirspurn til hæstv. landsh., en hann er því miður ekki viðstaddur, en eg held, að eg verði þó að láta háttv. þingdeild heyra hana. Spurningin var sú, hvort strandferðaskipin ekki séu skyldug til að hlýða ákvæðum hinna gildandi laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja. Eg er að vísu ekki nægilega kunnugur til þess að geta sagt um, hvort þau selja vínföng öðrum en farþegum, en vildi að eins gjöra þessa fyrirspurn, hvort þau ekki væru háð almennum ákvæðum laganna meðan þau eru við Ísland.

Eg vona að háttv. deild taki þessum breytingartill. nefndarinnar vel. Nefndin hefir viljað fara skynsamlegan meðalveg, og álítur að þetta geti orðið til mikilsvarðandi bóta.

Eg hefi yfirfarið þær áskoranir, sem þinginu hafa borizt, og sem ganga enn lengra; en síðan eg síðast mintist á þær, hefir mér borizt ein úr Sléttuhreppi í Ísafjarðarsýslu undirskrifuð af 217 mönnum, og fer hún fram á algjört innflutningsbann.

Klemens Jónsson: Eg get sagt eins og fleiri, að eg varð forviða á, að stjórnin skyldi leggja fyrir þingið frumv., sem gekk eins langt og þetta gjörir, en þar sem það eindregið heldur fram þeirri stefnu, að gjöra mönnum örðugt fyrir að ná í vínföng, án þess að banna sölu þeirra, sem eg álít alveg rétta, þá get eg fyllilega lýst ánægju minni yfir því.

Sama get eg sagt um breytingartill. nefndarinnar, að þótt að nefndin væri skipuð eintómum bindindismönnum, þá felli eg mig vel við þær, að minsta kosti þær, sem hún hlýtur að leggja mesta áherzlu á, svo varlega hefir nefndin farið í sakirnar, og álít eg það mjög hyggilegt.

Breyt.till. við 12. gr., að enginn sé skyldur til að borga lánað vín, get eg eftir atvikum fallist á. Lánsverzlun er í sjálfu sér sjaldan affarasæl, og engin ástæða til að hjálpa kaupmanninum að ná inn brennivíns-skuldum með lögsókn. Eg veit, að þetta muni þykja

æði-hart, en eg vil benda á, að slíkt er eigi alveg óþekt í lögum um lík tilfelli. Þannig er maður eigi skyldur til að borga spilaskuldir.

Sama er að segja um breyt.till. við 16. grein, að eg er því samþykkur að herða á refsingu fyrir þess konar brot, sem þar eru tekin fram, og get fullkomlega fallist á það, sem h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það megi skoða það sem siðferðislegan glæp, að veita t. d. unglingum innan 16 ára áfengi, og þá ekki síður í hinum öðrum tilfellum, þegar maðurinn hefir delirium, er geðveikur o. s. frv. Eg álít því rétt, að láta slík brot við ítrekun varða fangelsisvist, einkum þar sem engin takmörk eru sett niður á við, og eg get enda hugsað mér þau tilfelli, sem ástæða gæti verið til að beita hinu stranga fangelsi við slík brot.

Það eru aðallega 4. og 5. breyt.till. nefndarinnar, sem eg get ekki vel fallist á; eg sé enga ástæðu til að láta sýslunefnd fara að fjalla um það, hvort veita eigi verzlunarleyfi, en álít, að hreppsnefndin sé og eigi að vera einfær um það.

H. framsögum. (Guðl. G.) færði sem ástæðu fyrir því, að verið gæti, að kaupmaður á einhverjum stað hefði hreppsnefndina algjörlega í vasanum, og gæti því hæglega fengið leyfið hjá henni, en honum mundi örðugra að hafa alla sýslunefndina á valdi sínu, en eg get varla gjört svo lítið úr hreppsnefndunum, að slíkt geti átt sér stað, og álít ekki eiga við, að bæta æðri liðum þar inn í, enda virðist það koma í bága við það héraðafrelsi, sem meiningin er að veita með lögum þessum, og eg mun því greiða atkvæði gegn þessum breytingartill.

Þá hefi eg komið með breyt.till. við 7. breyt.till. nefndarinnar, um að ákveða gjald af veitingamönnum í kaupstað 300 kr. Nefndin vill ákveða það 500 kr. eins og af kaupmönnum, sem verzla með vín, og ímynda eg mér, að hún hafi einkum haft Reykjavík fyrir augum, og skal eg játa það, að veitingahús hér séu full-fær um að greiða jafnt og kaupmenn og enda meira, en alt öðru máli er að gegna um veitingahús í öðrum kaupstöðum, þau munu naumast hafa efni á að greiða svona hátt gjald og eg fer fram á til málamiðlunar, hvað þá heldur hærra. — Það hefði kannske verið réttast, að taka Reykjavik sérstaka, en nefndinni hefir að líkindum þótt óviðfeldið að koma með þess konar breyt.till., og af sömu ástæðu hefi eg heldur ekki komið með breyt till. í þá átt, sem einungis hefði eitt hús sérstaklega fyrir augum.

Þá er önnur breyt.till., sem eg er riðinn við, og er við 8. breytingartill. nefndarinnar.

Nefndin vill hækka gjaldið fyrir leyfisbréfin til að veita áfenga drykki í kaupstöðum úr 50 kr. upp í 500 krón. Þetta gæti verið rétt, ef það ætti að eins við þá, sem leyfi fá eftir að þessi lög öðlast gildi, en er alls ekki rétt gagnvart þeim, sem leyfi hafa keypt síðan lögin frá 10. febr. 1888 gengu í gildi. Því það er góð og gömul regla, að lögin eigi ekki að hafa tilbakaverkandi kraft mönnum til skaða. Þeir hafa að vísu fengið veitingaleyfið til 5 ára, og verða að sætta sig við, að fá það ekki endurnýjað eftir þann tíma, en það er ósanngjarnt með nýjum lögum, að gjöra þessum mönnum örðugra fyrir, ef þeir fá leyfið. Veitingamaður, sem hefir keypt veitingahús fyrir ef til vill 20—30 þúsund kr., og hefir fengið veitingaleyfi til 5 ára, eftir lögum 10. febr. 1888, hann á það nokkurn veginn víst, að fá þetta leyfi endurnýjað frá

héraðsbúa hálfu, hafi hann eigi staðið illa í stöðu sinni, en það er ranglátt af löggjafarvaldinu að hækka leyfisbréfagjaldið fyrir þessa menn, sem þegar hafa leyfi.

Þetta hefir líka nefndin að öðru leyti fundið, því eftir 2. gr. eiga kaupmenn, sem nú eru undanþegnir nýju leyfisbréfagjaldi, að halda þeim rétti, sem þeir hafa, og nefndin gjörir sjálf ráð fyrir, að hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, haldi þessum rétti í mörg ár. Þannig verður ósamkvæmni í lögunum, sem bitnar eingöngu á þeim veitingamönnum, sem nú eru, og vona eg að þetta megi laga við 3. umr. En undir öllum kringumstæðum vona eg að mín breyt.till. verði samþykt, því hún dregur þó úr tillögu nefndarinnar.

Björn Sigfússon: Úr því að háttv. framsögum. (Guðl. G.) hefir lýst því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að nefndin geti gengið að breyt.till. minni á þingskjali 348, þá hefi eg ekki mikið um hana að segja, því eg sé að nefndin hefir skilið það rétt, að tilgangur minn með henni var sá, að koma inn í lögin skýru ákvæði um, að veitingaleyfi veitingamanna væru bundið við heimili þeirra. Þessi breyt.till. er til þess að koma í veg fyrir það skaðræði og siðspillingu, sem leiðir af því, að duglegir veitingamenn ferðast fram og aftur til vínveitinga út frá heimilum sínum, eins og altítt er bæði á Suður- og Norðurlandi, þar sem þeim helzt það uppi að selja áfengi hvar sem er í þeirra lögsagnarumdæmi.

Mér finst líka, að með því að setja þetta ákvæði inn í 7. gr. frumv., þá sé það í fullu samræmi við 2. gr., þar sem tekið er fram, að leyfisbréf kaupmanna til að selja áfenga drykki gildi að eins fyrir einn sölustað.

Aftur á móti virðist mér breyt.till. h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) sé heldur til að draga úr gagni því, sem að af lögum þessum ætti að leiða, og eg get ekki séð neitt ósanngjarnt í því, þótt veitingamönnum í kaupstöðum (Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði), sem vanalega reka áfengisverzlun í stórum stíl, sé ætlað að borga eins hátt gjald og kaupmenn eiga að greiða. Slíkir veitingamenn eru einmitt stórkaupmenn með áfengi, og mundu líka vafalaust leggja þetta gjald á vínið, sem þeir selja. Ef hér væri um þarflegan atvinnurekstur að ræða, þá væri kanske ástæða til að hafa þetta gjald lægra, en eg hygg að enginn treystist til að halda því fram, að áfengissalan sé til neins góðs. Það getur auðvitað verið, að þeim mönnum, sem nýlega hafa sett sig niður í kaupstað til vínveitinga, og keypt hafa dýr hús og sett sig í all-mikinn kostnað, þyki tilfinnanlegt að greiða þetta gjald. En mér finst þó að þessir menn hefðu vel getað búizt við því, að eitthvað yrði hert að þessum atvinnuvegi, eftir stefnu þeirri og anda, sem komið hefir fram á hinum síðari árum. Mér er reyndar ekki kappsmál um breytingartill. þessa, en auðsjáanlega miðar hún þó heldur til að draga úr hinum góða tilgangi frumv., og því get eg ekki verið með henni.

Úr því stjórnin og þingið kannast við, að þörf sé á að stemma stigu fyrir ofdrykkjunni, þá mega ráðin til þess ekki ganga skemur en er í frumv., og eg hefði satt að segja upphaflega búist við því, að sporið yrði stigið talsvert stærra.

Landshöfðingi: Eg leyfi mér að lýsa ánægju minni yfir því, hversu nefndin hefir leyst starfa sinn af hendi, því eg gat varla búist við því, er eg sá, að í nefndina voru kosnir 5 bindindismenn, að þeir tækju frumv. eins vel og háttv.

efri deild, en eins og frumv. liggur nú fyrir með breyt.till. nefndarinnar, álít eg það vel aðgengilegt bæði fyrir stjórnina og landsmenn.

Breyt.till. gera fáar miklar efnisbreytingar, og get eg felt mig við flestar þeirra, en eg vil þó taka það fram, að breyt.till. h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) eru mikið til bóta fram yfir breytingartill. nefndarinnar undir 7. og 8. tölulið við 6. og 7. gr. frumv.

Eg verð að vera samdóma h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) í því, að það sé of mikil hækkun, að setja gjaldið fyrir veitingaleyfið í kaupstöðum úr 50 krónum í 500 kónur.

Þar sem h. 2. þm. Húnv. (Björn S.) áleit, að það væri afturför, að færa þetta gjald úr 500 kr. í 300 krónur og taldi veitingamannsstöðuna ekki nytsama atvinnu, þá gæti eg verið honum samdóma, ef ekki væri um annað en vínfangaveiting að ræða, en veitingamenn veita líka ferðamönnum hýsing og beina, og er það nauðsynlegt, sérstaklega í kaupstöðum. Vér viljum gjarnan beina ferðamannastraumnum hingað, en vér getum ekki búist við því, að menn vilji koma upp hótelum fyrir ferðamenn, ef veitingamenn þurfa að borga hátt gjald fyrir vínfangasöluna, sem þeir eiga erfitt með að borga, og eg held að það væri til að spilla fyrir að geta komið upp gistihúsum í landinu, ef breyt.till. nefndarinnar yrði samþykt, og legg því með því, að breyt.till. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) verði samþykt, því eg verð að álíta, að þar sé um nytsama atvinnu að ræða, þar sem er að tala um, að láta innlendum eða útlendum ferðamönnum gisting í té.

Eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, ætti aldrei að þurfa að borga fyrir endurnýjun veitingaleyfis meira en leyfið kostaði í upphafi, þannig, að hafi það kostað 50 kr., ætti að borga 50 kr., en 300 kr. ef það hefði kostað 300 kr. upphaflega.

Þeir menn, sem hafa veitingaleyfið nú, ættu því ekki að þurfa að borga meira en 50 kr.

Svo er sérstaklega eitt ákvæði í tillögum nefndarinnar, sem eg get ekki felt mig við. Það er 10. breytingartill. hennar, að fangelsi skuli beitt fyrir ítrekað brot gegn 16. gr. frumv., en eg vona, að nefndin athugi það til 3. umr.

Mér finst nógu hart að ákveða háar sektir og missi veitingaleyfis, en það eigi ekki við, að beita fangelsi og fara með brotið eins og það væri kriminelt, þar sem það eftir eðli sínu er lögreglubrot, og fangelsisvist því alt of hörð refsing gegn því.

Að öðru leyti get eg verið með frv. og breyt.till. við það frá háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.).

Breyt.till. á þingskjali 348 tel eg líka í fullu samræmi við frumv. í heild sinni og tel líklegt, að hún verði samþykt.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg hefi ekki mikið að athuga við ræður þær, er fram hafa komið, og er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans á breyt.till. nefndarinnar.

Eg gerði upphaflega grein fyrir því, á hverju nefndin hafi bygt ákvæðið í 10. lið, en verði það frumv. að fótakefli, mun hún fús á að slaka til, og mun athuga þetta undir 3. umr.

Þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) talaði um, að þeir sem fengið hefðu veitingaleyfi til 5 ára gegn 50 kr. gjaldi, yrði við endurnýjun þess að greiða hið hærra gjald, og að þetta væri ekki heppilegt gagnvart þeim, þá gæti það verið, að undanþága fyrir þá í þessu efni yrði þeim ekki hagur, því það gæti verið spursmál um, hvort ekki væri meiri hætta fyrir því, að þeim yrði neitað um endurnýjun leyfisins, ef það kostaði ekki nema 50 kr.

Þó skal þetta einnig verða athugað til 3. umræðu.

Fleira hefi eg ekki að athuga, en vona, að sem flestar af breytingartill. nefndarinnar verði samþyktar.

Landshöfðingi: Því hefir verið skotið að mér, að háttv. framsögum. (Guðl. G.) hafi spurt eftir því, hvernig væri varið veitingaleyfi póstskipanna hér við land. Mín skoðun á því hefir ávalt verið sú, að þessi skip hefðu ekki leyfi til að selja vínföng hér við land án sérstaks leyfis, öðrum en farþegum og þeim, sem heyrðu skipinu til.

En hitt er mesti ósiður, að menn fara úr landi út í skip þessi og nota þau eins og veitingahús, því slíkt er þarfleysa og til siðspillingar, og þyrfti að koma því af.

Guðjón Guðlaugsson: Það er sá galli á mér, að eg er ekki eins þakklátur og aðrir háttv. þingmenn hvorki stjórninni né nefndinni fyrir meðferðina á þessu frumv., því að eg fyrir mitt leyti vil ekki þakka fyrir neitt, fyr en eg veit, að það sé þakkarvert, og eg held að frumv. muni ekki verða eins heppilegt og formælendur þess búast við, sérstaklega, ef breyt.till. nefndarinnar komast að. Eg er gagnstæðrar skoðunar og þeir, sem halda frumv. þessu fram, og álít engin þvingunarlög heppileg fyrir þjóðina, því þau eru haft á frelsi manna, æsa til mótþróa og hafa illar afleiðingar.

Auk þess finnast mér sum ákvæði í breyt.till. nefndarinnar ekki fullkomlega eðlileg, og hægt að fara í kringum þau. Það er t. d. 1. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. frumv. »verzlunarfélög, að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum«.

Eg hefi í rauninni ekki út á þetta að setja. En hvað er þá kaupfélag, hvað pöntunarfélag? Eg held að verzlunarfélög megi telja með kaupfélögum og pöntunarfélögum, en það þarf útskýringar á því, hvað verzlunarfélög, hvað kaupfélög og hvað pöntunarfélög eru. Eg get ekki skilið annað, en að hvert félag, sem getur líkst kaupfélagi, sé um leið verzlunarfélag, enda eru til verzlunarfélög hér á landi, sem eru samtvinningur af kaupfélögum og pöntunarfélögum, og þá um leið réttnefnd verzlunarfélög.

Ef menn telja heppilegt að útiloka verzlunarfélög frá vínkaupum, þá er það kostur fyrir forstjórana, því að það eru vandræði fyrir þá, að þurfa að panta vín. En þeir geta með fortölum fengið menn ofan af vínpöntunum. Aftur á móti er það óheppilegt að útiloka samlög frá vínpöntunum, en stæla til þess, að einstakir menn útvegi sér vínföng, því eg held, að það verði til þess, að ala menn upp í drykkjuskap, og að það gjöri tollefirlitið æði örðugt. Og það mun reynast, að verði slíkar pantanir margar, að þá eiga tollheimtumenn landssjóðs erfiða daga við að innheimta tollinn, og landssjóður mun tapa töluverðu af lögskipuðum tekjum.

Þá er töluverð efnisbreyting hjá nefndinni þar sem hún vill breyta orðunum »hreppsnefnd eða bæjarstjórn« í »hreppsnefnd og sýslunefnd eða bæjarstjórn«, þar sem talað er um leyfisveiting til vínfangasölu.

Þetta er mikil efnisbreyting, en eg verð þó að játa, að eins og þetta stendur í frumv., þá veit eg ekki hvað þessi orð eiga að þýða, að leita umsagnar hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, þegar ekki þarf að fara eftir því. En eg efast um, að heppilegt sé að hafa það jafn strangt og nefndin vill.

Það er þó einkum niðurlag þessarar greinar, sem mér finst leiðinlega orðað. Þar sem talað er um þá staði, þar sem

vínverzlun hefir ekki verið áður, að vínsöluleyfið megi því að eins veita, að sömu stjórnarvöld séu því meðmælt. — Eg hefi að sönnu hér ekki út á efnið að setja, en mér þykir þetta leiðinleg upptugga, og vona eg, að nefndin athugi það til 3. umr.

Eg verð líka að vera á þeirri skoðun, að ekki eigi að gjöra veitingamönnum of erfitt fyrir, þó mér sé lang-lakast við menn af því tagi. Það er nefnilega svo, að á æði-mörgum kaupstöðum út um landið eru engin gistihús án vínsöluleyfis, því ella mundu þau ekki geta staðist, og þannig njóta margir menn, sem ekki njóta áfengis, þó óbeinlínis góðs af stöðum þessum með því að fá þar gistingu. Þess vegna er eg samdóma hæstv. landsh. um að taka til greina breyt.till. háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.).

Það hefir verið tekið fram, að farið mundi í kringum þessi lög. Að vísu munu vínfangakaup verða minni, en neyzlan verður samt öllu meiri sumstaðar. Þetta er nauðung og valdþvingun, en hún á alment illa við hugsunarhátt manna, og þeir munu margir hverjir því fremur reyna að fá sér í staupinu; gamlir drykkjumenn beita oft óskiljanlegri kænsku til þess að ná sér í vín, og það eru þá einkanlega þessi fljótandi veitingahús, strandferðaskipin, sem gjöra þeim hægra fyrir, því þó menn hætti að drekka til sveita, þá svala þeir sér á skipunum. Þeir gera sér þá óþarfa smáferðir til að fá sér í staupinu, og borga auðvitað fyrir það tíu peninga fyrir einn, auk þess sýna þeir sig sem kvikindi fyrir erlendum þjóðum.

Hæstv. landsh. tók það fram, að veitingar þessar á skipunum væru óleyfilegar nema fyrir farþega, og lýsti því yfir, að það mundi verða takmarkað, en svo er það nú, að hver einasti gufubátur, að undanskilinni »Reykjavíkinni«, nú rétt til skams tima mun hafa þetta í frammi. Þó aðhaldið verði nú meira hér eftir, mun naumast hægt að stemma stigu fyrir þessum ósið, menn taka sér þá heldur, eins og eg sagði áðan, smáferðir til þess að ná í vínið, og því verður árangurinn ekki sá, sem búast mætti við. —

Það er eðlileg uppástunga nefndarinnar, að vilja fráskilja alla verzlunarmenn frá því, að geta pantað vín fyrir aðra, en á hinn bóginn sýnist mér ekki að nefndin geti komið í veg fyrir slíkt. Einn maður getur vel framkvæmt þetta, og er þó laus við alla ábyrgð. Hið eina, sem unnið er við það, er það, að tollstjórnin hefir aðgang að hundrað mönnum fyrir einn. Fyrst verzlunarmenn eru undanskildir, ætti að taka alla undan.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg þarf í rauninni ekki að svara h. þm. Strand. (Guðj. G.). Ástæður hans voru svo á víð og dreif, að þær naumast gátu kallast rök. Hann tók það sérstaklega fram, að lög þessi yrðu haft á frelsi manna, og þó væru þau ekki svo úr garði gjörð, að ekki væri hægt að fara í kringum þau. Það er nú svo með alla löggjöf, að hún leggur eitthvert haft á geðþótta manna og sjálfræði, og hins vegnar er hún aldrei svo ítarleg, að ómögulegt sé að fara í kringum hana. Þetta er því ástæða móti allri lagasetning yfir höfuð. H. þm. átti erfitt með að greina sundur merkinguna á orðunum: verzlunarfélög og kaupfélög og skoraði á mig að skýra þau fyrir sér. Þar til vil eg svara því, að það er ekki hlutverk þingsins eða löggjafarvaldsins í heild sinni, að geta slíkar skýringar, það er ætlunarverk dómstólanna, og nú liggja einmitt fyrir dómar, er skýra hugtakið »pöntunarfélag«.

Yfir höfuð fundust mér mótbárur h. þm. ærið veigalitlar. Hann sagði meðal annars, að tolleftirlitið yrði erfiðara og að landssjóður mundi því tapa lögskipuðum tekjum. Nei; tollstjórnin sér um það, hún hefir tollskrána að halda sér að. Hið nýja fyrirkomulag verður auðvitað nokkuð umfangsmeira fyrir lögreglustjórana, en það er nýtt, ef h. þm. ber þá svo fyrir brjósti sér, að hann þeirra vegna ekki vill aðhyllast frumv. Við höfum nú tveir lögreglustjórar hér í deildinni talað um þetta mál, og er ekki að heyra á okkur, að við látum afleiðingar frumv. fyrir okkur, brenna okkur fyrir brjósi. Oss lögreglustjórunum gjörist því engin þörf á vorkunsemi hins h. þm.

Að því er snertir 4 og 5 breyt.till. nefndarinnar, þá er nokkur munur á orðalaginu. Á fyrri staðnum má veita leyfið, ef hreppsnefnd o. s. frv. er því meðmælt, en á síðari staðnum ekki nema því að eins, og það er nokkur munur. Í báðum tilfellum liggur það náttúrlega undir fullnaðarúrskurð amtmanna, hvort leyfið skuli veitt eða ekki, amtmaður getur neitað um leyfið, jafnvel þótt hreppstjórn og bæjarstjórn mæli með.

Að því er að öðru leyti snertir spár hins h. þm., þá hafa þær hvergi rætzt enn í heiminum. Eg er alls ekki hræddur um, að menn fari að panta vín frá útlöndum. Eg er sannfærður um, að ef lög þessi verða samþykt, þá vex hin komandi kynslóð upp undir miklu minni freistingum og hollari áhrifum en við, sem nú förum að nálgast hin efri ár. Eg þykist þar geta talað úr flokki þeirra manna, er þekkja til bæði hér og í útlöndum.

Það var broslegt það, sem h. þm. sagði um strandferðatúra brennivínsþyrstra manna, en þó svo væri, þó menn tæku sér slíka ferð á hendur til að fá sér í staupinu, þá er það viðurkent, að slíkir »kvartalsdrankere« skemma sig ekki eins og hinir, er drekka að öllum jafnaði. En í sjálfu sér er hún nokkuð kátbrosleg þessi spá þm., að menn kosti hálfum mánuði auk ærinna peninga um hábjargræðistímann til þess einu sinni að gjöra sig vitlausa.

Mér þótti vænt um þá yfirlýsingu hæstv. landsh., að sá ósiður, að veita vín á póstskipunum öðrum en farþegum, væri óleyfilegur. Þar var gott, að sú yfirlýsing kom fram.

Guðjón Guðlaugsson: Það gekk yfir mig að heyra, að eins skarpvitur lögfræðingur og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) er, að honum þó skyldi ganga svo illa að skýra frá, hver munurinn er á orðinu verzlunarfélag og pöntunar- eða kaupfélag. Það virðist svo sem dómarinn hafi skilið eftir dómgreindina heima á hyllunni, þó hún væri svo handbær, að hann gæti flutt hana með sér, en alt um það, þá mun hinum h. þm. erfitt að sanna að kaupfélag sé ekki verzlunarfélag.

H. þm. vildi ekki sansast á, að landssjóður tapaði á lögum þessum. Þó er það tilgangur þeirra að drykkjuskapurinn minki, en ef hann minkar, minkar tollurinn. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Ekki hinar lögskipuðu tekjur!).

Það er undarlegt, að hinn h. þm. skuli byggja svo mikið á tollskránum, þær eru þó ekki svo áreiðanlegar. Eg segi það af eigin reynslu. Nýlega hefi eg borgað fleiri hundruð kr. í toll fyrir vöru, sem ekki stóð á tollskrá. Og auk þess, — þó varan standi á tollskrá, er engin vissa fyrir því að tollurinn verði borgaður, því ómögulegt er að koma í veg fyrir að móttakandi fái vöruna og brúki hana, áður en hann

borgar tollinn; mér vitanlega þarf hann ekki að sýna annað en adressubréf til þess að fá vöruna, hvort sem hún er tollskyld eða ekki.

H. þm. kvaðst undrast vorkunsemi mína með lögreglustjórunum, og sagði sér það nýnæmi. Það er líklegt; en eg get þó vorkent þeim það, sem vorkunnarvert er, nefnilega þannig lagaða tollheimtu.

Þá eru breyt.till. 4 og 5, þær eru þýðingarlausar; en hinn hv. þm. vill ekki taka neinum mótbárum. Það er enginn munur á því að segja »því að eins« og »alls ekki nema«, eða að minsta kosti þarf hárfínan lögfræðing til að finna greinarmun á því, og er það þó auðheyrt, að h. þm. mótmælir að eins til að mótmæla.

H. þm. sagði, að getgátur mínar um framtíðina væru spádómar. Já, að vísu, en spá er spaks geta. Spádómarnir eru góðir, ef þeir eru á rökum bygðir, og þeir eru óhjákvæmilegir, því annars væri ómögulegt að mótmæla nokkrum nýbreytingum hvað vitlausar sem væru. Það getur verið, að menn í hans héruðum séu ekki vaxnir því að panta frá útlöndum, en það þart þá ekki að fá það endilega frá útlöndum, það má skrifa eftir því frá Reykjavík, og flestir munu færir um það, að minsta kosti með hjálp annara, og líklegt er að þeir verði jafnfullir af romminu eða brennivíninu frá Reykjavík og frá Khöfn.

Þá sagði h. þm., að þeir, sem ferðuðust á skipunum til að fá sér í staupinu, sköðuðust ekki eins og þeir, sem drekka daglega. En það er sitt hvað skaði og skömm, og eg leit á skömmina. Það er skömm að drekka í óhófi, þó ekki sé nema einstöku sinnum, og það er skammarblettur á þjóðinni, ef menn nota strandferðabátana til þess að fara með þeim og fylla sig, en það er eg sannfærður um, að menn gera. Eg veit dæmi til, að menn hafa legið í roti af ofdrykkju milli hafna. H. þm. gerði ráð fyrir, að menn þyrftu að eyða alt að ½ mánuði í þessar ferðir og borga ærna peninga, en sumstaðar þurfa þeir nú ekki að fara nema mílurna og gjalda 50 a. fyrir farið, en ferðast undir því yfirskyni, að þeir séu að skemta sér. Hygg því, að ástæður h. þm. út af þessu séu æði lettvægar; það er að vísu spádómur minn, að menn noti strandferðaskipin til drykkju, en alt er spádómur, þegar um óorðna hluti er að ræða, og þá ríður á því einu, að hann sé bygður á líkum eins og nú þessi spá mín.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg ætla ekki að eltast við útúrdúra þess þm., er síðast talaði, (Guðj. G.), því þeir snerta ekki málið eða skynsamlegar röksemdaleiðslur í því. H. þm. gat í skyn að hann legði hér fram alla sína vizku og þó eg eigi bágt með að trúa því, að hann eigi ekki meira af því, en hann sýnir hér, skal eg samt ekki rengja hann um þetta. Hann vildi nefnilega að eg færi að halda fyrirlestur hér um mína dómaravizku, en eg tók það fram, að það væri ekki hlutverk löggjafarvaldsins að skýra lögin, heldur dómaranna. Það er þess vegna rangfærsla hjá þm., að eg hafi ekki treyst mér til að gera greinarmun á verzlunarfélögum annars vegar og kaupfélögum og pöntunarfélögum hins vegar, því eg treysti mér vel til þess, en eins og eg tók fram, þá liggur það ekki fyrir hér að skýra þess konar. Hann sagði að tolleftirlitið mundi verða svo torvelt, að landssjóður mundi tapa lögskipuðum tekjum sökum þessa örðugleika. Eg benti honum á tollskrárnar, og hver heilvita maður getur séð, að þær verða ekki óáreiðanlegri, en þær eru nú, þó þetta

framv. verði að lögum. Svo var einn útúrsnúningur enn, sem eg vildi leiðrétta. H. þm. bar það blákalt fram, að eg hefði sagt að 2 lögreglustjórar í nefndinni hefðu ekki hatt á móti að taka á herðar sér þá auknu örðugleika við tollheimtuna, sem leiddu af þessu frumv. Eg sagði ekki »tveir lögreglustjórar í nefndinni« heldur »2 lögreglustjórar í deildinni« og átti eg við mig og 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem báðir höfum mælt með frumv. Hvað spádómum hans viðvíkur, þá skal eg ekki eyða mörgum orðum til að hrekja þá, það mun reynslan gera. Eg vil svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, og vona að slíkir útúrdúrar og útúrsnúningar þm. spilli ekki fyrir málinu.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. við upphaf 2. gr. á þgskj. 296 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. á þgskj. 296, 2 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. á þgskj. 296, 3 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. á þgskj. 296, 4 felld með 10 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Ól. Briem,	Jón Þórarinsson,
Sig. Gunnarss.,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þórður Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundss.	Þórður Guðmundss.

Breyt till. við 2. gr. á þgskj. 296, 5 samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 5. gr. á þgskj. 296, 6 samþ. með 16 samhlj. atkv.

5. gr., þannig breytt, samþ. með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 358 við breyt.till. á þgskj. 296, 7 samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 296, 7, þannig breytt, samþ. með 17 samhlj. atkv.

6. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 358 við breyt.till. við 7. gr. á þgskj. 296, 8 samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 7. gr. á þgskj. 296, 8, þannig breytt, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 348 við 7. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

7. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

8.—11. gr. incl. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 12. gr. á þgskj. 296, 9 samþ. með 16 samhlj. atkv.

12. gr., þannig breytt, samþ. með 16 samhlj. atkv.

13., 14. og 15. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 16. gr. á þgskj. 296, 10 samþ. með 13 : 1 atkv.

16. gr., þannig breytt, samþ. með 15 samhlj. atkv.

17.—22. gr. incl. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 368), 11. ágúst.

Landshöfðingi: Það er ósköp lítil br. till., sem eg hefi komið fram með í samræmi við það, sem eg lét í ljósi þegar þetta mál var til 2. umr. hér í deildinni. Þegar tekið er tillit til almennra hegningarlaga, finst mér hegning sú, er

til er tekin í 16. gr. heldur há. Það virðist vera nóg hegning, að greiða 50—500 kr. sekt fyrir fyrsta brot, og missa veitingaleyfi, ef brotið er ítrekað. Eg býst við, að fangelsishegning muni þykja eiga illa við, og af því eg vil styðja frumv. og óska að það nái fram að ganga, vil eg ráða hinni h. deild til að fella burtu orðin »fangelsi og« í 16. gr. síðustu línu.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil að eins taka það fram, að nefndin hefir af sinni hálfu samþykt breyt.till. hins hæstv. landsh. við 16. gr. til þess að vera því vísari um, að frv. nái fram að ganga. Hvað hegninguna fyrir þetta brot snertir, þá gjörði eg þegar við aðra umr. grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þess atriðis. Hegningin er samt sem áður all nægileg, þó að eg ekki geti fallist á, að það sé í sjálfu sér ekki rétt að skoða þetta sem glæp og leggja við því fangelsishegning.

Klemens Jónsson: Eg vildi leyfa mér að gjöra stutta athugasemd, að því er niðurlagið á 7. gr. snertir. Eg gat þess þegar við aðra umr., að mér þætti það ósanngjarnt að menn þeir, er þegar hafa veitingaleyfi, skuli samkv. lögum þessum hljóta að borga jafnmikið og þeir, sem fá leyfið hér eftir. Eg hafði ætlað mér að koma fram með breyt.till. í þá átt, að færa gjaldið niður úr 300 kr. niður í 50 kr., að því er þessa menn snertir, og þannig láta þá sæta sömu kjörum og áður, en sakir anna hefi eg ekki getað komið fram með breyt.till. Eg treysti því, að hin h. Ed. sinni þessari sanngirniskröfu og færi upphæðina niður. Að öðru leyti hefi eg ekkert að athuga.

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson: Nefndin hefir einnig athugað þessa till. h. þm., en bæði var það, að nefndin sjálf var henni ekki fyllilega fylgjandi, og svo komu beinlínis fram raddir milli umræða frá öðrum h. þingdm., er fóru fram á að hækka upphæðina. Nefndin fann því ekki ástæðu til að bera þessa br.till. fram.

ATKVGR. fór þannig fram:

Br.till.: orðin »fangelsi og« falli burtu sþ. með öllum atkv.

Frumv. samþ. með 19 atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr. (C. 451, 453), 19. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Stofnun klæðaverksmiðju.

FRUMVARP til laga um undirbúning og stofnun klæðaveksmiðju á Íslandi (C. 36); 1. umr., 11. júlí.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Um leið og eg hreyfi máli þessu, skal eg taka það skýrt fram, að það geta verið ýms einstök atriði í frv. þessu, sem kann að þykja ástæða til að breyta, og atriði, sem jafnvel okkur flutningsmönnum kann að þykja réttara að breyta. Það er gundvallarstefna frum., sem eg skal sérstaklega leyfa mér að dvelja við. Nú er svo komið hjá oss, að það álit er vaknað, að allur iðnaður geti átt góða framtíð hjá oss, og að nú sé tími kominn til að kippa þeirri iðnaðargrein í lag, að hún geti orðið landinu að verulegu gagni. En slíkt er varla hugsanlegt nema því að eins að stjórnin með landsþjóð að bakhjarli gangist fyrir málinu. En hvort stjórnin muni vilja það, veltur auðvitað á því, hverjum augum hún lítur á mál þetta, og hvert útlit verður fyrir, eftir að málið hefir verið rannsakað, að slík verksmiðja sem hér er um að tala, muni borga sig. Málið er svo vaxið, að undirbúningur þess er varla meðfæri einstakra þingm.

né þingsins í heild sinni, það er varla um annað að gjöra en að stjórnin taki að sér undirbúning þess, en til þess að gjöra þennan undirbúning svo vandlega sem þarf, útheimtist töluvert fé til ýmsra rannsókna. Þetta er önnur grundvallarhugsunin í frumv., að stjórnin gangist fyrir undirbúningi málsins; hin grundvallarhugsunin er sú, að stjórnin bindist fyrir því að koma málinu í framkvæmd, ef um nokkrar verulegar hagsbætur fyrir landið sýnist vera að ræða. Það eru að eins lauslegar bendingar, sem eg get gefið í málinu sjálfu. Það hefir verið dálítið rannsakað, einkum af Norðlendingum, en um þær rannsóknir býst eg við að aðrir h. þm. hér í deild geti gefið fult svo glöggar upplýsingar sem eg, og sleppi eg því að fara út í það nú, en þó skal eg geta þess, að eg býst við að kostnaðurinn við að koma verksmiðjunni upp geti orðið meiri en gjört hefir verið ráð fyrir.

Vér vitum það, að síðari árin hefir það farið mjög í vöxt að senda ull til Noregs, til þess að láta vinna þar úr henni dúka, og eg þykist hafa fengið áreiðanlegar fregnir um, að vinnulaun fyrir ull þá, sem þeir þrír menn á Seyðisfirði, sem einkum gangast fyrir að senda ull þaðan, muni hafa numið 30000 kr. síðasta ár, og kunnugir menn fullyrða, að vér munum borga yfir 50000 kr. á ári í ullarvinnulaun til Noregs.

Ef hér í landi kæmist upp verksmiðja, sem ynni eins vel og norsku verksmiðjurnar, þá má gera ráð fyrir að hún mundi sitja fyrir vinnu þessari.

Eg hefi sýnt manni, sem þekkir til dúkasölu í Kaupmannahöfn, dúka unna úr íslenzkri ull í Noregi, og spurði eg hann, hvað þeir mundu seljast í Kaupmannahöfn; gjörði hann ráð fyrir, að alinin af þeim mundi kosta þar 3½—6 kr. Verkalaun og annar kostnaður við dúka frá Noregi munu vera tæpar 2 kr. á tvíbreiða alin, og í hverja slíka alin mun fara 1—1½ pund af ull. Beri menn nú þetta saman við verð á íslenzkri ull, þá er hér um sýnilegan hagnað að ræða.

Það er harla líklegt, að vér gætum selt hér meira eða minna af dúkum þeim, sem vér létum vinna úr ull vorri í Noregi. Mér er t. d. gagnkunnugt um, að klæðskerar hér eru fúsir á að kaupa slíka dúka. Á sama hátt má búast við að klæðaverksmiðja, gæti hún unnið eins vel og norsku verksmiðjurnar, mundi geta selt dúka sína. Starf hennar mundi því verða þetta tvent: hún mundi vinna mikið af dúkum úr ull, er landsmenn fengju henni til vinnu, og hún mundi einnig verða sjálfstæður atvinnurekandi, er keypti íslenzka ull og ynni úr henni dúka, er hún seldi bæði hér á landi og einnig til útlanda, sérstaklega til Danmerkur, því að þar stöndum vér betur að vígi með dúkasölu en aðrar þjóðir, að því leyti að þar er tollur á útlendum dúkum, og þar á meðal á enskum og þýzkum dúkum, sem vér mundum einkum hafa við að keppa; en vorir dúkar eru ótollaðir þar, að minsta kosti nú, og eg tel víst, að Danir muni ekki fara að tolla þá, sízt ef vér hlífðum dönskum dúkum við tolli, þótt vér tolluðum aðra dúka. Það er og kunnugt, að Danir vilja koma upp klæðaiðnaði hjá sér, þótt það hafi hingað til ekki gengið eins vel og þeir hafa óskað. Það er því harla líklegt, að þeir mundu vilja leggja fé í klæðaverksmiðju hér, ef fyrirtækið sýndist arðvænlegt, og þá er undir eins orðin meiri ástæða fyrir Dani að tolla eigi dúka frá þeirri verksmiðju.

Eg geri ráð fyrir að klæðaverksmiðjan muni hafa bæði bein og óbein áhrif á atvinnuvegi vora. Að vísu mundi

hún naumast gefa meira fyrir íslenzka ull en aðrir, en þar kæmi þó fram nýr kaupandi að henni, sem borgaði hana ávalt í peningum.

Hér er um nýja atvinnugrein að ræða, sem líklegt er að mundi blómgast og auka auðmagn í landinu. Við það að vinna ull vora bæði handa sjálfum oss og til að flytja hana unna út, græðir landið þó í öllu falli vinnulaunin. Það er viðurkent að fataefni úr íslenzkri ull sé haldbetra en flest það fataefni, sem vér kaupum að, og því er það harla líklegt að vér færum að nota miklu meira vora eigin dúka en vér höfum gjört að undanförnu, og það væri í sannleika vel farið, því að vér höfum vissulega keypt alt of mikið af útlendum dúkum.

Eg tek það fram, að það er aðalatriðið nú, hvort stjórnin vill bindast fyrir því að koma málinu í hreyfingu, fyrst með því að fá kunnuga menn til að rannsaka, hvað fyrirtækið muni kosta, og hvar á landinu muni heppilegast að koma verksmiðjunni upp; hvaða horfur séu með markað fyrir íslenzka dúka og hvort Danir muni með tollálögum loka sínum markaði fyrir oss; og svo í öðru lagi, með því að gangast fyrir stofnun hlutafélags, ef henni þykir málið svo vaxið, eftir að hún hefir fengið nauðsynlegar upplýsingar, að hún telji slíkt ráðlegt. Eg skal taka það fram, að eg held að vér getum ekki lært svo mikið af Dönum í þessu efni, heldur ættum vér fremur að snúa oss til Norðmanna; þar háttar líkar til en hjá Dönum, og Norðmenn hafa þegar fengið töluverða þekking á ull vorri.

Eg ætla ekki að varna mönnum að taka til máls, með því að stinga upp á nefnd, eins og stundum hefir brunnið við nú í hinum stærri málum. En það vona eg, að málið verði rætt með allri þeirri ró og stilling, sem það verðskuldar.

Landshöfðingi: Eg verð að segja það, að ræða h. flm. (Guðl. G.) var í ýmsum greinum mjög sannfærandi fyrir mig, og eins verð eg að játa það, að háttv. flutningsmenn hafa sýnt mikla varfærni í málinu, með því að vilja ekki leggja neina þunga byrði á landssjóð til styrktar þessu málefni þegar í stað, þar sem þeir fara að eins fram á að veitt sé hófleg upphæð til þess að rannsaka málið, en fara ekki fram á að landssjóði sé bundin þyngri byrði fyr en fengin sé tryggileg vissa fyrir að hér sé um arðvænlegt nytsemdarfyrirtæki að ræða. Af þessum sökum er eg fyrir mitt leyti fús á að styðja málið. Eg veit, að hér á landi er vaknaður mikill áhugi á að fyrirbyggja það, að svo mikið fé berist út úr landinu í ullarvinnulaun, sem nú gjörist. Þetta er eðlilegt, og í sjálfu sér ekki fram á mikið farið, þótt farið sé fram á, að landssjóður leggi fram fé til að rannsaka, hvort eigi sé hægt að ráða bætur á þessu. Við þessa umræðu verður eigi farið út í einstök atriði málsins, en eg býst við að nefnd verði skipuð í því, og má þá koma fram með þær einstöku breytingar, sem ástæða kann að vera til að gera á frv.

H. flutingsm. (Guðl. G.) á þökk skilið fyrir það, að hann vill leyfa að umræður fari fram um málið nú þegar; það ber vott um það, að hann ber það traust til málsins, að það muni vel þola að um það sé rætt.

Klemens Jónsson: Eg stend ekki upp til þess að mæla á móti frumvarpi þessu, heldur til þess að styðja það; en eg get því síður gengið fram hjá þessu máli, sem eg hefi einmitt erindi að flytja til þings um stofnun klæðaverksmiðju. Skal eg nú skýra frá því máli til yfirvegunar fyrir hina væntanlegu nefnd í því. Eins og kunnugt mun vera, hafa Eyfirðingar nú fyrir 2—3 árum

sett upp dálitla ullarverksmiðju við Glerá í Eyjafirði, sem kembir ullina spinnur hana og tvinnar. Þótt reynslan sé eigi orðin löng með vélar þessar, þá hefir það þó sýnt sig, að þær eru ófullnægjandi, og þörfin á fullkominni klæðaverksmiðju hefir einmitt orðið enn ljósari, svo að þeir, sem áður voru deigir að leggja út í þessar litlu tóvinnuvélar, nú vilja eindregið að algjörðar klæðaverksmiðjur komist á, og það því fremur, sem á síðari árum er farið að senda afarmikla ull til Noregs til vinslu þar, og er víst fjarri að það sé of djúpt tekið í árinni að segja, að við borgum 50,000 kr. í vinnulaun á ull til Noregs á ári; eg er viss um að það er mun meira en svo.

Sýslunefnd Eyfirðinga ásamt bæjarstjórn Akureyrar tók mál þetta til ræki legrar íhugunar á fundi sínum síðasta vetur; var þar gerð ályktun um að fara fram á það við alþingi, að það legði fram 50,000 kr. til að koma á fót fullkominni klæðaverksmiðju á Norðurlandi, og lánaði auk þess aðrar 50,000 kr. til fyrirtækisins gegn ábyrgð sýslnanna í Norðuramtinu, og frá amtsráðsfundi þeim, er haldinn var fyrir Norðuramtið í vor, gekk út áskorun til sýslnanna um að taka málið til íhugunar og gefa yfirlýsingu um, hvort þær mundu vilja taka lánið að sér, en svar frá þeim er ókomið enn, og óvíst, hvort þær vilja taka þetta lán í sameiningu eða ekki.

Það hefir verið skoðun vor þar fyrir norðan, að hægt mundi að koma upp klæðaverksmiðju fyrir 100,000 kr. og það jafnvel þannig, að verksmiðjan hefði talsvert »drifts-kapital« til að byrja með, og sú skoðun er ekki gripin úr lausu lofti, því að vélastjóri vor við vélarnar við Glerá, Aðalsteinn Halldórsson, sami maðurinn, sem nú nýlega hefir ritað rækilega um málið í Ísafold, hafði leitað sér upplýsinga bæði í Noregi og Þýzkalandi, og eftir verðlista, er hann fekk frá Aachen, einmitt þaðan, er Norðmenn hafa keypt mikið af vélum sínum, sást það, að koma mundi mega upp all-fullkominni klæðaverksmiðju fyrir hér um bil 76,000 kr. Auðvitað getur þó þetta skakkað einhverju dálitlu, kynni t. d. að verða nokkuru dýrara hér en gjört hefir verið ráð fyrir, en allmiklu mundi það þó ekki muna.

Það var farið fram á þetta, að landssjóður legði fram helming fjárins til fyrirtækisins, en veitti sýslunum hinn helminginn að láni, af því að menn höfðu ekki trú á, að hægt mundi að koma á hlutafélagi, er kæmi verksmiðjunni á stofn, sökum peningavandræða, sem einmitt nú eru svo mikil í landinu; þó er ekki gott að fullyrða nokkuð um slíkt, og eigi mundi eg verða því mótfallinn að svo væri farið að, sæi eg að það mundi láta sig gera.

Eg hefi skýrt frá þessum málavöxtum til yfirvegunar fyrir nefnd þá, sem eg geri ráð fyrir að muni verða skipuð, og mun eg fá henni áætlanir þær og upplýsingar, sem eg hefi í höndum.

Skúli Thoroddsen: Eg get tekið undir með þeim, sem talað hafa, að því leyti, að þörf sé á klæðaverksmiðju hér á landi, en þegar eg lít á frv. þetta, þá verð eg að segja, að eg álít að það sé bygt á röngum grundvelli. Hér er farið fram á, að verksmiðjan sé að nokkuru leyti eign landssjóðs, og að landsstjórnin hafi hönd í bagga með rekstri hennar. A svo löguðu fyrirtæki hefi eg satt að segja enga trú. Eg held að slík verksmiðja geti því að eins þrifist, að einstakir menn

gangist að öllu leyti fyrir fyrirtækinu, og beiti kröftum sínum til að halda því uppi. Enn fremur hefi eg það að athuga við málið, að áður en vér komum upp klæðaverksmiðju eða að minsta kosti jafnhliða því, þurfum vér að breyta tolllögum vorum, því að eg gjöri ráð fyrir, að fæstum muni þykja álitlegt að leggja fé í fyrirtæki þetta, á meðan tolllög vor eru eins og þau nú eru, á meðan vér leyfum öllum þjóðum að flytja tolllaust inn til vor allskonar dúka, og gjörum þeim þannig sem allra greiðastan aðganginn að samkepni við oss; en sú samkepni er eg hræddur um að verði oss all-örðug, að minsta kosti fyrst um sinn. Það þyrfti því helzt að ganga á undan verksmiðjustofnuninni, að vér legðum toll á útlendar vefnaðarvörur, því að þá stæði hin fyrirhugaða klæðaverksmiðja vor ólíkt betur að vígi en ella.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Eg get verið samdóma háttv. þm. Isf. (Sk. Th.) um það, að margt sé við frv. þetta að athuga, og eg get undirskrifað það með h. þm. (Sk. Th.), að eg hefi ekki trú á að fyrirtækið muni bera sig, hvort sem því nú er komið á fót af stjórninni eða einstökum mönnum, nema það sé styrkt á einhvern hátt, annaðhvort með verndartollum eða öðru. Eg fyrir mitt leyti lít svo á málið, að að vér þurfum að leggja fyrir oss þá spurningu, og íhuga hana vandlega, hvort svo sé komið högum vorum nú, að það sé vert að leggja fram opinbert fé til þess að koma á fót hjá oss iðnaðarstofnunum, eða hvort það mundi ráðlegt fyrir oss að fara að koma á verndartollum hér á landi, til þess, að halda lífinu í þess konar fyrirtæki.

Það er reyndar ekki svo þægilegt fyrir mig að þurfa nú að fara að lýsa skoðun minni á þessu máli, bæði af því að eg veit hún muni koma í bága við skoðun þorra manna á því, og eigi síður af því, að hún er gagnstæð vilja kjósenda minna og samþingismanns, sem og gagnstæð því, sem eg býst við að verði ofan á hér á þingi. En eigi að síður tel eg mér skylt og mun leitast við að skýra hana með fám orðum. Og hún er í stuttu máli þetta: Eg hefi ekki trú á að verksmiðjurekstur hér á landi geti nú sem stendur orðið landinu til heilla eða viðreisnar. Eg veit ekki, hvort eg get gert svo ljósa grein fyrir þessari skoðun minni sem eg vildi. Þó skal eg leyfa mér að kasta fram einni spurningu, sem hlýtur að hafa mikla þýðingu hér, en sem eg þó get ekki svarað til fullnustu sjálfur, og fæ því öðrum til yfirvegunar og útlistunar. Spurningin er þessi: Hvernig stendur á því, að þegar verið er að tala um ástandið hér, þá kveður annars vegar þetta við: Oss vantar fólk til að framleiða úr skauti jarðar og sjávar og atvinnuveganna það sem hægt væri að framleiða þaðan, og eg skal strax skjóta því inn í, að það er hægt að sanna, að þetta hefir við mikil rök að styðjast. Hinsvegar er því haldið fram, að landið sé komið á heljarþrömina af því að atvinnuvegirnir séu of fáir. Hvernig er hægt að samrýma þetta? Eða hvort af þessu tvennu er réttara? Varla getur það þó hvorttveggja verið rétt, því að það sýnist blasa við, að ef vér höfum of fátt fólk, þá höfum vér of marga atvinnuvegi, en ef vér höfum of fáa atvinnuvegi þá ætti fólkið að vera of margt. Eg skal að svo stöddu láta þetta liggja milli hluta, en held því fram, að oss vanti krafta til vinnu, þá krafta, sem vinni með þreki og þekkingu að því að bæta landið. Fyrst og fremst vantar oss þessa krafta, og máske að nokkuru leyti peninga líka.

Þótt hér sé ís og kuldi og harðindi, þá er þó svo hamingjunni fyrir að þakka, að ef unnið er með skynsemd og þekking, þá má fá lítvænlegt brauð úr skauti ættjarðar vorrar, og nóg er verkefnið fyrir höndum að vinna að ræktun landsins; hér má heita ótæmandi mold, meir en nóg verkefni fyrir Íslendinga um langan aldur, þótt margfalt fleiri væru, en nú eru þeir.

Þetta eitt út af fyrir sig ætti þó ekki að verða til þess að fella frv. Það hefir verið tekið fram, að verksmiðjan ætti ekki einungis að vinna fyrir oss sjálfa, heldur ætti hún að stuðla að því að koma ull vorri óbeinlínis í hærra verð með því að vinna dúka, er seldir væru út úr landinu. En við það er þess að gæta, að þótt öll vor tæki við dúkavinnuna væru jafngóð og erlendis, þá stöndum vér eigi að síður ver að vígi en bæði Norðmenn og aðrar erlendar þjóðir, þar sem vér höfum við erfiðari samgöngur og óhagkvæmari verzlun að stríða. Og eg sé í sannleika ekki þá menn, meðal vor, er vilji berjast fyrir því að ryðja nýjar brautir eða geti það, menn, sem líklegir séu að greiði mjög úr vandræðum vorum, og um landsstjórnina vitum vér það, að ekki er hægt að bera mikið traust til hennar í þeim efnum. Það er því ekki sýnilegt að skjót bót verði ráðin á þeim tálmunum, sem standa í vegi fyrir því, að vér getum háð samkepni við erlendar þjóðir. Og þegar eg lít á allar ástæður, hefi eg enga trú á að vér getum unnið eins ódýrt dúka vora eins og erlendar þjóðir, né heldur að vér getum selt þá eins dýrt eins og þær. Það kæmi því fram halli á báða bóga, og hann hlyti að leiða til þess, að annaðhvort yrði verksmiðjan að falla um koll fyr eða síðar, eða til þess yrði að grípa að halda henni við með óeðlilegum hjálparmeðulum. Eg sé yfir höfuð ekki að hún gæti haldist við nema með því að styrkja hana af opinberu fé, eða með því að lækka vinnulaun eða þá með verndartollum. Vér skyldum sízt af öllu óska að vinnulaun lækkuðu, því að slíkt getur varla komið fyrir nema því að eins að hallæri komi upp í landinu. En sannleikurinn er sá, að mannshöndin er dýrari hér en í Noregi og víða annarsstaðar og þess verðum vér vel að gæta.

Eg skal enn benda á eitt atriði, sem eg að vísu veit að h. flutnm. (Guðl. G.) muni vera mér alveg samdóma um, og það er þetta, að því að eins græðir landið á klæðaverksmiðjunni; að vinnan þar sé eins góð og arðvænleg eins og sú vinna, sem verksmiðjuvinnendurnir hefðu að öðrum kosti getað gefið sig við; það dugar ekki að miða hagnaðinn við það, hvað mikið hefst upp úr vinnunni við verksmiðjuna; það verður að miða hann við það, hvað mikið *meira* hefst upp úr henni en annari vinnu, sem hefði getað komið í hennar stað. Hvort heldur sem fyrirtækinu yrði haldið uppi með því að lækka vinnulaunin eða með því að gefa fé til þess beinlínis, eða þá óbeinlínis með verndartollum, hvort af þessu sem ofan á yrði, þá hlyti það einkum og sér í lagi að koma niður á fátækara hluta þjóðarinnar, á þeim hluta hennar, sem einkum vinnur fyrir sér með handafla sínum.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg er hinum hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir hve vel hann hefir tekið í þetta mál, og skal eg taka það fram, að eg úr þessu hefi von um að málið fái góðan framgang. Gagnvart h. 1. þm. Eyf. skal eg taka það fram, að eg ætla að stofnféð muni fara töluvert fram úr því, sem til er tekið í áætluninni, því hér hafa menn hugsað sér fyrirtækið í stærri stil. Þar er gert ráð fyrir því,

að verksmiðjurnar vinni úr 240 pd. ullar á dag, en hér er gert ráð fyrir helmingi meiru. Ef landsmenn sýna að þeir hafa trú á fyrirtækinu, þá er eg ekki hræddur um að ekki verði hægt að fá fé til þess að koma því fram. Íslenzkur ullariðnaður er í góðu áliti í Danmörku hjá öllum þeim, sem vit hafa á. En reynslan verður að skera úr hvað þetta snertir.

Gagnvart því sem h. 2. þm. Ísf. sagði, að bezt væri að einstakir auðmenn hér á landi vildu taka fyrirtækið að sér, skal eg taka það fram, að þess háttar auðmenn eru nú ekki til hér, og, eins og nú stendur, verðum við að að fara að eins og Norðmenn fóru að fyrir 60—70 árum í ýmsum sínum stærri fyrirtækjum. Mörgum fyrirtækjum er þannig háttað, að þau eru ekki meðfæri einstaklinga, og ef hið opinbera ekki tæki þátt í þeim, yrðu þau að liggja niðri. Eg tek það skýrt fram, að það er óheppilegt að taka peningalán. Hitt mun happasælla, að landssjóður taki þátt í fyrirtækinu og hafi síðan sjálfur eftirlit með því. Að lána mönnum fé, sem menn ekki vita, hvort kemur að tilætluðum notum, tel eg óhyggilegt, og væri það betra að landssjóður réði verkfróðan mann, er hefði eftirlit með verksmiðjunum.

Það var eitt atriði, sem h. 2. þm. Eyf. sérstaklega reið gandreið á, það nefnilega, að til þess að fyrirtækið gæti komist á fót, yrði að leggja á mikla verndartolla. Þetta kemur ekki neitt málinu við. Það er hagnaður eins og nú stendur að senda ull til Noregs, láta vinna hana þar og selja síðan klæðin hér. Eg læt sjálfur vinna ull í Noregi og sel síðan klæðin hér, og hefi meira upp úr því en að selja kaupmönnum ullina óunna. Þegar þetta getur gengið og gengur með ágóða fyrir bændur, þá ættu verksmiðjur hér að geta selt með ágóða, án þess að nokkurn verndartoll þyrfti að leggja á. Eg hefi áreiðanlegan mann, sem vel hefir vit á þessum efnum, fyrir mér í því, að í Danmörku mundu slíkir dúkar seljast vel, því aðflutningstollur er þar hár á útlendri vefnaðarvöru. Að því er íslenzkan vefnað snertir, er varla nein hætta á því að Danir fyrst um sinn færu að tolla hann. Eg álít sem sagt enga nauðsyn að fara að leggja hér á verndartoll. Eitt af því, sem kom fram hjá h. 2. þm. Eyf. var það, að vinnukraftur væri hér dýrari en í Noregi og því yrðum við að selja dýrara, en það er ekkert til í því. H. þm. þykist ekki þurfa að styðja mál sitt með rökum; eg þarf þess þá ekki heldur. Eitt vildi eg þó benda á, sem við höfum fram yfir Noreg og sem gerði okkur mögulegt að selja ódýrara, en það er það, að við höfum betra verkefni fyrir hendi í landinu.

Eg held að engum, sem vill rannsaka málið, blandist hugur um, að þessi fyrirhugaða stofnun mundi verða til mikilla hagsmuna; við mundum bæði fá betri vörur og lægra verð og gæti þetta orðið ný auðsuppspretta fyrir land og lýð. Hinn h. þm. var að tala um að menn kvörtuðu um, að hér á landi væru of fáir atvinnuvegir, og þó segðu menn að í landinu væri of fátt fólk. Þetta fanst h. þm. mótsögn, en svo er eigi. Atvinnuvegirnir eru of fáir, af því mögulegleikar eru til þess að skapa fleiri. Fólkið er of fátt, nefnil. þeir, sem eru færir um að ryðja nýjum fyrirtækjum braut, eru of fáir; af ruslinu er nóg. Vit- og þrekmenn eru of fáir, en nóg af mönnum, sem ekki gera annað en væla og skæla. Þetta fellur saman og getur staðið saman. H. þm. sagði, að vinnulaunin mundu kannske ekki lækka og mættu ekki lækka, því þá stæði hallæri fyrir dyrum. Það gengur yfir mig að hann

skuli geta komið með annað eins. I þessu tilliti umskapast heimilisvinnan í aðra arðsamari vinnu. Eg skal benda á það, að mikinn tíma árs er fjöldi manna önnum kafinn við að tæta sundur ull með kömbum og flækja hana á rokk. Er það arðsöm vinna, má eg spyrja? Getur maður ekki gengið að því sem vísu, að betra sé að verja kröftum sínum á annan hátt? Eg fullyrði það, að nú sem stendur er allur fjöldinn af spunakonum ekki matvinnungar.

Sú mótbára, að menn missi atvinnu við þetta nýja fyrirkomulag, er ekki annað en hið venjulega óp, sem alt af kveður við, þegar teknar eru upp verkvélar til að vinna það, sem hendur alþýðu unnu áður. Þótt verksmiðjur nú kunni að svifta menn atvinnu, þá er þess gætandi, að því meiru sem menn afkasta, því meiri verður arðurinn, og mismunurinn er sá, að ullarvinna sú, sem nú er tíðkuð, breytist í aðra arðsamari atvinnu. Eg get ekki séð annað en að mótbárur þær, sem fram hafa komið, séu einskis virði og aðeins gripnar úr lausu lofti.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er einn meðal þeirra, sem fúslega vilja styðja að því, að ullarvinnan verði bæði meiri og arðsamari en nú er og hefir verið. Einnig vil eg styðja að því, að vatnsaflið hér á landi verði notað meir en nú tíðkast. Þó er eg ekki samþykkur því, að þetta verði gert á þann veg, sem frv. fer fram á. Mér finst ekki heppilegt að landssjóður takist á hendur að reka atvinnu eða vinnustofnanir beinlínis fyrir eigin reikning, en hitt lízt mér betur á, að hann veiti mönnum ódýrt lán til að koma stofnunum á fót. Eg skal geta þess, að á þingmálafundi í Árnessýslu kom fram áskorun um, að landssjóður veitti styrk til að koma á fyrirmyndar mjólkurbúi. Sömuleiðis óskuðu menn styrks úr landssjóði til að koma á margarínverksmiðju. Ef landssjóður ætti nú að veita verulegan styrk til allra þessara þriggja fyrirtækja, þá yrðu þetta talsverð útgjöld fyrir landssjóð. Það er auðséð, að hann verður að láta 1 eða 2 sitja á hakanum, ef styrk á að veita; þar á móti gæti hann veitt öllum þessum þremur fyrirtækjum lán. En hvert af þessu þrennu á nú að sitja í fyrirrúmi? Það má vel segja, að jörðin framleiði bæði ull og smjör, en sá er munurinn á, að ull er vandalaust að verka og hægt að koma henni á heimsmarkaðinn óskemdri, þó líði hálft eða heilt ár, en alt öðru máli skiftir með smjörið; bæði er vandi að búa til smjör og áríðandi að koma því fljótt á heimsmarkaðinn. Eg held, að notin yrðu almennari, ef góð smjörgerð í landinu kæmist á, heldur en ullarverksmiðja.

Eg er hræddur um að það borgi sig ekki að fara að búa til klæði til útflutnings, en aftur á móti væri gott og heppilegt að vinna klæði til brúkunar hér heima í landinu sjálfu. Þó er það eigi meining mín, að þingið alls ekki eigi að styðja þetta fyrirtæki, heldur að eins það, að landssjóður eigi ekki að takast á hendur að setja slíkar verksmiðjur á stofn fyrir sinn reikning.

Það hefir verið talað um, að atvinnuvegir væru svo fáir hér á landi, en þeir aukast heldur lítið við stofnun klæðaverksmiðju; atvinna verður að eins fyrir þá fáu menn, sem við verksmiðjuna vinna.

Það er ekki eingöngu atvinnuleysi, sem bagar menn, heldur hitt, að sumarið er svo stutt til að vinna, en vinnuleysistíminn yfir veturinn svo langur; úr þessu bæta ullarverksmiðjur að eins fyrir fáa menn. Nú sem stendur er fyrirkomulagið þannig, að á þrem stöðum eru komnar á stofn verksmiðjur, sem kemba og

spinna ullina, en eigendur ullarinnar hafa svo atvinnu yfir veturinn við að vefa og prjóna úr bandinu; eg álít þetta heppilegt, og að þetta fyrirkomulag auki vinnuna fyrir almenning meira en klæðaverksmiðja.

Þorlákur Guðmundsson: Flutningsm. frumv. tók fram í byrjun umræðunnar, að þetta mál, enn sem komið er, ekki mundi meðfæri einstakra þingmanna, og er eg honum samþykkur í því. Þegar um annað eins nýmæli er að ræða og þetta, þá er það engin furða, þó menn séu ekki á eitt sáttir fyrst í stað. Eg er þakklátur h. flutningsm fyrir að hafa komið fram með það. Að minu áliti er það engum vafa undirorpið, að það hafi verið rétt að vekja máls á þessu; eg álít jafnvel að skyldan knýi menn til þess. Í frumv. er ekki tekið fram, hvar þessi fyrirhugaða stofnun eigi að vera, en flutningsm. tók það fram, að heppilegast væri að stjórnin útvegaði mann til að grenslast eftir, hvar hentugast mundi að hafa hana. Hitt gæti og komið til greina að hafa stofnanirnar tvær, aðra á Norðurlandi en hina á Suðurlandi, og það vona eg að verði gert innan skamms tíma, svo bæði Norðlendingar og Sunnlendingar mættu færa sér þetta sem bezt í nyt, og landið alt, og þá ætti þetta fyrirtæki að geta orðið til stórra framfara, eins og samgöngur eru nú orðnar greiðar. Mér finst sjálfsagt, að landssjóður leggi fé til slíkra fyrirtækja sem þess, er hér um ræðir. Eins og nú stendur, eru atvinnuvegirnir í rústum og efni manna lítil. Það er því ekki tiltökumál, að einstaklingar geti ráðist í þetta, án styrks úr landssjóði, það skyldi þá vera h. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem að sögn er vel efnum búinn, en slíkir menn eru ekki á hverri þúfu. H. 2. þm. Eyf. hefir snúist á móti þessu frumv., og þykir mér það undarlegt, því að eg hafði hingað til haldið, að hann væri framfaramaður, og veit að hann er það í mörgum greinum. Hann talaði um að atvinnuvegirnir væru of fáir, og getur verið að svo sé; en það skoða eg ekki aðalatriðið, að atvinnuvegirnir séu margir, heldur hitt, að þeir seðji sína fyrirvinnu, sem maður kallar, að þeir veiti þeim, sem atvinnuna stunda, daglegt brauð í orðsins fullum skilningi. I hafinu kringum landið eru mikil auðæfi, sem landsmenn að vísu hafa gott af og gæti meira verið. En hvernig lítur þetta nú út? Það getur svo farið, að aðrar þjóðir dragi þennan auð upp að meira eða minna leyti á komandi öld.

Þetta fyrirtæki, sem hér er um að ræða, stefnir að því að styðja og efla landbúnaðinn og landsmenn í heild sinni. Af því að allar afurðir landbúnaðarins eru í afarlágu verði, þá er það sjáanlegt, að efnalegur þróttur landbænda þverrar til að geta eflt grasræktina. En grasræktin er sá auður, sem útlendingar síðast taka frá okkur. Fjárræktin hér á landi borgar sig svo illa á þessum tíma, að hún hættir að geta borið sig. Hvert smalasporið gefur ekki mikið í aðra hönd; að koma ullinni í meira verð, er mjög mikilsvert. Verksmiðjan mundi kaupa ull fyrir peninga, og þannig styðja að því, að vöruskiftaverzlun minkar, og við það að kaupa innlenda dúka mundu peningarnir haldast í landinu. Það er hryggilegt að hugsa til þess, hve mikið fé gengur héðan í vinnulaun til útlendinga fyrir að vinna úr því efni, sem landið framleiðir sjálft. Klæðaverksmiðjurnar mundu innan skamms, ef þær væru stofnaðar hér, draga þá peninga að sér, sem útlendar verksmiðjur nú draga út úr landinu. Þær mundu minka kaup á útlendum vefnaðarvörum að stórum mun, og jafnhliða veita landsmönnum heilsusamlegri klæðnað en þann, sem

nú brúka menn. Þær mundu bæta úr ýmsum þörfum. Það munu fáir nú taka kvenmenn til að vinna í voðir, ef heimili að öðru leyti komast af án þeirra. Það, að klæðaverksmiðjurnar mundu draga vinnukraft frá öðrum atvinnuvegum landsins, getur naumast skoðast sem nokkur ástæða móti þessu máli. Eða mundu ekki allar þær hendur, sem nú eiga við tóvinnu með okkar úreltu og lélegu áhöldum, vinna meira gagn landinu í verksmiðjum?

Ef við förum svo heim af þingi að við gerum ekki alt, sem þinginu er mögulegt, fyrir atvinnuvegina og landbúnaðinn, þá hefði betra verið að sitja heima.

Einar Jónsson: Það er víst almenn ósk manna hér á landi, að eigi þyrfti að sækja til útlanda nema sem minst af vinnu þeirrar ullar, sem þarf að nota til klæðnaðar í landinu sjálfu. Að því leyti er því víst enginn efi á því, að stefna frumv. er samhljóða óskum þjóðarinnar. Hér verður því aðalspurningin um það, hvort fyrirtæki það, sem hér er um að ræða, mundi geta borgað sig. Og í því tilliti vil eg minnast á eitt atriði, sem bendir í þá átt að mikil líkindi sé til þess, að fyrirtækið mundi geta borið sig. Bóndi nokkur úr Fljótsdalshéraði, skynsamur maður og gætinn, var um tíma í Noregi í vetur, og spurðist talsvert fyrir um verksmiðjur þær, er þar vinna íslenzka ull fyrir menn hér á landi. Maður, sem var gagnkunnugur 2 af þeim verksmiðjum, lét það í ljósi við hann, að það mundi borga sig vel að stofna þar sérstaka verksmiðju í smærri stíl, er að eins ynni úr þeirri íslenzku ull, er nú kæmi til þessara tveggja verksmiðja. En verksmiðjurnar eru 3 í Noregi, sem sér í lagi gefa sig við þessum störfum. Ef það gæti borgað sig í Noregi að stofna sérstaka verksmiðju til að vinna úr $^2/_3$ af þeirri íslenzku ull, sem til Noregs er send héðan til vinnu, þá ætti það að geta borgað sig að setja slíka stofnun á fót hér á landi, svo framarlega sem vinnulaunin yrðu ekki miklum mun hærri hér, ef menn gætu búist við, að sú stofnun fengi alla þá ull til vinnu, er nú er send héðan til Noregs, eða máske meira. Hve mikið sent er af ull til þessara verksmiðja í Noregi, eða hve há verkalaunin eru þar, er mér ekki vel kunnugt, en eg vildi að eins geta um þetta, af því að það bendir í þá átt, að það ætti að geta borgað sig, að koma ullarverksmiðju á fót hér á landi.

Valtýr Guðmundsson: Þegar eg sá þetta frumv., gladdi það mig mjög að það kom fram, því eg verð að álíta það mjög þarflegt frumv., og eftir minni skoðun er grundvöllur þessi alveg réttur, og einmitt sá eini, sem hægt er að byggja á nú í svipinn. Leitaði eg að slíku frumv. meðal stjórnarfrumv. og þegar eg hafði rekið mig úr skugga um, að það var ekki þar að finna, furðaði mig mjög á, að stjórnin skyldi ekki hafa lagt neitt í þá átt fyrir þingið. Öllum er kunnugt á hve veikum fæti landbúnaðurinn stendur, og meðal annars, ullin er altaf að lækka í verði, svo að ullin héðan er búin að liggja 3 ár óseld í Kaupmannahöfn. Svo er á aðra hliðina farið að senda ull til Noregs til vinnu að svo miklum mun, að vinnulaunin nema tugum þúsunda kr. Er því auðséð, að það þurfti að taka fyrir þetta mál, og lá beinast við að stjórnin hefði gengist fyrir því. En úr því hún hefir ekki gert það, var sjálfsagt af þinginu að gjöra það, og lá það beinast við, sem hér er gjört, og var sá eini rétti vegur, að skora á stjórnina að sinna málinu, og veita heimild

til fjárveitingar í því skyni. Það mundi hafa litla þýðingu, að veita fé að láni einhverjum út í loftið, því þeir munu æði fáir hér, sem hafa fé til að leggja fram á móti til fyrirtækisins, eða sem hafi nokkurt veð að setja til tryggingar slíku láni. Í frumv. er heldur ekki farið fram á, að stjórnin setji klæðaverksmiðjur á stofn, heldur að hún kynni sér málið og undirbúi það, og eftir þeirri niðurstöðu, sem hún kemst að, getur hún farið hvora leiðina, er henni sýnist heppilegri, að lánið sé veitt privatmanni til að koma fyrirtækinu á stofn, eða þá, að gangast sjálf fyrir stofnuninni, og koma þá sjálf fram með tillögur sínar fyrir næsta þing.

Það hefir komið í ljós hér í umræðunum, að sumir h. þm. hafa litla trú á fyrirtækinu, að það muni verða happavænlegt. Eg verð að taka undir með h. flutningsm. (Guðl. G.), að eg hafi fulla trú á því, að það muni geta borgað sig bæði beinlínis, hvað verksmiðjuna sjálfa snertir, og líka óbeinlínis í því, að menn hafi meira upp úr ullinni en nú. Hins vegar er eg ekki samdóma h. flutningsm. í því, að þetta komi ekkert tollmálum vorum við, eða hvaða stefnu við tökum í þeim. Eg álít einmitt að þetta hafi mjög mikla þýðingu í því efni, og það á tvennan hátt, því það getur komið fram spurningin bæði um að leggja aðflutningstoll á álnavöru, sem sé beinlínis verndartollur, og aftur á móti útflutningstoll á ull, er send sé út úr landinu. Sé klæðaverksmiðjan rekin í stórum stíl, þá má gera ráð fyrir því, að hún þurfi að kaupa mikið af íslenzkri ull, en nú er það alkunnugt, að kaupmenn kaupa ullina með miklu hærra verði, en þeir geta staðið sig við eftir markaðsverði hennar í útlöndum, vegna þess að þeir ætla að græða verðhallann á þeim útlendu vörum, sem þeir borga ullina með, en þar sem verksmiðjan yrði að kaupa ullina fyrir peninga, þá gæti hún ekki keypt ullina við jafnháu verði og kaupmenn, og þá gæti komið til tals um að leggja á ullina útflutningstoll.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók fram, að mótsögn gæti virtst vera í því, að kvarta yfir fólksskorti á landinu, en kvarta þó jafnframt yfir því, að hér væru of fáir atvinnuvegir. Þetta getur virtst vera þannig í fljótu bragði, en sé nánar aðgætt, þarf engin mótsögn að vera í því. Fyrst og fremst má ganga að því vísu, að sé fólkið of fátt, þá má fá nóg fólk frá útlöndum, og það því fremur sem verkalaun eru hærri hér en þar, og það meira að segja, þótt verkalaun séu sett lægri en tíðkast hér á landi. Eg er sannfærður um það, að ef fólk þyrfti hér til að vinna verksmiðjuvinnu, þá er ekki völ á fólki hér sem kann neitt af slíkri vinnu. En það stendur að nokkru leyti í sambandi hvað við annað, að fólkið er of fátt af því afvinnuvegirnir eru of fáir, því ef atvinnuvegirnir borguðu sig betur, þá væri hægt að fá nóg fólk. En atvinnuvegirnir borguðu sig betur ef atvinnuvegunum fjölgaði. Og ef verksmiðjur væru reistar hér á stofn, þá rís upp nýr flokkur manna hér á landi, sem þarf að kaupa af bændum bæði smjör og kjöt og fisk, og þannig rís hér upp nýr markaður fyrir þessar afurðir, og þetta getur aftur stutt bæði landbúnað og sjávarútveg, og orðið til stórhagnaðar fyrir þessa atvinnuvegi og landið í heild sinni. Eg get því ekki betur séð, en að það standi í nánu sambandi hvað við annað, að vér höfum of fátt fólk og of fáa atvinnuvegi.

Eg verð að vera á þeirri skoðun, að frumv. fari í rétta átt, að semja heimildarlög fyrir stjórnina til að fara eftir í þessu máli, og það gladdi mig mjög, að hæstv. landsh. gefur góðar vonir um,

að stjórnin vilji styðja málið og heitir því eindregnu fylgi sínu.

Eg hefi ekki trú á því, að sinna máli þessu á þann hátt, að veita lántökuleyfi með fjárlögum, til stofnunar þessa fyrirtækis, eins og h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) leggur til. En það getur verið, að niðurstaðan hjá stjórninni verði sú, ef rannsóknir þær, sem hún lætur gjöra um málið, benda í þá átt, að slíkt muni hyggilegra og réttara en að leggja fé í hlutafélag í þessu skyni.

Benidikt Sveinsson: Mig hálf-furðar á því, er eg hefi heyrt einn háttv. þm. minnast á, að frumv. þetta væri alveg nýmæli, en það er öðru nær en svo sé, því frumv. í sömu stefnu kom fram á þinginu 1889, og var flutningsmaður þess háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.), sem þá var þingm. Norður-Þingeyinga. Flutti þingm. þá frumv., eg skal játa það, eftir hvöt og ósk frá minni hálfu, þar sem eg sjálfur ekki gat flutt frumv. vegna stöðu minnar á þinginu, en mig furðar á því, hversu skoðun hans á þessu máli er ólík þeirri skoðun, er hann hafði þá. Flutti hann frumv. með röggsemi og skynsemi, svo sem hans er von og vísa, og var það samþykt hér í háttv. neðri deild. Árið 1891 var samhljóða frumv. enn hér fyrir deildinni, og var eg þá flutningsmaður þess ásamt 5 öðrum þingm. og var háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) einn í þeirra röð. — Frumv. þetta var einnig samþykt hér í deildinni, en sáladist í h. efri deild. Það hefir verið farið all-mörgum orðum um það, hvort heppilegra mundi að byggja á þeim grundvelli, að landssjóður lánaði fé til verksmiðjunnar með aðlaðandi kjörum, eða þá hann yrði sem aðili fyrirtækisins í hlutafélagi. — Frumv. það, sem áður var hér fyrir háttv. deild, gekk í hina fyrnefndu átt, sem sé, að landssjóður veitti lán, til að koma verksmiðjunni á fót, og eg er í engum efa um, að hefðu þau frumv. verið samþykt, þá væri klæðaverksmiðja á Íslandi þegar komin á. Eg er viss um, að erlendir menn hefðu fúslega stofnað hana, enda þótt þeir hefðu orðið að vera búsettir hér á landi. Hið sama yrði og upp á teningunum nú, að vilji landssjóður leggja fram fé, til að koma verksmiðjunni á fót, þá er það nægileg hvöt fyrir erlenda menn að taka þátt í fyrirtækinu og setjast að hér á landi.

Eg ætla ekki að fara út í hinar margvíslegu mótbárur, sem hafa komið fram gegn frumv. Það má yfir höfuð flokka þær í tvent, og er önnur þeirra sú, að það sé ekki til neins að láta sér koma til hugar, að hafa nokkurn iðnað hér í landi, heldur eigi menn ár eftir ár og öld eftir öld að lifa eins og hingað til, og þar megi ekki breyta til í nokkurum greinum, því það eigi að halda áfram að sópa því fé, sem framleitt er í landinu, í hendur útlendinga, en sjálfir eigi menn ekki að hreyfa hönd til þess, að gera afurðir landsins oss arðmeiri en þær koma frá náttúrunnar hendi. Eg get ekki ímyndað mér, hvernig menn geta hugsað sér, að þannig gangi öld eftir öld, og að það geti samrýmst því, að Íslendingar eigi að verða »civiliseruð« og sjálfstæð þjóð, með öðrum orðum, eg skil ekki, að hún geti átt nokkra verulega og varanlega þjóðmenning í vændum, ef þeirri stefnu er haldið. — Er nokkur mentaþjóðanna þannig, að hún fari þannig að ráði sínu, eða hefir nokkur þjóð orðið menningarþjóð án þess þeir 3 þjóðmenningarliðir, frumframleiðsla, iðnaður og verzlun væru meira eða minna samfara hver öðrum?

Það þarf að koma þeim hugsunarhætti inn hjá þjóðinni, að það sé brýn skylda

vor, að koma afurðum landsins í meira verð en nú er, en slíkt verður að eins gert með því, að koma upp iðnaði og verksmiðjum í landinu. Eða á það að standa svo enn í margar aldir, að þessar 70,000, sem búa hér, geti ekki myndað fult verðmæti úr einu einasta lóði af ull, en senda í þess stað alla ull vora óunna til útlanda fyrir lítið sem ekkert verð? (*Jón Jónsson*, 2. þingm. Eyf.: Þúfurnar!). Ef það á að bíða með iðnaðinn eftir því, að alt landið verði ræktað, þá má ganga að því vísu, að slíkt verður aldrei. Eða hvar getur þá þjóð í heimi, er hafi ræktað alt land sitt til fullnustu áður en byrjað var á að reka iðnað í landinu? Einmitt það að koma upp iðnaði er með fram vegurinn til þess, að geta ræktað landið betur en áður, því landbúnaður og iðnaður eru hvor öðrum svo tengdir, að þeir verka hvor á annan, og styrkja hvor annan á víxl.

Eg held að það sé ekki ofsagt, þótt eg fullyrði það, þegar vér tökum tillit til sögu allra annara þjóða, að þá muni land vort fyrst verða ræktað, þegar iðnaður er kominn á fastan fót í landinu.

Eg nefndi áðan þessa þrjá liði í atvinnuvegum þjóðanna, jarðrækt, iðnað og verzlun, sem verða að vera hver öðrum samfara. Það eru eins og þrír þættir í samtvinnuðum streng, sem að styrkja hver annan og vernda hver annan, því þar sem iðnaður kemst í rétt horf, þar færist einnig nýtt líf í framleiðsluna, afurðir jarðarinnar aukast og hækka í verði, og nýtt og áður óþekt líf færist yfir verzlunina og kemur henni í nýtt horf, og þetta alt í sameiningu verður því valdandi, að strengja hverja taug þjóðlíkamans til meiri afrauna, meira fylgis og kapps, til að koma þjóðinni ekki að eins upp úr niðurlægingu, heldur til vegs og gengis. Það verður til að auka þjóðeignina og kenna Íslendingum að hugsa meira, vona meira og trúa meira á framtíð sína, og kemur inn hjá þeim þeirri allsumvarðandi hugsjón og viljastefnu, að verða sjálfstæð þjóð, í raun og sannleika.

Hið annað, sem fært hefir verið frv. þessu til foráttu, er það, að með því yrðum vér neyddir til að leggja verndartolla á útlendar vörur, og er svo að heyra, sem sumum virðist það afaróttalegt. En hver mun verða afleiðing þess, ef að menn hér á Íslandi halda áfram að vera píslarvottar þeirrar cosmopolitisku skoðunar, að ekki eigi að leggja toll á neina útlenda vöru. — Frá mínu sjónarmiði er sú stefnan nú hin eina rétta, að Íslendingar legðu nú hæfilega háan toll á allar þær vörur, sem koma frá útlöndum, en sem landið getur framleitt sjálft, og að tollinum sé ekki eytt í hitt og þetta, heldur sé honum öllum varið til þess að koma upp samskonar atvinnuvegum í landinu sjálfu.

Vér eigum að tolla klæði til þess að hjálpa vorri fátæku þjóð til að koma á hjá sér klæða-iðnaði. Og hvað væri á móti því, að leggja toll á útlendar húðir, sem munu særið óhollar og flytja fénaðarsjúkdóma inn í landið, og verja svo tollfénu til þess að verka og súta skinn vor sjálfir, og gera þau verðhærri en hingað til hefir átt sér stað, í stað þess að flytja þau til útlanda til verkunar.

Þessa leið verðum vér að fara ef að oss á að verða nokkurra framfara auðið, því það er að fara í skýjunum, ef vér ættum að verða mentuð og sjálfstæð þjóð, en brjóta þó ætíð á móti þeirri grundvallarreglu, sem að allar siðaðar þjóðir fylgja. Annað mál er það, þótt vér förum svo vægilega í toll-álögum, sem unt er, og förum ekki lengra en

vér sjáum, að er nauðsynleg neyðarvörn fyrir atvinnuvegi vora, því eg er ekki með því, að leggja tolla á til þess, að sóa þeim til einhvers annars, en eg álít rétt, að leggja tolla á til þess, að koma upp iðnaði í landinu.

Eg efast jafnvel um, hvort það væri ekki rétt, að tolla jafnvel korn, sem er hrein og bein nauðsynjavara, ef að tollinum væri varið til þess að auka garðræktina, því með því móti mundi mega mjög mikið spara kaup á korni frá útlöndum,

Það hefir mikið verið talað um það, hvort klæðaverksmiðja mundi borga sig hér á landi, því bæri hún sig ekki, þá væri það stórt peningatjón. Einkum hafa h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) lagt áherzlu á þetta atriði. Hefir ástandið hér einkum verið borið saman við ástandið í Noregi.

Til upplýsingar í þessu efni, skal eg geta þess, að eg fyrir skemstu hefi átt tal við danskan mann að nafni Bache, sem er verzlunar-fulltrúi fyrir verzlunarfélagið Örum & Wulf í Kaupmannahöfn, og mörgum að góðu kunnur, og sýndi hann mér áætlanir um að koma upp íslenzkri ullarverksmiðju á Austurlandi, t. d. á Seyðisfirði. Hafði hann kostað til þessa undirbúnings, að mig minnir, alt að 600 kr. Áætlanir þessar voru mjög nákvæmar og ítarlegar, og fylgdu þeim allar nauðsynlegar teikningar. — Tóku áætlanirnar yfir hvað kosta mundu byggingar, vélarnar sjálfar og vinnulaun, eins og væri í Noregi. Niðurstaðan var sú, að koma mundi mega upp fullkominni klæðaverksmiðju fyrir hér um bil 90,000 kr. fyrir utan »driftskapital«. Voru þar engar grýlur gerðar úr mismuninum á vinnulaunum í Noregi og á Íslandi. Ágóðinn af fyrirtækinu var að mig minnir áætlaður alt að 16% maximum en minimum 8—10%.

Eg held því, að mótbára sú eigi ekki við rök að styðjast, að verksmiðjan mundi ekki borga sig hér á landi sökum þess hve vinnulaun sé hærri hér en í Noregi. Aftur á móti koma oss ekkert við hversu vinnulaun eru á Þýzkalandi, því vér munum ekki ætla að concurrera við þýzkan iðnað, þar sem menn standa miklu betur að vígi í öllum greinum, því væri að óttast Þýzkaland, ættu Norðmenn þegar að hætta öllum sínum iðnaði vegna þess, að norskt klæði er dýrara en þýzkt. Hver þjóð reynir að fara þá leiðina, sem næst liggur til bjargar bæði á sjó og landi, að framleiða sem mest og verzla með það sem haganlegast, og í því er lífsbarátta og menning þjóðanna fólgin, en ekki í því, að allir, bæði þjóðir og einstaklingar, horfi aðgjörðar- og ráðislausir á þá, sem standa bezt að vígi í lífsbaráttunni.

Þótt vér séum fátækir og kraftlitlir, er engin ástæða fyrir oss að leggjast út af og deyja, því það er skylda vor að leita að öllum þeim leiðum, sem vér getum haldið, til þess að bjarga þjóð vorri áfram. Það er líka alt annað, hvort vér Íslendingar ættum að bjarga oss sjálfir sem mest má verða með því að koma á iðnaði hjá oss heima fyrir, eða vér hugsum til þess, að taka upp verzlunarsamkepni við aðrar þjóðir, sem standa miklu betur að vígi en vér í stórum mæli.

Eg vona að öðru leyti, að frumv. þessu verði ekki tekið lakara hér í háttv. deild en samkynja frumv. frá 1889 og 1891, og það því fremur, sem hæstv. landsh. hefir tekið frumv. mjög vel, og miklu betur en frumv. 1889 og 1891.

Er eg honum þakklátur fyrir þær undirtektir hans, og vona, að þær leiði til þess, að tilraun sú, sem hér er gjörð til þess að bjarga atvinnuvegum lands-

ins, muni bera margfalda ávexti fyrir aldna og óborna, og verða blessunarupps̈pretta fyrir land vort.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Mér datt aldrei í hug að eg mundi hafa áhrif á háttv. þingdeild í þessu máli, því eg þóttist vita, að »stemningin« mundi vera fylgjandi því þrátt fyrir það, þó fullnægjandi sannanir væru ekki fyrir hendi um það, að fyrirtækið gæti orðið að gagni, og eg hefði ekki staðið upp aftur, ef einstök setning hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefði ekki knúið mig til þess, þar sem hann lét í ljósi, að hann furðaði sig á því, að eg hefði verið á annari skoðun fyrir nokkrum árum í þessu máli. Vér þekkjum það vel, að menn eru oft brýndir á því, hafi þeir breytt um skoðanir í almennum málum, og stundum er mönnum brixlað um slíkt, eins og það hálfskerti æru manna, þótt það væri ekki borið fram sem brigzlyrði í þetta sinn, hjá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.).

Eg vil nú einmitt lýsa yfir því, að eg tel mér æru í því, að hafa breytt skoðun á þessu máli, og það er oft ástæðulítið, að brýna menn á slíku, og slíkt sannar oft það gagnstæða af því, sem ætlast er til, því að það má ganga að því vísu, að sá er breytt hefir skoðun sinni, hefir hugsað málið rækilega og oft betur en sá, sem berst við sömu skoðunina fram í opinn dauðann, og vill ekki sjá nema hina einu hlið málsins, en lokar augunum fyrir öllum öðrum hliðum, enda má ganga að því vísu, að enginn breytir um skoðanir að gamni sínu, því það er alkunnugt, að slíkt mælist oft illa fyrir.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) lagði mikla áherzlu á það, að vér ættum að koma upp iðnaði í landinu, til þess að koma landbúnaðinum upp, að dæmi annara þjóða. Eg er að sönnu ekki sögufróður eða að minsta kosti ekki eins og háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.), enda veit eg ekki þau dæmi, er hann talar um, og eg vil spyrja hann, hvar og hvenær hafi verið sú þjóð, þar sem hið opinbera eða löggjöfin hafi komið á iðnaði með »kunstugum« meðulum, á meðan ekki var búið nema að hálfnema landið og rækta að eins lítinn hluta þess. Eg veit ekki annað en byrjað sé á því að rækta landið, svo sem bezt má verða. Við þetta fjölgar fólkinu, og þá fer að verða ástæða til að hugsa um, hvað það eigi að gera. Þetta er hinn venjulegi sögulegi gangur. En því fer fjarri, að vér séum enn komnir á þetta stig, þar sem vér erum ekki búnir að nema nema $^1/_{10}$ landsins, og því eigum vér þá að beita vorum andlegu og líkamlegu kröftum til annars, en að vinna þetta frumverk, sem verður að ganga á undan flestu öðru: að nema landið, að rækta það. Vér höfum tækifæri til að ávaxta fé og vinnu hér, en höfum of lítið af þeim grundvallar-skilyrðum fyrir framförum, sem vér verðum fyrst um sinn að byggja framtíð vora á, að framleiða úr jörð og sjó sem mest af »raaprodukter«, því það mun borga sig bezt fyrir oss, að leggja fram krafta vora til að vinna að því.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að vér gætum tæplega talist meðal »civiliseraðra« þjóða án þess, að hjá oss væru þær þrjár atvinnugreinir, framleiðsla, iðnaður og verzlun. Vér getum hugsað oss, að vér séum 10 falt eða jafnvel 100 falt fleiri en nú, en hefðum þó engan iðnað, og værum full-mentuð þjóð fyrir því; því iðnaður færir löndunum oft ilt eitt, og verður oft orsök til þess, að auka auðvaldið og gefa einum eða fáum mönnum færi á, að geta ráðið yfir fjölda annara manna.

Auk þess mun flest vinna hollari

fyrir líkama vorn, en að sitja hálfan sólarhringinn í verksmiðjum og njóta hvorki nægs lofts né ljóss.

Eg álít reyndar að ekki þurfi að kvíða fyrir þessu, því það muni ekki margir, sem vilji hætta fé sínu í það, að setja verksmiðjur hér á stofn, því þessi eina tilraun mun færa oss heim sanninn um það, að það borgar sig ekki að fara lengra í því efni.

Guðjón Guðlaugsson: Eg verð að játa það, að eg hefi ekki hugsað þetta mál svo vel sem skyldi, og það er helzt við umræðurnar, að eg hefi nokkuð sett mig inn í það, enda álít eg það heppilegasta veginn til að mynda sér skoðun um málið, að það sé rætt. Í sambandi við þetta mál hafa menn látið þá skoðun í ljósi, að atvinnuvegirnir hér á landi væru of fáir og fólkið of fátt. Þetta get eg ekki vel skilið. Mín skoðun er sú, að atvinnuvegirnir séu nógu margir, en fólkið of fátt, það er að segja fólk, sem menn geta búist við einhverju af. Eg álít að ef verksmiðjur kæmust á, mundu eyðast miklu minni kraftar en nú. Eins og eg sagði, eru atvinnuvegirnir nógu margir og álít eg því hagnað að því að geta sparað krafta á einn veg, er svo gætu komið að notum á annað veg. Eg þekki ekki þá ullarvinnu, sem nú borgi einu sinni fæði hvað þá heldur annað. Eg get ekki séð neina ástæðu til þess að verkalaun lækki þó verksmiðjur komist á, en þó að verkalaun lækkuðu, þá er því eigi öðruvísi varið en svo, að það er tekið úr einum vasa og látið í annan. Það getur verið að vinnufólk fái ekki nógu góð kjör, en eg er sannfærður um, að þau verða engu lakari en nú á sér stað. Eg held að þó að verndartollar kæmust á, þá mundi það ekki, eins og menn álíta, sérstaklega koma niður á fátæklingnum, heldur mundu verndartollar í sambandi við verksmiðjur miklu fremur kenna fátækum mönnum að nota innlendan iðnað, og tel eg það gróða. Eg er þeirrar skoðunar, að ef verndartollur væri lagður á, þá yrði það skattur á hinum hégómagjörnu, er líta meir á útlitið en gæðin. Sölu útlendra dúka er þannig varið, að á þeim liggur mikill aukakostnaður, þar sem þeir ganga gegnum hendurnar á kaupmönnunum og þeir þurfa að þéna á sölunni. Aftur á móti gætum við fengið dúka úr innlendri ull frá fyrstu hendi og hlytu þeir að verða tiltölulega ódýrari, þar sem milliliðurinn — kaupmennirnir — féllu burt. Af þessu leiðir að innlendur iðnaður mundi alt af verða ódýrari en útlendur, þótt enginn verndartollur væri lagður á.

Eg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) í því, að heppilegast væri að landssjóður styrkti einstaka menn til þess að koma þessu á fót. Það mundi að eins leiða til þess, að menn ekki notuðu verksmiðjurnar fyllilega, heldur verzluðu við Norveg eftir sem áður. Allir verða að játa það, að vinnulaun þau, sem nú ganga til Noregs — 50,000 kr. eða meir — ættu helzt að haldast í landinu, og vinnukraftur sá, sem sparaðist við verksmiðjuiðnaðinn, gæti þá komið að notum í öðrum atvinnugreinum. Það eina sem eg óttast er það, að norskar verksmiðjur geti unnið ódýrara en innlendar, en þó held eg að fjöldinn mundi fremur halla sér að innlendum stofnunum, enda er það hvorttveggja, að þær bæði yrðu nær hendi og málið sameiginlegt.

Benidikt Sveinsson: Eg skal taka það fram gagnvart h. 2. þm. Eyf., að orð mín til hans áttu engan veginn að vera nein brixlyrði. Að hann hafi skift skoðun sinni, tók eg að eins fram vegna þess, að það er mér hrygðarefni; aftur á móti finst honum sjálfum

það vera gleðiefni. Eg álít það alls ekki vítavert að skifta skoðun sinni, en hinu eiga menn þá um leið heimting á, að hlutaðeigandi geri grein fyrir, hvers vegna hann hafi skift um skoðun, og að sú skoðun sé réttari en hin fyrri, einkum telji hann hina síðari sér til gildis, eins og hinn h. þm. gjörði. Hann inti eftir dæmum úr veraldarsögunni. Eg held nú að h. þm. þurfi ekki að leita lengi í fórum sínum til þess að finna þau. Einvaldskonungarnir töldu það sér til hróss að efla og styrkja sem mest iðnað hver í sínu landi, og mörg einstök dæmi mætti hér tiltæra; eg hefi meira að segja aldrei heyrt það fyr, að það væri landsstjórninni óviðkomandi að efla iðnað í landinu.

Að svo mæltu ætla eg ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en læt þá von í ljósi, að þingið geri það ekki sér til vansa að fella frumv., heldur rannsaki það samvizkusamlega, og ráði því til sem farsælastrar endalyktar. Eg álít það, segi eg, minkunn bæði fyrir Íslendinga og alþingi, ef svo skyldi fara, að það ekki yrði samþykt. Menn eru að tala um að hér vanti vinnukrafta. Eg leyfi mér að spyrja: Hvar fáum við afl úr mannshöndum á við aflið í fossunum okkar, sem vinna bæði dag og nótt? Eg er hlessa á því að menn skuli vera að tala um, að aflið vanti, þar sem það svo að segja er lagt í lófann á okkur.

Pétur Jónsson: Eg var svo óheppinn að vera ekki viðstaddur þegar umræður byrjuðu í þessu máli, og vildi eg því biðja h. flutnm. að gefa mér nokkrar upplýsingar. Það er sérstaklega tvent, sem eg vildi spyrja um. Hvaða samband hugsa flutnm. sér milli þessarar fyrirhuguðu stofnunar og tóvinnustofnananna, sem hér eru fyrir? Á að sameina þær eða láta þær vinna hverja út af fyrir sig, og sé svo, hvaða verkefni verður þá eftir handa þeim? Norðmenn hafa komið upp hjá sér líkum stofnunum og þeirri, sem hér er um að ræða, þær eru ekki í stórum stíl, en mundu eiga vel við hér og gæti þeim þá smáþokað áfram ef vel gengi. En þær eru beinlínis bygðar á þeirri vinnu, sem menn panta hjá verksmiðjunni, en ekki á framleiðslu söluvarnings. Annað atriðið er það: Hugsa þm. sér að hin fyrirhugaða stofnun framleiði vörur til að selja, eða að eins að hún vinni fyrir menn úr verkefni því, er þeir senda inn? Mér fyrir mitt leyti finst heppilegt að hafa fyrirkomulagið líkt því sem á sér stað í Noregi, nefnilega að taka ull af fólki til að vinna úr.

Björn Sigfússon: Umræðurnar í þessu máli eru orðnar nokkuð langar, og væri það því að ofbjóða þolinmæði h. þm. að fara að lengja þær mikið, enda skal eg freista að vera stuttorður. Mig furðar á því að heyra hér raddir í dag, sem miða til að hnekkja þessu máli, einhverju hinu mesta þarfamáli landsins.

Það er ekki ofsögum sagt af því, að framtíðarhorfur landbúnaðarins eru, nú sem stendur, mjög svartar og skuggalegar, þar sem nærfelt alt, sem landbúnaðurinn getur af sér, er ákaflega verðlítið, og sumt er helzt útlit fyrir að sé að verða óseljanlegt á útlendum markaði, svo sem ullin, þessi aðalverzlunarvara landbændanna. Af þessu leiðir, að talsvert er farið að brydda á sumstaðar, að menn eru að missa alla von um betri framtíð landsins, og vilja helzt flýta sér til Ameríku.

Margir útlendingar eru þó farnir að veita því athygli, hvílíkt vinnuafl við eigum ónotað í fossum og ám landsins, og renna girndaraugum til þeirra; þeir sjá að landið okkar hefir mikil

skilyrði fyrir að geta orðið iðnaðarland. Þetta ætti sannarlega að vekja okkur Íslendinga. Við þurfum sjálfir að taka þetta vinnuafl í okkar þjónustu, og það tafarlaust. Fyrir mér er trúin á framtíðariðnað landsins eins og skærir sólskinsblettir, sem eiga að hrekja í burtu vonleysisskuggana.

Eitt af því fyrsta, sem þarf að gjöra landbúnaðinum til viðreisnar, er að minni hyggju það, að taka upp nýja ullarvinnuaðferð. Hvað það snertir, verðum við algerlega að snúa við blaðinu. Hvers vegna við hljótum og eigum að gera þetta, er búið að taka fram af öðrum í dag, svo eg þarf ekki að fjölyrða um það. Menn hafa fundið sér til ýmsar grýlur og hindranir, sem kynnu að standa innlendum verksmiðjum fyrir þrifum, en þeim hefir flestum þegar verið svarað. Meðal annars, sem fært hefir verið fram, er það, að þessi fyrirhugaða stofnun geti ekki staðist samkepni annara, t. d. Norðmanna, og þess vegna þyrftum við verndartoll á aðflutta dúka. Eg fyrir mitt leyti hefi engan viðbjóð á verndartollum þegar nauðsyn krefur, og mætti gjarnan leggja þá á fyrir mér, ef reynslan sýndi að þess þyrfti. En eg held að nú sem stendur sé framfærsla kaupmanna á vefnaðarvörum nokkurn veginn nægilegur verndartollur. Eins og eðlilegt er, þykir þeim því að eins slægur í að flytja þær og selja, að þeir geti lagt töluverða framfærslu á verð þeirra. Stæði innlendir dúkar þeim jafnfætis að gæðum og útliti, en væri í lægra verði, mundu þeir útrýma hinum. Menn halda að það verði ódýrara fyrir alþýðu á Íslandi að láta vinna ull í Noregi, og fá svo dúkana heim aftur, eins og nú tíðkast. En þess ber að gæta, að við það að nota innlenda verksmiðju, losna menn við áhættuna, sem því fylgir að senda ullina út, og einnig flutningskostnaðinn milli landa. Það eru engar líkur til þess að verksmiðja, sem sett er á stofn með krafti, kunnáttu og fyrirhyggju, geti ekki unnið eins ódýrt og hinar norsku verksmiðjur, og því fullkomnari sem stofnunin verður, þess ódýrara getur hún unnið. Eg er málinu mjög hlyntur og vona að þingið greiði fyrir því sem bezt. Það sem einna helzt vefst fyrir mér er það, hvort landssjóður eða landsstjórnin eigi að nokkru leyti að standa fyrir þessu fyrirtæki, því reynslan hefir þráfaldlega sýnt, að þau fyrirtæki verða dýrust, sem rekin eru fyrir opinberan reikning. Getur verið að hyggilegra væri að landssjóður að eins heiti slíku fyrirtæki nokkrum styrk, og láni með góðum vaxtakjörum og löngum afborgunarfresti, ef prívat-menn eða félög reisi það á fót. En — af því að ekki er víst að nokkuð yrði úr byrjuninni með því móti, eða hún drægist of lengi, er máske nauðugur einn kostur að taka þann fyrri.

Eg geri ráð fyrir því, að nefnd sú, sem væntanlega verður kosin í þetta mál, yfirvegi vandlega hvorn kostinn heldur skuli velja.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg verð að láta í ljósi þakklæti mitt fyrir undirtektir þær, sem málið hefir fengið í deildinni, og tek það skýrt fram, að umræðurnar hafa orðið til þess að vekja eftirtekt manna og hugsun, svo flestir af þingdm. munu nú vera komnir að þeirri niðurstöðu, að þetta er eitt af hinum mest áríðandi málum landsins. Gagnvart því, er h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að nauðsyn bæri til að rækta landið áður farið væri að ráðast í aðrar eins nýjungar og þetta, skal eg benda á, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að landbúnaðurinn geti tekið veruleg-

um framförum er það, að mönnum geti orðið peningar úr afurðum landsins, en þetta nýmæli mundi einmitt létta undir með mönnum hvað það snertir. H. þm. tók það einnig fram, að verksmiðjuvinnan mundi reynast óholl fyrir verkamennina, en eg get ekki dulist þess, að mér finst þessi mótbára nokkuð langt sótt. Að því er snertir sambandið milli hinnar fyrirhuguðu verksmiðju og tóvinnustofnananna, skal eg taka það fram, að eg álít að þeim verði ekki vinnuvant þó hún komist á fót. Sé verksmiðjan sett á stofn fyrir norðan, getur engin hætta verið á að hún dragi frá tóvinnuvélunum á Varmá og Ólafsdal, og eins hið gagnstæða. Viðvíkjandi hinni spurningunni, er h. þm. S.-Þing. (P. J.) kom fram með, skal eg geta þess, að eg er ekki minstu ögn hræddur um, að verksmiðjan ekki muni hafa nóg að gera. Það má gera ráð fyrir að við í fyrra höfum borgað í vinnulaun til útlendra verkmanna 50,000 kr. Í ár komum við eflaust til að borga c. 70,000 kr. eða meira. Alt þetta ætti innlend verksmiðja að draga til sín, en til þess að geta það, verður hún að vera fullkomin frá byrjun, því annars getum við ekki tekið upp keppnina við útlendar verksmiðjur. Meðan tóvinnuvélarnar eru að mjakast upp á það stig, að verða svo fullkomnar, getum við allir verið dauðir, og þyrfti því að vinda bráðan bug að þessu. Ef verksmiðjan hefði dúk afgangs, gætum við vel selt hann í Danmörku í því tollskjóli, sem við höfum þar, eins og eg hefi bent á.

Gagnvart h. þm. Húnv. (Bj. S.) skal eg taka það fram, að landssjóður á ekki að vera eigandi verksmiðjunnar heldur hlutafélag, en opinbert eftirlit á að hafa með fyrirtækinu, sökum þess, að landssjóður leggur fé til þess, á hlut í því. Ef vel gengur og verksmiðjan gefur góðan arð í t. d. 10 ár, gæti landssjóður selt hlutabréf sín ef vill. Eg er sannfærður um að fyrirkomulag það, sem frumv. fer fram á, er heppilegra en að bjóða mönnum að veita lán til slíks.

Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en leyfi mér að stinga upp á að kosin sé 5 manna nefnd til að íhuga málið.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd var samþ. með 20 samhlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Guðlaugur Guðmundsson	með	22 atkv.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.	—	11 —
Klemens Jónsson	—	11 —
Pétur Jónsson	—	8 —
Valtýr Guðmundsson	—	8 —

Var síðan 1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr., (C. 36, 212); 28. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Málið var svo ítarlega rætt við byrjun þessarar 1. umr., að eg finn ekki ástæðu til að fara neitt frekara út í það á þessu stigi, en óska að eins að frumv. fái að ganga til 2. umr., og mun þá verða tími til að ræða hinar einstöku greinar frumv.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C.36, 212), 5. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eins og hin háttvirta deild sér, hefir einn nefndarmaður ekki getað orðið oss samferða. Ágreiningsatriðin eru einmitt hin sömu og mest voru rædd við 1. umr. Umræða þessi var ítarleg, svo vér getum sparað oss mörg orð að þessu sinni. Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að gera breytingu við upphæðina til undirbúnings

og stofnunar, sem getið er um í 1. gr. frv.; getur verið að upphæðin sé nokkuð ríflega tiltekin, en í frv. er komist svo að orði, að stjórninni gefist heimild til að verja alt að 5000 kr., og það er engin ástæða til að halda, að stjórnin vanbrúki þetta eða taki meira en þörf er á.

Nefndinni hefir borist áætlun frá Aðalsteini Halldórssyni um ullarverksmiðju af líkri stærð, en heldur minni en hér er áformuð. Hann gerir ráð fyrir að verksmiðja, sem vinni 50—60 þúsund pund af ull á ári, muni kosta 76 þúsund kr. Í verksmiðju þessari er áætlað að séu 10 vefstólar, þar af 4 tvíbreiðir. Árlegur kostnaður við verksmiðju þessa reiknast honum að muni verða nál. 34 þús., en arðurinn, eða það sem verksmiðjan afkastar árlega, 54 þúsund, eða 20 þúsund afgangs kostnaði. Í hinum árlega kostnaði er innifalið rentur og afborgun af stofnunarkostnaði o. fl.

Áætlun þessi er að vísu lausleg, en hún hefir þó verið oss til nokkurs stuðnings, og auðvitað verður að fá frá stjórninni upplýsingar, er bygðar séu á fastari grundvelli.

Nefndin hefir gert 2 litlar breytingar, orðabreytingar, við 2. gr. frumv. Enn fremur hefir nefndin gert breyting á orðalaginu á 4. lið í 3. gr.; við skilyrðin sjálf hafði hún ekkert að athuga. Fénu, sem til þess er ætlað, álítur hún vel varið, en til frekari tryggingar leggur hún þó til, að hæstv. lh. semji reglur fyrir stofnunina og skipi yfirumsjónarmann, er hafi eftirlit með fyrirtækinu.

Eg vil að eins drepa á eitt atriði, það, að innlent verkefni og innlendir vinnumenn sitji í fyrirúmi; þetta hefir verið tekið fram í nefndarálitinu, en ekki þótt ástæða til að binda það neinu föstu skilyrði. Eg get nú ekki álitið, að vér stöndum ver að vígi en t. d. Norðmenn hvað vinnuafl, verkefni, vinnumenn og vinnulaun snertir, eg hugsa að það verði ekki mikið dýrara en í Noregi. Séu norskir vinnumenn ódýrari, þá mætti fá þá til að byrja með.

Eg hefi ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en leyfi mér að vísa til nefndarálitsins.

Jens Pálsson: Þegar þetta frv. var til framhalds 1. umr., gekk það umræðulaust til atkvæða. Eg hafði gengið út úr salnum, og var ekki við þá mínútuna. Varð því af tækifærinu að taka til máls. Verð eg því nú að víkja að því, er eg vildi þá sagt hafa.

Með þessu frv. álít eg að þingið gangi inn á varhugaverða braut. Samkv. frv. er stjórninni gefin heimild til að verja alt að 80,000 kr. til fyrirtækis, sem ómögulegt er að segja fyrirfram hvernig fara muni. Það getur einginn sagt, hver árangurinn muni verða. Þær vonir, sem menn gera sér um fyrirtækið, geta algerlega brugðist. Slíkt fyrirtæki er alveg tvísýnt, að því er arðsvon fyrir landssjóð snertir. Mér þykir þessi stefna vera varhugaverð, jafnvel ískyggileg og hættuleg. Mér finst alls ekki rétt að ganga inn á þessa braut. Eg vil ekki gefa mitt atkvæði til þessa, því þar með gerði eg mitt til að hrinda landssjóði út á þessa braut. Til þess að slíkt væri gerlegt, yrði það að vera bygt á nauðsyn, eða þá brýnni þörf. En hér er hvorki nauðsyn né einu sinni brýn þörf fyrir hendi, þótt hvorttveggja væri haldið fram af hálfu flutningsmanns við 1. umr. Frv. þetta hefir því engan annan grundvöll að hvíla á, heldur en gróðavon, fyrst fyrir þá, sem framleiða ullina og kynnu að fá meira

verð fyrir hana, svo og gróðavon fyrir landið í heild sinni að eiga slíka stofnun, og svo gróðavon fyrir landssjóð. Á þessari gróðavon skildist mér að öll meðmælin með frumvarpinu vera bygð. Svo hefir það og verið tekið fram, að ef klæðaverksmiðja væri stofnuð, þá yki hún atvinnu í landinu. En eg get eigi séð, að það væri nema að eins fáir menn, sem þá atvinnu fengju, og er atvinnuaukinn því ekki mikilvæg ástæða. Eg vil spyrja: A þá völt og hæpin gróðavon að gefa oss heimild til að hrinda landssjóði út á þessa braut og stofna þar með landssjóði í fjárhættu? Eg segi nei.

Það hefir verið tekið fram, að héðan væri flutt mikið af ull til Noregs og unnið þar. Með þessu hafi gengið mikið fé út úr landinu. Og fyrir þennan peningastraum út úr landinu ætti að girða, með því að stofna klæðaverksmiðju. Eg mótmæli því að þetta sé út af fyrir sig gild og góð ástæða.

Mönnum þykir hagnaður að senda ullina til Noregs og þykir ódýrara að láta vinna úr henni dúka þar en hér. Og þess vegna senda þeir þangað ull sína, af því þeir sjá, að það er hagur fyrir sig. Vér sendum margt út úr landinu, og það gerum vér at því v é teljum hag fyrir oss að senda það út. Eg get ekki séð að það sé neitt verra að senda peninga til að kaupa fyrir slíka vinnu, heldur en vörur, því vörurnar sem slíkar eru sama sem peningar. Að senda ull til Noregs, til þess að láta vinna úr henni þar, er þá fyrst og fyr ekki óhagur, þegar unt er að fá ullina unna fyrir lægra verð hér í landinu. En vér höfum ekki vissu fyrir, að slíkt geti orðið, þó ullarverksmiðja þessi komist upp. Það getur verið að verksmiðjan geti ekki unnið eins ódýrt, og eg verð að telja mjög líklegt að hún geti það ekki. Ef nú að ullarverksmiðjan á samt að geta fengið nóga vinnu, þá þarf hún móti vilja sínum að halda upp samkepninni og það með skaða sínum.

Fyrir nytsemi frumv. þessa hefir enn fremur verið færð sú ástæða, að það væri mjög áríðandi að geta unnið dúka hér úr íslenzkri ull, til þess svo að senda þá til Danmerkur, þar sem enginn tollur sé þar á innfluttum dúkum héðan af landi, en dúkar tollaðir annarsstaðar að. En hve lengi verður ullarverksmiðja landssjóðs ein um hagsmunina af því tollfrelsi? Skyldu hérlendir væntanlegir keppinautar hennar ekki einnig verða þess aðnjótandi.

Útlendir kapítalistar geta og strax komið og kept við innlendu verksmiðjuna. Það getur verið, að landssjóðsverksmiðjan fyrirhugaða græði ekki eitt ár á því, að njóta þeirra hlunninda, að vera ein um hituna. Eg held það, að úr því Norðmenn eru búnir að fá tök á íslenzkri ull, og vinna svo mikið úr henni, að þá vilji þeir eigi láta hana ganga úr greipum sér. Þeir mundu heldur vinna það til, að flytja sig hingað upp til Íslands, heldur en að missa af íslenzkri ull. Ef þeir vegna þessa frumvarps flyttu sig til Íslands, þá mundi árangurinn verða sá bezti, sem gæti orðið að þessu frumvarpi. Þeir mundu koma með þekkingu inn í landið og það væri mesta gagnið, sem af frumvarpinu gæti orðið.

Það hefir verið tekið fram viðvíkjandi frumv., að þar væri farið svo varlega. Eg játa það, að sum ákvæði þess fara í orði kveðnu í varúðarátt-ina. Samkvæmt 1. gr. frv. er stjórninni veitt heimild til að verja alt að 5000 kr. úr landssjóði til þess að útvega allar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi klæðaverksmiðjunni, til þess unt sé að fá sem skýrasta og gleggsta sjón á öllu, er þar að lýtur. En það er sá galli við gjöf Njarðar, að stjórnin

getur ekki útvegað sér þessar skýrslur, án þess jafnframt að auglýsa þær væntanlegum keppinautum ullarverksmiðjunnar.

4. gr. frumv. skipar fyrir, að stjórnin semji skýrslu um rannsóknir sínar og áætlanir, og sú skýrsla skuli prentuð á íslenzku og dönsku og henni útbýtt á Íslandi og í Danmörku. Af þessu leiðir það, að þetta fyrirtæki er auglýst hverjum væntanlegum keppinaut. Það er auglýst, að landssjóður Íslands hafi fulla heimild til að verja alt að 75,000 kr. í ullarverksmiðju. þetta getur orðið mjög kröftugt meðal til að vekja spekulations-huga manna. Það mundu margir vilja komast í »kompagní« við landssjóð, til þess á sínum tíma að ná í þessar 75,000 kr. með afslætti. Frá mínu sjónarmiði er það sá eðlilegi gangur málsins, að þeir sem »spekúlera« í þessa átt, myndu gera sitt til, að láta þetta líta sem álitlegast og gróðavænlegast út, og mundu reyna að fá landsstjórnina á þá skoðun, að stofnun verksmiðjunnar væri svo álitlegt gróðafyrirtæki fyrir landssjóð og mundu ýta af öllum kröftum undir að fá stofnunina upp, til þess síðar að ná í hana fyrir lítið verð.

Landsstjórnin á að dæma um, hvernig þetta fyrirtæki muni fara í framtíðinni; það gæti hún ekki, henni yrði það ekki unt.

Eg vil taka það fram, að mér þykir þetta alt varhugavert. Þingmenn munu kannast við, að eg er ekki ávalt óáræðinn maður til framkvæmda á landssjóðs kostnað, en svo langt vil eg ekki fara, ekki svona geyst.

Þau afskifti og umráð, sem landshöfðingjanum hér er ætlað að hafa með hinni væntanlegu klæðaverksmiðju, eru svo umsvifamikil og vandasöm, að engin vissa er fyrir því, að hver sá, sem í það embætti sezt, hafi »sans« fyrir að hafa nægilegt eftirlit með slíku fyrirtæki.

Ef nú þessi klæðaverksmiðja á að geta staðist í samkepninni, þarf hún að vera svo liðug og frjáls í framkvæmdum sínum, sem slíkar þær stofnanir, sem einstakir menn standa fyrir. En það getur hún ekki orðið. Landsstjórnarafskiftin tefja og vefjast vafalaust fyrir framkvæmdunum; og fyrir þá sök eina getur svo farið, er líklegt að svo fari, og jafnvel blýtur að fara svo, að verksmiðjan standist ekki frjálsa samkepni. Það kemur einatt fyrir við slíkar stofnanir, að gjöra þarf bráðar ráðstafanir og taka skjótlega nýjar ákvarðanir. Ætli afskifti landsstjórnar gætu þá ekki orðið til tafar, og slíkar tafir gert mikið ógagn.

Það er eitt, sem eg finn að frv. enn þá. Eg hefi sýnt fram á, að þegar búið sé að reisa þetta stórvaxna fyrirtæki, þá gætu komið kraftamiklir keppinautar eða þá önnur þau atvik, sem geri það að verkum, að »aktiurnar« lækki í verði; í frv. er ekki nein ákvæði um það, hvað landssjóður á þá að gera, hvort hann á að selja hlutabréfin, eða hann á að eiga þau áfram, hvað mikið sem þau falla, þó svo þau falli niður í 50%, 10% eða jafnvel 0%.

Enn þá er eitt, sem að vísu er aukaatriði, en sem verður að hafa hliðsjón af. Hér á landi eru á 3 eða 4 stöðum komnir á stofn vísirar til ullarverksmiðju. Að vísu eru þeir í smáum stíl enn þá, en tvær af þessum verksmiðjum að minsta kosti hafa þegar fengið sér talsvert fullkomin verkfæri. Þessar verksmiðjur eru sumpart eign einstakra manna og sumpart hvíla þær á ábyrgð sýslufélaga. Þessar verksmiðjur hafa nóg að vinna við að spinna lopa og band. Það hefir ekki verið

hugsað hærra. En nú er ein þeirra eða fleiri í þann veginn að fara að vefa, þæfa og lóskera. Ef ætti nú að fara að setja hér á stofn stóra ullarverksmiðju, þá væru mikil líkindi til, að þessar smávöxnu stofnanir, sem fyrir eru, færu á höfuðið. Eg vil það ekki. En eg vil aftur á móti lofa þessum litlu stofnunum að vaxa og þróast eftir eðlilegum gangi. Eg vil lofa þeim að vaxa, svo þær með tímanum geti orðið að stórum ullarverksmiðjum. Það væri sá eðlilegi gangur. Vöxturinn verður að vera eðlilegur, ef maður á að geta haft von um hagnað, og ef verksmiðjurnar eiga að geta orðið fastar og rótgrónar.

Þessi verksmiðja, er frv. talar um, getur orðið banatilræði við þessa litlu verksmiðjuvísira, sem í landinu eru. En þeir verða að vaxa, og þess vegna tel eg það ilt, ef frumv. nær fram að ganga.

Að þessu sinni vil eg ekki nefna fleiri atriði; en þetta, sem eg hefi nú tekið fram, gerir mig hræddan og deigan við frumv.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg á erfitt með að svara ræðu h. þm. Dalam. (J. P.), því hún var töluð svo á víð og dreif og lítið um röksemdir. Eg skal byrja á því, sem hann endaði á. Hann sagði að það væri rangt, að setja svona fyrirtæki á stofn, því tóvinnustofnanir þær, sem nú eru til, ættu að vaxa og þróast, svo að þær gæti leyst þetta verk af hendi, en þær féllu burtu. En þessi vegur mundi vera óheppilegur. Við vitum að það streyma frá landinu 50—100000 kr. árlega til Noregs í vinnulaun nú þegar. Þetta er árlegur stór skaði, og hvað lengi á maður að bíða eftir vexti og viðgangi þessara stofnana? Þær eru auk þessa, í öllu falli tvær af þeim, á óhentugum stöðum fyrir svo stórt iðnaðarfyrirtæki. Vinnustofnunin á Akureyri stendur þar bezt að vígi. En hvað margir tugir þúsunda verða farnir út úr landinu fyrir vinnu, sem við getum sjálfir leyst af hendi, ef bíða á eftir þessu.

Hann hélt því fram, að eg hefði lagt alla áherzlu á, að þetta væri gróðavon fyrir stofnunina sjálfa, og gjörði mikið úr, að það væri ómögulegt að sanna það fyrirfram. Þetta er sprottið annaðhvort af misskilningi eða rangfærslu. Hvernig á að sanna slíkt fyrir fram? Það er ómögulegt, það viðurkennir frv. líka, og þess vegna er farið fram á, að láta stjórnina rannsaka, hvernig því verði hagað á sem beztan hátt. Hinsvegar liggja atvik svo, að álíta má, að hér sé að ræða um mikla hagsvon, ekki fyrir stofnunina einungis, heldur fyrir landið í heild sinni.

Það lítur út fyrir að h. þm. hafi lesið 2. gr. frumv., eins og viss persóna les bibliuna. Framkvæmd af hálfu stjórnarinnar er bundin því skilyrði, að hún áliti málið heillavænlegt, annars getur hún látið vera að setja það á stað, og eg er fyllilega sannfærður um, að stjórninni er tiltrúandi að fara nægilega gætilega, fremur hætt við að hún fari of gætilega. (*Jón Jensson*: kastið allri yðar áhyggju upp á hana). Já, eg vil heldur kasta minni áhyggju upp á stjórnina í þessu máli, en h. þm. Rvk. (Jón Jensson).

Eg veit að hún hefir betri tök á að undirbúa það, og hún hefir sjálfsagt meiri vilja á að koma því í rétt horf en h. þm. Rvk. (J. J.) Hver skaði það er fyrir landið að borga fram undir 100000 kr. árlega út úr landinu fyrir vinnu, sem landið getur sjálft af hendi leyst, það sér hver óblindur maður.

H. þm. Dalam. talaði um, að hér væri lagt út í óskyggilega og hættulega leið.

Það kom mér dálítið undarlega fyrir, að heyra þau orð af munni þessa þm.

Fyrir fáum árum heyrði eg hann tala hér mjög hjartnæmt fyrir því, að lagðar yrðu 400000 kr. í fyrirtæki, sem allir álitu hættulegra, eg á við, til að kaupa gufuskip fyrir landssjóðs reikning, og þá voru þeir kallaðir landráðamenn, sem álitu glæfraráð að leggja út í slíkt, að eg ekki minnist á járnbrautina. Nú, þar sem spurning er um tífalt minna fé, og tilgangurinn er að leggja það í fyrirtæki, sem fyrirsjáanlega er til þess að bæta atvinnu í landinu, þá talar þessi sami h. þm. um, að það sé ískyggileg og jafnvel hættuleg leið.

Þetta og þvílíkt spillir engu máli, því það getur varla verið runnið af þeim rökum, að menn séu fjarskalega heitir fyrir því að spara landssjóði fé, heldur hlýtur að vera sprottið af því, að menn af skammsýni vilji spilla málinu. Annars hefi eg ekki vit á því, hvernig h. þm. kemst að þessari niðurstöðu, það gengur langt yfir minn skilning. Að það verði hagur fyrir landið, ef slík stofnun kemst á, það mun hver óblindur maður sjá. Nú er mikilli vinnu eytt hér á landi að óþörfu og að gagnslausu, í tóvinnu með kömbum og rokk. Margar þær hendur, sem nú eru fastar við þá vinnu, og ekki fæða vinnendur, mundu losna, og mundu geta stundað annað, ef að slíkar stofnanir kæmust á fót. Þær yrðu atvinnulausar, sagði hinn h. þm. Það sýnir að hann er ófróður um, að þetta hefir alt af verið sagt, þegar verkvélar hafa komið upp, og alt af reynst alveg rangt. Þessi skoðun klingdi á Frakklandi þegar silkivefstólarnir komu upp þar. En því meira sem afkastað er, því meira vex atvinnan og velmegunin. Þá mintist hinn h. þm. Dalam. (J. P.) á, að tollfrelsið á dúkum héðan í Danmörku mundu einnig aðrar verksmiðjur hér geta notað. En hvaða skaði væri það, þó það kæmu aðrar verksmiðjur, sem jafnframt notuðu þennan hag; eg sé ekki að það þurfi að skaða þetta fyrirtæki. Það kom fram eitthvað svo vandræðalegur hugsunarháttur í ræðu h. þm. Dalam., þar sem hann var að tala um, að við mættum ekki hreifa okkur til að koma slíku á fót, við ættum að bíða eftir því að Norðmenn kæmu því á fót.

Þetta er sú framkvæmda og vonleysisstefna, sem eg aldrei hefi orðið var við hjá honum áður, það segi eg honum til hróss. Hann vill ekki að við reynum að hafa þennan hagnað, en ætlast til, að aðrar þjóðir verði okkur fljótari til og grípi þessa atvinnu við nefið á okkur, af því að við nennum ekki að stríða okkur til bjargar.

Þá mintist hann á, að skýrsluna um rannsóknir og áætlanir stjórnarinnar eigi að prenta á íslenzku og dönsku, og útbýta henni á Íslandi og í Danmörku; þetta væri til að auglýsa frumvarpið. Þetta er gjört einmitt með það fyrir augum, að geta fengið þær 75,000 kr., sem landssjóður ekki leggur fram, utanlands, ef þær ekki fást hér í landi. Landsstjórnin getur haft hönd í bagga með fyrirtækinu, hvaðan svo sem féð kemur; þetta er gjört til að ýta undir menn, til að leggja fé í fyrirtækið.

Hvernig svo sameigendurnir að hlutafénu geta farið að því, að eyðileggja »aktiurnar« í sínu eigin fyrirtæki, skil eg ekki. Slíkt eru ekki röksemdir, heldur viltir draumórar. Auk þess er fyrir slíkt girt með skilyrðunum um eftirlitið í 2. gr.

Eg get ekki séð að nein ástæða sé til að taka það fram í frumvarpinu, hvað landsstjórnin ætti að gjöra, ef hlutabréfin féllu í verði. Allar þess háttar ráðstafanir eru ætlunarverk stjórnarnefndarinnar.

Það getur verið, að eg hafi ekki tekið nægilega vel eftir ræðu h. þm. Dal-

(J. P.) og því hlaupið yfir einstöku atriði, en eg vil taka það enn fram, að hér er um að ræða, að skapa stórkostlega atvinnugrein í landinu, sem getur orðið því til mikilla hagsmuna.

Jens Pálsson: Eg vildi að eins svara nokkrum orðum hinum ýmsu órökstuddu staðhæfingum h. frsm. (Guðl. G.), sem annaðhvort eru sprotnar af því, að hann ekki hefir skilið mig eða ekki viljað skilja mig, en stóryrði hans og svígurmæli í minn garð ætla eg ekki að eltast við; eg veit að það er kappið, sem kemur honum til að tala þannig, svo góður ræðumaður sem hann er.

Hann sagði, að tilgangur frumv. væri að hefta þann peningastraum, sem nú gengi út úr landinu fyrir ullarvinnu til Noregs, og halda honum í landinu sjálfu, og bar mér á brýn sljóskygni, að eg skyldi ekki geta séð hvaða hagur það væri. En eg vil segja honum það, að ef peningarnir fara út úr landi til þess að sækja hag handa landinu, og koma aftur með ígildi sitt og nógu háa vöxtu í viðbót, þá mega þeir fara. Sú hagfræðislega villukenning, að halda beri peningum blýföstum í landi, er fyrir löngu til dauða dæmd, sem hagfræðislegur hégómi. Ef þeir fara burt til þess að sækja verulegan hagnað handa okkur, þá streyma þeir burt eftir eðlislögmáli viðskifanna, þeir mega fara og má ekki stöðva þá, nema þeir færi oss meiri arð kyrsettir.

Þessi verksmiðja, sagði hann, gerði það að verkum, að það sem Norðmenn ynnu nú fyrir okkur, gætum við unnið sjálfir. Látum það svo vera. En er þá víst að við getum gjört það eins ódýrt, það held eg sé ekki sannað. Getum við það ekki, þá er ekkert unnið. Hann gekk út frá því við 1. umr., að senda mætti dúka til Danmerkur, en nú vildi hann ganga frá því, og hélt sér einungis að því, að verksmiðjan ynni fyrir landsmenn sjálfa, en keypti ekki sjálf ullina. En ef hún vinnur að eins fyrir landsmenn sjálfa, og þá kostar eins mikið að láta hana vinna eins og að senda ullina til Noregs, og láta Norðmenn vinna hana, hvar er þá ábatinn fyrir þá, sem ullarvinnuna kaupa? Mér kann að verða svarað: »ullarvinnan í íslenzkri verksmiðju á að verða ódýrari fyrir þá skuld, að miklu verður skemra að flytja að henni og frá en að og frá verksmiðju í Noregi«; en ef vinnan alls og alls verður ekki ódýrari heldur máske dýrari, hver er þá ágóðinn fyrir þjóð og land? Þá er ekkert annað til hagnaðar að telja fyrir alþýðu en að nokkrir menn, segjum 20, fengju atvinnu við verksmiðuna, og svo mætti leggja eitthvert útsvar á hana. En ef til vill gæti stofnunin sjálf grætt, já — ef til vill, — eg er hræddur um að hún yrði að vinna svo ódýrt, að hún ekki græddi að mun, og ef hún svo tapaði, hvað þá? En gerum nú ráð fyrir að alt gengi vel fyrst í stað; en svo geta komið duglegir keppinautar, og ófyrirséð óhöpp og erfiðleikar, og að skilyrðin fyrir þrifum stofnunarinnar breytist. Er nú ráðlegt að setja landssjóðsfé í slíkt fyrirtæki, úr því búast má við því þá og þegar, að hlutabréfin falli í verði. Hinum h. framsm. (Guðl. G.) fanst þessi lög vera nóg trygging fyrir allri hættu. Þau væru heimildarlög, og gerðu ljósa grein fyrir, að svo væri til ætlast, að landsstjórnin legði því að eins út í þetta fyrirtæki, að hún væri sannfærð um, að það væri arðberandi. En með allri virðingu fyrir landsstjórninni, þá er mér þetta ekki nægilegt, því hún yrði að sjá með annara augum, og tryggingin því ekki mikilsvirði.

Hann sagði, að eg hefði lesið illa 2.

gr., en eg get fullvissað hann um, að eg hefi lesið hana vel og rétt og skilið hana. Eg hefi gjört mér það skiljanlegt, að stjórninni er að eins gefin heimild, en eg tel varúðarvert, og enda hættulegt, að veita stjórninni heimild til að verja fé landssjóðs til svona fyrirtækja. Þá fór hann að lesa upp um framkomu mína í öðrum málum á fyrirfarandi þingum, og kvað framkomu mína nú í þessu máli vera ósamrýmanlega framkomu minni t. d. í eimskipaútgerðarmálinu, þegar kom til tals að kaupa gufuskip. En það var aldrei meining samgöngumálanefndarinnar, að skipið, sem hún vildi láta byggja nýtt og vandað handa landinu, þyrfti að verða einskis virði. Landsskipið var nú aldrei keypt heldur leigt. Mig mun aldrei iðra þess, þó eg væri því máli fylgjandi. Það var að vísu nokkuð djarft fyrirtæki, og kostaði töluvert, en fyrirtækið var beinlínis nauðsynlegt. Félagið, sem strandferðirnar rak, hafði sýnt, að það vildi ekki taka tillit til vilja þingsins, svo það var nauðsynlegt að sýna einu sinni, að ekki stæði alveg á sama, hverju við værum beittir. Eimskipaútgerðin bar líka góðan árangur; þær hagkvæmu ferðir, sem vér höfum nú, eru óbeinn árangur af þeirri útgerð, og mun enginn nú framar efast um, að hún hafi þannig fyllilega borgað sig.

Hann sagði, án þess þó að leiða það út úr ræðu minni, að eg talaði móti málinu, ekki af áhuga fyrir hag landssjóðs, heldur að eins af áhuga fyrir að fella málið. En þessu vísa eg frá mér sem algjörlega röngu. Eg óska af heilum hug, að hér gæti komist á fót slík verksmiðja, sem væri alinnlend, en eg vil að það sé privat fyrirtæki, og fyrir mér mætti það gjarnan vera Norðmaður, sem fyrir henni stæði, aðeins ef hann væri hér búsettur og ynni sitt verk hér.

Þá taldi hann það ástæðulausa grýlu af mér, að vera hræddur við keppinauta. Það er þó sannreyndur hlutur, að privat interesse verður að leiða slík fyrirtæki út í yztu æsar, og vera ein um hituna, ef þær eiga að standa eins vel að vígi í samkepninni, eins og privat fyrirtæki með jöfnu fjármagni.

Þá taldi hann það eina fjarstæðuna hjá mér, að óprútnir og slungnir fjárspekúlantar kynnu að reyna að koma fyrirtækinu á kné, til þess síðan að svelgja það í sína fjárgróðahít, þegar aktíurnar væru fallnar nóg í verði. Slíks eru mörg dæmi, frá öðrum löndum, í líkum tilfellum. Eg þarf ekki að tína slík dæmi til, því hér er um það að ræða, sem hverjum þingmanni er kunnugt. Að minsta kosti veit hver einasti þingmaður, að auðmenn beita oft slíkum brögðum; hve oft hafa t. d. hinir svo nefndu járnbrautakóngar komið því til leiðar, að hlutabréf keppinautanna hafa fallið í verði, til þess svo að geta svelgt alt í sig sjálfir. Eg vona því að allir h. þm. sjái, að eg fer ekki með neina fjarstæðu. Mismunurinn á mínum skoðunum og meiri hluta nefndarinnar er sá, að þeir vilja heimila landsstjórninni, að láta landssjóð koma þessari stofnun á fót, og reka hana með talsverðu fé, en það álít eg óheppilegt, því hættan geti verið talsverð, en engin brýn þörf, því síður nauðsyn, fyrir hendi. Þótt því hefði verið haldið fram, að þessi heimildarlög séu hættulaus, í þessu frumv. sé fullkominnar varúðar gætt, þá þykist eg nú hafa sýnt fram á, að frumv. feli í sér áhættu; og nú fullyrði eg, að landssjóður getur ekki án áhættu lagt 80 þús. kr. í fyrirtæki, sem vegna afskifta og eftirlits landsstjórnarinnar hlýtur að verða tafsam-

ara og stirðara, en ef fyrirtækið væri í einstaks manns höndum, sem væri duglegur og framtakssamur. En ef það stæði ver að vígi en í einstaks manns höndum, þá er auðsæ hættan á því, að ekki fari vel. Loks vil eg segja h. framsm. (Guðl. G.) það, að þó eg kunni að vera, eins og mér virtist hann gefa í skyn, ákafamaður til stórfyrirtækja, eða kannske loftkastalamaður, að þá er þessi ullarverksmiðjukastali, sem hér er farið fram á byggja úr fé landssjóðs, of hár fyrir mig; og það vil eg segja, að hafi eg »siglt í loftballón«, þegar eg vildi leyfa útlendingum að leggja hér járnbrautarstúf fyrir sína eigin peninga, eða þegar eg vildi láta landið eignast skip, þá siglir nú háttvirtur vinur minn, þm. V.-Sk., á engu traustari ballón, þar sem þessi landssjóðsullarverksmiðja er, og eg vil ekki fara upp í þennan ballón, því eg óttast að hann muni á sínum tíma springa.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Eg vil svara h. þm. Dal. (J. P.) nokkrum orðum, út af athugasemdum þeim, er hann gjörði við frumv., enda þó það verði mest endurtekning á því, er eg hefi sagt áður. Eg hefi tekið það fram, að þær grýlur, er hann gjörði úr því, að hlutabréfaeigendur gætu spekúlerað í því, að láta hlutabréfin falla, til þess að græða á því, geta átt við öll hlutabréf, svo eftir því ætti enginn að þora að mynda neitt hlutafélag. En þótt einstakir menn hafi beitt því, að láta hlutabréf falla sér til gróða, þá er það að eins hlutabréf keppinautanna, en eg hefi aldrei heyrt, að því hafi verið beitt, til að fella hlutabréf sinna eigin samfélaga, og þykist eg þó vera eins kunnugur þessu og h. þm. Dal. (J. P.).

H. þm. sagði, að þetta fyrirtæki mundi ekki hafa alþjóðlega þýðingu fyrir okkur og atvinnu vora, og hjó eg eftir þessu orði, því mér fanst það á svo veikum rökum bygt, þar sem klæðaverksmiðjan mundi einmitt breyta ólaginu á vinnunni og stórkostlega stöðva peningastrauminn út úr landinu, þá sé eg ekki betur, en að það hafi almenna þýðingu.

H. þm. sagði og að það væri til einkis skaða að senda peninga út úr landinu, ef vér fengjum aðra vöru í staðinn.

Eg vil benda honum á, að þetta er ramskökk kenning, þegar landið getur sjálft framleitt það, sem keypt er að frá útlöndum; því að það er gömul setning sem raskast ekki af neinni þjóðmegunarfræði, að »holt er heima hvað«. Það er betra að fá hlutinn unninn heima, því peninga fær enginn fyrir ekki neitt. Eg var ekki með orðum mínum að drótta því að h. þm., að hann væri þektur fyrir að vera sérlegur varhugaleysismaður eða loftballónamaður, þótt hann hafi mátt heyra það úr öðrum áttum, enda held eg hann hafi oft komist út í voðalegri ballór en þetta, og einn eða tveir þeirra sprungið undir honum, og er hann þó við viðunanlega heilsu enn.

Þetta er aftur á móti ekkert ballónsfyrirtæki, því hér er settur varnagli við. Gangi fyrirtækið vel, mundi margur vilja kaupa hlutabréf landssjóðs, og eg efa ekki, að landssjóður mundi vilja selja hlutabréf sín, ef hann fær selt þau með fullu verði, og honum gefst færi á að láta reka fyrirtækið af einstökum mönnum. Það er hér ekki aðalatriðið, að láta landssjóð taka þátt í fyrirtækinu, heldur er orsökin til þess, að þessi leið er farin, að einstakir menn geta naumast komið henni á fót, og það er því nauðsyn, sem knýr landssjóð til að blanda sér í þetta, en alls ekki spekúlationsandi, og það er engum vafa bund-

ið, að landssjóður dregur sig út úr og selur hlutabréf sín undir eins og fyrirtækið er komið svo vel á legg, að einstakir menn vilja reka það.

Þrátt fyrir mótmæli h. þm. Dal. (J. P.), er eg sannfærður um, að fyrirtæki þetta er hagvænlegt og mundi gefa verulegan arð, og að það mundi hafa mikla þýðingu fyrir landið og opna nýar og arðvænlegar brautir til framfara.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 : 4 atkv.

1. breyt.till. við 2, gr. samþ. án. atkvgr.

2. breyt.till. við 2. gr. sþ. með 14 : 2 atkv.

2. gr. frv., breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. við 4. lið 3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr., breytt, samþ með 14 atkv. gegn 2.

4. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 5.

Þriðja umr. (C. 314), 7. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. var samþ. með 14 atkv. gegn 3 og afgr. til Ed.

Aðflutningsgjald af kynjalyfjum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 7. nóvbr 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febrúar 1876 og tilsk. 26. febrúar 1872. (Frumv. til laga um aðflutningsgjald af kynjalyfjum [arcana] (C. 76, 109), 1. umr. 18. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og h. deild mun sjá, er þetta frv. komið fram í þeim tilgangi að hefta aðflutning kynjalyfja til Íslands. Öllum þeim, sem nokkuð þekkja til hér á landi, eða sem litið hafa í blöðin, hlýtur að vera það kunnugt, að kynjalyf eru mjög farin að flytjast hingað til lands, og eg vona að allir séu samdóma um það, að aukinn innflutningur á þeirri vöru sé landinu sízt til framfara. Tollmálanefndin hefir með frumv. þessu ætlað að reyna að frelsa þjóðina eftirleiðis frá innflutningi lyfja þessara, og því lagt til, að svo hár tollur yrði lagður á þau, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi léti sér detta í hug að flytja þau inn í landið. Þessi kynjalyf eru þess eðlis, að þau eru engum til góðs, nema þeim sem búa þau til, til þess að auðga sjálfa sig en féfletta fáfróðan almenning.

Eg skal geta þess, að það er töluvert vandasamt að búa til frumv., slíkt sem þetta, svo öllum líki, og svo að ekki sé hægt að fara kringum lögin, og getur vel verið, að hér sé strandað á einhverju skerinu, en eg vona að h. deild íhugi málið vandlega, og að breyt.till. komi fram, ef einhverjum kynni að detta annað betra í hug en hér er farið fram á. Það gæti verið, að frumv. þetta stuðlaði að því, að gjöra tollgæzluna enn erfiðari en hún er nú. En viðvíkjandi því skal eg geta þess, að tollmálanefndin hefir hugsað sér að undirbúa frumv., þar sem gert er ráð fyrir, að tollgæzlan eigi að geta orði betri og tryggari en hún er nú.

Sighvatur Arnason: Eg skal ekki fara langt út í þetta mál á þessu stigi, en minnast að eins á, að mér virðist það blasa beint við, eins og líka h. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram, að frv. þetta stefni að því að afnema með öllu að-

flutning kynjalyfa til landsins. Eg er að vísu ekki mjög trúaður á kynjalyf, en óneitanlegt er það þó, að mörgum hefir fundist þau verða sér að góðu, og hafa þess vegna trú á þeim, og er því sízt að neita, að svo kunni að hafa verið. Í annan stað er það mín meining, að eg vil á engan hátt vera með í því að búa til þvingunarlög, og úr því á annað borð er verið að búa til tolllög, þá vil eg að þau séu, að svo miklu leyti sem mögulegt er, þannig úr garði gerð, að þau útvegi landssjóði einhverjar tekjur, en þetta frumv. miðar ekki að því. Eg hefi því leyft mér að koma með br.till., sem fer fram á að tollurinn sé færður niður í 50 au., bæði til þess, að þeim, sem trú hafa á kynjalyfjum, verði þó fært að kaupa þau, og líka til þess, að von sé um að landssjóður geti þó auðgast dálítið við tollinn af þeim.

Þórður Guðmundsson: Eg skal þegar taka það fram, að eg er ekki með öllu samþykkur frumv. þessu, þótt eg geti fallist á það í mörgum atriðum. Skal eg þá fyrst benda á það, að eg efast um að tollgæzla sú, sem hér er farið fram á, sé framkvæmanleg, og í öðru lagi álít eg að það sé ein tegund kynjalyfja, sem ætti að vera undanþegin tolli þessum, það er Kína-lífs-Elixir. Eg álít að það sé ekki rétt, að gjöra mönnum svo fjarska erfitt fyrir með að eignast hann, því að eg get fært dæmi til þess, að hann hefir læknað fólk, eða það hefir trú á því að hann lækni það, og eg veit að allopatar hafa í mörgum tilfellum ráðlagt þetta lyf. Að vísu skal eg ekki dæma um, hvort þetta lyf er heilsusamlegt eða ekki, en margir hafa trú á því, og það er nóg. Eg tók það fram, þegar skottulæknafrumv. sáluga var hér fyrir deildinni 1897, að það kæmi fyrir eitt, hvort menn læknuðust af meðulum eða fyrir trú sína, og hið sama segi eg enn. Vér vitum það líka að mixtúrur, plástrar, pillur og önnur kynjalyf hinna heiðruðu lækna hafa ekki öll mikil áhrif á heilsuna, og dettur þó víst engum í hug að fara að tolla þau eða banna.

Eitt atriði er víst; frumv. þetta stefnir ekki að því að auðga landssjóð, því ef þessi hái tollur er lagður á kynjalyfin, þá kaupir enginn maður þau. Að mínu áliti er óheppileg stefna nú að ryðja sér til rúms á þinginu, sú stefna að tolla alla hluti, mögulega og ómögulega. Þetta stefnir að því að leggja óeðlileg bönd á verzlunina, og það mun sannast, að það verður átumein í efnum landsbúa. Það getur aldrei orðið til þess að hefja þjóðina upp, að skerða frelsi einstaklingsins, en margt af þessum tollfrumv. stefnir einmitt í þá átt. Hjá öllum hefir sú reyndin orðið, að skerðing á frelsi einstaklingsins hefir orðið til þess að draga þjóðina niður, en aukning þess hafið hana upp; það þurfum vér vel á oss að setja við löggjafarstarfið.

Eg hefi ásett mér að koma með breyt.till. til 2. umr. um að undanskilja »Kína-lífs Elixír« tolli; reyndar býst eg ekki við að hún muni fá góðan byr, en mín sannfæring er, að svo eigi að vera, og það er mér nóg.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg er ekki samdóma stefnu frumv. þessa að öllu leyti. Í einu er eg því þó samdóma, en til þess að fá það fram, hefði ekki þurft að flytja eins ítarlegt frumv. og þetta er; það hefði ekki þurft annað en gjöra lítilfjörlega breyting á lögunum um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Það eru til landshöfðingjaúrskurðir fyrir því, að hinir svo nefndu bitteressensar skuli undanþegnir tolli, en í sjálfu sér er það alveg rangt, að svo

skuli vera. Undir þessa bitteressensa heyra flest öll fljótandi kynjalyf, sem flutt eru hingað til lands, og tollmálastjórnin danska tekur þau oft upp á tollskrár sínar. Eg held það hefði verið nóg, að tollmálanefndin hefði komið fram með tillögu um, að lögunum um toll á áfengum drykkjum væri breytt þannig, að allir bitteressensar yrðu og tollskyldir; þetta væri þörf breyting, og mundi ekki verða mjög umsvifamikil, því að eg tel víst að tollmálastjórnin danska mundi verða fús á að styðja tolleftirlitið með því að taka þá upp á tollskrár sínar. Lengra en þetta ætti að minni skoðun ekki að fara.

En hvað snertir hinn flokk kynjalyfjanna, þá get eg ekki verið samdóma h. þm. (Þ. Th.), því að eg álít að mörg þau lyf, sem læknar brúka daglega, megi alveg eins kallast kynjalyf, eins og það, sem hér er nefnt svo, að því leyti, að læknarnir vita eigi sjálfir glögglega, eða jafnvel alls eigi hvernig á því stendur, að þau hafa þær verkanir, sem þeir trúa að þau hafi, og þeim þykir reynslan sýna að þau hafi.

Að fara að leggja toll á það, sem kallað er kynjalyf, án þess að nokkur skýr takmörk séu sett fyrir því, hvað sú hugmynd skuli ná yfir, og að láta svo héraðslæknana eiga að ákveða þessi takmörk, þar sem vafasamt er, það hlýtur að mínum skilningi að leiða til margs konar vafninga og jafnvel ranglætis.

Eg vil því óska þess, að h. nefnd taki frumv. aftur, en komi svo fram með tillögu þá um breyting á lögunum um toll á áfengum drykkjum, sem eg mintist á.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg hélt að frumv. þetta mundi fá aðrar undirtektir en raun hefir á orðið. Þó þurfti mér ekki að koma mjög á óvart undirtektir h. þm. Rangv. (Sighv. A. og Þórð. G.) undir það, því að eg hafði reynsluna fyrir mér frá síðasta þingi fyrir því, að þeir væru trúaðir bæði á kynjalyf og skottulækna. En lítinn heiður tel eg það fyrir kjördæmi þeirra, að verða fyrir því, að eiga á þingi slíka hjátrúarmenn á öll kynjalyf og skottulækna. Annar þeirra vill lækka tollinn á kynjalyfjunum, til þess að fólki sé þó ekki fyrirmunað að fá þessi dýrindis djásn, en hinn vill með öllu undanskilja Kína-lífs-Elixír tollinum. Eg vil skjóta því að h. þm (Þórði G.), hvort hann vilji ekki láta prenta á sérstöku blaði ræðuna sem hann hélt áðan. Eg get ekki öðru trúað en að hann fengi fyrir hana 2—3 flöskur af Kína-lífs-Elixír hjá Valdemar Petersen í Friðrikshöfn, því að hún ætti sízt að vera verri meðmæli með honum en ýms af vottorðunum, sem blöðin flytja, og sem miða að því að svíkja fé út úr almenningi.

H. þm. Rangv. (Þórð. G.) talaði um, að hér ætti að leggja haft á frelsi manna. Það er að nokkru leyti satt. En eg get ekki annað skilið en að h. þm. játi, að höft á frelsi manna séu alveg réttmæt, þegar þau eiga að fyrirbyggja það, að menn gjöri eitthvað sér til skaða og skammar. Eg er viss um að flestum kemur saman um það, að ef einhver er svo mikill drykkjumaður, að hann gjörir tjón með drykkjuskap sínum, ekki að eins sjálfum sér heldur og öðrum, þá væri í sjálfu sér alveg rétt að takmarka drykkjuskaparfrelsi hans, og það er nokkuð kynleg skoðun á frelsi, að rangt sé að svifta slíkan mann færi á að geta haldið ofdrykkunni takmarkalaust áfram. Eg er viss um að h. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þórð. G.), sem sjálfsagt hafa báðir verið hreppsnefndaroddvitar, mundu eigi telja það óhæfilegt haft á frelsi annara, þótt þeir tæku ráðin af þeim

barnaföður í sveit þeirra, sem drykki svo mikið af brennivíni eða Kína-lífs-Elixír eða öðrum kynjalyfjum, að hann gæti ekki fyrir þá sök séð fyrir sér og fjölskyldu sinni.

Eg verð að vera algjörlega á móti því, að tollurinn sé settur lægri en frv. fer fram á, því að með því tapaði frv. tilgangi sínum, og síðari villan yrði argari en hin fyrri, því að það yrði varla til annars, en að menn gæfu enn meira fyrir þessa vitleysu en þeir gjöra nú, en mundi lítt hefta kaup á kynjalyfjunum. Það getur auðvitað komið fyrir, að læknar ráðleggi eitthvert af lyfjum þessum, en það er engan veginn af því að þau séu hið einasta lífsins balsam, sem við eigi, heldur af því, að annað er þá ekki við hendina, eða af því að viðkomandi stingur sjálfur upp á því, og læknirinn vill gera honum til geðs, þar sem hann sér að það muni ekki beinlínis skaða, en getur búist við að trúin á lyfið kunni að verka bata, og þá vill hann lofa sjúklingnum að taka þessa trú inn í Kína-lífs Elixír.

Eg er ekki samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að frumv. þetta sé óþarft, því þótt gengið væri inn á þann veg, sem hann stakk upp á, þá væri ekki hægt að koma nærri öllum kynjalyfjum inn undir lagaákvæðin; skal eg þar benda á Voltakrossinn *(Guðlaugur Guðmundsson*: Er hann lyf?). Já hann er meðal, og meðal er sama sem lyf. Hitt get eg fallist á, að það kunni að vera eitthvað athugavert við að fela héraðslæknum og landlækni á hendur, að skera úr hvað séu kynjalyf og hvað ekki, en það mætti þá koma með breyt.till. í þá átt, að það skuli falið á hendur þessum lögreglulæknum.

Landshöfðingi: Eg verð að taka undir með h. þm. V.-Sk., að stefna frumv. er að mörgu leyti góð, en talsverðir gallar á því, eins og hann tók fram. En aðalgallinn er þó sá, að vafningar hljóta að verða á því að ákveða, hvað séu kynjalyf eður kynjalyf ekki. Orðið er nýgjörvingur í lagamálinu og því ekki gott að viðhafa. Það spillir og til að héraðslæknar eiga að skera úr, hvað sé kynjalyf, og ef til kemur, landlæknir. Það er það almennasta, að þegar ágreiningur verður um skilning lagaboðs, sérstaklega um það, hvort einhverjum beri að inna eitthvert gjald af hendi, þá beri það undir dómstólana að skera úr, hvort hlutaðeiganda beri að borga eða ekki, og í þessu efni mundu þeir eflaust, áður en þeir kvæðu upp úrskurð sinn, leita álits læknis. Það er oft sem dómstólarnir verða að skera úr málum, sem snerta læknisdóma og heilbrigði manna, þannig er það dómstólanna að skera úr, ef lyfsali kærir kaupmann fyrir að hann verzli með lyf, sem lyfsalar hafa einkaleyfi til að selja.

Með tilliti til þess, sem eg sagði áðan, að ervitt mundi að ákveða hvað væri kynjalyf eða eigi, þá skal eg geta þess, að mér er ekki ljóst hvar takmörkin eru milli kynjalyfja og homöopatha-meðala, það getur verið að takmörkin séu glögg fyrir þá, sem meðalafróðir eru, en mér er ekki ljóst hvar þau eru. Það er sömuleiðis margt, sem kaupa má á apóteki, sem þó mætti sjálfsagt telja til kynjalyfja, t. d. ýmsar pillur og því um líkt. Mér er t. d. kunnugt um, að Brandrethspillur eru mikið keyptar á lyfjabúðum, og verða þær þó víst að teljast kynjalyf. Af hverjum lyfjum ættu svo apótekarar að borga toll og af hverjum ekki? Eg fyrir mitt leyti hallast helzt að tillögu h. þm. V.-Sk., að réttast sé að láta sér nægja að tolla elixíra og bitt-

era, en af öðrum kynjalyfjum mun varla svo mikið keypt, að hættulegt sé, eða tollurinn muni landssjóðinn nokkru.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg skal benda á, að ef h. deild álítur það heppilegra, og það gæti orðið til betra samkomulags, að þá er til einn vegur, og hann er sá, að telja upp þau lyf, sem helzt ætti að tolla, og mætti þá síðar bæta við, jafnóðum og þau færu að flytjast. Ef þinginu þætti þetta heppilegri vegur, og ef svo væri, að margir væru sömu skoðunar sem hæstv. landsh., að ervitt væri að ákveða hvað kynjalyf væri eður eigi, þá mun nefndin taka það til athugunar til næstu umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., (C. 76, 109, 117); 21. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal benda á, að verði breyt.till. mín á þgskj. 117 samþykt, þá er frumv. eiginlega fallið burt. Það er talsverð ástæða til að tolla »bittera« og fram á það fer eg. En frumv. álít eg, eins og það liggur fyrir, óframbærilegt og óframkvæmanlegt sem toll-lagaboð.

Þórður Guðmundsson: Eg hafði að vísu gefið í skyn, að eg mundi koma með breyt.till. við 1. umr., en hefi fallið frá því aftur, því eg bjóst við, að hún mundi ekki fá mikinn byr hjá þeim, sem hafa þann sjúkdóm, að vilja hnýta sem mestum og flestum ófrelsisböndum að þjóðinni.

Eg skal taka það fram einungis, að sjúklingnum mun standa á sama hvaða nafni lyfið nefnist, að eins ef það hjálpar, og þetta lyf, sem eg vil undanskilja, er eg sannfærður um, að hefir engu síður góðar verkanir á ýmsa sjúkdóma en mixtúrur, plástrar og pillur, og menn hafa nú einu sinni sannfærst um, að það hjálpar í sumum tilfellum.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira, en að eins geta þess, að mér þykir nógu langt farið, ef á að fara með lögum að sporna við innflutningi þeirra lyfja, sem læknar sjálfir ráðleggja.

En eg vil út af ræðu h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) í fyrra dag, þegar læknafrumv. var hér til umræðu, tala fáein orð. Honum þótti eg vera furðanlega nægjusamur með það frumv., að vilja samþykkja það; að vísu voru þá nú 14 þingmenn, sem voru svo nægjusamir hér í deildinni, og hann áleit, að þessi nægjusemi mundi stafa frá kínabitternum.

Þó að eg geti nú ekki álitið, að það eigi við mig í þessu efni, þá get eg sagt h. þm. Strand. (Guðj. G.) það, að eg hefi heyrt, að bitter þessi sé mjög góður, til að gjöra menn nægjusama með fleira en það, sem þeir finna upp sjálfir, og sérdeilis góður til að gjöra skapsmunina rólega og venja menn af ill-lyndi.

Væri nú svo, að h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) þekti eitthvað af þessum sjúkleika hjá sjálfum sér, þá vonast eg til, að hann verði með í því, að leggja ekki toll á lyf það, sem hér er um að ræða.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Nefndin getur ekki fallist á breyt.till. á þingskjali 117, því hún álítur, að hún fari í aðra átt en frumv. sjálft; hún fer fram á, að tolla einungis bittera, eða elixíra, þar sem frumv. fer fram á að tolla öll arcana, og er það sitt hvað.

Nefndin getur heldur ekki fallist á breyt.till. á þingskjali 109 um að hafa tollinn að eins 50 aura, því meining hennar er, að hindra alveg innflutning

þessara lyfja, en ekki að draga þjóðina meira upp á þeim en þegar er orðið.

Svo skal eg ekki fjölyrða meira um þetta mál, en að eins geta þess, að eg leiði minn hest frá, að reyna til að sannfæra háttv. 2. þm. Rangv. (Þórð G.), þar sem eg veit, að hjá honum er ríkjandi sama álitið og sama skoðunin á skottulyfjum sem á skottulæknum.

ATKVGR.: Breyt.till. á þingskj. 117 feld með 12 gegn 6 atkv.

Breyt.till. á þingskjali 109 feld með 16 gegn 2 atkv.

1. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkv.
2. — — — — 16 — — —
3. — — — — 14 — — —
4. — — — — 15 — — —
5. — — — — 14 — — —

Málinu vísað til 3. umræðu með 15 gegn 5 atkv.

Þriðja umr. (C. 76); 24. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 16 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta efri deildar.

Ein umr. (C. 418, 458, 459); 18. ágúst.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 458 feld með 14 : 15 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhljóða atkv., og verður afgreitt til landsh., *sem lög frá alþingi.*

Staður í Súgandafirði sérstakt brauð.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla (C. 74); 1. umr., 18. júlí.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg líklega er kunnugastur þessu máli af þeim mönnum, er hér sitja, þá vil eg leyfa mér að fara um það nokkurum orðum.

Eins og mönnum mun kunnugt, þá var Staður í Súgandafirði áður sérstakt prestakall, en var svo sameinaður Holtsprestakalli í Önundarfirði. Súgandafjörður liggur mjög afskektur, umkringdur af fjöllum á þrjá vegu, sem ókleyft er að fara yfir á vetrartíma, nema endur og sinnum, og má því ekki heita, að komizt verði frá Holti að Stað, nema svo sem 2—3 mánuði á sumrin, því sjóveg er aldrei farið þar á milli um vetur; það er álitið alveg ófært. — Fjallvegurinn er, eins og eg sagði áðan all-oftast ófær frá því á haustin og þangað til í júlí, svo að sumartíminn má heita sá eini tími ársins, sem hægt er að treysta því, að Holtspresti sé hægt að þjóna Stað, svo að í nokkuru lagi sé. Afleiðingin af þessu er, eins og sjá má af skýrslunum, að mjög fáar messur eru haldnar á veturna, ekki nema 2—3, því jafnvel þótt presturinn ætli sér að messa, þá þarf ekki annað en bilur skelli á, þá verður ekkert farið.

Sömuleiðis er það mjög óviðkunnanlegt, ef lík þurfa að standa mjög lengi uppi; en því getur maður ætíð búist við, ef svo ber undir, að maður deyr um vetur í Súgandafirði, enda hefir það líka borið við, að lík hafa staðið þar uppi meira en mánuð.

Staður í Súgandafirði er fremur fámenn sókn, nær 200 manns, og tekjur prestsins yrðu því rýrar, ef að sóknin yrði gerð að sérstöku brauði, án þess að fá nokkura uppbót úr landssjóði, þar sem sóknartekjur nema þar tæplega 300 krónum.

Aftur á móti er jörðin Staður góð bújörð, og sérstaklega er hún vel fallin til sjósókna.

Uppbótin þyrfti því ekki að vera mjög há, og gjöri eg ráð fyrir, að mörgum presti myndi reynast prestakallið lífvænlegt, ef þessi 300 kr. uppbót úr landssjóði fengist.

Á þessum tekjum mætti lifa þolanlega, og er þá engin hætta á að ekki yrði sótt um brauðið, þar sem oftast er gnótt af guðfræðingum, sem enga eða litla atvinnu hafa.

Frumv. er komið fram eftir margítrekuðum óskum manna í Súgandafirði, sem meðal annars lýstu sér greinilega við visitazíu biskups 1896, og var þá bæði söfnuður og prestur ásáttir um, að heppilegast væri, að Staður væri gjörður að sérstöku prestakalli.

Að öðru leyti skal eg taka það fram, að það er einnig heppilegt frá öðru sjónarmiði, en kirkjulegu, að prestur komi til Súgandafjarðar, því það er ætíð vel til fallið, að mentaður maður sé í hverri sveit, og ekki sízt þar, sem afskekt er, og menning því að vonum all-ábótavant.

Þetta vona eg verði meðmæli í augum þeirra manna, sem ekki vilja styðja frumv. frá kirkjulegu sjónarmiði.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jafnvel þótt eg búist við, að það hafi litla þýðingu hvaða skoðun eg hefi í þessu máli, þar sem það mun vera svo undirbúið, að gangur þess í gegnum þingið er jafn-tryggur eins og það þegar væri samþykt, þá verð eg þó að gera grein fyrir mínu atkvæði.

Eg verð nú sem áður að lýsa því yfir, að eg álít það mjög sorglega stefnu, sem þetta frumv. fer fram á, jafnskaðlega fyrir prest og kirkju, þá stefnu nefnilega, að setja presta á sultarlaun, svo þeim er ómögulegt að lifa, nema þeir stundi búskapinn og það með kappi. Þessi stefna, að hafa sem flesta presta með sem minstum launum, er að mínu áliti mjög skaðleg, einnig fyrir kirkjuna sjálfa; miklu fremur ættu prestarnir að vera færri og betur launaðir, svo þeir gætu gefið sig algjörlega að málefnum kirkjunnar með öllum þeim dugnaði og elju, sem þeir gætu lagt fram, en þyrftu ekki að verja mestum tíma sínum í búskap. —

En svo er líka hin hliðin á málinu, að það verða að vera einhver takmörk fyrir því, hversu miklu fé skuli verja til þessarar stéttar.

Það kunna nú flestir að álíta, að því fé sé vel varið, og kann svo að vera, en eg hygg þó, að nokkuru af því fé mætti verja betur og tel mér því skylt að mæla á móti þessu, sérstaklega þar sem það mun draga dilk á eftir sér.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að presturinn í Staðarsókn gæti haft 5—600 kr. tekjur á ári, ef hann stundaði jörðina, sem væri góð, með dugnaði; taldi h. þingm. þetta vel lífvænleg laun, en mér sýnist ekki á sama veg. Eg þykist viss um, að við megum búast við á næsta þingi að fá bænarskrá frá prestinum í Staðarsókn um 200 kr. uppbót á brauðinu, og þykir mér líklegt að sú bænarskrá verði vel rökstudd.

Eg vil leyfa mér að spyrja h. þm. Ísf. (Sk. Th.) um, hvernig fari með tekjurnar í þessu nýja prestakalli? — Eins og skýrt hefir verið frá, var brauðið áður sérstakt, en var sameinað við Holtsprestakall í Önundarfirði; fylgdu þá auðvitað tekjurnar af kirkjujörðunum í Staðarsókn með brauðinu. — Er það nú meiningin, að þessar tekjur eigi framvegis að vera hjá prestinum í Holti, og að hann að eins sleppi við örðugleikana, en haldi tekjunum?

Niðurlagsástæða h. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem hann hélt að mundi ganga í augun á þeim, sem ekki voru kirkjulega sinnaðir, að það væri gott að hafa mentaðan mann í hverri sveit, er að sönnu alveg rétt, skoðuð sér. En er þetta bezti vegurinn til þess? Mætti ekki verja þessum 300 kr. á heppilegri hátt til þess að menta Súgfirðinga?

Eða er það kannske hægasti og ódýrasti vegurinn til að menta eina sveit, að fá presta til að búa þar? Eg segi: Nei.

Eg mun af ofangreindum ástæðum greiða atkvæði á móti þessu frumv., bæði nú og síðar.

Skúli Thoroddsen: Eg skal að eins gjöra nokkurar athugasemdir við ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.). Háttv. þm. gat þess, að ef Staður yrði gjörður að sérstöku prestakalli, þá mætti deildin búast við, að fá beiðni á næsta þingi um 200 kr. viðbót við uppbótina, því brauðið yrði ekki lífvænlegt; en eg held að við þurfum ekki að vera hræddir við þetta, því eins og kunnugt er, þá hefir brauðið áður verið sjálfstætt prestakall, og hafði presturinn þar þá engar aðrar tekjur, en tekjur af kirkjujörðunum, og tekjur þær, er sóknarmenn borga, eða þær sömu tekjur, sem nú mundu fylgja brauðinu; en þar sem tíminn hefir breytst síðan, og menn nú gera meiri kröfur til lífsins, þá mundi þetta þó ekki nægja nú, og því hefir verið farið fram á að fá 300 króna uppbót úr landssjóði; og þar sem það hefir áður reynst svo, að menn sóttu um brauðið, þótt því fylgdi engin uppbót, þá held eg varla þurfi að óttast, að brauðið verði prestlaust með 300 kr. árgjaldi úr landssjóði, því að vegna peningaeklunnar hér á landi munu flestir prestar líta svo á, sem óhætt sé að leggja 300 kr. landssjóðstillag á móti 4—500 kr. í öðrum venjulegum preststekjum.

Hvað því viðvíkur, hvort jarðirnar, er áður lágu undir brauðið, nú mundu fylgja því, þá er það auðvitað, og hvað prófastinn í Holti snertir, þá skal eg geta þess, að hann hefir lýst því yfir við biskup, að hann vildi sleppa brauðinu án nokkurs endurgjalds, eins og eðlilegt er, þegar maðurinn sér að hann getur ekki þjónað því svo vel, sem hann kýs.

Viðvikjandi þeim vafa, er lýsti sér í ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um það, hvort þetta sé heppilegasti vegurinn til að menta fólk, þá skal eg að eins svara því, að Súgfirðingar hafa nú óskað sjálfir eftir þessu, og hins vegar held eg ekki að hægt sé að sýna fram á, að hægt sé á annan hátt að gjöra mikið Súgfirðingum til menningar fyrir einar 300 kr. á ári. Eg held ekki, að neinn duglegur og vel mentaður barnakennari væri fáanlegur til þess að taka sér bólfestu í Súgandafirði fyrir 300 kr. árstillag.

En aftur er öðru máli að gegna, þegar þessar 300 kr. eru gjörðar að uppbót á prestakallinu, því þar sem jörðin Staður, eins og eg áður hefi tekið fram, er mikið góð, sérstaklega sem sjávarjörð, þá getur presturinn komizt þar all-viðunanlega af, þó að tekjur brauðsins verði að eins 500—600 kr.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar mótbárur háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.), en að eins geta þess, að mér kom það als ekki á óvart, þótt háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) væri mótfallinn frv., því eg veit, að hann af »principi« er á móti fjölgun prestakalla; en þar sem eg heldur ekki hefi gjört það að vana mínum, að fylgja þess konar málum um of, þá vona eg að deildin skoði það, að eg fylgi þessu máli, sem tryggingu fyrir því, að hér sé um sannarlega þörf að ræða, og samþykki því frumvarpið.

Jens Pálsson: Eg vildi að eins stuttlega taka fram, að þar sem prestur sá, sem nú þjónar brauðinu, vill sleppa því, þótt það gefi honum alt að 300 króna tekjur, þá er það sönnun fyrir því, að prestsþjónusta er nálægt ómöguleg frá

hans hálfu, því ekki mundi hann vilja kasta svo verulegum tekjuauka burt, ef hann sæi sér annað fært.

Eg verð því að líta svo á, sem að söfnuðurinn sé of prestsþjónustulítill, og að hann verði prestsþjónustulaus, ef enginn prestur fæst þangað bráðlega. En sókn þessi með 200 manns hefir sanngirnisrétt til þess að fá viðunandi prestsþjónustu, og þjóðkirkjan er skyld til að veita henni hana, svo að í lagi sé

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 4.

Önnur umr. (C. 74, 119); 21. júlí.

Klemens Jónsson: Eg hefi gjört hér viðaukatillögu á þingskjali 119, í þá átt, að þessi 300 kr. uppbót greiðist því að eins, að sérstakur prestur verði skipaður í brauðið. Eins og frumv. nú er orðað, má ætla að meint sé, að brauðinu leggist 300 kr., hver sem þjónar því, eða, með öðrum orðum, að t. d. presturinn í Holti í Önundarfirði, sem nú þjónar því, fengi þessar 300 krón. En eg veit, að það muni ekki meiningin með þessu frumv., heldur að eins að veita þessa uppbót, þegar brauðið verður veitt sérstökum presti.

Eg ímynda mér því, að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) fallist á þessa tillögu og álíti hana til bóta.

Þó nú þessi viðaukatillaga verði samþykt, er þó ekki þar með sagt, að eg greiði atkvæði með frumv.

Eg álít nefnilega hálf-gerða synd, að vera að búa til svona léleg brauð, handa mönnum, sem hafa gengið á æðri mentunarstofnanir.

Eg þekki dálítið til útkjálka-brauða, og veit að þau eru ekki lífvænleg fyrir menn, sem hafa kostað talsverðu fé til náms síns, og koma flestir meira og minna skuldugir í brauðið frá námsárunum. Og eins og nú stendur er harla lítil von um, að þeir komizt að betri brauðum. Og þó þeir fái góða bújörð til lands eða sjávar, þá er langt frá því víst, að þeir séu færir um að hagnýta sér hana; þeir geta verið góðir prestar, þó þeir séu lélegir búmenn.

Eg er því í miklum vafa um, hvort rétt sé að búa til svona brauð, sem að nálega er gabb að veita mentuðum mönnum, og væri því kannske réttast að fella þetta frumv.

Skúli Thoroddsen: Eg get lýst því yfir, að eg felli mig mjög vel við till. á þingsskjali 119, því það var aldrei meiningin, að útvega núverandi presti uppbót eður tekju-auka, heldur hefir presturinn þvert á móti lýst því sjálfur yfir við biskup, að hann mundi fús á að sleppa brauðinu án als endurgjalds, en þar sem tillagan er til skýringar, og tekur af öll tvímæli í þessu efni, álít eg rétt að hún sé samþykt.

En viðvíkjandi því, er háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gaf í skyn, að hann mundi greiða atkvæði móti frumv., enda þótt tillaga hans yrði samþykt, þá vona eg að honum snúist hugur við nánari íhugun, svo að hann verði frumv. fylgjandi.

Eg færði rök fyrir því við 1. umr., að Súgandafjörður má heita prestslaus meiri hluta árs eins og nú stendur, þar sem oft hefir reynst alveg ófært að komast þangað á vetrum, enda þótt að prestur sá, er nú þjónar brauðinu, sé bæði áhugamikill í embætti sínu, og þar að auki duglegasti ferðamaður og fjallgöngumaður. —

Kemur prestleysi þetta sér ekki hvað sízt illa þegar um greftrun líka er að ræða, sem oft verða að standa þar mjög lengi uppi.

Þá get eg heldur ekki álitið það á

rökum bygt, sem háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að hann teldi það synd, að ginna guðfræðiskandídata með því, að vera að búa til svona léleg brauð, því þótt Staður í Súgandafirði ekki fái nema 300 kr. uppbót, þá mundi brauðið þó þola samanburð við ýms hinna lélegri brauða.

Prestar verða yfir höfuð að láta sér það lynda, eins og tekjum þeirra er varið, að búa eins og bændur, og það er engin frágangssök, að því er Stað í Súgandafirði snertir, því að landjörðin er notaleg, eftir því sem þar er að gjöra, og sjósókn einkar hæg. —

Eg get því ekki séð, að betra sé fyrir unga kandídata að ganga hér á mölinni aðgjörðalitlir eða slæpast á götunum í Reykjavík, og hafa ekki ofan í sig, en að þiggja prestakall þetta, þótt launin séu lág, og óttast eg alls ekki, að presturinn myndi eigi komast þar all-sómasamlega af, því að flestum hefir búnast á Stað, og bóndi sá, er nú býr þar, býr þar góðu búi, og því var hann eini maðurinn á þingmálafundinum í Súgandafirði í vor, sem var málefni þessu andvígur, af því að hann mun óttast, að hann misti þá af ábúðinni, ef að prestur kæmi í brauðið. — Allir aðrir voru málefni þessu eindregið fylgjandi, og sýnir það, að mönnum er þetta áhugamál, og að þörfin er brýn.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta mál, en vona að háttv. þingd. afgreiði þetta mál til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 11 : 3 atkv.

Viðaukatill. samþykt með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 : 3 atkv.

Þriðja umr. (C. 162) 25. júlí.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg hefi verið í vafa um, hvernig eg ætti að greiða atkv. í þessu máli. Eins og kunnugt er, hefir mikið verið rætt um skipun prestakalla síðan prestakosningarlögin komust á, og hefir einatt brytt á því, að menn hafa viljað hafa prest sem næst sér, ekki einungis vegna prestsverkanna, heldur einnig, eins og h. 2. þm. Ísf. (Sh. Th.) tók fram við 2. umr., að menn vilja fá mentaðan mann í sveitina. Eg hefi hallast að þeirri stefnu, að vilja ekki skilja aftur það sem sameinað hefir verið, enda þótt eg hafi hlotið að sjá örðugleikana, enda hefir það sýnt sig, að mörg missmíði hafa verið á lögunum frá 1880. En til þess að breyta aftur, þarf samþykki hlutaðeigandi safnaða, og er erfitt fyrir þingið að sinna einstökum bænum, þegar það getur ekki tekið málið fyrir í heild sinni.

Að því er viðvíkur ástæðunum fyrir því, að fá sérstakan prest í Súgandafirði, þá álít eg þær góðar og gildar, því mjög erfitt er þar að ná í prest á vetrum og sjálfsagt oft ómögulegt. Frv. hefir tekið bótum við brtill., sem kom við 2. umr. Mér þykir það nú helzt að því, að það fer ekki fram á fleiri breytingar á skipun prestakalla þar vestra. Í stj. frv. frá 1897 var svo til ætlast, að eitt prestakall væri í Dýrafirði, Sæbólssókn legðist undir Holt í Önundarfirði, en Staður í Súgandafirði yrði sérstakt prestakall með 600 kr. uppbót, en þetta breyttist á þinginu 1897, að minni hyggju til hins lakara, og svo er víðar. Otrardalur er t. d. sérstakt prestakall, og þó er líklega hægra að þjóna því frá Selárdal, en Stað í Súgandafirði frá Holti. Eg álít mikið til í því, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, að ekki sé rétt að búa til prestaköll, til þess að mentaðir menn eyði þar aldri sínum við léleg laun og bágan hag, en með því að eftirlaun presta eru mjög lág, getur

svo farið, þá er presturinn á stóru og erfiðu brauði neyðist til að segja af sér sökum þreytu eða lasleika, að hann hafi ekki nóg sér til lifsuppeldis, og að því leyti getur verið hentugt að hafa nokkur smærri og hægari brauð, og hygg eg þetta umrædda brauð eitt af þeim. Einn gamall og æruverðugur prestur, síra Pétur Guðmundsson frá Grímsey, hefir sótt til alþingis um viðbót við eftirlaun sín, en fjárlaganefndin þóttist ekki geta tekið bæn hans til greina, með því að hann hafi svo há eftirlaun, sem nokkur prestur geti yfirleitt fengið, en honum væri sjálfsagt betra að fá þetta prestakall en að búa við eftirlaun sín í kaupstað.

Af þessum ástæðum mun eg greiða atkv. með frv.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 3., og afgreitt til forseta efri deildar.

Meðgjöf með óskilgetnum börnum.

FRUMVARP til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. (104) 1. umr. 21. júlí.

Landshöfðingi: Eg vona, að h. þm. sé orðið það ljóst, bæði af ástæðum þeim, sem færðar eru fyrir frv. frá stjórnarinnar hálfu, og sömuleiðis frá nefndaráliti háttv. Ed., að frv. stjórnarinnar er til mikilla bóta í staðinn fyrir lögin frá 24. janúar 1890, því það hefir sýnt sig í framkvæmdinni, að örðugt hefir verið að framfylgja þeim, en miklu hægara mun reynast að framfylgja frumv. því, sem hér liggur fyrir, eða sú hefir raunin orðið á í Danmörku, þar sem það er fyrir nokkuru orðið að lögum. Eg skal taka það fram, að framsögum. málsins í Ed. var amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturömtunum, sem oft hefir orðið að kveða upp úrskurði eftir lögunum frá 24. jan. 1890, og álítur hann hér mikla réttarbót, og að fyrirkomulagið, sem hér er stungið upp á, verði hægara í framkvæmdinni. Eg vildi því óska, að h. deild samþykti frv. óbreytt, og álít jafnvel að ekki sé þörf að setja nefnd í málið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr. (C. 104, 177) 25. júlí.

Jón Jensson: Hér liggur fyrir dálítil br.till., sem eg hefi leyft mér að að gera við frumv., og ætla eg að skýra frá ástæðunum fyrir henni. Eins og háttv. deild er kunnugt, eru þessi lög bygð á þeirri mannúðarsetningu, að ekki eigi að láta syndir feðranna koma fram á börnunum, og það gengur eins og rauður þráður í gegnum þau, að bæta kjör óskilgetinna barna, og láta þau verða fyrir sem minstum misrétti gagnvart skilgetnum börnum.

Þau orð, er eg vil láta stryka út úr frumv., koma ekki heim við þessa stefnu og leiða jafnvel til ójafnaðar milli óskilgetinna barna innbyrðis. Í frumvarpinu segir, að þegar ekkja barnsföður eða skilgetin börn hans séu á lífi, skuli ekki fé leggja út öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband. Meining þessa ákvæðis er að líkindum sú, að verja tilfinningar skilgetinna barna við því, að sjá óskilgetin börn eða hórbörn, hálfsystkini sín, ganga að arfi með sér, en mér finst að tilfinningar skilgetinna barna eigi ekki þennan rétt skilið gagnvart óskilgetnum börnum, þótt hórgetinn séu, enda er hórdómur ekki brot gagnvart skilgetnum börnum, heldur að eins ektamakanum.

Ákvæði þetta er líka óréttlátt gagn-

vart skilgetnum börnum innbyrðis, þar sem börn af síðara hjónabandi eru réttbærri gagnvart hinum óskilgetnu börnum (hórbörnum), er fæðst hafa eftir að faðirinn kvæntist í síðara sinni, heldur en skilgetin börn af fyrra hjónabandi eru gagnvart þeim óskilgetnum börnum, er fæðst hafa fyrir hið síðara hjónaband, og sem einmitt geta verið getin í hór, meðan hjónadand foreldra þeirra stóð yfir.

Óréttlátast verður þetta ákvæði þó, eins og það stendur í frv., þegar ekkjumaður eignast óskilgetið barn, og giftist ekki þar á eftir, því þá á ekki barn þetta að fá neitt úr búi föður síns, ef skilgetin börn eru á lífi, og er þó ekki hægt að sjá, að þetta óskilgetna barn sé sekara en önnur óskilgetin börn, svo að það eigi því að útilokast frá arfi. Slíkt tilfelli hefir komið fyrir hér í Reykjavík: Ríkur maður dó, sem átt hafði barn eftir að hann hafði mist konuna, en lét eftir sig skilgetin börn, og tóku þau tölaverðan arf, en óskilgetna barnið fór á sveitina. Þannig verða lög þessi í framkvæmdinni, og þessi fáu orð, er eg vil láta nema burtu, valda ójöfnuði bæði meðal skilgetinna og óskilgetinna barna.

Landshöfðingi: Eg skal geta þess, að eg get ekki verið meðmæltur brtill. h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Fyrir 1890 gátu óskilgetin börn ekki gert kröfu til að fá neitt fjárframlag úr búi föður síns þegar hann dó, en með lögum 24. janúar það ár var þeim gefin heimild til að heimta barnsfulgu. Þetta var auðvitað takmarkað við það, hvort ekkja mansins lifði eða skilgetin börn frá einhverju hjónabandi, en þar var enginn munur gerður á því, hvort börnin væru frá fyrra eða síðara hjónabandi. Eg get ekki skilið ástæður h. þm. Reykv.. Hann sagði að ákvarðanin væri sett til að tryggja rétt ekkjunnar; en hún er ekki einungis til þess, heldur líka til að tryggja rétt skilgetnu barnanna. Þess vegna er það rétt í frv., að ef skilgetin börn föðursins eða ekkja hans eru á lífi, þá skuli ekki leggja barnsfúlgu óskilgetnum börnum hans, nema með tilteknum skilyrðum. Aftur á móti skal eg játa það, að hér getur komið fram misrétti milli óskilgetinna barna, að því leyti, að hér er enginn munur gerður á því, hvort barnið er fætt eftir að fyrri kona dó eða ekki, eða hvort það er fætt meðan síðasta hjónaband var við líði, eða eftir að því var slitið. Eg vildi fyrir mitt leyti ganga inn á svo lagaða brtill., að óskilgetið barn fengi barnsfúlgu, ef það er fætt eftir að faðirinn er orðinn ekkjumaður, en eg vildi þá bæta því inn í um leið, að það óskilgetið barn, sem væri fætt meðan fyrra hjónabandið var við líði, væri sömu kjörum undirorpið og óskilgetið barn, sem væri fætt undir síðasta hjónabandi. Eg get ekki lagt með breyt.til. h. þm. Reykv. af því mér finst hún ósanngjörn að því leyti, að skilgetin börn eftir henni ekki njóta neins réttar fram yfir óskilgetin börn, sem eru fædd meðan faðirinn lifði í hjónabandi við móður skilgetnu barnanna.

Jón Jensson: Eg þakka hæstv. lh. fyrir að hann gekk inn á síðasta atriðið, sem eg nefndi, en þar sem hann ekki gat gengið inn á hinar setningarnar hjá mér, sem eg fyrir mitt leyti held að séu fullkomlega réttar, þá kemur það víst til af því, að mér hefir eigi tekist að gera meiningu mína skiljanlega. Hæstv. landsh. tók fram, að það væri rangt, að láta skilgetin börn ekki hafa meiri rétt en óskilgetin börn, og hann sagði meira að segja, að eg vildi helzt halda því fram, að óskilgetin börn ættu að hafa meiri rétt en

skilgetin börn; en þetta er alls ekki rétt. Í frv. er sleginn varanagli við því, að óskilgetið barn fái meira en skilgetið barn. Mér finst hér aths. h. lh. ekki rétt, og finst með henni ráðist á þá mannúðarstefnu, sem tilgangur frv. er að halda uppi. Hæstv. lh. gat heldur ekki séð, að þar sem eg talaði um orðun laganna, þá átti eg þar við að í þeim hlyti að eins eða helzt að vera höfð fyrir augum að eins skilgetin börn frá síðasta hjónabandi. En orð laganna eru því miður yfirgripsmeiri, því þau ná til skilgetinna barna frá fyrra hjónahandi. Hin fyrnefndu hafa fulla tryggingu fyrir, að þurfa engu að víkja til hórgetinna barna frá sama hjónabandi, sem þau eru fædd í, en hin síðarnefndu verða að láta sér þetta lynda. Það er nú rangsleitni, sem eg vil hafa burtu, að að eins þau óskilgetin börn eigi rétt til barnsfúlgu úr búi föður síns, sem eru fædd fyrir hið síðasta hjónaband. Það hjálpar ekkert þó það sé fært fram þessu til stuðnings, að slíkt fyrirkomulag eigi sér stað í Danmörku, því þótt Danir þoli slika rangsleitni, þá þurfum vér samt ekki að þola hana.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 17 atkv.
2. gr. samþ. með 17 atkv.

Brtill. á þingsk. 177 samþ. með 13 atkv.

3. gr. samþ. með 15 atkv.
4. gr. samþ. með 18 atkv.
5. gr. samþ. með 18 atkv.
6. gr. samþ. með 19. atkv.
7. gr. samþ. með 18. atkv.

Málinu var síðan vísað til 3. umr. með 19. atkv.

Þriðja umr., (C. 189, 198); 27. júlí.

Jón Þórarinsson: Eg hefi ásamt nokkrum öðrum h. þingdm. leyft mér að koma með tvær breyt.till. við frv. þetta. Í hvorugri er nokkur efnisbreyting, heldur að eins til að lagfæra málið á frumv. Fyrri breyt.till. fer fram á að fella orðin »þann hinn« framan af 5. gr. Það sýnist hrúgað þar saman vel miklu af ákvörðunarorðum, og minnir æði mikið á prédikunarstíl svo sem þetta: Sá hinn góði hirðirinn.

Hin breytingin er fólgin í því, að vér höfum breytt orðalagi og setningaskipun 6. gr. Oss fanst þetta nokkuð torskilið eins og það er í frumv., og fremur óviðkunnanleg íslenzka á greininni. Eg vona að h. deild þyki þessi breyting til bóta, og samþykki hana, því að eins og eg sagði, er hér ekki um efnisbreyting að ræða, heldur að eins lögun á orðfæri.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta mál hefir verið íhugað í nefnd í Ed., og er búið að ganga gegnum tvær umr. hér í deild, án þess farið hafi verið fram á að nokkrar aðrar breytingar væru gjörðar við frumv., en þær tvær litilvægu breyt.till., sem nú liggja fyrir, og sem eg játa að eru fremur til bóta. Þessi meðferð málsins sýnist bera vott um, að annaðhvort muni frumv. vera gallalaust, eða menn hafi ekki athugað það sem skyldi, og er eg hræddur um að svo sé fremur. Eg fæ ekki betur séð en að frumv. þetta sé töluvert flókið, og tel víst að það muni reynast svo, ef það kemst í framkvæmd, að minsta kosti er eg hræddur um, að það muni reynast svo alþýðumönnum, þegar þeir eiga að fara að framkvæma það, sem það fer fram á. Eg sakna þess mjög að hæstv. landsh. er ekki við, því að eg hefði gjarna viljað leita upplýsinga hjá honum. Eigi að síður ætla eg þó að koma með athugasemdir mínar í þeirri von, að h. lögfræðingar deildarinnar komi fram með bendingar sínar og leiðbeiningar. Vildi eg þá fyrst spyrja í hverju verulegu at-

atriði þetta frumv. taki fram gildandi lögum. Eg fyrir mitt leyti finn engin veruleg ákvæði, er séu til bóta. Reyndar finn eg í 4. gr. ákvæði um það, að þegar móðir óskilgetins barns, þegar viss skilyrði eru fyrir hendi, hafi heimild til að krefjast þess munnlega eða bréflega af lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, sem hún dvelur í, að barnsmeðlagið fyrir síðasta ár verði greitt henni af sveitarfé, án þess henni verði talið það veittur sveitarstyrkur. Það verður þannig vistarsveit móðurinnar, sem á að inna meðgjöfina af hendi, en hún á svo aðgang að barnsföðurnum eða framfærslusveit hans, og það verð eg að telja til bóta, að hún skuli þó eiga kost á að snúa sér beint að framfærslusveit föðursins, ef dvalarsveit hans af einhverjum ástæðum bilar. En svo hefi eg ýmislegt að athuga við ákvæði þessarar greinar. Eg sé t. d. ekki betur en að móðirin eða sá, sem á að ala önn fyrir barninu, eigi á ári hverju að snúa sér til lögreglustjóra viðvíkjandi meðlaginu, og að lögreglustjórinn eigi að innheimta það fyrir milligöngu dvalarhrepps föðursins. En eg skil ekki í að sú milliganga muni verða að miklu gagni, því að þegar dvalarhreppur föðursins hefir enga skyldu til að ná meðlaginu, mun hann oftast ekki gjöra mikla gagnskör að því að innheimta það. Gangurinn verður að öllum líkindum oftast þessi: Móðirin snýr sér árlega að lögreglustjóranum, hann sér að nefndinni í dvalarhrepp barnsföðursins, hún vísar málinu á bug og þykist ekkert geta gjört í því, og verður það svo að hrekjast fram og aftur frá Heródes til Pílatusar. Yfir höfuð sé eg ekki annað en þetta verði til að auka skriffinskuna fram úr öllu hófi, en niðurstaðan verði að dvalarsveit móðurinnar verði, eftir að hún hefir borgað meðlagið, á endanum að krefja framfærslusveit föðursins um það.

Það hefir einkum verið gallinn á hinum núgildandi lögum, hve erfitt hefir verið fyrir mæður og framfærslusveitir að ná barnsmeðlagi hjá barnsfeðrunum. Mér finst að það hefði nú átt að vera aðalaugnamið þessara nýju laga, að koma þessu í betra horf. Þessar sífeldu skriftir eru þreytandi, og það mundi mega koma í veg fyrir þær, ef sá kostur væri tekinn, þegar barnsfúlgan ekki einu sinni næst hjá barnsföður, þá geti sá sem elur önn fyrir barninu, snúið sér eftir það beint til framfærslusveitar föðursins og látið hana upp frá því annast um greiðslu meðlagsins, ef faðirinn getur ekki greitt meðlagið. Þetta yrði sterkt aðhald fyrir hana og hvöt til þess að hún gjörði það sem í hennar valdi stæði til þess að ná meðlaginu hjá föðurnum. Eg vildi því að móðirin ætti beinan aðgang að framfærslusveit föðursins, þá mundu greiðlega komast á fastir samningar og verða hægra um hönd að ná meðlaginu hjá föðurnum, og enginn mun heldur láta sér vera annara um að ná meðlaginu en hreppsnefndin í framfærslusveit hans, sem verður svo hvort sem er að borga brúsann að lokum, eftir gildandi lögum.

Eg álít að þetta mál hefði þurft að yfirvegast miklu betur en virðist að gjört hafi verið hingað til, og eg skil ekki í öðru en að h. deild finni ástæðu til að athuga það betur en hún hingað til mun hafa átt kost á. Eg óska að fleiri taki til máls, og láti uppi álit sitt um frumv.; en hvernig sem skýringar falla, skil eg ekki í öðru en full nauðsyn muni reynast að skipa nefnd í málið. En til að hefta ekki umræður sting eg þó ekki upp á nefndarkosning að svo stöddu.

Klemens Jónsson: Mér þótti leitt, að

ræða sú, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) hélt nú síðast, skyldi ekki koma fram við 2. umr., því þar hefði hún átt heima, fremur en nú á síðasta stigi málsins. En þar sem hann fór út í einstök atriði, sem ekki er leyfilegt eftir þingsköpunum, þá vona eg að h. forseti leyfi mér einnig að ganga inn á nokkur einstök atriði, sem ræða h. þm. gaf tilefni til.

Hinn h. þm. spurði í hverju verulegu atriði frumv. þetta tæki fram gildandi lögum, en hann þurfti alls eigi að spyrja, því hann svaraði sér sjálfur. Eins og hann tók fram, er aðalbreytingin fólgin í 4. gr. frumv., en auk þess er 1. gr. alveg ný. 4. gr. frumv. miðar til þess að gjöra innheimtu meðlags með óskilgetnum börnum miklu léttari en áður hefir verið, að gjöra móðurinni hægra fyrir að ná meðgjöfinni, sem hún nú oft og tíðum verður að bíða lengi, jafnvel árum saman, eftir. Eftir 3. gr. í lögum 24. jan. 1890 á sem sé dvalarsveit föðursins að greiða barnsfúlgu, sem komin er í gjalddaga, og barnsfaðir eigi greiðir góðfúslega. Þegar nú dvalarsveitin er búin að borga meðlagið, verður hún að láta reyna lögtak hjá barnsföðurnum, og þá fyrst þegar það er reynt árangurslaust, þá á framfærslusveit föðursins að leggja meðlagið út, sem sveitarstyrk. Þetta atriði, að dvalarsveit föðursins á allajafna að inna af hendi meðlagið, hefir reynst mjög óheppilegt, því eins og getur að skilja, er það þung kvöð, sem með þessu er lögð á sveitarfélög, einkum kaupstaðina, og þær sveitir, þar sem menn einkum streyma að, svo sem sjávarsveitir. Það er þess vegna skiljanlegt, þó hreppsnefndum í þessum tilfellum þyki það æði hart, að þurfa hvert augnablik að snara út nokkrum tugum króna í barnsfúlgu, bara af því að karlmaður er þar staddur, oft af hendingu, eins og á sér stað um sjómenn, þurfa síðan að standa í því stímabraki að láta taka hana lögtaki, og á síðan að heimta hana inn hjá framfærslusveitinni eins og fátækrastyrk. og allir vita hvernig það gengur að fá hana aftur.

Þetta hefir því leitt til þess, að sveitarstjórnirnar í dvalarsveitinni hafa leitað allra bragða til þess að komast undan að borga, oftast borið það fyrir, að barnsfaðirinn dveldi þar ekki, enda getur það oft verið vafasamt, hvort svo sé, en allir þeir vafningar bitna á aumingja barnsmóðurinni, hún verður að bíða og fær ekkert. Úr þessu á nú 4. gr. þessa frumv. að bæta. Þegar lögreglustjóri hefir krafið barnsföður um meðlagið árangurslaust, og viss skilyrði að öðru leyti eru fyrir hendi, þá er dvalarsveit móðurinnar skyld að borga út meðlagið móti endurgjaldi frá framfærslusveit hans. Þetta verð eg að telja miklar framfarir frá því sem er, og því tel eg frumv. til stórbóta, en eg skal engan veginn neita því, að ekki sé óhugsandi, að það geti ekki orðið enn þá einfaldara með innheimtuna, því það á að vera aðaltakmarkið í slíkum lögum, að gera barnsmóðurinni sem léttast fyrir að fá meðlagið með barni sínu. Að öðru leyti en þessu inniheldur frumv. engar breytingar á gildandi lögum.

Hvað snertir breyt.till. þær, sem hér liggja fyrir frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), þá kann vel að vera að þær séu til bóta, en reyndar verð eg að segja það, að sá maður, sem fjallaði mest um þessi lög á þinginu 1889, hann kunni eigi síður íslenzku en hver sá þm., er nú situr hér í salnum.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að taka undir það með h. þm. Strand. (Guðj.

G.), að þetta mál eigi að fara í nefnd. Hið eina, sem móti því gæti verið, að málið gengi til nefndar, er það, hve áliðið er orðið á þingtímann, en eg hygg, að nefnd sú, er kosin yrði, ætti þó að geta lokið störfum sínum svo snemma, að málið kæmist fram. Eg skal játa það, að þetta frumv. er dálítil réttarbót frá því sem nú er, en þó er sá vegur, sem barnsmóðurinni er ætlað að fara, til þess að ná meðlaginu, enn svo flókinn og vafningasamur, að eg vildi helzt kjósa að nefnd yrði sett, til þess að sjá, hvort ekki væri auðið að gjöra hann enn einfaldari. Ekkert getur verið eðlilegra og sjálfsagðara, en að karlmenn þeir, sem óskilgetin börn eignast, séu ekki látnir sleppa frá því að greiða meðlag með þeim að sínum parti, og virðist mér greiðasti vegurinn til þess vera sá, að barnsmóðirin, sem fengið hefir amtsúrskurð um meðlagsupphæðina, geti snúið sér beina leið til sveitarsjóðsins í dvalarhreppi sínum, og fengið meðlagið greitt þar, sem sveitarstyrk lagðan barnsföðurnum, ef hann hefir forsómað að greiða meðlagið á ákveðnum gjalddaga, og væri síðan gengið eftir því hjá framfærslusveit hans, eins og hverjum öðrum sveitarstyrk. Þetta myndi reynast piltum þessum öflugasta aðhaldið, og spara vesalings fátækum barnsmæðrunum að standa í þeim sífeldu skriftum, og fara þær mörgu krókaleiðir, sem núgildandi lög og frumv. þetta neyða þær til.

Guðjón Guðlaugsson: Eg skal gjarna játa það með h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að ræða sú, sem eg hélt áðan, hefði átt betur heima við 1. eða 2. umr. þessa máls, en annríkið er svo mikið, að maður hefir ekki tíma til að athuga, nærri svo vel sem skyldi, hvað athugavert er í hverju fyrir sig, og hvað þessu máli sérstaklega viðvíkur, þá tók eg ekki eftir því fyrri en núna; hélt jafnvel að það væri að eins fyrir til 2. umr. nú.

Mér þótti vænt um það svar hans, að breytingin væri aðallega innifalin í því atriði, sem eg tók fram áðan, því eg hélt kannske, að breytingin væri fólgin í fleiru. Og eg fæ ekki betur séð, en að vafningurinn sé enn þá svo mikill, að lögin séu óheppileg. Aðalatriðið fyrir mig er það, að frumv. ætti að vera svo úr garði gjört, að það væri sem vafningsminst, en það er það ekki nú. T. d. álít eg ákvæðið um dvalarsveit föðursins óhafandi. Eg verð líka að álíta að nægilegur tími sé til þess enn þá, að koma þessu máli fram, þó nefnd sé skipuð til að íhuga það, og af því eg álít það nauðsynlegt, þá leyfi eg mér að stinga upp á 3. manna nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa 3. manna nefnd með 12 atkv., og kosnir:

Guðjón Guðlaugsson með 16 atkv.
Skúli Thoroddsen — 16 —
Klemens Jónsson — 15 —

3. umr. síðan frestað.

Framh. 3. umr. (C. 198, 392, 407), 15. ágúst.

Framsögum. (*Guðjón Guðlaugsson*): Eins og h. þm. vita, þá hefir nefndin leyft sér að koma með breyt. við 3. og 4. gr. frumv. Miðkafla 3. gr. hefir hún nokkuð breytt frá orðunum: Ef ekkja barnsföður . . . . og út að orðunum: »Nú situr ekkja barnsföður o. s. frv. Inn í þessa grein er bætt við þessum orðum: »eða skilgetin börn«, en þessi orð voru feld úr við 2. umr.; svo að þessu leyti er greinin orðuð eins og hún kom úr Ed.

Orsökin til þess, að nefndin bætti þessu inn í frumv. aftur, var í fyrsta lagi sú, að henni skildist svo, að ef þessu ekki væri bætt við, þá væri það efamál, að ákvæðið

síðar í sömu grein, um það, að fúlgan næði aldrei meiru en arfi, ef barnið væri arfgengt, kæmi til greina, þegar svo á stæði að ekkjan væri dáin, en reyndar væri sú ástæða horfin, ef breyt.till. h. þm. Rvk. (J. Jens.) yrði tekin til greina, því hún er sjáanlega samin til þess að bæta úr þessum galla.

Annað, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún bætti þessu inn í frv. aftur, var það, að úr því ekkjunni er gefinn réttur til þess að útiloka hórbarn manns síns frá því að fá fúlgu, þótti nefndinni rétt og sanngjarnt, að þessi réttur skyldi ganga í arf til hinna skilgetnu barna. Hún gat nefnilega búist við því, að ekkjan vildi ekki að efnin skyldu dragast frá skilgetnu börnunum til handa hórbarninu, og að hún vildi því fremur, að hennar börn skyldu erfa þennan rétt eftir sig, til þess að þau ekki þyrftu að komast á vonarvöl fyrir þá skuld. Þegar skilgetnu börnin eru ung, en búið lítið, þá gæti ekkjan búist við að þau komizt á sveitina, einmitt fyrir þessa skuld.

Aðalástæðan, sem nefndin áleit að h. þm. Rvk. (J. Jens.) hefði fyrir br.till., nefnil. sú, að þegar ekkill eignaðist óskilgetið barn, eftir að hann hefði mist konuna, þá skyldi það hafa rétt til fúlgunnar, þó skilgetin börn frá síðara hjónabandi væru á lífi, þá taldi nefndin þetta atriði sjálfsagt, af því að ekkillinn hefði ekki brotið móti móður hinna skilgetnu barna. Þess vegna leyfir nefndin sér að koma með viðauka við greinina: »þó skulu óskilgetin börn ekkils, sem fædd eru eftir hið síðasta hjónaband, hafa sama rétt til framfærslu af eigum hans látins, sem óskilgetin börn, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband«.

Eg vona, að deildin sjái að þetta sé nauðsynlegt. Eg get ekki séð annað, en það sé rétt að halda þessu ákvæði, sem var upphaflega í frv.

Orsökin til þess að nefndin breytti 4. gr. var sú, að henni þótti það of mikil krókaleið, sem móðir óskilgetins barns yrði að fara, til þess að ná fúlgunni frá föður þess. Eftir frv. á móðirin fyrst að snúa sér til lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, sem hún er í. Hann á svo að krefja barnsföður um meðlagið fyrir milligöngu dvalarsveitar hans. Að öðrum kosti, ef borgun næst ekki með þessu móti, er dvalarsveit móðurinnar skyld til þess að borga meðlagið. Nefndin hefir reynt að bæta úr þessu, með því að koma með breyt. við 4. gr. Hún hefir þar farið þess á leit, að móðirin þurfi ekki að snúa sér nema til sveitarstjórnarinnar í dvalarsveit hennar, til þess að fá meðlagið með óskilgetnu barni sínu. En sveitarstjórnin á aftur að ná borguninni frá barnsföður. Nefndinni þótti þetta eðlilegasti og beinasti vegurinn, auk þess sem hún sá, að það útheimti minni skriftir og minni fyrirhöfn. Móðir, sem oftast verður að sínum hluta að ala önn fyrir óskilgetnu barni sínu, er sökum fátæktar sinnar neydd til að dvelja í framfærsluhreppi sínum. En vegna þess, að hún þarf ekki að vera að elta dvalarsveit barnsföður síns, geta komist á fastir samningar milli framfærsluhrepps föðursins og dvalarsveitar móðurinnar um að borga meðlagið. Við þessa br.till. við 4. gr. ber þess að gæta, að felt var úr það sem stóð þar í upphafi: Vottorð um að móðirin sé fær um að sjá fyrir barni sínu. En frá sumra sjónarmiði getur það verið athugavert, að fella þetta burt, en þess er fyrst að gæta, að fæstar mæður geta haft ofan af fyrir börnum sínum, án þess að fá hjálp, en þó þær geti það, þá er það ekki skylda þeirra. Þess

vegna er ekki óeðlilegt, að sveitarstjórnin sjálf leggi fram fúlguna fyrir barnsfeðurna.

Ef nú að barnsfaðirinn er dáinn eða kominn af landi burt, þá verður styrkurinn, sem móðurinni er veittur, talinn sem sveitarstyrkur henni veittur, og sem hún verður að borga, ef hún er svo efnum búin.

Eg man ekki eftir fleiru, en eg vona að h. þingd. sjái, að þetta er þægilegur vegur fyrir móður óskilgetinna barna til að ná rétti sínum, og að frv. verði mikil réttarbót.

Jón Jensson: Eg verð að segja það, að mér þótti leiðinlegt að sjá þetta nefndarálit, sem hefir komið fram, og að nefndin við íhugun málsins hefir komist inn á þá braut, að misskilja algjörlega þá breyting, sem eg fekk fram á lögunum, og sem deildin samþykti. Í nefndarálitinu segir, að nefndin álíti, að það sé rétt að börn, sem fædd eru eftir síðasta hjónaband, séu ekki útilokuð frá meðlagi úr búi föður síns. Þetta segir nefndin, og þess vegna segist hún þurfa að breyta frumv. En þetta ákvæði, sem nefndin er að tala um, að koma inn í frumv., er einmitt í frumv.. því breyt.till, min, er eg mintist á, breytti einmitt frumv. svo, að þau börn skuli eiga rétt til fúlgu. Nú leggur nefndin til, að breyta frumv. þannig, að þetta komist að. Eg verð að segja að h. nefnd hefir farið nokkuð fljótfærnislega í sakirnar.

Framsm. nefndarinnar hefir tekið það fram, að hún hafi sett inn í frv. orðin: »eða skilgetin börn hans«, orð sem voru feld úr um daginn. Framsm. segir, að nefndin hafi ekki getað fallist á, að hórbörn taki barnsfúlgu með skilgetnum börnum; en þetta hlýtur h. framsögum. að láta sér lynda, svo framarlega sem hann ekki vill láta lögin vera til að gjöra misrétti milli óskilgetinna barna innbyrðis, sérstaklega hórbarna. Eftir þeirri tillögu sem nefndin gjörir, þá eru skilgetin börn frá fyrra hjónabandi, ef þau eru á lífi, skyld að þola það, að hórbörn, sem getin eru með *hórbroti gegn móður þeirra*, fái barnsfúlgu, en skilgetin börn frá síðasta hjónabandi, ef þau eru á lífi, þurfa ekki að þola það. Þarna eru þá skilgetin börn frá fyrra hjónabandi látin hafa minni rétt en skilgetin börn frá síðara hjónabandi. Það getur komið fyrir, þegar barnsfaðir deyr, að hann eigi tvö hórbörn, sitt frá hvoru hjónabandi, fær þá hórbarnið frá síðara hjónabandi enga fúlgu, en hórbarnið frá fyrra hjónabandi fær barnsfúlgu. Þessi börn ættu að lögum að standa jafnt að vígi; ef mun ætti að gjöra, ætti það að vera yngra barnið, sem framar væri sett, því að það þarf meiri aðhlynniugu, en það er þvert á móti hér, eftir tillögum nefndarinnar, þær eru harðari við yngra barnið, láta það ekkert hafa, en veita hinu eldra réttinn. Þessum ójöfnuði vildi eg byggja út, og þess vegna gjörði eg breyt.till. um daginn, og h. deild samþykti hana.

Það er af þessum sökum, að eg verð að skora á h. deild að hafna breyt.till. nefndarinnar við 3. gr.

Þá skal eg mæla nokkur orð með breyt.till., sem eg hefi nú gjört við 3. gr. frumv. Það hefir verið í lögum síðan 1890, að óskilgetin börn eiga heimtingu á barnsfúlgu úr búi barnsföður, sem annari skuld; þessi setning gildir, hvort sem búið er þrotabú eða ekki þrotabú, hvort sem barnsfaðir var giftur eða ógiftur, en breyt.till. mín við frumv., sú sem eg nú hefi komið með, gengur út á að slá varnagla við því, að óskilgetið barn, fyrir það að það getur krafist barnsfúlgu úr búi föður síns, geti orðið rétthærra en skilgetið barn. Því að það væri ranglátt, ef ó-

skilgetið barn nokkurn tíma gæti fengið meira úr búi barnsföður, heldur en skilgetið barn. Annars geta óskilgetin börn eftir lögum heimtað barnsfúlga úr búi föður síns, og það gildir eins þótt búið sé þrotabú, eins og eg sagði áðan, en ef að skilgetin börn eru á lífi, þá er þessi réttur takmarkaður. En hvað segir svo nefndin? Hún vill breyta frumv. í þá átt, að óskilgetin börn geti aldrei fengið neitt úr búi barnsföður, nema þau geti fengið arf, en í þrotabúi fellur ekki arfur til, eins og vér vitum. Nefndin vill því svifta óskilgetin börn rétti, sem þau hafa notið hingað til, að geta krafist fúlgu eins og annarar skuldar, þó í þrotabúi sé, ef skilgetin börn eru engin til. Þessi setning: »Á-valt skal . . . .« o. s. frv., hún breytir algjörlega grundvelli frumv., með því að binda fúlguréttinn við rétt til arfs; en það hefir aldrei verið meining laganna að gjöra það, heldur þvert á móti, að barnið geti heimtað fúlguna sem aðra skuld.

Eg verð því að vara h. deild við því að samþykkja breyt.till. nefndarinnar, því hún er satt að segja eins skökk og hún getur verið. (Hlátur) Þar á móti verð eg að biðja háttv. deild að samþykkja breyt.till. mína við 3. umr. Hún þarf að komast inn í frumv., vegna breytingar þeirrar, sem eg tekk komið inn í það um daginn, til þess að laga skekkju á orðalaginu, sem við breytinguna hefir orðið, og koma með því í veg fyrir að lögin verði misskilin. En til nefndarinnar vil eg skjóta því heilræði, að hún taki breytingartill. sína aftur.

Við 4. gr. hefi eg nú ekki átt svo mikið, að eg vilji fara mikið út í hana, eg hefi þó gefið henni svona hornauga, sérstaklega vegna þess, hvað mér þykir nefndinni hafa tekist illa við 3. gr.

Það sem eg þá rak strax augun í, var, að h. nefnd hefir kipt burtu úr frv. tveimur ákvæðum, sem voru talsvert þýðingarmikil. Það hefir átt að vera til þess að liðka ganginn, en eg er hálfhræddur um, að hún hafi einnig þar verið of fljót á sér.

Í frumv. var svo ákveðið, að því að eins ætti lögreglustjóri og sveitarstjórnir að hjálpa móðurinni að ná meðlagi, að hún væri eigi fær um að annast framfærslu barnsins, en þetta skilyrði fellir nefndin burtu, og efast eg um að það sé rétt, að kasta þannig innheimtu á skuldum að óþörfu upp á lögreglustjóra og sveitastjórnir, sem hafa ærið nóg að starfa án þess.

Þá vill nefndin ekki láta krefja föðurinn um meðlagið, heldur skrifa það sem sveitarskuld hjá honum, honum óafvitandi, eða án þess honum sé gert aðvart. Það finst mér vera algjörlega rangt, og það því fremur, sem hér er um sveitarskuld að ræða, sem leiðir með sér bæði vanvirðu og réttindamissi. (*Klemens Jónsson*: Það er búið að birta úrskurðinn. Þm. hefir ekki einu sinni lesið frumv.). Já úrskurðinn sjálfan kannske, en ekki hið einstaka ársmeðlag, sem innheimta á. Þess hefir ekki verið krafist af manninum, eftir að það var fallið í gjalddaga.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Svo sem við var að búast hafði h. þm. Rvk. (Jón Jenss.) margt og mikið að segja sinni brtill. til málsbóta, og sömuleiðis margt á móti brtill. nefndarinnar, en ekki fanst mér hann þó hafa mikið traust á ástæðum sínum, þar sem hann áleit sig þurfa að fara bónarveg, því hann blátt áfram bað þingdeildina að fella brtill. nefndarinnar, en samþ. sína.

Hann bar nefndinni á brýn, að hún hefði misskilið tillögu sína, en eg held að hann hafi dálítið misskilið 1. brtill. nefndarinnar, en eg skýrði frá áðan

hver tilgangurinn væri með þessari brtill., og er enginn misskilningur frá nefndarinnar hálfu. Og það held eg líka, að ef hann vill hafa jafnrétti milli skilgetinna barna frá fyrra og síðara hjónabandi, þá hefði hann átt að stryka út orðin: ekkja o. s. frv., því sé ekkja á lífi, þá getur ekki um neitt jafnrétti verið að tala.

Auk þess er þess að gæta, að í flestum tilfellum eru börn frá fyrra hjónabandi, nema hjónabandið sé því styttra, orðin uppkomin, svo að þeim þarf ekki að leggja, og þá kemur þetta jafnrétti ekki til greina.

Þá hefir hann líka sett það út á orðalag brtill. nefndarinnar, að eftir því séu óskilgetin börn útilokuð frá því að hafa rétt til þess að heimta fúlgu, ef þrotabú yrði. Eg skal játa það, að frá barnanna sjónarmiði er það ekki gott að missa þann rétt gagnvart skuldheimtumönnum, en eg álít ekki rétt, að óskilgetin börn hafi meiri rétt en skilgetin, en eftir því sem hann fer fram á, þá ættu svo og svo mörg óskilgetin börn að geta gjört kröfur í þrotabú, þar sem skilgetin börn gætu ekki. En eg efast mikillega um að h. þingd. sjái mikið jafnrétti í þessu. Ef jafnrétti ætti að vera, þá þyrfti líka samskonar ákvæði um skilgetnu börnin, því annars yrði það misrétti. Annars skal eg taka fram, að eg gjöri þessa brtill. ekki að neinu kappsmáli, og tel sjálfsagt, að verði ekki breytingartillaga nefndarinnar samþykt þá verði hans það.

Líka hafði hann mikið að setja út á brtill. nefndarinnar við 4. gr., en eg tók greinilega fram áðan ástæðurnar fyrir henni og þykir leiðinlegt, að þurfa að taka þær upp aftur. Hann sagði að það væri órétt og óþarft að baka sveitarstjórnum óþægindi og fyrirhöfn, ef að móðirin gæti sjálf alið önn fyrir barninu. Mér finst þetta vera beinasti vegurinn, og hver faðir, sem getur borgað, mun heldur kjósa það, en að láta meðgjöfina heita sveitarstyrk sér veittan, og hver móðir á jafnan rétt til framfærslu barnsins frá föðursins hálfu, hvort heldur hún er fátæk eða efnum búin.

Enn fremur sagði hann að nefndin hefði slept því ákvæði, að móðirin þyrfti nokkurn tíma að krefja föðurinn um meðlag, en þetta er helber misskilningur, því einmitt orðalagið á fyrri hluta 4. gr. sýnir að hann skuli krafinn: »sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði amtmanns eða sættagjörð, staðfestri af honum, o. s. frv.« Hvað er þetta annað en að faðirinn skuli krafinn. Fyrst úrskurðar amtmaður hvað meðlag föðursins skuli mikið, og svo er hann þar með krafinn. Standi hann í skilum og borgi á réttum tíma, þá kemur slíkt ekki til greina, en gjöri hann það ekki, þá er hann krafinn.

Eg ætla ekki að biðja um að samþ. brtill. nefndarinnar við 4. gr., því eg er sannfærður um að h. þingdeild gjörir það óbeðin, því það hljóta allir að sjá, að hún er til mikilla bóta; aftur er eg í meiri vafa um hvort brtill. við 3. gr. verður samþ., en eins og eg tók fram áðan, þá er mér ekki svo mikið kappsmál með hana.

Landshöfðingi: H. þm. Rvk. (J. Jenss.) hefir að mestu leyti tekið af mér ómakið með þær aths., sem eg þurfti að gjöra við till. nefndarinnar, einkum við 4. gr., svo eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þær, því eg get skrifað undir alt það, sem hann sagði um hana. Eg er aftur á móti ekki alveg eins sammála honum um brtill. við 3. gr.; eg hefi að vísu ekki svo mikið á móti því, að hún yrði samþ., ef brtill. þm. Rvk. (J. Jenss.) er líka samþ. Eg sem

sagt ræð frá því að samþ. brtill. við 4. gr. og sömuleiðis við 3. gr. nema því að eins, að brtill. þm. Rvk. verði samþ. (*Jón Jensson*: En hvað segir hæstv. landsh. um mína brtill. við frumv. út af fyrir sig?) Eg hefi skoðað þá brt. sem brt. við brt. nefndarinnar, og álít hana eiga bezt við hana. (*Klemens Jónsson*: Svoleiðis á hún líka bezt við).

Jón Jensson: Eg álít að brt. nefndarinnar geti alls ekki orðið samþ., því hún færir inn í frumv. svo mikinn órétt milli skilgetinna barna innbyrðis og sömuleiðis óskilgetinna, og orðalagið »ávalt skal þess gætt« o. s. frv. kollvarpar einni aðalsetningu frumvarpsins. Að blanda minni till. saman við svona lagaða till., sem nefndarinnar, það get eg ekki látið viðgangast. Eg skal bera mig karlmannlega, þó mín tillaga verði feld af hinni háttv. deild, en eg þoli það með engu móti, að henni verði hnýtt inn í eða aftan við tillögu nefndarinnar, þó hún yrði samþykt með því móti.

Klemens Jónsson: Eg ætla ekki að svara öllum þeim hnútum, sem h. þm. Rvk. (Jón Jenss.) sendi í garð nefndarinnar, enda þótt þær séu algjörlega ómaklegar. Nefndin hefir íhugað frv. rækilega og reynt að greiða fyrir málinu eins fljótt og vel að unnt var, og eru því allar skammir, ónot og hnútur óþarfar og ómaklegar ekki sízt frá hans hálfu.

Viðvíkjandi brtill. við 3. gr., þá skal eg ekki fjölyrða um hana, en að eins geta þess, að eg hefi skilið brtill. h. þm. Rvk. (J. Jenss.) á sama hátt og hæstv. landsh., nfl. að hún ætti að vera brtill. við brtill. nefndarinnar, þó hún hljóði svo, sem hún sé við frv., því þá er hún nær óskiljanleg.

En það var aðallega um brtill. við 4. gr. sem eg vildi tala dálítið, því það er sú tillaga, sem nefndin telur aðalatriðið í máli þessu, og vera til stórra bóta, ef hún kemst að, en um 3. gr. er nefndinni sama. Það kom fram í umræðunum síðast, að nauðsynlegt væri að gjöra móðurinni sem umsvifaminst að fá meðlagið frá föðurnum, og þetta hefir nefndin einmitt tekið til greina, og reynt að gjöra sem einfaldast, þannig að móðirin ekki þyrfti annað en snúa sér til dvalarsveitar sinnar, til þess að geta fengið meðlagið á réttum gjalddaga, en þurfa ekki að bíða eftir því svo og svo lengi, ef faðirinn kannske er lengst út á landshornum. Nefndin vildi hins vegar ekki gjöra greinarmun á því, hvort móðirin væri fátæk, eða svo efnum búin, að hún gæti alið önn fyrir barninu, því að barnsmóðirin hefir ávalt sanngirnisrétt til þess að fá framfærslueyri frá föðursins hálfu. Nefndin hefir því með vilja orðað greinina þannig, til þess að fyrirbyggja misrétti.

Þá fann h. þm. Rvk. (J. Jenss). einnig það að brtill. nefndarinnar, að eftir henni þyrfti ekki einu sinni að krefja barnsföðurinn, en eg skal benda á, að fyrir á að liggja birt sættargjörð eða amtmannsúrskurður, og þar með er hann fullkomlega krafinn, hann veit það, að hann þennan ákveðna dag á að borga, og það er ekkert harðara að láta barnsföður í þessu tilfelli fá fátækrastyrk án frekari fyrirvara heldur en að ganga með fjárnám að skuldunaut fyrirvaralaust, eftir birtum dómi eða sætt, sem eigi er einu sinni birt. Brtill. nefndarinnar miðar einmitt að því, að gjöra veslings barnsmæðrunum, sem venjulega eiga við þröngan kost að búa, sem hægast og kostnaðarminst fyrir. Eg verð því eindregið að ráða h. þingdeild til þess að samþykkja

þessa brtill. nefndarinnar við 4. gr., því í henni álít eg aðalbreytinguna fólgna, en ekki 3. gr.

Einar Jónsson: Það má búast við því, að sumir h. þm. eigi örðugt með að skilja það í frv., sem hér er að umtalsefni, þar sem hinir h. nefndarmenn og h. þm. Rvk. (J. J.) eiga svo örðugt með að skilja hver annan, og eg kunni því að misskilja eitthvað, en samt vil eg minnast nokkuð á ágreiningsatriði þessi.

Mér virðist 1. kafli 3. gr. eiga við mann, sem lætur eftir sig óskilgetin börn, hvort sem hann hefir kvænst eða ekki, og þá eigi að greiða fé úr búi hans til uppeldis hinum óskilgetnu börnum, ef hægt er, og það nái því eins yfir það tilfelli, ef það er ekkjumaður, sem deyr. Þess vegna virðist mér ekki þurfa ákvörðun nefndarinnar um ekkilinn í brtill. hennar við 3. gr. En til þess að taka af allan vafa í þessu efni, hefði ef til vill verið rétt, að taka inn í fyrsta hluta þessarar 3. greinar ákvæði, er sýndi að hann ætti við alla karlmenn, er léti eftir sig óskilgetin börn, hvort sem þeir hefðu kvænst eða ekki.

Annar kafli greinar þessarar: »Ef ekkja barnsföður er á lífi o. s. frv.« er sett eins og athugasemd aftan við aðalsetninguna í 1. kafla greinarinnar, til þess að hlífa ekkjunni við, að fé sé lagt út úr búi manns hennar með börnum þeim, er hann kynni að hafa átt utan hjónabands meðan hjúskapur þeirra stóð.

En sé þar bætt inn í, eins og nefndin vill, orðunum: »eða skilgetin börn hans« á eftir orðunum: »ef ekkja barnsföður«, þá kemur fram misrétti milli skilgetinna barna frá fyrra og síðara hjónabandi, það misrétti, að hórbörn frá fyrra hjónabandi gætu fengið barnsfúlgu, en ekki hórbörn frá síðara hjónabandi, eins og h. þm. Rvk. (J. J.) hefir haldið fram og lagfært var við 2. umr. Aftur á móti er rétt að taka það upp, að óskilgetið barn geti ekki fengið meiri fúlgu úr dánarbúi föður síns en hvert eitt skilgetið barn, ef þau eru á lífi, eins og brtill. h. þm. Rvk. (J. J.) fer fram á, og mun eg því fremur hallast að henni en brtill. nefndarinnar við þessa grein, enda nægir hún til þess að taka gallana af 3. gr.

Brtill. mín er aftur á móti ekki annað en orðabreyting, til þess að færa til og laga óíslenzkulega millisetningu.

Að vísu hefði þurft að breyta fleiru í máli frumv., einkum 1. gr., þótt eg hafi ekki lagt til að gjörðar væri fleiri breytingar, því málið á frv. er býsna stirt og þunglamalegt, þó að hægt sé að skilja það.

Landshöfðingi: Eg verð að taka það fram aftur viðvíkjandi 4. gr. frv., að eg álít alls eigi rétt, eins og h. þm. Rvk. (J. J.), að skylda dvalarsveit barnsmóður til að borga fúlgu með óskilgetnu barni fyrir föðurinn nema brýn þörf sé á. Eg hygg líka að sveitarsjóðir séu ekki svo fúsir á að greiða slíkt fé, sem þeir þurfa svo að hafa fyrir að kalla inn aftur, að rétt sé að knýja þá til þess, nema þörf sé á, og þörfin er því aðeins, að barnsmóðirin sé ekki fær um að ala sjálf önn fyrir barninu.

Að vísu er það rétt að hjálpa barnsmóður til þess að ná rétti sínum, en hún á ekki að standa rétthærri en aðrir, þegar hún þarf ekki hjálpar við. Því það getur verið, að hún vilji ná sér niður á barnsföðurnum í hefndarskyni, og á það opinbera ekki að hjálpa henni til þess.

Eg hefi að gætt, að það var misskilningur hjá mér, er eg hélt því fram

áðan, að brtill. h. þm. Rvk. (J. J.) ætti við brtill. nefndarinnar en ekki við 3. gr. frv. Én eg er á sama máli og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), að betra muni að samþykkja að eins brtill. h. þm. Rvk. (J. J.) en ekki breyttill. nefndarinnar, enda fanst mér h. 1. þm. N.-Múl. og h. þm. Rvk. leiða rök að því, að lögin yrðu betri ef hún yrði samþykt en ekki till. nefndarinnar, því ella kæmist á misrétti milli skilgetinna barna innbyrðis, enda hefi eg í privat samtali við suma nefndarmenn orðið þess var, að þeir halda ekki breytingartill. nfd. fram af kappi, og að þeir vildu gjarnan laga þær, en treystu sér ekki til þess.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg er einn af nefndarmönnum, og með því að nefndin hefir fengið svo harðan dóm hér í deildinni, þá ætla eg að minnast á tillögur vorar með nokkrum orðum. Eg skal þá geta þess, að mér og meiri hluta nefndarinnar er ekki kappsmál um brtill. við 3. gr., en eg er alveg á sama máli og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) að það er alt öðru máli að gegna um brtill. við 4. gr.

Þegar mál þetta var hér til síðustu umr. vakti eg máls á því, hve örðugt það væri fyrir barnsmóður að ná meðlagi inn með óskilgetnu barni sínu eftir ákvæðum stjórnarfrumvarpsins. Nefndin hefir nú reynt að finna einfaldari veg, og eg held, að ekki sé hægt að finna annan betri.

Hæstv. landsh. hafði sérstaklega á móti því, að barnsmóðir gæti snúið sér til dvalarsveitar sinnar, ef hún væri svo efnum búin, að hún gæti séð fyrir barninu af eigin ramleik.

En mér finst ekki svo mjög undir því komið, hvort móðirin er efnum búin eða ekki, því að meðlags-skyldan hvílir jafnt á barnsföðurnum hvort sem er, og það er ekki rétt að láta hann komast undan þeirri skyldu sinni.

Í praxis þekki eg sem fyrverandi sýslumaður hve örðugt er fyrir barnsmæður að ná inn meðlögum, því að kunnugt er, að margir þeirra, er eiga óskilgetin börn, flækjast oft hingað og þangað, og tregðast svo við að greiða meðlag með þeim, en barnsmæður eiga örðugt með að láta beita lögsókn, til að ná rétti sínum.

Það getur reyndar verið satt, sem hæstv. landsh. sagði, að það sé leiðinlegt að verða að skylda sveitasjóði til þess að greiða meðlagið, ef móðirin er efnum búin, en nefndin fann ekki annan betri veg.

Eg held ákvæðin séu líka nægilega áhrifamikil gagnvart barnsföður, því þegar búið er að birta honum meðlagsúrskurð amtmanns, þá veit hann að meðlagið verður talið veitt sér sem sveitarstyrkur, ef hann borgar það ekki í réttan tíma, og einmitt í þessu liggur það aðhald, að ætla má að barnsfaðir muni miklu fremur borga eftir en áður.

Eg vona því að háttv. deild samþykki þessa tillögu nefndarinnar, því eg held að ekki sé hægt að segja annað, en að hún sé mikil réttarbót, þegar þær eru bornar saman við frumv., eins og það kom frá h. efri deild.

Þar sem hæstv. landsh. tók fram, að barnsmæður gætu gjört það í hefndarskyni að krefja barnsfeður um meðlagsfúlguna, þótt þær gæti sjálfar alið önn fyrir barninu, þá álít eg ekki eiga við að kalla það slíku nafni; þó barnsmóður geti verið gramt í geði við barnsföður fyrir hvernig honum hefir farist við hana, þá held eg ekki rétt að kalla það hefnd, þó hún vilji ná rétti sínum, því þær fara þó eigi öðru fram, en því, sem rétt er og sanngjarnt,

að fá barnsföðurinn skyldaðan til að greiða með börnum sínum að sínum hluta, meðan barnið er á ómaga aldri, og þeirri skyldu á þeim að vera jafnskylt að fullnægja, hvernig sem efnum móðurinnar er háttað.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Hvað snertir atriðið í 4. grein um að kippa burt ákvæðinu um vottorð, að móðirin sé svo efnum búin, að hún sé ekki einfær um að ala önn fyrir barni sínu, þá væri eg ekki á móti því, að því væri breytt, ef auðið væri.

Eg lagði kapp á það í nefndinni, að þessu ákvæði yrði ekki kipt burtu, en lét þó tilleiðast af meðnefndarmönnum mínum.

En það má geta þess, að málið er nú til 3. umr., og að breyt.till. við 4. gr. eru til bóta, þó þessu ákvæði hafi verið burtu kipt, og að hægt ætti að vera, að koma þessu að aftur í háttv. efri deild. —

En verði þar á móti öll breyt.till. feld hér, þá má búast við, að h. efri deild fari ekki að taka hana upp, og þá er töluverðu tapað.

Eg held því, að háttv. deild eigi að samþykkja breyt.till. við 4. gr., því að mótmæli þau, er hafa komið fram gegn henni, eru að eins grýlur, því það er ekki svo ákaflega skemtilegt fyrir barnsmæður, að snúa sér til sveitasjóðanna, að líklegt sé að þær gjöri það um skör fram, en þar sem barnsfaðir á að framfæra barnið að sínum hluta, jafnt og móðirin, þá finst mér löggjafarvaldið eigi að styðja barnsmóðurina til að ná rétti sínum, ef hún vill nota aðstoð sveitarstjórnanna.

Eg skal svo ekki þrátta um 3. gr., því þó þeir h. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) og háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) séu á sama máli, þá er eg viss um, að þeir hafa ekki sett sig rétt inn í hugsunarhátt giftrar konu, þar sem þeir álíta, að henni sé sjálfrar sín vegna sárt um, að hórbörn manns hennar fái framfærslu af eigum hans látins, því standi hún á móti því, mun hún nærfelt eingöngu gjöra það vegna barna sinna, en ekki sjálfrar sín.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. á þingskjali 428 við 3. gr. samþykt með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskjali 407 við breytingartill. nefndarinnar samþykt án atkvæðagreiðslu.

2. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 11 : 5 atkv.

1. breyt.till. á þingskjali 189, samþ. án atkvæðagr.

2. breyt.till. á þingskjali 189, samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðinni breytingu samþykt í einu hljóði, og sent aftur til efri deildar.

Verðlaun fyrir útflutt smjör.

FRUMVARP til laga um verðlaun fyrir sölu á útfluttu íslenzku smjöri (98); 1. umr., 20. júlí.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Það er óefað eitt hið mesta áhugamál landsins að leitast við að efla hag landbúnaðarins. Eg ætlaðist til að þetta frv. ætti að vera eitt lítið spor í þá áttina, þótt margir menn í deildinni hafi trú á, að frumv. það, er fór hér næst á undan og fekk töluvert fylgi, muni miða til þess að bæta hag landbænda, þá hefir það ekki þann eiginlegleika að bæta hag þjóðarinnar í heild sinni. — Það er öll hætta á, að það frumv. komi því einu til leiðar, að menn geti selt óvandað smjör fyrir gott verð, en það verður að eins til að flytja hagnaðinn úr einum vasa í annan, frá sjónum til sveitarinnar. Þetta frumv. aftur á móti

miðar í þá átt, að auka og bæta sölu á þessari mikilsverðu afurð landsins, smjörinu.

Eins og kunnugt er, hefir ull fallið í verði í útlöndum á síðari árum, sauðfé sömuleiðis, og eru engin sýnileg ráð til að bæta úr þessu. Aftur á móti hefir verið reynt — og heiður og þökk þeim, er gjörðu þá tilraun — að selja íslenzkt smjör til útlanda, og hefir sú tilraun lukkast vel. Ekki alls fyrir löngu hefir verið bent á það í góðri ritgjörð, að hér væri kannske vegur til að skapa landinu markað, sem gæti auðgað það að peningum. Meiningin með þessu frumv. er að taka í sama strenginn. — Hvort þetta fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, sé heppilegt, fel eg umdæmi háttv. þingdeildarmanna. Eg álít rétt, að landssjóður leggi fram fé, til að efla og bæta smjörverkun í landinu og hvetja menn til að koma þessari vöru á útlenda markaði. Fyrsta skilyrðið er að verka vöruna vel og koma henni þangað, sem hún verður séð, dæmd og keypt.

Eg vona að frumv. verði lofað að ganga til 2. umr., og skal að eins taka það fram, að eg er sannfærður um, að það er vert að verja fé úr landssjóði til að styrkja þetta, þó svo, að fjárveitingin ekki létti af mönnum þeirri fyrirhöfn og vandvirkni, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir góðum árangri. — Eg vil ekki auka landssjóði kostnað með því að setja upp smjörrannsóknarstofnun, heldur að eins hvetja einstaklingana til að vanda vöruna sem mest.

Verðlaunin eru hér máske sett of hátt, en eg vona þó, að menn verði að játa, að sporið sé hér stigið í rétta átt.

Sighvatur Arnason: Eg ætla að eins að tala fáein orð viðvikjandi þessu frv. Það er enginn efi á að h. flutningsm. (Jens P.) hefir gengið gott til, að koma með þetta frumv., eins og hans er von og vísa, en eg verð sérstaklega að taka það fram, að hinum góða tilgangi verður, held eg, ekki náð með frumv. Fyrst er það samkvæmt tillögunni að senda 1000 pd., til að reyna að ná verðlaunum, og til þess þarf 5—10 menn, sem legðu saman. Sveitabændur þurfa að verja töluverðu af smjöri sínu til heimilisþarfa, og til að borga afgjöld jarða, til sjávarmannsins fyrir fiskæti, sem margur sveitabóndi ver til yfir 100 pd. á ári, til að gjöra út vinnumann til vers, og eftirgjald fyrir þá og fl., o. fl. En setjum svo, að 5 bændur hafi 1000 pd. aflögu til útsendingar. Þótt að nú smjörið seljist eins vel og frumv. gjörir ráð fyrir, þá er auðvitað talsverður kostnaður, flutningsgjald og fleira, sem dregst frá, og þegar til þess kemur, að skifta því, sem eftir er af verðlaunununum, þessum 100 krónum sem frumv. gjörir ráð fyrir, í 5 staði, þá fara þau að öllum kostnaði frá dregnum ekki mikið fram úr 10—12 krón. til hvers eins.

Svo er annað, sem eg vildi taka fram, að úr því að farið er út í verðlaun af landssjóði á annað borð, til hvers sem vera skal, þá ættu þau að vera svo rífleg, að það væri ómaksins vert, að keppa um þau.

Það er sérstaklega þetta, sem að eg vildi athuga, og ef frumvarpið á að fá framgang, þá þarf það töluverðar umbætur og nánari takmarkanir.

Eg sting því upp á, að frumv. verði vísað til landbúnaðar nefndarinnar.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Eg sting upp á þriggja manna nefnd.

Þriggja manna nefnd var samþykt, og voru þessir kosnir í hana:

Jens Pálsson með 16 atkv.

Pétur Jónsson með 12 atkv.
Sighvatur Arnason — 8 —
Fyrstu umræðu frestað.

Framhald 1. umr. (C. 98, 309), 9. ágúst.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Nefnd sú, er falið var að íhuga frumv. þetta, hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að sú tilraun, sem með frumv. er gjörð, til að örfa útflutning á góðu íslenzku smjöri og bæta verkun á því, fari í rétta stefnu.

Að vísu hefir nefndin gjört nokkrar breytingar við frumv., og sett það í annað form, til að koma þeim því betur fyrir, en þessar breytingar munu verða ræddar við 2. umr. þessa máls, með því að þær snerta einstök atriði, en eru ekki stefnu-breytingar. Er því ekki ástæða til að fjölyrða um frumv. nú.

Þó það sé nýmæli hjá okkur Íslendingum að veita verðlaun af landsfé fyrir útflutning vöru, þá skal þess getið, að hjá öðrum þjóðum er slíkt ekkert nýmæli; þar er víða algengt að veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir vörur, er seljast eiga á útlendum markaði.

Að öðru leyti skal eg ekki orðlengja þetta mál.

Gamla frumv. tekið aftur.

Fyrstu umræðu lokið.

Málinu vísað til 2. umræðu með 13 atkv.

Önnur umr. (C. 309); 11. ágúst.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Eg ætla að leyfa mér að fara fáum orðum um einstakar greinar í frumv.

Í 1. gr. frumv. er fólgið það nýmæli, að veittur er réttur til verðlauna úr landssjóði fyrir gott útflutt íslenzkt smjör. En þó útflutnings-verðlaun sé nýmæli hér, þá eru slík verðlaun í lög leidd og eigi framar nýmæli í ýmsum öðrum löndum.

Réttur þessi til verðlauna er bundinn 2 ákveðnum takmörkunum. Fyrst og fremst er sú takmörkun sett í frumv., að hið útflutta smjör sé 500 pund eða meir, og sé flutt og selt í einu lagi. — Er þetta gert til þess, að fyrirbyggja það, að einstakir menn geti flutt út mjög lítið af smjöri, í því skyni, að fá verðlaun fyrir það. Til þess unt sé að senda út í einu 500 pund eða þar yfir, þurfa fleiri að hafa samlög. — En þegar menn leggja saman sinn skerfinn hver, þá er það aftur trygging fyrir því, að þeir gæti þess betur hver að öðrum, að þeir vandi smjörið sem bezt. Það er betra, að hver og einn einstakur maður ekki geti sent til útlanda illa verkað smjör, því það gæti spilt áliti íslenzka smjörsins í útlöndum.

Annað skilyrði til þess að maður geti fengið rétt til verðlauna fyrir útflutt smjör, er fólgið í því, að hvert smjörpund seljist fyrir meira verð, en sem nemur 75 aurum.

Af þessu leiðir af sjálfu sér, að ekki getur komið til greina að veita verðlaun fyrir annað en gott smjör. — Nefndin sá ekki annað, sem gæti verið nægilega hagkvæmur mælikvarði fyrir verðlauna-réttinum, en beint peningaverð. Nefndin hefir því miðað við það verð, sem nú er á bezta íslenzku smjöri í landinu sjálfu. Minna þótti nefndinni ekki rétt að áskilja heldur en það verð, sem að vel verkað smjör getur selst fyrir hér í landinu.

Það geta verið deildar skoðanir um það, að taka verðið sem mælikvarða, og eins geta verið skiftar skoðanir um það, hvað verðið eigi að vera hátt, sem miðað er við. En oss fanst þessi mælikvarði hentugastur, 75 aura verð á pundi hæfilegt lágmark fyrir verðlaunum.

Eftir 2. gr. frumv. þá fer hæð verðlaunanna eftir söluverði, og nemur jafnmiklu og því, sem söluverðið fer fram yfir 75 aura á dönsku pundi.

75 aurar eru þess vegna það lágmark, sem verðlaunin byrja við, og fara þau eftir því, sem þar er fram yfir.

Til þess að maður geti gert sér hugmynd um, hve hárra verðlauna menn geti vænst, þá hefi eg athugað meðalverð á dönsku 1. flokks smjöri í 10 ár frá 1887—1897, og er meðalverðið 92 aurar og fyrir norskt 1. flokks smjör í sömu 10 ár, er meðalverðið 90,2 aurar. Eg ætla að gjöra ráð fyrir að verðið á smjörinu ekki hækki, heldur jafnvel lækki ofur-lítið, og áætla framvegis meðalverð á 1. flokks smjöri í Noregi og Danmörku hér um bil 90 aura. — Þótt maður nú ekki geti ætlað, að íslenzkt smjör muni í bráðina jafnast við danskt og norskt 1. flokks smjör, þá gjöri eg mér þó vonir um, að það geti orðið svo vandað, að það seljist fyrir 85 aura. Ef 85 aurar fást fyrir pundið, þá eru verðlaunin 10 aurar fyrir hvert pund.

Ef gjöra á áætlun um, hvað landssjóður komi til að borga í verðlaun, þá er hentugast að setja sér dæmi:

Setjum svo, að út væru flutt 50,000 pund, sem seldust á 85 aura, og fengjust verðlaun fyrir, 10 aurar fyrir hvert pund, þá væri sú upphæð, sem landssjóður þyrfti að borga í verðlaun, 5000 krónur.

Eg set þetta dæmi til að sýna fram á það, að þó verðlaunin yrði nægileg uppörvun til að vanda smjörið, þá gætu þau ekki orðið neinn hættulegur útgjaldapóstur fyrir landssjóðinn.

3. gr. áskilur ákvæðin, sem sá verður að hafa í höndum sér, sem vill fá verðlaun fyrir smjör sitt og setur tímatakmark, svo að umsókn um verðlaunin getur ekki komið til greina, ef hún kemur ekki til landshöfðingja eftir að fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er smjörsalan fór fram.

Vil eg svo ekki fjölyrða um frumv., meðan engar aðfinningar að því koma fram.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþykt með 18 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.
3. — — — — 19 —
4. — — — — 19 —
5. — — — — 18 —

Fyrirsögnin var samþ. án atkvæða.

Málinu var vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 309), 14. ágúst.

Björn Sigfússon: Okkur, sem höfum komið fram með þessa breyt.till., um verðlaun á útfluttu smjöri, hefir sýnst það vera óheppilegt að binda verðlaunaveiting við það, að 500 pd. sé útflutt frá hverjum einstökum manni, og að það sé naumast hugsanlegt, að einstakir menn geti framleitt svo mikið af verðlaunasmjöri. Það er vitanlegt, að ekkert einstakt heimili hér á landi muni geta slíkt, þar sem annað smjör getur auðvitað ekki komið til greina en það, sem safnað er um hásumarið, og verður sent nýtt á markaðinn. Það getur ekki verið aðaltilgangurinn, að hið verðlaunaða smjör sé svo ákaflega mikið, heldur að það sé sem bezt. Við höfum því farið fram á, að breyta þessum 500 pundum í 300 pund. Það má að vísu segja, að þetta komi í líkan stað niður, hvað það snertir, að enginn eða að minsta kosti fá einstök heimili muni geta sent 300 pund, en t. d. ef tvö heimili nálægt hvort öðru legðu saman, finst mér það hugsanlegt að þau muni geta lagt til sin 150 pundin hvort. Sé þessari meiri upphæð haldið, hygg

eg að það sé varla hugsanlegt, að verðlaun geti komið til greina, nema kannske á búnaðarskólunum, svo sem Hólum og Hvanneyri. Einstakir menn eða einstök heimili framleiða naumast svo mikið, að þau geti náð verðlaunum, og þá næst ekki tilgangur frumv., nefnil. að hvetja landsmenn sem almennast til betri smjörverkunar. Eg vona því að h. deild samþ. þessa br.till.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Af því að þessi breyt.till er komin fram svo seint, þá hefi eg ekki haft tækifæri til þess að halda nefndarfund um hana, og hefi að eins minst tljótlega á hana við nefndarmenn, og vil eg lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún gjörir hana ekki að kappsmáli. Með því að tiltaka 500 pund var augnamiðið að útiloka illa verkað smjör. Nefndinni þótti það ákvæði vera nokkur trygging fyrir sem beztri vöru. En þar sem hér er að eins farið fram á lækkun úr 500 pundum ofan í 300 pund, þá er auðsætt að h. flutningsm. gjöra ráð fyrir samtökum beztu heimila, sem nú eru líklegust til að geta framleitt verðlaunasmjör. Auðvitað kunna þau heimili sumstaðar að vera svo strjál, að þeim verði full erfitt að leggja saman í 300 pd., og vil eg því ekki fyrir nefndarinnar hönd vera á móti þessari breyt.till.

ATKVGR. fór þannig:

Br.till. á þingskj. 406, samþ. með 13 atkv.

Frumv., þannig breytt, sþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Lóð af Arnarhólstúni.

FRUMVARP til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni (C. 452), 1. umr., 18. ágúst.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar, er hafði málið um veg yfir Arnarhólslóð til meðferðar.

Forseti: Mál það er þegar afgreitt til Ed., og nefnd sú, er með það fór, hefir þegar lokið starfi sínu, og eg heyri að hún álítur sér ekki skylt að taka þetta mál að sér.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 452), 21. ágúst.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk. Við 1. umr. vildi eg láta vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem kosin var til þess að íhuga vegalagninguna yfir Arnarhólstún, en það gat ekki gengið fram. En eg ætla hér að gera grein fyrir því, hvað mér gekk til þess.

Því er nú svo varið, að það hafa komið fram margar mismunandi tillögur um verðið á þessari lóð, sem farið er fram á að selja. Sumir hafa viljað láta hana kosta 600 kr., aðrir 850 kr. og enn aðrir hafa jafnvel ekki viljað láta hana kosta minna en 2000 kr. Þetta getur gert þá, sem ókunnugir eru lóðasölu hér, ruglaða í ríminu. Þess vegna vildi eg láta menn úr bæjarstjórninni segja álit sitt um þetta.

Það hafa komið fram þau mótmæli gegn þessu frumv., að það gæti komið í bága við almenningshag, af því fyrir þessari lóð væru tvær varir. Svo hefir verið talað um, að þar yrði ef til vill með tímanum bygð hafskipabryggja, og að þetta frumv. kæmi í bága við það.

Eg treysti mér ekki til að dæma um þetta, og vil því ekki um það tala, þótt það sé nóg til að aftra mér frá að gefa frv. atkv. óbreyttu.

En eg vildi skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann gæti ekki sett þau

skilyrði, þegar lóðin verður afhent, að lóðin næði ekki lengra en niður að fjörunni um flóð. En eg vildi helzt láta þetta vera á valdi bæjarstjórnarinnar.

Annað ætlaði eg ekki að segja, því eg er þessu máli ókunnugur.

Landshöfðingi: Út af áskorun þeirri, sem kom til mín frá h. þm. A.-Sk. (J. J.), þá ætla eg að tala nokkur orð. Eins og þingdm. mun vera kunnugt, þá var fyrst farið fram á, að þessi lóð yrði seld á líkan hátt og aðrar lóðir á Arnarhólstúni, nefnil. að það gengi umboðsveginn.

Það hafa verið seldar ýmsar lóðir þar, og hefir það gengið á þann hátt.

Eg var viðstaddur þegar þessi lóð var mæld út, og var mælingunni þannig háttað, að varirnar voru látnar óhreyfðar. Útmælingin náði ofan að fjörunni eða ofan að sjó um flóð. Okkur var það ljóst, að sjórinn og fjaran átti að vera undanskilin og því var fjaran ekki tekin með.

Eg ímynda mér, að mér verði falið að vera viðstaddur þegar lóðin verður afhent, og þá mun eg sjá um, að útmælingin komi ekki í bága við afnot varanna, svo þess vegna getur ekki orðið hættulegt að samþykkja þetta frumv.

Það er kunnugt, að það er ekki nýtt að mældar séu lóðir meðfram sjónum og ekkert tillit hafi verið tekið til fjörunnar. Það er t. d. með lóðina, þar sem kalkofninn stóð. Einstakur maður hefir keypt erfðafestu á henni, að vísu ekki um aldur og æfi, heldur um langan tíma, til 1925. Þegar þessi lóð var seld, þá var ekkert tillit tekið til fjörunnar.

H. þm. A.-Sk. (J. J.) tók fram, að sér þætti erfitt að átta sig á verðinu á þeirri lóð, sem hér er um að ræða, þar sem margar mismunandi tillögur hafi komið fram um það efni. Í frumv. stendur: fyrir minst 850 kr. Mín skoðun er sú, að landsstjórninni sé heimilt að færa verðið upp og hún mun án efa leita sér upplýsinga um, hvort það sé of lágt sett í frv.

Jón Jensson: Eg ætla að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að mér er það öldungis óskiljanlegt, hver meining gæti verið í því, að samþykkja þetta frumv. Það færi í bága við það, sem deildin hefir áður haldið fram.

Fyrsti gallinn við frumv. er sá, að hér er farið fram á að afhenda lóð einstökum manni, og það öldungis að óþörfu, en það er óheppilegt fyrir þingið að draga að sér, þar sem hjá því verður komist, umsóknir einstakra manna; það getur hæglega orðið til að skerða virðing þingsins.

Þetta mál hefir verið sótt af miklu kappi, það vitum við, og væri því bezt að losna við það sem fyrst. Frumv. er líka óþarft, því þingdeildin er búin að samþykkja sölu á lóðum á þessum hluta Arnarhólstúns, einmitt í þeim sama hluta Arnarhólstúns, sem þetta frumv. fer fram á, að einstökum manni verði seld lóð.

Eg hefi minst á það, að 1893 kom til þingsins beiðni frá einstökum manni um lóðarkaup á Arnarhólstúni. En nefndin í því máli lýsti því yfir, að hún áliti ekki rétt að selja einstökum manni lóð þá, sem um var að ræða, vegna þess að verið gæti, að bæjarfélagið þyrfti lóðarinnar við, og það átti að ganga fyrir.

Þetta sama princip hafði deildin fyrir augum, þegar hún um daginn samþykti heimild til að selja lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns, og vildi láta söluna ganga í gegnum bæjarstjórnina. Með þeim lögum, sem þá voru samþykt, fekk bæjarstjórnin forkaupsrétt að þess-

um lóðum. Mér finst það vera sanngjörn krafa, að bæjarstjórnin hafi þennan forkaupsrétt, sanngjörn krafa til þingsins, að það taki svo mikið tillit til þessa bæjarfélags, að það láti það hafa forkaupsréttinn.

Annar kosturinn á þeim lögum var sá, að þar var trygging fyrir því, að lóðirnar myndu seljast eins og þær væru verðar. Þetta er líka sjálfsagt og rétt, að landið fái það verð fyrir lóðirnar, sem þær eru verðar.

Þingið hlýtur að sjá, að það er rétt og sanngjarnt, að bærinn hafi forkaupsrétt að þessum lóðum. En með þessu frv. er brotið móti þeim rétti. Hér er það einstakur maður, sem á að fá þessa lóð, og bæjarstjórnin á ekki að eiga kost á að kaupa hana, þó hún gjarnan vildi. Hér í frumv. er einnig brot á þeirri reglu, að lóðir eigi að komast í það verð, sem þær eru verðar. Og í þessu frumv. er verðið jafnvel sett lægra en eg fór fram á um daginn, að lóðirnar væru seldar bænum í frumv. því, er eg kom með. Þar var farið fram á, að bærinn skyldi fá að kaupa lóðirnar fyrir 2 kr. □ al., og það þótti þm. jafnvel oflitið þá. Hvernig geta h. þm. þá samþykt að selja dýrmætasta stykkið í þessum hluta túnsins, fyrir minna verð, en minst var tiltekið þar.

Í frumv. er farið fram á það, að kaupandanum skuli gert að skyldu, að slétta 5000 □ álnir í Arnarhólstúni. Þetta ákv. er einkisvirði, það er sett að eins af gömlum vana, átti við áður, þegar lóðir voru afhentar úr túninu fyrir 20—30 árum, en nú er búið að slétta hér um bil alt Arnarhólstún, nema þann hlutann, sem búizt er við að seldur verði bráðlega undir hús, og er þá ákvæðið meiningarlaust.

Þá er einn galli á þessu frumv., sem er, að það er ekkert ákveðið í því, hvernig stykkið skuli vera lagað. Þessar 5000 □ álnir gætu verið í einni ræmu með sjó fram. Hæstv. landsh. gat þess reyndar, að einhver mæling, sem hann hefði verið viðstaddur, hefði farið fram, sem undirbúningsmæling undir afhending lóðarinnar, og að sú mæling hefði verið svo, að það ætti ekki að taka upp meira en ofan að sjó eða niður at sjálfu Batterínu, en það finst mér nú vera fullangt niður. Eg skal taka það fram, að það getur orðið bænum afar nauðsynlegt að hafa aðgang að sjónum á þessum stað, en fyrir því er engin trygging í þessu frumv. En eg skil ekki, hvað sá maður eða sú kona, sem ætlar að byggja á staðnum, hefir að gjöra við fjöruna; því þó hún byggi hús á Arnarhól, þarf hún alls ekki að eiga fjöruna, en fyrir bæinn getur það verið ómissandi til að byggja hafskipabryggju eða »dokk«; í þau 2 skifti, sem það hefir komið til tals, að slíkt mannvirki yrði bygt hér, þá hefir verið gengið út frá »Batterínu« sem sjálfsögðu. Svo eru 2 bátsvarir, sín hvoru megin.

Nú hefir í dag verið lagt fram ávarp til þingsins frá Reykvíkingum, með undirskriftum á 3. hundrað manna, sem alt eru borgarar hér í bænum og mikilsmetnir menn, og þeir telja ástæður líkar þeim, sem eg hefi tekið fram, og fara fram á það, að frumv. það, sem liggur fyrir, verði felt, og sama látið gilda um þessa hér um ræddu lóð og um aðrar lóðir í norðanverðu Arnarhólstúni, sem frumv., sem samþykt var áður í þessari h. deild, nær til. Þetta ávarp frá Reykjavíkurbæ, vona eg að þingið álíti ekki lítilsvert. Eg trúi því ekki, að þingið leggi meiri áherzlu á að verða við ósk þessarar einstöku konu.

Réttast væri því að láta þetta mál heyra undir vegalagningarfrumv.; með því móti mundi líka landssjóður fá miklu meira verð fyrir stykkið.

En nú ætla eg síðast að geta þess, að mál þetta er sótt með ákaflega miklu kappi, og eg finn enga ástæðu til að leyna því, hve miklu kappi hefir verið beitt. Það eru sumir menn í háttv. efri deild, sem hafa ógnað þessari deild. Það var maður úr h. efri deild, sem kom til mín og sagði mér, að það væru 6 menn í háttv. efri deild, sem ætli að drepa frumv. um vegalagninguna á Arnarhól, ef nokkur hindrun verði lögð fyrir þetta frumv.; og svo hnýtti þessi maður aftan við: »Þetta segi eg þér, til þess að þú hegðir þér eftir því«.

Nú hefir verið stungið upp á í háttv. efri deild, að þetta mál væri sett í nefnd, til þess að hafa það sem nokkurs konar pant fyrir því, að þetta frumv. fengi að ganga gegnum þessa deild. Þetta þótti mér svo ljótt, að eg hefi álitið rétt, að segja frá því.

Eg skal játa, að mér er ant um Reykjavíkurbæ, en mér þykir þó enn þá vænna um landið, og eg álít það vera skömm fyrir þingið, að taka við hótunum frá einstökum mönnum, og þora ekki fyrir þær að halda fram máli, sem það álítur rétt. Eg nefni ekki strax nafn þessa manns, en eg hika ekki við að gera það, ef svo ber undir.

Nú skal eg segja, hvernig eg hefi hugsað mér dauðdaga þessa frumv.; eg hefi hugsað mér, að háttv. deild felli það á þann hátt, að samþykkja rökstudda dagskrá, sem eg skal nú leyfa mér að afhenda háttv. forseta, og að málið sé þannig úrskurðað.

Að svo mæltu afhenti h. þm. Rvík. (J. Jenss.) forseta rökstudda dagsskrá þannig hljóðandi:

Með því að deildin hefir samþykt lagafrumv., sem felur í sér heimild til að selja einnig þá lóð, er ræðir um í frumv. því, er hér er til umræðu, álítur deildin óþarft, að fara lengra út í þetta mál, og tekur fyrir næsta mál á dagsskrá.

Þessi rökstudda dagskrá var feld með 15 : 4 atkv.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er nærri því broslegt, hvað eins lítið mál og þetta hefir getað valdið miklum vindi. Ef það er satt, sem h. þm. Rvk. (J. Jenss.) sagði, þá er eitthvað skrítið við þetta mál, og þessar undirskriftir, sem hér rignir niður, sýna það líka, að það er eitthvað skrítið við það. Eg lít á þetta mál frá almennu sjónarmiði, og eftir því er þetta að eins privat samningur milli einstakrar persónu og landsstjórnarinnar. Landsstjórnin hefir áður afhent lóðir til erfðafestu, upp á sitt eindæmi. Nú hefir stjórnin vikið frá þessari steinu og álitið rétt að leita samþykkis þingsins, en þetta er auðvitað að eins formsatriði. Svo þegar leitað er samþykkis þingsins, ríkur Reykjavíkurbær upp til handa og fóta og vill ekki að þingið gefi samþykki sitt, og segir að bæjarstjórnin hafi forkaupsrétt, en hún á engan forkaupsrétt, enda kemur það eftir dúk og disk. Að blanda sér inn í privat samning er ávalt rangt. (*Jón Jensson*: Það er enginn samningur gerður). H. þm. Rvk. (J. Jenss.) segir að enginn samningur sé gerður, en eg álít að það sé alveg nægilegt, þegar landsh. hefir verið viðstaddur útmælinguna. Hann gat þess líka að þetta frumv. ætti að falla undir það frumv., sem samþ. var hér um daginn, því með því móti fengist líka meira fyrir þetta stykki. Það er eintómur misskilningur, að þetta sé svo ákveðið, að ekki megi selja það fyrir meira verð, en hér er nefnt, sem minimum. Bæjarstjórnin getur boðið meira, og er það þá landsstjórninni sönnun fyrir því, að stykkið sé meira virði, og

mundi hún þá fara eftir því. Bæjarstjórnin gæti máske boðið alt að 2 þús. krónum, eða einhverja þá upphæð, sem viðkomandi ekki vill gagna að, svo það er alls ekki loku fyrir það skotið, að bæjarstjórnin geti enn þá fengið þetta stykki keypt. Yfir höfuð finst mér of mikill misskilningur og æsingar í þessu máli, og alveg að ástæðulausu.

Það hefir sömuleiðis verið tekið fram, að þetta gæti orðið til fyrirstöðu, ef hafskipabryggja yrði bygð, en það get eg ekki séð, því eg þekki ekki til þess, að bryggjur séu lagðar fyrir ofan stórstraumsflæðarmál, heldur vanalega fyrir neðan það. En hvað því viðvíkur að það væri því til fyrirstöðu, að bærinn legði þarna skemtistíg, þá skal eg játa að svo gæti verið. En geta menn nú gjört sér miklar vonir um, að bæjarstjórnin fari að leggja skemtistíg þarna inn eftir, þegar ekki er gjört meira til þess að prýða Austurvöll. En eg játa það, að þetta frumv. gæti verið því til fyrirstöðu, og að ástæða væri til að taka tillit til þess, ef slíkt lægi fyrir. Eins og eg tók fram áðan, þá er að eins að ræða um formsök fyrir þingið, þá, að »sanctionera« áður gjörðan samning.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ekki verið á sama máli og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að þingið gerði nein afglöp, þó það grípi fram í samning, ef hann annars er nokkur. Þó stjórnin hafi máske áður selt eignir landsins, þá hefir það verið alveg heimildarlaust, að minsta kosti síðan við fengum löggjafarvald, og stjórnin getur ekki gjört það án samþykkis löggjafarvaldsins. Hún gæti þá eins vel selt allar þjóðjarðir. Mér virðist þetta mál heldur ekki svo lítilvægt, sem sumir halda fram. Ef t. d. að bygð yrði hafskipabryggja, sem talað hefir verið um, þá mundi hún einmitt verða bygð á þessum stað, og hefi eg heyrt að það væri álit útlendra verkfræðinga, sem þetta svæði hafa skoðað, að hér væri hinn haganlegasti staður, hvort heldur að gjörð væri höfn eða hafskipabryggja. Nú er í frumv. gjört ráð fyrir að selja lóðina ofan að sjó, og mundi það koma í bága við hafskipabryggjuna, því það er ekki nóg að fá fjöruna, sem sjór gengur yfir við flæði, heldur þarf líka að vera aðangur að bryggjunni, með öðrum orðum, að það þarf land til þess að gjöra veg að henni. Eg get ekki séð neitt sérstakt á móti því, að hér væri seld lóð undir hússtæði, ef nægileg landspilda væri undanskilin með fram sjónum, en ef það er ekki, eins og virðist eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, þá álít eg það beinlínis hættulegt. Ef bærinn svo síðar meir vildi kaupa og þyrfti að kaupa slíka spildu, þá mætti sprengja hana svo upp, að það yrði næstum ókleift. Eg álít það líka rétta stefnu að bæjarstjórnin hafi forkaupsréttinn.

Því þefir verið slegið fram, að bæjarstjórninni hafi fyrst dottið þetta í hug, eftir að málið komst til umtals, og er það trúlegt og engin ástæða til að undra sig yfir, því meðan bærinn veit að lóðin er í eign landssjóðs, þá er hann óttalaus, en þegar á að fara að selja privatmönnum lóðina, þá er öðru máli að gegna. Þá þykir mér verð það, sem nefnt er í frumv. of lágt, en legg minni áherzlu á þ. ð, enda mundi vegur til að hækka það, en eins og frumv. nú liggur fyrir, þá virðist mér það með öllu óaðgengilegt, nema því að eins að trygð væri landspilda meðfram sjónum. Nú er búið að samþ. hér annað frumv. þess efnis, að bæjarstjórnin fái heimild til að leggja veg yfir Arnarhólstún og sömuleiðis til þess að fá keyptar lóðir á þessu svæði, og því sýnist mér réttast að vísa þessu

máli til bæjarstjórnarinnar. Ef það er svo mikið kappsmál að fá lóðina útmælda alveg niður að sjó, þá er eg hálf smeikur um, að eitthvað búi undir. Vitanlegt er það, að maður þessarar konu hefir botnvörpu-útveg, og liggur þá ekki fjarri að ímynda sér, að hann ætli máske sjálfur að byggja þar hafskipabryggju. Eg er hræddur um, ef þingið fer að samþ. svona lagað frumv., að það mundi verða til þess að styrkja það álit, sem er hér alment í bænum, og enda víða út um land, að þessi maður hafi, bæði með veizluhöldum og öðru, svo mikil áhrif á þm. og æðstu embættismenn landsins, að hann hafi þá nálega í vasanum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Má eg frábiðja mér slíkt?). Eg tek þetta fram af því að álitið er vitanlega svona, og eg vil gjarna að það sjáist í þingtíðindunum. Eg er sem sagt hræddur um, að ef þetta frumv. verður samþ. eins og það er nú, þá muni það mælast þannig fyrir, að svo og svo margir hafi verið búnir að lofa atkvæði sínu fyrirfram. Í fyrstu fanst mér ekkert sérlegt athugavert við þetta frumv., en þegar eg fór nánara að íhuga það, þá sá eg að það var mjög athugavert. Eg álít því réttast að samþ. hina rökstuddu dagskrá, og mun greiða atkvæði með henni.

Tryggvi Gunnarsson: Eg verð nú að byrja eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að eg er alveg hissa á, hvað mikið getur orðið úr svona litlu máli og einföldu. Það hefir verið tekið fram, að það mundi koma í bága við skipabryggju, ef hún yrði bygð hér í Reykjavík. Fyrst og fremst er það nú óvíst, að sú bryggja komist á, og svo er heldur ekki víst að hún yrði bygð á þessum stað. Það sést nú, þegar fjárlögin koma fyrir, hve viljugir þm. eru á að veita þessi 90 þús. kr. Verði samþ. að veita þau, þá sé eg að áhugi er fyrir því, að hún komist á; en það er alveg óvíst að þetta frumv. verði henni nokkuð til fyrirstöðu, bæði vegna fjárveitingarinnar og staðarins, því sjálfsagt væri haganlegra að hún væri í miðjum bænum, ef þess væri kostur. Eg læt mér alveg nægja, það sem hæstv. landsh. tók fram, að svo yrði séð um, að lóðin yrði ekki seld lengra en fram að stórstraums-flæðarmáli, því þegar talað er um »fram að sjó«, þá hlýtur að vera átt við stórstraumsflóð. Mér þykir næstum skrítið og meira en eg gæti búizt við, að þm. út um land skuli bera meiri umhyggju fyrir bænum en eg, sem er þó bæði í bæjarstjórn, hafnarnefnd og veganefnd. Eg álít að þetta frumv. geti alls ekki staðið í vegi fyrir hafskipabryggju, þó hún verði bygð, og þykist eg þó vera eins kunnugur eins og flestir hinna h. þingdm.

Það hefir verið tekið fram, að ómögulega mætti selja ströndina, en fyrir skömmu hefir á þessu svæði verið seld lóð með ströndinni, sem nú er í eins manns höndum, og ekkert um talað. Ef menn vilja vita það, þá á eg við kalkofnslóðina svo nefnda. Það hefði þó eins vel getað komið til álita þá, hvort þar væri ekki haganlegt stæði fyrir hafskipabryggju.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að hætt gæti verið við því, að bygð yrði trawlara-bryggja á þessum stað, en þó svo væri, þá sé eg ekki neina hættu búna af því. Eg álít að bærinn hefði gott af því, að útlendur auðmaður bygði hafskipabryggju fyrir sitt eigið fé. Hann mundi leigja öðrum afnot hennar fyrir peninga, og okkur mætti vera sama, hvort við borguðum rentur eða leigu þangað eða hingað, en það mun heldur alls ekki vera meiningin,

eftir því sem eg frekast veit, að byggja þar neina bryggju, heldur að eins skrauthýsi. Eg fyrir mitt leyti óska að Reykjavík fari fram, bæði í byggingum og öðru, og er hverjum þeim þakklátur, sem byggir eitthvert fallegt hús, sem bænum getur orðið til prýði. Þessi maður, sem hér er um að ræða, mun vera flestum öðrum færari um að byggja skrauthýsi, og það væri undarlegt, og mundi naumast nokkurt annað bæjarfélag gjöra, að amast við því, að slíkur maður yrði hér búsettur, sem svo auðvitað kæmi til að borga töluvert til bæjarins. Eg er alveg samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að full ástæða sé til að vera ánægður með það, sem hæstv. landsh. tók fram, að þess yrði gætt, að ekki kæmi í bága við hina fyrirhuguðu bryggju, og álít, að ekki sé vert að gjöra svona mikið veður út af jafnlitlu máli. Eg verð því fastlega að mæla á móti því, að menn greiði atkv. með hinni rökstuddu dagskrá, en óska að málið fái að ganga áfram.

Jón Jensson: Það hefir verið sagt, að þetta væri lítið mál, og þeir h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) byrjuðu ræður sínar með að segja, að hér væri um lítið mál að ræða. Það er satt, að það var lítið, en það er orðið stórt. Það hefði getað verið lítið, ef farið hefði verið eftir almennri venju, en það er orðið stórt, af því að það á að þvinga h. deild til að samþ. það. Því hvað gerir h. Ed. og þeir, sem komið hafa með þetta frv.? Þeir stinga hinu frv. í nefnd, sem kom héðan úr deildinni um Arnarhólslóðina, til þess að hafa það í nokkurs konar gislingu, ef þessi deild skyldi fella þetta frumv., og til frekari fullvissu fæ eg boð úr h. Ed., að 6 þm. þar hafi lofað að fella það, ef þetta frv. fengi ekki framgang hér. Eg skal ekki segja að þetta sé satt, um þessa 6 þm. í Ed., en söm er gerðin þess manns, er með boðin kom, en það var Jón Jakobsson, og veit maður af hvaða hvötum það muni hafa verið spunnið. Hinn maðurinn, sem stingur upp á nefnd, er amtmaðurinn, sem ekki hefir sýnt eins mikinn áhuga á neinu máli eins og þessu. Eg álít rétt að segja þetta, því að það kastar ljósi yfir málið, og sýnir að þetta er enginn leikur, heldur alvara; eg álít rétt, að þetta standi líka í þingtíðindunum.

Mér kom mjög á óvart, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem er gamall bæjarfulltrúi héðan úr Reykjavík, og gamall prókúrator, skyldi snúast þannig við málinu, eins og hann hefir gjört. Bæjarfulltrúanum er hann auðsjáanlega búinn að týna niður, en það lítur svo út, sem eitthvað sé eftir af prókúratornum. Eg veit reyndar ekki í hvaða sambandi hann getur staðið við þetta mál, en maður fer að verða hræddur, og gruna að hér sé ekki alt með feldu. Eg er viss um, að ef einhver annar einstakur maður en sá, sem vill fá þessa lóð, hefði komið til deildarinnar hér eftir að hitt frv. var samþ., með frv. um að fá þessa lóð keypta, þá hefði slíku frv. jafnskjótt verið vísað frá.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að bæjarstjórnin hefði ekki rétt til að blanda sér í prívatsamninga. Þetta er ástæðulaust, því allir vita að hér eru engir slíkir samningar, enda sýndi hæstv. landsh., að mæling landsins var að eins til undirbúnings, áður en málið færi til stjórnarinnar. Hér eru því engir samningar og geta ekki verið, því stjórnin álítur þetta heyra undir þingið eins og aðra þjóðjarðasölu.

Þá sagði sami h. þm., að bæjarstjórnin gæti boðið svo hátt, að hún bolaði aðra frá kaupunum. Þetta er ekki rétt, því hér er að eins heimilað að

selja þessa lóð þessari ákveðnu konu, en ekki öðrum, og hvað sem bæjarstjórnin byði, gæti hún ekki orðið aðnjótandi kaupanna, nema síðar væri samþykt annað lagafrv. í því skyni.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir einhvern veginn tekið undarlegum stakkaskiftum í þessu máli, því það er ekki lengra en síðan í morgun að hann var alt annarar skoðunar en hann er nú, því þá áleit hann alt annað nauðsynlegt, og að þessi staður mætti ekki missast frá bænum vegna hafskipabryggju o. fl. Hann mintist á, að nýlega hefði verið seldur partur af ströndinni, en þar sem hann er bæjarfulltrúi, þá hefði hann átt að koma í veg fyrir það, ef það hefði verið ísjárvert. En það er ekki eins ástatt og hér, því sú sala var að eins til fárra ára, svo hann hefir nefnt þetta að eins til þess að villa sjónir fyrir mönnum. Hann segist ekki skilja í þessari krókaleið, sem farið sé fram á, að láta lóðina fyrst í hendur bæjarstjórnarinnar, en láta ekki Vídalín fá lóðina undir eins. Það er mikil skelfileg umhyggja, sem borin er fyrir þessum Vídalín. Eg ímynda mér að það hefði ekki verið talið eftir öðrum að fara þennan krók. Þessa leið viljum vér fara til þess að fá hæfilegt verð fyrir lóðina, og til þess að svifta ekki opinbert félag, bæjarfélagið, því, að hafa forkaupsrétt á þessari lóð, ef það þarfnast hennar. Eg trúi ekki öðru, en að það verði álitin hin mesta vanvirða fyrir þingið, ef það lætur þennan mann ganga fyrir bæjarstjórninni, og það er meira en meðal kapp, hvernig þetta mál er sótt, þar sem hitt frumv. er í panti hjá h. Ed., í nokkurs konar gisling.

Eg orðlengi þetta ekki meira, en tek því með ró, sem h. deild gerir, en treysti því, að hún gæti sóma síns, því hann er virkilega hér í veði.

Forseti: Eg átel hvern þann h. þm., sem hefir um hönd miður virðuleg orð um þm. í h. Ed., og álít það yfir höfuð varúðarvert, að gjöra einstaka þm. þar að umtalsefni, þar sem þeir geta ekki borið hér hönd fyrir höfuð sér, og þar að auki er það frá formsins hlið sjálfsagt, að nefna hvern h. þm. í báðum deildum með þingmensku-nafni sínu, en ekki persónulegu nafni hans, og heldur ekki með embættisnafni, sé eigi um embættisrekstur hans að ræða.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eg gæti reyndar fallið frá orðinu eftir ræðu h. forseta, en það eitt kom mér til að tala, að nefnt var nafn eins h. þm. í Ed. Reyndar þurfti engum að koma á óvart, að heyra ræðu h. varaforseta, því hann talar það, sem engum öðrum er leyfilegt að tala, og engum öðrum kemur til hugar að tala, eftir þeim orðum, sem hann hefir haft um h. 1. þm. Skagf. (J. Jak.), og h. 1. kgkj. þm. (J. H.), en slík ræða sýnir ekkert annað en sálarástand h. þm. Rvk. (J. Jenss.), enda var það ekkert undarlegt þótt dugleg regnskúr kæmi úr því skýi, sem hefir verið yfir honum í dag.

Eg þori að segja h. þm. og hverjum sem er, að þó h. þm. Rvk. (J. Jens.) sé góður drengur, þá er h. 1. þm. Skagf. (J. Jak.) eins góður drengur og heiðarlegur maður, og lætur ekki fara með sig í gönur, og beitir ekki æsingum og undirróðri, en aftur á móti veit eg það um h. þm. Rvk. (J. Jenss.), að hann gengur hér á milli borðanna manna á millum undir atkv.gr. (*Einhver* Uss!) Mér þykir vænt um að menn veita eftirtekt því sem eg er að segja, og eg hirði ekki um þó sagt sé »uss«, en eg vona, að h. forseti skili kveðju með þakklæti og respekt til þeirra, sem eru á áheyrendapöllunum.

Það hafa verið færð rök fyrir því, að hið sálarfræðislega ástand h. þm. Rvk.

(J. Jenss.) stendur í sambandi við nokkur merkileg skjöl, sem send hafa verið út hér í bænum. Hann segir að menn sæki þetta með ofurkappi. Hér hefir ekki eitt orð í deildinni fallið í þá átt. En Reykvíkingar hafa sótt þetta mál með ofurkappi. Þeir hafa sent út prentuð skjöl til þess að reyna að koma í veg fyrir, að þessi deild samþ. frv. h. Ed., og í h. Ed. er þó helmingur þm. úr Reykjavík. Þessi agitation er af öðrum rótum runnin en að hún sé komin af interesse, heldur er hún af persónulegum, lágum og eigingjörnum hvötum (Blístur), og það er sorglegt að h. þm. Rvk. (J. Jenss.) hefir þannig látið hlaupa með sig.

Eg vildi ekki þurfa að hreyfa mig til andsvara aftur, og mun ekki svara því, sem sagt hefir verið um efni málsins, en hvað sem h. þm. segir af sögum úr h. Ed., þá hefir hann ekki gert sig sekan í minna, og það einmitt því, sem honum og öðrum þingm. er ekki sæmandi.

Guðlaugur Guðmundsson: Það lítur út fyrir, að máli þessu ætli ekki að kólna eða skána undir meðferðinni, því það er altaf að færast í það meiri og meiri hiti, og skil eg ekki hvernig á því stendur, þar sem mér finst málið svo lítilfjörlegt. Eg sýndi fram á það áðan, að það er ekki snefill af röksemdum, sem sagt hefir verið á móti málinu, þar sem þegar er búið að mæla lóðina og samningar eru gjörðir, svo ekki vantar nema formið, að samþykkja þá, og þetta samþykki hefði hvorki þurft að sækja til stjórnarinnar eða þingsins, nema sem formsatriði, þar sem samningurinn er eins og um sölu til erfðafestu, og er fullgerður áður og ekki þarf nema undirskrift stjórnarinnar, en hún hefir nú sagt, að þurfi samþykki þingsins.

Að vilja rifta þessum samningi er að taka fram fyrir hendurnar á lh., og það væri heldur ekki rétt, að gefa bæjarstjórninni forréttindi fram yfir einstaka menn. Eg hefi líka bent á, að bæjarstjórnin gæti staðið á móti sölunni með því að bjóða svo hátt í lóðina, að kaupandi gengi frá. En að gera mál þetta að svo miklum hita, að það lendi í miður sæmilegum hnútuköstum milli einstakra manna, það álít eg meiri vanvirðu fyrir þingið, en þó það samþykti frumvarpið eða feldi það.

Eg þarf að senda h. þm. Vestm. (V. G.) kveðju mína, þar sem hann álítur mig vera í vasa þess manns, er falar lóð þá, sem hér er um að ræða, og það verð eg að kalla helbera ástæðuleysu hvað mig snertir, því vitanlega hefi eg heldur verið talinn í andstæðingaflokki hans en að vera honum fylgjandi, og það er svo langt frá því, að eg sé honum fylgjandi, að h. þm. Reykv. (J. Jenss.) verður að viðurkenna, að það sé gripið úr lausu lofti, að eg standi í nokkuru undarlegu sambandi við þetta mál, enda komst hann í vandræði, og bregður hverjum h. þm. eftir annan um, að hann snúist í hring, en eg held að líklegra sé, að eitthvað snúist í hring í höfðinu á honum, og honum finnist því veröldin snúast í kringum sig.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en vona að menn forðist að ræða það öðruvísi en með ró og stillingu, án þess að láta það hleypa sér í hita.

Þorlákur Guðmundsson: Eg ætla að tala nokkur orð, út af orðum h. þm. Vestm. (V. G.), til þess að bera af mér, að eg láti kaupa mig í þessu máli, því eg álít mér ekki sæmandi að taka því þegjandi. Eg hefi aldrei látið kaupa mig hér í Reykjavík, þó eg hafi stundum kannske átt kost á því, því eg

hefi aldrei sint hinum og þessum mönnum, sem hafa mætt mér á götu á stundum og spurt mig, hvernig eg ætlaði að greiða atkvæði með hinu og þessu. Eg er að sönnu ekki mentaður maður, en eg hefi haft þá æru að eiga kost á að vera með mentuðum mönnum um fjórðung aldar, en svo mikinn kjark hefi eg þó, að eg hefi ætíð þorað að sjá framan í þá menn, sem viljað hafa ráða atkvæði mínu. Bið eg því h. þm. Vestm. (V. G.) að sanna upp á mig, ef hann getur, að eg hafi látið kaupa atkvæði mitt fyrir vín og vistir, og jafnframt vil og segja honum, að þó eg hefði ekki ætlað að greiða frv. atkv. áður, þá er eg nú ráðinn í að greiða atkv. á móti hans rökstuddu dagskrá, og með frv.

Skúli Thoroddsen: Eg skal taka undir það með h. þm. Reykv. (J. Jenss.), að það er leiðinlegt fyrir þingið, að fjalla um þau mál, er snerta einstaka menn, og það er mitt álit, að það sem sett hefir þann hita og enda æsing í þetta mál, sem menn annars hefðu verið lausir við, sé einmitt það, að einstakur maður á hér hlut að máli, og það sér í lagi vegna þess, að svo er lítið á af mörgum, sem maður þessi hafi töluverð pólitisk áhrif, og það stundum miður heppileg; það er þetta, sem eg hygg að aðallega hafi komið bæjarbúum til að gera svo stórt veður út af jafn-lítilfjörlegu máli, sem hér er um að ræða.

Áður en mál þetta kom á dagskrá, datt engum í hug að slægjast eftir lóðinni, en svo þegar annar maður falar kaup á henni, þá kemur annað hljóð í strokkinn, þá er lóðin alt í einu orðin svo ómissandi fyrir bæinn, að ýmsir bæjarbúar hlaupa upp til handa og fóta, senda þinginu skriflega áskorun, halda borgarafund o. fl., til þess fyrir hvern mun að fyrirbyggja, að þessi maður verði hennar aðnjótandi. Slík aðferð þykir mér harla kynleg, og getur ekki haft áhrif á atkvæði mitt.

Þessi mótmæli bæjarbúa geta nú ef til vill verið á rökum bygð, ef lóðin væri nauðsynleg vegna hafskipabryggju og lóðarsalan fyrirbygði það, en það hefir verið tekið fram af hæstv. landsh., að svo er ekki, því öll fjaran verður undan skilin, og mætti þar þá reisa hús til uppskipunar og vörugeymslu.

Eftir því sem heyrst hefir, þá er það tilgangur þess, sem falar lóðina, að byggja á henni fagurt hús, sem gæti orðið til bæjarprýði; en þar sem þetta ekki er tekið fram í frumv., þá væri máske bezt til fallið, að einhver kæmi með brtill. við frv. til 3. umr. í þessa átt, og mætti þá um leið taka upp á-kvæði, er trygði það, að lóðarsalan yrði því á engan hátt til fyrirstöðu, að bygð yrði þar hafskipakví. Sama er og um kaupverðið að segja, að því má auðvitað breyta við 3. umr., sem þurfa þykir. Hið minsta verð, sem frumv. heimilar að selja megi fyrir, sýnist mér alt lágt; og þó að stjórninni sé heimilað að selja lóðina dýrar, þá kann eg ekki vel við, að það sé lagt í hennar hendur, svo sem frv. gerir, og kysi heldur að þingið tæki fram í lögunum fast verð, sem það ætlast til að lóðin verði seld fyrir.

Það hefir verið mikið um það talað, að frv. þetta væri ósanngjarnt í garð bæjarfélagsins, en eg verð að álíta, að bæjarstjórn Reykjavíkur sé það ekkert áhugamál að fá lóð þessa keypta, þar sem hún hefir ekki komið fram með neina beiðni eða neitt tilboð í þá átt, að hún vildi kaupa lóðina fyrir eitthvert ákveðið verð.

Þar sem h. þm. Reykv. (J. Jenss.) var að tala um eitthvert samtal milli sín og h. þm. úr Ed., þá get eg ekki gert mikið númer úr því, enda er það

svo algengt hér á þinginu, að þm. sumpart í spaugi og sumpart í alvöru koma með hálfgerðar hótanir, eða segja hver við annan: Ef þú styrkir ekki þetta, þá felli eg hitt fyrir þér«, og er því ekki ástæða til þess að láta þessa sögusögn þm. Reykv. hafa minstu áhrif á atkvgr. í máli þessu.

Eg hygg því að þingið geti ekki litið öðruvísi á þetta mál, en að það sé ekki neitt pólítiskt stórmál, sem gerandi sé mikið veður af, og að það skifti Reykjavík ekki miklu, þó lóðin sé afhent, sérstaklega ef trygging er fengin fyrir því, og það sett inn við 3. umr., að lóðin sé notuð í því skyni, sem látið er í veðri vaka.

Jón Jensson: Eg hefi enga ástæðu til að biðjast afsökunar á því, sem eg sagði áðan, því menn hafa verið fult eins harðmæltir í minn garð. Eg hefi ekki ráðist á neinn mann, en skýrt að eins frá framkomu tveggja manna í þessu máli, og það sem eg hefi sagt, er hreint og beint sannleikur, sem eg áleit skyldu mína að ljósta upp. Eg þarf eiginlega ekki að svara h. 2. þm. Eyf. (J. J.); hann sagði að eg hefði bygt á rangfærslu og misskilningi; þm. hefir runnið í skap, og eg vorkenni honum þó hann sé máli þessu svo hlyntur, hann er svo — nákominn! — Þm. V.-Sk. (Guðl G.) var að tala eitthvað um samninga, en hæstv. landsh. hefir ekki mótmælt því, sem eg sagði, og það er vitleysa með þennan samning, það hefir enginn samningur farið fram. Þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að bæjarstjórnin hefði ekki sýnt neinn áhuga, og þess vegna eigi ekki að girða fyrir málið, en lofa því að ganga fram. Þetta er misskilningur. Bæjarstjórnin falaðist eftir landinu 1883, en því var neitað. Reykvíkingar gátu því ekki gert sér von um að fá það fyr en nú. Og nú var þingdeildin svo sanngjörn að samþykkja frumv. um vegalagningu yfir Arnarhól, sem er í gislingu hjá Ed. Í því frumv. voru bæjarstjórninni heimiluð kaup á lóðum í norðanverðu Arnarhólstúni, þar með einnig þessari hér umræddu lóð; og þetta var gjört eftir ósk bæjarstjórnar. Er þá rétt að að segja, að bæjarstjórnin hafi ekki sýnt neinn áhuga á málinu? Að bæjarstjórnin hafi ekki haldið aukafund um þetta lóðarmál sérstaklega er heldur engin ástæða; hún varð að álíta svo, að hitt frumv. næði einnig yfir þessa lóð, og treysti því að þingið yrði sjálfu sér samkvæmt, þegar það ætti að fjalla um þetta frumv., léti það ekki fara í bág við hitt frv., sem h. deild hefir samþykt.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: H. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að Reykjavík hafi forkaupsrétt; en eg get ekki litið svo á, að löggjafarvaldið sé búið að afsala sér nokkurum rétti með frv. því, sem nú er í Ed., úr því bærinn var ekki búinn að ná fullum kaupum.

Þar sem þm. sagði að eg væri sérlega nákominn, stóð eg aðallega upp til að svara því. Hann nefndi á nafn einn h. þm., sem eg er nákunnugur, og sem mér er gleði að vera svo nákominn, að eg taki máli hans, hvar sem honum er hallmælt; eg álít drengskaparskyldu mína að gjöra það, hvar sem eg er þess um kominn; söguburður háttv. þingm. Reykvíkinga finst mér fremur brjóta á móti drengskaparboðorðinu.

Þá var borin upp rökstudd dagskrá frá h. þm. Rvk.:

»Með því deildin hefir samþykt lagafrv., sem felur í sér heimild til að selja einnig þá lóð, er ræðir um í frv. því, er hér er til umræðu, álítur deildin óþarft að fara lengra út í þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskránni«.

Feld með 15 : 4 atkv.

Frv.gr. sþ. með 16 : 2 atkv.
Vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 452) 23. ágúst.

Valtýr Guðmundsson: Eg gat þess við 2. umr. þessa máls, að mér þætti þetta frv. athugavert, það gæti komið í bága við fyrirhugaða hafskipabryggju hér í Rvk., þar sem útlit væri fyrir, ef hún væri bygð, þá væri það tiltækilegast á svokölluðu »Batteríi«; þar er dýpið mest, og líklegast að það yrði þar. Ef nú þessi lóð, sem hér er talað um að selja, næði ofan að sjó, þá væri þetta ómögulegt, nema með leyfi þess, sem lóðina ætti, og gæti hann þá sett þá kosti, sem honum sýndist, ef til þess kæmi.

Eg get nú ekki skilið að þessari konu, sem hér er um að ræða, sé það kappsmál að fá lóðina ofan að sjó, því það er henni alls ekki nauðsynlegt, þó hún ætli að byggja skrauthýsi. En það getur orðið óhagræði fyrir bæinn og þess vegna fer eg fram á það í brtill. minni, að fella burt orðin »ofan að sjó«, og að fram með sjónum sé svo mikið óselt svæði, að það sé nægilegt fyrir vegarstæði. Það er talsvert þýðingarmikið atriði þetta fyrir bæinn, og þó að maður geti sagt sem svo, að það sé sérstakt bæjarstjórnarinnar hlutverk að bera umhyggju fyrir bænum, þá álít eg það í alla staði eðlilegt, að þingið taki meira tillit til Reykjavíkurbæjar en til einhvers einstaklings. (*Guðlaugur Guðmundsson:* hefir bærinn beðið um það?) Það hefir verið sagt, að bærinn geti tekið vegarstæðið lögnámi. Þetta er að vísu rétt; en ef að nú er búið að byggja á þessu svæði og gjöra þar mannvirki, sem kosta svo og svo mikið, þá verður bærinn að kaupa öll þau mannvirki, og það getur staðið svo á, að það séu mannvirki, sem bærinn hefir ekkert brúk fyrir. En ef brt. mín er sþ., þá kemurhún í veg fyrir þetta.

Eg skil sem sagt ekki að konu þessari sé kappsmál að fá lóðina ofan í sjó, og það liggur nærri að ætla, ef það er gjört að kappsmáli, að þá búi eitthvað undir, því að það er alls ónauðsynlegt til að byggja »villa« á þessum stað.

Háttv. þm. V.-Sk. hefir komið með brtill. um að útmælingunni skuli haga svo, að nægilegt pláss sé til vegalagningar, »ef bæjarstjórn Rvk. óskar þess«, og eg get verið fullkomlega samdóma þessari tillögu. En ef Reykjavíkurbær kærir sig ekki um að það sé tekið tillit til þessa, þá er ekki heldur ástæða til þess fyrir þingið; það þarf ekki að gjöra sig að forsjón fyrir Reykjavíkurbæ. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Ekki þó það!) En hitt finst mér sjálfsagt, að það sé tekið tillit til óska bæjarins og brtill. gengur í þessa stefnu.

Þá er það annað, að verðið er of lágt. Það er kunnugt að lóðir hér í bæ fara fram úr þessu verði, sem hér er tiltekið, og það mikið. Þetta er einhver fallegasti staðurinn í bænum, og væri því óviðkunnanlegt að selja hann minna verði en aðrar lóðir. Mér þótti tryggilegra fyrir báða parta, kaupanda og seljanda, að hafa verðið eftir dómkvaddra manna mati, og enn tryggilegra þótti mér að hafa lægstu upphæð 1000 kr., en sem vitanlega getur orðið meira, eftir mati dómkvaddra manna, og þess vegna hefi eg komið með brtill. í þá átt.

H. þm. Rvk. (J. J.) hefir komið með brtill. í þá átt að selja megi þennan stað bæjarstjórninni eða frú Vidalín, og er eg henni tyllilega samþykkur, því það hlýtur að sýnast svo, sem bæjarstjórnin eigi að hafa forkaupsrétt að lóðum hér, fremur en einhver einstak-

ur maður. Það væri sannarlega undarlegt, ef þingið gjörði einstakri persónu hærra undir höfði en höfuðstað landsins. (*Tryggvi Gunnarsson*: Bæjarstjórnin hefir aldrei beðið um að fá þennan stað keyptan). Getur verið, en tillagan er þó flutt af manni úr bæjarstjórninni.

Annars skal eg ekki fjölyrða um þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er annars hálfleiðinlegt að þurfa að þreyta sig á að ræða um annað eins mál og þetta, sem í sjálfu sér er einskis virði. En af því að eg á hér eina brtill. og er ekki samþ. þeim öðrum brtill. sem fyrir liggja, þá ætla eg þó að fara um þær fáeinum orðum.

Það er þá fyrst 1. brtill. á þgskj. 542 að orðin »ofan að sjó« falli burtu. Þessi brtill. er gjörsamlega þýðingarlaus, því nafnið »Batterí« innibindur sjálft í sér að bletturinn á að ná ofan að sjó, hvort sem þessi orð standa eða ekki. Þetta sýnir að h. þm. Vestm. (V. G.) er ekki kunnugur þessum stað. Hinn h. þm. lét sem hann bæri Reykjavíkurbæ svo sérstaklega fyrir brjóstinu, en eg held að það hafi ekki verið í alvöru, að minsta kosti er ekki svo að sjá eftir 2. brtill, á sama þgskj., sem getur orðið til þess að útiloka bæjarstjórnina frá að geta keypt þennan stað. Eins og frumv. liggur fyrir, þá er öllum opinn vegur til bjóða í lóðina, og landsstjórnin mundi varla fara að selja hana ef áreiðanlegur kaupandi byðist, sem byði hærra en hér er nefnt sem lægsta verð, og þá gæti bæjarstjórnin eins og hver annar átt kost á að bjóða í lóðina, en eftir þessari till. gæti bæjarstjórnin orðið útilokuð frá að geta fengið hana keypta, því setjum svo að bæjarstjórnin byði svo hátt, að hinum dómkvöddu mönnum þætti það of hátt, og ákvæðu verðið lægra, t. d. eins og hér er farið fram á í frumv., þá væri engin heimild til að selja bæjarstjórninni þessa lóð, en aftur á móti heimild til að selja viðkomandi konu, og þannig gæti bæjarstjórnin orðið útilokuð. En eins og frumv. liggur fyrir, þá er enginn háski á ferðum, því upphæðin getur alt af færst upp.

Eg hefi komið hér með viðaukatill. í þá átt, að áskilja því að eins svæði fyrir veg, að bæjarstjórnin óski þess. Eg er samdóma h. þm. Vestm. um það, að við eigum ekki að gjöra okkur að forsjón fyrir bæjarstjórnina eða taka fram fyrir hendurnar á henni, heldur á hún að sjá fyrir sér sjálf, og í öllu falli verður þessi viðauki að komast inn, að hún óski þess sjálf. Þann rétt, sem hér er farið fram á, hefir bæjarstjórnin eftir gildandi lögum. (*Jón Jensson*: Hvaða lögum?) Þau ættu að vera þm. kunn. Hún hefir heimild til að leggja veg hvar sem hún vill og expropriera lóð undir hann. Og þó aldrei nema til þess kæmi að expropriera þyrfti mannvirki á þessum stað, þá færi varla svo, að þau væru einkis virði, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) vildi halda fram.

Þessi viðbót: »Reykjavíkurkaupstað eða«, sem h. þm. Rvk. (J. Jenss.) o. fl. hafa komið fram með, er sannarlega skrítin. Hér liggur engin beiðni fyrir frá bæjarstjórninni, og hún er þó sú eina, sem hefir rétt til að biðja fyrir bæjarins hönd. Þessi tillaga skyldi þó ekki vera framkomin af ótta fyrir ópi skrílsins hér í Reykjavík, það væri að minsta kosti mjög ólíklegt. Reykjavík á engan forkaupsrétt að þessari lóð, sá eini sem forkaupsrétt hefir er landshöfðingi sjálfur, og þegar hann hefir afsalað þann rétt í hendur annara en bæjarstjórnarinnar, þá hefir hún alls engan rétt til að vera tekin hér fram yfir aðra, þó að hún óskaði þess. Hér á

að gjöra bæjarstjórnina að lepp í þessu máli. Þingið hefir aldrei viljað aðhyllast það, að þjóðjarðasala væri leppuð, og svo hefir bæjarstjórnin heldur ekki óskað eftir að verða leppur í þessu máli. Yfir höfuð er óvarkárt af Reykvíkingum að hleypa slíkum vindi og æsing í þetta mál.

Það hefir stundum verið sagt, að þessi staður væri miður hollur til þess að halda alþing á, og það virðist svo, sem Reykjavík ætli að sýna það, að hún vilji ráða meiru um þjóðmál en þingið sjálft og hafa áhrif á þingmenn meira en góðu hófi gegnir. Heyrst hefir það líka, að þegar menn hér hafa sótt um bitlinga, að þá hafi þeir safnast hér á áheyrendapallana, þegar þeir voru til umræðu, eins og til þess að ógna þingmönnum eða til þess að horfa út úr þeim atkvæði.

Eg gæti sagt ýmislegt fleira, en læt þetta duga að þessu sinni.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði að þetta væri fallegasti bletturinn í bænum, og sýnir hann með því sem öðru, að hann er ekki kunnugur þessum stað, því eg er hræddur um að hjá honum mundi fremur vakna viðbjóður, ef hann kæmi þangað, eins og nú er. Það getur vel verið að það megi gjöra hann að fallegum stað, en hvað á það langt í land að Reykjavík verji tugum þúsunda til þess að gjöra hann að prýðilegum stað.

Eg ætla nú ekki að fara lengra út í þetta mál, sem eg álít að hafi verið gjörður of mikill og óþarfur æsingur og veður út úr.

Jón Jensson: Eg segi það satt, að mér finst það nokkuð hlægilegt, hvað mikið veður er gjört úr þessu máli. (*Guðlaugur Guðmundsson*: h. þm. (J. Jenss.) gjörir sjálfur mest veður úr því). Nei, enginn gjörir jafn mikið veður úr því eða er jafn uppblásinn af vindi og þessi húmbúgisti sem ekki lofar mér að tala í friði. (*Forseti*: Orðið »húmbúgisti« er óþingmannlegt). Hann veltir sér með ókvæðisorðum yfir Reykjavík og þó hafa Reykvíkingar ekkert annað gjört en látið í ljósi álit sitt um málið, og höfðu þeir bæði rétt og skyldu til þess, eins og nú stendur á. Eg veit það vel, að það hefir verið reynt að innbyrla þingmönnum, að það ætti að reyna að þvinga þá og þingið. Þetta er tómur hugarburður, það er ekki Reykjavíkurbær, sem hefir þingið í vasa sínum, hann hvorki hefir né vill hafa vald yfir þinginu til að þvinga það eða ginna, svo langt er Rvk. ekki leidd.

Þetta sést bezt á því, að í dag var felt mál, sem varðaði Reykjavík miklu, eg vil ekki segja að það félli af því að það snerti Reykjavík, en svo fór slysalega, að felt var það, þrátt fyrir það, þótt með rökum væri sýnt fram á, að það væri þarflegt, þarna komu nú fram hin miklu áhrif Reykjavíkur á þingið. H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) lét sér sæma að kalla skrílfund borgarafund þann, sem hér var haldinn í gærkvöldi, fund, sem heiðvirðir borgarar gengust fyrir, menn, sem h. þm. (Guðl. G.) mundi, ef hann væri í ögn meira jafnvægi en nú, fremur telja sér sæmd en vansæmd að vera með og vinna með.

Fundur þessi gekk rólega og sæmilega og eg verð að mótmæla því að það hafi verið nokkur skrílfundur, og sú eina afsökun, sem h. þm. (Guðl. G.) verður fundin fyrir því að hafa gefið honum það nafn, er sú, að hann er auðsjáanlega ekki með sjálfum sér í dag.

H. þm. (Guðl. G.) sagði, að þingið ætti ekki að vera forsjón fyrir Reykjavík. Þetta er alveg rétt og því held eg því fram, að bærinn ætti að fá forkaupsrétt að lóð þeirri, sem hér ræðir

um. En það er ekki hér í þingsalnum að það mál á að ræðast, hvort Reykjavíkurbær skuli kaupa lóðina eða ekki. Þingið á einmitt ekki að vera forsjón bæjarins, það á bæjarstjórnin að vera og hún á að fá næði til að íhuga málið, og bæjarbúar ráðrúm til að láta vilja sinn í ljósi við hana um það. H. þm. (Guðl. G.) sagði, að bæjarstjórnin hefði átt að halda fund með sér og biðja þingið um lóðarblett þennan, ef henni hefði verið nokkur alvara með að fá hann. En það var engin ástæða fyrir hana að halda aukafund út af þessu þessa dagana, af því að hana gat ekki grunað að hún þyrfti að ákvarða sig þegar í stað; hún átti líka að geta fulltreyst þinginu til þess að halda opnum fyrir sig veginum til að fá að minsta kosti jafnan kauprétt og privat maður að blettinum, hún hafði ekki einu sinni siðferðislegan rétt til að ætla þinginu annað, og þá var engin ástæða fyrir hana til að fara að hlaupa saman á fund og gjöra þar einhverja flaustursályktun. Það þurfti að yfirvega það vel, hvort bærinn vildi leggja svo mikla áherzlu á málið, að hann vildi standa einstökum mönnum í vegi með að eignast lóðina.

Eg lýsi það ósannindi, að það sé af nokkurri óvild, að eg beiti mér í máli þessu. Eg get ekki einu sinni sagt um það enn, hvort eg muni ráða til þess í bæjarstjórninni, að bletturinn sé keyptur handa bænum. Hið eina, sem eg vil að hér sé ályktað, er, að leiðin sé opin fyrir bæinn til að gjöra það, sem heillavænlegast sýnist fyrir hann, og kaupa lóðina fyrir jafn-hátt verð og aðrir vilja gefa fyrir hana, eða kaupa hana ekki. En hér er ekki staðurinn til að taka neina ályktun um það, hvað bærinn eða bæjarstjórnin á að gjöra eða ráða af.

Eg er yfir höfuð ánægður með breytingartill. þær, sem komnar eru fram. Það sem mér er mest um að gjöra, er að bæjarstjórninni sé veittur forkaupsréttur að blettinum, ef hún æskir þess, og því hefi eg leyft mér að koma nú með breyt.till. þá, sem háttv. deild var svo sanngjörn að lofa að komast að, og sem fer fram á, að Reykjavíkurbær eða konsúlsfrú Helga Vídalín skuli fá blett þennan keyptan. Eg skil ekki í, hvað getur verið á móti því, að aðhyllast breyt.till. þessa, nema ef að þingið vill endilega vera forsjón Reykjavíkurbæjar; vera nokkurs konar yfirbæjarstjórn hans, og ekki vilja lofa bænum að ráða sínum eigin málum.

Enn er það eitt, sem eg þarf að taka fram, og það er, að í byrjun fundar þessa var mér afhent skjal, undirskrifað af 22 borgurum þessa bæjar, sem óska þess, að sér sé seld lóð þessi fyrir alt að 2000 kr., og lofa þeir því, að bæjarstjórnin skuli fá umráð yfir þessu svæði, ef hún vilji, og sjálfsagt með sömu kostum, sem þeir fá hana. Þeir vilja tryggja bænum blettinn, og þeir álíta sjálfsagt, að það sé hyggilegt að svo sé gjört, fyrst þeir bjóðast til að kaupa hann.

Hér liggur þá fyrir hálfu hærra boð en í frumv., og eg get ekki skilið, að þingið álíti það rétt af sér, hvað sem það segir um forkaupsrétt Reykjavíkur, að hafna fyrir landssjóðs hönd hærra boðinu í lóðina. Eg sé ekki hvaða ástæða er fyrir þingið, að setja manneskju þá, sem hér á hlut að máli, svo hátt yfir Reykjavíkurbæ, að bænum eigi ekki að gefast kostur á að fá lóðina fyrir hálfu hærra verð en hún á að fá hana fyrir.

Eg segi þetta, en segi það þó raunar í gamni, því að mér dettur ekki í hug, að það geti komið fyrir.

Málið liggur nú svo ljóst fyrir, að eg skil ekki í, að nokkrum geti bland-

ast hugur um, hvernig hann eigi að greiða atkvæði um það.

Reyndar sýndist það annars ljóst frá upphafi, að Reykjavíkurbær ætti, að öðru jöfnu, að hafa forkaupsrétt fyrir einstökum mönnum. Hér er um höfuðstað landsins að ræða, stóra félagsheild, sem heill margra er bundin við, já, heill alls landsins; eg gekk út frá því, að þetta mundi nóg til þess, að frumv. þetta yrði felt, og að h. deild léti sér nægja með frumv. það, sem er á ferðinni í háttv. efri deild. Fái það framgang, getur þessi góða frú átt kost á að fá lóðina keypta, ef bæjarstjórnin sér að það stríðir ekki gegn hagsmunum bæjarfélagsins í heild sinni.

En svo kemur nú hitt, að boðið er fyrir hönd Reykjavíkur hálfu meira í lóðina en frumv. fer fram á, og það ætti þó að minsta kosti að vera nóg til þess, að lofa breytingartill. minni að komast að.

Þá er að minnast á það, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að Reykjavíkurkaupstaður gæti tekið vegarstæði af lóðinni, ef hann þyrfti á að halda. Háttv. þm. V. Sk. (Guðl. G.) má bezt vita sjálfur af hverju hann segir þetta, þar sem hann þó veit, að hann hefir rangt fyrir sér. En af hverju kom þessi hugsun upp í huga h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.)? Af því að hann finnur þó að minsta kosti ósjálfrátt til þess, að hagur bæjarins eigi að ganga fyrir rétti einstaklingsins, og þó álítur hann ekki sjálfsagt, að láta Reykjavíkurbæ ganga fyrir einstökum manni með kaupin á þessari umræddu lóð.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil þá byrja ræðu mína með því að kvittera háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) fyrir hin mjög kurteisu orð, sem hann hafði um mig í byrjun ræðu sinnar, og eg vil láta hann vita, að mér stendur á sama, hvort þau koma frá honum, sem á að vera einn af hinum æðstu embættismönnum landsins, eða frá 12—13 ára gömlum skóladreng. (*Jón Jensson*: Og báðir geta nú sagt satt). Og drengurinn þó engu síður.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að ekki hefði verið ástæða fyrir bæjarstjórnina til að halda fund í málinu. Jú, það hefði meira að segja verið full ástæða fyrir bæjarstjórnina að skjóta á aukafundi, ef málið hefði verið henni áhugamál. Eg veit til að svo hefir hún áður að farið, þegar líkt hefir staðið á; svo fór hún að, þegar brunabótamálið var á ferðinni.

Eg veit að h. þm. Rvík. (J. Jenss.) er að vísu bæjarfulltrúi í Reykjavíkurbæ, og að hann hefir látið heyra sitt álit á málinu. En hér situr líka í deildinni annar bæjarfulltrúi Reykjavíkur, h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) og hans álit hefir nú farið í alt aðra átt, og í þessu máli held eg, að eg meti háttv. 1. þm. Árn. (Tr. G.) meira en h. þingm. Rvík. (J. Jenss.), að honum alveg ólöstuðum, því að bærinn ber meiri sýnilegar menjar framkvæmda h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) en hins.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) skýrði frá því, að bæjarbúar biðu alt að 2000 kr. fyrir blett þann, sem hér er um að ræða; það er gleðilegt að heyra, þótt það komi reyndar ekki þessu máli við; en eg er viss um, að ef þessir menn standa við boð sitt, sem eg efast ekki um, því að eg ætla, að það muni vera áreiðanlegir menn, þótt eg hafi ekki séð nöfn þeirra, eg er viss um, segi eg, að tilboðið muni verða látið ganga gegn um hendur landshöfðingja til stjórnarinnar, og að fult tillit muni verða tekið til þess, þegar á að fara að fastsetja verðið á blettinum.

Hér í deild er ekki venjan að selja

eignir landsins, heldur að eins hitt, að gefa söluheimildina, og því er engin ástæða til að skifta sér af þessu tilboði hér, sem auk þess kemur fyrst á 12. stundu.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) stendur á því, að ekki sé hægt að expropriera neitt af svæði þessu, þegar einu sinni sé búið að selja það. Það er þó alt af hægt að gefa út lög, sem heimili það, og eg skil ekki í, að það sé óhægra að expropriera þetta, en stórt stykki vestur í Kvos.

Það er tómur reykur, sem h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) er að þyrla hér upp. Auk þess mun varla koma til þess, að nokkuru sinni þurfi að expropriera þar vegarstæði, sjórinn gengur svo hátt upp í sjóroki á þessum stað, að það er víst eiginlega alls eigi um það að tala, að leggja þar nokkuru sinni veg. Eg vildi sjógangs vegna ógjarna eiga hús til vetrar-íbúðar þar úti á Batteríinu, en þeir um það, sem kaupa vilja og byggja, það mæðir á þá en eigi oss.

Það sem mér gengur til að taka í málið eins eg gjöri, er það, að eg vil láta alla njóta jafnréttis, og að eigi sé traðkað af þinginu rétti einstaklingsins, og þó að margir Reykvíkingar kunni að vera sölu þessari mótfallnir, þá finst mér þingið ekkert tillit geta tekið til þess. Ef það hefði legið fyrir beiðni frá bæjarstjórninni sjálfri, þá var sjálfsagt, að taka henni kurteislega, en eigi ólátum þeim, sem vakin hafa verið.

Eg skal enda með því, að taka það aftur fram, að tilboð það, sem h. þm. Rvík. (Jón Jensson) gat um, verður að ganga stjórnarveginn; háttv. deild getur ekki tekið það til greina, það kemur of seint til þess.

Allra síðast skal eg svo lýsa því yfir, að eg álít rétt að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir, en fella allar breytingartillögurnar.

Sighvatur Árnason: Eg vil segja, að þetta mál hefir vakið hér á þingi nokkuð svæsnar umræður og jafnvel frekar en þinginu er sæmilegt. En að því sleptu, vil eg með fám orðum lýsa afstöðu minni í málinu.

Það er orðið ljóst, að háttvirtum Reykjavíkurbúum er æði ant um mál þetta, og að þeir láta þar mikið til sín taka til mótspyrnu.

Það er víst líka kunnugt, og það víðar en í Reykjavík einni, um ámæli það, sem kjósendum mínum var gefið á næstliðnu vori í einu blaði hér í bænum (Ísafold) fyrir það, að þeir hefðu kosið mig inn á þing, mig, sem orðinn væri bæði ellihrumur og heyrnarsljór með meiru.

Nú má búast við því, að atkvæði mitt verði lagt út á sama hátt, ef eg skyldi greiða atkvæði með málinu, að það væri gjört í barndómi, og því leyfi eg mér að skýra frá því, að eg greiði alls eigi atkvæði í þessu máli, svo það veki ekki rangar ályktanir á ný gagnvart kjósendum mínum, og fel háttv. deild að dæma um það, hvort hún vill taka ástæður mínar gildar eða ekki.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) tók það fram, að breyt.till. mín væri óþörf, því að bærinn hefði rétt til að taka lögnámi vegarstæði af lóðinni, ef hann þyrfti. — Í síðari ræðu sinni virtist háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) þó ekki standa jafn fast á þessu. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er ekki rétt). Að minsta kosti kom það fram í ræðu háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.), sem að líkindum kann lög alveg eins vel og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að bærinn mundi ekki hafa rétt þennan, og þá er full þörf á, að breytingartill. sé samþykt.

En þótt nú bærinn hefði rétt á að taka lögnámi vegarstæði fram með sjónum, þá getur vel verið, að þar verði þá búið að gjöra þau mannvirki, að expropriationin verði afar dýr fyrir bæinn.

Það getur vel verið, að þar verði um það að ræða að kaupa mannvirki, sem væru mjög litils virði fyrir bæinn, þótt þau væru mikils virði í sjálfu sér.

Þá tók h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) það fram, að engin trygging væri í þessari breyt.till., því að á þessum stað stæði svo á, að sjór gengi yfir allan hólinn. Ef að þetta er svo, þá er það sýnilegt, að ef bærinn þarf á vegarstæði að halda, þá mun þurfa að expropriera allan hólinn. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Nei). Eg segi jú, og það hlýtur þó að verða æði-dýrt.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) ætlast annars máske til, að vegurinn sé lagður þar, sem sjór gengur yfir hann með köflum.

Það er þó líklega ekki ætlast til að vaða sjóinn út að bryggjunni. Og þyrfti bærinn að halda á lóðinni síðar, þá yrði sýnilega dýrara fyrir hann að fá hana exproprieraða. Það er nú víst nokkuð orðum aukið, að sjór gangi yfir Batterlið; eg hefi þó nokkurum sinnum komið á þennan stað — vitanlega ekki í versta veðri eða sjávargangi, og er því nokkuð kunnugur.

Mér þykir vikja undarlega við, ef löggjafarvaldið ætlar nú að fara að taka einn einstakling fram yfir heilt bæjarfélag, og það sjálfan höfuðstað landsins, það gæti hvergi viðgengist annarsstaðar, og mundi þykja óheyrt í hverju einasta landi. Nú liggur fyrir tilboð hér í bænum, þar sem tuttugu borgarar bæjarins bjóðast til að kaupa þennan blett og láta bæinn síðan hafa forkaupsrétt að honum, og þeir bjóða helmingi hærra verð en þessi eina kona. Það skyldi stórlega furða mig, ef það samt yrði ofan á, að selja þessari einu konu, og það mun vekja furðu hjá fleirum en mér.

Mínar breyt.till. eru svo hógværar, að mér er óskiljanlegt að kaupandi geti haft nokkuð á móti þeim; getur hann ekki bygt skrauthýsi uppi á hólnum, þó að skilin sé eftir svolítil ræma fyrir neðan?

H. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það væri réttast að svara svo þessum ólátum bæjarmanna, að samþykkja frumv. þegjandi. Mér þykir þetta kynlegt; eg hélt að við ættum sjálfir að ráða atkvæðum okkar, en ekki að láta stjórnast af þeim spenningi, sem er risin úf af þessu, eða fara að refsa mönnum fyrir, hvernig menn hegða sér úti í frá, eg hélt satt að segja að þingið væri hafið yfir slíkt. Eg er líka viss um, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) lætur slíkt aldrei ráða atkvæði sínu. Hann hefir sagt þetta í ógáti.

Eg er ekki með neinar æsingar; það eina sem breyt.till. mínar fara fram á, er að höfuðstaðurinn hafi forkaupsrétt að lóðinni, og að hag bæjarins og alls landsins sé þannig borgið. Þar að auki eru nú boðnar 2000 kr., er þá meiningin að vera slíkur ráðsmaður fyrir landsins fé, að selja öðrum blettinn fyrir minna verð? Að vísu stendur í frumv. fyrir minst 850 kr., eg fer þó fram á fyrir minst 1000 kr., eða á alveg að fela þetta stjórninni á vald? Hæstv. landsh. hefir talað í málinu og sýnt sig heldur hlyntan því, og háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir sagt, að hálfgerðir samningar væru komnir á. Svo er eitt enn. Ef nú bæjarstjórnin hefði í huga að bjóða meira seinna, þá get eg ómögulega séð, að stjórnin megi samkvæmt frumv. selja nokkurum öðrum lóðina, en einmitt þessari konu. Eg efast líka um, að þó að kæmi fram

boð um hærra verð en kaupandi vill ganga að, að stjórnin tæki þetta þá til greina, synjaði kaupum og legði nýtt frumv. fyrir þingið. Eg hefi stundum þótst heyra, að þingið hefði ekki svo mikið traust á stjórninni í öðrum efnum, en það getur verið að það hafi það í þessu efni.

En eg verð að taka það fram einu sinni enn, og leggja aðal-áherzluna á það, að mér er óskiljanlegt, ef þingið ætlar að fara að taka einstakling fram yfir hag heils bæjarfélags eða alls landsins. Það mundi hvergi koma fyrir, og er þá eins dæmi, ef það skeður á alþingi Íslendinga.

Skúli Thoroddsen: Eg verð algerlega að mótmæla því, að einstaklingur sé hér tekinn fram yfir; það liggur ekki fyrir neitt tilboð frá bæjarstjórninni, og hefir þó verið nægur tími til þess, það hafa verið 3 umræður um málið í efri deild, og 2 í neðri deild og þetta sú 3., og ef bæjarstjórnin hefði álitið sér nauðsynlegt að fá þetta stykki, þá hefði hún getað haldið fund; en hún hefir látið sem sér væri þetta óviðkomandi.

Auk þess lít eg svo á, að ekki sé búið að bola bænum alveg frá kaupunum; vegurinn er sá: þegar þingið er búið að ljúka við málið, getur bæjarstjórnin, ef hún nú eftir á sér, að það er gott fyrir bæinn að fá lóð þessa, skrifað stjórninni jafnframt frumv. og lýsti fyrir henni, hvernig hún líti á þetta mál. Hitt var að vísu heppilegra, að hún hefði gert það í tíma, en þetta er þá ekki útilokað, og það er ráð, sem oft hefir verið notað, þótt eg játi, að sá vegur sé að vísu fremur óviðfeldinn.

Eg er líka viss um að stjórnin synjar lögunum, ef skýr rök koma fram frá hæstv. landsh. og bæjarmönnum móti sölunni. —

Verðið er heldur ekki fast ákveðið; það er að eins sagt, að megi selja fyrir minst 850 kr., og þá er sjálfsagt, ef að stjórninni er kunnugt um, að aðrir bjóða 2 þúsund eða jafnvel 4 þúsund, að hún alls ekki getur gengið að lægra boði hjá hinum lögheimilaða kaupanda. Annars álít eg heppilegast að fá skýra yfirlýsingu frá hæstv. landsh. þessu viðvíkjandi.

Nú liggur fyrir tilboð utan frumv. frá einstökum mönnum um kaup á þessari sömu lóð, en þingdeildin getur auðvitað því miður ekki tekið það til greina, og úr þessu er ekki hægt að koma neinni breyt.till. að um það. — En sem sagt, fengist yfirlýsing frá hæstv. landshöfðingja um aðal-atriðið, að stjórnin sleppi lóðinni ekki fyrir minna verð en fengist getur hjá öðrum, þá er landssjóði borgið.

Aftur á móti finst mér hæfilegt tillit tekið til Reykjavíkur, ef við samþykkjum breyt.till. h. þm. Vestm. og h. þm. V.-Sk., um að áskilja bænum vegarstæði með fram sjónum. Við gerðum þetta raunar óbeðið, en af því það má sjá það í hendi sinni, að það yrði mjög dýrt fyrir bæinn að expropriera, ef mannvirki kæmi þarna með tímanum, þá er bezt að slá þennan varnagla. Kaupandi getur ekki haft neitt á móti því. Að fara að aðhyllast breyt.till. h. þm. Rvk. get eg ekki felt mig við; það liggur engin beiðni fyrir, og það mætti með sama rétti áskilja Jóni, Arna eða Bjarna forkaupsrétt; úr því bæjarstjórnin hefir ekki farið fram á þetta, er ekki hægt að heimila henni það; hún verður þá að sætta sig við hundsbitið eða eins og danskurinn segir: »tage Skade for Hjemgæld«. Og bæjarmenn hafa ekki farið þá réttu leið, þeir áttu að fara til sinnar bæjarstjórnar, svo þeir eiga nú þá sök við hana en ekki við þingið, ef lögin verða samþykt.

Landshöfðingi: Í tilefni af áskorun h. þm. Ísf. skal eg lýsa yfir því, að eg tel sjálfsagt, að stjórnin muni ekki nota heimildina til að selja lóðina fyrir 850 kr., ef hærra boð kemur í lóðina frá einhverjum öðrum, og þá alls ekki selja hana, nema því að eins að frú Vidalin bjóði jafn mikið.

Jón Jensson: Eg hefi nú litlu við að bæta við það sem háttv. þm. Vestm. sagði; honum mæltist vel móti málinu og eg vona að h. þm. athugi það rólega, sem hann sagði. Þm. Ísf. sagði, að hér væri ekki verið að taka einstakling fram yfir fjöldann, en þetta er ekki rétt; í því skjali, sem hér liggur fyrir, bjóðast menn til að kaupa lóðina fyrir hönd Reykjavíkur. Svo sagði hann að bæjarstjórnin hefði ekki látið í ljósi neinn vilja sinn, en eg tók fram áðan, að það var engin þörf á því; bæjarstjórnin hefir ekki þótst hafa ástæðu til að lýsa neinu yfir við þingið; það á að gefa henni tíma til að athuga málið vel og rólega, og hér er að eins farið fram á að útiloka ekki bæjarstjórnina. Eg veit að margir bæjarfulltrúar hafa hug á að fá þennan blett handa bænum, en málið er ekki útkljáð í bæjarstjórninni, og þingið á þá ekki að fara að gera sig að yfirbæjarstjórn með því að grípa fram fyrir hendurnar á henni. Bæjarmenn eru nú á því, að bærinn sjálfur eigi að fá þessa lóð, og það er ástæða, sem er mikils virði, og einmitt þess vegna töluverðar líkur til að bæjarstjórnin vilji ná kaupum á lóðinni.

Eins og háttv. þm. Vestm. tók fram, er það eins dæmi þetta. Frumv. heimilar ekki að selja nema þessari einu konu, og bæjarstjórnin getur því ekki fengið lóðina keypta, eins og frv. nú er stílað, nema með nýjum lögum, og þó er einmitt hæsta boðið, sem komið hefir í lóðina, gert fyrir hönd bæjarfélagsins; það er helmingi hærra en til er tekið í frumv.

Háttv. þm. V.-Sk. kannaðist við, að það væri rétt að láta alla hafa jafnrétti, en hvernig í dauðanum getur hann þá mælt með þessu frumv., sem útilokar þann, sem næst ætti að standa. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Bærinn hefir ekki notað rétt sinn!). Hann hefir áður gert það, þar sem frv. var, sem nú er í Ed., og farið fram á að fá kaup á lóðum í norðanverðu Arnarhólstúni, svo hann hafði enga ástæðu til að gruna, að þingið færi að taka þennan blett undan. Mér virðist því nauðsynlegt, að hin h. þingd. taki mína breyt.till. til greina, svo að bærinn fái forkaupsrétt að lóðinni. Eg get ekki séð, hvað getur verið þessu til fyrirstöðu.

Hér er nú komið fram sérstakt skjal og það sannar, að verðið í frumv. er sett alt of lágt, og það er þó ekki í samræmi við aðra stefnu þingsins, að sjá ekki betur en svo um hag landssjóðs.

Þm. V.-Sk. sagði, að bærinn þyrfti ekki annað en að fá lög til að mega expropriera þessa lóð, en því ekki nota það, sem er langtum einfaldara, að gefa nú heimild til þess að til expropriationar þurfi eigi að koma síðar; það er þó miklu umstangsmeira og dýrara að expropriera.

Það sem eg álít réttast að gert sé í þessu máli, og eg skýt því til h. forseta, er að taka málið út af dagskrá og lofa því að hvíla sig, sérstaklega til þess að hægt sé að laga upphæðina. Eg vildi koma með breyt.till. um að selja lóðina fyrir minst 2 þús. kr.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 558 felld með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Kl. Jónsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
Valtýr Guðmundss.,	Guðl. Guðmundss.,
Þórður Guðmundss.	Halldór Daníelss.,
	J. Jónss. þm. Eyf.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Thóroddsen,
	Þorl. Guðmundss.

Sighvatur Árnason og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkv. og voru taldir í meiri hluta.

Breyt.till. á þgskj. 542: »ofan að sjó« feld með 11 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 542: «Fyrir minst — — mati« feld með 18 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Jón Jensson,	Klemens Jónsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Eiríkur Gíslason,
Valtýr Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
	Guðl. Guðmundsson,
	Halldór Daníelsson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Sighvatur Árnason og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkv. og voru taldir í meiri hluta.

Orðin á breyt.till. á þgskj. 542 »að minsta kosti 1000 kr.« feld með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Kl. Jónsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
Skúli Thoroddsen,	Guðl. Guðmundss.,
Valtýr Guðmundss.,	Halldór Daníelsson,
Þórður Thoroddsen.	J. Jónss. þm. Eyf.,
	Jón Þórarinsson,
	Ól. Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Sighvatur Árnason og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkv. og voru taldir í meiri hluta.

Brt. á þskj. 555 sþ. með 12 : 8 atkv.

Síðasta breyt.till. á þgskj. 542, þannig breytt, feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelss.,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Valtýr Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þórður Thoroddsen.	Sigurður Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss,
	Þorl. Guðmundsson.

Sighvatur Árnason og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkv. og voru taldir í meiri hluta.

Frumv. í heild sinni samþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Kl. Jónsson,	Jens Pálsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.
Guðl. Guðmundsson,	Valtýr Guðmundss.

já:
Halldór Daníelsson,
J. Jónss. þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,
Ól. Briem,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Tr. Gunnarsson,
Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson.

Sighvatur Árnason greiddi eigi atkv. og var talinn í meiri hluta.

Frv. verður síðan afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Stofnun landsspítala.

FRUMVARP til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík (C. 384); 1. umr., 14. ágúst.

Þórður Thoroddsen: Eg ætla að vona, að hin h. þingd. taki vel við þessu frv., sérstaklega vegna þess, að það hefir fengið mikla búningsbót frá því það fyrst kom fyrir Ed. Eg vil helzt að nefnd sé kosin í málið, en vil þó ekki stinga upp á henni strax, til þess að þeir, sem vilja, geti tekið til máls.

Jón Jensson: Eg vona að deildin taki þessu máli vel, og skal leyfa mér að minna á það, að þegar þetta mál kom fyrst fyrir í Ed., var farið fram á 50,000 kr. til að byggja spítala og 10,000 kr. til að kaupa áhöld, og þetta var að áliti þeirra manna, er bezt skyn bera á þetta mál, álitið hið allra minsta sem hugsanlegt væri að kæmi að notum. Þegar bæjarstjórnin frétti þetta, og það með, að menn væru fremur ófúsir á að leggja þetta fé til þessa fyrirtækis, og að Reykjavík væri legið á hálsi fyrir það, að vilja ekki taka þátt í fyrirtækinu, þá tók bæjarstjórnin sig til, og lofaði að leggja 10,000 kr. í fyrirtækið, auk þess sem til væri lagður af bæjarfélagsins hálfu spítali sá, sem nú er hér. Þetta fanst mér myndarlega gjört af bæjarstjórninni, þegar litið er á það, í hve mörg horn bæjarsjóður hefir að líta, og hversu skuldugur hann er. En þegar Ed. fær þetta tilboð bæjarstjórnarinnar, þá færir hún tillag landssjóðs niður í 40,000 kr. Við þessu hafði bæjarstjórnin ekki búist, því hún hafði haldið, að fénu, sem bærinn legði til, yrði varið til þess að gera spítalann dálítið stærri og fullkomnari, en hún skiftir sér auðvitað ekki af þessu og lofar þinginu að hafa það eins og því sýnist, því þetta er landsmál.

Eg tek það að eins fram, að auk þess sem spítali fyrir alt landið er bezt settur hér í Reykjavík, vegna þess að hér eru og verða ávalt beztu læknakraftar landsins, þá er landsspítali skilyrði fyrir því, að læknaskóli geti þrifist hér, en án læknaskóla getum vér ekki verið vegna læknaþarfarinnar, sem aldrei mundi verða fullnægt, ef læknar ættu að fá mentun sína utanlands.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg held að þeir, sem vilja þessu máli vel, ættu að greiða atkvæði móti því að það sé sett í nefnd, því þingtíminn er orðinn naumur, og skilyrðið fyrir því, að það gangi í gegn á þessu þingi, er, að það komist fljótt og lítið breytt í gegn um þessa deild.

Jón Jensson: Eg get ekki séð, að það sé tilvinnandi vegna landssjóðs að draga mál þetta enn til næsta þings. Það yrði að eins örstuttur frestur á nauðsynlegum útgjöldum, sem gæti leitt til þess, að landið verði fé, sem leggja mætti nú til spítala, til einhvers annars ónauðsynlegra, og ætti svo enn óhægra með að bæta úr þessari þörf

síðar. Eg álít rétt að setja nefnd í málið til að íhuga það sem vandlegast og sting því upp á að 5 manna nefnd sé sett í málið.

Kosnir vorn í nefndina:
Þórður Thoroddsen með 17 atkv.
Jón Jensson með 14 atkv.
Jón Jónsson, þm. A.-Sk. með 7 atkv.
Ólafur Briem með 7 atkv.
Sigurður Gunnarsson með 7 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 384, 424), 16. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Nefndin, sem kosin var til að íhuga þetta mál, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að málið væri nauðsynjamál. Hún áleit það nauðsynjamál bæði vegna læknaskólans og vegna landsmanna sjálfra. Góður spítali leiðir til góðrar læknakenslu, og kemur landinu til góða á þann hátt, að nemendurnir verði færari læknar, og sjúklingar út um land hafa þar af leiðandi meiri líkur til að verða græddir. Þegar þetta mál hefir verið rætt, hefir oft verið minst á það, að sýslurnar í kring ættu að leggja fé til líka, og á þinginu 1897 var samin þingsályktun um að rannsaka, hve mikið fengist úr þessum héruðum. Svarið frá öllum sýslunum var, að þær sökum fátæktar treystu sér ekki til að leggja neitt fram. Að eins Rangárvallasýsla lofaði 1000 kr., hinar allar höfðu ekki ráð á því. Nú hefir Reykjavík lagt til mjög ríflegan styrk, og nefndin sá ekki ástæðu til að leggja mjög mikið kapp á það, að sýslurnar legðu fram fé, og nefndinni fanst ekki heldur ástæða til að níðast á Rangárvallasýslu, þó hún hefði lofað þessum 1000 kr., með því að þetta er svo lítil fjárupphæð.

Menn hafa borið þennan spítala saman við spítala, sem reistir hafa verið út um land. Þetta er ekki rétt, því hér alt öðru máli að gegna. Þessi spítali er nauðsynlegur, ef nokkurt lag á að verða á læknakenslunni, og landið er skyldugt til að borga spítalann alveg eins og kenslu, áhöld og annað, sem þarf til þess að hægt sé að nema þessa vísindagrein. Þar að auki eiga að vera 15 sjúkrarúm ókeypis, sem skiftast jafnt á milli allra parta landsins. Allir partar landsins njóta þannig góðs af þessum spítala, svo það er ekki rétt að einn leggi meira til hans en annar. Þá má ef til vill segja, að þær sýslur, sem eru næstar spítalanum, komi til með að eiga hægast með að nota hann. Þetta getur verið, eg skal ekki neita því, en það er engin reynsla fyrir þessu, og eg ímynda mér, að þeir partar landsins, sem fjær eru, komi til að nota sinn part, samgöngurnar eru svo góðar nú, að það er ekki ókleift að koma sjúklingum hingað. Þar að auki verður þessum fríplássum auðvitað haldið auðum, svo ekki þurfi að neita sjúklingi, sem á að fá fríplass, um inntöku. Það fá ekki nema 3 sjúklingar í Suðuramtinu fríplass, þótt sjúkrarúm Norðuramtsins standi auð. Þannig kemst ekkert misrétti að, og allir partar landsins hafa jafngott af spítalanum.

Það hefir komið fram breyt.till. um það, að landssjóður legði 50,000 kr. í stað 40,000 kr., og er hún að áliti allra, sem vit hafa á málinu, í alla staði góð. Hún er komin fram af því, að flutningsmaður hennar áleit óvíst, hvort hægt væri að byggja svo stóran spítala fyrir þá upphæð, sem til er tekin í frumv. Það er nefnilega tiltölulega dýrara að byggja lítinn spítala en stóran, eða réttara sagt, spítala með fáum sjúkrarúmum en mörgum, því spítalinn þarf hér um bil jafndýran útbúnað, hvort sem sjúkrarúmin eru nokkru fleiri eða færri. Líkhús og útihús spítalans verða jafnstór, hvort sem hann kostar alls

50,000 kr. eða 60,000 kr., og sést á því, að landið fær tiltölulega langtum fleiri sjúkrarúm fyrir seinni 10 þúsundin en hin fyrri.

Eg fer ekki út í einstakar gr. frumv. að þessu sinni, en hefi talað um málið frá almennu sjónarmiði til undirbúnings undir 2. umr.

Pétur Jónsson: Það, sem eg ætlaði að segja, kemur ef til vill ekki málinu við, eins og það nú liggur fyrir, en það sem eg hnaut um í ræðu h. framsögum. (Þ. Th.) var það, að spítalinn kæmi jafnt við öllu landinu. Eg hefi einna mest haldið því fram, að hver landsfjórðungur hefði sinn spítala eða kostaði hann að mestu. Spítali hér í Reykjavík hlýtur að hafa alveg samskonar þýðingu fyrir Suðuramtið, eins og hinir spítalarnir hafa fyrir sína landsfjórðunga. En það sem Reykjavíkur spítali hefir umfram hina, það er vegna landsins alls, og eiginlega sér í lagi læknaskólans. Og eg er alls ekki mótfallinn því, að Reykjavíkurspítali sé sæmilega úr garði gerður; þess vegna get eg verið með breyt.till. um að hækka tillag landssjóðs vegna læknaskólans. Raunar trúi eg ekki, að ómögulegt sé að byggja spítala með svo mörgum sjúkrarúmum sem farið er fram á í frumv., því spítalinn á Akureyri, sem hefir 14 sjúkrarúm, kostaði um 25 þús. kr., og þegar ódýrara er fyrir hvert sjúkrarúm að byggja stóran spítala en lítinn, eins og framsögum. lagði áherzlu á, ætti að mega fá spítala, eins og þann sem frumv. ræðir um, fyrir 50 þús. kr. Við þær 50 þús. kr. bætist tillag frá Reykjavík, 10,000 kr., auk spítalans, sem mun gera c. 10,000 kr. Þetta nemur alls 70 þús. kr. Nú þegar sjúkrarúm á Akureyrarspítala kostar tæplega 2000 kr., ætti þessi spítali að geta haft 35 sjúkrarúm. Það er því í von um fjölgun sjúkrarúmanna að eg greiði atkvæði með viðbótinni, og við 2. umr. hefi eg í hyggju að koma með breyt. því viðvíkjandi.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 384, 424, 433), 18. ágúst.

ATKVGR.: Breyt.till. á þskj. 433 við 1. gr., feld með 14:4 atkv.

1. gr., óbreytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 384, 508), 7. ágúst.

Valtýr Guðmundsson: Það er með þetta mál eins og sum önnur, að það er ekki nægilegur tími til að íhuga það, og eg skal játa að eg við fyrri umræðu málsins, hafði ekki tíma til að átta mig á því. Hér er um mikið mál að ræða, og eftir að eg fór að athuga það, hefi eg á þessu síðasta stigi séð ástæðu til að koma fram með breyt.till., sem eg held að geti bætt frv. dálítið. Hér er um það að ræða, að stofna landsspítala, og í nefndaráliti Ed. hefir það komið fram, að það væri nauðsynlegt vegna læknaskólans. Eg fyrir mitt leyti er nú á þeirri skoðun, að læknaskólinn eigi alveg að leggjast niður, og læknarnir að fá mentun sína utanlands. Eg er ekkert hræddur um, að það yrði ekki nóg aðsókn að læknaembættunum hér samt sem áður. En þegar um landsspítala er að ræða, þá finst mér hér of lítið gert frá héraðsins hálfu, því

landsspítalinn er þó ekki eingöngu stofnaður vegna læknaskólans, heldur jafnframt vegna landsfjórðungsins og bæjarins. Eg vil aðallega miða þessa stofnun við héruðin í þessum fjórðungi og bæinn, því í öðrum hlutum landsins hafa menn sjálfir reist sér spítala. Héruðin hér hafa vel ráð á því, og þörfin er mikil.

Eftir því sem héraðslæknir Guðmundur Björnsson hefir áætlað, þarf hér 60—70 sjúkrarúm til að fullnægja héruðunum hér, en í frumvarpinu er ekki gerð áætlun um meira en 24 rúm. Þegar litið er á það, hvað aðrir landsfjórðungar hafa gert, til þess að koma sér upp spítölum, og það að miklu leyti af eigin efnum, þá finst mér að Reykjavík og Suðuramtið ættu ekki að standa á baki þeim í þeirri grein. Eftir frv. mundi spítalinn ekki einu sinni nægja fyrir Reykjavík og nærliggjandi héruð hvað þá heldur fyrir alt landið. Nú hefir að vísu Reykjavík lofað að leggja til 10,000 kr., en þar á móti hafa nærliggjandi héruð ekki lofað að leggja neitt fram. Þegar nú þess er gætt, að Norður- og Austuramtið hefir bygt spítala fyrir 25,000 kr. á Akureyri, og þar eru 14—20 sjúkrarúm, þá virðist ekki ofætlun fyrir Suðuramtið og Reykjavík að koma sér upp spítala af eigin ramleik, ekki sízt ef búast mætti við þó nokkuð stórum landssjóðsstyrk, sem eflaust fengist. Í öðrum héruðum landsins hefir verið svo vel tekið undir slík fyrirtæki, að þau hafa lagt fram meiri upphæð, í samanburði við fólksfjöldann, en Reykjavík. Það er ekki ofvaxið fyrir Reykjavík og Suðuramtið að byggja sér spítala með 24 sjúkrarúmum, sem mundi kosta kannske 30—35 þús.kr. úr því Akureyri hefir getað bygt sér spítala með 14—20 sjúkrarúmum, fyrir 25,000 kr., það er að segja, ef hann væri bygður með sömu hagsýni, því þá þyrfti ekki þessa upphæð, sem hér er farið fram á. Það er auðvitað sagt, að þessi spítali eigi að vera fyrir alt landið, en eg efast um að ástæðurnar, sem bornar eru fyrir því, séu á rökum bygðar. Það er mikið satt, að nú sem stendur eru hér ungir læknar, sem fylgja með tímanum, en það er að eins tilviljun. Við getum gengið út frá því sem vissu, að þar sem um svo góð embætti er að ræða, eins og læknaembættin hér, þá sitja læknarnir í þeim til ellidaga, en hvað geta þeir þá ekki verið orðnir á eftir sínum tíma? En svo koma aðrir í þeirra stað, og þá eru mest líkindi til að þau yrðu einmitt eldri læknar, sem hefðu getið sér orðstír, en væru farnir að dragast aftur úr. Þeir gætu hafa verið góðir á vissu skeiði, en verið orðnir úreltir, er þeir fengju þessi góðu embætti. Það er auðvitað, að með aldrinum hafa þeir fengið reynslu, en eg sé ekki að það sé mikil trygging fyrir því, að hér séu altaf bestu læknarnir.

Að því er snertir notkun spítalans hér, þá er flutningur úr fjærliggjandi héruðum mjög erfiður og kostnaðarsamur, enda þótt skipaferðir séu nú orðnar fremur góðar og haganlegar, og mundi verða sumum algjörlega ofvaxinn, og af því leiddi, að sjúklingar mundu heldur sækja að þeim spítalanum, sem næstur er. Að öðru leyti er engin vissa fyrir því, að þessi spítali yrði svo vel sóttur. Það hefir t. d. sýnt sig, að Akureyrarspítali hefir verið miklu betur sóttur en þessi spítali, sem hér er. Líti maður á hvaða princip er ofan á í öðrum löndum, t. d. Danmörku, þar sem allar samgöngur eru miklu greiðari en hér, þá hefir niðurstaðan orðið sú, að ekki væri holt að concentrera alt á einn stað, t. d. Kaupmannahöfn, heldur að fjölga sveitaspítölum víðsvegar í ríkinu. Reyndar

eru auðvitað beztu spítalarnir í Kaupmannahöfn, sökum þess, að hún er stór bær og höfuðstaður landsins.

Hér er farið fram á, að allur árlegur kostnaður skuli greiðast úr landssjóði, en Reykjavíkurbær ekki neitt, og því er svo haganlega komið fyrir í 6. grein frv., að ómögulegt er að sjá, hver hinn árlegi kostnaður muni verða.

Í 4. gr. eru taldir starfsmenn spítalans, og ef gjört er ráð fyrir, að fæði kosti um 300 kr., sem er mjög ódýrt, þá verða laun ráðskonu og yfirhjúkrunarkonu 700 kr. fyrir hvora, svo að laun starfsmanna koma til að nema nálægt 4000 kr.

Eftir 2. gr. frv. á Reykjavík að hafa 3 ókeypis sjúkrarúm og sömuleiðis hvert amtanna, og verða það 15 rúm samtals. Hafa nú h. þm. gert sér ljóst, hvað þetta kostar?

Eftir áliti héraðslæknisins á hvert sjúkrarúm að kosta 2 kr. á dag, og verða það þá 10,950 kr. á ári. Eg hygg því að árlegur kostnaður geti ekki orðið minni en 15,000 kr., en sé alt verkafólk með talið, sem að sjálfsögðu þarf að vera fleira en hér er nefnt, þá mun hann ekki verða minni en 15—20 þús. kr. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Og það er of lágt.) Eg held því að menn verði að hugsa sig vel um, áður en menn samþykkja þessa fjárveitingu.

Eg álít rétt að Reykjavík og kringliggjandi héruð komi upp sérstökum spítala, eins og hin ömtin. Þó eg sé alls ekki sannfærður um, að þessi spítali yrði svo vel sóttur, þar sem reynslan hefir sýnt, að t. d. Akureyrarspítalinn er miklu betur sóttur en sá spítali, sem nú er hér, þá hefi eg þó ekki viljað fara lengra en svo, að Reykjavík og Suðuramtið skyldi hafa 3 ókeypis sjúkrarúm, og gjöra ráð fyrir, að öll hin yrðu notuð. Ef annars nokkur ókeypis sjúkrarúm eiga að vera, þá væri kannske réttast, að á hverjum spítala væru 3 ókeypis sjúkrarúm fyrir hvert amt eða hvern fjórðung. Mín brtill. gengur í þá átt, að fella burtu þessi ókeypis sjúkrarúm, en eg gat ekki komist lengra að þessu sinni, því að í þessu frv. gat ekki átt við að fara að gera ráð fyrir 3 ókeypis rúmum við hina spítalana. En þegar eg lít á frumvarpið, eins og það liggur fyrir, þá get eg ekki verið með því, því hér er landssjóði lögð talsverð byrði á herðar, og eg álít að Suðuramtið hafi nógar ástæður til að kosta einhverju til, í samanburði við það, hvað hin ömtin hafa gjört.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg verð að lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki fallist á brtill. h. þm. Vestm. (V. G.) og er það af þeim ástæðum, sem áður hafa verið teknar fram, og sérstaklega af því, að þessi brtill. fer fram á óréttlæti og ójafnræði milli hinna einstöku héraða landsins. Brtill. þessi fer fram á það, að veita einungis Reykjavík og Suðuramtinu 3 ókeypis sjúkrarúm á spítalanum, en ekki hinum ömtunum. En hvaða réttlæti er það, að gefa Suðuramtinu þetta en ekki hinum ömtunum? (*Valtýr Guðmundsson*: það má veita þeim það á hinum spítölunum) Slík till. liggur ekki fyrir og hefir ekki komið fram. Að veita því Suðuramtinu þetta einu, væri því eins og að stinga upp í það bita, eða veita því hallærislán, og getur því ekki komið til greina að taka þessa brtill. inn í frumvarpið. Eg hefði getað skilið till. ef h. flutningsm. hefði viljað fella burtu öll ókeypis sjúkrarúm, en þetta er svo óréttlátt, svo ekki getur komið til mála að samþykkja það.

H. flutningsm (V. G.) byrjaði ræðu sína á því, sem var fjarska skrítið, þar sem hann vill leggja niður lækna-

skólann, og taldi hann víst, að hægt mundi að fá lækna frá Kaupmannahöfn. Eg verð að skoða þetta sem loftkastala, þar sem h. þm. hefir ekki gert grein fyrir hvernig slíkt er mögulegt. Það hefir verið tekið fram hér á þinginu, að það fyrirkomulag mundi bæði of dýrt og óhagkvæmt. Læknisfræðisnemendur við Hafnarháskóla eyða þar 8—10 árum til náms og þurfa miklu til að kosta, og þegar þeir hafa lokið prófi, láta þeir ekki bjóða sér þau eymdarboð, sem læknum eru boðin hér. Setjum nú að 42 læknar verði hér á landi, jafnvel þó þeir verði töluvert fleiri síðar, og gerum ráð fyrir að 1000 kr. þyrfti að bæta við laun hvers þeirra, ef þeir hefðu lært við háskólann; þyrftu þá í viðbót við laun lækna 42 × 1000 kr. á ári eða 42,000 kr. Drögum þar nú frá þær 7000 kr. sem læknaskólinn kostar og þær 20,000 kr., er h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að mundi þurfa að kosta til landsspítalans, jafnvel þó reikningur hans færi fjarri öllum sanni, þá leiddi þó af þessu allmikinn kostnað fyrir landssjóð, og yrði vafasamt hvort þetta borgaði sig, enda er vonandi, að þessi hugmynd h. þm. verði aldrei nokkurn tíma tekin til greina.

Þá sagði h. þm. að of lítið væri gert af héraðanna hálfu, til þess að koma spítala þessum á. Þetta kemur til af af því, að þingm. viðurkennir ekki að spítalinn sé nauðsynlegur fyrir læknakensluna, og svo framarlega sem landið kostar hana, á það einnig að kosta fé til spítalans. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: Og sjúklingana líka!) Já, sjúklingana líka, og þetta er rétt, þegar þess er gætt, að einmitt með þessu fyrirkomulagi fær landið færari lækna en ella mundi, og fær því endurgoldið framlag sitt í fullum mæli, svo framarlega sem álitið er nauðsynlegt að hafa góða lækna í landinu.

H. sami þm. vildi rífa niður það sem fært hefir verið fram fyrir þessu, og það mundi ekki mikil trygging fyrir því, að beztu læknarnir yrðu í Reykjavík, og taldi líklegast, að uppgefnum fauskum, sem komnir væru aftur úr öllum öðrum læknum, mundi verða potað hingað. Eg veit ekki við hvaða reynslu þetta hefir við að styðjast, og ekki hefir þetta sýnt sig þannig hingað til. Vér höfum stjórn, sem sér um, hverjum hún veitir embætti, og hún mun ekki mæla með neinum fyrir kennara við læknaskólann, sem orðinn er 10—20 ár á eftir tímanum, og enginn mun fá hér læknisembætti, nema hann sé fær um að gegna starfi sínu. Vér vitum, að núverandi stjórn hefir haft það fyrir princíp, að veita ekki læknisembætti í Reykjavík eða kennaraembætti við læknaskólann öðrum en þeim, sem fylgja vel með tímanum og lært hafa í Kaupmannahöfn, og er ekki líklegt að ætla, að stjórnin breyti frá þeirri venju, og svo framarlega sem það er meiri trygging fyrir læknanámi stúdenta í Höfn en hér, þá verður það ekki versta tegund læknanna, sem kemst í embætti hér í Reykjavík. H. þm. sagði að rétt væri að veita hinum ómtunum ókeypis sjúkrarúm ekki hér heldur á hinum spítölunum. En hvaða trygging er þá fyrir því, að sjúklingarnir verði í höndum beztu læknanna? Er nokkur trygging fyrir því, að beztu læknarnir verði við spítalana út um landið? Og þó svo hittist á, að nú sé góður læknir á Akureyri, þá er engin trygging fyrir því, að svo verði um aldur og ævi, heldur er mest trygging fyrir því, að beztu læknarnir verði í Reykjavík. Eða hvaða gagn er að ókeypis sjúkrarúmum á Ísafirði, Akur-

eyri og Seyðisfirði, ef læknarnir þar treystu sér ekki að fást við sjúklingana? Það er líka skylda landssjóðs að sjá læknaskóla-stúdentum fyrir sjúklingum, og trygging fyrir því fæst bezt með ókeypis rúmum á spítalanum, en síður ef allir sjúklingarnir borga spítaladvölina, því þá geta þeir bannað læknaskólakandídötum að koma til sín, en þegar landið borgar fyrir sjúklinginn, þá er trygging fengin fyrir því, að kandídatar geti lært af þeim, og að sjúklingana megi brúka við kliník o. s. frv.

Sami h. þm. nefndi spítalana í Höfn, eins og honum er lagið að nefna Kaupmannahöfn í hverju máli, og lítur svo út, sem hann vilji koma öllum okkar stofnunum og jafnvel okkur þm. þangað líka, héðan úr alþingissalnum. Sagði hann, að þar væri ekki »centralisation« á spítölunum og kannast eg við, að það er rétt, heldur eru spítalar þar út um alt landið. En það er öðru máli að gegna þar, þar sem samgöngur eru svo góðar, og læknar geta jafnan fengið aðstoð nágrannalækna, og gert boð eftir næsta lækni í hvert sinn, er vanda ber að höndum og gera þarf stærri operationir, og er því rétt að hafa spítalana þar, sem þeir gera mest gagn. Hér er öðru máli að gegna, þar sem hver verður að pota sínu horni, og ekki er nema einn spítalalæknir, sem jafnframt er héraðslæknir og hefir því hvorki tíma til né er mögulegt, að gera þær operationir er með þarf.

Þá nefndi h. þm. kostnaðinn við spítalann, en þá kastaði nú tólfunum, þar sem hann sagði, að 15 sjúkrarúm með ýmsu öðru mundu kosta c. 15000 kr. og allur kostnaðurinn mundi verða um 20000 kr. Berum nú þetta saman við holdsveikisspítalann, sem kostar 27000 kr. á ári, þar eru 60 sjúklingar og 17 starfsmenn, og kostnaðurinn fyrir hverja persónu þar verður því 350 kr. Þetta köllum vér dýra stofnun, en eftir sama hlutfalli ættu 15 sjúkrarúm að kosta 5250 kr.

Eg get því ekki skilið annað, en að það sé grýla, sem kastað hefir verið fram hér í deildinni, að spítalinn mundi kosta landssjóð 15—20 þús. kr. á ári, enda hefir slíkt við engin rök að styðjast.

Eitt af því, sem h. þm. tók fram, var það, að honum þótti ofhá upphæð sú, sem veitt væri til stofnunar spítalans, þar sem hann ætti ekki að rúma nema 24 sjúklinga. Við erum líklega báðir jafn byggingafróðir, en eg hefi kynt mér málið betur en hann, og eg hefi ekki orðið þess var, að það væri fast ákveðið, að spítalinn mætti ekki rúma nema 24 sjúklinga, því þeir geta eins vel orðið 30—36 ef féð endist til þess, og í frumv. er að eins sagt, að spítalinn eigi að taka á móti að minsta kosti 24 sjúklingum, svo ekki má byggja spítalann minni, en hann má gjarnan vera töluvert stærri. Er því engin hætta með að veita svona mikið fé, þótt þetta takmark sé sett með sjúklingatölu, sem alls ekki megi fara niður fyrir.

Eg verð að taka það fram aftur, að eg get ekki skilið í því, að nokkur vilji gera sig sekan í því óréttlæti, að koma fram með þá till., að ætla að láta Reykjavík og Suðuramtið hafa ókeypis sjúkrarúm en ekki hina fjórðunga landsins, því ef ókeypis sjúkrarúm væri ívilnun fyrir Austur- Norður- og Vesturamtið, þá væri það ekki síður, að taka Reykjavík og Suðuramtið eitt út úr, en veita þetta ekki hinum ömtunum.

Eg hefi einnig tekið það fram áður,

að væri heimtað, að sýslurnar í kring legðu fram fé til spítalabyggingarinnar, þá yrði það til að svæfa málið, því það er engin von, að þær geri það eða geti það. Hefir verið leitað til þeirra allra, og hafa þær allar neitað að leggja fram fé nema Rangárvallasýsla, er hefir lofað 1000 kr., enda er ekki um svo mikið að gera fyrir þær, þar sem hér er spítali til sem stendur, sem þær geta brúkað; og auk þess er það ekki rétt að Suðuramtið hafi ekkert lagt til spítalastofnunar, því sá núverandi spítali er kominn upp af samskotum úr Suðuramtinu, og þó menn vilji ekki kannast við, að Reykjavík gefi hinn núverandi spítala, þá er hann þó frá amtinu en ekki landssjóði, og er því eiginlega samskot þess til hins fyrirhugaða landsspítala, þó langt sé síðan samskot þessi fóru fram.

Eg ætla ekki að tala meir um þetta mál að sinni, en mæli sem bezt fram með því, að frumv. verði samþykt breytingalaust, og að það fái eins og hingað til að ganga gegn í h. deild.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætlaði að eins að athuga mótbárur h. framsm. gegn athugasemdum mínum. Hann tók það fram, að það væri skylda landssjóðs að útvega spítala handa læknaskólanum, og það virðist svo sem hann hafi bygt mikið á þessu. En eg verð að segja, að ef Reykjavík og Suðuramtið gerðu skyldu sína á við hin héruð landsins, þá væri kominn hér upp öflugur spítali og læknaskólanum væri borgið. Nú ef það er ekki bein skylda amtsins eða Reykjavíkur að leggja læknaskólanum til spítala, þá fá þeir í staðinn, samkvæmt skoðun h. framsm., beztu læknana fyrir sig, og það er líklegast töluvert leggjandi í sölurnar fyrir það. Þó er nú ekki full trygging fyrir því, að Reykjavík fái beztu læknana ætíð; stjórnin getur ekki alt af valið beztu mennina, hún má ekki taka óæfða kandídata, en verður að taka menn, sem hafa getið sér orðstír, en þeir eru þá oft orðnir eldri menn og farnir að dragast aftur úr. Og þó Reykjavík hafi nú góða lækna, þá skal það sannast, þegar þeir fara að eldast, að þeir fylgjast ekki fyllilega með (*Þórður Thoroddsen*: Hvernig er það í Kaupmannahöfn?), því hvergi eru framfarirnar eins hraðfara eins og einmitt í læknisvísindunum, og þá verða komnir aðrir betri læknar annarsstaðar á Íslandi. H. framsm. skaut því inn í, hvernig þessu væri fyrir komið í Kaupmannahöfn, já, þar er, eins og hann hlýtur að vita, skift um spítalalækna á fárra ára fresti (*Þórður Thoroddsen*: Nei, það er ekki gert.). Auðvitað má endurkjósa þá, svo að þeir sitji lengur, en hitt er reglan.

Þá var það með þessi ókeypis sjúkrarúm. Það var eins og h. framsm. væri að reyna að villa sjónir fyrir h. deild; þegar eg sagði, að rúmin kostuðu landssjóð 1050 kr., þá bar hann á móti því og sagði, að upp í það kæmi það sem borgandi sjúklingar greiddu, en það er ekki rétt; þeir peningar koma ekki upp í frírúmin heldur allan annan kostnað við spítalann. H. framsm. var líka að fetta eitthvað fingur út í tölurnar, en það getur hver sem vill reiknað það út, 15 rúm 2 kr. á dag.

Í öðru atriði er beinlínis gjörð tilraun til að blekkja þingið. Eg tók það fram, að Akureyrarspítali hefði verið bygður fyrir að eins 25 þús. og í honum væru 14 rúm, en hér á að búa til 24 rúm fyrir 35 þús., þó að þau gætu verið 30—36, ef kostnaður væri reiknaður álíka og við spítalann á Akureyri. Og h. framsm. gat þess, að það ættu að vera minst 24 rúm, en þau gætu kannske orðið 30—36. Þetta

ákvæði virðist því að eins orðað þannig til að blekkja.

Þegar h. framsm. kallaði það óréttlæti að gjöra ekki öllum ömtum landsins jafnt undir höfði með þessi fríplass, þá brá eg við og samdi breyt.till. um að fella þá öll fríplass burt. Nú sé eg að hæstv. landsh. hefir komið fram með samskonar breyt.till., og er þá mín auðvitað þýðingarlaus.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Það gleður mig í aðra röndina, að hv. þm. Vestm. (V. G.) kannast við að br.till. hans í dag hefir ekki verið á rökum bygð, og að hann kemur nú með aðra breyt.till., sem gengur í aðra átt; eg þykist hafa sannfært hann í því tilliti, þó mér hafi ekki tekist það í öðru. Eg get að vísu ekki verið samþykkur því, að fella alveg burt ákvæðið um sjúkrarúmin, en hins vegar áleit eg það óréttlátt, að láta sum héruðin hafa ókeypis rúm en önnur ekki, og eg stend fast á því, að öll ömtin ættu að hafa það. Það er nauðsynlegt að hafa ókeypis sjúkrarúm vegna læknaskólans, svo trygging sé fyrir því, að nægt verkefni sé til handa nemendum skólans.

Eg sé að br.till. um að nema burt ákvæðið um ókeypis sjúkrarúm kemur frá hæstv. landsh., og mig undrar það, og ekki sízt, að það skuli koma fyrst nú á síðasta stigi málsins. Hæstv. landsh. hlýtur þó að hafa verið til staðar, þegar málið var rætt í Ed., og kom þá ekki fram með neitt í þessa átt; eg veit því ekki, hvaða ástæðu hann hefir haft til að koma með hana nú, og eg get ekki aðhylzt hana.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að engin trygging væri fyrir, að hér yrðu ætíð beztir læknar, en í sömu andránni segir hann þó, að stjórnin velji þá menn, sem mest hefir borið á. Það hringsnýst eitthvað fyrir þm. Eg skil ekki, að beri á þeim læknum, sem ekki eru hæfir til að vera kennarar, og stjórnin fer naumast að velja þá menn í kennarastöðuna, sem orðnir eru að andlegum steingerfingum, þó eitthvað hafi að þeim kveðið fyrir 20—30 árum. En það er nú svo með lækna þar að auki, að ef þeir einu sinni hafa verið duglegir, þá heldur það sér til elli; í útlöndum eru gömlu læknarnir í einna mestu áliti, af því að þeir fylgjast vanalega bezt með og hafa lengsta reynsluna.

Að því er snertir tillögu hæstv. landsh., þá skal eg ekki tala um hana frekar, áður en eg heyri ástæðurnar fyrir henni.

Þorlákur Guðmundsson: Mér finst, ef 2. gr. frumv. verður feld burt úr frv., sem nú lítur út fyrir, að það reki sig á; í niðurlagi 3. gr. er sem sé vitnað í þessa gr., og það er því æðimikil ósamkvæmni, ef sú tilvitnun fær að standa, þegar búið er að fella 2. gr., en frumv. verði að öðru leyti samþykt.

Landshöfðingi: Framsögum. vildi fá skýringu á breyt.till. þeirri, sem eg hefi komið með. Ástæðan er sú, að eg álít ekki rétt á þessu þingi, þar sem búið er að hlaða svo miklum gjöldum á landssjóð, að bæta við þau kostnaðinum af að halda 15 ókeypis sjúkrarúm, sem er, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) hefir bent á, hér um bil 11 þús. kr. gjald; eg álít ekki rétt að demba nú þessum 11 þús. kr. ofan á alt hitt. Og þar að auki er fyrirsjáanlegt, að svo yrði á hverju ári; eg ber of mikla umhyggju fyrir hag landssjóðs til þess að vilja steypa honum ofan í þessi útgjöld um ótakmarkaðan tíma. Það var því fremur ástæða fyrir mig að koma með breyt.till. mína, sem eg sá, að fríplássin fyrir hin ömtin áttu að falla burtu, og

eg vildi með br.till. minni þá líka styðja að samkvæmni í frumv., með því að fella burt öll plássin, líka þau, sem ætluð voru Suðuramtinu og Reykjavíkurbæ.

Eg er nú ekki svo inni í læknisfræðinni, að eg viti, hvort það er jöfn skylda fyrir landssjóð að útvega læknaskólanum sjúklinga, eins og að sjá honum fyrir spítala, en eg efa, að það sé bein skylda landssjóðs að sjá um, að altaf séu sjúklingar í þessum ókeypis sjúkrarúmum. Aðalástæðan fyrir mér með þessari br.till. er umhyggjan fyrir fjárhag landsins.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eg verð að taka undir með h. 2. þm. Árn. (Þ. G.), að ómögulegt sé að samþykkja frumv. nema með því móti, annaðhvort að láta 2. gr. standa óhaggaða, eða þá að fella bæði hana og orðin í 3. gr., sem vísa til hennar, burt. Mér þykir skrítið, að umhyggja landsh. fyrir hag landssjóðs hefir ekki komið fram fyr en á þessu síðasta stigi málsins, og það er eins og hún miði helzt til þess að frumv. skuli daga uppi, með því nú að fara að flækja það milli deildanna, og sé það meiningin, þá kalla eg það ærið litla umhyggju fyrir málinu. Það getur verið að gjaldið verði hátt, en það verður aldrei 20 þús., og ef það er borið saman við hvað holdsveikisspítalinn kostar árl., þá er æði mikið á mununum.

Hvað viðvíkur því, hvort landssjóður sé skyldugur til að sjá spítalanum fyrir sjúklingum, þá svara eg því einu, að eg sé ekki hvaða gagn getur orðið að spítalanum, ef fáir eða engir eru á honum sjúklingarnir, en ákvörðunin um fríplássin var einmitt helzt til að varna þessu. En að draga þá ályktun af þessu, að landssjóður eigi helzt að sjá um, að menn verði veikir, álít eg gaman; en það get eg sagt, og segi það í hreinni alvöru, að landssjóður ræki ekki um of hina skyldu sína, að halda mönnum heilbrigðum, og þá ályktun verð eg því heldur að draga, er eg sé að menn leggja hömlur á, að frumv. þetta verði vel úr garði gert.

Pétur Jónsson: Eg býst við að mönnum þyki br.till. sú, sem eg hafði gert ráð fyrir að gera við þetta frumv., koma seint fram, en eg hætti við að koma með hana. Aftur á móti verð eg að lýsa yfir, að eg er fylgjandi þeirri br.till., af þeim sem fyrir liggja, sem lengst fer, og svo bið eg afsökunar á því, að eg kom ekki með mína. Framsögum. ásakaði menn fyrir að koma með breyt.till. svona seint; en menn eru afsakaðir í því efni, því síðan málið kom í deildina, hefir verið yfirdrifið að gera. Eg segi fyrir mig, að eg fekk fyrst í gær (á sunnudag) tíma til að athuga þetta mál ásamt fleirum. Raunar er hið eina ásökunarverða í þessu máli það, að það kom svo seint inn á þing, eins og þingið þó hafði mikið að gera, nálega öll stórmál landsins að fjalla um.

Eg var í rauninni vinveittur því, að hér kæmi landsspítali, eg vil að hér, eins og annarsstaðar þar sem spítalar eru, komi góðir spítalar, en það er nú svo með spítalann hér í Reykjavík, að á honum liggur ekki sem beztur orðrómur, hann er alment kallaður »holan« sökum þess, í hve vondu standi hann er, og því ætlaði eg að greiða atkvæði mitt með frumv., í þeirri von, að koma að breyt.till., sem gerði það aðgengilegra í mínum augum.

Eg fór að hugleiða þetta í gær, því hér þarf maður altaf að brúka sunnudagana, ef maður ætlar að unna sér nokkurs umhugsunartíma, og svo átti eg aftur í morgun tal um þetta við menn, en þá bólaði strax á því hjá þeim, að eg mundi nú ætla að reyna

að drepa málið. Það var sett í samband við komu Guðm. læknis Hannessonar sem einmitt kom hingað í gær. Það er þannig loftslag hér í þingi og eiginlega í þessum bæ, að oftar er þess verra getið til. Þá stakk eg breyt.till. minni undir stól, svo ekki væri hægt að segja, að hún væri sprottin af hans völdum, enda var hann saklaus af henni, en nú vill svo vel til, að breyt.till. um að fella burt 2. gr. frumv. fer í líka átt, og ætla eg því að eins að gjöra grein fyrir atkv. mínu.

Eins og 2. gr. er orðuð, er ætlast til að þessi spítalastofnun komi öllum landshlutum að gagni. En þetta er vanhugsað. Það er misboðið fjárhag landsins, að leggja nú enn frekar til læknaskipunar og spítala, og það er álit mitt, að læknarnir, sem hafa átt beztan þátt í þessu, og orðið svo vel ágengt, — því það er mín skoðun, að læknamálið sé það mál, sem mest hefir verið gert fyrir og hlotið hefir beztan byr, það þarf ekki annað en að líta í fjárlögin til að sannfærast um það, — eg segi, mér þykir það næstum því frekja af þessum læknum, að herða nú svo mjög að, því það lítur út fyrir eins og þeir vilji setja öll önnur nauðsynjamál til hliðar, til þess að ryðja þessu eina máli braut, en eg hygg, að svo fari bezt, og að mest sanngirni sé í því, að öll hin meiri mál verði samferða. Þess vegna ættu menn að gjalda varhuga við, að fara nú enn í þessu máli að binda sér nýja byrði, sem þá heldur ekki er neitt smáræði.

Það hefir nú komið fram breyt.till. um að fella burtu fríplássin fyrir alla aðra landshluta en Suðuramtið og Reykjavíkurbæ. Betri hálfur skaði en allur, og eg ætlaði ekki að horfa í það, þó Reykjavíkurbúar hefðu betri kjör en menn annarsstaðar á landinu, en sú tillagan sem lengst gengur, um að fella burt öll fríplássin, þykir mér bó bezt.

H. þm. Vestm. (V. G.) drap á, að það væri í princípinu rétt, að Suðuramtið og Reykjavík tækju tiltölulegan þátt í spítala sínum, eða eins mikið og önnur héruð landsins í sínum sjúkrahúsum; eg skal ekki tala frekar um þetta, en tek að eins undir með h. þm., að slíkt sé ekki nema eðlilegt, og Rvík hefir nú fyrir sitt leyti gert það. Menn muna, að við 2. umr. fjárlaganna var feldur styrkur til Akureyrarspítala, og við álítum ekki rétt, að fylgja því fram frekar, en með þessari synjun þingsins er því slegið föstu, að Norðurland eigi að kosta spítala sinn, að því leyti sem ávantar, og að ekki sé rétt að greiða meir til hans úr landssjóði en hið venjulega tillag. Meðal þeirra, sem greiddu atkv. móti styrkbeiðninni, voru flestir þingmenn úr Suðuramtinu og þar á meðal framsögum. Hér virðist mér þingm. þessir búnir að slá því föstu, að hvert amt annist sem mest sín spítalamál. En nú fylgir framsögum. því með kappi, að Suðuramtið fái hér spítala kostnaðarlaust, og nú er hann með því, að þessi spítali fái sérstakan styrk úr landssjóði, og hann leggur mikið kapp á þetta. Mér dettur í hug að beina að honum þeirri áskorun, að hann noti mælsku sína, ákafa og gáfur til þess að kenna héraðsbúum sínum, að það sé sæmdarmál fyrir þá, að annast spítala sinn sjálfir, í stuttu máli að standa í einhverju máli á eigin fótum. Eg þori að lofa því fyrir mína héraðsbúa, að þeir taki vel undir að styrkja Akureyrarspítala, og eftir orð þau, sem eg hefi talað hér, mundu þeir telja sér það skömm mikla, ef þeir styrktu hann ekki fyllilega af sínum parti.

Eg hefi ástæðu til að halda, að mál þetta hafi heldur ekki verið nægilega

undirbúið. Alit héraðslæknis hér (Guðm. Björnssonar), um kostnaðinn við að halda ókeypis sjúkrarúm, var lagt fram í Ed. og hann hélt það mundi kosta 9000 kr. á ári fyrir 12 sjúkrarúm, en nú ber þessi eini læknir, sem hér er í deildinni, á móti því, svo ekki er undirbúningurinn með áætlunina góður. Héraðslæknirinn í Reykjavík hefir ennfremur gert ráð fyrir, að landsspítali þessi yrði að $^2/_3$ fyrir alt landið. Nú er gert ráð fyrir 24 rúmum á þessum spítala, en á öðrum spítölum landsins munu vera samtals hér um bil 40 rúm. Ekki skil eg betur þennan reikning.

Eg vil ekki fjölyrða meira um þetta mál, en ætla að greiða atkv. mitt með, að 2. gr. frumv. sé feld burt.

Nú vita allir, að þetta eru einkennilegir reikningar.

Það má álíta, að það sé héraðarígur, sem kemur mér til að tala þannig, en eg vil taka það fram, að eg er alls eigi að fara fram á, að spara Norðlendingum fé, heldur er eg að brýna fyrir mönnum hér syðra að standa á eigin fótum að einhverju leyti. En að öðru leyti mega menn leggja mér út orð mín eins og þeir vilja.

Þess hefir verið gætt að hafa tölu sjúkrarúmanna svo lága, að menn væru vissir um að ávalt væru til nógir sjúklingar í þau öll. En mér hefði þótt æskilegra að hafa töluna háa, setja það hámark, sem ekki mætti fara fram yfir. En talan, sem er tekin, er kátleg, þegar gert er að eins ráð fyrir 1800 kr. fyrir spítalarúm.

H. frsm. (Þ. Thor.) sagði um daginn, að það væri tiltölulega ódýrara að byggja stóran spítala heldur en lítinn, og það kemur heim við reynslu byggingafróðra manna. Þess vegna ætti spítalinn hér að vera ódýrari að öðru jöfnu en Akureyrarspítalinn. Það væri gott að menn gætu fengið að sjá samninga þá, sem gerðir hafa verið viðvíkjandi Akureyrarspítalanum og þá myndi það sjást, að hann er að ýmsu leyti betur bygður en Holdsveikraspítalinn. Akureyrarspítalinn mun vera vandaðri og að því leyti taka flestum tréhúsum fram, sem bygð hafa verið.

Jón Jónsson þm. A.-Sk.: Mér heyrist enginn hafa borið brigður á, að þetta spítalamál væri nauðsynjamál. Það verða allir að játa, að meðan við höfum læknaskóla, þá er nauðsynlegt að spítalinn sé í góðu lagi, og á hinn bóginn getur læknaskólinn ekki verið góður án spítala. Það liggur ekki nærri, að læknaskólinn verði lagður niður og spítalinn er því nauðsynlegur vegna hans. Mér finst h. frsm. (Þ. Th.), hafa rétt fyrir sér, er hann vill hafa sem flest ókeypis sjúkrarúm og eg get ekki fallist á það, að rétt sé að fella burtu 2. gr. frv., eins og sumir vilji láta gera. Mér finst menn ekki þurfi að sjá eftir þeim peningum, sem varið er til sjúkrarúma handa fátækum sjúklingum úr öllum héruðum landsins. Mér finst vel séð fyrir þörfum alls landsins, þegar sjúklingar úr öllum fjórðungum þess hafa að öllu jöfnu aðgang að spítalanum. Víða af landinu er jafn hægt að sækja til landsspítalans eins og til spítalanna fyrir vestan og austan.

Öll ömtin njóta spítalans jafnt eftir frv. og þarf enginn héraðarígur því að eiga sér stað. Þeir, sem hafa komið upp spítala hjá sér, þurfa ekki að öfunda Reykjavík eða Suðurland eða sjá eftir þeim peningum, sem yrði varið til landsspítalans. En að öðru leyti er betra að verja sem mestum styrk til eins spítala, heldur en að dreifa honum á marga staði.

Landshöfðingi: H. frsm. (Þ. Thor.) vildi fá að vita, hvers vegna umhyggja mín fyrir landsins hag kæmi svo seint;

eg skal játa honum það, að hann hefir ástæðu til að furða sig á því, að sú umhyggja kemur svo seint fram.

Eg var ekki við, þegar málið var til umræðu í Ed., og það er af minni vangá, að mér datt ekki í hug að koma með brtill. mína fyr en h. þm. Vestm. (V. G.) gaf mér tilefni til að koma með hana.

En hins vegar fagna eg yfir því, að mér auðnaðist að koma með brtill. nógu snemma til þess, að hún gat komið til umræðu og atkvæðagreiðslu, og vona eg að hún verði samþykt og að komist verði hjá þeim miklu útgjöldum, sem reynt er að demba upp á þjóðina.

ATKVGR.: Brt. á þgskj. 526 sþ. með 13 : 6 atkv.

Brt. á þgskj. 527 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Brt. á þgskj. 508 þá fallin.

Frv. í heild sinni þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv. og verður endursent Ed.

Vegur um Arnarhólstún.

FRUMVARP til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík, (um heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað vegarstæði yfir Arnarhólslóð í Reykjavík), 1. umr. (C. 369) 11. ágúst.

Jón Jensson: Eg vona að þetta litla frv. fái að ganga greiðlega gegnum þingið, enda er tíminn of naumur til þess að á því megi verða nokkur töf. Orsökin til að frv. kemur svo seint fyrir þingið er sú, að eg, út af umtali við hæstv. lh., hélt að málið gæti gengið umboðsleiðina, en nú er komið fram, að stjórnin álítur að slík mál þurfi að fara lagaveginn. Þessa vitneskju fekk eg nú fyrst með Botníu, og því hefi eg ekki getað komið fram fyr með þetta frv.

Efni frv. er það, að landið selji Rvk. vegarstæði yfir Arnarhólslóð, og það er töluverð nauðsyn fyrir Rvk. að fá þessu framgengt. Nokkur hluti bæjarins, hið svo kallaða Skuggahverfi, sem er þéttbýlt mjög, er hálf slitið frá öllum aðalhluta bæjarins, og er tilætlunin til að bæta úr þessu að lengja Lindargötu yfir Arnarhólstúnið ofan að Kalkofnsstíg.

En auk þess hefði þessi vegarlagning aðra þýðingu, því að innan skamms yrði þessi nýi vegur sá eiginlegi þjóðvegur upp úr bænum. Hann liggur betur en Bankastræti, hann verður hallalaus, og verði vagnbrúkun nokkuð almenn, er nauðsyn á að fá hallalausan veg. Eg vona, að h. þingd. vilji styðja að því, að Reykjavíkurbær standi í sem beztu sambandi við landið umhverfis og að hlutar bæjarins verði ekki sundurslitnir að óþörfu.

Eg vona einnig að hin h. deild fallist á, að verðið á vegarstæðinu sé ákveðið eftir óvilhallra manna mati. Eg vil þó geta þess, að það hefði í raun-inni ekki verið ósanngjarnt, að bærinn fengi þetta vegarstæði fyrir ekkert eða endurgjaldslaust, því þessi vegur, sem á að leggja, eykur verðmæti svæðisins sem í kring liggur. Þegar vegurinn er kominn, má selja húsalóðir beggja vegna, og það yrði ekki lítið verð, er fengist fyrir þær; en sá hagur kemur landssjóði til góða.

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umr. (C. 369, 405) 14. ágúst.

Flutningsmaður (Jón Jensson): Eg verð að byrja með því, að minna á það, sem eg tók fram við 1. umr., að mér finst ekki nema sanngjarnt af

landssjóði, þótt hann leyfði bæjarstjórn Reykjavíkur að leggja veg ókeypis yfir þessa landssjóðseign. Orsökin til þess, að eg orðaði ekki þannig frv. frá upphafi, var, að mér datt það ekki í hug, enda var tíminn svo naumur, sem eg hafði, að eg gat ekki íhugað málið ítarlega. Við það að íhuga málið hefi eg staðfests í þeirri skoðun, að hér sé ekki til ofmikils mælst af landssjóðnum, þótt leyfið væri veitt ókeypis. Það hefir komið fyrir, er um vegarlagning á þjóðjörðum hefir verið að ræða, að rétt hefir þótt að landssjóður legði sjálfur veginn vegna landssjóðsjarðarinnar, sem eigandi hennar.

Hér er nú einungis farið fram á að leyfa Reykjavíkurbæ að leggja veg yfir þessa alþjóðlegu eign, án þess hann þurfi að kaupa vegarstæðið. Reykjavíkurbær leggur til fé til vegagjörðarinnar og girðir fyrir lóðina beggja megin meðfram veginum, og leiðir af hvorttveggju þessu töluverðan kostnað fyrir bæjarsjóð, og er því ástæða til fyrir landssjóð að vera ekki harður í kröfum.

Annað sem mælir með vegalagningu þessari er það, að landssjóður vinnur töluvert við veg þennan, því lóðin beggja megin vegarins hlýtur að stíga í verði, er hún verður notuð til byggingar.

Þriðja ástæðan er sú, að vegur þessi hlýtur með tímanum að verða nokkurs konar þjóðvegur upp úr bænum, en þar sem um þjóðvegi er að ræða, finst mér líka ástæða til þess að landssjóður styrki þessa vegagjörð, en þjóðvegur hlýtur þessi vegur að verða þegar notkun vagna fer í vöxt, því hallinn verður þar minni upp úr bænum heldur en upp Bankastræti, sem nú er þjóðleiðin upp úr bænum.

Eg get nefnt 4. ástæðuna til þess að leyfið ætti að veita ókeypis, og hún er sú, að áður lá vegurinn upp úr bænum yfir mitt Arnarhólstún, en þegar vegur þessi lagðist niður, féll það vegarstæði aftur til Arnarhólseigandans, en vegurinn var lagður upp Bankastræti, þar sem hann nú er. Nú er komið að því að taka aftur upp veg yfir Arnarhólstún og er þá hart ef bærinn þyrfti að kaupa vegarstæði undir hann.

Þegar eg fór að íhuga þetta mál betur, sá eg, að bein afleiðing af því, að vegur þessi yrði lagður, væri sú, að falaðar yrðu lóðir fram með veginum. Nú, eftir því sem stjórnin hefir litið á málið, þarf lög til að heimila lóðarsöluna.

Þess vegna hefi eg komið fram með breyt.till., er verði 2. gr. frumv., um að gefa heimild til að selja bæjarstjórn Reykjavíkur lóðina. Þetta er, eins og eg sagði, bein afleiðing, sem verður að gjöra ráð fyrir, til þess að vegurinn geti orðið að fullum notum, og þessi breyt.till. mín greiðir veginn fyrir því, að landssjóður fái fult verð fyrir lóðina. Eg fer fram á, að Reykjavík fái lóðina keypta, og Reykjavíkur bæjarstjórn sjái um útmæling lóðarinnar. Það er kostur, að lóðarkaupin gangi gegnum bæjarstjórnina; hún ræður þá skipun húsa með veginum; annan hag hefir bærinn ekki af lóðarkaupum þessum, því að verðið, sem tiltekið er í breyt.till., er eins hátt og nú er gefið fyrir lóðir, það er sama verð t. d. og barnaskólalóðin og fleiri lóðir hafa verið seldar fyrir. Hér er ekki um tún að ræða, þó svo sé það nefnt í frumv., heldur óræktað beitiland.

Frá þingsins sjónarmiði ætti tillaga þessi að vera kærkomin. Það er ekki æskilegt, að vera að fá beiðni um lóðir frá einstökum mönnum á hverju þingi. Það var eitt af aðal-augnamiðunum fyrir mér með þessari tillögu, því eg sá, að þar með sparaðist þinginu bæði

tími og fé. Þetta er því mikill kostur við frumv.

Eg vona að háttv. þingdeild taki vel undir þetta mál, þar sem ekki er haft annað fyrir augum en það, sem landinu og bænum er fyrir beztu.

Landshöfðingi: Eg skal ekki mæla á móti frumv., en að eins leyfa mér að benda háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) á það, að þó hann nú hafi aukið frv. talsvert milli 1. og 2. umr., hvort hann ekki mundi þurfa að færa það meira út milli 2. og 3. umræðu. Heldur hinn háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) að Kalkofnsstígur, eins og hann er nú, geti orðið þjóðvegur? Það getur hann aldrei orðið, nema því að eins að hann verði breikkaður, og þá þarf að taka jaðar af túninu.

Mér er ekki skiljanlegt, hvernig hinn fyrirhugaði vegur frá Lindargötu niður á Kalkofnsstíg getur orðið þjóðvegur, nema þetta sé gjört jafnframt.

Það er annað, sem mér einnig finst athugavert við breyt.till. Eg kann ekki vel við, að í frumv. verði ákveðið fyrir allan ókominn tíma, að hver □ faðmur af lóð þessari skuli kosta 2 krónur. — Lóðarverðin vaxa, og að 2—3 árum liðnum kann þetta verð að verða óhæfilega lágt, og það getur ekki komið til tals, að Reykjavíkurbær fari þá að selja lóðina hærra verði.

Eg tek sem dæmi þess, hvað lóðirnar stíga í verði á skömmum tíma, að fyrir hér um bil tveim árum var lóðin undir stýrimannaskólann seld á 2 kr. □ faðmurinn, en nú hefir eigandinn nýlega selt af sömu lóð □ alinina fyrir 50 aura eða 4,50 kr. □ faðminn.

Þegar þessu er nú svo varið, verð eg að vera á móti því, að í þessu frv. sé sett ákveðið verð fyrir húsalóðir á þessu svæði.

Flutningsmaður (Jón Jensson): Mér þótti vænt um að heyra undirtektir hins hæstv. landsh. undir þetta mál. — Reyndar gaf hann mér hálfgerða skósu (*Landshöfðingi:* Að eins bendingar) fyrir það, að eg hefði fært út frumv. frá 1. til 2. umr., og spáði því, að eg mundi enn þurfa að rýmka það meira til 3. umr., en ekki býst eg nú við að þurfa þess. Hann gat þess, að ekki yrði hægt að nota veginn frá Kalkofnsstíg að Lindargötu fyrir þjóðveg af því vegurinn væri of þröngur, en eg sagði ekki, að þjóðleiðin legðist strax um þennan veg; eg býst ekki við að það verði fyr en vagnflutningar fara að tíðkast til muna, og mun það varla verða fyrir næsta þing, svo ekki þarf að koma með breyt.till. við frumv. nú af þeirri ástæðu.

Það getur líka vel verið, að breikka megi veginn fram hjá timburhúsi Björns Guðmundssonar, samkvæmt heimildinni til að taka lóð til breikkunar stræta í opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd fyrir Reykjavík.

Þar sem hæstv. landsh. taldi órétt að slá nú föstu ákveðnu verði á þessum lóðum fyrir ókomna tíð, þá er eg fyrir mitt leyti ekkert fastur á því. Þetta gjald, sem í frumv. er sett, er það hæsta, sem ákveðið verður á þessum stað, að jafnaði eftir núverandi verði á lóðum hér í bæ, en það getur ekki verið tilgangur hins opinbera að spekúlera í lóðum, og eiga þær áfram og geyma unz þær stíga í verði; slík aðferð er ekki rétt af landssjóðs hálfu. (*Landshöfðingi:* Lóðirnar eru í hærra verði). Menn eru með því móti reknir frá því að byggja á hagkvæmum stöðum, og er það mikill skaði.

Hæstv. landsh. sagði ekki annað, en að þetta verð væri of lágt til fram-

búðar, og ímyndaði hann sér að Reykjavíkurbær ætlaði að græða á því, að selja lóðirnar dýrara. —

Eg fyrir mitt leyti kann fult eins vel við það form, sem hæstv. landshöfðingi stingur upp á, að lóðirnar verði seldar eftir mati óvilhallra manna; mín hugsun var að eins sú, að bærinn keypti þessar lóðir fyrir ákveðið verð og seldi þær aftur fyrir sama verð. — Bæjarstjórnin hefir enga hvöt til að gjöra þetta að gróðafyrirtæki, henni þykir það mestu skifta, að menn geti bygt sem hentugast og óhindraðast.

Tryggvi Gunnarsson: Mig furðar á því, að h. háttv. flutningsm. (J. Jenss.) telur úr að breikka þurfi veginn, og taka þannig sneið af túninu. Sem bæjarstjórnarmeðlimur er eg þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, að hann benti á þetta, því að það er nauðsynlegt, að þegar séu sett ákvæði um það inn í frumv., áður en það kemur til 3. umr. Það er enginn efi á því, að undireins og þjóðvegur kemur um þennan stað, verða eftir honum fluttir $^2/_3$ hlutar alls þess, sem nú er flutt eftir Laugaveginum.

Eg kann einnig betur við að verðið verði eftir mati óvilhallra manna, því auðvitað verður það mismunandi hátt, allir blettir verða ekki jafn dýrir, og auk þess hækka lóðirnar í verði þegar húsin fjölga. —

Í sambandi við þetta má minna á, að nú er helzt í ráði, að hinn fyrirhugaði landsspítali fái lóð hér um bil miðja vega milli Kalkofnsstígs og Lindargötu, og verður þá þessi vegur nauðsynlegur. —

Og enn er eitt, sem að athuga þarf: það eru orðin hreinustu vandræði með kirkjugarð fyrir Reykjavíkursókn, gamli garðurinn er allur grafinn upp, og því varla hægt að koma líkum þar fyrir lengur; það hefir verið mikið stríð um það, hver ætti að leggja til land undir nýjan kirkjugarð, hvort að landssjóður, sem er kirkjueigandinn, eða Reykjavíkurbær ætti að gjöra það.

Nú er það tillaga bæjarstjórnarinnar að landið leggi til land undir kirkjugarðinn, og mun það verða ofan á. — Nú er kirkjugarðsstæði á Melunum í nánd við kirkjugarðinn óbrúkandi sakir þess, að þar er bæði votlent og klöppótt, er því svo til ætlast, að kirkjugarðsstæði verði fengið í Melshúsatúni, en að bærinn fái í skiftum fyrir það tún jafnstóran blett í Arnarhólstúni.

Eg vildi nú óska að eitthvert ákvæði um þetta yrði sett inn í frv. til næstu umræðu, því að verði ekkert gjört við þetta mál á þessu þingi, horfir til stórvandræða.

Það hefir talað um að láta þetta bíða þangað til landshöfðingjaskifti yrðu, og auðvitað er, að þessi landshöfðingi yrði að fá einhverja uppbót, ef þetta kæmist á.

Af öllu þessu sýnist mér það augljóst, að breyta þurfi enn frumv. til 3. umr., en ekki finst mér ástæða til að setja nefnd.

Klemens Jónsson: Mér finst frumv. þetta bera það með sér, að það er ekki nægilega vel hugsað og undirbúið; og varla hefir háttv. flutningsm. (J. Jenss.) komið fram með frumv. fyr en hann gjörir sjálfur gagngjörðar breyt.till. við það.

Auk þess tók háttv. flutningsm. (J. Jenss.) það fram, að það hafi ekki einu sinni verið borið undir bæjarstjórnina hér; og þar sem nú er stungið upp á fleiri breytingum við frumv., sýnist mér full ástæða til að stinga upp á nefnd, til að íhuga málið, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Þriggja manna nefnd samþykt með 11 atkv. gegn 7.

Kosnir í nefndina:

Jón Jensson	með 19	atkv.
Tryggvi Gunnarsson	— 9	—
Guðlaugur Guðmundsson	— 8	—

2. umræðu frestað.

Framhald 2. umr. (C. 369, 405, 422); 16. ágúst.

Framsögumaður (Jón Jensson): Nefndin hefir nú afgreitt þetta mál frá sér þannig, að hún hefir í öllu verulegu aðhylst allar þær tillögur, sem fyrir lágu. En hún hefir fundið ástæðu til að orða gr. frumv. öðru vísi.

1. gr. hefir hún vikið svo við, að inn undir vegarlagninguna kemur breikkun á Kalkofnsstig. Hæstv. landsh. benti á það, að það þyrfti að breikka hann, því annars gæti hann ekki orðið þjóðvegur, og þessa tillögu hefir nefndin aðhylst.

2. gr. er í öllu verulegu eins og tillögur þær, sem lágu fyrir nefndinni. — Þar stendur, að stjórninni skuli heimilt að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns.

En aðal-breytingin er eftir bendingu hæstv. landsh. í því fólgin, að verðið skuli vera ákveðið eftir dómkvaddra manna mati, í stað þess að vera fastákveðið.

Hæstv. landsh. og þingmönnum þeim, sem létu álit sitt í ljósi um málið, er það var síðast fyrir, fanst það ekki rétt að ákveða, að verðið skyldi vera fast, því að verð á lóðum getur verið breytilegt á mismunandi tímum, og félst nefndin á það, og áleit þess vegna réttast að ákveða það eftir mati dómkvaddra manna.

Út af því, sem kom fram við fyrri umræðu, að Reykjavík mundi ætla að græða á þessum lóðum, þá vil eg geta þess, að það er ekki meining mín sem flutningsmanns. Eg ætla, að hún léti lóðirnar til einstakra manna fyrir sama verð og hún fengi þær sjálf fyrir. — Og það er engin ástæða til að óttast það, að Reykjavík hefði lóðirnar til að græða á þeim. Hún hefði enga freistingu til þess, því að öll bönd á frjálsri byggingu landsins eru skaðleg fyrir bæinn, þar sem annars byggingar mega koma, og bærinn þarf ekki sjálfur lóðarinnar í sínar þarfir.

Að því er snertir 3. gr., þá verð eg að játa, að spá hætsv. landsh. hefir rætst, að því leyti, að hér er farið fram á útfærslu á frumv., en þetta hefir nefndin gjört og ekki eg einn og stendur hér nokkuð sérstaklega á.

Það er gamalt spursmál, sem lengi hefir verið óleyst, þetta kirkjugarðsspursmál.

Nefndin hefir nú fundið veg til að leysa spursmálið á haganlegan hátt. — Eg álít að það sé bezt bæði fyrir Reykjavík og landssjóð, að það spursmál sé frá.

Það getur enginn ágreiningur verið um, að kirkjueigandinn, sem er landssjóður, eigi að leggja til kirkjugarðsstæði, ef það ekki fæst ókeypis, því mun enginn heldur neita.

Bæjarstjórnin hefir viljað hjálpa í þessu efni, og í því skyni boðið fram það land, sem hún hafði, og sem hún gat án verið, til þess að nota það sem kirkjugarðsstæði; þetta land, Melarnir, hefir, eftir framfarna rannsókn að tilhlutun kirkjustjórnarinnar og að dómi læknanna hér í bænum, reynst öldungis óhæfilegt fyrir kirkjugarðsstæði. — Þá liggur ekki annað fyrir en kaupa land, sem þá yrði dýrt, í því skyni. En bæjarstjórnin álítur, að hún sé ekki skyld til þess. Kirkjustjórnin hefir nú

kannast við, að skyldan hvíldi á landssjóði, sem eiganda, að útvega kirkjugarð handa bænum.

Nefndin hefir því lagt það til, að Reykjavíkurkaupstaður leggi til Melshúsatún fyrir kirkjugarðsstæði og landssjóður láti kaupstaðinn svo fá land í staðinn, hæfilegan hluta af Arnarhólstúni. Þá þarf landssjóður ekki að leggja fé til, en leggur þó til, það sem honum ber. Arnarhólstún er ekki hæfilegt kirkjugarðsstæði, en má með þessu móti fá fyrir það kirkjugarðsstæði. —

Eg vil einnig taka það fram, að þó að þetta verði samþykt, þá myndi bæjarstjórnin ekki krefjast þess, að endurgjaldið fyrir Melshúsatún yrði lagt fram þegar í stað. Reykjavík er fús á að kaupa landið fyrir kirkjugarðinn strax; ef hún á sínum tíma fær Arnarhólstún í staðinn.

Þetta er vel boðið af Reykjavíkurbæ og svo sanngjarnt, að h. þingd. ætti ekki að þurfa að skoða huga sinn um að samþykkja það, svo framarlega sem hún ekki vill að landdssjóður skorist undan því, sem honum er skylt að lögum. Og það sæti illa á þinginu að hlýða ekki lögunum og ganga með því á undan öðrum með illu eftirdæmi, enda gjöri eg ekki ráð fyrir að þingið gjöri það.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Eg var ekki viðstaddur um daginn þegar nefndin var skipuð, svo að mér er ekki kunnugt um, af hvaða ástæðum nefnd var sett í málinu.

Frv. var þá, eins og menn munu muna, örlítið; en mér þykir það nú vera farið að þykna í roðinu. Upphaflega fór frumv. bara fram á það, að Reykjavík skyldi geta átt kost á, að fá keypta lóð af Arnarhólstúni til að leggja veg. Þetta út af fyrir sig, að leggja veg, þar sem þörf gjörist, virðist vera alveg sjálfsagt, og eg skal bæta því við, að þó að sú breyting komist á, að bærinn þurfi ekki að borga neitt fyrir vegarstæðið, þá er eg fyrir mitt leyti ekki því mótfallinn, því eg lít svo á, að það, að leggja veg gegn um lóðina, muni hafa þau áhrif, að lóðin hækki í verði, og verði fémætari eigandanum, landssjóði. En svo eru breytingartill. orðnar miklu fleiri en sú, að það skuli ekki þurfa að borga fyrir vegarstæðið. — Háttv. flutningsm. (J. Jenss.) lagði í eitt skifti til, að það skyldi vera gjört að skilyrði, að sett skyldi grípheld girðing með veginum, og að landshöfðinginn samþykki hvar veginn skuli leggja, en nú skilst mér að þessi ákvæði séu feld burtu, og mér er spurn: hvers vegna?

En svo eru ýmsir aðrir liðir, sem eru vaxnir út úr hinu upphaflega frv., sem eru svo stórir og yfirgripsmiklir, að það er ekki hægt að þekkja þetta frv. fyrir sama frv. sem upphaflega, nema einungis af því, að menn geta rakið sig í gegnum hinn sögulega gang þess, og það kveður svo ramt að þessu, að mér sýnist næsta torvelt fyrir háttv. þingdeildarmenn að greiða atkvæði um frumv. þetta.

Í breyt.till. h. flutningsm. (J. Jenss.) á þingskjali 405, var farið fram á, að veita stjórninni heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað lóðir til húsabyggingar á Arnarhólstúni fyrir ákveðið verð; en þetta hefir heldur ekki fengið að standa, heldur er nú farið fram á, að verðið sé ákveðið eftir dómkvaddra manna mati.

H. flutningsm. (J. Jenss.) segir, að það hafi verið nefndin, sem hafi komið sér saman um að hafa það svona; en mér finst, að það geti verið ýmislegt bara frá almennu sjónarmiði að athuga við það.

Fyrst og fremst er þess að gæta, að þegar um það er að gjöra, að selja einhverja fasteign landsins, þá er það

eðlileg regla, að þingið ákveði sjálft verð þess, sem landið hefir átt, og svo virðist mér það vera nokkuð einkennilegt, að Reykjavíkurbær skuli endilega þurfa að sitja fyrir kaupunum, því að líklega er það ekki bærinn sjálfur, sem ætlar að nota lóðirnar, heldur er meiningin að selja þær privatmönnum, og er það ekki óþarfa vafningur, að landssjóður selji fyrst bænum og bærinn svo kaupendum? Að vilja haga þessu þannig finst mér benda til þess, að málið muni vera borið fram í gróðaskyni fyrir Reykjavíkurbæ.

Eg get nú ekki neitað því, að í raun-inni væri það sanngjarnast og réttast að lofa þessu frumv., sem er svo ágætt dæmi upp á framþróun, að vaxa í næði. Það er nú ekki sagt hvað úr því gæti orðið, ef gefnar væru einar þrjár vikur til að halda áfram með málið í nefndum eða á fundum, virðist mér því fult eins gott að fara hægt og varlega, og sjá hvað setur. Eg er ekki að segja það í neinu gamni.

Hin síðasta tillaga er það, að verðið skuli ákveðið af dómkvöddum mönnum, en þó mennirnir séu dómkvaddir, þá eru það þó virðingarmenn, sem eiga heima í Reykjavík, sem í hvert skifti eiga í hlut, og það væri hægt að hugsa sér, að þeir mundu ekki vera óvilhallir, þegar maður hugsar um allar þær »agitationir«, sem velta fram eins og vatnsflóð í flestum málum, og þess vegna er eg alveg á móti því, að trúa dómkvöddum mönnum fyrir því, að ákveða verð lóðanna.

Þá er að síðustu tillaga viðvíkjandi kirkjugarðinum. Háttv. flutningsmaður (J. Jenss.) þessa máls, sem er einn af fjárlaganefndinni, ræddi all-mikið um þetta sama á nefndarfundum, og eg get lýst því yfir hvers vegna það var, að fjárlaganefndin vísaði þessu máli frá sér.

Hvort að landssjóður sé skyldur að útvega Reykjavíkursöfnuði kirkjugarð, því skal eg láta ósvarað, en ef svo er, að landssjóður, sem eigandi kirkjunnar, sé skyldur til þess, þá er þetta ekki rétta leiðin, heldur ætti söfnuðurinn að snúa sér beint til landsdrottins, umboðsvaldsins, og hann svo að leita heimildar hjá löggjafarvaldinu, ef að þess þykir þörf.

Þetta er að því leyti til, eins og svo margt vill verða, öfugt, og það er óþarfi fyrir þennan söfnuð, sem á kost á leiðbeining af beztu lögfræðingum landsins, að koma svona óformlega fram, og þess vegna er eg algjört á móti því, að þetta verði samþykt.

Eg get verið með fyrstu grein frumv. og að nokkuru leyti með 2. gr., en að öðru leyti er eg á móti því, eins og stendur.

Þorlákur Guðmundsson: Eg skal leyfa mér að láta í ljósi hvernig þetta mál horfir við fyrir mínum skilningi.

Eg verð að gera þá athugasemd, að eg er hræddur um að þetta mál hafi verið illa hugsað frá upphafi; eg geri ráð fyrir að flutningsmaður hafi þó viljað undirbúa það, en gangur málsins hefir sýnt það, að það hefir ekki verið sem bezt undirbúið, það sýna þær breytingar, sem á því hafa orðið, og að bæjarstjórninni oft hefir tekist betur að undirbúa mál.

Hvað veginn um Arnarhólstún snertir, er honum talið ýmislegt til gildis af flutningsm., þar á meðal að þessi vegur, sem hér er talað um að leggja, mundi verða alfaravegur og þjóðvegur. Eg get ekki verið honum samdóma um þetta. Fyrst og fremst þá verður hann svo miklu lengri, að það mundu engir langferðamenn fara hann, og þó að hann eingöngu væri hafður fyrir vagnaferðir, þá er vegurinn upp Bankastræti ekki brattari en vegurinn upp

frá Elliðaánum upp á Reiðskarðsmel, og í því tilliti mundi þessi vegur ekki verða almennur vegur. Hann mundi í mesta lagi verða fyrir nokkura þorpsbúa Skuggahverfis. Eigi að síður getur vegurinn verið þarfur fyrir bæjarbúa, og því þartt fyrir Reykjavíkurbæ að fá þetta vegarstæði.

Flutningsm. tók fram, að hér hefði áður legið vegur; en það er svo víða, sem áður hefir legið vegur, og það hefir ekki verið tekið neitt tillit til þess, þegar nýir vegir hafa verið lagðir.

Eg verð, hvað því viðvíkur, að hann hafði ákveðið hvern ferhyrningsfaðm af lóðinni í brtill. 2. kr. virði, að taka það fram, að hér ræðir um þá lóð, sem einna dýrust mundi til bygginga í Reykjavík og mest eftirsótt, en hvað hitt snertir, að dómkvaddir menn virði lóðirnar, verð eg að taka undir með h þm. Eyf., að þetta geti verið varúðarvert, því þeir dómkvöddu menn mundu oftast verða kvaddir úr bæjarfélaginu, og því ástæða til að ætla þá ekki með öllu óvilhalla. Það liggja nú fyrir brtill. við hið upphaflega frumv., og meðal annars hefir það verið felt úr, að Reykjavíkurbær skyldi greiða gjald fyrir vegarstæðið, þetta væri nú sök sér, ef um mjög nauðsynlegan veg væri að ræða, en með tilliti til þess, sem eg hefi áður sagt, verð eg að halda því fram, að þessi vegur yrði að eins fyrir lítinn part af Reykjavík. Viðvíkjandi því, að bæjarstjórnin fái leyfi til að kaupa lóðina, þá skal eg taka það fram, að þessi lóð mundi, eins og eg hefi áður sagt, verða dýrust af öllum lóðum í bænum. Flutningsm. gat þess, að þegar hann hefði sett víst gjald fyrir hvern ferhyrningsfaðm, að það hefði verið miðað við lóðarsölu á öðrum tilteknum stað, það er lóðin undir hið nýja barnaskólahús, en hvorki mér eða nokkurum manni öðrum mundi hafa komið til hugar að meta ferhyrningstaðm á þessari lóð við ferhyrningsfaðm á þeim stað, því að þessar lóðir mundu verða miklu dýrari, heldur en á þeim stað; fyrst og fremst álít eg að sú lóð hafi verið seld sanngjarnlega, en sér í lagi tek eg tillit til þess, að engin lóð mundi verða eins eftirsótt innan takmarka Reykjavíkurbæjar til byggingar, eins og þessi lóð í nútíð og framtíð, bæði vegna útsýnis og heilnæmis.

Svo kemur þessi makalausa rúsína sem kórónar alt saman, um að gera þessa merkilegu lóð sama sem að kirkjugarði, það er, að bærinn fengi hana til að skifta henni fyrir aðra lóð undir kirkjugarðsstæði, sem kirkjustjórnin er nú í vandræðum; með en það á ekki að brúka þessa lóð til að greiða úr því máli, og þó eg sé einn í Reykjavíkursöfnuði, þá sé eg ekki fyrir því, þó hér verði kirkjugarðslaust þegar eg dey, það er þá ekki annað en að flytja mig til annarar kirkju ef eg dey hér, en eg ætla ekki að stuðla til þess, að þessari lóð verði fleygt burtu, með einu hreytingaratkvæði, eins og hér liggur frammi; yrðu svo byggingarnar á þessari lóð líkar því, sem þær eru í Skuggahverfi, þar sem hvert hús má segja að snúi öfugt við annað, og innan um lagleg hús eru smákofar, eins og smáfugl undir annars stéli, og þá yrði byggingin hvorki bænum né landinu til prýðis eða sóma.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Eg bjóst aldrei við að þetta frv. gengi þegjandi af, svo þessar mótbárur, sem hafa komið fram, koma mér alls ekki á óvart Þó get eg lýst ánægju minni yfir því, að andmælin hafa verið hógvær og að þau geta mér tækifæri til að skýra fyrir h. þdm. nokkur atriði, sem virðast vera þeim óljós. H. þm.

Eyf. (J. J.) lét í ljósi, að hann skyldi ekki í því, af hverjum ástæðum deildin hefði farið að setja málið í nefnd; eg fyrir mitt leyti áleit það líka óþarft, því eg áleit málið í sjálfu sér svo ljóst, að það þyrfti ekki nefndar við. Það var deildin sjálf, en ekki eg, sem vildi skipa nefnd, og því var hún skipuð.

Í hinu upphaflega frumvarpi var ákveðið fast verð á lóðunum, en við 1. umr. kom fram bending hér í deildinni í þá átt, að þetta ákvæði væri óheppilegt. Nefndin hefir tekið þessar bendingar til greina, og hefir þess vegna sett inn ákvæðið um, að lóðirnar skyldu seldar eftir dómkvaddra manna mati. H. þm. Eyf. var hræddur við þessa dómkvöddu menn, af því þeir mundu verða Reykvíkingar, og þess vegna vilhallir, í sama strenginn tók h. þm. Árn. (Þorl. G.). Eg segi fyrir mitt leyti, að eg er alls ekki svo mikið með þessum dómkvöddu mönnum, að eg ekki vildi eins vel ákveðið verð, og þetta er nefndinni ekkert kappsmál. En eg verð þó fyrir mitt leyti heldur að álíta þetta ákvæði nefndarinnar bót á frumv. Það er engin ástæða til að vera svo hræddur við þessa dómkvöddu menn, því hér er stjórninni veitt heimild til að selja, og hún getur, ef henni finst ástæða til, altaf ákveðið lægsta verð. Þá geta þessir dómkvöddu menn komið til og staðfest þetta lægsta verð eða þá kannske hækkað það, og finst mér þetta betra en hitt.

H. háttv. þm. Eyf. benti á, að hér væri slept úr 1. gr. hins upphaflega frumv. ákvæðinu um griphelda girðingu meðfram veginum. Þetta þótti honum tortryggilegt og vildi eins og gefa í skyn, að nefndin með þessu hefði viljað komast að betri kjörum. Þetta er alls ekki tilfellið, en nefndin áleit að eins óþarft að halda þessu ákvæði, eins og greininni nú er breytt, því nú er stjórninni heimilað að selja, og hún getur altaf sett sín skilyrði og ákveðið veginn eftir sinni vild. Þetta er því eðlileg afleiðing af því, hvernig greinin nú er orðuð. H. þm. sagði enn fremur, að frv. væri altaf að taka nýjum og nýjum breytingum. Eg skoða sem hann hafi sagt það í spaugi, sem hann sagði um þetta, og að það hafi að eins átt að vera til að skemta deildinni. Eg er áður búinn að biðja deildina afsökunar á því, hvað eg hafði nauman tíma til að búa frv. út, og að eg gat ekki athugað það svo vel sem skyldi. Eg hafði ástæðu til að halda, að umboðsvaldið mundi geta ráðið málinu til lykta, en nú reyndist það ekki, og hefi eg því komið með frv., þó seint væri.

H. þm. Eyf. tók það fram, að það væri óviðkunnanlegt að bæjarstjórnin væri milliliður milli landssjóðs og lóðarkaupanda, og að hann skyldi ekki í, að það gæti verið til annars en að græða á því, og víst væri, að það yrði til trafala. En þetta er ekki rétt. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir, að einstakir menn geti gripið til sín lóðir, án þess aðrir viti af. Þegar bæjarstjórnin hefir lóðirnar undir höndum, vita allir í bænum af því, og geta kept hver við annan. Þetta verður fyrst og fremst hagnaður fyrir landssjóð; en það er auðvitað líka haganlegt fyrir bæinn, því þá getur bæjarstjórnin betur ráðið skipun bygginga á þessu svæði. H. þm. sagðist kunna bezt við að bærinn hefði keypt alt túnið, og eg skal játa að eg hefði helzt viljað það, en eg hefi ekki þorað að fara þess á leit. Fyrir 16 árum síðan, 1883, vildi bærinn kaupa túnið, en þá kastaði þingið málinu svo hranalega frá sér, að bæjarstjórnin hefir ekki þorað að fara fram á það síðan.

H. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að þessi

vegur mundi aldrei verða almenningsvegur. Eg hafði spáð því, að hann mundi verða það með tímanum, þegar væri farið að nota vagna, og eg stend við það enn. H. þm. hefir ekki betur vit á þessu en öll bæjarstjórnin, sem er þó ólíkt kunnugri vegum bæjarins en h. þm.

H. þm. talaði líka um verð á lóðum í Reykjavík, en þar er eg einnig á þeirri skoðun, að hann hafi ekki eins vel vit á því og bæjarstjórnin. Eg setti 2 kr. að eins til að hafa einhvern mælikvarða, og af því þetta er það verð, sem hefir verið venjulegt hér á túnum þessi 2 síðustu ár. Hann hefir víst átt við að lóðir mundu stíga og því neitar enginn. En eg tók það fram um daginn, að það væri ekki samboðið þinginu að fara að spekúlera í lóðahækkun í Reykjavík í framtíðinni, og að halda lóðum í bænum þess vegna óbygðum um óákveðinn tíma, til þess að þær stígi í verði. Það liggur ekki fyrir því þingi, sem vill landi sínu og höfuðstað vel, heldur að eins fyrir peningagyðingum.

H. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að það væri naumlega skylda landssjóðs að útvega grafreit, en það er enginn vafi á því, enda kannaðist h. þm. Árn. (Þorl. G.) við það. Nú vantar kirkjuna grafreit, og bærinn hefir boðið fram land, þar sem hann gat gert það sér að kostnaðarlausu, en það hefir reynst óbrúkandi. Nú þegar þarf að kaupa land til þess, hver á þá að gera það nema kirkjueigandinn, landssjóður? Bæjarstjórninni er það áhugamál að fá grafreit, því sá sem nú er, er útgrafinn fyrir löngu.

Það var ein af aðalmótbárum h. þm. Eyf. (J. J.), að málið væri komið óformlega inn á þingið, eða ekki inn um réttar dyr, en er þetta nokkur ástæða til að við gerum ekki það sem við eigum að gera? Eg skal játa að það hefði verið réttara, að málið hefði komið beint frá kirkjustjórninni, en aðalatriði er það ekki, úr því að því verður ekki neitað, að málið hefir fengið allan þann undirbúning einmitt fyrir tilstilli kirkjustjórnarinnar, er það þurfti með, til þess þingið gæti ráðið því til lykta.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eg skal að eins benda á það, að það er ekki rétt skilið, að eg hafi ætlast til, að bæjarstjórnin eða safnaðarstjórnin kæmi fram með þetta mál. Eg vildi láta kirkjustjórnina fara með það til landsstjórnarinnar og heimta af henni að hún bæri það fram. Þegar nú er búið að benda á þetta, þá finst mér sanngjarnt að láta málið hvíla sig í 2 ár. Það væri hlægilegt ef þm. víðsvegar af landi færu að ákveða um mál, sem varðar landsstjórnina, þegar nánustu umsjáendur þess hafa ekki látið álit sitt í ljósi, og ekkert er víst hvernig muni verða tekið í það.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekki mikið um þetta mál að segja, því að eg er ekki nægilega kunnugur því. En þar sem þræta hefir orðið út úr því, hvort láta eigi af lóð þessari í makaskiftum fyrir kirkjugarðslóð, þá ætla eg að gera grein fyrir atkvæði mínu, sem fellur í þá átt, að eg ætla að verða með 2 fyrstu greinunum, en móti 3. greininni. Það getur auðvitað verið, að h. framsm. (J. Jenss.) sannfæri mig, og því kom eg með þessa athugasemd áður en hann talaði aftur.

Eg veit ekki betur, en að sú kvöð liggi á hverri jörð hér á landi, þar sem kirkja er, að jörðin leggi til kirkjugarðsstæði, hvort sem jörðin er eign hins opinbera eða einstakra manna, og að sú kvöð fylgi jörðinni orðalaust, þó hún gangi kaupum og sölum, og því finst mér það liggja í hlutarins eðli, að jörðin Reykjavík láti af hendi kirkju-

garðsstæði kirkjunnar vegna, að jörðin Reykjavík hafi þegjandi verið fengin kaupstaðnum í hendur þannig, að þessi skylda fylgdi.

Auk þess hefi eg heyrt sagt, að kirkjurnar í Nesi við Seltjörn og í Laugarnesi hafi verið lagðar niður og steyptar saman við Reykjavíkurkirkju, en nú er jörðin Laugarnes lögð undir Reykjavíkurbæ, og hygg eg að þá hafi kvöðin á Laugarnesi um kirkjugarðsstæði flutst yfir á Reykjavíkurbæ.

Mér finst enn sjálfsagðara, af því að Reykjavíkursöfnuður, sem er sama og bæjarfélag Reykjavíkur, fekk jörðina Reykjavík að gjöf til kaupstaðarstæðis, að bæjarfélagið eigi að sjá fyrir kirkjugarðsstæði, enda sé eg ekki betur en að það sé ákaflega annkannalegt, að landið kaupi lóð þá, sem það gaf bæjarfélaginu, aftur af því sjálfu, til þess að leggja bæjarfélaginu hana til kirkjugarðsstæðis, og meðan ekki eru færð rök fyrir því gagnstæða, get eg ekki annað en verið á móti því, að 3. gr. þessa frumv. verði samþykt.

Auðvitað gæti ef til vill verið hugsanleg ástæða til, að landssjóður legði eitthvað til kirkjugarðsstæðisins, en mér virðist engu síður undarlegt, ef Reykjavíkurbær ætti ekki að leggja neitt til.

Tryggvi Gunnarsson: Mér þykir vænt um að heyra, að flestir, sem talað hafa, ætla að samþykkja 1. gr. frv., því það er aðalatriðið, að bærinn fái að leggja þennan nýja veg, þar sem umferð verður miklu greiðari og léttari en eftir Laugavegi og Bankastræti fyrir alla þá sem koma, eða þurfa að flytja að austan inn í bæinn.

Hvað 2. gr. frumv. snertir, þá hefir h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og fleiri mælt á móti henni. Mér finst ekki skifta miklu um þá grein, hvort bæjarstjórnin í Reykjavík fær lóðirnar keyptar eða einstakir menn, en það aftur á móti skifta miklu, að þau ákvæði yrðu samþykt, að stjórninni væri heimilt að selja af lóðinni. Eg vona því að grein þessi verði samþykt, en ef mönnum sýndist, mætti breyta því við 3. umr., hvernig sölunni væri hagað. Bæjarstjórninni er meðal annars umhugað um að fá umráð fyrir lóð þessari, vegna þess, að í norðurhluta hennar er mikið af grjóti og klöppum, sem gæti komið sér vel, ef farið væri að byggja hafnarbryggju handa bænum.

Þá er 3. gr. um kirkjugarðsstæðið. Eg ímynda mér að það sé ekkert kappsmál, að bæjarstjórnin fái skifti á lóð þessari fyrir kirkjugarðsstæði, ef þingið veitir fé til að kaupa lóð til kirkjugarðs, en nú er orðin svo mikil þörf á því, að til vandræða horfir, þar sem verður að láta hverja kistuna ofan á aðra, og flytja kistur, sem enn eru ófúnar. En þar sem h. þm. S.-Þing. (P. J.) var að tala um, að hann teldi efa á því, að landið væri skylt að láta til lóð undir kirkjugarðsstæði, þá er eg ekki svo mikill lagamaður, að eg vilji fullyrða um það, og læt h. framsm. um það; en heyrt hefi eg góða lagamenn hér í bænum telja það víst, að landið mundi ekki komast hjá því við dómstóla, að leggja til landið undir kirkjugarðinn; en sjálfsagt sýnist mér að bæjarbúar bygðu kirkjugarðinn. Og þar sem kirkjan tekur legkaup, bendir það á, að landssjóður verður að leggja til þann reit, sem grafið er í, og hann tekur gjald fyrir, sem sé legkaupið. Það lítur undarlega út að landssjóður, eða kirkjan hans vegna, ætti að taka eftirgjald af því landi, sem annar á; makaskiftin eru bæjarstjórninni ekki kappsmál, en hún hefir farið fram á þau, af því hún hélt, að

með því yrði auðveldara að fá þingið til að samþykkja að landið legði til kirkjugarðsstæði. Með því þyrti landsstjóður ekkert fé fram að leggja, þar sem hann léti af hendi blett, sem fylgir landshöfðingja umdæminu, og landssjóður aldrei hefir haft neinar tekjur af. Mál þetta hefir verið rætt á mörgum bæjarstjórnarfundum, og hefir bæjarstjórnin verið hrædd um, að þingið mundi ófúst á að vilja leggja fram þær 6000 kr., sem þurftu til þess að kaupa þau tvö tún, er þarf að nota til grafreitarins.

H. framsm. (J. Jenss.) sagði, að bæjarstjórninni dytti ekki í hug að fá þessa lóð fyr en við næstu landshöfðingjaskifti, svo ekki þyrfti landið að veita hinum núverandi landsh. endurgjald fyrir lóðarnámið. En vilji landið heldur leggja fram fé til lóðarkaupa fyrir kirkjugarðsstæði, stendur bæjarstjórninni á sama, en það er að eins nauðsynlegt, að kirkjugarðsstæðið fáist nú þegar, því það þolir ekki bið til næsta þings.

Það hefir verið fundið að frumv., að lóð þá, er selja mætti úr Arnarhólslóð, skyldi selja eftir óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Bæjarstjórninni mun ekki vera slíkt ákvæði kappsmál, enda minnir mig að það sé sett inn í frv. eftir bendingum hæstv. landsh. Hafi menn á móti því, að dómkveðja Reykjvíkinga til þessa mats, er ráð til þess að komast hjá því, og það er að kveðja til þess 2 menn úr nærliggjandi sveit. Reyndar held eg slíks mundi naumast þurfa við, því eg hefi ekki orðið var við það á fundum bæjarstjórnarinnar, að hún hugsaði til að hafa fé af landssjóði, heldur hefir henni að eins verið það áhugamál að fá ráðna bót á þessum kirkjugarðsvandræðum, með hvaða kostum sem það fengist.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): H. þm. S.-Þing. (P. J.) lét í ljósi þá skoðun, að það mundi vafasamt, hvort sú regla gilti ekki í Reykjavík sem annarsstaðar á landinu, að landeigandi væri skyldur að leggja til kirkjugarðsstæði, og hélt því enn fremur fram, að þar sem Reykjavík hefði fengið landið ókeypis, þá mundi það hafa verið undirskilið, að Reykjavík legði af landinu eftir þörfum til kirkjugarðsstæðis. Eg verð að svara þessu á þá leið, að eg hefi ekki heyrt efast um það, að skyldan til að leggja til kirkjugarðsstæði hvíldi á landssjóði, og munu allir lagamenn sömu skoðunar; og hvað það snertir, að Reykjavík hafi fengið landið með áskildum fyrirvara, þá getur það ekki hafa verið, þar sem enginn stafur er fyrir því, enda væri slíkt óheppilegt, þar sem landið hefir verið gefið bænum til vissrar notkunar.

Hvað bænum viðkemur, þá skorast hann ekki undan að láta af hendi grafreit af landi sinu, sér að kostnaðarlausu. En það er auðskilið, að það væri nokkuð skrítin gjöf, að gefa bænum landið og láta ekki annað uppi, en hann mætti afhenda það öðrum, en bærinn væri svo skyldur til að kaupa það aftur dýrum dómum handa gefanda, sem hann hefir afhent einstökum mönnum fyrir löngu, samkvæmt hinum upprunalega tilgangi gjafarinnar. Nú hefir bærinn boðið það land, er hann á eftir óafhent, ef það yrði notað, en rannsóknir á því hafa leitt í ljós, að það mundi óbrúkandi, en Reykjavíkurbær álítur sér óskylt að kaupa land til kirkjugarðsstæðis, og allir þeir lagamenn, er eg hefi talað við um þetta, eru þeirrar skoðunar, að bærinn sé hér í sínum fulla rétti með að neita að kaupa land til þessa.

Eg hefi ekki tekið það fram áður,

að það var hugsun nefndarinnar og mín, að svo framarlega sem af þessum lögum leiddi afhending á meiru eða minnu úr Arnarhólstúni, sem þar með gengi undan ábúð landshöfðingja, þá væri sjálfsögð afleiðing af því, að landsh. væri bættur tekjuhalli sá, sem af því leiddi, en óþarft sé þó að taka þetta fram í lögunum, því stjórnin hafi, samkvæmt stjórnarskránni, rétt til að ákveða laun landshöfðingja og geti því ákveðið honum það endurgjald, er hún álíti hæfilegt. Eg skal líka taka fram, af því að eg hefi heyrt suma hneykslast á því, að nefnt er Arnarhólstún í frumv., að hér er átt við norðurhluta þess, sem er óyrkt land að öllu leyti, og einungis haft til beitar, en nafnið er þó látið halda sér um alla embættiseignina, af því svo er venja í daglegu tali.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) leiðrétti orð þau, er eg hafði eftir honum, að hann hefði viljað láta, ekki kirkjustjórnina heldur landsstjórnina koma með málið á þing, og beiðast lóðarsölunnar eða makaskiftanna. Mér finst mótbára h. þm. lítið veigameiri í þessum búningi, og get ekki annað um hana sagt, en að hún sé hálfgerður hégómi, sem ekkert er gerandi úr, en þar sem á hinn bóginn mikil nauðsyn er á því, að málið komist í kring, því það má ekki dragast lengur.

Til þess að taka af allan efa um það, að landssjóðurinn, sem kirkjueigandi hér í Reykjavík, sé skyldur að leggja bænum til kirkjugarð, skal eg benda á konungsúrsk. frá 28. apríl 1837, en með honum var viðurkend þessi skylda, og nýr kirkjugarður handa bænum, sá sem nú er notaður, kostaður af ríkissjóði sem þá var landssjóður.

Vegna þess að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) mintist á, að lóðasalan í Arnarhólstúni væri bein afleiðing af vegarlagningunni, þá þarf eg ekki að minnast á það frekar, enda væri meingarlaust að leyfa veginn, nema að stjórninni væri um leið gefin heimild til að selja lóðir meðfram veginum, því þegar vegurinn er kominn, verður farið að falast eftir lóðum þar. Rétt er og að láta slíka sölu ganga í gegnum hendur bæjarstjórnarinnar, því þá er ekki farið á bak við neinn, og þá er hægt að fá eins mikið upp úr lóðunum og unt er, þar sem salan fer fram opinberlega, en bæjarstjórnin vinnur það eitt við þessa aðferð, að hún hefir forkaupsrétt, ef henni er áhugamál að ná einhverjum bletti vegna bæjarins. — Þetta kemur líka heim við það, sem kom fram á þingi 1893. Því nefndin í málinu um þjóðjarðasölu réð frá því, að selja hina svo nefndu Kalkofnslóð af Arnarhólstúni öðrum en bæjarstjórninni, en þá hafði einstakur maður falað þann lóðarblett til kaups. Þetta frumv. er þá í samhljóðun við áðurnefnt nefndarálit og gjörðir þingsins 1893, sem felst á tillögu nefndarinnar, og vona eg því að þingdeildin samþykki frumv. að þessu leyti.

Landshöfðingi: Eg ætlaði að eins að gera stutta athugasemd. Það hefir verið fundið að því, að tillagan um makaskifti á Arnarhólslóð fyrir grafreit annarsstaðar í bænum hafi komið frá einstökum þingmönnum, en ekki frá stjórninni. En eg verð að lýsa því yfir, að til mín hefir engin áskorun komið um að útvega grafreit eða fé til að kaupa grafreit. Orsökin til þess er sú, að stiftsyfirvöldin höfðu hugsað sér að fá mætti grafreit á Melunum fyrir ekki neitt, en það var ekki hægt að ákveða þetta fyr en búið var að grafa þar fyrir, og reyna hvernig jarðvegurinn var, en það gat fyrst orðið, þegar klaki var

úr jörðu, en þá var of seint að koma þessu inn í fjárlagafrumv., eða búa til sérstakt frumv. Eg fyrir mitt leyti hafði nú líka hugsað, að þó þörfin sé nokkur nú, þá væri hún þó ekki svo brýn, að ekki mætti bíða 2 ár, en eftir því sem fram er komið, hefir þetta sjálfsagt verið rangt álitið.

það hafa nokkurir h. þm. farið orðum um, að hneykslanlegt væri að láta þar til kvadda Reykjavíkurbúa meta lóð þá, er sjálfur bærinn ætti að fá, og það er rétt eins og þessir h. þm. gengju út frá, að þessum dómkvöddu mönnum væri ekki trúandi til að koma fram sem óhlutdrægir menn og hefðu enga virðingu fyrir eiði sínum eða borgaralegu skyldum. Eg vona að þessir sömu h. þm. þekki ekki dæmi þessa úr sinni sveit, en sem Reykvíkingur og fyrir hönd Reykjavíkurbúa verð eg fastlega að mæla á móti því, að þeim sé ekki trúandi sem dómkvöddum mönnum til að meta nokkura lóðarskika.

ATKVGR.: Breyt.till. á þskj. 405 tekin aftur.

Af breyt.till. á þingskj. 422 var hin fyrsta samþ. með 18 shlj. atkv.,
önnur samþ. með 15 shlj. atkv.,
þriðja feld með 12:5 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 455), 18. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinn samþykt með 17 samhlj. atkv. og verður sent Ed.

Gjöld til prests og kirkju.

FRUMVARP til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (C. 375); 1. umr., 12. ágúst.

Klemens Jónsson: Eg leyfi mér að leggja til að frumv. þessu sé vísað til nefndar þeirrar, sem átti að íhuga málið um laun presta, því mér finst það vera svo líks eðlis.

ATKVGR.: Málinu vísað til nefndarinnar við frumv. um laun presta með 12 shlj. atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 375, 460); 18. ágúst.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eg álít ekki þýða að tala um þetta mál nú. Nefndarálitið skýrir þau atriði, sem frv. hljóðar um, og fáum eða engum nýjum ákvörðunum er bætt inn í, og með því að það á betur við að tala um þær við 2. umr., vil eg að þessu sinni aðeins mælast til, að málið fái að ganga til 2. umr.

Vísað til 2. umræðu með 15 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 375, 460); 21. ágúst.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Við framhald 1. umræðu þessa máls skýrði eg efni þess nokkuð. Nú hefir nefndin, er því var vísað til, haft það til meðferðar, en ekki gjört við það miklar efnisbreytingar, og miða flestar brtill. hennar að því að gjöra ákvæði frv. skýrari og nema burtu galla, sem á því voru. Í 1. gr. frv. var ónákvæmni, sem nú hefir verið löguð. Við þessa grein er og sú efnisbreyting gjörð, að presti er ekki gjört að skyldu að fæða þann, er dagsverk vinnur. Ástæðan er sú, að grundvöllur þessa frv. er sá, að breyta sem minst gömlum fyrirmælum og venjum og taka ekki upp stórvægileg nýmæli, að eins koma með nýjar ákvarðanir, þar sem réttast þótti. En hvað fæðið snertir, verður eigi sagt að sú ákvörðun sé upp tekin með breytingu

nefndarinnar, því að hennar tillaga er einmitt að það haldist, sem nú er, nfl. að gjaldandi fæði sig sjálfur. Að vísu er það víða orðin venja, að prestur fæði þá, er dagsverk vinna, og verður henni að líkindum haldið þar; þarf þetta því ekki að raska hinu núverandi ástandi.

Við 2. gr. er gjörð sú breyting, að launatakmark sýslunarmanna og verzlunarþjóna, sem hefir offurskyldu í för með sér, er fært úr 500 kr. í 600 kr. Nefndinni þótti 500 kr. helzt til lág laun til að greiða offur af, og hækkaði því launatakmarkið. Enn fremur er sú efnisbreyting gjörð við þessa grein, að gjalddagi er fluttur frá 14. maí til 31. des. og verður það að teljast til bóta. Í þeim hluta landsins, sem 14. maí er hjúaskildagi, yrði eigi gengið að hlutaðeigendum með að greiða þetta gjald fyr en síðasta daginn, sem þeir eru í vistinni, og er það óþægilegt. En nú er 3. maí hjúaskildagi í miklum hluta landsins, og gæti þá svo farið, að hlutaðeigendur væru fluttir í aðra sveit, áður en þeir þyrftu að gjalda offrið eða lausamannsgjaldið, og gæti þá orðið erfitt að ná til þeirra. Er því rétt að þessi gjöld greiðist 31. des., sem nú er orðinn almennur gjalddagi á tekjum kirkna. — Við 3. gr. frv. hefir nefndin einnig gjört nokkra efnisbreyting, þar sem hún leggur til að húsmenn skuli lamb fóðra, þótt eigi hafi þeir ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til fullra umráða, ef þeir hafa grasnytjar svo miklar, að framfleyti 3 hundruðum kvikfénaðar. Nefndinni er kunnugt, að til eru margir húsmenn, sem hafa fullkomið bú og eru því vel færir um að greiða þetta, eða standa jafnvel betur að vígi en margir, sem hafa jörð, er metin er til dýrleika. Enn fremur leggur nefndin til að orðin: »geti búandi ekki fóðrað lambið, eða prestur ekki notað lambsfóðrið« falli burt. Þetta ákvæði gæti valdið vafningum, því erfitt er að skera úr, hvenær búandi gæti fóðrað og hvenær ekki, og eins hitt, hvenær prestur getur notað lambsfóðrið. Auðvitað kemur það stundum fyrir, að presturinn á engin lömb til að setja á fóður, og eins má segja að hann geti ekki notað lambsfóður þeirra, sem illa fóðra. Þessum vafningum er að vísu ekki rýmt burtu alveg með tillögu nefndarinnar, að setja í stað orða þeirra, sem eg nefndi, orðin: »Ef lamb er ekki fóðrað«. En með því er bent til að það geti orðið samningsmál milli prests og gjaldanda, hvort hann fóðrar lamb eða ekki, og engu breytt um það frá því sem er. Um það getur auðvitað orðið ágreiningur eins og er, en ekki meiri og vart eins mikill eins og orðin í frv. gefa tilefni til.

Þetta eru þá þær helztu breytingartillögur sem nefndin hefir komið fram með, og er vonandi að hin háttvirta þingd. telji þær til bóta og samþykki þær.

Halldór Daníelsson: Eg ætlaði mér að koma með breytingartillögu við brtill. um að prestur skuli ekki fæða þá, er dagsverk vinna. Eg vil hafa það ákvæði eins og það var í frv. h. Ed., að presturinn fæði þá, er dagsverk vinna. Það er alstaðar vani, þar sem eg þekki til, og hefir verið föst venja síðan reglugjörðin 1782 kom út, og þó það sé ekki siður sumstaðar, þá er það óvenja. Mikilsvirtur lögfræðingur hefir og sagt mér, að það sé skýlaust, að prestur eigi að leggja til fæðið. Auðvitað er, að ef maður á að fæða sig, þá verður að meta það eftir verðlagsskránni. En þetta kemur þyngra niður á fólkinu, sem dagsverk á að greiða, en prestinum, einkum ef það lætur

kvenmann vinna dagsverkið, því ekki mun kona fá 2 kr. kaup á dag, og verður hún þá að hafa með sér fæði til fleiri daga.

Einar Jónsson: Út af orðum háttv. þm. Mýr. skal eg taka það fram, að eg álít ekki rétt að gera það að kvöð, að presturinn skuli skyldur að fæða þann, er dagsverkið vinnur, því það væri sama sem hann væri skyldaður til að kaupa vinnu af gjaldanda, nfl. þá vinnu, sem fæðinu svarar, til þess að geta tengið hið eiginlega dagsverksgjald greitt. Upphaflega var heldur ekki ætlast til að presturinn skyldi fæða menn, sem vinna dagsverk hjá honum, og það er svo á mörgum stöðum enn. Auðvitað fæðir presturinn fátæka menn víða hvar, en hann er ekki skyldugur til þess. Ef þetta ákvæði kæmist inn í lögin, gæti það orðið mjög óþægilegt á mörgum stöðum. T. a. m. hér í Reykjavík. Ef að á einum degi kæmu t. d. 100 menn og segðust ætla að vinna dagsverk fyrir prestinn og hann svo væri skyldur til að fæða þá alla, býst eg við, að gæti orðið býsna óþægilegt fyrir hann og svo gæti verið á fleiri stöðum.

Halldór Daníelsson: Háttv. þm. N.-Múl þurfti ekki að segja mér, að það væri tekjumissir fyrir prestinn, ef hann þyrfti að fæða þá, sem vinna hjá honum dagsverk, það vissi eg áður; en mér finst það ósvinna, að fátækustu mennirnir úr sveitinni — því það eru þeir, sem hér eiga hlut að máli — séu að ferðast langar leiðir með nesti, þegar þeir eiga að vinna fyrir prestinn, sem oftast er ríkasti maðurinn í sveitinni. Ef til vill getur það í sumum tilfellum orðið óþægilegt fyrir prestinn, en vilji hann það heldur, þá getur hann látið borga það eftir verðlagsskrá, ef hann t. a. m. hefði ekkert til að láta vinna.

ATKVGR.: 1. Brt. á þgskj. 460 sþ með 13 shlj. atkv.

1. gr. frv. þá fallin.

2. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 14 shlj. atkv.

4. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.

5. Brt. á þgskj. 460 samþ. sem orðabreyting án atkv.

6. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 16 shlj. atkv.

7. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 14 shlj. atkv.

8. Brt. á þgskj. 460 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

9. Brt. á þgskj. 460 samþ. án atkv. eftir undanfarandi atkv.gr.

4. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

6. — — — 15 — —

7. — — — 16 — —

8. — — — 16 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 540); 23. ágúst.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er varhugavert að afgreiða frá þinginu jafnstórt mál og þetta, jafnlítið hugsað og það enn þá er. Og eg vona að það gangi þannig í þessari deild að það fari ekki lengra.

Með þessu frumv. eru gerðar miklar og víðtækar breytingar á gjaldskyldu manna til prestanna, og eg ímynda mér að nefndin hafi ekki haft tíma til að íhuga, hve miklar þær eru.

Að því er snertir breytingu þá, sem nefndin hefir gert við heytolls-skylduna, þá virðist sem nefndinni eigi hafi verið kunnugt um þau ákvæði laganna, sem liggja til grundvallar fyrir þessari gjaldskyldu.

Um hinn fyrsta uppruna heytollsskyldunnar er mönnum ekki kunnugt, en það vita menn, að upphaflega voru kirkjurnar eigendur að þessari tekjugrein, en síðar urðu prestarnir eigendur hennar. Það sýna máldagar frá kaþólsku kirkjunni frá 13. öld. Upphaflega voru heytollarnir bundnir við lögbýli. Má í þessu efni minna á Pínings-dóm 1489, en heytöludómur Stefáns biskups frá 5. maí 1510 fer nokkuð lengra. Þetta hefði nefndin átt að athuga. Þessi dómur fer þó ekki eins langt eins og nefndin vill fara.

Á síðustu árum hefir myndast »praxis« viðvíkjandi heytollinum, en hún er á röngu bygð. Þessa venju vill nefndin löghelga. Eg hefi oft risið á móti því að löghelga yfirgangs venjur. Nefndin hefði átt að rannsaka, á hverju heytollsskyldan væri bygð, áður en hún kom með tillögur sínar.

Svo fer nefndin að brúka lögfræðislegar hugmyndir, sem eg efast um að hún skilji. Þar má nefna: »grasnyjar af slægjulandi«. Þetta er annaðhvort hortittur eða meiningarleysa, því »grasnyt« þýðir alt annað en nefndin vill láta það þýða. Það sýna ummæli Páls Vídalíns lögmanns og máldagar um lok 13. aldar. Mér dettur ekki í hug að halda neinn vísindalegan fyrirlestur um þetta efni, en mér finst varkárt að setja inn í lögin orð, sem ekki hafa þá þýðingu, sem til er ætlast. Eg get ekki séð hvaða þýðingu »grasnyt af slægjulandi« á að hafa. Grasnyt er í nútíðarmálinu svipuð hugmynd »lóð« í fornu lagamáli: »landsskuld helgar lóð«; það er ársgróðinn af einhverri jörð. Mér finst varhugavert að samþ. þetta frumv.; það grípur inn í forn lög og fornar venjur, og er langt frá því að vera svo vel hugsað sem skyldi. Eg vona að deildin felli frumv. eins og það liggur fyrir.

Halldór Daníelsson: Eg á eina breyttill. við þetta frumv., og lýsi eg því yfir, að eg tek hana aftur. Eg álít nefnilega, að frumv. gæti orðið allmikil réttarbót, en það þarf nákvæmlega að athugast, og hefir þegar verið bent á galla á því. Hér er um nokkurs konar skattgreiðslu að ræða. En nú er orðinn svoddan flughraði á öllu, að alt flýgur í gegnum þingið, síðasta málið sýndi það (veiðiréttur í ám og vötnum). Þar tók enginn til máls, svo öllum hefir sjálfsagt líkað það, það er að segja þeim, sem greiddu atkv. með því, og það voru flestir. Af því mér þykir málið svo lítið athugað, mun eg nú greiða atkv. móti því.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Mig furðar á því, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) skuli koma með þessar mótbárur sínar við síðustu umræðu, því það hlýtur að miða að því að fella málið.

H. þm. sagði, að þingið og nefndin hefði farið hugsunarlaust með þetta mál; en eg verð að mótmæla því. Málið kemur frá h. Ed.; þar var kosin 5 manna nefnd til að íhuga það. Í henni voru meðal annara stiftsyfirvöldin og ímynda eg mér, að þau hafi haft fult eins mikið vit á að dæma um þetta mál, og h. þm. sjálfur. H. þm. fór með miklum lærdómi að rekja sögu eins atriðis í þessu máli, lambsfóðranna. Eg veit nú reyndar ekki, hvað það hefir að þýða hér. Það er fyrir æfalöngu komin á föst venja um það, hverjir vafalaust eigi lambsfóður að greiða. Lambsfóður eiga þeir að greiða, sem hafa grasnyt, sem hefir verið þýtt svo, að það sé fyrst og fremst vafalaust

þeir, er hafa ákveðna jörð eða jarðarhluta til umráða. En aftur leikur vafi á því með aðra, sem hafa grasnyt, t. d. húsmenn, sem ekki hafa neinn vissan jarðarpart, en sem halda vinnuhjú og búa í skjóli hinna eiginlegu jarðarábúenda, og greiða þeim eftirgjald, án þess að hafa beinlínis part úr jörðu til umráða. Þessir húsmenn heldur h. þm. að ekki eigi að greiða lambsfóður, en stiftsyfirvöldin eru samt á þeirri skoðun. Að öðru leyti hefir það alls enga þýðingu að rekast í því, hvort lambsfóðrin hafa upphaflega verið eign kirknanna eða prestanna, því vér vitum það, að upphaflega voru það kirkjurnar, sem borguðu prestunum laun þeirra. Þær áttu allar eignirnar og borguðu svo prestunum af þessum eignum. En nú er það orðið breytt, eins og allir vita.

Að fara út í dóma Stefáns biskups eða ákvarðanir Furmanns, eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gerði, finst mér alls ekki eiga við í þessu máli, þar sem að eins er að tala um að gera nýjar ákvarðanir til skýringar lögum þeim, er gilda, og færa þau dálítið út, til þess að koma jöfnuði á.

H. þm. gerði mikið veður út af »grasnytjar af slægjulandi« og sagði að nefndin vissi ekki, hvað hún færi með, en þetta er ekki ákvörðun nefndarinnar, heldur er þessi setning óbreytt, eins og hún kom frá Ed. Auðvitað geta menn bæði haft grasnyt af slægjulandi og grasnyt af beitilandi. En það viðurkenni eg, að þessi ákvörðun er í rauninni ný.

Frá nefndinni er aftur ákvæðið um húsmennina, sem í rauninni er lítið annað en skýring á því, sem vafi er nú á, það ákvæði, að húsmaður skuli lamb fóðra, þótt eigi hafi hann ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til fullra umráða, ef hann hefir grasnytjar svo miklar, að hann framfleytir 3 hundruðum kvikfénaðar. Ákvæði þetta er að því leyti nýtt, að húsmaður á að greiða lambsfóður, ef hann hefir grasnytjar svo miklar á einhvern hátt, að hann framfleyti 3 hundruðum kvikfjár, þótt eigi hafi hann til umráða jarðarpart, sem metinn sé til dýrleika, eða afmarkað slægjuland. Orsökin til þess, að nefndin setti þetta ákvæði í frumv., er sú, að hagir manna hafa breytst svo mikið frá því sem áður var, og nýjar tegundir búenda, sem hafa grasnyt, hafa komið upp, sem eigi standa neitt ver að vígi að greiða lambsfóður en þeir, sem nú er enginn vafi um að eiga að greiða það.

Í kaupstöðum er því svo varið, að ýmsir menn hafa til umráða jarðarparta, sem ekki eru metnir til dýrleika, túnblett eða því um líkt. Við þetta frv. verða þessir menn skyldaðir til að greiða lambsfóður eins og bændur, er hafa jarðir, sem metnar eru til dýrleika. Þetta ákvæði var nauðsynlegt vegna hins breytta ástands, því nú hafa fleiri og færri jartarparta til ræktunar, sem eigi eru metnir til dýrleika, og hafa af þeim eins mikinn arð, eins og margur bóndi af jörð sinni. Eg sé því ekki að árás h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafi nokkuð að þýða.

Flestar af breyt.till. nefndarinnar fara fram á að skýra ýms ákvæði í lögum um þessi gjöld betur, sem áður voru óljós, og heimfæra gjaldskyldur til þeirra manna, sem nú standa líkt að vígi eins og þeir, sem hafa gjaldskyldir verið, en ekki hafa þó verið álitnir gjaldskyldir. Frumv. færir því gjaldskyldu að eins lítið eitt út.

Fyrst h. Ed. hefir samþykt þetta frv. í einu hljóði, þá þætti mér undarlegt, ef þessi deild feldi það, þar sem það skýrir ýms ákvæði sem vafi er á, og sem þurfti að taka af öll tvímæli um.

Menn hafa tekið eftir því, hve oft eru gerðar fyrirspurnir í blöðin um gjöld til prestanna. Svörin eru mismunandi og virðist því vera nauðsynlegt að taka af öll tvímæli með skýrum og ótvíræðum ákvæðum.

Það er ekki ljóst, hvernig deildin hefði tekið í það frumv., sem fer fram á að afnema þessi gjöld til prestanna, sem hér er um að ræða, þessi gjöld, sem svo oft koma niður ójafnt og ranglega. Hefði það átt sigur vísan, þá hefði þessa frumv. eigi þurft. En fyrst nú liggur að eins fyrir þetta mál, vona eg að deildin samþ. það, þar sem það bætir þó úr óvissu margri um hin umræddu gjöld, meðan þau standa.

Sighvatur Arnason: Eg hefði gjarnan viljað að þetta frumv. hefði komið frá þjóðinni sjálfri, en ekki frá h. þingprestum. Eg veit ekki til að það hafi komið fram nokkur óánægjuyfirlýsing um það frá landsmönnum, að menn ekki vissu við hvað þessi gjöld væru miðuð.

Meining h. flutnm. frumv. er góð, að því leyti, að leitast við að skýra grundvallarástæður þær fyrir mönnum, sem gjaldskyldan er bygð á. En nefndin hefir ekki íhugað frumv. nógu vel, eins og líka h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram. Hún hefir farið lengra heldur en að skýra vafasöm atriði; hún hefir útvíkkað gjaldskyldu manna til prestanna, og það álít eg alls ekki eiga við, að vera að herða á slíkum gjöldum, og það í bágu árferði. Sömu h. þm., sem flytja þetta frv., hafa gerst flutnm. að öðru frumv., sem fer fram á að afnema þessi gjöld, sem hér ræðir um o. fl., en láta aftur prestana fá í staðinn peninga úr landssjóði, og hér í þingsalnum hafa komið fram raddir til meðmælingar því frumv., og eg er líka hlyntur því frumv. Eg skil því eigi í því, hver ástæða getur verið til þess að koma líka með þetta frumv., og það því fremur, sem sá agnúi er á því, að það gerir almenningi erfiðara fyrir með gjöldin og skapar ný gjöld, sem engin lög eru fyrir.

Eg greiði atkv. mitt gegn frumv. af þessum ástæðum, og vona að fleiri h. þingdm. taki í sama strenginn.

Halldór Daníelsson: Eg skal lýsa því yfir, að það er ekki af neinni óvild til málsins, að eg er á móti þessu frumv.

Það var víst heldur fljóthugsað mál þetta, og ekki grandgæfilega skoðað. Slíkt mál þarf þó tíma og tækifæri til að fjalla um; og þetta er mjög íhugunarvert. En nú er enginn tími til að íhuga það; þetta er alt gjört í flughasti. Þó eg því greiði atkv. móti frv., er það ekki af því eg álíti, að ekki þurfi að hugsa um þetta mál, heldur af því, að nú er ekki tími til að hugsa það nægilega.

Jens Pálsson: Eg á mjög erfitt með að skilja andmæli þau, sem hafa komið fram gegn frumv. þessu, þegar komið er að því að greiða atkvæði um það. Nú hljómar það frá háttv. þingm., að mál þetta hafi ekki verið nægilega hugsað. það er eins og þeim dyljist það, að frv. hefir verið í háttv. Ed. nálega frá þingbyrjun, og þar fjallað um það af þeim mönnum, sem ættu að vera lang-færastir til þess, þar á meðal af kennaranum í kirkjurétti, og í sjálfri nefndinni, sem fjallaði um þetta mál, sátu stiftsyfirvöldin, sem eðlilega eru þessu nákunnug. Svo, eftir að frv. hefir fengið rækilega meðferð í háttv. Ed., á þeim tíma sem sú deild hafði ekki mikið að starfa, svo að hún hafði nægilegan tíma fyrir sér, þá er hér sett nefnd í málið, og þegar alt þetta er búið, þá segja þeir háttv. herrar, 1. þm. Rang. (Sighv. Á.) og þingm.

Mýr. (H. D.), að málið sé óhugsað. Eg verð að efast um, að þó hinir háttvirtu þingm. hefðu fylgt málinu, að það hefði verið nokkura vitund betur úr garði gert

Hvers eðlis er þetta mál? Málið er þess eðlis, að skýra vafasöm ákvæði, endurnýja það, sem eru viss lagaákvæði, og slá því föstu að beztu manna áliti, ráði og dómi, sem nokkur óvissa er um; en vitanlega ekki að innfæra neinar verulegar nýungar. (*Sighvatur Arnason*: Hvaða lög eru fyrir dagsverki?). Það er vitanlega óvissa ein, hvort lausakonur eigi að gjalda dagsverk eða ekki; sumir skarpir lögfræðingar hafa litið svo á, að þær ættu að gjalda það; en nefndin hefir hér farið meðalveg, og ákveðið þeim hálft dagsverk, af því að það er vitanlegt, að lausakonur hafa verri kringumstæður en lausamenn, því þær hafa minni tekjur.

Við verðum að gæta að því, að síðan lög þau, er gilda um gjöld til presta, voru sett, hefir breytst ákaflega mikið. Það hafa komið fram heilar stéttir manna, sem alls ekki voru til þá, þar á meðal stór flokkur manna, sem kallaðir eru kaupstaðaborgarar. Það getur nú ómögulega hafa verið löggjafans meining, að einn flokkur stórefnaðra manna skyldi vera undanþeginn gjaldi til klerka og kennilýðs. Enn fremur eru þurrabúðarmenn við sjó, eða eins og þeir eru kallaðir hér, útvegsbændur. Það er orðin tízka að þessir menn greiði dagsverk, jafnvel þó hin gömlu lög nái að réttu lagi ekki til þeirra.

Þannig er það bæði venja og álit beztu manna, sem þetta frv. byggir á í þeim atriðum, sem ekki eru beint lögákveðin. Þá er sú spurning, hvort nokkur þörf sé á svona lögum. Eg skal fara fám orðum um það.

Þar sem sum af gjöldum þeim, sem prestum eru ætluð, eru svo vaxin, að óvissa nokkur er um þau, þá getur það bæði valdið óróa og orðið tekjumissir fyrir presta, sem þykjast ef til vill ekki hafa heimild til að taka þau. Þannig eru prestaköll til, þar sem svo og svo mikið af tekjum presta hafa verið dagsverk þurrabúðarmanna. Séu nú ekki gefin slík lög sem þessi, þá getur farið svo, að presturinn annaðhvort verði að sleppa tilkalli til tekna, sem sumstaðar nema fleiri hundruðum króna, eða ef hann vill ganga eftir þessum tekjum, verði hann annaðhvort að láta vísa sér til baka með kinnroða, eða fara í mál við þessa menn, og eiga alt á hættu, bæði það hvernig málin kunna að fara, og hverjar óþægilegar og skaðlegar afleiðingar að öðru leyti kynnu að verða af þeim málaferlum. Enda þótt eg óski, að öll þessi gjöld verði hið fyrsta úr lögum numin, þá sé eg nauðsyn á skýrum ákvæðum; það er, hvað einstöku presta snertir, hrein nauðsyn á svona skýrum lögum, til að koma í veg fyrir, að prestar verði fyrir stórum tekjumissi, eða í annan stað lendi í deilum við söfnuði sína, eða jafnvel hvorttveggja. *Eg álít* því viðurhlutamikið fyrir háttv. þm. að fella þetta frv. Eg vona að háttv. þd. átti sig á þessu, og sjái að það stafar enginn háski af þessum lögum; eg mótmæli því að frumv. sé svo gallað, að koma megi til mála að fella það nú. Eg vil benda á, að nefndin hér hefir haldið rétti prestanna heldur skemra en háttv. Ed. Þannig hefir hún fært upp launatakmarkið, sem er skilyrði fyrir offurskyldu þeirra, sem hafa árstekjur, svo sem eru sýslunarmenn og verzlunarmenn.

Eg vil sem sagt vona að háttv. deild fari ekki að hefta þetta mál, sem búið er að hafa svona mikið fyrir, og svona mikil þörf er á.

Sighvatur Arnason: Það er ekki langt mál, sem eg ætla að taka fram, heldur að eins stutt athugasemd. H. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að þetta frv. yrði til þess að skýra málið, en þó er eg hræddur um, að ákvæði séu í þessu frumv., sem ekki eru vel ljós, t. d. vildi eg beina þeirri spurningu til hinna háttv. flutningsm., hvað væri heil jörð, eins og sagt er í frv.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Þessari síðustu spurningu þarf eg ekki að svara, því eg álít það svo skýrt tekið fram, að ekki þurfi að svara henni. (*Sighvatur Arnason*: Er 60 hndr. torfa heil jörð, eða er hjáleiga heil jörð?) Eg álít að hjáleiga verði að teljast til jarðarinnar, nema hún sé sérstakt býli. En annars getur það verið spursmál, sem heyrir undir lögfræðingana, hvort hjáleiga, sem hefir sérstaka ábúð, hafi þann rétt, að skoðast sem heil jörð.

H. 1. þm. Rang. (S. Á.) sagði, að þetta mál væri ekki komið frá þjóðinni, en eg held að það megi segja um þetta mál, engu síður en önnur mál, að það sé komið frá þjóðinni. Þjóðin hefir sýnt, að hún er í vafa í þessum efnum, t. d. með öllum fyrirspurnum í blöðunum, svo eg held að það sé nauðsynlegt að fá einhvern tíma lagaákvæði, sem sker skýrt og greinilega úr í þessu máli. Mig furðar annars á að menn skuli halda því fram, að þetta mál komi ekki frá þjóðinni. Svo er altaf verið að tala um það, að þetta mál sé svo illa hugsað. Það var þó ítarlega íhugað í háttv. Ed., og það einmitt um það leyti, sem sú deild hafði góðan tíma, og svo verð eg líka algerlega að bera það af nefndinni hér, að hún hafi ekki ihugað það rækilega. Þó eg að vísu ekki geti rakið alla sögu þessara tekjugreina, eins og háttv. þm V.-Sk. (Guðl. G.) vildi, þá verð eg þó að álíta lambsfóðrin skyldugjöld, því að minsta kosti er það þó orðin svo föst venja.

Eg held að þetta mál sé ekki meira vanhugsað en svo mörg önnur, heldur þvert á móti, því það hefir verið rækilega og vel íhugað. Eg vona því að háttv. deild lofi málinu að ganga fram, þar sem ekki hafa komið nein mótmæli gegn einstökum ákvæðum frumv. Þær athugasemdir, sem nokkurir h. þm. hafa gjört, hafa meira verið almennar og sumar jafnvel út í loftið.

ATKVGR.: Frumv. samþykt með 14 : 2 atkv.; og endursent forseta efri deildar.

Greiðsla verkkaups.

FRUMVARP til laga um greiðslu verkkaups (306); 1. umr. 9. ágúst.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Þetta frv. hefir, eins og auðsætt er, þann tilgang, að verkamenn, sem vinna verk fyrir meiri háttar atvinnurekendur á landinu, fái verkkaup sitt í peningum, og koma í veg fyrir það, að þeir fái verkkaupið í öðru en peningum. Frv. nær til hinna stærri atvinnustofnana, t. d. verzlunar, þilskipa, verksmiðja og náma. Tilgangur frumv. er sá, að tryggja betur hag verkalýðsins í landinu heldur en hagur hans mundi verða, ef verkmönnum væri greitt verkkaup sitt í vörum út úr búð. Svipað frv. og þetta kom 1893 frá verzlunarmálanefnd þeirri, sem Nd. setti. En það frumv. hljóðaði um daglaun að eins við verzlanir. Það urðu talsverðar umræður um það, og voru færðar ástæður bæði með því og móti. Og með því að allur fjöldi manna í hinni háttv. deild er sá sami og þá var, þá finn eg ekki á-

stæðu til að fara út í þær ástæður hér, því þær munu vera háttv. þingmönnum kunnar. Það frumv. féll þá með 12 : 11 atkv. Og það, sem var haft á móti því þá, var það, að það gekk út á hag og viðskifti einnar stéttar, kaupmannastéttarinnar. En nú eru aðrir tímar en þá. Nú eru fleiri stofnanir í landinu en þá, og fleiri, sem að menn vinna hjá en kaupmenn. Nú er farið að stunda fiskiveiðar á gufuskipum, eins og kunnugt er. Mér er kunnugt um, að þau 2 félög, sem í Hafnarfirði stunda fiskiveiðar með gufuskipum, hafa í sumar og vor haft marga innlenda menn í sinni þjónustu. Þeir hafa borgað þessum verkmönnum sínum verkkaup þeirra í peningum, sem hefir haft hina mestu blessun í för með sér. — Eg lít aftur á móti svo á, að ef verkkaupið hefði verið greitt með ávísun upp á vörur út úr búð, einkum ef í þeirri búð væri áfengissala, þá hefði það haft hina mestu óblessun og óhamingju í för með sér. Það er kunnugt, hvað af því leiðir í framkvæmdinni, þegar borgað er í vörum út úr búð, og þarf eg því ekki að tala mikið um það hér.

Það er nú þegar komið svo langt, að útlendingar hafa fengið leigða fossa hér á landi um all-langan tíma. — Sömuleiðis hafa útlendingar fengið leigða kalknámu hér í grendinni. Til þessa starfa þar þarf á verkafólki að halda. Ef þeir, sem fyrir þessum fyrirtækjum stæðu, reistu þar upp verzlunarbúðir og borguðu verkafólkinu með vörum úr búðinni, þá gæti það orðið til mikils skaða, þar sem þeir myndu geta ráðið verðinu á vörunum. Það gæti því orðið til mikils óhags fyrir verkamennina að fá verkkaup sitt í vörum, móti því að fá það í peningum.

Mér finst ekkert á móti því, að lög séu sett um það, að þessir menn borgi verkkaup verkamanna sinna í peningum. Kaupmönnum þætti að vísu hart að verða að borga verkkaupið í peningum, en úr því þessu máli er hreyft, þá er talsvert viðkunnanlegra að ganga ekki fram hjá kaupmönnum, en láta aðra atvinnuveitendur vera skylda til að greiða verkkaupið í peningum.

Frumv. fer fram á það, að þilskipaeigendur greiði verkafólki sínu verkkaupið í peningum, að svo miklu leyti, sem verkamenn ekki fái hlutdeild í aflanum. Það er nefnilega viðurkent, að það sé skynsamlegt, að hásetar á þilskipum ráði sig upp á hálfdrætti og það eru margir, sem heldur vilja að laun þeirra séu í því fólgin. Samt eru sumir, sem ekki vilja fara eftir þessari reglu, og því er þörf á sérstökum lögum um þetta efni.

Eg vona, að háttv. þingdeild sjái að það er nauðsynlegt, að fá föst lög um viðskifti milli verkmanna og vinnuveitenda, og eg vona að allir sjái, að tilgangurinn með slíku lagafrumvarpi er góður. Slík lagasetning er heldur ekki eins dæmi. Ekki fyrir mörgum árum síðan voru á Englandi sett lög, sem tryggja hag verkamanna gagnvart vinnuveitendum. — A Englandi og Skotlandi má enginn vinnuveitandi gjöra sér verzlunararð úr kaupi verkmanna sinna. Þar þykir óhæfa að vinnuveitendur setji upp búðir, og borgi svo verkafólki sínu með vörum.

Um önnur ákvæði í þessu frumvarpi getur mönnum ef til vill sýnst sitt hverjum. Það þykir ef til vill hart, að banna mönnum skuldajöfnuð með lögum. En eg get ekki séð, að þetta sé neitt ilt. Sá maður, sem fær lán, hann fær það af því, að lánveitandinn hefir tiltrú til hans. Ef réttur þess manns, sem hefði lánað slíkum starfsmanni fé, væri skertur við þetta ákvæði í frumv., þá væri það ekki rétt, en rétti hans er alls ekki hallað með því. — Hafi

verkmaður fengið fé að láni hjá vinnuveitanda áður en hann vann verk hjá honum, þá versnar ekki hagur vinnuveitanda né rýrist réttur hans, sem lánardrottins, þótt skuldunauturinn vinni hjá honum upp á kaup í peningum, því þegar hinn skuldugi verkmaður hefir unnið og fengið þá peninga, þá stendur hann betur að vígi með að geta borgað lánardrotni sinum. —

Réttur lánardrottins skerðist alls ekki við þessi lög.

Eg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál að sinni. En eg býst við, að einhverjum þyki þurfa að bæta upp á frumv. í einstökum greinum, og þá geta þær breytingar komið fram seinna.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 306); 11. ágúst.

Landshöfðingi: Eins og kunnugt er, hefir frumv. í þessa stefnu oft verið rætt á þingi og jafnan felt, enda er eg enn sem fyr móttallinn frumv.

Eg get ekki skilið, hvers vegna það er ástæða til að taka fyrir verkkaup hjá sumum vinnuveitendum og ákveða með lögum, að það sé borgað í peningum, en í öðrum tilfellum megi greiða það á annan hátt. Eg fæ eigi skilið, hvers vegna starfsmenn við verksmiðjur eða starfsmenn á þilskipum eigi heldur að fá borgað með peningum, heldur en kaupamenn, er vinna hjá bændum í sveit, og jafnvel vinnuhjú, hvort sem er í kaupstað eða sveit.

Mér virðist eigi rétt af löggjafarvaldinu að takmarka samningsfrelsi manna í þessari grein, með því að banna vinnuveitendum og verkamönnum að semja eins og þeir vilja um það, hvernig borguninni fyrir verkið skuli hagað. — Þar að auki er eg viss um, að fyrirmæli frumv. yrðu óþægileg fyrir fátæklinga hér við sjóinn, og af því kynni að leiða, að þeir yrðu af vinnu, sem þeir annars gætu fengið.

Ef við tökum til dæmis þá menn, sem vinna á þilskipunum, þá er það kunnugt, að hásetar á þilskipum lifa einatt á útgjörðarmönnum með því að fá að láni hjá þeim út úr búð, það sem þeir þurfa til þess að lifa á yfir veturinn.

En kæmust þessi lög á, þá yrðu þeir algjörlega útilokaðir frá að geta fengið slík lán; en það er komið það lag á, að þegar líður að nýári munu þeir jafnaðarlega vera búnir að eyða kaupi sínu frá fyrra ári, og geti þeir þá ekki fengið lán hjá útgjörðarmönnum, til að lifa af þangað til útgjörðin byrjar, þá verða þeir að fara á sveitina eða þiggja styrk af sveitinni, en eg sé ekki hvað er unnið við það.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Eg get ekki verið sömu skoðunar eins og hæstv. landsh. um þetta frumvarp. Eg verð að álíta, að það sé sérstök ástæða til þess, að bæta kjör verkalýðsins með svona löguðum lögum.

Hæstv. landsh. hélt því fram, að það væri eigi ástæða til, að verkamenn á verksmiðjum eða við verzlanir eða á þilskipum fengu kaup sitt borgað í peningum fremur en kaupamenn þeir, er hjá bændum vinna. En það er aðgætandi, að hér er ólíku saman að jafna, því að kaupamenn, sem vinna hjá bændum um heyskapartímann, fá kaup sitt annaðhvort borgað í peningum eða íslenzkri landvöru, annaðhvort eftir gangverði, sem menn gjöra sig ánægða með, eða eftir því verði, sem er á vörum þessum í verðlagsskránum, sem eru til þess að ákveða verðið.

En aftur á móti getur kaupmaður, sem borgar verkamönnum sínum með vörum, alveg ráðið hvaða verð hann leggur á þær, og afleiðingin af þessu er viðurkend sú, að starfsmenn þessir verða

skuldugir, og að ýmsu leyti ver staddir, en ef þeir fengju kaup sitt borgað í peningum, og ættu svo að ábyrgjast sig sjálfir. En með því að fá verkalaun sín í vörum út úr búðinni, hættir þeim við að leiðast til að fara ráðlauslega að, auk þess sem það verður einatt til þess, að starfsmaðurinn getur ekki fengið þær vörur, sem honum eru nauðsynlegar; hann getur ekki keypt innlenda nauðsynjavöru, svo sem kjöt og smjör af því að hann hefir ekki peninga. Afleiðingin verður, að fólk þetta lifir á útlendri vöru, korni og kaffi og öðru slíku, sem eg álít mjög óholt.

Hæstv. landsh. hélt því fram, að með þessum lögum væri ótilhlýðilega tekið fyrir samningsfrelsi manna; en eg fæ ekki skilið, að þessi lög raski í neinu rétti vinnuveitenda gagnvart þeim mönnum, sem þeir veita vinnu. Eg játa, að þau geta orðið til þess, að kaupmenn hætti að lána eða takmarka lán, en fólk hefir þá einhver önnur ráð til að útvega sér nauðsynjar sínar. (*Landshöfðingi*: Sveitina). Og að svo miklu leyti, sem það getur ekki haft annað ráð, þá sé eg ekki neitt á móti því, að það fái styrk af sveitarsjóði til þess að komast fram úr þeim kröggum, og á meðan það er að læra að láta árstekjur sínar hrökkva til, lærir að lifa á vinnu sinni, þá yrði það fólk miklu sælla og frjálsara, miklu betur statt.

Að vinnuveitendur þyrftu að borga hærra kaup, það get eg ekki séð; þvert á móti yrði kaupið því að sjálfsögðu að einhverju leyti lægra, þegar það yrði borgað alt í peningum. En þetta mundu verkamenn vinna upp með því að »fá afslátt á vörum þeim«, er þeir vildu kaupa, og að minsta kosti yrði það til þess, að hvetja þennan stóra flokk manna til ráðdeildar og sparsemi.

Eg mintist sérstaklega á það við 1. umræðu málsins, að ef hér risu upp verksmiðjur og fleiri nýjar atvinnugreinir, þá mundu lög þessi fyrst fá verulega þýðingu; því að ef atvinnurekendurnir settu upp búðir og svöruðu kaupi vinnufólks síns út úr þeim, þá mundi verkmannalýður þeirra brátt gjörast illa staddur, og verða jafnvel vandræðafólk.

Það getur verið, að svipuð lög þessum séu enn ekki til í Danmörku eða á Norðurlöndum, en aftur á móti eru þau til í Englandi. Eg játa, að ákvæði laga þessara geti verið óþægileg í svip fyrir kaupmenn þá, sem hingað til hafa átt því að fagna, að geta borgað vinnufólki sínu út verkkaup þess í tómum vörum; þeir mundu þurfa að hafa nokkuru meiri peninga fyrirliggjandi; en vart mundi líða á löngu, þangað til jafnvægi kæmist aftur á hjá þeim og óþægindin hyrfu.

Aftur á móti sé eg ekki að þau geti einu sinni í svipinn, hvað þá síðar, valdið útgerðarmönnum þilskipa mikilla örðugleika, því að kaup þeirra til hásetanna er venjulegast greitt með hlut af afla skipsins, og eg hygg, að það sé nú orðið viðurkent, að slík gjaldgreiðsla sé skynsamlegust fyrir báða málsaðila.

Hásetarnir geta selt þennan fisk sinn fyrir peninga, og þannig óbeinlínis fengið kaup sitt greitt í peningum; og eg sé ekki betur, en að það sé alveg jafnóhætt, að lána hásetum út á afla sinn með þessu fyrirkomulagi eins og verið hefir hingað til. (*Tryggvi Gunnarsson*: En skipstjórarnir?) Þeir yrðu auðvitað að fá kaup sitt í peningum, en það leiðir af sjálfu sér, að það yrði að lækka, ef þörf gjörist, og af því hygg eg að báðir partar hefðu hag. En til þess ætlast frumv., að það verði útilokað, að útgerðarmenn geti ráðið háseta upp

á mánaðarkaup og premíu, og borgað þeim það út í vörum.

Eg veit að vöruborgunar-aðferðin er viss gróðavegur fyrir kaupmenn þá, sem skipin hafa í reikningi, en útvegsbændurnir, sem við kaupmennina skifta, fá minstan hlutann af gróðanum í sinn vasa; það mun vera venjan, að þeir fái 6% afslátt af vörum þeim, sem teknar eru út handa skipinu af skipverjum. Þeir yrðu því skaðlausir, þó hásetum yrði borgað í peningum, ef kaupið lækkaði, sem svaraði þessum 6%.

Hvað þá snertir, sem vinna hjá botnvörpuveiðurum og hvalveiðamönnum, þá mun þeim enn hafa verið borgað kaup sitt í peningum. Lögin verka þar því ekki öðruvísi, en að þau fyrirbyggja, að þessir menn geti sett upp búðir og borgað í vörum verkkaup það, sem þeir hafa hingað til borgað í peningum. Eg sé ekki hvernig þessi lög fara að útiloka það, að kaupmenn muni lána þeim mönnum, sem þau ná til. — Þeir geta ógn vel lánað þeim ákveðna krónutölu, er lánþiggjandi gefur út skuldabréf fyrir og lofar að borga á ákveðnum tíma, og skuldina á hann svo að geta greitt með peningum þeim, sem hann hefir fengið, annaðhvort fyrir afla sinn eða vinnu sína.

Lög þessi gefa þeim, sem ekki eru skuldugir, mögulegleika til að eignast peninga og hvetja þá til að spara. — Nú er það oft fastsett og sjálfsögð regla við verzlanir, að taka skuli verkkaupið út í vörum, og þá fer oft svo, að sá sem í raun og veru þarf ekki á vörunum að halda, tekur þær samt, og þær verða eyðslueyrir hjá honum, þótt öll líkindi væru fyrir, að hann mundi hafa geymt kaupið og sett það á vöxtu, ef hann hefði fengið það borgað út í peningum. —

Þessi lög gjöra því mönnum léttara fyrir að leggja upp fé, og miða að því að venja á sparsemi, fyrirhyggju og sjálfstæði.

Þórður Guðmundsson: Eins og háttv. deild er kunnugt, hefi eg verið mótfallinn frumv. þessu á fyrri þingum. — Vitanlega greiddi eg atkvæði með því, að það gengi til 2. umr., og eg óska, að eg sæi mér fært að greiða atkvæði með því áfram, sæi, að það gæti orðið að virkilegum notum, en ekki til að spilla fyrir landsmönnum. Eg játa, að þetta frumv. er viðtækara en frumv. þau, sem áður hafa verið hér fyrir þinginu um sama efni, og horfir því nokkuð öðruvísi við. En ekki held eg þó að frumv. geti í öllu tilliti orðið holt fyrir landið, þótt það nái fram að ganga. Vitanlega er í því fólgin stór réttarbót fyrir vinnuveitendur, en eg álít lítt framkvæmanlegt fyrir vinnuþiggjendur, að fullnægja ákvæðum frumv.

Eg sé ekki betur en það muni verða of vaxið fyrir all-flesta menn, að greiða í peningum öll þau verkalaun, sem þeir eiga að gjalda. Eg fæ ekki betur séð, en að það mundi reynast lítt kleift fyrir þá, sem eiga að borga máske alt að 500 kr. á dag í verkalaun, eins og sumar verzlanir hér gjöra, að eiga að greiða alt þetta gjald í peningum. — Það mundi sjálfsagt hafa mikil áhrif á verzlunina í heild sinni, ef að kaupmönnum yrði lögð þessi byrði á herðar, en áhrif þau yrðu tæplega til góðs fyrir viðskiftamennina.

Það sem þó stríðir mest á móti því, að eg geti fallist á frumv. þetta, er það, að eg er sannfærður um, að gjaldmáti sá, sem frumv. fer fram á, mundi brátt færast út til allra, sem kaup eiga að fá fyrir vinnu sína; það mundi brátt fara svo, að sveitabændur þyrftu að greiða kaupgjald alt í peningum. —

Kaupafólk, sem úr kaupstöðum kæmi, mundi setja peninga upp í kaupgjald sitt, það mundi vilja fá það greitt í beinhörðum peningum eigi síður en kaup sitt í kaupstöðunum. Svo mundi vinnufólkið læra af því, og koma fram með hinar sömu kröfur. En hvaðan ættu bændur að taka alla þá peninga? Það bið eg háttv. flutningsm. (Jens P.) að segja mér. Eg sé það ekki.

Eg held það muni ekki verða hlaupið að því fyrir sveitabændur, að fá peninga fyrir búsafurðir sínar, það er auðséð, að við það, að svo mörgum á að greiða kaup í peningum, þá muni verða enn örðugra fyrir bændur að fá peninga hjá kaupmönnum, en að undanförnu hefir verið, og vita þó allir, að þeir hafa ekki legið lausir fyrir.

Eins og hagur vor stendur og horfur eru, get eg ekki samþykt frumv. þetta, en eg óska af alhuga, að ástæðurnar væru þannig, að unt væri að greiða alt kaupgjald í peningum án þess að stofna þjóðinni í voða. En það er öðru nær en svo sé. Eg er viss um, að ef fram á það ætti að fara, þá mætti með sanni segja: Vont hefir verið en verra mun verða.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Eg vil svara h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) og get ekki verið honum samdóma, þar sem hann vorkendi kaupmönnum að hafa svo mikla peninga, sem þyrftu til þess að borga verkamönnum vinnu þeirra með peningum. Eg sé ekkert erfitt í þessu. Kaupmennn þurfa reyndar að byrgja sig upp með peninga í fyrstu, en síðan fá þeir peningana aftur, því auðsætt er, að í kauptúnum, þar sem ekki eru nema 1 eða 2 verzlanir, þá kaupir sá, er unnið hefir nauðsynjar sínar aftur fyrir peninga hjá sama kaupmanninum og hann hefir unnið hjá. Af þessu leiddi einkum það, að kaupmenn þyrftu að hafa dálítið meiri peninga um þann tíma ársins, þegar mest vinna væri hjá þeim, en þessir peningar kæmu aftur, sumpart til kaupmanna sjálfra fyrir útlendar vörur, sumpart til landbænda fyrir afurðir sveitabúskapar, og það væri gott að dálítið meira af peningum væri í gangi meðal fólks í sjávarþorpum.

H. þm. óttaðist það stórkostlega, að svipuð lög og þessi yrðu innan skamms færð yfir á bændur, svo að þeir yrðu neyddir til að borga hjúum og kaupafólki í peningum. Hvað kaupafólk snertir, tók eg fram áðan, að kaup þess væri annaðhvort greitt í landaurum á landsvísu, eða í peningum, því það er víst ekki alment hér í landi, að bændur borgi kaupafólki með ávísun út úr búð. Slíkt mun vera hrein undantekning.

Hvað hjúin snertir, mun það vera alment, að bændur borgi þeim kaup sitt í peningum eða peningavirði, t. d. þegar hjú hafa skepnur í fóðri. Hitt á sér reyndar líka stað, einkum við sjó, að bændur borgi hjúum í innskrift. En eg hefi vitað dæmi til þess, að slíkt hefir orðið hjúunum beinlínis til ills. Þegar til kaupmannsins er komið, er hjúunum sagt, að þau verði að taka kaupið út í vörum, en afleiðingin af því verður sú, fyrir uppvaxandi fólk, að þegar það fær ekki annað en vörur, þá tekur það út ýmislegan óþarfa, eða jafnvel það sem er skaðlegt. Eg þekki dæmi til þess, að menn, sem þannig hafa fengið kaup sitt borgað úr búð ár eftir ár, hafa ekki að eins vanist á munað, heldur beinlínis á drykkjuskap. Eg held að þessu fólki væri hollara að fá svo sem 25% lægra kaup, og fá það í peningum, svo það gæti komið þeim í sparisjóði, en það er miklu meiri freisting fyrir menn að taka út óþarfa, þegar þeir geta ekki fengið nema vörur í búðunum, og verða neyddir til að taka

eitthvað. H. þm. talaði um, að þetta yrði óþolandi fyrir bændur, af því að þeir fengju ekki peninga út úr verzlununum, því þeir væru ófáanlegir í verzlunum. Séu peningar ófáanlegir fyrir vörur, þá er það óeðlilegt ástand, sem þarf að kippa í lag, en hafi h. þm. kvartað yfir því, að þeir sem skulduðu við verzlanir, fengju ekki peninga út, þá er það ekki svaravert, því hvernig eiga þeir yfir höfuð að fá nokkuð út? Eg þykist þannig hafa hrakið mótbárur h. þm., og vona að menn sjái, að þær hafa ekki sannarlegt gildi.

Tryggvi Gunnarsson: Eg veit að frv. þetta er sprottið af góðri meiningu, til þess að bæta kjör verkmanna, en eg er hræddur um að það leiði til vandræða. Eg þekki til á Norður- og Austurlandi, að þar er ómögulegt að selja heila fiskfarma til kaupmanna fyrir peninga, eða yfir höfuð að selja fisk og ull fyrir peninga, af því verðið á íslenzku vörunni er svo hátt. Þegar eg var fyrir norðan, var það helzt sauðfé, sem hægt var að fá peninga fyrir. A Eyjafirði og Siglufirði koma árlega 4—5000 tunnur af lýsi í verzlanirnar, sem ganga þar vanalega með hærra verði en fæst erlendis, svo kaupmenn hafa vanalega skaðast á því, þó þeir hafi borgað það í vörum, hvað þá ef ætti að borga það í peningum.

Eg er hræddur um, að ef ætti að borga öllum vinnulaun sín í peningum, mundu ekki verða nægilegir peningar til í landinu.

Það er satt, sem hæstv. landsh. sagði, að ef hætt yrði lánsverzluninni, mundi verkalýðurinn verða í hreinum vandræðum, þegar komið væri fram á veturinn. Eins og nú er, fá hásetar því að eins vörulán hjá kaupmönnum, að skipseigendurnir útvegi þeim það, en skipseigendur fá lánað hjá kaupmönnum því að eins, að þeir taki það í vörum en ekki í peningum.

Nú er að færast í vöxt að hásetar fá í kaup helming þess sem þeir draga, og þá geta þeir ekki fengið borgun fyrir fisk sinn fyr en hann er orðinn þur á vorin, ef lánsverzlunin ætti að hætta. Þeir hásetar eru örfáir, sem þola svo langa bið, og eg skil ekki hvernig þeir hásetar ættu að geta komist af fram á vor, sem nú eru allslausir fyrir nýár, og lifa að eins það sem eftir er af vetrinum upp á væntanlegan afla sinn.

Þar sem lögum þessum er að eins ætlað að ná til einstaks flokks manna, þá kæmu þau mjög ójafnaðarlega niður, t. d. þegar lausamaður, sem er við veiðar á fiskiskipi á vorin, á heimting á að fá laun sín í peningum, en svo fer hann næstu viku upp í sveit til heyvinnu, þá á hann ekki heimting á að fá vinnu sína borgaða í peningum, og verður að taka kaup sitt í landvöru, þó er þetta sami maðurinn í sama landi og máske sömu sveit. Þetta eru ekki jafnréttislög. Þess utan verður að líta á, að þetta frumv. er ekki líklegt haft á samningafrelsi manna, og eg er hræddur um, að það verði óhaganlegt fyrir báða málsaðila, því þó það geti verið haganlegt fyrir menn að fá peningaborgun fyrir unnið verk, þá getur það líka verið óþægilegt að fá ekki lán, þegar bjargarlaust er og gjaldeyrir þrotinn. Eg held því, að þó frumv. þetta sé komið fram af góðum tilgangi, þá muni það reynast óhentugt í framkvæmdinni, fyrir bæði vinnuveitendur og vinnuþiggjendur.

Jón Þórarinsson: Lík frv. og þetta hafa komið fram á 2 undanförnum þingum, og hefi eg verið á móti þeim, af því þau hafa að eins snert eina stétt,

nefnilega kaupmennina, en eins og frv. liggur fyrir nú, greiði eg atkvæði mitt með því.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) uxu í augum þau vandræði, sem verða myndi, ef frumv. þetta yrði að lögum, bæði fyrir vinnuveitendur og vinnuþiggjendur. Hann tók sem dæmi upp á þetta fiskimennina, og hélt hann að til vandræða leiddi, ef þeir gætu ekki fengið vinnu sína borgaða í öðru en peningum. En eg skil ekki í því, að mönnum yrði vandræði úr því að hagnýta sér peningana. Nú fá hásetar ekki kaup sitt í peningum, heldur fá þeir hlut af aflanum upp í kaup sitt; aflann geta þeir selt fyrir peninga. Það er orðið auðveldara að selja fisk fyrir peninga nú, heldur en áður var. Hvert fara svo þessir peningar? Náttúrlega til kaupmannanna aftur! Peningavandræði kaupmanna verða þá varla eins óttaleg og h. þm. heldur.

Þetta frumv. er spor í áttina að útiloka vöruskiftaverzlunina, og er það að minni hyggju ómetanlegur kostur á því.

H. þm. hélt, að það yrðu mikil vandræði fyrir vinnuþiggjendur að lifa á vissum tíma árs, nefnilega úr því komið er fram á jólaföstu, og einkum þegar komið er fram yfir nýár, af fyrra árs forða, og getur það satt verið. Þó að svo sé, að nokkur vandræði geti af þessari breytingu stafað fyrir einstaka menn, þá verður það að eins millibilsástand, og þetta millibilsástand verður ekki langt. Að því afstöðnu er svo mikið unnið fyrir þessa menn, að einmitt þeirra vegna er brýn nauðsyn til að koma breytingunni fram.

Það er meira siðspillandi en margur kann að halda að lifa í sífeldum skuldum, sí og æ upp á náð annara. Menn hætta að hugsa um sinn eigin hag, og kasta allri sinni áhyggju upp á lánardrottin sinn; enda er ástandið svo nú, að kaupmennirnir eru í raun og veru fjárhaldsmenn fátæklinga; en fátæklingarnir ómyndugir aumingjar um fjárhag sinn. En ef þetta frumv. verður að lögum, þá gerir það fólkið sjálfstæðara og kennir því að fara vel með eigur sínar.

Þótt þetta líti dálítið ægilega út fyrst í stað, þá veit eg það sannast, að breytingin verður til batnaðar.

Landshöfðingi: Mér finst ekki fullkomlega hraktar mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn frumv. Eg skyldi fremur vera með frumv., ef það líka næði til vinnufólks og kaupafólks. H. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að ef lausamenn væru fyrst á skipi, þá ættu þeir að fá kaup sitt í peningum eftir frumv.; síðan fara þeir upp í sveit og þar eiga þeir ekki heimting á að fá annað en vörur fyrir vinnu sína. Þeir eiga að fá samkvæmt frumv. í öðrum staðnum peninga fyrir vinnu sína, en í hinum staðnum vörur. Eg er samdóma h. þm. að frumv. er í þessu tilliti óréttlátt. Við getum líka tekið til dæmis: smiðir, sem vinna einhverja stærri akkorðsvinnu við þilskipagjörðir, þeir eiga samkvæmt frumv. að fá laun sín í peningum, en aftur á móti eiga þeir ekki heimting á að fá peninga, ef þeir vinna að einhverju öðru. Eg skil ekki í því, hvers vegna þessi ósamkvæmni á að eiga sér stað. Ef maður t. d. vinnur að smíði eða aðgjörðum á þilskipi, þá á hann heimtingu á að fá laun sín í peningum, en ef hann aftur á móti vinnur að aðgjörð á húsum, eða brúarsmíði eða öðru þess konar, þá getur hann ekki krafist peninga upp í kaup sitt.

Þetta er óréttlátt. Eg hefi ekki heyrt flutningsmann (J. P.) sýna fram á, að þetta væri rétt.

Jón Jensson: Mér finst eg hljóti að játa, að tilgangurinn með frumv. sé rétt-

ur og góður, að vernda þá menn, sem sakir fátæktar sinnar eru öðrum fremur venjulega ósjálfstæðir og ofurseldir voldugri mönnum. Það er sama hugsunin, sem hefir fætt af sér vinnuhjúatilskipunina. Hér er að ræða um daglaunamenn, þá menn, sem ekki hafa annan kaupeyri en vinnu sína. Meðalið, sem frumvarpið hefir fyrir augum að nota, er að gjöra kaupmönnum eða útgerðarmönnum að skyldu að borga verkmönnum sínum með peningum. Kaupmanna vegna og útgerðarmanna sé eg ekki að þetta sé neitt ísjárvert, en það getur verið hættulegt vegna daglaunamannanna sjálfra; lánstraustið er í voða. Ef kaupmenn ekki mega greiða verkkaup með skuldajöfnuði, — en það er ákvæði frumv., — þá forðast þeir að lána þeim mönnum, sem ekki hafa annað en vinnu sína að borga með, því kaupmenn standa réttlausir gagnvart slíkum mönnum til að ná skuld sinni, þegar lögin skylda kaupmanninn til að greiða verkmanninum út kaupið í peningum, án tillits til þess, þó verkmaðurinn skuldi kaupmanninum jafnvel meira en því nemur. Þetta leiðir til þess, að kaupmenn vilja ekki lána verkmönnum, og svo fara þeir á sveitina. Lög þessi eyðileggja einmitt lánstraust þeirra manna, sem þau ættu að styrkja og vilja styrkja og vernda. Það er sýnilega stór galli.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) sagði, að þessi »credit«, þetta lánstraust, væri til eyðileggingar, og þessi lög ættu að fyrirbyggja þá eyðileggingu, sem af því leiddi. En þetta er ekki rétt. Lánstraustið er í sjálfu sér gott, og það er nauðsynlegt fátækum mönnum. En þó eg hafi út á ákvæði frumv. að setja, vil eg ekki þar með að frumv. sé felt, hugsunin í því er rétt.

Nú er venjan að ákveðið er, að verkamaður eigi að fá svo og svo mikið í kaup, sem hann á að taka út í vörum, en svo er það alveg á valdi kaupmannsins, að setja það verð á vöruna sem honum sýnist, og með því að setja það hærra, og jafnvel miklum mun hærra, en venjulegt verð er á vörunni, getur þá kaupmaðurinn breytt kaupinu eftir vild sinni. Og eg hefi séð dæmi þess, að sumir kaupmenn, sem hafa mest skifti við verkm., eins og þá, er frv. nær til, færa sér þessa tilhögun mjög í nyt, og hafa miklu hærra verð á vöru sinni, en algengt er annarsstaðar, þar sem selt er móti peningum. Svona lagaðri ágengni eru daglaunamenn ekki menn til að hrinda af sér, en lögin verða að hjálpa þeim til þess, og eg álít það eiga að vera aðaltilgang þessa frumv. að bæta úr þessu. Þetta geta lögin gert, með því að ákveða, að kaupið skuli goldið annaðhvort í peningum eða með vörum með almennu peningaverði.

Hér í Reykjavík yrðu engin vandræði úr þessu, því hér er ávalt hægt að vita, hvernig vörur ganga móti peningum. Og verkmaður gæti strax fengið verðið sett niður, ef það væri sett of hátt af kaupm. Kaupmenn myndu þá einnig hafa minni hag af því að láta vörur einungis, og fást fremur til að hjálpa verkmanni um peninga, heldur en nú, og væri það kostur, og eins mundi þá hægra fyrir verkmanninn að fá hjá kaupmanni ávísun upp á vörur hjá öðrum, sem hann hefir ekki sjálfur til, því að kaupið væri miðað við virkilegt peningaverð, og ekki falskt verð eins og nú er.

Jón Þórarinsson: Þeir sem talað hafa á móti frumv. hafa bent á nokkura galla á því, sem þurfi að breyta. Allir hafa þeir játað að stefna frumv. sé góð, en að eins þyrfti að gera nokkurar breytingar á því. Það var óheppilegt, að

ekki urðu lengri umræðurnar við 1. umr., því þá hefði mátt koma með brt. við frumv., en örðugra að breyta því við 3. umr.

Eg vil því stinga upp á nefnd, og vona eg að hún geti fljótlega afgreitt álit sitt, og enn þá er nægilegur timi til að frumv. þetta nái fram að ganga. H. framsm. (J. P.) hefir þegar beðið um orðið, og vil eg láta hann sjálfan stinga upp á nefndinni.

Sighvatur Arnason: Það er að eins eitt, sem eg vil vekja athygli á.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) sagði, að honum þætti heppilegt að nefnd væri sett í málið til þess að íhuga það, og þegar hann sagði það, datt mér í hug að koma með eina athugasemd til leiðbeiningar fyrir nefndina ef hún yrði skipuð í málið. Fyrir minni hugsun stendur það, að þetta frumv. gangi alt of vítt, nefnil. of mikið inn á samningsfrelsi manna. Það ríður á að gæta þess vel og vandlega, að skerða það ekki, því það er almennur mannréttur, sem ekki á við að ganga of nærri. Það er ekki annað, sem eg ætla að taka fram að þessu sinni.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Hæstv. landsh. lét í ljósi, að hann væri jafnvel ekki mótfallinn þannig löguðu frumv., ef það næði jafnt til allra starfsmanna, vinnufólks og kaupafólks. Þegar eg skrifaði frumv. upp til flutnings hér, hafði eg hugleitt þetta atriði, og ráðið af að láta það ekki ná til vinnuhjúa né kaupafólks hjá sveitabændum. Það sem kom mér til að gera það ekki, var það, að vinnufólksstaðan er ákveðin með sérstökum lögum, og því fanst mér ekki viðeigandi að setja ákvæði um þá stöðu í þetta frv., en að því er snertir kaupafólk á sveitabúum, er eigi þörf á slíkum ákvæðum; það hefi eg áður tekið fram og fært ástæður fyrir. Aftur á móti gæti verið nokkur ástæða til, að frumv. þetta næði til kaupafólks við fiskiveiðar, og það því fremur, sem fólk, sem fer til Vestfjarða og Austfjarða í kaupavinnu og starfar við bátaútveg, verður stöku sinnum að taka innskrift í búð í kaupið. Útvegsbændurnir áskilja sér stundum, að verkafólk taki nokkuð af kaupi sínu í vörum út úr búðum.

Mér finst að eg gengi inn á útvíkkun frumv. í þessa átt, enda þótt eg verði að játa, að ekki sé eins mikil ástæða til að tryggja þetta kaupafólk eins og annað verkafólk, vegna þess að almenna reglan er sú, að því sé borgað í peningum. Eg vil taka það fram, að eg sjálfur hefi í 20—30 ár aldrei borgað í öðru en peningum, nema því að eins, að menn hafi heldur viljað hafa skepnur eða landvöru; því þá hefi eg borgað með þeim. Bændur hafa það einnig fyrir aðalreglu að borga vinnufólki sínu með peningum, nema þegar það vill heldur hafa skepnur með upp í kaup sitt.

Hæstv. landsh. þótti það misrétti, að menn yrðu að borga suma akkorðsvinnu í peningum en suma ekki. Hann tók ljós dæmi: smiður, sem vinnur að smíði eða aðgerð á þilskipum, á að fá peninga upp í kaup sitt, en ef hann vinnur að smíði eða aðgerð á húsi, á hann ekki að fá peninga fyrir vinnu sína. Til þessa er því að svara, að þeir, sem smíða hús, taka vanalega ekki annað en peninga upp í kaup sitt, nema þegar þeir smíða hús við verzlanir, að þá eru þeir einkum látnir hafa vörur fyrir starf sitt. Að öðru leyti álít eg ekki þörf á að tryggja smiði, því venjan tryggir þá. Ef ræða er um smiði, sem taka sveina til að vinna með sér, þá eiga þeir að sjá sveinunum fyrir kaupi, og hafi smiðirnir sjálfir rétt til að fá peninga, þá eiga sveinarnir einnig heimting á, að

þeim sé goldið í peningum. 1. þm. Arn. (Tr. G.) þótti órétt að lausamaður, er sé á þilskipi vorvertíð, en fari svo í kaupavinnu, eigi heimtingu á peningum fyrir þilskipsvistina, en verði svo að taka vörur í sumarkaupið. — Ráðið til þess að láta hann fá kaupið frá þilskipinu í öðru en peningum er gefið í frumv.; það er að ráða hann fyrir part af aflanum.

Háttv. þm. Arness. tók fram að úr þessu yrði ójöfnuður, þar sem lausamenn, sem bregða sér í fiskitúr, fá peningaborgun, en ekki þeir, sem fara upp í sveitina, en við þessu má gjöra, með því að taka menn upp á hlut, og þó það sé ekki gjört á fiskiskipum, þá má þó gjöra það á hákarlaskipum. Þá er sú mótbára, að fátækir menn muni fara á sveitina, ef þeir geta ekki fengið lán hjá kaupmönnum, en eg skil ekki að rétt sé að gjöra svo mikið úr þessum lánum. Hugsum okkur 2 menn, Árna og Bjarna, sem báðir standa jafnt að vígi, eru verkamenn og eiga að framfleyta heimili, við skulum taka til 10 ár. Árni kemur ár sinni svo fyrir borð, að hann lánar ekki fyrir fram, en Bjarni byrjar með því að taka 3—6 mánaða lán; setjum svo að þeir séu báðir jafn eyðslusamir. Nú er það auðsætt að Bjarni, sem er skuldugur, er ófrjálsari, hefir ekkert að segja og verður því að sæta verri kjörum öll þessi 10 ár og líður því aðeins tjón af þessu láni. Eg sé því ekki hvaða búbót honum er að þessu láni, og ólíklegt er að ekki mætti finna eitthvert ráð til að komast hjá því.

Háttv. þm. Rvk. tjáði sig vinveittan stefnu frv. og taldi hann það ekkert ísjárvert fyrir kaupmenn, en aftur á móti fyrir daglaunamennina sjálfa; hélt hann að þeir mundu komast í vandræði.

Eins og nú stendur, getur kaupmaðurinn gjört samning við mann, sem hann lánar, um að vinna hjá sér upp í skuldina, en honum má standa á sama, hvort daglaunamaðurinn vinnur hjá öðrum og borgar svo kaupm. þá peninga, sem hann fær hjá honum, eða kaupmaðurinn lætur hann vinna fyrir þessum peningum hjá sér, og kemur því alt í sama stað niður.

Eg skal því ekki orðlengja þetta meira, en að eins geta þess, að eg er fús á að taka á móti hverjum þeim bendingum, er miða að því að bæta frv. og gjöra það hæfara til að ná tilgangi sínum. Felst eg því á tillögu h. þm. G.-K. um að rétt sé að setja nefnd í málið og skal eg leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Nefnd sþ. með 16 atkv.

Kosnir í nefndina:

Jón Jensson með 17 atkv.
Jens Pálsson — 16 —
Jón Þórarinsson — 7 —

2. umr. frestað.

Framh. 2. umr. (C. 306, 398); 15. ágúst.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Nefndin, sem kosin var í þetta mál, hefir gert sér far um að laga frv. í meðferðinni í þá átt, að sú hugsun, sem henni fanst eiga að liggja í því, gæti komið fram án þess að rekast á. Nefndinni fanst hugsunin í frv. sú, að stuðla að því að lögin framvegis ákvæðu að verkkaupið skyldi vera miðað við sannverð en ekki nafnverð einungis, að það væri ekki lagt óvirkilegt verðlag á vinnuna heldur virkilegt. Auðvitað yrðu vinnulaunin við þetta sumstaðar lægri á pappírnum en nú er, en vinnuveitendur geta þó ekki gjört vinnulaunin að engu eða rýrt þau eftir vild, með því að setja upp sína eigin vöru, eins og þeir hafa gjört sumir hingað til. Til þess að koma þessu fram, hefir nefndin ákveð-

ið að verkkaupið eigi að greiðast með peningum eða vörum eftir peningaverði. Þá hefir nefndin sett það ákvæði í frv., að verkkaup megi greiða með skuldajöfnuði, ef samningar séu til þess. Nefndin áleit sem sé að hið upphaflega ákvæði frv., að banna algerlega alla samninga um skuldajöfnuð, gengi oflangt og væri einmitt til óhagnaðar fyrir verkamenn, að því leyti, að það gæti orðið til að rýra lánstraust þeirra, en lánstraust er oft óhjákvæmilegt skilyrði fyrir fátæka verkamenn. Nefdin vill því breyta frv. í þá átt, að verkamenn geti að vetrinum til fengið lán hjá vinnuveitendum og gjört samninga við þá um borgun með vinnu að sumrinu til, en það er auðvitað, að til þess að tryggja sig, verða kaupmenn að krefjast þar skriflegra samninga Eg skal svo ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um frv., en vona að menn skilji hvað hefir vakað fyrir nefndinni og viðurkenni að hún hafi komist nokkurn veginn viðunanlega út úr starfi sínu.

ATKVGR.: Breyttill. við 1. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. frv. samþ. með 13 : 1 atkv.

Brtill. við 2. gr. frv. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.

3. — — — — 12 — —

4. — — — — 14 — —

Frv. var síðan vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Þriðja umr., (C. 437); 17. ágúst.

ATKVGR.: Frv. var sþ. með 15 : 3 atkv. og verður sent Ed.

Ein umr. (C. 570, 571) 26 ágúst.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Bann gegn áfengistilbúningi.

FRUMVARP til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (136); 1. umr. 21. júlí.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Á þinginu 1895 gekk frv., sem var orðrétt samhljóða þessu frv., gegnum neðri deild með 17 samhlj. atkv., svo það þarf ekki langa ræðu til að mæla fram með því. Eins og menn vita, stendur, til að hækka talsvert gjöld á áfengi og má því búast við að einhverjir verði til að setja á stofn áfengisgjörð í landinu sjálfu. Sá hugsunarháttur hlýtur að vera farinn að ráða hjá þinginu, að sú atvinna sé skaðleg. Eg tek hér frv. upp alveg eins og það kom fram þá, að eins að því undanteknu, að hér er einu orði breytt. Eg óska að þetta frumvarp megi ganga til 2. umr.

Samþykt að málið gengi til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 136, 160); 24. júlí.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr. (C. 136); 26. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að koma með þá stuttu athugasemd viðvíkjandi brtill., að hún fer að eins fram á lítilfjörlega orðabreytingu,

og vona eg að það verði ekki því til fyrirstöðu að málið verði samþykt.

ATKVGR.: Brtill. við 2. gr. frv. var samþ. með 12 atkv. og frv. sjálft með þessari orðabreytingu samþykt með 17 atkvæðum gegn 1 og var síðan vísað til Ed.

Fjármál hjóna.

FRUMVARP til laga um fjármál hjóna (228); 1. umr. 29. júlí.

Klemens Jónsson: Þegar þetta frv. var lagt fyrir h. Ed. af stjórninni, fór mér eins og fleirum h. þm., að það gladdi mig að sjá það komið fram, og eigi var það síður gleðiefni, að það er einmitt komið fyrir tilstilli alþingis, út af þingsályktun, sem var samþykt hér 1895.

Hér eru gjörðar töluverðar umbætur á því ástandi sem nú er, að því er snertir fjármál hjóna; hingað til hefir gift kona verið alveg ómyndug í fjármálum, en nú á hún að fá fjárforræði á sama hátt og ógift kona, eða hún verður hálfmyndug 18 ára, og fullmyndug 25 ára, enn fremur skal eg tilnefna, að konan fær nú rétt til að ráða yfir aflafé sínu af sjálfstæðri atvinnu á sama hátt og verið hefir í Danmörku síðan lög frá 7. maí 1880 komust þar í gildi; auðvitað hefir eigi verið veruleg þörf á þessu hingað til, því enn þá eru það tiltölulega fáar giftar konur, sem reka sjálfstæða atvinnu, en það má búast við því, að þeim fari nú fjölgandi, og að einmitt þessi lög verði til þess að uppörfa þær til þess, þar sem þær nú geta sjálfar notið arðsins af atvinnu sinni.

Það er kunnugt að frv. þetta er samið af tveim hinum helztu lögfræðingum Dana: þeim Nellemann fyrverandi Íslandsráðgjafa og Deuntzer, sem undir 30 ár hefir verið kennari í þessari fræðigrein við háskólann í Kaupmannahöfn. Eftir öllum þeim undirbúningi, sem málið hefir fengið, sé eg ekki ástæðu þess að nefnd sé skipuð í það, heldur ætti það að geta gengið sinn greiða gang gegnum þessa deild, ekki sízt nú, eftir að h. Ed. hefir lagað orðfærið á frumv., eins og líka var full þörf.

En þó er hér ofurlítill hængur á því frv., sem h. deild hefir liggjandi fyrir sér. Þegar eg fór að bera þetta frv. saman við hið upprunalega frv., til þess að gæta að, hvort h. Ed. hefði gjört nokkurar efnisbreytingar á frumvarpinu, þá varð eg þess var, að í það vantaði alla 12. gr. og framan af 13. gr. Það má gjöra ráð fyrir að þessi kafli hafi fallið burtu nú við prentun frv. En eigi að síður efast eg um að málið geti komið hér til umræðu fyr en þessi galli hefir verið lagaður, og vil eg bera það undir h. forseta, hvað hann álítur um það.

Forseti: Eg hafði ekki orðið þess var, að þetta hafði fallið úr við umprentun frv. Ef eg hefði vitað af því í tíma, mundi eg ekki hafa tekið málið á dagskrá fyr en þetta hefði verið lagað, og nú er athygli mín hefir verið vakin á þessu, tek eg málið að sjálfsögðu út af dagsskrá.

Framh. 1. umr. 7. ágúst.

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 228); 10. ágúst.

Klemens Jónsson: Eins og eg gat um við 1. umr., er frumv. þetta eitt hið allra helzta, sem komið hefir fyrir á þessu þingi, og svo vel úr garði gjört, að engin ástæða er til að athuga það frekar. Undirtektir þær, sem frv. hefir fengið hjá hinni h. deild, bera þetta einnig með sér; það hefir engin

nefnd verið sett í málið, og engin breyt.till. komið fram nema þessi eina, sem eg hefi leyft mér að gera við fyrri lið 4. gr., að fella burt orðin »yfirvaldið« og hin breyt.till., »ef því sýnist svo«, er að eins eðlileg breyting af hinni fyrri. Upphaflega var mjög vont mál á frumv., en það hefir verið lagfært í Ed. að öllu nema þessu einu, sem getur valdið nokkurum misskilningi. »Yfirvald« þýðir nefnilega á íslenzku lagamáli: Sýslumenn og bæjarfógetar, en nú sést á 3. gr., að staðfesting kaupmálans heyrir undir konung, og það getur ekki komið til mála á íslenzku að kalla konunginn yfirvald, eins þó hann ad mandatum feli ráðgjafa eða landsh. staðfestinguna. Eg vil því leggja til, að orðið yfirvald falli burt, og að því er síðari breyt.till. snertir, þá eru orðin »ef því sýnist svo« eðlileg orðabreyting, enda allsendis óþörf upphaflega í frumv. Að öðru leyti finn eg enga ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frumv.

Því næst voru hinar einstöku gr. frv. bornar upp til atkv., og atkv.gr. fór þannig:

I. þáttur 1.—3. gr. samþ. með 17 atkv.
Breyt.till. við 4. gr. sþ. með 16 atkv.
4. gr, með breyt. sþ. með 16 atkv.
5.—9. gr. samþ. með 17 atkv.
II. þáttur 10.—16. gr. samþ. með 16 atkv.
III. þáttur 17.—25. gr. samþ. með 17 atkv.
IV. þáttur 26. gr. samþ. með 18 atkv.
V. þáttur 27.—31. gr. samþ. með 17 atkv.
VI. þáttur 32. gr. samþ. með 18 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Þriðja umr., (C. 378, 382); 12. ágúst.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 382 samþ. án atkv.gr.

Frumv., með áorðinni breyt., samþ. með 21 samhlj. atkv. og sent aftur til Ed.

Stofnun veðdeildar í landsbankanum.

FRUMVARP til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (C. 154); 1. umr., 24. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson lagði til að kosin væri 5 manna nefnd í málið, en það var felt með 11 atkv. gegn 10, en *Skúli Thoroddsen* lagði til að málinu væri vísað til bankanefndarinnar og var það samþ. með 14 atkv.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., (C. 154, 216); 28. júlí.

Framsm. (*Tr. Gunnarss.*): Eins og h. þingdm. sjá af nefndarálitinu, þá hefir nefndin aðhylst frumv. eins og það kom frá h. Ed. Breytingarnar á frv. eru svo litlar, að ekki er ástæða til að tala frekar um þær, og þar sem það líka er 1. umr., og því ekki leyfilegt að fara út í einstakar greinar, þá finn eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frumv. að sinni, en óska að eins að frumv. megi ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., (C. 154, 216); 7. ágúst.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eins og sést af nefndarálitinu, hefir nefndin fallist á frumv. eins og það kom frá Ed., og að eins komið fram með 3 breyt.till. Fyrsta breyt.till. er, að í stað orðanna »Fyrstu 10

árin« komi: »Fyrstu 5 árin«. Nefndinni er þetta ekki kappsmál, og getur deildin dæmt um, hvort henni þykir betra. Ef breyt.till. kemst að, þá sparar landssjóður 25,000 kr., en aftur á móti verður ábyrgð landssjóðs nokkurum þús. kr. meiri, því varasjóður veðdeildarinnar verður þá minni. En þetta munar ekki miklu fyrir landssjóðinn. Þeir, sem taka lán í veðdeildinni, vilja auðvitað heldur hafa þetta eins og í frv. Ed., því lítils háttar kostnaður legst á þá, ef breyt.till. kemst að. Úr því, sem veðdeildin missir við breyt.till., vill nú nefndin bæta með 2. breyt.till., um að setja $^2/_5$% upp í $^1/_2$%. Með þessu móti fæst nokkuð af því fé í varasjóð og til kostnaðar, sem veðdeildin missir við það, að 10 ár færast niður í 5 ár. Munurinn er að eins sá, að Ed. leggur til, að landssjóður borgi kostnað til veðdeildarinnar 5 árum lengur, en nefndin vill láta lántakendur borga þetta. Hvort heppilegra sé getur verið álitamál. En nauðsynlegt er fyrir stofnunina að eiga varasjóð. Munurinn á því hvort menn greiða $^2/_5$% eða $^1/_2$% er hér um bil enginn. Ef maður tekur 1,000 kr. lán og afborgar það á 40 árum, borgar hann c. 54 kr. á ári ef vextir eru $4^1/_2$%, en c. 58 kr. séu vextirnir 5%. Munurinn er þá nálægt 4 kr. á ári, og geta menn af því séð, að afborganir af 1,000 kr. verða að eins 1 kr. hærri þegar $^2/_5$% eru hækkaðir upp í $^1/_2$%. En sem sagt nefndinni er þetta ekki kappsmál. 3. breyt.till. nefndarinnar er að eins orðabreyting.

Landshöfðingi: Nefndin í þessu máli hefir að eins gert fáar efnisbreytingar. Það getur auðvitað verið álitamál, um hve langt árabil landssjóður eigi að leggja fé til varasjóðs, en af því bankastjórinn hefir setið í þessari nefnd, álít eg að full trygging sé fyrir því, að óhætt sé að breyta þessu tímabili úr 10 árum í 5 ár. Eg gat því miður ekki fylgt með h. þm. í því, að það gengi út yfir varasjóð ef þessi breyting kæmist á; eg lít svo á, sem það gangi út yfir landsbankann, því þetta tillag úr landssjóði var ætlað til að létta undir með honum. Hin breyt.till. nefndarinnar er að færa $^2/_5$% upp í $^1/_2$%. Þetta er að eins lítill munur — 1 kr. af þúsundi — en það geta orðið margar krónur ef margir taka lán. Eg er meðmæltur öllu er miðar að því að auka trygginguna, og gera eigendur veðdeildarbréfanna vissari um að fá góðar rentur af peningum sínum. Eg vil því mæla með breyt.till. og þakka hinni h. nefnd fyrir undirtektir hennar við þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að tala fáein orð viðvíkjandi þessu frv., og er aðalástæðan til þess sú, að þegar eg á þinginu 1897 kom fram með tillögu í landbúnaðarnefndinni, í þá átt að skora á stjórnina, að hlutast til um einhverjar framkvæmdir í þessa stefnu, þá stóð eg einn uppi með hana þar. Það er gleðilegt að sjá, að þetta er nú orðið áhugamál allra, og að stjórnin nú hefir tekið málið að sér. Reyndar er þetta frumv. nokkuð öðruvísi en eg hafði hugsað mér á þinginu 1897, en við nánari íhugun verð eg að álíta þetta frumv. í allflestum atriðum heppilegra, og yfir höfuð að tala vel úr garði gert. Það er að eins eitt atriði, sem eg get ekki felt mig við, og það er það, að mér þykir samband veðdeildarinnar við bankann of náið. Það er reyndar rétt, sem hæstv. landsh. sagði, að það er gott að tryggja rétt þeirra, sem kunna að kaupa skuldabréf, en hitt er líka nauðsynlegt, að tryggja rétt lántakenda. Að bankastjórninni ólastaðri er eg á því, að veð-

deildin mundi njóta meiri viðskifta, og að landsmenn mundu hafa meiri tiltrú til hennar, ef hún stæði ekki í sambandi við bankann. Eg álít að það hefði verið heppilegra, að það væri skipaður sérstakur framkvæmdarstjóri fyrir veðdeildina, en að öðru leyti hefði hún gæzlustjóra og starfsmenn sameiginlega við bankann. Til þess að stjórna banka, svo í nokkuru lagi fari, þarf alt öðruvísi framkvæmdarstjóra en hér er um að ræða við veðdeildina. Að eg ekki kem með tillögu um sérstakan framkvæmdarstjóra kemur ekki til af því, að eg ekki álíti það heppilegra, né heldur af því að eg sé hræddur um að eg fái ekki nógu marga með mér, heldur eingöngu af því, að mér sýnist þær horfur á bankamálinu hér á þinginu, að eg vil ekki með breyt.till. um aukaatriði koma glundroða á svo mikilsvert mál, og kannske hnekkja því. Eg hefði sem sagt gjarna óskað þess, að veðdeildin hefði sérstakan framkvæmdarstjóra og að henni ekki væri klínt svona eins og frímerki utan á bankann. Hér þarf sérstakan mann, sem er kunnugur fasteignalánum, því það er alt annað að stýra »diskonto«-banka en að stýra slíkri veðdeild, sem hér er um að ræða.

Um breyt.till. nefndarinnar hefi eg ekki mikið að athuga, og það, sem mér helzt fanst athugavert í stjórnarfrumv., t. d. um frest þann, sem getur um í 2. gr., hefir nefndin lagfært. Það er að eins eitt atriði í frumv., sem eg vildi biðja nefndina um skýringu á, nefnilega ákæðið í 9. gr., að lánþegi eigi heimting á, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga. Í síðasta liðnum liggur víst að bankinn geti ekki reiknað sér »mæglerprovision«. Nú verður þrot í bankanum og bankastjórnin getur ekki fengið markað fyrir vaxtabréfin, hvernig ætlar hún þá að fara að fullnægja skyldum þeim, sem 9. gr. frv. leggur henni á herðar? Hér er reyndar á ferðinni annað frumv., sem fer fram á 1/4 miljón kr. lán úr landssjóði til seðlaútgáfu, og þeir seðlar eiga sjálfsagt að vera óinnleysanlegir eins og hinir núverandi seðlar. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta þetta hættulegt spor, en bíð skýringar nefndarinnar á þessu máli, áður en eg fer frekar út í þá sálma.

Það er eitt atriði enn sem eg vildi minnast stuttlega á. Það er tillaga stjórnarinnar, að landssjóður leggi til 200,000 kr. sem tryggingarfé, og veiti þar að auki sérstaka upphæð á ári fyrst framan af. Mundi nú ekki fult eins heppilegt að fara fram á, að landssjóður leggi til 500,000 kr. í gulli, í staðinn fyrir 200,000 í ríkisskuldabréfum? Geti landssjóður lagt fram 200,000 kr. í ríkisskuldabréfum, þá ætti hann einhvern veginn að geta útvegað sér 300,000 kr. í viðbót, og gæti hann þá leyst inn seðlafúlguna smátt og smátt. Með þessu móti væri nú hægt að gefa út nýja innleysanlega seðla fyrir alt að 1 1/2 miljón. Það má búast við því, ef ofmikið yrði þá af seðlum manna milli, þá kæmu fyrst þeir óinnleysanlegu til innlausnar. Það eru engin neyðarúrræði að samþykkja þessa lánsstofnun, ef bankinn getur komið bréfum hennar í viðunanlegt verð, — en viðunanlegt verð kalla eg 95—96% —, en hitt er neyðarúrræði, ef þess vegna eða í þeim tilgangi þarf að auka óinnleysanlega seðla í landinu með nýrri seðlaútgáfu.

Pétur Jónsson: Eg ætlaði að vísu ekki að tala í þessu máli, en eg verð þó, einmitt fyrir það, að eg er einn í nefndinni, að gjöra dálitla aths. við 2. breyt.till. nefndarinnar. Eg skal játa það, að þegar nefndarálitið var samið, hafði eg ekki gjört mér nægilega ljóst, hvernig varasjóðstillagið yrði í framkvæmdinni. Eg hafði hugsað mér að

heppilegast væri, að tillagið til varasjóðs væri miðað við þá réttu skuldarupphæð á hverjum tíma, en ekki upphaflega skuldarupphæð, og hafði hugsað mér breyting í þá átt í sambandi við lækkun þá á varasjóðstillaginu, sem nefndin gerir. En mér var bent á, að svona væri fyrirkomulagið á lánsstofnunum í Danmörku, og sá eg mér því ekki fært að koma fram með breyt.till. í hina áttina. En þegar svona er, þá hygg eg aftur á móti óþarft að hækka varasjóðstillagið úr $^2/_3$ uppi í $^1/_2$ af hundraði, og mun eg þess vegna greiða atkv. móti hækkunartill. nefndarinnar. Hins vegar held eg að það muni ekki verða til eins mikils hagnaðar fyrir varasjóð, og í fljótu bragði virðist, að miða við upphaflega upphæð lánsins, því þegar maður, sem tekið hefði t. d. 1000 kr. lán, væri búinn að borga helminginn, þá mundi honum þykja $^2/_3$% af hinni upprunalegu upphæð, eða 4 kr. árlega, allþungur skattur, og mundi það verða til þess, að hann þá skifti um veðskuldabréf, eða tæki nýtt lán, og það mundi ekki verða hagur fyrir veðdeildina. Annars skal eg ekki tala fleira í þessu máli, enda munu menn ekki búast við miklu af mér í þessu máli, þar sem eg er sveitabóndi.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): H. háttv. þm. Skaftf. var að tala um, að hann hefði heldur kosið lögin þannig, að gæzlustjórar væru hinir sömu við veðdeildina og seðladeildina, en sinn framkvæmdarstjóri fyrir hvorri. Þetta hlýtur að vera sagt annaðhvort af því, að hann vill láta í ljósi vantraust til núverandi bankastjóra, eða hann á þennan hátt vill mynda samkepni á milli framkvæmdarstjóra deildanna; hið síðara er nokkuð óeðlilegt, að láta tvo forstjóra hafa samkepni við sömu stofnun, hið fyrtalda er líka ótrúlegt, því ef hann treysti núverandi framkvæmdarstjóra seðladeildarinnar til að stjórna henni, þá ætti hann engu síður að geta stjórnað veðdeildinni, því það er miklu vandaminna að lána gegn fasteignarveði, en verzla með víxla og ýmislegt, er kemur fyrir í seðladeildinni.

En hver helzt sem ástæðan hefir verið fyrir orðum háttv. þm., stendur mér fullkomlega á sama. Höfuðatriðið er, að fyrirkomulagið sé sem tryggilegast útbúið, svo kaupendur bankavaxtabréfanna beri sem bezt traust til þeirra, þar eftir fer gangverð bréfanna; en það er öllum pörtum mjög áríðandi, að þau seljist sem næst ákvæðisverði, og það augnamið álít eg að bezt náist með því, að hafa seðla- og veðdeild sem nákvæmlegast sameinaða undir sömu stjórn bankans, því sem stendur hefir hann gott álit hjá þeim bönkum erlendis, sem hann hefir haft viðskifti við. Séu tveir forstjórar, sinn fyrir hvorri deild, eða veðdeildin væri laus við seðlabankann, álít eg að það, hvort heldur sem væri, mundi spilla fyrir gangverði bankavaxtabréfanna.

Þar sem hinn hæstv. landsh. mintist á hinar árlegu 5000 kr. í 5 fyrstu árin, þá veit eg vel, að meiri hluti þeirra gengur til kostnaðar við veðdeildina, en vonandi verður þó dálítið afgangs, sem þá gengur í varasjóð. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Fyrirspurn um 9. gr.) Eg heyrði svo óglögt fyrirspurn h. þm. um 9. gr., að eg naumast skildi hvað hann vildi fá að vita. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Getur bankastjórnin keypt bréfin, þegar hún er peningalaus?) Þegar bankavaxtabréfin fara að seljast til muna, þá koma í bankann peningar fyrir þau, og svo liggur fyrir á þinginu annað frumv. um það, að auka seðlafúlgu bankans um 250,000 kr.,

sem eg tel nauðsynlegt að fái framgang, og svo á landsbankinn hauk í horni, þar sem danski Landmandsbankinn er, þar á landsbankinn inni liggjandi nálægt 300,000 kr. í obligationum, sem hann getur fengið peninga út á þegar á reynir.

Eg fæ eigi séð neina stóra hættu við 9. gr., í henni eru engin ákvæði um, að bankinn skuli borga jafnskjótt og einhver kemur með vaxtabréf til sölu, heldur stendur, að hann skuli annast að selja bréfin, en auðvitað gerir bankinn það sem hann getur, til að kaupa bréfin eða koma þeim í verð sem fyrst, svo gangverð þeirra lækki sem minst frá ákveðnu verði.

Sé þetta eigi fullnægjandi svar, þá er það af því eg skil ekki hvert spurningin stefnir. Dómar um bankann eru misjafnir, sumum þykir hann of tregur til að lána, en öðrum þykir hann lána of mikið, og festa of mikið í útlánum. Það er ómögulegt í þeirri stöðu að gera svo öllum líki.

Guðjón Guðlaugsson: Eg hefi litlar athugasemdir að gera við þetta frumvarp, með því eg verð að játa, að eg er því ekki vaxinn að gegnumganga frv. eins og vera ætti, ef það væri mjög mikið að athuga við það. Eg verð að lýsa því yfir, að vegna þeirra miklu peningavandræða, sem eru í landinu, er eg frumv. meðmæltur, jafnvel þótt það sé nokkur tvísýni, að óhætt sé að reiða sig á það eins og skyldi.

Engum getur blandast hugur um, hve nauðsynlegt það er að koma nýrri peningaveltu á stað. En þetta frumv. fer svo stutt í sakirnar, að mér sýnist það að eins miða til þess, að bæta úr hinni bráðustu þörf. Enda álít eg, eins og nú stendur með okkar meðferð á peningum, að það gæti fremur orðið varasamt að bæta mikið við seðlaútgáfu bankans í bráðina, eða meira en svo, að maður geti staðið í skilum, og klofið það allranauðsynlegasta, og allra helzt losað skuldir sínar við kaupmenn, svo að þjóðin sökvi ekki dýpra í þetta skuldafen. Eg býst við að margur sé sem álíti, að það sé hér um meira happ að ræða, en mér skilst vera; eg get ekki séð annað, en að þetta frv. í mörgum greinum bendi á það, að það muni vera erfitt að komast að þeim gæðum, sem það veitir.

Það fyrsta, sem eg festi augun á, er í 8. gr.; það er að stjórn bankans megi nefna þá menn, er virða skuli veðin.

Eg skal játa það, að þetta er tryggilegra fyrir bankann, en á hinn bóginn get eg ekki séð betur, en að það ákvæði geti orðið til að gjöra óþarfan órétt og óhagræði fyrir þá, sem lánið fá, sér í lagi ef það er meiningin, að fyrst verði að biðja um lánið, og bankastjórnin þvínæst að útnefna mennina, því að þá er það gefið, að þetta tefur svo mikið fyrir, að það getur orðið mörgum lántakanda að skaða.

En væri aftur á móti hitt meiningin, að bankastjórnin tilnefndi menn í hverri sýslu eða helzt í hverjum hreppi til að virða þau veð, sem menn vildu fá lán út á, þá sé eg ekki neitt út á þetta að setja.

Þá er það að athuga, að til þess að bankaverðbréfin geti nokkurn veginn haldið ákvæðisverði, þá verða vextirnir af þeim að vera nokkuð háir, og þrátt fyrir það getur það þó komið fyrir, að þau falli töluvert í verði. Það er því sjáanlegt, að hér koma til að lenda stór gjöld á þeim, sem fá lán borguð út í bankaverðbréfum, sem ekki er hægt að selja með ákvæðisverði á eftir, og sem þó þarf að hafa aukakostnað við að selja. Lán þessi verða því í flestum tilfellum dýr, og vér verðum að hafa það í huga, að hér er um

engin vilkjör að ræða, og að lánsstofnunin muni því ekki verða notuð af öðrum en þeim, sem þurfa þess nauðsynlega.

Þá er hér eitt ákvæði í 11. gr., sem eg skal minnast á; þar er svo til orða tekið, að tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skuli vera $^2/_5$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins. Það er þá fyrst, að eg gjöri ráð fyrir að þetta $^2/_5$ af hundraði eigi að tákna sama sem $^2/_5$% eða $^2/_5$ úr krónu af hverjum 100 kr. en hitt sé prentvilla eins og það stendur í frumv., og að hér sé alls ekki meiningin að greiða eigi $^2/_5$ úr 100 kr., í varasjóð, og til að borga kostnað við deildina. En þótt svo sé, sem eg býst við, þá er það eigi að síður ósanngjarnt, að greiða jafnan $^2/_5$% af hinni upprunalegu upphæð lánsins, og taka ekkert tillit til þess, hvað mikið kann að vera afborgað. Sérstaklega kemur þetta ranglátlega niður, ef mikið er afborgað í senn. Ef t. d. er tekið 5000 kr. lán, þá verða $^2/_5$% af því 20 kr., og ef nú eru borgaðar 4000 kr. af láninu þegar árið eftir, þá er það ósanngjarnt að verða að borga 20 kr. á ári í varasjóð af þeim 1000 kr., sem eftir eru, og enn ósanngjarnari verður þó þessi borgun, ef h. deild hneigist að tillögu stjórnarinnar og h. nefndar, að borga $^1/_2$%, sem þá yrði 25 kr. ári af 5000 kr. Eg veit ekki hvaða ástæðu stjórnin og h. nefnd hefir haft til þess að komast að þessari niðurstöðu, nema ef vera skyldi, að þægilegra hafi þótt að hafa alt af jafnt hundraðsgjald á ári t. d. 6%; en eg held að því verði ekki komið við hvort sem er, þegar að menn borgi sum árin meira en þeir eru skyldir að gjöra. Og einmitt að jafnt hundraðsgjald hvíli alt af á lántakandanum, sem kostnaður og varasjóðsgjald, kemur í veg fyrir það, sem að hefði átt að stuðla, nefnilega það, að menn keppist sem mest við að borga upp lán sín. Eg er hræddur um að mönnum hætti um of við að nota hinn langa afborgunarfrest, og að það verði til þess, að margur sofni rólegur út af, og skilji konu og börn eftir með meiri skuldasúpu en nauðsynlegt hefði verið. Þetta eru þær aths. sem eg vildi gjöra að þessu sinni; þær hefðu reyndar getað verið fleiri, en eg hygg að þær muni engin áhrif hafa á málið héðan af. Af því ástandið er eins og það er, þá getur þetta verið notandi, þótt hálfgjört neiðarúrræði sé, en eg efast um, að það muni verða til frambúðarheilla fyrir þjóðina.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að segja fá orð út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.); hann hefir sem sé — eg tek það strax fram — ekki svarað aðalatriðinu í ræðu minni, því atriði, hvernig nefndin hugsaði sér 9. gr. frv. í verklegri framkvæmd, hvernig hún hugsar sér þeim rétti lánþega fullnægt, að bankastjórnin annist endurgjaldslaust að koma bankavaxtabréfunum í peninga.

Eg skýrði síðari lið spurningar minnar áður; en hefi ekkert svar fengið upp á hitt atriðið hjá h. framsm. (Tr. G.), og sjálfur ætla eg ekki að fara að rekja í sundur, hvernig þessu mundi mega koma við, það kostar of mikinn tíma, en eg mun koma aftur að því atriði við 3. umr., og þá verður háttv. framsm. (Tr. G.) máske betur búinn við að svara því.

Þar sem eg gat þess, að ástæða gæti verið til að hafa svo sjálfstæða framkvæmdarstjóra við bankann, þegar veðdeildin væri komin á, þá tók eg það um leið fram, að það væri ekki af vantrausti á hinni núverandi bankastjórn, og þarf eg því ekki að fjölyrða um það. En eg stend við það, að það útheimtast nokkur önnur skilyrði til þess

að stjórna veðdeildinni en til að stjórna diskontóbanka. Eg skil ekki hvernig h. framsm. (Tr. G.) getur sagt, að það sé minni vandi að stjórna veðdeildarbanka, sem lánar út upp á 25 ár og 40 ár, en þeim banka, sem lánar að eins um stuttan tíma,

Eg tók það fram, að það mundi ekki hafa áhrif á traustið á bankavaxtabréfunum út á við, hvort framkvæmdarstjóri væri einn eða þeir væru tveir, en eg hélt að það gæti haft áhrif á viðskiftamennina inn á við því að þar sem einveldi er, er hætt við að einvaldanum sé brugðið um ráðríki og hlutdrægni, en þar sem tveir væru um peningaráðin, þar væru menn ekki eins ofurseldir geðþótta eins manns.

Og eftir því sem eg er kunnugur hugsunarhætti hér í landi, þá er ekki úr vegi, þótt reynt sé að fyrirbyggja það, sem hætt er við að veki kurr og óánægju gegn bankanum.

Það er enn eftir ein umræða um málið og býst eg við að mér gefist þá kostur á að segja fleira um það.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþykt með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. samþykt með 16 samhlj. atkv.

2. gr., breytt, samþykt með 19 samhlj. atkv.

3.—10. gr, breytt, samþykt með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 11. gr. samþykt með 15 : 5 atkv.

11. gr., breytt, samþykt með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 18. grein samþykt án atkvæðagreiðslu.

12.—21. gr. samþ. með 19 samhljóða atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.-greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 337, 349); 10. ágúst.

Sighvatur Árnason: Eg hefi leyft mér ásamt nokkurum öðrum háttvirtum þingmönnum að koma með breyt.till. við þetta frumv., sem máske verður fremur til skýringar við málið, en að það sé efnisbreyting. Það er þá svo, að það er nokkuð nýtt í tímanum, og eiginlega ekki alment skilið svo út um landið, að kalla húseignir fasteign, heldur að eins jarðeign, enda finst mèr í sjálfu sér nokkuð mikill mismunur á þessu, því að húseignir (timburhús) eru hræranlegar, en jarðeignir vitanlega ekki.

Jarðeignin er föst í landinu sjálfu, en húseignin er mannvirki bygt á jörðinni, og sem er hugsanlegt að flytja með sér, t. d. timburhús, máske í aðra þinghá, og svo er hér önnur breyt.till., sem fer í sömu átt, á þingskjali 371, sem miðar til þess að þetta tvent, húseignir og jarðeignir, gangi sitt undir hvoru nafni gegnum frumv., til þess að menn villist ekki á því.

Það er, eins og eg tók fram, nokkuð almenn hugsun út um landið, að skilja orðið fasteign að eins um jarðeign, en ekki sem húseign. Eg leyfi mér að óska, að háttv. forseti vilji bera þessa síðari tillögu fyr undir atkvæði, því að verði hún samþykt, þá tek eg hina aftur.

Úr því eg annars tók til máls, þá ætla eg að minnast á annað, þó það megi segja, að það sé um seinan, þar sem málið er í 3. umr. Það er nefnilega það, að þar sem húseign er látin vera til veðsetningar í jöfnu gildi við

jarðeign, þá finst mér það vera dálítið ósanngjarnt.

Eg álít jarðeign yfir höfuð tryggari, sem veð, en húseign, því við vitum það, að húseignir eru ekki trygðar nema einungis fyrir eldsvoða, en húseignir eru undirorpnar ýmsum öðrum skemdum, sem jarðeignir eru ekki. — Húseignir geta orðið fyrir ýmsu skaðræði, og það í svipinn, svo sem t. d. af jarðskjálfta, sem annaðhvort getur eyðilagt þær að öllu eða nokkuru leyti, sem ekki er eins til að dreifa með jarðeignir. Húseignir geta stór-skemst eða tapast fyrir sjávarflóðum eða snjóflóðum, og orðið undir fjallahruni, þar sem þau eru bygð undir háum fjöllum. — Eg hefi vitað dæmi til þess, þó það væri fyrir mitt minni, að það hrapaði svo mikið úr einu fjalli, að það eyðilagði allan bæinn og fólkið með. Timburhús getur fokið og brotnað í mola, og þau hafa dæmin gefist með kirkjur o. fl. — Þetta kemur sjaldan fyrir, sem betur fer, en það getur komið fyrir og hefir komið fyrir. Mér finst því að húseignir ættu að standa skör lægra en jarðeignir, t. d. að lánaðir væru $^2/_5$ móti húseign, þar sem út á jarðeignir er lánaður helmingur.

Þetta kemur að vísu um seinan fram í þessari deild, en eg vildi samt sem áður láta í ljósi meiningu mína um þetta, og skal eg svo ekki fjölyrða um það, nema hvað bin háttvirta deild ræður, hvað hún gjörir með þessar breytingartill., sem miða til þess, að gjöra málið glöggara fyrir mönnum út um landið.

Framsm. (*Tr. Gunnarss.*): Þessar br.-till., sem hér liggja fyrir, sýnist mér hafa mjög litla þýðingu; eg hefi frá mínu ungdæmi heyrt, að húseign og jarðeign væru fasteignir, og álít réttara að frumv. sé óbreytt að þessu leyti; en breytingarnar eru náttúrlega meinlausar, svo ekkert kappsmál þarf að vera um það, hvort þær verða samþyktar eða ekki.

Þá er þessu næst það, sem háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) var að spyrja um við 2. umræðu út af 9. gr. — Eg skildi ekki vel við hvað háttv. þingm. átti, og þess vegna svaraði eg ekki þá strax til hlítar.

Eftir 9. gr. frumv. hefir lánþegi rétt til að heimta af bankastjórninni að eins það, að hún annist um, að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga. Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir líklega gengið út frá því, að bankastjórnin væri beinlínis skyld til að kaupa skuldabréfin þann sama dag, sem einhver kemur með þau til sölu, en þetta er misskilningur, það hvílir engin skylda á bankanum að gjöra það, og þess vegna er þetta ákvæði engin hætta fyrir hann.

En þótt innlausnarskyldan sé ekki frekar tiltekin en þetta, þá hafa þó eigendur mikla tryggingu fyrir því, að skaðlítið verð fáist fyrir bréfin, og að þeir geti fljótlega selt þau, því það er sjálfsagt bankans hagur, og álit hans undir því komið, að bankavaxtabréfin séu í sem hæstu verði. Það er þannig eftir hlutarins eðli, að hann innleysir þau svo fljótt sem hann getur.

Mér sýnist spurningar og álit háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) lýsa of litlu trausti á þjóðinni og þessu fyrirtæki, og eg tel það vafalaust, að þegar batnar peningahagur Danmerkur og Norðurlanda yfir höfuð, þá verði mjög auðvelt að selja bankavaxtabréfin með ákvæðisverði, bæði hér á landi og erlendis, ef vextir af þeim verða ákveðnir $4^1/_2$ %.

Þórður Thoroddsen: Eg vildi leyfa mér að tala nokkur orð út af ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.). Hann gerði þá athugasemd við 2. umræðu málsins, að sér þætti óeðlilegt það ákvæði í 11. gr.,

að láta tillagið til veðdeildarinnar og varasjóðs vera $^2/_5$ af hinni upprunalegu upphæð lánsins. Honum þótti það óeðlilegt og ekki rétt, að það væri alt af borgað jafnt þótt lánið minkaði. — Vildi hann, að því er mér skildist, láta tillagið vera miðað við lánið eins og það yrði í hver árslok. En eg held að þetta sé ekki á rökum bygt hjá hinum háttv. þingm. Strand. (Guðj G.), og er orsakað af misskilningi, því að hvernig færi ef hans reglu væri fylgt. Setjum svo, að væri farið að borga af láninu, og kostnaður yrði reiknaður af eftirstöðvunum við hver árslok, þá er auðsætt, að gjaldið til varasjóðs fer minkandi ár frá ári, og verður loks ekkert. Það getur á endanum farið svo, að veðdeildin geti ekki lagt neitt í varasjóð. Það er því ekki nema um tvent að gjöra, annaðhvort verður að hafa procentugjaldið hærra, og þá að miða við lánið, eins og það er í hver árslok, eða þá, eins og hér er gjört, að hafa það lægra, en alt af jafnt, en þá verður að miða það við upprunalega lánið. Hvorttveggja kemur í sama stað niður. —

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að gjaldið eða tekjur veðdeildarinnar mundu alt af vaxa með þessu fyrirkomulagi, en það er ekki rétt. Bréf veðdeildarinnar verða 1,200,000 krónur, og með $^1/_2$ % getur gjaldið aldrei orðið hvorki meira né minna en 6000 kr.

Að því er snertir breyt.till. þá, sem hér liggur fyrir, þá álít eg hana óþarfa, því húseign er sama sem fasteign.

Valtýr Guðmundsson: Eg er einn í nefnd þeirri, sem kosin var í þingbyrjun til að íhuga frumvarpið um stofnun hlutafélagsbanka á Íslandi, sem frumv. þessu var vísað til, og af því eg er dálítið í vafa um, hvernig eigi að skilja sum ákvæði frumv., þykir mér viðkunnanlegra að taka til máls. — Eg lít svo á, sem 9. gr. geti valdið talsverðum vandræðum.

Háttv. framsögum. (Tr. G.) sagði, að það mundi alt af vera hægt að selja vaxtabréfin fyrir eitthvert verð, og eg hefi aldrei efast um það, en eg álít þetta ófullnægjandi.

Í 9. grein stendur, að lánþegi geti heimtað að fá bankavaxtabréfunum skift í gjaldgenga peninga, en eg sé ekki að það geti orðið með öðru móti en því, að kasta bréfunum á útlendan markað. Nú er svo ástatt, að eg held að það sé ómögulegt að selja þau þar án þess að tapa á því, og það bendir eitt meðal annars til þess, að dönsk hlutabréf, sem gefa háa rentu, eru fallin niður í 90—100 %. (*Landshöfðingi*: »Hvaða skuldabréf?«). Eg á hér við józk skuldabréf, sem nú munu fallin niður í 90 %, og sum jafnvel niður í 81 %.

Setjum nú svo, að maður taki 10,000 kr. lán og bankinn kasti skuldabréfunum á útlendan markað, og setjum svo, að hann geti ekki selt þau fyrir meira en 90 %, þá tapar hann 1000 krónum. Þetta álít eg mjög varhugavert, og þegar öllu er á botninn hvolft, þá verða þetta landsmönnum mjög dýr lán. — Eg hefði gaman af að fá skýringu hjá háttv. framsögum. (Tr. G.) um, hvernig hann hefir hugsað sér þetta, því það má ganga að því vísu, að bréfin hljóti að falla.

Mér hefir skilist á háttv. framsögum. (Tr. G.), að veðdeildin gæfi ekki út fleiri skuldabréf en bankinn gæti borgað, en hér kemur það fram, að það getur verið hættulegt að hafa sömu stjórn fyrir veðdeildina og bankann, því að bankastjórinn mundi takmarka of mikið lán úr veðdeildinni.

Hér er auðvitað í frumv. tekið fram, að lánþegi geti heimtað, að bankinn innleysi skuldabréfin með gjaldgengum

peningum, en tími er alls enginn tiltekinn, svo hann má kannske bíða eftir því þangað til búið er að selja þau í útlöndum, kannske ½ ár eða einhvern óákveðinn tíma, sem þá alveg eins getur verið í 10 ár eða meira, ef tíminn er á annað borð alveg óákveðinn. Eg sé ekki betur, en það sé fremur óheppilegt fyrirkomulag, ef bankastjóri getur sagt við lántakendur, að þeir fái ekki skuldabréfin innleyst með gjaldgengum peningum fyr en honum sýnist.

Mér fanst ekki rétt það, sem háttv. þingm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram gagnvart háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) viðvíkjandi 11. gr. frumv. Mér finst það sjálfsagt, að þegar búið er að endurborga svo og svo mikið af lánunum, þá getur veðdeildin byrjað að gefa út skuldabréf á ný, og fær ½ % af hinum nýju bréfum. Mér skilst, að undir eins og búið er að leysa út nokkuð af skuldabréfunum, þá geti veðdeildin byrjað að gefa út ný bréf, og þá geti veðdeildin fengið ½ % úr mörgum áttum, eins og frumv. nú er orðað.

Það var ein spurning, sem eg vildi leggja fyrir háttv. framsögum. (Tr. G.). Í síðari hluta 11. gr. stendur, að lántakandi megi greiða gjaldið með bréfum deildarinnar sjálfrar. Setjum svo, að bankavaxtabréfunum sé kastað á útlendan markað, og falli þar niður í 90 %. Ef nú maður hefir tekið 10,000 kr. lán undir þessum kringumstæðum, og kaupir önnur 10,000 kr. í veðdeildarbréfum á útlendum markaði, og fær þau fyrir 9000 kr., þá getur hann farið með þau til veðdeildarinnar og borgað með þeim 10,000 króna skuld sína. — Hann hefir þá grætt 1000 kr. En má eg þá spyrja: hver tapar þessum 1000 krón.? Er það veðdeildin eða einhver annar?

Pétur Jónsson: Eg gjöri ráð fyrir, að það komi fram all-margir dómar um þetta frumvarp ekki síður upp til sveita en annarsstaðar, og um þessa dóma mun mega segja: »Það syngur hver með sínu nefi«. Af því eg er einn úr hópi almúgamanna, geri eg ráð fyrir, að mín skoðun geti verið sýnishorn af skoðun sveitamanna, og ætla eg að láta hana í ljósi um þá grein frumv., sem helzt hefir þótt athugunar verð, það er sem sé 9. gr.

Mér finst þessi grein og veðdeildin öll vera bygð á því, sem sjálfsögðu, að gefin sé út bankavaxtabréf, sem séu trygg, góð og gild og þess vegna í því verði, sem að samsvari gildandi rentufæti. Hagnaðurinn fer eftir því, hvað mikil eftirspurn er eftir bréfunum, og eg skil ekki hvernig bankinn ætti að fara að gefa út vaxtabréf, þau féllu tafarlaust í verði.

Mér mundi ekki heldur detta í hug sem lántakanda að fara í veðdeildina, nema því að eins að vaxtabréfin væru seljanleg, og eg mundi ekki fara með bréfin í bankann, ef eg gæti sjálfur selt þau betur en hann.

Af þessum ástæðum sé eg ekki, hvaða hætta það er fyrir bankann, að vera skyldur til að hafa sölu verðbréfanna á hendi, þar sem sama stjórn er fyrir bankanum og veðdeildinni. Geti ekki bankinn selt bréfin viðunanlega, getur ekki lántakandi það, og þá er auðsætt, að hann er sama sem frábolaður láninu, þ. e. kapítalið er ekki til, og lán þar af leiðandi ófáanlegt.

Vegna breytingartill. þeirrar, sem hér liggur fyrir, skal eg taka það fram, að 7. gr. frv. bendir á það, hvað meint

er með orðinu fasteignir, það eru nefnilega bæði jarðeignir og húseignir. Eg held því að það sé engin hætta á ferðinni með það, og álít því bretingartill. óþarfa.

Landshöfðingi: Eg hefi orðið þess var, að ýmsir h. deildarm. eru hræddir við ákvæðið í 9. gr. af því þeir óttast, að bankastjórnin muni eiga örðugt með að koma bankavaxtabréfunum í peninga.

Einkum hefir h. þm. Vestm. (V. G.) haldið fram þessari grýlu, og talið mönnum trú um, að þau mundu falla svo í verði á útlendum markaði, að þau kæmust í 90%, og nefndi því til sönnunar ýms útlend verðbréf, sem gefa 3—3½% vexti og væru langt fyrir neðan ákvæðisverð, en hann nefndi ekki neitt vaxtabréf, er gefur 4% rentur, er væri fyrir neðan ákvæðisverð. En nú hefir það verið meiningin með bankavaxtabréfin, að þau gæfi að minsta kosti 4 og jafnvel 4½% í rentu. Eg hefi aðgætt Börslistann og hefi eg ekki getað fundið, að neitt vaxtabréf, er gefur 4½% í rentu sé fyrir neðan ákvæðisverðið, og því virðist ekki vera hætta á því, að bankavaxabréfin með 4½% rentu gangi mikið fyrir neðan ákvæðisverð í Kaupmannahöfn. Nú mega bankavaxtabréfin aldrei verða meiri en 1,200,000 kr. og má ganga að því vísu, að töluvert muni ganga út af þeim hér á landi. Þó mikið sé talað um fátækt hér á landi, þá eru þó ýmsir menn, sem eiga fé á vöxtum í kgl. skuldabréfum með 3½% rentu og í sparisjóðum og bankaunum með 3½% vöxtum, en gefi bankavaxtabréfin 4½% rentu munu þessir menn heldur vilja þau en önnur verðbréf, sem gefa þeim ekki nema 3½—3½% vöxtu. Þá eru nokkrir sjóðir hér á landi, sem eiga innritunarskírteini og mun þeim öllum verða breytt í bankavaxtabréf.

Það hefir verið talað um það stundum áður, þó skoplegt sé, að það væri skrítið að vera að lána ríkissjóði peninga með því að kaupa ríkisskuldabréfin, en nú geta menn komist hjá því, með því að kaupa bankavaxtabréf. Eg álít því að ekki geti verið hætta með 9. gr. frv., að bankastjórnin geti ekki komið bankavaxtabréfunum í peninga með viðunandi kjörum, bæði innanlands og utan, ef rentan er ákveðin 4½%, sem alt af hefir verið gengið út frá.

Eg get heldur ekki skilið það, sem fundið hefir verið að 11. gr. frv., og eg verð að vera þar á sama máli og formaður nefndarinnar h. 1. þm. G. K. (Þ. Th.), að sjáltsagt sé, að lántakandi borgi til varasjóðs ½% af hinni upprunalegu upphæð lánsins. Þegar maður biður um lán til 40 ára fær hann að vita það í upphafi, að hann eigi að að borga alls 6% af láninu á ári. Þar af 4½% í rentur, ½% til varasjóð og 1% í afborgun. Ætti aftur á móti að láta gjaldið til varasjóðs og kostnaðar altaf vera einhverja vissa upphæð af hundraði af því, sem ettir stæði af skuldinni á ári hverju, þyrfti mikla útreikninga á því, hvað borga skyldi árlega.

Eg get ekki verið samþykkur því, að veðdeildin eigi alt af að hafa úti 1,200,000 kr. Í 5. gr. stendur að vísu, að hún megi gefa út alt að 6 faldri upphæð tryggingartjárins og varasjóðs, en upphæð bankavaxtabréfanna má ekki fara fram úr upphæð veðskuldabréfa þeirra, er veðdeildin á.

Eftir því sem veðskuldabréfin verða afborguð eða innleyst, kaupir bankastjórnin bankavaxtabréfin inn aftur, og hún hefir ekki leyfi til að gefa út ný bankavaxtabréf áður en hún lánar út.

Eg skildi ekki vel dæmið, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom með, um hina fínu spekulation, að einhver taki 10000 kr. að láni í veðdeildinni, léti um 1000 kr. af peningum þessum niður í skúffu hjá sér, en keypti svo í Höfn bankavaxtabréf upp á 10000 kr. fyrir 9000 kr., því hann gekk út frá því, að bankavaxtabréfin væru þar niður í 90%, kæmi svo með bréf þessi í veðdeildina og borgaði skuld sína í bankavaxtabréfum. Það getur verið að útlendir menn geti spekulerað þannig, en þeir munu fáir hér innanlands, sem eiga fasteign er sé 10000 kr. virði, er þeir geti látið að veði, en hjá útlendingum strandar það á því, að þeir eiga ekki fasteign í landinu. Hinn h. þm. gleymir líka því, að ef vaxtabréfin seljast að eins á 90%, þá fær hann ekki nema 9000 kr. fyrir vaxtabréfin, sem hann fær til láns hjá veðdeildinni, og þá hefir hann engar 1000 kr. að leggja í skúffuna hjá sér, ef hann kaupir ný vaxtabréf fyrir 9000 kr.

Nú er mál þetta komið svo langt, að um annaðhvort er að gera, að samþykkja það eins og það liggur fyrir, eða fella það að öðrum kosti, en sé það felt, kvíði eg fyrir að heyra tón þann, sem kemur út um landið, þegar menn geta ekki innleyst lán þau, er þeir hafa í bankanum með stuttum afborgunartíma, því eg álít það helzta kostinn við veðdeildina, að menn, sem hafa lán með stuttum afborgunartíma, geti fengið önnur lán til lengri tíma. Eg get búist við því, að landssjóður segi upp töluverðu af fasteignalánum sínum og kaupi fyrir þau bankavaxtabréf og kemur þá nýr markaður fyrir þau, og þegar þar við bætast kgl. skuldabréf, innritunarskírteini og fé það, er sumir menn eiga í sparisjóðum, þá fer töluvert að saxast á bankavaxtabréfin.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Mig furðar á því, að h. þm. Vestm. (V. G.), sem er einn af nefndarmönnum, skuli nú koma fyrst með alls konar mótmæli við 3. umr., sem hann hefir ekki minst á með einu orði í nefndinni, slíkt gjöra ekki góðir samverkamenn, því hvað þýðir að koma með útásetningar nú, þegar engar brtill. liggja fyrir, annað en það, að reyna til að fella málið? Ef hann hefir haft nokkuð að athuga við frv., þá hefði hann átt að tala um það í nefndinni og koma með breytingartill. í tækan tíma.

Eg skal fyrst minnast á orð h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), þar sem hann sagði að það væri ekki rétt, að lána jafnt út á hús og jarðir. Þetta var upphaflega mismundi í stjórnarfrumvarpinu, en nú stendur ákvæðið þannig, að hér er ákveðið, hvað stjórn veðdeildarinnar megi lána mest út á hvað fyrir sig, hús eða jarðir, en þar með er ekki sagt að hún í hvert skifti skuli lána fullan helming virðingarverðs bæði út á hús og jarðir. Þetta ákvæði er því ekki bindandi fyrir stjórn veðdeildarinnar, það er á hennar valdi, hvort hún lánar helming út á jarðir og $^2/_5$ út á hús; sýnist henni rétt að lána út á helming fasteignarinnar getur hún gert það, en hún er ekki bundin því að mega ekki fara skemra, og því getur þetta ákvæði ekki orðið skaðlegt fyrir veðdeildina.

Hvað snertir ræðu h. þm. Vestm. (V. G.) þá talaði hann ýmislegt, sem lýsti tortrygni til fyrirtækisins og landsmanna, en mest gekk þó ræða hans út á það, að gera ástandið í landinu svo svart, sem mögulegt var, þar sem

hann gerir ráð fyrir því, að bankavaxtabréfin, sem eiga að geta 4½% í rentu, falli niður í 90%, og enginn kaupandi fáist að vaxtabréfunum. Eg hefi aðra von um framtíð landsins en þetta; eg álít að skuldabréf, sem geta 4½% rentu, geti ekki fallið svo langt niður. Það er einmitt ákvæðið í 11. gr. frv., þar sem svo stendur, að lántakendur megi greiða aukaafborganir upp í lán sín til bankans, »í bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra«. Þetta ákvæði styður að því, að halda verðinu uppi. Tilgáta þm. um, að bréfin mundu falla í 90% var ástæðulaus hrakspá, og ekki var betra dæmi það, sem hann tók til, að bankinn tapaði 1000 kr., ef hann þyrfti að kaupa eða taka upp í skuld vaxtabréf upp á 10,000 kr., sem ekki væru meira virði en 9,000 kr., því þótt bankinn sé skyldur til að taka 100 kr. bankavaxtabréf með ákvæðisverði, þótt það sé í minna verði manna á milli, þá er það enginn skaði fyrir bankann, því hann hefir selt bréfin upphaflega fyrir 100 kr. svo þó hann kaupi þau seinna fyrir 100 kr. þá hefir hann með því ekki lagt út í eyri meira fyrir þau en hann seldi þau upphaflega. Þetta eru því tómar grýlur, sem h. þm. Vestm. er að gjöra úr 9. og 11. gr. frv, annaðhvort til að villa sjónir fyrir öðrum eða af því, að hann skilur harla lítið í bankamálum.

H. þm, Vestm. (V. G.) hafði eftir mér orð af nefndarfundi, er eg átti að hafa sagt, og áttu að sýna, hvað ófært væri að hafa veðdeildina saman við bankann. En sú getur aldrei hafa verið mín meining, því það hefi eg aldrei hugsað, eða hvernig mundi þá veðdeildinni ganga að selja vaxtabréf sín, ef hún væri ekki sameinuð bankanum; ef hún væri sérstök stofnun, þá væri ekki hægt að skylda bankann til að selja þau, eða hafa peninga ætíð á reiðum höndum til að kaupa bréf hennar, né leggja kapp á að halda verðinu uppi.

Það hefir verið mikið talað um að þetta ½% gjald af upprunalegri upphæð vaxtabréfanna til varasjóðs og kostnaðar við veðdeildina sé of hátt gjald, og ósanngjarnt að taka jafn hátt gjald fyrst og seinast, því gjaldið ætti að minka eftir því sem meira borgast af láninu· En það kemur í sama stað niður, hvort gjald þetta væri fyrstu árin sett 1% og færi svo minkandi eftir því sem skuldin minkaði alt niður í 0% eða það er sett ½% að meðaltali fyrir allan lánstímann. Ef t. d. af hverju 1000 kr. láni þyrfti að greiða í 40 ár samtals 200 kr., sem svo gengur til kostnaðar við deildina og í varasjóð, þá kemur alveg í sama stað niður, hvort fyrri 20 árin væru greiddar 150 kr. og seinni 20 árin 50 kr., eða eins og ákveðið er í frv., að borgað sé jafnt á ári ½% eða 5 kr. jafnt í 40 ár. En þeir, sem þykir ½% of hátt gjald, geta huggað sig við það, að þá vex fljótar varasjóður veðdeildarinnar, en það styður að því, að halda vaxtabréfunum í hærra verði, og jafnframt minka ábyrgð landssjóðs. Mér finnast því allar aðfinningarnar, er gerðar hafa verið við frv., vera fremur grýlur, en að þær hafi verulega þýðingu.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal taka það fram viðvíkjandi 9. gr. frv., þar sem hæstv. landsh. sagði, að koma mætti svo miklu af bankavaxtabréfunum út hér á landi, og nefndi til þess einkum, að þeir, sem ættu kgl. ríkisskuldabréf, munda convertera þeim í bankavaxtabréf vegna þess, að þau gæfu hærri vexti. Það eru engar líkur til þess nú sem stendur, því ríkisskuldabréfin eru í svo lágu verði, að enginn mundi selja þau nú, nema hann sé neyddur til, þar sem líkindi eru

til að þau hækki brátt í verði, og því er ekki vert að byggja á því. Þá tók hæstv. landsh. fram, að bankavaxtabréfin mundu ekki lækka í verði á útlendum markaði, þegar þau gæfu 4½% rentu. En nú gerir stjórnin ráð fyrir að rentan af þeim sé ekki nema 4% og h. framsögum. (Tr. G.) hefir ótvíræðlega látið í ljósi hið sama (*Tr. Gunnarsson*: Nei), því að það yrði til að hækka alla vexti, og það hefir ekki lítið að segja þegar bankastjórinn sjálfur er á móti hækkun vaxtanna. En það mun sýna sig, að ómögulegt verður að halda vaxtabréfunum í ákvæðisverði með 4% rentu. Stjórnin segir og í athugasemdum sínum við frv., að renturnar þurfi að vera 4½% til þess að halda vaxtabréfunum nokkurn veginn í ákvæðisverði og er ekki ólíklegt, að stjórnin hafi haft fyrir sér álit manna, sem voru þessu eins vel kunnir og þeir, sem talað hafa um þetta hér í deildinni. Eg verð því að halda því föstu, að það séu engar líkur til, þó bankavaxtabréfin séu sett með 4½% rentu, sem h. framsögum. (Tr. G.) hefir nú reyndar á móti, að þau muni geta haldið ákvæðisverði heldur muni falla, það er ekki gott að vita hvað lágt. Eg veit til þess, að einn bankastjóri ytra, Glüchstadt, hefir lofað að selja bankavaxtabréfin ef til kæmi, eða að minsta kosti hafa þau á boðstólum, en hann hefir ekki viljað gefa neina tryggingu fyrir, með hvaða verði væri hægt að selja þau.

Þar sem h. framsm. (Tr. G.) tók fram, að það væri undarlegt, að eg kæmi með þessar athugasemdir nú við 3. umr., en hefði ekki komið með þær í nefndinni, þá hefi eg tekið þær allar fram í nefndinni. (*Klemens Jónsson*: Nei!), en eg var veikur, þegar málið var hér til 2. umr., og óskaði, að málið yrði tekið út af dagskrá, en háttv. framsm. (Tr. G.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) settu sig fast á móti því, og það væri þess vegna hart, ef eg mætti ekki koma með þessar athugasemdir nú, úr því eg hafði lögleg forföll við 2. umr.

Hæstv. landsh. hefir enn fremur tekið fram, að hann áliti, að veðdeildin gæti ekki gefið út ný vaxtabréf, þó hún hefði innleyst nokkuð af hinum eldri vaxtabréfum. og eftir hans skilningi á veðdeildin aldrei að geta gefið út vaxabréf nema fyrir 1200000 kr., og hætti þá er þau væru öll innleyst. En þetta getur varla verið rétt. Eg skil þetta svo, að veðdeildin megi ekki gefa út meira en 1200000 kr. vaxtabréf, en þegar lánin fara að borgast inn aftur, geti hún gefið út ný bréf, sem afborguninni nemur. Það er því alveg rétt, að þessi ½% af lánunum getur komið úr fleirum stöðum en einum, þegar fram í sækir.

Þar sem h. framsm. (Tr. G.) tók það fram, að það styddi að því að halda bankavaxtabréfunum í ákvæðisverði, að skuldir mætti borga inn í bankann með bankavaxtabréfum, þá er það ekki rétt, því þeir einir mega borga með þeim, sem hafa lánað þau. Hann talaði um að þau gætu komið til bankans. Þetta er ekki rétt, því þau geta að eins komið til veðdeildarinnar. Eg verð að álíta þetta ákvæði athugavert. Mín sannfæring er, að þó ekki sé eins mikil hætta að þessu frumv. og öðru frv., sem hér liggur fyrir deildinni um hækkun seðlafúlgunnar, þá verði þetta frv. þó meira til ills en góðs. Það getur að sönnu orðið bankanum til bjargar í bráð, en handa lántakendum verður það ekki til mikilla bóta, þar sem þeir verða að borga okurrentur af lánum sínum, og væri því máske réttast að fella það.

Forseti: Eg skal geta þess, að það

var eg sem forseti, er réði því, að málið var ekki tekið út af dagskrá, en einmitt vegna þess að h. þm. Vestm. hafði lögmæt forföll við 2. umr., hefi eg við þessa umr. ekki tekið fram í, þótt hann, sem reyndar fleiri h. þingdm., sem talað hafa, hafi farið nokkuð út yfir þau takmörk, sem þessari umr. annars eru sett.

Pétur Jónsson: Eg vil að eins gjöra stutta athugasemd við ræðu háttv. þm. Vestm. Hann hélt að þeir sem eiga konungleg veðskuldabréf mundu eigi selja þau, og kaupa bankavaxtabréf í staðinn, af því konungleg skuldabréf eru nú í svo lágu verði. En hann hefir vart athugað líkurnar í þessa átt nægilega. Eg geri ráð fyrir að konungleg skuldabréf sé nú í 90%. Kaupi eg nú 1000 kr. í bankavaxtabréfum fyrir seld ríkisskuldabréf þarf eg hér um bil 1100 kr., sem gefa af sér árlega kr. 38,50; en hin keyptu bankavaxtabréf gefa af sér, eftir því sem ráðgert er, 45 kr. árlega. Þetta vildi eg benda á til skýringar.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Þar sem h. þm. Vestm. hélt því fram, að vaxtabréf seldust fyrir neðan ákvæðisverð í útlöndum, þá er það rétt, eins og nú stendur, en hér er ekki ætlast til að vaxtabréf verði gefin út að eins fyrir stuttan tíma, hér er verið að búa til lög fyrir langa framtíð, og þess vegna rangt að semja þau eingöngu með tilliti til þess, hvernig augnabliksástandið er nú á Norðurlöndum, og auk þess verða þau aðallega notuð í landinu sjálfu. Þm. Vestm. sýnir mikinn ókunnugleik á þörfum landsins með því hvernig hann tekur í þetta mál, og reynir til að gjöra það tortryggilegt og vill eyðileggja það, þar sem landsmenn hafa ekki óskað neins fremur en að bætt yrði úr þeim peningavandræðum, sem nú eru. Stofnfé bankans er að eins 500,000 kr.; með svo litlu fé er ekki hægt að gjöra mikið; það fé, sem nú er helzt hægt að lána út, eru mest sparisjóðspeningar, sem viðsjált er að lána ofmikið af með 10 ára afborgun, því sparisjóðseigendur geta heimtað inneign sína með stuttum fyrirvara. Hvaða ráð sér hinn h. þm. til að landsmenn geti fengið svo mikið lán, sem þeir geta minst komist af með, ef honum tekst í dag að fella frumv.? Og hvaða ráð sér hann til að landsmenn geti fengið lán til langs tíma — 40 ára — nema með því að stofna veðdeild?

Eg viðurkenni að það var ósk *mín*, að vextir yrðu ekki hærri en 4%, en nú er rentan ákveðin 4½% og kostnaður ½%, og hafa engin mótmæli komið gegn þeirri rentu, svo alls verður kostnaðurinn aldrei hærri en 5%. Þar sem mönnum þykir 4½% há renta, skal eg geta þess, að nú er renta 6% í Danmörku og Noregi.

Hefði nokkurum dottið í hug í hitt eð fyrra að nefna hærri rentur en 4%, þá mundi það hafa verið kallað okurrenta. En eg sé ekki að það sé til neins að ræða þetta mál lengur, þar sem engar breyt.till. eru fyrir hendi, og vonandi að frumv. nái samþykki meiri hluta deildarmanna, þar sem það er eindregin vilji þjóðarinnar að þingið á einhvern hátt reyni til að greiða fram úr peningavandræðunum, og stuðli til þess, að lán fáist til lengri tíma en verið hefir.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr. á þgskj. 371 felld með 12 atkv. gegn 5.

Hinar aðrar ekki bornar upp.

Frumv. samþ. óbreytt með 17 samhlj. atkv. og sent aftur til Ed.

Breyting á bæjarstjórnartilsk. Reykjavíkur.

FRUMVARP til laga um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 (C. 81); 1. umr., 18. júlí.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Bæjarstjórnin hefir falið mér að flytja þetta mál inn á þingið.

Tilefni þess, að bæjarstjórnin óskar breytinga á bæjarstjórnartilskipuninni, er einkum fyrirkomulag byggingarnefndarinnar og samband hennar við bæjarstjórnina. Sömuleiðis það, að engin heilbrigðisnefnd er til í bænum, eða að minsta kosti vantar reglur fyrir skipun og verksviði reglulegrar heilbrigðisnefndar eða þrifnaðarnefndar. En jafnframt því, sem bæjarstjórnin vildi fara fram á þessar breytingar, vildi hún einnig nota tækifærið til þess að fara fram á aðrar fleiri breytingar, sem henni þóttu æskilegar.

Eg nefndi áðan sérstaklega byggingarnefndina. Ástandið nú er svo, að byggingarnefndin hefir á hendi ýms störf, sem beinlínis eru bæjarmál, t. d. hvar hús skuli setja og götur, og auð svæði í bænum. Þó er nefnd þessi alveg sjálfstæð nefnd, og bæjarstjórnin hefir ekkert yfir henni að segja. Bæjarstjórnin kýs að vísu 4 menn í hana, en hefir að öðru leyti ekkert yfir henni að segja, og getur ekki sett henni neinar reglur; yfirstjórnin yfir byggingarnefndinni er hjá amtmanni. Þetta fyrirkomulag er mjög óheppilegt, og það sýnir sig tíðara og tíðara, eftir því sem bærinn stækkar, að það kemur í bága við önnur bæjarins mál. Byggingarnefndin hefir t. d. ákveðið að reisa hús, þar sem bæjarstjórnin hefir ákveðið að leggja götu. Bæjarstjórnin á að hafa æðstu yfirráð yfir bæjarins málum, samkvæmt bæjarstjórnartilskipuninni 20. apríl 1872, því í 1. gr. segir að hún stjórni málefnum kaupstaðarins, en í reyndinni er þetta ekki svo, þar sem byggingarnefndin er óháð henni. Eg vona að h. þingd. sjái að hér er þörf á breytingu, og skil ekki að hún sjái neitt því til fyrirstöðu að láta hér að vilja bæjarstjórnarinnar, sem er í fullu samræmi við anda og hugsun 1. gr. tilskipunarinnar.

Hitt aðalatriðið, sem knúði bæjarstjórnina til að fara fram á þessar breytingar eru heilbrigðismál bæjarins. Bæjarstjórnartilskipunin gjörir að vísu ráð fyrir heilbrigðisnefnd í 16. gr., því þar segir, að bæjarstjórnin skuli kjósa 1 mann í heilbrigðisnefnd, en þar er ekki átt við reglulega heilbrigðisnefnd, heldur sóttvarnarnefnd. En brýnn þarfnast heilbrigðisnefndar eða þrifnaðarnefndar, til þess að koma lögun á þrifnaðar- og heilbrigðismál kaupstaðarins, þannig, að sú nefnd, sem aðrar bæjarmálanefndir, standi undir bæjarstjórninni, og er bæjarstjórninni það áhugamál, að þetta komist á sem fyrst, þar sem í ráði er að lögleiða reglugjörð um þrifnað og heilbrigðismál í bænum, en til þess þarf lagaheimild, ef í hana á að skipa menn utan bæjarstjórnar að nokkuru leyti, sérstaklega t. d. héraðslæknirinn.

Hinar aðrar breytingar, sem frv. fer fram á, eru ómerkilegar. 1. gr. frumv. fer að eins fram á það, að úrskurðum bæjarstjórnar eða fátækranefndar um synjun bæjarleyfis skuli skotið til landshöfðingja í stað amtmanns, eins og nú er reglan eftir tilsk. 26. maí 1863, og er sú breyting í samhljóðan við tilskipunina að öðru leyti, þar sem landshöfðingi annars er yfir bæjarstjórnina skipaður, en ekki amtmaður.

2. gr. frumv. er um stjórn hafnarmála. Reglugjörðin frá 15. maí 1856 er orðin svo úrelt, að ómögulegt er að

fiylgja henni. Þess vegna hefir verið sett hér inn í frv. ákvæði um, hvernig hafnarnefnd skuli skipa, og um reikningshald o. fl. Eg held að eg þurfi svo ekki að taka fleira fram, og vona að h. deild skiljist, að hér er að eins farið fram á breytingar, sem bærinn þarfnast, og sem verða að teljast eðlilegar og í samræmi við hugsun og anda bæjarstjórnartilskipunarinnar.

Að endingu vil eg geta þess, að þess hefir verið farið á leit við stjórnina, að hún legði fyrir þingið frumv. í þessa átt, en hún hefir ekki viljað það að svo stöddu. Sérstaklega þykir henni, að mér skilst, vikið of mjög frá því fyrirkomulagi, sem tíðkast í bæjum í Danmörku, og hefir því ekki viljað leggja sjálf frumv. fyrir þingið í þessa átt. Mér virðist þó eðlilegt að vér, sem höfum haft vor eigin bæjarstjórnarlög nú í 27 ár, og aðra yfirstjórn í bæjarmálefnum heldur en danskir kaupstaðir, getum verið komnir á nokkuð annan rekspöl í þessu efni en Danir, þó við höfum þá, fyrir 27 árum, haft sömu lög og þeir, svo að vér nú getum þarfnast eða ættum að mega fá nokkuð öðru vísi lög en þeir að einhverju leyti. Og víst er það, að Reykjavík hefir að eins þózt þurfa að fara hér eftir því, sem henni sjálfri kæmi bezt, og sem svaraði hennar þörfum.

Loks skal eg taka fram, að eg hefi talað við h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um þetta mál, og hefir hann látið í ljósi, að ef þessar breytingar kæmust á í Reykjavík, teldi hann æskilegt, að þær einnig væru lögleiddar á Akureyri, og ef til vill í hinum kaupstöðunum, en þó deildin vildi breyta frumv. eða bæta við það í þessa átt, vildi eg óska að málinu yrði nú þegar vísað til 2. umr., en hefi þá í hyggju að stinga upp á nefnd.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. (C. 81), 20. júlí.

Klemens Jónsson: Eg ætlaði mér að fara dálítið ítarlega út í þetta mál, þegar það væri hér til 2. umr., en þar eð fundurinn er orðinn nokkuð langur, þá sé eg mér það ekki fært. Aðalgallinn við frumv. er að minni meiningu sá, að það nær að eins til Reykjavíkur, en ekki til allra fjögra kaupstaða landsins, enda mun það, eftir því sem eg hefi heyrt, meðal annars hafa valdið því, að stjórnin vildi ekki leggja frumv. fyrir þingið. En eg álít að ýms ákvæði í frumv. ættu og að ná til hinna kaupstaðanna, t. d. Akureyrar, svo sem ákvæðið í 1. gr. frumv., um að bæjarstjórnin geti falið sérstakri fátækranefnd öll fátækramál bæjarins, því í lögum um bæjarstjórn á Akureyri, frá 8. okt. 1883, vantar leyfi til slíks með berum orðum, þó sagt sé í 2. gr. þeirra laga: »að bæjarstjórnin megi fela einum eða fleirum úr sínum flokki að framkvæma sérstök bæjarstörf, eftir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sér saman um«, en grein þessi nefnir ekki sérstaklega fátækranefnd, og hún er hvergi heldur annarsstaðar berlega nefnd í lögunum, þó þar sé talað um ýmsar sérstakar nefndir og kosningu í þær, og þar af leiðir, að ekki mun vera sérstök heimild til að hafa sérstaka fátækrastjórn þar. Reyndar hefir þetta ekki gert mikið óhapp enn, en eftir því sem bærinn þar vex, og hann fer óðum vaxandi, má búast við því, að meira verði þar af fátæklingum, og nú er þar orðið um 1000 manns, og þá fer heldur að verða nauðsyn á sérstakri fátækrastjórn, sérstaklega fátækrafulltrúum, sem þar eru óþektir með öllu. Þá er og farið fram á, að bæjarstjórn-

in skuli hafa á hendi stjórn byggingarmála, en amtmaður eigi hafa meiri afskifti af þeim, líkt og á sér stað á Ísafirði og Seyðisfirði, en í Reykjavík og á Akureyri heyra slík mál undir hlutaðeigandi amtmenn, en slíkt er ekki álitið að vera í samræmi við stjórn bæjarmála að öðru leyti.

Enn eru í frumv. ákvæði um að bæjarstjórnin hafi á hendi öll hafnarmál, og um þrifnaðarmál og heilbrigðismál. Í lögum um bæjarstjórn á Akureyri er þess ekki getið, að stjórn hafnarsjóðsins þar heyri undir bæjarstjórnina. Að sönnu stendur það í reglugjörð bæjarins, en vafasamt er, hvort slíkt er lögmætt, úr því það stendur ekki í lögunum sjálfum.

Mér finst því að slíkt ákvæði þyrfti einnig að ná til Akureyrarkaupstaðar, og leyfi eg mér því að stinga upp á að 3 manna nefnd verði kosin í málið til að athuga, hvort ákvæði þess eigi ekki einnig að ná til Akureyrar og jafnvel líka hinna kaupstaðanna.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ.

Kosnir voru:

Jón Jensson með 20 atkv.,
Klemens Jónsson með 19 atkv.,
Skúli Thoroddsen með 17. atkv.

2. umr. frestað.

Framh. 2. umr. (C. 81, 250), 5. ágúst.

Guðlaugur Guðmundsson: Mig langar að eins til að spyrja hæstv. landsh., viðvíkjandi 3. gr. frv., hvort hún geti ekki orðið því til fyrirstöðu, að frumv. öðlaðist staðfestingu, þar sem byggingarnefnd kaupstaðarins er gjörð að undirmanni bæjarstjórnarinnar, en byggingarnefndin þarf að hafa tekniska kunnáttu, svo til hennar útheimtast því önnur hæfileikaskilyrði en bæjarstjórnarinnar. Aftur er yfirumsjón amtmanns því til tryggingar, að hún skerði ekki rétt einstakra manna. Eg hefi fyrir satt, að þessu sé öðruvísi fyrirkomið í Danmörku, og álít því atriðið íhugunarvert.

Landshöfðingi: Það er rétt athugað hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að fyrirkomulagið á afstöðu byggingarnefndarinnar við bæjarstjórnina, eins og það er ákveðið í 3. gr. þessa frumv., er ekki hið sama og nú gildir í Danmörku, því að þar munu vera lík ákvæði um afstöðu þessara nefnda, hvorrar til annarar, og nú gilda hér í Reykjavík samkvæmt opnu bréfi 29 maí 1839.

Það helzta, sem bæjarstjórninni gengur til að fá breytingu á þessu fyrirkomulagi, mun hafa verið, að hún vildi hafa hönd í bagga með, hvernig lóðir eru mældar út, einkum utan hinnar eiginlegu kaupstaðarlóðar, en hún hefir yfirráð yfir öllum lóðum bæjarins. Eg sé heldur ekki neitt á móti því, að þar sem í byggingarnefndinni eru að sjálfsögðu menn úr bæjarstjórninni og 2—3 aðrir, þá liggi gjörðir hennar undir úrskurð bæjarstjórnarinnar, því það er eðlilegt, að bæjarstjórnin sé hinn æðri liður eins yfir byggingarmálum sem öðrum málefnum bæjarins.

Að byggingarn. í kaupstöðum repræsenteri sérstaklega byggingarfræðislega þekkingu, held eg ekki að verði haldið fram, því þegar bæjarstjórnin kýs í byggingarnefnd, mun hún ekki haga kosningunni eingöngu eftir þekkingu sinni á því, hvort þeir menn, er hún kýs, hafi sérstaklega byggingarkunnáttu, enda mun hún, ef til vill, ekki ávalt eiga völ á mönnum til að skipa í byggingarnefnd, er séu sérstaklega byggingarfróðir; en að því er yfirúrskurð á byggingarmálum snertir, þá

held eg að engin hætta sé í því, að bæjarstjórnin hafi hana á hendi í amtmanns stað.

Bæjarstjórninni þykir óviðkunnanlegt, að þar sem hún stendur jafnhliða amtsráðinu í stjórn sveitamálefna, þá skuli ekki allar gjörðir hennar heyra beint undir landshöfðingja, eins og gjörðir amtsráðanna, og því er tilgangur hennar, að allar nefndir, er fjalla um málefni bæjarins, standi undir bæjarstjórninni, og úrskurðir hennar þar á eftir undir landshöfðingja, og að staða hafnarnefndarinnar og byggingarn. sé að þessu leyti hin sama sem staða fátækranefndarinnar og heilbrigðisnefndarinnar.

Hins vegar er óheppilegt, að frumv. er svo úr garði gjört, að það nær ekki til hinna kaupstaðanna, heldur að eins til Reykjavíkur, því ýms ákvæði í því eru þannig, að þau ættu fult eins vel við hina kaupstaðina; en eins og tekið er fram í nefndarálitinu var ekki hægt að leita álits bæjarstjórnanna í hinum kaupstöðunum um málið, og því hefir nefndin ekki viljað ráða til að frumv. sé látið ná til þeirra, þar sem ekki hefir verið leitað samþykkis þeirra, en það sem stjórninni gekk til að vilja ekki leggja frumv. þetta fyrir þingið, samkv. tilmælum bæjarstjórnarinnar hér, var meðal annars það, að hún vildi láta frv. einnig ná til hinna kaupstaðanna.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Það gladdi mig að heyra, að hæstv. landsh. lítur svo á, að ákvæðið um byggingarnefndina muni ekki verða frumv. að falli. Hann tók það fram, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) spurði hann um, viðvíkjandi tekniskri þekkingu byggingarnefndarinnar, að kunnátta hennar væri ekki svo mikil, að ekki væri óhætt fyrir það, að láta bæjarstjórnina hafa yfirstjórnina, en eg skildi h. þm V.-Sk. (Guðl. G.) svo, sem það væri ófært að láta bæjarstjórnina hafa yfirstjórn yfir byggingarnefndinni, vegna þess, að bæjarstjórnina vantaði tekniska kunnáttu til að dæma um það, er að byggingum lýtur. En sé slík þekking álitin nauðsynleg, þá er bæjarstjórninni trúandi til að leita upplýsinga til þeirra, er slíka kunnáttu hafa, og sömuleiðis auðvelt að gjöra það.

Hæstv. landsh. tók fram, að það væri óhyggilegt, að frumv. næði ekki einnig til hinna kaupstaðanna, en eins og n. hefir tekið fram í nefndarálitinu, var ekki hægt að leita umsagnar hinna kaupstaðanna um frumv. og ekki gjörandi að taka þá með, án þess leitað væri álits þeirra, og þó þeir hefðu óskað þessara breytinga, mundi hafa þurft sérstakt frumv. fyrir þá.

Þar sem hæstv. landsh. gat þess, að ákvæðin í 1. gr. frumv. um fátækranefndina mundi ef til vill verða frumv. að fótakefli, þá skal eg játa, að eg vildi upprunalega ekki setja þá breytingu í frumv., eða áleit hana ekki nauðsynlega, en bæjarstjórnin vildi hafa hana, og því er hún tekin með, en þó að breytingin að mínu áliti sé óþörf, þá er hún líka mjög meinlítil, og mér þækti mjög merkilegt, ef svo lítið og þýðingarlítið atriði væri látið fella frá staðfestingu þetta frumv., sem svo mikil bót er í að ýmsu öðru leyti.

Klemens Jónsson: Eg stak upp á nefnd í þessu máli við 1. umr. þess hér í deildinni, af því eg áleit, að lög þessi gætu orðið til stórra bóta bæði fyrir Reykjavík og hina aðra kaupstaði landsins; en við nánari íhugun sáum vér nefndarmenn oss eigi fært að hlutast til um, að þessi lög verði að sinni látin ná lengra en til Reykjavíkurkaupstaðar eins, meðan ekki hefir verið leitað álits hinna annara kaupstaða um málið, og það því fremur, sem eigi var einusinni hægt að þessu sinni að hafa tal af neinum manni, sem væri nákunnug-

ur í einum kaupst. (Seyðisf). Reyndar er eg ekki samþykkur h. framsögum. um það, að þingið geti eigi samþykt þessi lög fyrir alla kaupstaði landsins, heldur þurfi til þess sérstök lög fyrir hvern kaupstað, en oss þótti óviðkunnanlegt að fara að samþykkja breytingar á lögum, án þess að hlutaðeigandi bæjarstjórnir hafi einu sinni átt kost á að segja álit sitt um breytingarnar, en eg ætlast til, og það er von mín, að stjórnin leiti álits hinna annara bæjarstjórna um þetta frumv., og undirbúi það til næsta þings, hvort sem henni sýnist að taka tillit til Reykjavíkur einnar, eða hinna kaupstaðanna líka. Annars hefi eg ekkert við þetta mál að athuga.

ATKVGR.:

1.	gr.	samþ.	með	16	samhlj	atkv.
2.	—	—	—	17	—	—
3.	—	—	—	18	—	—
4.	—	—	—	18	—	—
5.	—	—	—	17	—	—
6.	—	—	—	17	—	—

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 81), 7. ágúst.

Frv. var sþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt. til Ed.

Fjáraukalög 1898 og 1899.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899; 1. umr., 4. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað eftir uppástungu þm. V.-Sk. (Guðl. G.) í e. hljóði til fjárlaganefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 143), 22. júlí.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eg sé ekki brýna ástæðu til að fara að halda langa ræðu að þessu sinni.

H. deild hefir haft færi á að kynna sér álit nefndarinnar, og ætla eg að það lýsi nægilega sjónarmiði hennar. Við 2. umr. gefst og kostur á að ræða um hina einstöku liði frumv., bæði þá sem voru í hinu upphaflega frumv. stjórnarinnar, og eins það, sem nefndin hefir bætt við.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. (C. 143), 26. júlí.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frumv., heldað eins drepa á einstaka atriði, enda býst eg við að mönnum komi betur, að ekki verði langar umr. úr þessu. — Það er þá fyrst viðvíkjandi 2. gr., að nefndin leggur til að samþykkja hana óbreytta, enda þótt það að vísu sé leiðinlegt að þurfa að bæta þessum útgjaldalið við. Það var rætt um þessa húsbygging handa vitaverði á þingi 1897, og átti hún þá að kosta 2000 kr. Það var felt við 2. umr. þá, en svo við 3. umr. var samþykt að veita 1500 kr. Eg álít, að sú upphæð hefði átt að nægja, og að hægt hefði verið að búa svo um, að hún væri nægileg. En nú sjáum við, að ekki einungis sú upphæð, heldur einnig hin upphaflega (2000) hefir reynst ónóg, og að meira fé þarf. Eg verð að vera þeirrar skoðunar enn, að 1500 kr. hefði getað verið nægilegt. Við vitum, að það er mörg góð fjölskylda hér á landi, sem verður að sætta sig við lakari húsakynni, en hægt er að fá fyrir 1500 kr., og það eru líklega ekki margir landsetar landssjóðsins sjálfs, sem hafa svo dýr húsakynni. En við því er ekki hægt að gjöra, það er komið sem komið er, og eg get því

ekki annað en lagt það til, að greinin verði samþ.

Viðvíkjandi 3. gr. finn eg heldur ekki ástæðu til að fjölyrða. Sjónarmið nefndarinnar er tekið fram í nefndarálitinu, en þessi aukafjárveiting til flutningabrautar frá Ölfusá og niður á Eyrarbakka verður að álítast nauðsynleg, þar eð vegurinn kæmi ekki að tilætluðu gagni ella. Þessi aukafjárveiting kemur, eins og svo margar aðrar, af því, að áætlanirnar eru svo óáreiðanlegar. Það er merkilegt, já nærri óskiljanlegt, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að akbrautarspotti, sem liggur yfir sléttlendi, og ekki er lengri en þessi, frá Ölfusá og niður á Eyrarbakka, skuli kosta 39 þús. kr. Þá vil eg geta þess, að ódýrari er hver faðmurinn í akbrautinni um Eyjafjörð, sem þó hefir hneykslað svo marga. En það má segja hér, eins og um 2. gr., að það verður að sitja við það, sem komið er.

Aftur á móti hefir nefndin með ánægju lagt til að hækka 2. lið 3. gr. upp um 50 kr., því þegar embættismenn taka sig fram um eitthvað jafnþarflegt, og ekki kostnaðarmeira, þá er það þakkarvert.

Þá kemur nýtt ákvæði við 3. gr. um fjárveitingu til að fullgera veg í Austur-Skaftafellssýslu. Það hefir víst vakað fyrir mörgum, að hin upphaflega fjárveiting, sú er síðasta þing veitti, mundi nægja, en þess ber þó að gæta, að áætlun var ekki til síðast, og því fer hér eins og oftar, þar sem annaðhvort er engin áætlun til, eða þá svo óáreiðanleg, að hún aldrei stendur heima. Vildi eg óska, að slíkt kæmi ekki oft fyrir. Það sem kom nefndinni til að mæla með þessari fjárveitingu er það, að hún álítur nauðsynlegt að fá þenna veg. Hann er mjög tíðfarinn og liggur að þeim eina kaupstað, sem er í þessari sýslu. Austur-Skaftafellssýsla hefir heldur ekki hingað til orðið svo mikils fjárstyrks aðnjótandi.

Um hina síðustu athugasemd nefndarinnar álit eg ekki þörf að ræða neitt verulega, en ímynda mér að nefndin muni síðar taka það atriði til yfirvegunar, og ef til vill gera till. eftir þeim upplýsingum, sem væntanlega koma fram við umræðurnar.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér, út af ræðu h. framsm. (J. J., þm. Eyf.), að fara nokkurum orðum um tvo liði í þessu máli.

Það er þá fyrst viðvíkjandi 2. gr. um húsbyggingu handa vitaverði, að þá er það rétt, sem hann sagði. En þegar átti að fara að brúka þessa peninga, þá var auglýst, að þetta hús ætti að byggja og til þess væru veittar 1500 kr., og jafnframt skorað á smiði að koma fram með tilboð, en enginn vildi sinna því. En af því að vitavörður þurfti skýli, sem hann þó gæti verið í næsta vetur, þá neyddist vitastjórnin til að semja við mann um smíðið. En til þess að það gæti orðið boðlegt, þurfti 700 kr. í viðbót, og það er gott að nefndin vill samþykkja þá fjárveitingu og álít eg það fullkomlega rétt. Mér þykir leitt, að h. 1. G.-K. (Þ. Th.) er ekki viðstaddur, því hann mundi geta upplýst, að húsið er illa viðunandi eins og það er nú, og að það er naumast, að landsstjórnin geti álitið það boðlegt.

Hvað viðvíkur flutningabrautinni frá Selfossi niður á Eyrarbakka, þá kom engin beiðni frá stjórninni i þá átt 1897, heldur kom beiðni frá sýslunefndinni í Árnessýslu um fé til þessa vegar. Að sönnu kom einnig áætlun um kostnaðinn, en með öllu óáreiðanleg, enda er erfitt að búa til góða og nákvæma áætlun yfir slíka vegi. Það er auðvitað satt, sem h framsm. (J. J., 2. þm. Eyf.) tók fram, að vegur þessi liggur yfir

sléttlendi, en það sléttlendi má heita eitt kviksyndi, flóar og fen. Þar við bætist að ekki nokkur steinn er þar nálægt, heldur verður að flytja alt grjót langt að, og verður vegurinn fyrir það talsvert dýrari.

Kostnaðurinn óx líka við það, að þegar ákveðið var að veginn skyldi leggja, þá var fyrst meiningin að leggja hann beint frá Selfossi og niður á Eyrbakka, en þá reis sýslunefndin upp og neitaði að leggja til þær 12,000 kr., sem hún hafði boðið fram, nema því að eins að vegurinn yrði lagður svo, að hægt væri að leggja álmu út frá honum til Stokkseyrar. Við þetta varð vegurinn að sjálfsögðu talsvert dýrari, en það hefir líka þann kost, að nú gerir hann gagn fyrir tvö kauptún, þar sem hann annars hefði ekki orðið nema einu að gagni, ef hann hefði legið beint til Eyrarbakka.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Þrátt fyrir ræðu hæstv. landsh. verð eg enn að halda því fram, að hægt hefði verið að byggja sæmilegt hús fyrir 1500 kr., og þegar einu sinni er búið að veita einhverja fjárupphæð, þá á hún helzt að standa. Og eg get ekki skilið, að ekki megi eins fá tilboð um að smíða hús fyrir 1500 kr. eins og fyrir 2000 kr., að eins það, að húsið yrði minna, nema þá að því ættu að fylgja einhverjir sérstakir kostir. Eg held líka, að landsstjórnin hefði eins getað með samningi við einhvern látið byggja það fyrir þessa upphæð, úr því enginn gjörði tilboð.

Út af orðum hæstv. landsh. að vegurinn frá Ölfusá sé bæði fallegri og gagnlegri fyrir það að hann nú liggur til tveggja kauptúna, þá skal eg ekki neita því, að það mælir með honum, að nú hafa tvö kauptún gagn af honum, en kostnað þann, sem af því leiddi, hefði sýslufélagið átt að borga en ekki landssjóður, og sýnist mér vera full ástæða til að finna að þessari ráðstöfun.

ATKVGR.:

2. gr. frumv. samþykt með 18. atkvæðum.

1. liður 3. gr. frumv. samþ. með 17 atkvæðum.

Brtill. við 2. lið 3. gr. samþ. með 20 samhljóða atkv.

Viðaukatillaga við 3. gr. samþ. með 20 atkv.

3. gr. frv. með breyt. samþ. í einu hljóði.

4. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.

1. gr. með sjálfs. breyt. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. (C. 217) 28. júlí.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt með 18 samhlj. atkvæðum og verður sent Ed

Ein umr. (C. 328, 361, 373); 12. ágúst.

Pétur Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma með brtill. á þingskj. 361, og ímynda eg mér að háttv. þm. viti hvernig á henni stendur, því þetta atriði kom fram við umræðurnar hér í deildinni. En eg skal skýra þetta nánar. Eins og menn muna, voru Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum veittar 1200 kr. á þinginu 1895, til þess að flytja tóvinnuvélar sínar til Húsavíkur. En með því að margir munu vera farnir að ryðga í þessu, skal eg með leyfi forseta lesa upp kafla úr ræðu, sem eg hélt um þetta mál þá, því það getur skýrt fyrir mönnum hvernig málið blasti þá við.

»Af þessum orsökum er það fyrst og fremst, að eg hefi sótt um styrk til þessa fyrirtækis, bæði að veitt verði lán til tóvinnuvélanna, og að Magnús

Þórarinsson fái auk þess sérstakan styrk. Því eg vissi, að Magnús hafði beðið um 25,000 kr. lán, sem veitt væri rentulaust í 5 ár. Fjárlaganefndin sá sér ekki fært að veita lánið rentulaust, og því hvarf eg frá að fara fram á það frekara, en áleit, að ef Magnús Þórarinsson yrði við fyrirtækið framvegis, og það liði eigi undir lok, þá mundi styrkveitingin verða til þess, að minka fjárhagshalla hans, sem leiðir af flutningi vélanna á annan stað.

Að sönnu er eg sannfærður um, að þessar 1200 kr. nægja honum ekki, en eg ímynda mér, að með aðstoð góðra manna muni þær þó verða til þess, að fyrir þær geti hann þó haldið frekara áfram en annars.

Það stóð svo illa á með þessa lánbeiðni, að sýslunefndarfundur í Suður-Þingeyjarsýslu var ekki haldinn eftir að lánbeiðnin kom til tals, og vegna þess er ekki víst, hvort sýslunefndin vill ábyrgjast lánið, en vegna þess, að fyrirtækið er bæði Magnúsi Þórarinssyni og héraðsbúum áhugamál, eru líkur fyrir, að hann muni taka lánið, ef sýslunefndin ábyrgist, enda hefir hún nokkura tryggingu fyrir láninu í fyrirtækinu sjálfu«.

Eg vildi geta þess hvernig afstaða sýslunefndarinnar var gagnvart þessari styrkveitingu, en það var ekki haldinn sýslunefndarfundur áður en eg reið til þings. Magnús hafði ástæðu til að halda, að sýslunefndin myndi styrkja hann til að flytja vélarnar, en þegar til kom treysti hún sér ekki til að leggja út í fyrirtækið. Svo rétt eftir nýár fær Magnús þessar 1200 krón. fyrir tilstyrk eða milligöngu sýslumanns, og var þá ekki kominn tími til að hann uppfylti skilyrði þau, er sett voru, því fundur sýslunefndar var eigi fyr en síðar. — Það verður þess vegna ekki gengið að sýslunefndinni, þegar farið verður að krefja inn þessar 1200 krón., heldur að líkindum að Magnúsi Þórarinssyni. — En það væri til stór hnekkis fyrir hann að þurfa að borga þetta fé, því hann á í vök að verjast. Menn kunna að segja, að hér beri ekki að líta á annað en það, sem lögin heimta, en mér finst einnig megi líta á fyrirtækið.

Magnús Þórarinsson varð fyrstur til að byrja með tóvinnuvélar og barðist fyrir því af öllum mætti. Þess vegna lagði hann alt fé sitt og krafta í sölurnar fyrir þetta fyrirtæki. En sökum þess að fyrirtækið var nýtt og óþekt, og menn höfðu ekki lag á að færa sér það í nyt, borgaði það sig eigi, og gat eigi borið sig framar. Þetta var nefnilega fyrsta sporið í þá átt, sem menn vilja fara nú, og hin háttv. deild er nærri sammála um að fylgja nú í stærri stíl.

Fyrstu árin tapaði Magnús svo á fyrirtækinu, að hann komst í fjárþröng, og átti af þeim sökum einnig örðugt, en þegar hann fekk þessa peninga, liðkaðist nokkuð um. Hann hefir nú bætt við nýju vatnshjóli og aukið vatnið nægilega, en áður var það of lítið. — Þannig hefir fé þetta komið að notum, og nú borgar fyrirtækið sig svo, að Magnús sjálfur lifir á því, þó af skornum skamti sé.

Það er þess vegna uppástunga mín, að Magnúsi verði nú veittar þessar 1200 krónur skilyrðislaust, í stað þess, að honum áður voru veittar þær með skilyrði, sem hann gat ekki uppfylt. — Ef þessa fjár verður krafist af honum nú, verður það til þess að setja fyrirtækið um koll, og eg vona því, að h. deild vilji ekki til þess stuðla, og taki vel undir uppástungu mína.

Ef háttv. þingm. óska nánari skýringa, er eg fús á að gefa þær.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eg skal ekki verða langorður; nefndin hefir lagt það til, að frumv. verði samþykt eins og það kom frá háttv. efri deild.

Hvað viðvíkur þessari einu viðaukatillögu um að verja 200 kr. til að gera við flóðgarð til að verja engi og tún á Höfða í Skagafirði fyrir skemdum af Höfðaá, get eg fullyrt, að það er fullkomlega nauðsynlegt.

Að eins skal eg geta þess, að við þetta er það að athuga, að ekki er víst, að flóðgarðurinn geti fyrirbygt, að engið eyðileggist. Skoðunarmennirnir voru ekki fullvissir um það.

Um breyt.till. háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) skal eg ekki tala mikið, en að eins geta þess, að meiri hluti nefndarinnar er henni ekki samþykkur.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þingskj. 361 samþ. með 12 : 4 atkv.

Frumv. þannig breytt verður endursent háttv. efri deild.

Samþykt landsreikninga 1896 og 1897.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1896 og 1897; 1. umr., 4. júlí.

Þingm. V.-Skaftf. (Guðl. G.) stakk upp á, að skipuð væri 3 manna nefnd, og var það samþykt í einu hljóði.

Kosnir voru:

Ólafur Briem	með 20 atkv.
Einar Jónsson	— 19 —
Guðlaugur Guðmundsson	— 15 —

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 203, 204); 27. júlí.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eg skal fyrir nefndarinnar hönd geta þess, að hún hefir hugsað sér að koma fram með breyt.till. aðra en þá, sem tekin er fram í nefndarálitinu. Því að síðan álitsskjalið var samið, hefir nú nefndin komist að því, að styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvélar á Húsavík, sem veittur var á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, að upphæð 1200 kr., hefir verið borgaður út, án þess að því fé hafi verið varið til þess augnamiðs, sem til var ætlast, og meðan svo stæði, áleit nefndin rétt að samþykkja ekki þessa útborgun.

Enn fremur skal eg geta þess, að nefndin hefir í áliti sínu um athuga semdir yfirskoðunarmannanna við landsreikningana 1896 og 1897, 13. grein 2. tölul. og 16. grein 2. tölul., minst á tvö atriði, sem hún vildi ekki láta óhreyft, án þess þó að hún fyndi ástæðu til að koma fram með sérstakar tillögur í þá átt.

Annað er viðvíkjandi landshagsskýrslunum. Nefndin fann að vísu ekki ástæðu til að koma fram með tillögu til þingsályktunar um, að þær væru gefnar út sem sérstakt rit, með því að henni fanst það atriði ekki svo þýðingarmikið, en á hinn bóginn væri æskilegt, að landshagsskýrslurnar væru til sölu sérstaklega, og ekki eingöngu útbýtt meðal þeirra manna, sem héldu stjórnartíðindin.

Hin athugasemdin var viðvíkjandi kaupum á áhöldum til vegagjörða, sem landssjóður kostar. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna álíta réttast, að verkfræðingur landsins hafi það starf á hendi, að annast allar pantanir á vegabótaáhöldum fyrir landssjóðinn. — Jafnvel þó nefndin sé í vafa um, hvort þetta verði til beinna hagsmuna fyrir landssjóð, getur hún gjarnan viðurkent, að það fyrirkomulag sé í sjálfu sér eðlilegast, og vill beina því til hæstv.

landsh., hvort hann ekki vildi sjá um þetta.

Landshöfðingi: Út af orðum háttv. framsögum. (Ól. Br.) skal eg leyfa mér að taka það fram, að eg er alls ekki á móti því, að landshagsskýrslurnar séu seldar sem sérstakt rit, en eg álít þá réttast, að þingið ákveði verðið eða feli stjórninni það.

Annars get eg fyrir mitt leyti ekki álitið þetta svo þýðingarmikla breytingu, þar sem skýrslurnar eru nú gefnar út með sérstöku titilblaði og allir eiga þó víst heimting á að fá þær, sem fá stjórnartíðindin, eða svo skilst mér.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að verkfræðingurinn útvegi öll verkfæri og áhöld til landssjóðsvegagjörða, þá er eg í sjálfu sér ekki á móti því, en þingið verður þá að sæta því, ef kostnaðurinn við verkfærakaup verður nokkuð hærri en nú er, þar sem mest af verkfærunum nú er pantað beint frá verksmiðjunum af mönnum, sem hafa all-mikil viðskifti við þær.

Frumv. var síðan vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr. (C. 203, 204, 226); 5. ágúst.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Landsreikninganefndin hefir leyft sér að koma fram með tvær breytingartill. Önnur þeirra stendur í nefndarálitinu (þingskj. 204) og fer fram á að hækka tekjueftirstöðvar landssjóðs $^{31}/_{12}$ '97 um 1 kr. 9 aura. Hin tillagan (þingskjal 226) gengur út á að lækka útgjaldaliðinn II, 6, c um 1200 krónur. Eg gat þess þegar við 1. umræðu, að eg mundi koma með þessa breytingartill. Upphæð sú, er hér ræðir um, er styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvélar á Húsavík, sem hefir verið útborgaður úr landssjóði, en ekki notaður til hins ákveðna augnamiðs. Afleiðingin af þessu hlýtur að verða sú, að annaðhvort verði upphæðin endurborguð eða fénu sé varið samkvæmt tilganginum, nema því að eins að féð verði veitt að nýju, án þess skilyrðinu sé haldið, en nú liggur ekki fyrir nein tillaga í þá átt. Af vangá hafa skotist inn í breyt.till. orðin »eignir viðlagasjóðs«, og eiga þau eðlilega að falla burt.

Eins og sést á nefndarálitinu er nokkur munur á hinum virkilega peningaforða landssjóðs og hinum reikningslega í frumv. Skekkju þessa verður að athuga nákvæmlega af hlutaðeigendum, svo komist verði fyrir, af hverju hún stafar, og hægt sé að leiðrétta hana, en meðan það er ógert, virðist engin ástæða til að treysta hinum reikningslega peningaforða á landsreikningnum. Hefi eg svo ekki fleira að athuga.

Landshöfðingi: Breyt.till. þær og uppástungur, sem komnar eru frá nefndinni, eru á góðum rökum bygðar; get eg vel fallist á þær, og gjöri ráð fyrir, að þær verði teknar til greina. Mismunurinn milli hins reikningslega peningaforða og peningaforðans eins og hann er í raun og veru hefir verið rannsakaður af hinum umboðslega endurskoðanda, en honum hefir enn ekki tekist að komast fyrir, hvaðan hann stafar. Eg er því samþykkur, að ekki sé gjörð breyting á hinum reikningslega peningaforða, fyr en þetta er upplýst.

Háttv. nefnd finnur að því, að eign landssjóðs í aðal-fjárhirzlu ríkisins hafi ekki verið gjörð arðberandi, en þess ber að geta, að mikið af henni hefir verið brúkað á árinu 1898, og að nú eru eftir af henni einar 25 þúsund kr.,

svo ekki hefði verið gott, að festa þetta fé.

Viðvíkjandi eign landssjóðs á hlaupareikningi í landsbankanum, skal eg geta þess, að það hefir þótt óhentugt, að leggja féð inn með sparisjóðskjörum, þar eð það fengist þá ekki útborgað nema með þeim vanalega uppsagnarfresti, og landsbankinn hefði trauðlega viljað taka svo mikið fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum. Það hefir þótt þægilegast fyrir báða hlutaðeigendur, að láta féð á hlaupareikning. Nú er líka útlit fyrir, að landssjóður á næsta fjárhagstímabili þurfi að taka það til sín aftur.

ATKV.GR. fór þannig:

Tekjur 1—22. samþ. í einu hlj.

Gjöld 1—6. A og B samþykt með 19 atkv.

Breyt.till. við 6 C á þingskjali 226 samþ. með 16 atkv.

C breytt og liðirnir 7—11 samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á 204 síðast í nefndarál. samþ. með 18 atkv.

Athugas. aftan við gjaldaliðinn, þannig breytt, allar 4 línurnar samþyktar með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 312) 7. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. og verður sent forseta Ed.

Fjáraukalög 1896 og 1897.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897; 1. umr., 4. júlí.

Eftir uppástungu h. þm. V.Sk. (Guðl. G.) var málinu í e. hlj. vísað til reikningslaganefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., (C. 205); 27. júlí.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og sjá má á frumv., er aðalupphæð þeirra fjárveitinga, sem þar er farið fram á, rúm 16 þús. kr., en nefndin hefir komið fram með viðaukatillögur, sem nema alls tæpum 6 þús. kr. Meira en helmingur af allri upphæðinni gengur til vegabóta og brúargerða, sem sé rúm 12 þús. kr., og að öðru leyti mest alt til samgöngubóta, til póstmála yfir 7 þús. kr. og til vita fast að 2 þús kr. Þessar miklu umframgreiðslur stafa einkum af því, að áætlanir þær, sem gerðar hafa verið, hafa ekki verið svo nákvæmar, sem æskilegt væri, og að því er snertir vegagerðir, hefir það líka stundum fyrst komið fram eftir að búið var að ráðstafa öllu vegabótafénu, að nauðsynlegt hefir orðið að leggja veg á sérstökum stað, þar sem vegur ekki hefir verið áður. Að öðru leyti hefi eg ekki frekar neinu við þetta mál að bæta.

ATKV.GR.: Frumv. var síðan vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., (C. 205); 5. ágúst.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því landsreikningurinn og þau skjöl, sem honum fylgja, innihalda svo ítarlegar skýringar um öll þau atriði er koma til greina í frumv. þessu, og með því engin breyt.till. hefir komið fram, finn eg ekki ástæðu til, að svo stöddu, að fara frekari orðum um frumv.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 2. gr. á þgskj. 205 fyrri hl. við 9 f samþ. með 17 samhlj. atkv.

Síðari hluti við 10 a. samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. þá fallin.

3. gr. frumv. öll samþ. með 17 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 205, að við 3. gr. bætist nýr liður d, samþ. með 17 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

3. liður nefndarálitsins um brú á Blöndu samþ. með 16 samhlj. atkv. og verður það 5. gr.

1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., (C. 313); 7. ágúst

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hljóði og verður sent forseta Ed.

Breyting á horfellislögum 26. febr. 1898.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 5, 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum (C. 149); 1. umr., 22. júlí.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eg skal taka það fram, að nefndin við starf sitt hafði það hugfast, að með því horfellislögin frá 26. febr. 1898 eru svo ný, væri æskilegast að gera á þeim sem minstar breytingar. Það sem vakað hefir fyrir þeim, er fjallað hafa um þetta mál, er aðallega tvent. Annað það, að vernda skepnur gegn illri meðferð, og að því lúta einkum hegningarákvæði laganna. Þótt sum af þessum ákvæðum hafi orðið fyrir allhörðum dómum, þá vildi nefndin samt ekki koma fram með neinar breytingar á þeim. Hið annað, er vakað hefir fyrir þeim, er fluttu þetta mál á síðasta þingi, er að reyna að afstýra fjártjóni því, er hlýst af horfelli. Til þess að sporna við því eru einkum hinar fyrirskipuðu skoðunargjörðir; en hér hefir nefndin komið með breyt.till. Ef skoðanirnar eiga að hafa nokkura þýðingu, þá verða skoðunarmennirnir að vera vel valdir, þeir verða að vera búhygnir menn og mikils metnir, hafa gott vit á skepnum, og kunnir að því að fara sjálfir vel með skepnur. Þeir þurfa að vera fyrir öðrum, og geta kent þeim, til þess að menn beri traust til þeirra. Lögin frá 26. febr. 1898 standa svo af sér, að þau útiloka þetta, þar sem þau ákveða að hreppstjóri skuli vera sjálfkjörinn skoðunarmaður. En hreppstjórinn getur vel verið maður, sem ekkert vit hefir á að dæma um þetta, og sömuleiðis getur bæði heilsubrestur og elli tálmað honum frá löngum ferðalögum. Það bæði hefir sýnt sig og sýnir, að þetta ákvæði spillir fyrir tilgangi laganna, og er það eitt nóg til að samþykkja þær breytingar, er frumv. þetta fer fram á. Annað er það sem okkur þykir athugavert í hinum eldri lögum, en það er skoðunartíminn, sem þar er fastákveðinn. Að minni ætlun væri það heppilegast þar sem 2 skoðanir fara fram, að fyrri skoðunin færi fram um það bil sem féð er tekið í hús, en hin síðari nokkru áður en fénu er slept út, en þetta er ekki bundið við neinn vissan tíma heldur fer eftir landsháttum og mismunandi tíðarfari. Þetta frumv. lýtur aðallega að því að bæta þessa 2 galla á hinum núgildandi lögum. Til þess að fullnægja tilganginum alveg þyrfti yfirgripsmiklar ákvarðanir t. d. um héraðasamþyktir, er nefndin hefir þó leitt hjá sér í þetta sinn, en nefndin áleit þó að þetta frumv. mundi geta orðið til nokkurra bóta.

Pétur Jónsson: Eg álít tillögur nefndarinnar sanngjarnar og held yfir höfuð að þær stefni í rétta átt. Að vísu hafði mér dottið í hug að heppilegast myndi, að veita sveitafélögum heimildarlög til þess að gera samþyktir um fjárskoðanir, og fella svo úr lögum þessum annað, er að slíkum skoðunum

lýtur. En eigi að síður get eg vel felt mig við þann veg, sem nefndin hefir valið. Það hefir margt, og sumt ófyrsynju, verið fundið að lögum þessum. En eg er á því að lögin hafi samt helzt til mikið orðið til þess að koma í bága við hin frjálsu samtök í ýmsum sveitum viðvíkjandi ásetningi, svo sem eru fjárræktarfélög og önnur samskonar samtök. Að minsta kosti þekki eg þetta í héraði mínu. Af því frumv. nefndarinnar bætir úr þessum galla laganna, og gerir þau að öðru leyti vinsælli, vil eg mæla með stefnu þess, og til þess stóð eg upp.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., (C. 149), 25. júlí.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það er að eins komin fram ein breyt.till. við frumv. þetta, og fer hún fram á það, að í staðinn fyrir að hreppsnefndin kjósi skoðunar- og eftirlitsmennina, sem frumv. gjörir ráð fyrir, þá skuli hún láta kjósa þá. Breyt.till. þessi er ekki vel greinilega orðuð, að því leyti, að hún ber ekki með sér, hverja hreppsnefndin skuli láta kjósa eftirlitsmennina, en líklega er það meiningin, að hreppsbúar skuli gjöra það. Það gjörir nú líklega ekki mikið til, hvorir af þessum tvennum máisaðilum eiga að kjósa eftirlitsmennina, og ætla eg að nefndin muni ekki gjöra það að neinu kappsmáli.

Að öðru leyti ætla eg að ekki þurfi langar umræður um málið nú, því bæði fekk það góðar undirtektir við 1. umr., og hefir áður verið allítarlega rætt bæði í blöðunum og á þingmálafundum.

Guðjón Guðlaugsson: Eg hefi komið fram með breyt.till. mínar í þeim tilgangi að hreppsbúar í heild sinni, en ekki hreppsnefndin ein, ættu kost á að kjósa skoðunarmennina. Eg álít, að af því að hreppsbúar eiga í heild sinni að bera kostnaðinn af skoðunargjörðunum, þá sé og eðlilegast að þeir kjósi og skoðunarmennina, og þannig álít eg að þeir verði bezt valdir.

Um leið og hreppsbúar koma saman til að kjósa skoðunarmennina, gjöri eg ráð fyrir að líka verði rætt um, hvernig skoðanirnar skuli fara fram, og yfir höfuð um ýmislegt, er að þeim lýtur. Þetta alt vona eg að geti orðið til þess að vekja meiri alúð og áhuga hjá hreppsbúum á skoðununum, en ef hreppsnefndin ein á að kjósa skoðunarmennina og hafa hönd í bagga með skoðununum.

Enn er þess að gæta, að hreppsnefndir eru svo fáskipaðar, ekki nema 3—7 menn í þeim, að það getur haft óheppileg áhrif á kosninguna. Það er auðsætt, að fyrir skoðunarmenn þarf að velja þá, sem bezt eru fallnir til þess starfa í hreppnum, en nú getur einmitt svo farið, að í hreppsnefndinni sitji tveir eða jafnvel þrír beztu skoðunarmenn hreppsins, og væri þetta nú ein af þeim hreppsnefndum, sem að eins er skipuð 3 mönnum, þá mætti gjöra ráð fyrir að hreppurinn færi á mis við beztu skoðunarmennina, sem hann ætti völ á, því að hér er um svo óþakklátt verk að ræða, að eg býst varla við að nokkur hreppsnefndarmaður muni sjálfur velja sig til skoðunarstarfans, en gjöri fremur ráð fyrir að hann muni leitast við, að fá samverkamenn sína til þess að koma sér undan honum. Einnig af þessari ástæðu hefi eg komið með breyt.till. En það skal eg játa, að úr því að gjört er ráð fyrir, að hreppsbúar eigi að kjósa skoðunarmennina, þá hefði einnig þurft að taka fram, hverjir kosningarrétt hefðu, og hverjir væru skyldir til að hafa

skoðunarstarfið á hendi, og hve lengi, því að það gæti verið hart að vera skyldaður til að vera skoðunarmaður um ótakmarkaðan tíma. Eg vona að h. deild taki þetta til íhugunar, og aðhyllist breyt.till., því að eg tel hana heppilegri en ákvæði frumv., þótt vera kunni að hún þurfi einhverrar lagfæringar við, en þess er kostur við 3. umr.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj, 188 við 1. gr. frumv. samþ. með 13 : 3 atkv.

1. gr. frumv., með áorðinni breytingu, samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 197, 200); 27. júlí.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal að eins taka það fram, að viðaukatill. sú, sem hér liggur fyrir frá h. þm. Strand. (Guðj. G.), er bein afleiðing af breytingu þeirri, er varð á frumv. við 2. umr., er gekk út á það, að skoðunarmenn væru kosnir af hreppsbúum, en ekki af hreppsnefnd, eins og frumv. upphaflega gerði ráð fyrir, og tel eg því sjálfsagt að þessi viðaukatillaga verði samþykt.

Skúli Thoroddsen: Af því þetta mál er nú til síðustu umræðu í deildinni, þá ætla eg að gera grein fyrir, hversvegna eg greiði atkv. á móti því. Eg álít mikla réttarbót að horfellislögum þeim, sem komu frá síðasta þingi, þegar þau eru borin saman við eldri horfellislögin, og það er sannfæring mín að þær skoðanir, sem farið hafa fram samkvæmt þeim, hafi yfirleitt gert mikið gagn næstliðinn vetur, og að það hafi aðallega verið þeim að þakka, að alt bjargaðist þolanlega síðastliðið vor, jafnhart og þá var. Þetta frumv., sem hér er um að ræða, fer nú fram á að afnema þessar lögskyldu skoðanir, og heimilar að eins að hreppsnefndir geti fyrirskipað skoðanir, ef þörf gerist. Eg geng út frá því sem gefnu að þetta mundi sjaldan verða notað, og að þetta yrðu því að eins þýðingarlaus pappírslög, eins og eldri horfellislögin voru. Eg þykist líka geta fullyrt, að það sé töluvert orðum aukið, að óánægjan með horfellislögin 26. febr. 1898 sé mjög almenn; að minsta kosti hefi eg heyrt marga góða búmenn og skynsemdarbændur í mínu kjördæmi telja að þeim góða réttarbót. Eg álít því ekki rétt að vera að hlaupa eftir hinum og þessum röddum, sem hafa komið fram í þessu máli í blöðunum, því enda þótt ýmsir góðir bændur hafi verið skoðunum móthverfir, vegna kostnaðar þess, er af þeim leiðir fyrir sveitarsjóðina, þá hafa þó háværustu raddirnar komið frá mönnum, sem hafa sjálfir verið illa birgir af heyum, og hefir því verið illa við skoðanirnar, hafa óttast hirtingarvönd laganna. Eg hefi ekki séð mér fært að koma fram með breyt.till. í þá átt, sem eg hefði kosið; en heillavænlegast hefði eg talið, að breyta lögunum í það horf, að skoðunin væri að eins ein, nefnilega að vorinu, og að hreppstjórar væru ekki sjálfkjörnir skoðunarmenn, því að margir þeirra eru engan veginn til þess færir, og ef til vill verstu horkóngarnir sjálfir. En slík tillaga myndi hafa fengið hér lítinn byr, og vil eg því heldur láta ákvæði hinna gildandi laga í þessu efni standa óbreytt fyrst um sinn, unz þjóðin hefir áttað sig betur á þeim, enda býst eg við, að þess verði ekki langt að bíða að það muni koma fram aðrar og betri tillögur frá þjóðinni í

þessu efni, en þær sem hér liggja fyrir, og það er mín fasta sannfæring, að yrðu hinar lögskipuðu heyskoðanir afteknar, þá myndi þess eigi langt að bíða, að allir betri og hygnari menn þjóðarinnar krefðust þess, að þær væru lögskipaðar aftur, til þess að útrýma þeirri þjóðarhneisu og því þjóðarböli, sem horfellirinn er. —

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að þetta frv. væri engu betra en horfellislögin frá 1884. Um þetta get eg ekki verið honum samdóma. Aðalgallinn á þeim lögum var að áliti ýmsra manna einkum það, að þótt maður væri kærður fyrir horfelli, og þótt það væri á margra vitund, að hann væri sannur að sök, var þó ekki hægt að fá hann dæmdan, ef ekki fengust lögfullar sannanir. Úr þessu áttu lögin frá 26. febr. 1898 að bæta, og á þinginu 1897 lagði h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) áherzlu á, að úr þessu væri bætt með þessari ákvörðun laganna, að hægt væri að koma ábyrgð fram á hendur horfellismönnunum, þótt ekki væru heimtaðar lögfullar sannanir frekari en fyrir kviðdómi, en eftir tillögum nefndarinnar eiga þau ákvæði í lögunum frá frá 1898 að standa óbreytt. Hann hélt því fram, að þegar ekki væru lögákveðnar fastar skoðanir, mundi það verða til þess, að skoðanir mundu verða alment vanræktar. Reynslan bendir einmitt í gagnstæða átt, því það má geta þess, að áður en lögin 1898 öðluðust gildi, voru víða í héruðum samtök meðal sveitamanna um almennar fénaðarskoðanir, og þær skoðanir hafa komist á fyrir tilstilli ýmsra búnaðarfélaga og með samþykki sveitarstjórna, hafa haft víðtækara verksvið og yfirgripsmeiri þýðingu en þessar alræmdu horfellisskoðanir, sem lögin fyrir skipa, og efast eg ekki um, að slikar skoðanir mundu halda áfram þó þær væru ekki lögskipaðar. En það, að fyrirskipa skoðanir, er út af fyrir sig ekki annað en pappírsgagn, hitt er aðalatriðið, sem hlýtur að vera skilyrði fyrir verulegum árangri af þeim, að sveitarmenn sjálfir aðhyllist þær, og færi sér í nyt ráð og leiðbeiningar skoðunarmanna, og bezta tryggingin fyrir því er, að sveitirnar annist sjálfar skoðanirnar, og kjósi þá menn, sem eiga að framkvæma þær.

H. þm. spáði því, að ef lögunum yrði breytt í þessa átt, þá yrðu þau svo væg, að þau hefðu enga þýðingu. Eg held, að það mætti segja með eins miklum rétti, að hvað ströng lög sem samin væru um þetta efni, hefðu þau ekki þýðingu, nema þau næðu fylgi almennings.

H. þm. gat þess, að lögin þyrftu að grípa fram í, til þess að knýja menn til þess að fara vel með skepnur. Að vísu skal eg játa, að góð meðferð á skepnum er svo mikilsvert atriði, hvort sem það er skoðað frá fjárhagslegri hlið eða á það er litið frá mannúðar sjónarmiði, að lögin ættu að styðja að því, eftir því sem unt væri. En í þessu augnamiði eru skoðunargjörðir einar út af fyrir sig allsendis ófullnægjandi. Eina ráðið til þess, eftir áliti nefndarinnar, er það, að komið sé upp forðabúrum með samtökum sveitamanna. Og það sýnist liggja í augum uppi, að hvenær, sem löggjafarvaldið setur sér það mark að útrýma horfellislandplágunni, þá verða ákvæði þess að stefna í þá átt. En þar á móti er hætt við að skoðanir þær, er h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) heldur fram, hafi litla verkun til þess að fyrirbyggja horfellinn, heldur að eins til að ljósta honum upp, svo hægt sé að höfða kærumál gegn hinum seka.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi mjög litlu við það að bæta, er h. framsm. (Ól. Br.) tók fram. Viðvíkjandi

ræðu h. þm. Ísf. (Sk. Th.), þá vil eg geta þess, að það er leiðinlegt, að mótmæli skuli ekki koma fram gegn frv. fyr en við 3. umr., því torvelt er að laga frv. eftir þeim upplýsingum, sem þá koma fram; það er vonandi að frv. gangi fram, enda er almennur vilji þjóðarinnar í þá átt og mikill áhugi á því hjá hartnær öllum landsmönnum, að breytt sé hinum fyrri lögum um þetta efni, og eg get alls ekki skrifað undir það, að aðalóánægjan með lögin 1898 sé að eins frá þeim, sem fara illa með skepnur eða drepa fénað sinn úr hor, og mér þykja það harðar getsakir, að bera slíkt undantekningarlaust á alla þá, sem andstæðir eru lögunum, enda er þetta hordrep, sem þingið er altaf að stagast á, mikið blandað ímyndunum og öfgum. Eg held að segja mætti með meira sanni, að það sé að eins kaupstaðarborgarar, sem hafa getað felt sig við lögin, þ. e. menn, sem engan fénað eiga, og ekkert vit hafa á sveitabúskap. Eg verð að taka það fram, að eg álít það ofvaxið löggjafarvaldi landsins, að skapa reglur og lög, sem geti gilt fyrir alt landið í þessum efnum, því að þá þyrfti að skapa sérstakar reglur fyrir nærri því hverja einustu jörð. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafði á móti því, að færa þetta vald undir hreppsnefndirnar, en eg get ekki betur séð, en að það sé hið vissasta, réttasta og sanngjarnasta, því að það ætti að vera áhugamál hverrar hreppsnefndar að fyrirbyggja fóðurskort, svo að menn dræpu ekki úr hor, því afleiðingarnar af horfellinum lenda fyrst á hreppsfélaginu, þótt þau komi síðar að nokkru leyti fram á landssjóði. Eg verð því að halda því alvarlega fram, að frv. það, er h. nefnd hefir komið með í nefndaráliti sínu, muni vera öllum sýslum landsins kærkomið, í samanburði við lög þau, er nú gilda, og eg vil minna þingið á, að það er ilt að þröngva þeim lögum upp á landsmenn, sem þeir eru mótfallnir og yrðu brotin í hverri sveit, því að vér eigum nóg af ólöghlýðni, þótt vér semjum ekki lög, sem auðsætt er, að muni troðin undir fótum.

Eg vona að frumvarpið gangi heppilega gegn um h. deild, og eg gef því fúslega atkvæði mitt.

Jens Pálsson: Eg skal geta þess, að eg var talsvert óánægður með frv. þetta í sínu upprunalega formi, en mér þykir brtill. sú ekki hafa bætt það, sem komin er fram við það, og er óánægja mín meðal annars sprottin af þeirri ástæðu, að eg verð að álíta, að útnefning eftirlitsmanna sé betur farin í höndum hreppsnefndar en í höndum sveitarmannanna alment, sérstaklega í þeim héruðum, þar sem mótþrói ríkir gegn því að hafa eftirlit með fóðurbirgðum. Væru kosningarnar aftur á móti í höndum hreppsnefndarinnar, má gera ráð fyrir því, að þær væru í höndum þeirra manna, sem sérstaklega láta sér ant um hag sveitarfélaga sinna. Aftur á móti getur verið hæpið, hvernig hitt gefst, því engan veginn er víst, að beztu mennirnir nái ávalt kosningu, enda geta kosningarfundirnir orðið illa sóttir, af því að margir séu forfallaðir. Þó mun eg greiða frv. þessu atkvæði, því eg álít, að það sé samt sem áður réttarbót, og að það nái meiri hylli en hin fyrri lög, og geri því meira gagn, enda er ekki vonlaust, að h. Ed. færi frv. nær sínu upphaflega formi, og þá vona eg að sú breyting verði ekki gerð að kappsmáli hér í deildinni.

Sighvatur Árnason: Eg var á þinginu 1897 mótfallinn horfellislögum þeim, sem þá voru samin, og nú er verið að breyta, og það sérstaklega af því,

að eg álít, að þingið eigi ekki um skör fram að blanda sér inn í ráðstafanir í sveitamálaefnum, því eins og búið er að taka fram, þá hagar sitt til í hverju héraði, og jafnvel á hverri einstakri jörð. Það er gefin setning, að það hlýtur að koma undir sveitarmönnum sjálfum, hvernig þessu ber að haga eftir kringumstæðum, sem þingið hefir alls ekki þekking á og sem ekki er mögulegt, svo vel fari, að setja almenn lög um. Eg veit líka, að hver maður hlýtur að finna í sínu eigin brjósti, að hann vill vera frjáls með sínar eigin sakir, sem ekki snerta aðra, og sama er að segja um hvert sveitarfélag út af fyrir sig, og það er næst mér að álíta, að hér hafi verið gengið of nærri rétti sveitafélaganna, sbr. 58. gr. stjórnarskrárinnar. Eg get að vísu felt mig við frv., eins og það er orðið nú, því að það fer miklu skemra í því að blanda sér inn í þau réttindi, sem eg vil að hvert sveitarfélag fái að njóta innan síns verkahrings. Þegar vér sjálfir viljum fá þá stjórnarbót að mega ráða vorum eigin málum, þá eigum vér einnig að sýna samræmi í því, að vér veitum hverju sveitarfélagi sem mest frelsi í þeim efnum, sem að eins snerta það sjálft en ekki almenning.

Guðjón Guðlaugsson: Eg verð að játa, að það er fullkomið neyðarúrræði fyrir þingið, að breyta nú þeim lögum, er það samdi á síðasta þingi, en á hinn bóginn get eg ekki annað fundið, en að þinginu sé vorkunn, þó það gjöri það, vegna þess hve alment upphróp hefir komið í landinu gegn þessum lögum. Eg verð þó að játa, að eg hefi ekki heyrt gildar ástæður fyrir því, að breyta lögum þessum, en þrátt fyrir það álít eg þó hættuspil að halda áfram með lög, sem eru jafn óvinsæl, því að þótt heyrst hafi ýmsar raddir gegn þeim í blöðunum, þá eru þær ekki einn hundraðasti þeirra, sem óánægðir eru með lög þessi, en eg verð að álíta, að þessi óánægja sé sprottin af horfellisvananum, að hún veit ekki hvað til síns friðar heyrir. Þetta er að sönnu sorgleg lýsing, að þjóðin sé svo sværð og afvegaleidd, að hún sjái ekki, hve syndsamlegur og skaðlegur horfellirinn er.

Aðfinslurnar í blöðunum við lögin frá 1898 hafa flestar verið órökstuddar og sumar stórhneykslanlegar, þar sem þingið hefir verið nítt niður fyrir alt, fyrir það að gjöra þessa tilraun til þess að útrýma þeim skaðlegasta og smánarlegasta þjóðlesti vorum, hordrápinu, en vogunin og fyrirhyggjuleysið í að hafa nægt fóður fyrir skepnur sínar yfir veturinn verið lofað hóflaust, og talið bráðnauðsynlegt bjargræðismeðal; en hordráp og hóflaus fóðurskortur er þó sannarlega ekki fegrandi; það er þjóðarsmán, sem ekki ætti að gera hærra undir höfði í álitinu en t. d. ofdrykkjunni, en þar er mikill munur á. Ofdrykkjumaðurinn sjálfur játar skaðsemi ofdrykkjunnar, hvað þá hófsmenn, að eg ekki tali um bindindismenn. En hordráp aftur móti, það er ekki haldin stór synd í augum þjóðarinnar, og það er álitin vorkunn, og ekki að eins það, heldur eins og sjálfsagður búhnykkur, að setja skepnur á vogun, og sá sem ekki gerði það, hann breytti óhyggilega með því, að sitja með rentulausan höfuðstól, ef hann ætti hey í fyrningum. Þessar kenningar hafa fengið að komast í blöðin mótmælalaust, og þó sýnir reynslan það, að þeir sem hafa það fyrir reglu að eiga ekki hár eftir á vorin, eru sem oftast vandræðamenn, sem oft verða sveitarmatur, en allir hinir, sem hafa það fyrir fasta reglu að setja fastan höfuðstól í fyrningar, reynast oftast sveitarstólpar í efnalegu tilliti. Eg álít það minkunn þjóð vorri, að hún er

svo gegnsýrð af kenningum hungurs- og horkónganna, að hún sér ekki, hvað rétt er eða rangt í þessu efni.

En þrátt fyrir það, þegar svo er ástatt, að lögum þessum hefir ekki verið hlýtt, getur verið nauðsyn að nema þau úr gildi. Eg veit, að í sumum hreppum hefir engin skoðun farið fram næstliðið haust, sumir hafa enga skýrslu sent um skoðanirnar, í heilli sýslu að eins sent skýrslu úr einum hreppi, og enginn maður kærður, þó þeir séu mjög margir, sem hafa kvalið líf úr skepnum sínum á óforsvaranlegan hátt, og þetta sýnir hve lítið lögum þessum er hlýtt. Þessi lög, sem sett voru til þess að reyna að útrýma hjá þjóðinni skömm, þau draga hana niður, og gjöra ekki annað en drepa hjá henni löghlýðni. Eg sé því ekki annað tært en að fella lög þessi úr gildi, en það er skylda löggjafarvaldsins að reyna að laga hugsunarhátt manna, og eg tel ekki ómögulegt, að þetta frumv., sem hér liggur fyrir, geri það með tímanum. Löggjafarvaldið þarf fullkomlega að gera sitt til að laga hugsunarháttinn, og allir, sem koma fram eins og leiðtogar þjóðarinnar, ættu að gjöra sitt til að sýna, að það er ekki að eins skaðlegt, heldur og andstyggilegt, að hafa illa meðferð á skepnum.

Mér fanst það, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði síðast í ræðu sinni nú, koma ekki í samræmi við annað, sem hann sagði um lögin frá síðasta þingi. Hann sagði, að væru þau numin úr gildi, þá mundi reynslan sýna, að eftir nokkur ár mundi kom almenn ósk um sterk hörfellislög. Eg óska, að svo verði, eg óska að sá tími komi, að þetta frumv. lagi svo hugsunarhátt þjóðarinnar, að hún óski eftir fyllri lögum um hörfelli. Eg get ekki óskað annars hlutar fremur, og þá er sjálfsagt, að löggjafarvaldið muni bæta úr þessari ósk. Eg játa, að eins og hugsunarháttur manna er nú, má búast við því, að þessu frumv., þó það verði að lögum, verði ekki hlýtt öðruvísi, en að flestir hreppar láti kjósa skoðunarmennina að eins að nafninu til. En sökum umræðanna um málið, bæði á kosningafundunum og öðrum stöðum, má vænta þess, að þeim hreppum smáfjölgi, sem láta skoðanirnar verða meira en kák, og sem reyna að koma í veg fyrir þetta stóra þjóðarmein, sem er svo svo stórt, að vér getum ekki búist við neinum umbótum í landbúnaði meðan þetta ástand á sér stað, því að það er grundvöllurinn undir góðum landbúnaði að fara vel með skepnur og láta þær vera í góðu ástandi. Eg álít að ekki geti verið annar grundvöllur undir landbúnaðinum en þetta, því þótt sagt sé, að til þess að geta haft nægt tóður þurfi jarðrækt, þá er það aðalskilyrðið fyrir því, að hægt sé að rækta jörðina, að fara svo vel með bústofninn, að hann geti borið oss arð, því arðurinn af honum eru þeir peningar, sem jarðræktin er gjörð fyrir.

H. þm. Dal. (J. P.) kvartaði yfir br.-till. minni, sem komið hefði fram við 2. umr., að skoðunarmenn væru kosnir af hreppsbúum en ekki hreppsnefndinni, en eg álít slíkt miklu heillavænlegra.

Kjósi hreppsnefndin, fá lögin á sig valdboðssnið, en geti enginn hreppsnefndarmanna fengið aðra hreppsbúa til að vera sér hlyntan í að fylgja lögunum fram, verða þau að litlu gagni, og því er bezt að reyna, að allir hreppsbúar kjósi mennina, því þá finna þeir til samábyrgðar í því, að stuðla að því, að þau geti orðið að sem mestum notum. Eg tók það einnig fram við síðustu umræðu, að óheppilegt væri að hreppsnefnd kysi skoðunarmennina, þar sem að eins 3 menn væru í hrepps-

nefndinni, en 2 þeirra væru manna hæfastir fyrir skoðunarmenn, því líklega mundu þeir skirrast við að kjósa sjálfa sig.

Eg þekki líka dæmi frá síðasta hausti, þar sem hreppstjóri hafði gleymt því ákvæði laganna, að hreppsnefnd einungis ætti að kjósa skoðunarmennina með hreppstj., en stóð í þeirri meiningu, að allir hreppsbúar skyldu gjöra það, og eftir atkv. þess nefndarmannsins að dæma, sem ekki varð riðinn við kosninguna, hefði niðurstaðan orðið alt önnur en hún varð, ef að eins hreppsnefndin hefði kosið. Í staðinn fyrir þaulæfðan hey- og fjárskoðunarmann hefði komið annar óreyndur, sem varð manna fyrst uppi með fóður vegna alt of fyrirhyggjulausrar dirfsku í heyásestningnum. Og það er mjög óheppilegt, að skoðunarmennirnir sjálfir standi sig ver en almenningur, þá verða orð þeirra alveg þýðingarlaus.

Þá kom h. þm. Dal. (J. P.) með mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann hélt, að hægara mundi að gjöra fundarfært á kosningarfundi, ef hreppsnefnd kysi heldur en hreppsbúar, því hreppsbúar mundu sækja kjörfundinn svo illa. En hefði hreppsnefndin átt að kjósa, var það axarskaft, að setja það ákvæði, að kosið skyldi á hreppskilaþingum, og þá gæti svo farið, að kosning hreppsnefndar færist fyrir, vegna þess að ekki mætti meiri hluti nefndarinnar, enda mætti ekki marga vanta af 3—7 hreppsnefndmönnum, svo fundarfært yrði til kosninga, og ef hætt væri við, að ekki yrði lögmætur kjörfundur 30—40 hreppsbænda, er eigi síður hætt við að vanta kynni einn af þremur hreppsnefndarmönnum.

Breyting þessi, að láta hreppsbúa alla taka þátt í kosningunni, fer því í þá átt, að skoðunarmenn sé ekki valdboðnir heldur kosnir af frjálsum vilja. Vona eg að menn taki þetta til yfirvegunar og finni ekki ástæðu til að verða óánægðir með frumv. Hvað breyt.tillögu mína snertir, sem nú liggur hér fyrir, þá þarf eg ekkert um hana að segja, þar sem hún er eðlileg afleiðing af þeirri breytingartillögu, sem samþykt var hér við 2. umr., og þar sem nefndin hefir tekið henni vel.

Sigurður Gunnarsson: Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi leyfa mér að koma fram með. Eg býst við að eg muni greiða atkvæði með frumv., því eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, þá ætla eg að þessi lög komi að nokkuru liði, þó ekki væri nema til þess að bæta hugsunarhátt alþýðu, að því er snertir meðferð á skepnum. Eg skal að vísu játa það, að eg hefði kosið að ýmsu leyti strangari ákvarðanir gegn þessari þjóðarminkunn, horfellinum, en skal ekki fara frekar út í þá sálma. Að eins vildi eg gera litla athugasemd, þó hún auðvitað komi of seint fram hér í deildinni. — Ed. gæti kannske tekið hana til greina, — athugasemd, sem er í því innifalin, að skoðunarmenn þeir, sem frumv. gerir ráð fyrir, séu látnir vera eiðsvarnir, svo sem títt er um úttektarmenn. Slíkt mundi heldur verða trygging fyrir því, að skýrslur þeirra yrðu sannleikanum samkvæmar.

Pétur Jónsson: Eg stend sérstaklega upp til að mótmæla þeim ummælum h. þm. Strand. (Guðj. G.), að það væru einkum horfellismennirnir eða hordrápsmennirnir, sem hrópuðu gegn þessum lögum. Eg þekki einmitt til þess, að menn, sem fara æfinlega vel með skepnur, og hafa oftast nóg hey, eru hvað æstastir á móti þeim. Það er samt ekki svo að skilja, að eg persónulega hafi verið ákafur með að breyta

þeim nú þegar. Eg vildi einmitt nota þau sem bezt, þó gallar væru á þeim, þangað til séð væri, hvernig haganlegast væri að laga þau. En það er eins og menn hafi hugsað sér, að þessi lög kiptu öllu í lag, sem meðferð fóðurpenings og ásetning snerti. En — eg þori að fullyrða, að öll þessi stóryrði og prédikanir um horfelli, horkónga, kvaldóm á skepnum, þjóðarlöst eða glæp og þjóðarvoða í sambandi við þessi lög eru meiningarlaus. Lög þessi eru að eins lítilfjörleg tilraun til að bæta úr skák og geta ekki annað verið. Þeir sem hafa andæpt lögunum hafa gert það af því, að þeim hefir þótt hlutsemi sú, sem kom fram í lögunum, óþolandi gagnvart frjálslyndi manna, og samrýmast illa við frjálsmannlegar aðgerðir einstaklinga og félaga í sömu átt, t. d. fjárræktarfélaga, þar sem þau eru, en lögin á hinn bóginn gagnslaus þar sem þetta vantar. Þeir vilja láta sveitirnar sjálfar útnefna ákveðna skoðunarmenn. Eg sé því ekki að í þessum stóryrðum sé neinn sannleikskraftur.

Eg er sannfærður um það, að í meðferð á skepnum hefir mönnum hér á landi farið fram fullkomlega eins mikið og í hverri annari menningu. Menn standa hvergi framarlega; hvorki hér né annarsstaðar. Menning kemur hægt og hægt, og ekki sízt í þessu efni. Hér gera menn ekki betur en að smá þumlungast áfram. Eg vil ekkert draga úr þeim áhuga og fortölum góðra manna í þessum efnum, og hefi sjálfur unnið í þá átt eftir megni, en hins vegar óska eg jafnframt að menn tali um þetta mál með einhverri þekkingu, nærgætni og sanngirni. Hér koma til greina ýmsar almennar kringumstæður, og eg fæ ekki betur séð en að margir tali hæst um meðferð á skepnum, sem ekkert vit hafa á sveitabúskap. Það er ekki aðalatriðið í þessu máli, að menn vilji fara illa með skepnur, heldur hitt, að menn eru víða óforsjálnir í heyásetningu, af því þá vantar búhyggju. Það er mótsögn milli þeirra krafa, sem menn gera til viðurgernings og meðferðar á skepnum, og forsjálni manna og getu með heyásetning. Oft eru knýjandi ástæður til að setja djarft á, og á útbeitarjörðum sérstaklega, til þess að hagnýta sér þeirra aðalgagn. Meiri menningarþjóð en við, Skotarnir, gera þetta, og vill jafnvel til, að það hrekkur á hjá þeim. af því þeim þykir ekki borga sig að sigla fyrir öll annes í þessu efni.

Eg held frjáls samtök í sveitum, fortölur og gott eftirdæmi góðra manna, vinni hér meira gagn en nokkur lög.

Skúli Thoroddsen: Eg hafði ekki búist við að svo miklar umræður spynnust út úr andmælum mínum gegn frv., og skal eg því ekki lengja þær mikið. Þó vil eg taka fram nokkur atriði, og vil eg þá fyrst víkja að atriðum í ræðu h. þm. Skagf. (Ó. Br.). Hann tók það fram, að þau ákvæði laganna frá 26. febr. 1898 stæðu óhögguð, að álit skoðunarmanna væri lögfull sönnun, er dæma mætti eftir, og er þetta hverju orði sannara. En það er aðgætandi, að þar sem frv. þetta leggur það algjörl. á vald hreppsnefnda, hvort nokkur eða engin skoðun skuli fram fara, þá getur þráfaldlega svo farið, að ekkert »álit skoðunarmanna« sé til, og því eigi auðið að fá lögfullar sannanir, af því að skoðun hefir ekki fram farið, þar sem eftir lögunum frá 26. febr. 1898 er jafnan auðgefið að leita álits þeirra, ef einhver horfellir, af því að skoðanirnar eru lögskipaðar.

Þá taldi h. þm. það frumv. til gildis, að í ýmsum hreppum hefðu menn haft samtök um heyskoðanir, og svo mundi enn verða, þótt skoðanirnar væru ekki lögskipaðar, en ekki hefi eg trú á því, að sú yrði alment raunin. Auk þess

skal eg geta þess, að aðalóánægjan gegn lögunum, stafar engan veginn af skoðununum í sjálfu sér, heldur stafar hún af þeim kostnaði, sem þær hafa í för með sér Til þess að kippa fótunum undan þessari óánægju væri því réttast að fara þann meðalveg, að láta sér nægja að hafa að eins eina skoðun, og yrði þá tilkostnaður hreppssjóðanna helmingi minni. Eg get heldur ekki verið á sama máli og h. þm. Skagf. í því, að ein skoðun sé þýðingarlaus. Eg álít hana þvert á móti alveg eins þýðingarmikla, eins og tvær skoðanir, því þegar menn vita, að þeir eiga skoðunarmennina vofandi yfir höfði sér að vorinu til, þá er það aðhald og hvetur menn til að setja betur á. Það er mikið rétt, að það er aðalatriðið að almenningur læri að færa sér skoðanirnar sem bezt í nyt, en eg held að vegurinn, sem hér er bent á, geti ekki orðið affarasæll til þess.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að það hefði komið fram alment neyðaróp gagnvart þessum lögum, en þetta er ekki rétt. Ekki heyrðist það á þingmálafundunum í vor, því að það eru að eins fáein kjördæmi, sem óskað hafa breytinga á lögunum, og eftir þeim að dæma er því svo að sjá, sem það sé meiri hluti lands, sem ekkert hefir á móti lögunum. Mér finst því varhugavert að kippa fótunum undan lögunum, en þann meðalveg gæti eg hugsað mér, að ákveða að eins eina skoðun. Annars líkaði mér sumt vel af því sem h. þm. sagði, en meinið var, að niðurlag ræðu hans sýndi, að hann við atkvæðagreiðsluna ætlar sér að komast í mótsögn við sjálfan sig, og fylla flokk þeirra, sem ekkert aðhald vilja veita þeim, sem illa setja á.

H. 2. þm. Rang. (Þ. G.) bar það upp á mig, að eg hefði sagt að það væri að eins horkóngarnir sem væru á móti lögunum frá 26. febr. 1898, en það hefi eg ekki sagt, heldur sagði eg að raddir ýmsra þess konar pilta hefðu — af auðskildum ástæðum — víða orðið háværastar. H. 1. þm. Rangv. (Þ. G.), þóttu lögin einnig ófrjálsleg, og þótti það koma í bága við hugmyndina um frjálsa innanlandsstjórn, að leyfa ekki hreppsbúum að ráða því sjálfum, hvort þeir feldu pening sinn úr hor, en þetta get eg ekki séð að sé rétt. Það hljómar auðvitað fallega, að tala um frelsi, en hér er líka um almenningsheill að ræða, og það er hún, sem knýr fram þá nauðsyn, að takmarka sjálfstæði einstaklingsins í þessari grein. Þess er sem sé að gæta, að afleiðingar horfellisins lenda að síðustu á landinu; ef einstökum mönnum eða sveitum líður illa, þá þverra fljótt auðsuppsprettur landssjóðsins. Eg álít því rétt að þingið láti til sín taka í slíkum málum. Eg held eg hafi nú svarað hinum helztu mótbárum, og finn því ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta.

ATKVGR.: Viðaukatill. þskj. 197 sþ. með 16 atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 17 : 1 atkv.

Frv. var síðan afgr. til Ed.

Horfellir á skepnum.

FRUMVARP til laga um horfelli á skepnum (385); 1. umr., 14. ágúst.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eg skal að eins geta þess, að nefndin, sem skipuð var til að íhuga horfellismálið, hefir athugað þetta frumv. frá h. efri deild, og komist að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum væri réttast að samþykkja það óbreytt.

Háttv. efri deild hefir ekki látið sér

nægja, að breyta núgildandi lögum frá 26. febr. 1898 um þetta efni, en hefir samþykt nýtt frumvarp, er nemur téð lög úr gildi.

Í þessu nýja frumv. er aðallega ein efnisbreyting frá frumvarpi neðri deildar, sú, að halda einni lögskipaðri fénaðarskoðun síðari hluta vetrar eða að vorlagi.

Jafnvel þótt nefndin álíti, að ekki væri hægt að gera sér von um stórkostlegan árangur af slíkri skoðunargjörð, þá álítur hún þó, að frumvarpið í heild sinni sé talsverð réttarbót, í samanburði við lög þau, er nú gilda. — Nefndin leggur því til, að frumv. þetta sé samþykt óbreytt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 385); 16. ágúst.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1.	gr.	samþykt	með	15 atkv.
2.	—	—	—	14 —
3.	—	—	—	14 —
4.	—	—	—	15 —
5.	—	—	—	14 —
6.	—	—	—	15 —
7.	—	—	—	14 —
8.	—	—	—	15 —
9.	—	—	—	15 —
10.	—	—	—	15 —
11.	—	—	—	15 —

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3 umræðu með 16 atkv.

Þriðja umr. (C 385); 19. ágúst.

ATKV GR.: Frumvarpið í heild sinni samþykt með 14 samhlj. atkvæðum, og verður afgreitt til landshöfðingja, *sem lög frá alþingi.*

Friðun fugla og hreindýra.

FRUMVARP til laga um friðun fugla og hreindýra (um breyting og viðauka á lögum um friðun fugla og hreindýra) (C. 25); 1. umr., 6. júlí.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eftir lögum um friðun fugla frá 25. maí 1882 og breyting á þeim frá 16. desbr. 1885, er friðunartíminn ákveðinn frá 1. apríl til 20. júlí, en hér er farið fram á, að friðunartíma álfta sé breytt þannig, að hann skuli ná frá 15. maí til 15. október ár hvert.

Þessi breyting, sem hér er farið fram á, er sérstaklega bygð á því, að um 20. júlí, þegar friðunartíminn hættir, eru álftirnar í sárum og ungarnir enn eigi orðnir fleygir.

Eg minnist þess enn, að einu sinni, þegar eg var á ferð yfir Grímstunguheiði, sá eg mann vera að elta og drepa ósjálfbjarga álftarunga.

Því hefir lengi verið við brugðið, að glögt væri gests augað, enda hafði einn útlendingur, sem eg átti tal við, tekið eftir því, hve vægðarlaust álftir í sárum eru drepnar hér uppi á fjöllum, og fanst honum mjög til um, hve ómannúðleg þessi veiði-aðferð væri.

Í sjálfu sér væri mér næst skapi, að álftin væri friðuð alt árið, þótt eigi hafi eg gengið lengra nú en í frumv., því að hagnaðinn af álfta-drápinu má telja lítinn í samanburði við ánægju þá, sem vér gætum haft af álftunum, ef þær væru eins spakar og æðarfuglinn er nú. Væru þær friðaðar, þá mundu þær sitja á tjörnunum heima við bæina og gleðja augað með fegurð sinni og eyrað með söng sínum.

Eg minnist þess, að í Kaupmannahöfn er kostað mörgum þúsundum króna til þess að ala álftir á vötnunum þar í bænum; en hér á Íslandi er farið þveröfugt að við það, hér eru þær drepnar

og fældar burtu með skotum frá mannabygðum upp á eyðifjöll.

Ef einhver háttv. þingdeildarm. vildi koma með þá breytingartill., að friða álftir algjörlega, þá skyldi það gleðja mig mjög.

Í öllu falli vona eg, að tillaga mín fái góðan byr.

Eg hefi heyrt suma hreyfa því, að þeir vildu hafa friðunartimann fyrir rjúpur og hreindýr lengri en nú er. — Er þeim þá innanhandar að koma með tillögu í þá átt, ef þeim sýnist, við 2. umræðu.

Friðunartími rjúpnanna er of stuttur, en friðunartími hreindýranna finst mér ekki langt frá því að vera hæfilegur, þar sem hann er frá 1. janúar til 1. ágúst.

Hér með er það fengið, sem sérstaklega þurfti að gjöra, að því leyti, sem hreindýrin snertir, og það var, að þau væru eigi drepin, þegar þau horuð og soltin leita ofan til bygða á manna náðir í harðindum og jarðbönnum.

Björn Sigfússon: Eg hygg að fuglafriðunarlögin séu einna minst notuð af öllum lögum; eg hygg, að þau séu svo lítið notuð, að þótt þau væru brotin árlega, þá hirði enginn um að kæra brotin. Að minsta kosti minnist eg þess ekki, að kært hafi verið fyrir brot á þeim.

Þetta sýnir að menn álíta þau óþörf, líta svo á, að þau hafi fremur verið samin að gamni sínu, en af því, að þeirra gjörðist þörf.

Það er að eins ein fuglategund, sem nefnd er í friðunarlögunum frá 25. maí 1882, sem ástæða getur verið til að friða, það eru rjúpurnar, því hætt er við, að þær hefðu eyðst um of, ef þær hefðu verið látnar ófriðaðar með öllu.

Aftur ætla eg, að eigi sé svo hætt við að álftir muni eyðast, þótt eigi séu þær friðaðar fremur en verið hefir. — Að minsta kosti sést engin þurð á þeim, þar sem eg þekki bezt til. Álftin er styggur fugl og ekki svo auð veiddur.

Mér skilst að háttv. flutningsm. (Tr. G.) vildi fremur hafa álftirnar til gamans en gagns, þar sem hann er helzt á því, að þær séu friðaðar alt árið.

Það getur að vísu verið skemtilegt að heyra álftakvakið og horfa á þær, en vér getum orðið þeirrar skemtunar aðnjótandi, þótt þær séu eigi gjör-friðaðar, því að reynslan hefir sýnt, eins og eg vék að áður, að þeim er ekki svo hætt við eyðilegging.

Þó getur verið, að ekki sé með öllu ástæðulaust að friða álftirnar um stuttan tíma, af því að eg skal játa, að það er óviðfeldið, að þær séu veiddar á þeim tíma, sem þær eru varnarlausar eða í sárum. En sá tími er að eins stuttur og mun láta nærri, að hann sé um 17—18 vikur af sumri, og til þess væri nægilegt að friða þær frá 1. júlí til 20. september.

Í öllu falli er það óhyggilegt, úr því á að fara að breyta lögum þessum, að setja fyrra friðunarmarkið 15. maí, því að það mun láta sönnu nærri, að álftir verpi eigi fyr en um miðjan júní.

Þótt eg hafi gjört athugasemdir þessar, þá er það ekki svo að skilja, að eg álíti þetta þýðingarmikið mál; en eg vil skjóta því til háttv. flutningsm. (Tr. G.), hvort honum finnist ekki ástæða til að breyta tímatakmarkinu, og setja 15. júní í stað 15. maí.

Það virðist nokkuð hart, ef bjargarlaus maður sér gnægð álfta að vori, en má þó eigi skjóta þær, og það löngu áður en þær fara að verpa. — Eg held að það sé of mikið unnið fyrir ímyndaða skemtun, að synja hungruðum manni um að afla sér málsverðar með álftaveiði.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Ef að eins er hugsað um að friða álftirnar á meðan þær eru í sárum og liggja á eggjum, þá mundi mega stytta friðunartímann; nægði þá máske að setja hann frá 1. júní til 1. október. En friðunartíminn er hér settur nokkuð lengri af því, að ekki var eingöngu hugsað um hagnaðinn af álftunum, heldur miklu fremur um skemtunina; allra helzt hefði eg kosið, að þær væru friðaðar alt árið, að minsta kosti fyrst um sinn nokkur ár; því hvað sem sagt er um það, að eigi sé hætt við að álftir muni eyðast, þá er eg sannfærður um, og hefi sannfrétt, að þeim sé að fækka, það er ekki heldur nema eðlilegt, þegar þess er gætt, hve mjög þær eru ofsóttar, einmitt á meðan þær eru varnarlausar í sárum.

Dugnaður við álftadrápið er að aukast, menn hafa farið með báta upp á heiðarvötnin, þar sem álftirnar hafa ætlað að verja sig á; þeir hafa svo rekið þær upp á land, en þá hafa aðrir verið þar fyrir á landi og sigað hundum á álftirnar til að lýja þær, og svo slegið priki á hálsinn til dauðs.

Það getur verið hentugt að grípa til fyrir mótmælendur, sem vilja koma í veg fyrir annað eins frumv. og þetta, að hampa því í ræðum sínum, að það sé harðúð og samvizkuleysi, að banna hungruðum fátæklingum að skjóta álftir sér til bjargar; en margoft eru það ekki fátæklingarnir, sem ákafastir eru að drepa álftir og aðra fugla, og sjaldan er það neyðin, sem knýr menn til að drepa fuglana, heldur er drápgirni manna oftast aðal-hvötin, menn hafa beinlínis gaman af að drepa; í þeirra flokki eru oft hinir efnuðustu. Hinir svo-kölluðu sportsmenn bæði hér á landi og erlendis eru oftast ákafastir veiðimennirnir. (*Björn Sigfússon*: Þetta er helzt miðað við Reykvíkska »Sportsmenn«).

Að öðru leyti skal eg ekki þrátta um tíma-takmarkið fyrir friðuninni, einungis er það áhugamál mitt, að álftin sé friðuð áður en hún fer að verpa, og þangað til ungarnir eru orðnir sjálfbjarga og hún komin úr sárum.

Eg hefi orðið þess var, að frumv. muni mega vænta góðs byrs hér í deildinni, og hefi því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Sigurður Gunnarsson: Eg vil gjarna hlynna að frumv. þessu, en vegna athugasemda þeirra, sem þegar hafa komið fram um það, og annara fleiri, sem mér hafa til hugar komið, ætla eg að þörf muni vera á, að nefnd sé skipuð í málið, og vil leyfa mér að stinga upp á 3. manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 16 atkv.

Kosningu hlutu:

Tryggvi Gunnarsson	með 18	atkv.
Björn Sigfússon	— 16	—
Sigurður Gunnarsson	— 16	—

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 25, 137) 22. júlí.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Af nefndarálitinu í máli þessu má sjá, að öll nefndin hefir orðið sammála um það, að rétt væri að friða álftir og rjúpur lengri tíma en nú. En aftur skiftust skoðanir nefndarinnnr í tvent, þegar um friðunartakmarkið var að ræða. Meiri hlutinn vill hafa friðunartíma álftanna lengri en minni hlutanum fanst nauðsynlegt vera. Auðvitað getur þetta verið nokkurt álitamál; en eins og eg bar fram við 1. umr., þá er það mitt álit og meiri hlutans, að rétt sé að friða álftir sem lengst, og að allra réttast væri að friða þær alt

árið. Enn fremur skal eg geta þess, að nefndinni kom saman um að bræða saman í eitt lög nr. 6, 17. marz 1882, um friðun fugla og hreindýra, og lög nr. 33, 16. desbr. 1885 um breyting á lögunum um friðun fugla og hreindýra og svo frumv.; þess vegna hefir hún leyft sér að búa til ein lög úr þessu þrennu, til þess að gjöra lögin handhægari og aðgengilegri.

Björn Sigfússon: Eg hefi litlu að bæta við það, sem eg hefi tekið áður fram í máli þessu. Eins og sést á nefndarálitinu, sé eg ekki brýna ástæðu til að hafa fyrra friðunartímatakmark álftanna eins snemma og meiri hluti nefndarinnar vill hafa það. Eg sé enga ástæðu til að þörf sé að friða álftir síðari hluta vetrar og framan af vorinu; en það sviftir aftur á móti þá menn atvinnu, sem álftaveiði stunda. Eg held að óhætt hefði verið varptímans vegna að setja friðunartakmarkið um miðjan júní, þó hefi eg ekki farið fram á það, heldur hitt, að það yrði frá 1. júní. Með því sýnist mér að tilgangi meiri hlutans sé fyllilega náð, því það er auðsætt, að hann leggur mesta áherzluna á, að álftir séu friðaðar um varptímann og á meðan þær eru í sárum.

Eg vona að háttv. deild sé mér samdóma um, að sá friðunartími sé fullangur, sem eg fer fram á, og að hún því muni samþykkja brtill. mína.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 25, 137, 166, 171) 25. júlí.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Hér liggja fyrir 2 breytingartill. og gleður það mig að sjá af þeim, að hinir háttv. þm. eru báðir á sama máli um að lengja friðunartíma álfta og rjúpna. Hér er því að eins ágreiningur um það, hvað friðunartíminn skuli vera langur, og getur það auðvitað verið álitsmál. Mér fyrir mitt leyti finst það rétt, sem meiri hluti nefndarinnar fer fram á, sem sé að friða álftirnar frá 1. apríl til 20. septbr. Mér sýnist sjálfsagt að friða jafn fríðan og ágætan fugl sem lengst, því álftin getur orðið til mestu skemtunar í sveitunum ef hún þyrði að halda til niðri í bygð og þyrfti ekki að óttast drápgirni manna; mér virðist meira í það varið að gera hana spakari en að skjóta fáeinar álftir og með því fæla þær úr mannabygðum langt upp á heiðar. Að því rjúpuna snertir, þá álít eg einnig rétt að friða hana meira en hingað til, því henni er óðum að fækka í sumum héruðum landsins. Eg kæri mig ekki um að vera að halda langa ræðu um þetta mál, og treysti því, að hinir háttv. þm. sýni með atkv. sínu, að þeir meti meira mannúð og fegurð en drápgirni og smávegis hagsvon.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg á hér eina litla breytingartill. og skal því leyfa mér að skýra frá minni afstöðu í málinu. Eg fer í breytingartill. fram á að breyta þannig til um friðunartíma rjúpnanna, að hann byrji fyr og endi fyr en nefndin fer fram á. Eg er á sama máli og háttv. framsm. (Tr. G.) um það, að það sé rétt að friða rjúpuna, en friðunin verður að fara eftir því, bæði að því er snertir rjúpur og aðra fugla, að menn hafi sem mest upp úr þeim. Eg skal skýra frá því, viðvíkjandi nefndarákvæðinu, um að binda friðunartímann við 20. sept., að þar sem eg þekki til á Norðurlandi, þar eru rjúpur mest veiddar í septembermánuði og hafa margir töluverða atvinnu af því. Þess vegna hefi eg stungið upp á því að færa friðunartímann til. Eg get líka fært fram fleiri ástæður fyrir brtill. Eg hefi

stungið upp á að friðunin væri bundin við 1. marz, af því að rjúpurnar um það leyti, eftir því sem eg þekki til, flýja oft undan hríðum og óveðrum í stórhópum til mannabygða, og eru mjög mikið drepnar. Aðalatriðið, sem vakti fyrir mér, var að fá friðunartímann styttan að haustinu. Hina brtill. frá h. þingm. S.-Þing. (P. J.), sem fer hér um bil fram á sama og eg, get eg fullkomlega samþykt, og eg vildi helzt óska, svo framarlega sem háttv. forseti ekki hefir neitt á móti því, að hún yrði borin upp fyrst.

Björn Sigfússon: Það var að eins ein athugasemd, sem eg vildi leyfa mér að gera viðvíkjandi brtill. háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.). Rjúpurnar geta verið mönnum arðsöm verzlunarvara í marzmánuði, síðan skipaferðir til útlanda á þeim tíma eru orðnar vissar. Þær eru einna bezt borgaðar um það leyti árs og þá hafa viss héruð mestan hagnað af þeim; en séu rjúpur friðaðar í marzmánuði, er loku fyrir það skotið. Almenningur hefir ekki svo margt eða mikið að verzla með, að vert sé að gjöra leik til að fækka því. Eg er hinum háttv. þingm. samdóma í því, að það sé rétt að taka tillit til þess, að eyðileggja ekki atvinnuvegi manna, og þess vegna hefi eg ekki getað fallist á till. meiri hl. nefndarinnar. Að því er snertir friðunartakmörk fyrir álftir, þá álít eg þá skoðun rökstudda, sem eg hefi látið í ljósi viðvíkjandi því. Mér finst engin ástæða til að vera að eyðileggja hagnað manna og finst friðunartilganginum fullkomlega náð, með því að binda friðunartímann þeim takmörkum, sem eg hefi farið fram á.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarss.*): Mér finst verða lítið úr friðun hvað álftirnar snertir, ef tillögur háttv. þm. Húnv. (B. S.) fá framgang. Við erum að tala um að álftirnar séu skemtilegur fugl, og eg skil ekki í því, hvað þeim mönnum gengur til, sem ekki vilja líta dálítið á fegurðina og ánægjuna, heldur að eins einblina á það, að einstakir menn hafi hagnað af að skjóta nokkurar álftir. Meðan þær eru skotnar verða þær altaf styggar. Eg fyrir mitt leyti get alls ekki verið með því að taka 2 mánuði framan af nú lögákveðnum friðunartíma fyrir álftirnar. Að því er rjúpurnar snertir, þá höfum við í meiri hlutanum viljað binda friðunartima þeirra við 20. september. en þegar friðunarími sá endar, sem h. þm. Eyf. (J. J.) fer fram á, þá eru ungarnir svo litlir og óþroskaðir að forðast mennina, að þá má strádrepa þá niður. Eg verð því fyrir mitt leyti að álíta tillögur meiri hluta nefndarinnar heppilegri.

Pétur Jónsson: Eg er ekki viss um að það sé rétt ályktun hjá háttv. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að rjúpurnar eigi að friða fram að 20. septbr., af því að fram undir þann tíma séu þær svo litlar og lítill matur í þeim. En oss sem seljum þær, þykir meiri matur í 20 aurum fyrir rjúpuna í september, en 10 aurum sem hún gerir þegar fram á veturinn kemur, hvað sem stærð og gæðum líður.

Ef það er ekki meiningin að fyrirgirða alla veiði á þessum fugli, þá sýnist mér óheppilegt að friða hann allan þann tíma, sem hægast er að ná í hann og koma honum á markað og fá mest verð fyrir. Í fyrra var langmest af rjúpum flutt út, eða að minsta kosti skotið, fyrir 20. september bæði í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu. Í fyrra fór eg 13. september af Akureyri heim á leið, og það er eg viss um, að á leiðinni yfir Vaðlaheiði hefi eg mætt ekki innan við 30 áburðarhestum með rjúpum á. Rjúpnasalan byrjar þar svo snemma, af því að þá er hægt að

koma rjúpunum á fám dögum til útlanda með fjárflutningaskipunum.

Enn er ein ástæða fyrir því, að hafa ekki friðunina á rjúpunni eins langt fram eftir haustinu og báttv. meiri hluti nefndarinnar fer fram á; þá mundu þeir nl., sem ala upp rjúpuna á sumrin, menn, sem eiga stór heiðarlönd, að mestu leyti fara á mis við arðinn af henni. Á sumrum heldur rjúpan sig nefnilega á heiðum og mólendi, en þegar kemur lengra eða skemra fram í september, hverfur hún upp í hraun, fjöll og óbygðir. Þetta veit eg af eigin reynslu, því að hjá mér er heiðarland. Þar verpir rjúpan og dvelur á meðan hún er samlit móunum, en þegar fram í september kemur, hverfur hún og leitar upp í fjöllin þegar þau taka að hrímga en hún að hvítna.

Þorlákur Guðmundsson: Eg veit að það gæti verið óheppilegt, að rjúpur væru friðaðar frá 1. marz fyrir ýmsa menn hér á Suðurlandi, því að einatt má koma þeim á markað héðan í marzmánuði og fá gott verð fyrir þær; aftur mundi það gera minna til hér á Suðurlandi, þótt þær væru friðaðar fram að 20. september, því að lítið er alment skotið af þeim fyrir þann tíma, en aftur á móti getur staðið öðruvísi á í öðrum héruðum landsins.

ATKVGR.:

Brtill. á þingsk. 166 feld með 11 : 6 atkv.

Brtill. á þingskj. 171 við brtill. minni hlutans samþ. með 12 : 5 atkv.

Brtill. minni hlutans samþ. með 13 gegn 9 atkv.; var viðhaft nafnakall og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón þórarinsson,
Halldór Daníelsson,	Sigurður Gunnarss.,
Jón Jensson,	Skúli Thoroddsen,
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Tr. Gunnarsson,
J. J., þm. Eyf.	Þ. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Þórður Thoroddsen.
Pétur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Þingm. N.-Þing. var ekki á fundi sökum lasleika.

1. gr. í brtill. nefndarinnar við hið upphaflega frumv., þannig breytt, sþ. með 17 samhlj. atkv.

Hið upphaflega frumvarp þar með fallið.

2. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.
3. — — — 18 — —
4. — — — 18 — —
5. — — — 18 — —

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.

Vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 190, 194, 195) 27. júlí.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eg skal lýsa því yfir, að meiri hluti nefndarinnar hefir ráðið með sér að vera brtill. samþ. til þess að gera ekki rugling á málið, þótt við hins vegar verðum að játa, að við séum ekki alls kostar ánægðir með þær.

ATKVGR.:

Brtill. á þingsk. 194 við 1. gr. frv. samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtill. á þingsk. 190 við 1. gr. frv. samþ. með 15 : 1 atkv.

Frumv. með breytingum var síðan samþykt með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr. (C. 304, 401, 408) 15. ágúst.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarss.): Hér liggja fyrir breytingartill. frá minni hluta nefndarinnar og háttv. þm. Mýr. (H. D.). Mér sýnist það vera alveg það sama, sem hann fer fram á eins og minni hluti nefndarinnar, svo eg vil leggja það til, að þingm. taki það til baka. Hann og háttv. þingm. Húnv. (B. S.) vilja báðir friða fuglana sem minst. Háttv. Ed. hefir friðað álftirnar alveg, og er það bezt við mitt skap og meiri hlutans. Eins og kunnugt er, er þingið ekki svo ófúst á að breyta lögum, að ef þetta reyndist óhentugt, þá mætti breyta því aftur innan fárra ára. Það hefir verið tekið fram sem ástæða gegn frumvarpinu, að svanir geti skemt stararengi með því að draga upp kólfinn. Þegar hestar eða kindur komast á engjar manna, þá eru þær ekki skotnar niður, heldur reknar burtu með hundum, og sýnist mér að eins mætti fara með svanina, eða þá skjóta á þá blindskotum, það er að segja með púðri en ekki höglum; þeir taka þá eftir því að þeir eiga ekki friðland þar.

Eg las nýlega í náttúrufræðistímariti, að eitt sinn á Englandi, þegar verið var að leggja telegraf á einhverjum stað, sat mikið af smáfuglum á þræðinum, en þegar þráðurinn var kominn í gang og farið að telegrafera, og rafurmagnið farið að verka, þá lá fjöldi af dauðum fuglum undir þræðinum fyrstu dagana. Eftir þetta héldu fuglarnir sér frá þræðinum, og náttúrufræðingurinn spyr: Hvernig stóð á því, að fuglarnir vissu að þeim var hætta búin að setjast á þráðinn? Lítur það ekki svo út, sem fuglarnir hafi getað gert hver öðrum skiljanlegt, að það væri hættulegt að koma nálægt honum, Eins held eg að álftirnar yrðu stygðar með hundum eða blindskotum, svo þær flýðu burtu. Það er sjálfsagt að það er hægt að styggja fugla frá sér, eins og það er hægt að hæna þá að sér. Allir vita hvernig það er með æðarfuglinn, að af því hann hefir frið hér, þá gengur hann hér alveg að bryggjunum; en undir eins og hann kemur hér út fyrir eyjar, þá verður hann styggur.

Eg vona að háttv. deild samþykki frumvarp þetta, eins og það er komið frá háttv. Ed, í það minsta þætti mér það mjög æskilegt, að svanirnir yrðu friðaðir í 5 eða 10 ár, þeim verður þá svo fjölgað, að það verður hreinasta ánægja að sjá svanahópinn í sveitunum og hlýða á sönginn þeirra.

Björn Sigfússon: Það er búið að tala svo mikið um þetta mál, að eg nenni ekki að fara að fjölyrða mikið um það. Eg hefi ekki lagt áherzlu á það að undanförnu, að vera á móti algjörðri friðun, af þeiri ástæðu, að álftir skemmi engjar, og þarf eg því ekki að svara því. Aðalástæðan, sem eg hefi tekið fram, er fyrst og fremst þetta, að eg veit að fjöldi manna álítur slík friðunarlög óþörf og óeðlileg, og þegar mönnum finst að lögin gangi of langt, þá freistar það manna til lagabrota. Í öðru lagi sé eg enga ástæðu til að meina mönnum, sem geta, að hafa dálítil not og hagnað af því að skjóta álftir, og vil ekki fyrirmuna þeim það; og það hefir háttvirt deild kannast við með aðrar fuglategundir, t. a. m. rjúpuna, og ekki viljað meina mönnum að hafa hagnað af rjúpnaveiðum. Enn fremur má geta þess, að þessi heimskulega ströngu friðunarlög, geta — ef þeim er hlýtt, — orðið til þess, að draga úr unglingum að læra að fara með byssu, og yrðu þannig til að eyðileggja þessa fögru list, skotfimina. Þetta eru aðalatriðin, sem koma mér til að hafa á móti því að álftir séu friðaðar til fulls.

Eins og menn sjá, þá fara brtill.

mínar ekki fram á annað, en að hafa friðunartakmarkið hið sama í frumv., eins og þegar deildin skildi við það; eg hefi ekki gengið eins langt, eins og eg hefði í raun og veru álitið rétt, og eg er sannfærður um, að þó breytingartill. mínar verði samþyktar, þá verður það ekki málinu að falli, því að h. Ed. mun vafalaust ganga að því. Sá maður, sem var þar aðalflutningsmaður að því að friða álftir algjörlega, var ekki fastari á því en það, að hann hefir látið það í ljósi, að þó háttv. Nd. breyti frumv. aftur, þá mundi Ed. samþykkja það; eg hefi vissu fyrir því, að h. Ed. gjörir ekkert kapp úr því, þó þessu sé breytt.

Að endingu skal eg geta þess, að það er engin almenn ósk um slíka friðun, sem þessa; þvert á móti, þetta er alt komið frá einstökum mönnum, sem varla sjá út yfir bæinn sem þeir búa í, og eg get ekki borið á móti því, að mér finst það lýsa kynlegu kappi.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira, það er búið að tala svo mikið um þetta mál, ekki þarfara og þýðingarmeira en það er í sjálfu sér.

Halldór Daníelsson: Eg skal lýsa því yfir, að eg tek aftur þá breyt.till., sem eg hefi komið fram með í þessu máli. Þó get eg ekki neitað því, að mér þykir farið heldur langt í friðuninni í áliti meiri hluta nefndarinnar, og skal geta þess um leið, að á þingmálafundi í Mýrasýslu kom einmitt fram álit, sem í þessu efni stefndi í líka átt eins og álit minni hlutans. Eg hefi það á móti algerðri friðun, að menn, eins og nú stendur, ætlast í að skjóta, og þótt það kannske ekki sé álitinn mikill kostur af sumum, þá tel eg það þó nokkurs virði, já mikils virði. En það getur nú verið að sumum þyki þetta ekki mikilsverð mótbára gegn frumv. Það er einnig ómótmælanlegt, að í Borgarfirði t. d. hafa margir talsverðan hagnað af skotmensku. Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða meir um þetta mál.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 401 var samþ. með 12 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Halldór Daníelss.,	Jens Pálsson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Pétur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Valtýr Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson.
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundss.	

Frumv. í heild sinni með breyt. var samþ. með 18 atkv. gegn 1 og afgreitt til Ed.

Breyting á botnvörpulögum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum (207); 1. umr., 28. júlí.

Þórður Thoroddsen: Eins og háttv. þingdm. sjá, þá fer frumv. þetta fram á dálitla breyting á hinum núgildandi botnvörpulögum, nefnilega þá breyting, að sektirnar fyrir ólöglega veiði, skuli renna að hálfu í sýslusjóð, í stað þess að þær nú renna allar í landssjóð; aftur á móti er ekki farið fram á, að hinn upptæki afli og veiðarfæri falli til sýslusjóða, slíkt ætlast eg til að renni óskert í landssjóð, eins og nú á sér stað; það er að eins helmingur sektar sem um er að ræða.

Frumv. þetta er framkomið eftir á-

skorun kjósenda í mínu kjördæmi. Sérstaklega var það þó á einum þingmálafundi í Vatnsleysustrandarhreppi, sem lögð var mikil áherzla á að botnvörpulögunum væri breytt í þessa átt, og var það borið fram sem ástæða, að þar sem þær sýslur, er yrðu fyrir þessari veiðiaðferð útlendinga, biðu stórtjón og hnekki í atvinnuveg sínum, þá væri ekki nema eðlilegt, að þær fengju þennan skaða bættan á þann hátt, að sektirnar rynnu til þeirra að meiru eða minna leyti, og að þær væru bezt að þeim komnar. Eg verð að álíta að þetta sé alveg rétt og hafi við full rök að styðjast, því ef það er víst að botnvörpuveiðarnar skemma fiskiveiðarnar yfir höfuð, þá er það líka víst, að þau svæði bíða mestan skaða, sem liggja þar að sjó, sem þær eru stundaðar, og þá líka eðlilegt að þau fái skaðabætur. Það hefir líka komið fram í mínu kjördæmi, að fiskiveiðarnar í þeim héruðum, sem botnvörpuveiðar hafa mest verið stundaðar, bæði fyrir utan og innan landheldi, hafa svo að segja eyðilagst síðan að botnvörpuveiðarnar hófust. Eg ímynda mér, að frumv. þetta fari ekki að neinna dómi fram á neina ósanngirni og vona því að deildin leyfi því að hafa framgang.

Pétur Jónsson: Eg er ekki mótfallinn þessu frumv. í verunni, en verð þó að segja, að mér finst sumt athugavert við það.

Eg álít það ekki nema sanngjart, þar sem atvinnuvegum manna er spilt með botnvörpuveiðum í landhelgi, að þeim sé þá bætt það á einhvern hátt, ef unt er. En eg álít aftur á móti, að það sé misjafnt, hversu mikinn skaða botnvörpuveiðar geri í þeim einstöku sýslum. Landhelgin er að mínu aliti ekki jafn dýrmæt allsstaðar; það er t. d. óvíða á landinu, að hún hefir jafnmikla þýðingu og hér á Faxaflóa, þess vegna getur verið spurning um, hvort lög þessi eigi að hafa alveg sömu reglu allsstaðar.

Annað, sem eg hefi að athuga við frumv., er það, að eg hefði helzt viljað óska, að þau ein héruð hefðu gagn af þessum sektum, sem gerðu einhverja tilraun til að koma í veg fyrir þessar óleyfilegu veiðar, eða að minsta kosti hafa ekki mikil mök við þá botnverpinga, sem brjóta landslögin. Eg verð að telja það mjög háskalegt fyrirkomulag, að láta mönnum haldast uppi að hafa í frammi óleyfileg viðskifti við botnverpinga. Eg vil biðja h. þm. K.-G. (Þ. Th.) um að taka ekki orð mín svo, sem eg meini þetta eingöngu til hans kjördæmis, það hefir komið fyrir bæði þar, og eins annarsstaðar, að þessi viðskifti hafa átt sér stað. Mér er kunnugt um, að einn bóndi við Axarfjarðarflóa rak þennan atvinnuveg, að selja botnverpingum brennivín við fiski. Hann hætti að mestu að stunda heyskapinn og tók alla sína menn frá slætti til þess að sækja atvinnu þessa um sumarið. Þetta ástand verð eg að álíta mjög ilt og varhugavert, og vildi gjarnan að eitthvað væri gert til þess að fá komið í veg fyrir það.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: H. þm. S.-Þing. (P. J.) gat þess í ræðu sinni, að landhelgin væri ekki allsstaðar jafnmikils virði. Af því að mér skildust þessi orð helzt lúta að Skaftafellssýslum, þá skal eg leyfa mér að skýra frá því, að botnverpingar hafa einnig spilt fiskiveiðum þar eystra, og þar að auki hafa þeir spilt æðarvarpi með skotum út um allan sjó. Eg verð því að leggja það til, að allar sýslur séu látnar njóta jafngóðs af sektarákvæðum þessara laga.

Að því er viðskifti við botnverpinga

snertir, þá er eg á sama máli og h. þm., að mér finnast þau alveg ótilhlýðileg.

Ólafur Briem: Eg stend upp að eins til að benda á, að mér finst frv. þetta um breyting á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, vera bygt á, ef ekki röngum, þá að minsta kosti mjög óviðfeldnum grundvelli. — Frumv. er sem sé bygt á þeirri skoðun, að hér sé um vissan tekjustofn að ræða, og vill láta skifta fénu niður á milli landssjóðs og þeirra sýslufélaga, sem landshelgisbrotin eru framin í, en eftir því sem mér getur skilist, þá er það ekki meiningin með sektum þeim, er lögin leggja við slíkum brotum, að þær eigi að skoðast sem sérstakur tekjustofn fyrir landið, eða sem skaðabætur til einstakra landshluta, heldur sem hegningarákæði, og ef fénu ætti að verja til nokkurs sérstaks, þá væri það til þess að koma í veg fyrir brot gegn lögunum. Að þessu leyti get eg ekki verið samþykkur frv. — Eg set þetta fram að eins sem bendingu til h. flutnm.

Pétur Jónsson: Það þykir líklega banatilræði hjá mér við frv. að stinga upp á nefnd, enda þótt það sé alls ekki vilji minn að ráða þetta frumv. af dögum, en bæði vegna þeirra athugasemda, sem h. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, og eins vegna þess, sem eg benti á í ræðu minni áðan, þá verð eg þó að leyfa mér að stínga upp á 3. manna nefnd í málið.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa 3. manna nefnd með 12 atkv. og hlutu þessir kosningu:

Þórður Thoroddsen með 20 atkv.
Ólafur Briem — 15 —
Pétur Jónsson — 15 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., (C. 207, 390); **14. ágúst.**

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin ekki getað orðið sammála, þar sem tveir af nefndarmönnum leggja það til, að frumv. verði samþykt, en einn vill láta fella það. Minni hlutinn ber það fyrir sig, að það verði að skoða sektirnar sem hegningarákvæði, og sé því óeðlilegt, að þær renni í sýslusjóðina. En þótt nú svo sé, getur meiri hlutinn ekki fallist á, að nokkuð sé því til fyrirstöðu, að ákveðið sé, að sektirnar skuli renna annað en í landssjóð. Þeir, sem fyrir þeim verða, finna eins til þeirra sem hegningar fyrir því. Og þegar litið er á það, hve skaðlegar þessar botnvörpuveiðar eru fyrir viðkomandi héruð, þá virðist sanngjarnt að héruðin fái nokkura þokkabót fyrir skaða þann, er þau líða. Eins og kunnugt er, kemur þetta frv fram eftir áskorun úr einni sýslu, sem einna verst hefir orðið úti af botnvörpuveiðunum, þar sem þær hafa gjört það að verkum, að líkindi eru til, að fiskiveiðar muni ekki ná sér í nokkurum héruðum í þessari sýslu, um nokkur ár. Afleiðingarnar hafa af þessu orðið, að sýslulélagið hefir orðið að leita styrks hjá landssjóði, og það eru öll líkindi til, að svo framarlega sem þetta heldur áfram, þá verði þingið fyrir eilífu bænaákalli úr þessari átt, og enda víðar að. Ef nú sektarféð yrði látið hér eftir renna í sýslusjóð, þá eru líkindi til að það verði komið í veg fyrir slíkt framvegis.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að svo komnu, en vona, að þingdeildin fallist á skoðun meiri hlutans í þessu máli.

Landshöfðingi: Eg fyrir mitt leyti hallast að skoðun h. minni hluta í þessu máli. Það er alveg nýtt í löggjöf vorri, að sektir séu látnar renna til sýslufélaga. Það er svo, að eftir lög-

um vorum renna allar sektir annaðhvort í landssjóð eða fátækrasjóð. Auk þess er það ekki eðilegt, að sektir þær, sem hér ræðir um, renni í sýslusjóðinn í heild sinni. Það er ekki sýslan öll, sem bíður beinan skaða af botnvörpuveiðunum, heldur einstakir hlutar hennar, þar sem botnvörpuveiðarnar eru reknar. Ef skip t. d. rekur botnvörpuveiðar fyrir utan Hafnirnar, þá er það skaði fyrir þær, en ekki fyrir Kjósarsýslu. Ef það nú yrði sektað, þá virðist miklu réttara, ef á annað borð ætti að fara að breyta því, hvert sektirnar rynnu, að Hafnahreppur yrði þeirra einn aðnjótandi en ekki sýslan öll, og að Rosmhvalanesshreppur fengi sektarféð frá þeim botnverpingum, sem þar veiddu í landhelgi o. s. frv. Eg held annars að það væri réttast að samþykkja tillögu h. minni hluta (Ól. Br.) og láta málið ekki fara lengra.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Hæstv. landsh. gat þess, að sektir væru alment látnar renna annaðhvort í fátækrasjóð eða landssjóð. Það er rétt. En hér er raunar ekki heldur farið fram á annað, því að hvað er sýslusjóður annað en fátækrasjóður? Hvenær sem einhver hreppur verður á flæðiskeri staddur og þarf styrks við, þá verður honum fyrst fyrir að leita styrks þessa hjá sýslusjóði, og sýslan verður að gangast fyrir að útvega peninga þá, sem þurfa til að afstýra hallæri. Eg sé því ekki betur en að sýslusjóðirnir, auk annars, hafi það á hendi að hjálpa fátækrasjóðunum, þegar þeir geta ekki aðstaðið að bjarga hreppsbúum.

Hér er því ekki brotin sú aðalregla, að sektir renni annaðhvort í fátækrasjóð eða landssjóð. Ef það er rétt að hrepparnir bíði halla við botnvörpuveiðar, þá bíða fátækrasjóðirnir það líka, og fyrir þá er eina leiðin til að bjarga sér, að leita liðs hjá sýslusjóðunum. Það er ekki að eins grunur minn, að gangurinn sé þessi, eg veit það fyrir vissu; það hefir einmitt komið fyrir í minni sýslu, að sýslusjóðurinn hefir tekið upp á sig ábyrgð fyrir fátækrasjóði sveitanna, og þegar þeir ekki hafa staðið í skilum, þá hefir sýslusjóðurinn borgað. Ef sektarféð er látið ganga í sýslusjóð, þá er það augljóst, að það muni mestmegnis verða látið ganga til þeirra hreppa sem fyrir tjóninu verða af botnvörpuveiðunum. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu mundi það t. d. verða látið ganga til hreppanna suður við sjóinn, en varla til Kjósarhrepps, Kjalarness- eða Mosfellshreppa.

Eg fæ alls eigi séð að tillögur vorar komi í bága við grundvallarreglur laganna, og mér finst hér fundin mjög eðlileg úrlausn málsins.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 3 atkv.

Önnur umr., (C. 207, 390); 16. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg ætla að eins með fáum orðum að minnast á breyt till. á þgskj. 442 frá h. þm. A.-Sk. (J. J.), og vil eg geta þess, að nefndin er ekki á móti því, að breyt.till. verði samþykt. Breyt.till. er reyndar nokkuð annars efnis en upphaflega frumv., en af því hvorttveggja snertir sama mál, botnvörpuveiðarnar, þá er nefndin því ekki mótfallin, að það ákvæði, sem breyt.till. fer fram á, sé sett inn í botnvörpuveiðalögin.

Valtýr Guðmundsson: Viðvíkjandi síðustu breyt.till. vil eg taka það fram, að mér finst sem hún ekki muni geta náð tilgangi sínum. Það er erfitt að fá fullar sannanir fyrir því, að innlendur maður hafi leiðbeint útlendum botnverpingum og vísað þeim á fiskimið, ef

ekki er sett ákvæði um það, að innlendum mönnum skuli hreint og beint bannað að hafa nokkur mök við botnverpinga. Eg vil benda nefndinni á að setja þess konar ákvæði inn í frv.

Þegar ritað var í vetur um þetta í dönskum blöðum, þá ritaði eg meðal annara til varnar fyrir Íslendinga. Í blöðunum voru Íslendingar sakaðir um að hafa viðskifti við botnverpinga, kaupa af þeim fisk og jafnvel aðvara þá gegn varðskipinu; yfirvöldin gengju linlega fram í því að sporna við þessu og allir væru því í rauninni samsekir. Eg tók það aftur á móti fram í vörn minni, að yfirvöldin hefðu gert það sem þau gátu til þess að koma í veg fyrir þetta, amtmaðurinn hefði gefið út bann móti því að hafa viðskifti við botnverpinga, en það hefði ekki komið að tilætluðum notum. Þetta varð til þess að milda ríkisþingið, því áður var það rétt komið að því að fella styrkinn til Heimdals. En aftur á móti varð eg þess var, að álitið var, að amtmaðurinn hefði ekki haft heimild til þess að gefa út þetta bann.

En nú vil eg láta þingið veita heimild til að gefa út slíkt bann. Það er ekki nóg, að heimta að það sannist, að menn hafi leiðbeint botnverpingunum, því slíkt er erfitt að sanna. Það verður að banna mönnum að eiga nokkur mök við þá.

Jón Þórarinsson: Eg vildi mælast til þess, vegna breyt.till þeirrar, sem kom fram í dag, að þetta frumv. fengi góðan byr, og yrði afgreitt frá þinginu sem lög. Það var vegna breyt.till. þeirrar, sem kom fram í dag, sem eg bað um orðið. Eg talaði við flutnm. frumv. og vildi að sett væri inn í það ákvæði í sömu stefnu og h. þm. Vestm. (V. G.) hélt fram, að mönnum væri bannað að hafa verzlunarviðskifti við útlenda botnvörpuveiðimenn. Menn dragast að hinum útlendu botnvörpuskipum af von um einhvern hagnað, og gróðavon. En einmitt þessi verzlunarmök og ábatavon leiða menn aftur til þess að liðsinna hinum útlendu yfirgangsseggjum, vísa þeim til miða utan og innan landhelgi, og gerast þannig aðstoðarmenn þeirra til að eyðileggja atvinnuveg landsmanna fyrir eigin stundarhag. Mér finst öldungis nauðsynlegt að fyrirbyggja þetta. En það verður ekki með öðru móti gert en því, að leggja sektir við, ef þeir dvelja langdvölum í botnvörpuskipunum. (*Tryggvi Gunnarsson*): Hve lengi?). »Hve lengi« spyr sessunautur minn (Tr. G.). Auðvitað getur staðið svo á, að menn hafi í lífsháska leitað til botnverpinga, og þeir verði fyrir þá skuld að dvelja hjá þeim all-langan tíma, en að sjálfsögðu vil eg ekki láta menn sæta ábyrgð, þegar svo stendur á. En fyrir því mun ráð verða gert í breyt.till. minni, svo að ekki verði um að villast.

Breyt.till. á þgskj. 442, sem útbýtt var á fundinum, var samþ. að koma mætti til atkv.gr. og umr.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 390 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv.greinin, þannig breytt, samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 390 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 442 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., (C. 410, 454); 18. ágúst.

Jón Jensson: Eg hefi leyft mér að gera brtill. við frv. það, sem hér liggur fyrir, þar sem er stungið upp á orðabreyting við það. En þessi orðabreyting fer fram á, og er bygð á þeirri

skoðun, að það sé rétt að hafa frv. svo, að það sé ekki farið að leggja sektir við öðru athæfi en því, sem í sjálfu sér er ólöglegt athæfi, eða athæfi sem er svo vaxið, að það gefur grun um að það sé ólöglegt. Það er ólöglegt, og það er einmitt það sem frv. vill hegna fyrir, að leiðbeina botnverpingum, þegar þeir eru við ólöglegar veiðar í landhelgi; og það er aðaltilgangur frv. að leggja sektir við því, ef Íslendingar hjálpi botnverpingum til að brjóta lögin. En það er líka ljóst, að það er mjög örðugt að sanna slík brot og frv. hefir viljað komast hjá örðugleikunum við að sanna slík brot með því að ákveða, að þegar maður hittist um borð í botnverpingi, þá skuli hann sektaður. En það er of langt farið með þessu ákvæði, það er engin grunsemd á þeim manni, sem t. a. m. hittist um borð í botnverpingi inni á höfn eða utan landhelgi, þar sem botnverpingurinn er ekki að fremja neitt óleyfilegt. Þess vegna hefi eg komið með þessa takmörkun; eg vil láta því að eins sekta menn, að þeir finnist um borð í botnverpingi, þegar hann er að ólöglegum veiðum. Mér finst ekki að menn geti farið strangara í sektirnar, en að telja það brot, ef menn finnast um borð í botnverpingi, þegar hann er við ólöglegar veiðar. Eg vona að h. deild sjái, að þetta er til að færa frv. heldur í í lag. Lögin eru ekki ætluð til þess að koma refsingu yfir bæði saklausa menn og seka, heldur til að hitta sökudólgana og fyrirbyggja að þeir sleppi.

Hin 2. brtill., sem eg hefi gert, er að færa niður takmarkið á sektunum. Í frv. eru þær settar 100—1000 kr., eg vil færa þær niður í 50—1000 kr.; því þó að maður finnist um borð í botnverpingi, getur verið að hann sé alveg saklaus af því, að hafa leiðbeint botnverpingnum og hann geti sannað það, en samt fellur hann undir refsingarákvæði laganna »vegna þess lagagruns«, sem á honum liggur fyrir að vera um borð í skipinu, en þar sem þetta getur komið fyrir, álít eg ekki rétt að setja lægstu sektina mjög hátt.

Eg hefði jafnvel álitið rétt að færa lágmarkið enn þá lengra niður, en hefi ekki þorað það, var hræddur um að ynni þá síður samþykki háttvirtrar deildar.

Landshöfðingi: Eg vil mikillega mæla með því, að þessar brtill., sem komnar eru fram á þgskj. 454 verði samþyktar, og eg álít ekki rétt að samþykkja brtill. á þgskj. 476, það er að segja fyrri breytingartillöguna, sem bindur sektina að eins við það, að hafa mök við botnverpinga, er þeir eru við veiðar í landhelgi. (*Jón Jensson*: verzlunarmök á að fella burt.) Já, en það er það, sem eg hefi á móti því að samþykkja brtill. undir 1. tölulið, að eg álít það ólöglegt að hafa verzlunarmök við botnverpinga, hvort sem er í landhelgi eða fyrir utan landhelgi. Menn fara til þess að kaupa af þeim fisk, og fara út í skip þeirra, og svo kannske sýkjast þar af einhverri sýki, sem kann að vera þar á skipinu, og flytja veikina í land hér. Það er álit lögfróðra manna, að enn séu í gildi ákvæði sóttvarnartilskipunarinnar 10. febr. 1885 um að banna mök við útlendinga fyr en skipið er búið að sýna helbrigðisskírteini, »Sundhedspas«. En ákvæðum þessum hefir ekki verið fylgt í langan tíma, og því álít eg vel til fallið, að lögleiða slíkt ákvæði, sem er tekið upp í brtill. á þgskj. 454; það hefir margur fundið til þess, hvað það væri óforsvaranlegt að fara um borð í botnverpinga, sem koma án þess að

hafa nokkur heilbrigðisskírteini, og sem menn svo lesa um í enskum blöðum að komi frá þeim stað í Englandi, sem hafi bólu eða einhverja aðra veiki.

Eg er á því, að það væri rétt að ákveða hegninguna dálítið harðari, á þann hátt, að sektunum skuli beitt, ef brotið eigi vinnur til þyngri hegningar að lögum, en hins vegar hefi eg ekkert á móti því, að lægsta takmark sektar sé fært frá 100 kr. niður í 50 kr., eins og farið er fram á í breytingartillögunni á þingskjali 476 2. tölulið.

Jón Jensson: Eg get ekki verið samdóma hæstv. landsh. um það, að hin fyrri brtill. mín sé ekki til bóta. Eg get ekki séð annað en að það sé alt of langt farið, jafnvel þó um botnverping sé að ræða, að banna mönnum að fara út í skip þeirra og leggja sekt við. Þetta er gert hér, og það væri eins dæmi að beita slíkri aðferð gagnvart menskum mönnum, því hér er þó um menn að ræða en ekki óargadýr. Það getur vel verið að ýmsir sjúkdómar finnist meðal botnverpinga, en þegar við erum nú sjálfir farnir að hafa botnverpinga, sem eiga að hafa þessa hættulegu sjúkdóma, í landi hjá okkur, þá er ekki hægt að girða fyrir hættuna með neinum slíkum ákvæðum. Eg hélt að það væri meiningin með brtill. á þgskj. 464, að skipið ætti að vera í landhelgi og að ólöglegum veiðum, ef maður ætti að sæta sekt fyrir að dvelja þar innanborðs. Og eg kom með mína brtill. í því skyni, að eg orðaði að eins hugsun brtill. skýrara. Að taka inn í lög bann móti því að hafa nokkur verzlunarmök við botnverpinga, álít eg ekki rétt, og svo framarlega sem þau verzlunarmök koma í bága við önnur lög, verzlunarlögin, þá er óþarfi að vera að koma með þau. Það væri líklega meiri þörf á að fullkomna sóttvarnarlöggjöfina með einhverjum ákvæðum, því eg er ekki óhræddur um, að þar kunni að vera einhver eyða. Það ætti t. d. ekki að vera leyfilegt að fara út á botnvörpuskip, eða yfir höfuð útlend fiskiskip, nema þau væru búin að koma á löggilta höfn og sýna þar skjöl sín eða láta rannsaka heilbrigðisástand sitt, svo að þau megi hafa mök við landsmenn.

Landshöfðingi: Eg skal að eins geta þess í tilefni af því, sem h. þm. Rvk. (J. Jenss) sagði, að botnverpingar eða fiskiskip hafa aldrei heilbrigðisskírteini, því þau eru ekki skyldug til þess, heldur að eins verzlunarskip. Það er þess vegna óþarfi að setja nokkurt þess háttar ákvæði inn í lögin. Mér finst rétt vegna sóttvarnarlaganna að hafa bannið nokkuð rúmt.

Jón Jensson: Eg ætla að eins að gera stutta athagasemd viðvíkjandi því, sem hæstv. lh. sagði, að útlend fiskiskip væru ekki skyldug að hafa heilbrigðisskírteini, því eg held að það sé ekki allskostar nákvæmt orðað. Þau, eins og önnur skip, verða að sýna skírteini og heilbrigðisvottorð, svo framarlega sem þau koma að landi og vilja hafa nokkur mök við landsmenn, og meðan þau ekki hafa gert þetta, eða verið rannsakað heilbrigðisástand þeirra á löggiltri höfn, ættu landsmenn, sem fara út í þau, að sæta sektum fyrir; en hér væri ekki um botnvörpuskip ein að ræða heldur yfir höfuð útlend fiskiskip.

Jón Þórarinsson: Eg get því fremur verið stuttorður um brtill. mínar, sem hæstv. landsh. hefir tekið svo vel í þær og mælt svo vel með þeim, að eg þarf ekki að bæta miklu við.

Hæstv. landsh. hefir og svarað þeim

mótbárum, sem hafa komið fram. Viðvíkjandi brtill. h. þm. Rvk. (J. Jenss.), þá er eg samdóma hæstv. landsh. um það, að brtill. hans við 1. gr. er óheppileg, og eg vona að hún fái ekki framgang, því með því yrðu ákvæði laganna veikt að miklum mun. Eg skal taka það fram enn frekar, að það er óheppilegt, ef ákvæðið um verzlunarmök við botnverpinga væri takmarkað, því einmitt verzlunarmökin gefa freisting fyrir menn til að fara út í þá, þar sem hagnaður er í aðra hönd. Ef ekki væri hagnaðurinn, þá mundu menn heldur ekki hafa nein mök við þá og þá væri heldur ekki nein freisting til að leiðbeina þeim. Aftur á móti get eg ekki verið samdóma hæstv. landsh. að því er snertir að færa lægstu sektina úr 100 kr. niður í 50 kr., því það getur vel borgað sig fyrir Íslending, sem vill eiga mök við botnverpinga, að borga 50 kr. sekt, en ef það fer mikið upp úr því, þá borgar það sig ekki, og mér finst rétt að gera lögin svo úr garði, að það sé síður hagnaðarvon að brjóta þau.

H. þm. Rvk. sagði að það væri nauðsynlegt að hafa sektina lága, því að svo gæti farið, að það sannaðist, að maður sá, sem væri um borð, væri saklaus. Sá maður, sem er um borð, getur aldrei verið saklaus; því undir eins og hann er um borð að nauðsynjalausu er hann sekur. Það getur verið að menn þurfi að fara út í botnverpinga í lífsnauðsyn, en hér er ekki um slíkt að ræða, heldur að eins um þá, sem fara það að nauðsynjalausu.

H. þm. Rvk. tók fram, að botnverpingar væru hér í landi, og væri engin ástæða til að forðast fremur sóttnæminnar vegna þá, sem væru úti í sjó. Þetta er misskilningur hjá h. þm., því að þeir botnverpingar, sem hér eiga heima, hafa sýnt heilbrigðisskírteini, er þeir komu, og er því hverjum manni hægt að sjá mun á umgengni við þá og hina, sem ekkert heilbrigðisskírteini hafa sýnt.

Það, að eg vil fella 1. gr. frv., um að helmingur sektanna skuli renna í sýslusjóð, kemur ekki til af því, að eg ekki álíti þetta sanngjarna kröfu, heldur af því, að eg, eftir að eg heyrði undirtektir hæstv. landsh. um daginn, þorði ekki annað en fella hana burt, til þess að frumv. skyldi ekki falla fyrir þá sök.

Þórður Thoroddsen: Eg skal játa það, að eg hefi misskilið 2. brtill. á þgskj. 454. Eftir því sem eg skildi, þá var þar að eins átt við menn, sem væru í botnverpingum í landhelgi, en nú skilst mér á ræðu hæstv. landsh. og h. flutnm., að átt sé líka við þá, sem eiga mök við þá utan landhelgi. Ef svo er, þá álít eg að þessi brtill. sé óhafandi, án þess að brtill. á þgskj. 476 sé samþykt líka. Eg sé ekki ástæðu til að banna mönnum að fá fisk hjá botnverpingum, ef þeir gjöra það fyrir utan landhelgi, og eg verð að segja, að það hefir komið töluverður afli á land sumstaðar í Gullbringusýslu, einmitt sem sóttur hefir verið í botnverpinga út fyrir landhelgi. Eg skal til dæmis leyfa mér að benda á eitt hérað í mínu kjördæmi, Hafnirnar. Í vetur var þar alveg fiskilaust þegar botnverpingarnir komu, en við vertíðarlok var lægstur hlutur 700 og hæstur 1200, og þann fisk fengu þeir eingöngu úr botnverpingum, og það fyrir utan landhelgi. þessi fiskur kom að mestu leyti fátækum mönnum í hag, og eg get ómögulega verið með því að banna mönnum þetta, þar sem botnverpingarnir annars fleygja fiskinum í sjóinn. H. þm. K.-G. (J. Þór.) sagði, að botnverpingunum væri þága í því að menn tækju af þeim fiskinn, en það er ekki

svo, þeir geta eins vel sett hann á þilfarið og farið með hann dálítið út fyrir svæðið, sem þeir eru að veiða á, og fleygt honum þar. Þetta ákvæði mundi þar að auki auðsjáanlega helzt ná til fátækari manna, sem sækja til botnverpinga á opnum bátum, en ekki til hinna, sem gera út þilskip til að sækja fisk í þá, því þar er ómögulegt að hafa eftirlit með mönnum. Sama er að segja um innlendu botnvörpuveiðiskipin.

Eins og kunnugt er, hirða þau engan kola eða lúðu, en mörg af þeim hafa þann sið, að skifta við útlendu botnverpingana á þann hátt, að láta þá fá kola og lúðu, sem þau veiða, en þau fá aftur þorsk og ísu í staðinn. Þessi viðskifti yrðu líka hér eftir bönnuð, til mikils tjóns fyrir hina innlendu botnverpinga. Og þar að auki, hvernig er hægt að hafa eftirlit með þessu, sem gjörist úti í rúmsjó?

Eg fyrir mitt leyti gjöri ekki svo mikið úr sóttnæmishættunni, því þau ár, sem botnverpingar hafa dvalið hér, hefir aldrei borið á því, að sóttir bærust með þeim eða veikindi ættu rót sína að rekja til þeirra.

Hvað fátæklingum þar að auki viðvíkur, þá álít eg, að þeir hafi ekkert verra af því að deyja úr sótt, sem þeir hafa fengið af botnverpingum, heldur en að deyja úr hungri í landi.

Að því er breyt.till. á þingskj. 454 snertir, að fella burt 1. gr., þá er eg á móti henni, því að eg vil að nokkur hluti sektarinnar falli í sýslusjóð. — Aftur á móti álít eg það um breyt.till. á þingskjali 454 við 2. gr., að hún sé mikils virði að eins með því móti, að um landhelgi sé að ræða, en annars ekki; og eg álít, að af þannig lagaðri lagasetning muni gott leiða, því úr því menn vita, að hegning liggur við því, að fara út í botnverping, þá gera þeir það ekki.

Jón Þórarinsson: Mér kom það á óvart, að háttv. samþingism. minn (Þ. Th.) ekki skyldi geta samþykt breyt.-till. minar á þingskj. 454, eins og þær liggja fyrir, án þess að samþykkja breyt.till. háttv. þingm. Rvík. (J. Jens.) um leið. Eg skal játa það, að það er hart að takmarka rétt einstakra manna, en það verður oft að takmarka rétt einstaklinga, þegar er um almernings-heill er að ræða.

Það sem okkur aðallega greinir á um, er takmörkunin á því, hvort menn eru í botnverpingum fyrir utan landhelgi eða ekki. Mér þykir þetta kynlegt, því hann er úr þeim hluta kjördæmisins, þar sem rigndi niður áskorunum með mörgum nöfnum undir til stjórnarinnar, um að banna þetta, og amtmaðurinn bannaði það líka.

Þar voru menn líka kærðir, en yfirrétturinn dæmdi þá sýkna, af því að það vantaði lagaheimild.

Hér er að eins farið fram á, að fá lagaheimild fyrir slíku banni.

Eg skal játa það, að það er hart að fátæklingar skuli ekki mega sækja aflann þangað, sem hann er að fá, en það eru fyrst og fremst ekki eintómir fátæklingar, sem sækja hann út í botnverpingana, heldur einmitt margir efnaðir menn, sem þykir þessi veiðiaðferð á þilskipum sínum viðvænlegri en venjuleg veiði-aðferð. En þar að auki getur staðið svo á, að löggjöfin geti ekki tekið tillit til þarfa einstakra fátæklinga, einmitt vegna almennings hagsmuna. Hitt mundi eigi mannúðlegra, að eyðileggja almennings hag til þess að einstakir fátæklingar ættu hægra með að bjarga sér.

Háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði líka, að það væri undarlegt að banna mönn-

um ekki eins að fara út í frakknesk fiskiskip, en eg get svarað þar til, að það er engin freisting fyrir menn að fara út í þau, og því er engin ástæða til að banna það með lögum.

Aftur á móti er mikil fýsn í mörgum að fara út í botnverpingana, og þess vegna ástæða til að banna það með lögum.

Þrátt fyrir ræðu háttv. þingm. G.-K. (Þ. Th.) get eg þess vegna ekki skilið, að það sé nein ástæða til að samþykkja breyt.till. h. þm. Rvík. (J. Jenss.).

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eg hefi komið með breyt.till. á þingskj. 484 að eins til þess, að koma inn í lögin ákvæðum um það, að mök við botnverpinga skuli einungis bönnuð í landhelgi.

En svo framarlega, sem hvorki breytingartill. mín né breyt.till. háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) kemst að, sé eg ekki betur, en að eg neyðist til að greiða atkvæði móti öllu frumvarpinu, því að án þeirra ákvæða mundu lögin gjöra meiri skaða en gagn.

Landshöfðingi: Eg verð að mæla mjög á móti þessari breytingartill., og mér sýnist eins ráðlegt að fella alt frumv. eins og að samþykkja hana. — Þegar ákvæði breytingartill. eru komin inn í frumv., fer það að verða harla þýðingarlítið, því að til þess að dæma menn seka fyrir brot gegn lögunum, yrði að sanna það fyrir dómstólunum með nákvæmum hornamælingum, gjörðum af siglingafróðum mönnum, að skipið með hinum ákærðu í, hefði verið í landhelgi.

Eg skil heldur ekki í því hvaða kapp er lagt á það, að styðja menn til þess að sníkja fisk út úr botnverpingum, eða til að kaupa hann af þeim fyrir whisky og annan óþarfa.

Það eru yfir höfuð ekki heldur fátæklingarnir, sem ná í krás þessa, heldur eru það flestalt menn, sem eftir vorum mælikvarða mega kallast vel efnaðir. Það eru efnaðir þilskipaeigendur, sem liggja á því lúalagi, að elta botnverpingana og gjörast þjónustusveinar þeirra, og sníkja út úr þeim fisk fyrir ýmsan óþarfa-varning.

Háttalag þessara manna hefir komið óorði á oss í útlöndum, og ef ekki er hægt að ná þeim undir ákvæði þessa frumv., þá tel eg það þýðingarlaust.

Guðlaugur Guðmundsson: Mér finst vera kominn talsverður glundroði á mál þetta, og það er leitt, að umræðurnar um aðal-atriði þess skuli hefjast fyrst nú við 3. umræðu. Hér er einmitt um svo viðsjál atriði að ræða, að varla mun unt að útkljá málið á þessum eina fundi, svo að ekki verði einhver misskilningi á.

Mér finnast mjög skiljanlegar þær tvær höfuðskoðanir, sem hafa komið fram í málinu.

Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) heldur því fram, að ákvæði laganna séu ekki látin ná lengra en að banna að eins viðskifti við botnverpinga innan landhelgi; aðrir vilja aftur að þeim séu bönnuð öll viðskifti við þá á sjó, bæði innan og utan landhelgi, og bera þeir það fyrir sig, að það sé nauðsynlegt vegna sóttvarnarráðstafana, og til þess að koma af oss óorði því, sem á oss hafi fallið fyrir viðskifti við botnverpinga og liðveizlu við þá.

Eg verð nú heldur að hallast að þeirri skoðuninni, að réttara sé að binda sig að eins við viðskiftin innan landhelgi. En það er munur á því, hvort viðskiftin hafa farið fram við útlenda botnverpinga eða innlenda.

Mér sýndist það réttast, að frumv.-greinin væri þannig orðuð, að hver sá hérlendur maður, sem leiðbeinir botnverpingum, hvort heldur innlendum eða útlendum, eða hefði verzlunarmök við

útlenda botnverpinga í landhelgi, eða dveldi hjá þeim á skipi úti að nauðsynjalausu, skyldi sæta sektum.

Mér finst og vanta það atriði inn í, að hver sá, sem hjálpar botnverpingi til að komast undan hegningu, skuli sæta sömu refsingu og hinn, sem leiðbeinir honum við veiðar.

Þetta ætti að gilda jafnt, hvort sem innlendir eða útlendir botnverpingar ættu hlut að máli.

En aftur á móti ætti hegning að vera lögð við verzlunarmök eða dvöl á skipi úti innan landhelgi að eins þegar um útlenda botnverpinga væri að ræða.

Mér finst það nauðsynlegt, ef á að fara að taka sóttvörnina sem atriði hér, að ákvæðin væru þá látin ná til fleiri en botnverpinga. Vér vitum, að hér stundar veiði fjöldi annara skipa, bæði franskra, enskra, þýzkra o. s. frv., og er sízt trygging fyrir, að heilbrigðisvottorð skipverja þar eða heilbrigðisástand muni í betra lagi en hjá botnverpingum.

Eg get ekki betur séð, en að lögin mundu hafa talsverða þýðingu, þótt að eins væri haldið sig við landhelgina.

Eg skal að endingu geta þess, að ásamt fleiri háttv. þingdeildarm. hefi eg skrifað breytingartill. í málinu, en það er nú orðið nokkuð tvísýnt, að hún verði komin til háttv. deildar áður en umræðunum er lokið.

Valtýr Guðmundsson: Hæstv. landsh. hefir tekið svo skýrt fram þá stefnu, sem eg hefði óskað að fylgt væri í þessu máli, að eg sé ekki ástæðu til að tala langt. En það skal eg þó taka fram, að eg er eindregið á móti því, að takmarka ákvæði laganna við landhelgina. Eg skal játa það, að eg var fyrst í vafa um það, hvort ekki væri réttast að binda sig við landhelgina. En þegar litið er á óorð það, sem á oss er komið erlendis fyrir afskifti vor af botnverpingum, þá finst mér allsendis nauðsynlegt, að láta lögin einnig ná til þeirra, sem hafa mök við botnverpinga utan landhelgi.

Eg skil vel afstöðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.); hann er þingmaður fyrir kjördæmi það, sem haft hefir svo mikinn hag af viðskiftum við botnverpinga. — En vér verðum víðar að líta og verðum að reyna að gæta sóma vors.

Menn verða að gæta þess, að kunnugir Íslendingar geta vísað útlendingunum á góð fiskimið, ekki að eins innan landhelgi heldur og utan hennar, og þótt þau fiskimið séu að vísu alþjóðaeign, getur það eigi að síður haft mikla þýðingu fyrir oss.

Allra verstu orði kemur það þó á oss, sem fullyrt er, að Íslendingar sjálfir vari botnverpingana við varðskipinu danska, og hjálpi þeim til að komast undan því.

Það er óheyrileg skömm, að Íslendingar, sem um verndina biðja, verði til þess að hjálpa sökudólgunum til að sleppa úr greipum verndara sinna.

Eg játa það, að sóttvarnirnar eru þýðingarmikið atriði í þessu máli, en þó er það enn þýðingarmeira, að vér reynum til að þvo af oss smánarblett þann, sem einstakir ódrengir hafa á oss sett, og gjörum þeim torvelt að svívirða þjóðina framvegis.

Eg er svo hræddur um, að málið muni stranda á þessu þingi, ef vér erum að káka við það með endalausum breytingartillögum.

Vér ættum að varast að setja fleyg inn í það nú; verði því í einhverju ábótavant, þá má laga það á næsta þingi, en hér er periculum in mora, þar sem framkoma Íslendinga gagnvart botnverpingunum hefir verið slík, að ríkisþingið danska hefir verið í stórum vafa

um það, hvort kostandi væri fé til þess, að senda varðskip upp hingað.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eg ætla að það hafi komið af ókunnugleik hjá hæstv. landsh., er hann hélt, að það væru efnamennirnir einir, sem hefðu gott af viðskiftum við botnverpinga; það lítur út fyrir, að hann þekki ekki viðskifti annara manna við þá en þeirra, sem nefndir voru hér í deildinni nú fyrir skömmu. En þeir eru miklu fleiri. Það voru ekki einstöku menn, heldur almenningur, sem hafði gagn af viðskiftum við botnverpinga í Höfnunum á síðast liðinni vetrarvertíð, það voru jafnt ríkir og fátækir.

Þeir, sem afla sækja í botnverpinga á opnum skipum, hafa með sér háseta, sem fá hlut úr fengnum, og eru margir þeirra alt annað en efnaðir menn. — Þótt menn vilji girða fyrir það, að einstakir menn elti botnverpinga út um allan sjó á þilskipum og hafi þar margs konar mök við þá, þá er ógjörningur að leggja svo mikið kapp á það, að láta hegningu koma niður á fátæklingum. Eg get ekki brúkað annað orð yfir það, því að hvað er það annað en hegning á atvinnulausum mönnum, að banna þeim að leita sér bjargar, þótt þeir viti að ógrynni hennar sé helt út í sjóinn, og þeir gætu tengið hana fyrir lítið eða ekkert, ef lögin eigi bönnuðu þeim það.

Eg tek það enn fram: það er ógjörningur að banna viðskifti við botnverpinga utan landhelgi, innan landhelgi er sjálfsagt að banna þau, þar eru þau oss til skammar og skaða.

Eg skil ekki í, að það sé eins torvelt að sanna, að brotið hafi farið fram innan landhelgi, eins og hæstv. landsh. gaf í skyn. Það er ekki til neins að bera það saman við örðugleikana á því, að sanna samskonar brot upp á útlendinga, því að það er ekki hægt að sekta þá gagnvart einbeittri neitun þeirra á brotinu, ef varnarskip hefir ekki staðið þá að verki, og ekki hægt að lögsækja þá nema fyrir þeirra eigin varnarþingi. En það er öðru máli með innlenda menn að gegna; gagnvart þeim er hægt að höfða reglulega mál, og þá er ólíklegt, að þeir sleppi við sektir, er gild vitni bera það og sverja, að þeir hafi verið á alþektum miðum innan landhelgi.

Eg veit að lögin mundu verða til þess, ef breytingartill. mín kemst að, að menn mundu flestir skirrast við að vísa botnverpingum á mið innan landhelgi, eða yfir höfuð við að eiga þar mök við þá.

En þar sem svo margar breyt.till. eru komnar fram, og svo mikill ágreiningur er um málið, og líklegt að svo sé komið, að sumir háttv. þingdeildarm. viti varla upp né niður í því nú í svip, þá mundi ekki óþarft, að það væri athugað betur og mönnum gæfist ráðrúm að átta sig.

Auk þess er enn ekki komin inn í deildina ein breyt.till. við málið, sem eg veit að er á ferðinni.

Af öllum þessum ástæðum vil eg nota mér leyfi það, sem veitt er í 9. gr. þingskapanna, og mælast til, að málinu sé vísað aftur til nefndarinnar til nýrrar yfirvegunar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til nefndar þeirrar, er skipuð hafði verið áður í máli þessu, til nýrrar athugunar, og var samkvæmt ósk háttv. framsögum. (Þ. Th.) þeirrar nefndar bætt við í nefndina háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) og öðrum þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (J. Þór.).

Þriðju umræðu frestað.

Framh. 3. umr. (C. 450, 454, 476, 484, 486, 487), 19. ágúst.

Landshöfðingi: Eg ætla að gera grein fyrir því, hvers vegna eg kom fram með brt. á þskj. 488.

Eg lít svo á, að ef breyt.till. á þingskjali 486 væri samþykt, þá kæmi hún í bága við allar alþjóðareglur, sem leyfa, að skip megi leita hafna í neyð og þegar nauðsyn ber til. Eftir breyt.till. er mönnum bannað að hafa verzlunarmök við útlenda botnverpinga innan landhelgi, en það er sama sem um leið að banna mönnum að selja þeim nauðsynjar inn á löggiltum höfnum, en það kæmi í bága við alþjóðareglur um þetta efni. En að banna slík verzlunarmök innan landhelgi, en leyfa þau utan landhelgi, væri að gjöra frumv. alveg þýðingarlaust, því, eins og áður hefir verið tekið fram, mundi jafnaðarlegast vera ómögulegt að sanna það, að viðskifti hefðu farið fram innan landhelgislínunnar. Eg álít því, að eg þurfi ekki að tala frekar um það, hvers vegna eg álít, að það eigi að leggja sömu hegningu við að hafa verzlunarviðskifti við botnverpinga utan landhelgi sem fyrir innan hana, og álít eg því nauðsynlegt að breyt.till. mín komist að.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): H. þingd. getur nú séð, að hverri niðurstöðu nefndin hefir komist, og hefir hún orðið sammála um að samþykkja breyt.till. á þingskj. 486, þar sem að eins er ákveðið, að hver sá maður hérlendur, er innan landhelgi hefir nokkur verzlunarmök við útlenda botnverpinga, eða dvelur að nauðsynjalausu á skipum þeirra, skuli hegningu sæta. 1 h. þm. í nefndinni hefir samt ekki viljað fallast á þetta, heldur vill hann samþykkja breyt.till. hæstv. landsh. á þingskj. 488. Eg vil aftur taka það fram, að eg álít ekki ráðlegt að banna verzlunarmök við botnverpinga, sem þá helzt yrðu innifalin í fiskverzlun, fyrir utan landhelgi.

Í sambandi við þetta, vil eg minna h. þm. á það, að hér um bil allur fiskur, sem í seinni tíð hefir fengist á opnum bátum við Faxaflóa, hefir verið frá botnverpingum, og mest fengið fyrir utan landhelgi. Svo framarlega sem þingið því vill forðast að gjöra fjölbygðum héruðum þann skaða, sem óbætanlegur getur orðið, og svo framarlega sem þingið vill forðast aðrar eins fjárbænir og komið hafa nú á þessu þingi, úr þeim héruðum, sem botnverpingarnir hafa mest eyðilagt, þá vil eg ráða deildinni til að samþykkja ekki breyt.till. hæstv. landshöfðingja. Eg hefði getað verið samþykkur breyt.till. hæstv. landsh., ef að henni hefði verið bætt inn í frumv. án þess að fella nokkuð burt, en þannig lagaðri ekki.

Eg get ekki séð að það sé réttlátt, að banna með öllu að hafa verzlunarviðskifti við útlenda botnverpinga, þar sem hverjum manni er heimilt að skifta við alla aðra útlendinga.

Landshöfðingi: Mér skildist á háttv. framsm. (Þ. Th.), að eftir minni br.till. væri ómögulegt að hafa verzlunarviðskifti við útlenda botnverpinga, og þess vegna væri ekki ráðlegt að samþykkja hana. En þetta er einmitt það, sem eg vildi hafa fram með breyt.till. minni. Eg vildi nefnilega koma í veg fyrir, að menn hefðu verzlunarviðskifti við útlenda botnverpinga. H. þm. hélt því fast fram, að það væri ekki rétt að banna með öllu að hafa verzlunarviðskifti við þá, þar sem mönnum væri heimilt að verzla við aðra útlendinga, en eftir sóttvarnarlögunum er það ekki leyfilegt að hafa viðskifti við útlend skip, fyr en þau eru búin að sýna sig

á löggiltum höfnum, afhenda heilbrigðisskírteini, o. s. frv., og þessi sömu lög hljóta einnig að ná til útlendra botnvörpuskipa.

Eg vil því mæla með breyt.till. minni, og eg vil bæta því við, að eg álít tilgangslaust að samþykkja frumv. án hennar.

Þorlákur Guðmundsson: Af því að eg er kunnugur ástandinu við Faxaflóa, þá verð eg að álíta einkar nauðsynlegt að hefta þau viðskifti, sem menn hafa haft við útlenda botnverpinga. Þessir menn, sem hafa haft mest viðskiftin við botnverpingana, og elt þá á þilskipum, hafa gert þjóðinni hina mestu smán, og spursmál um, hvort nokkurir hafa fremur orðið til að gera henni meiri skömm. Það er aldrei nema eðlilegt, þó yfirmenn á herskipinu, þegar þeir verða varir við athæfi þessara manna, beri það heim til sín, og það getur aftur orðið til þess, að vér missum varðskipið.

Eins og umræður hafa fallið, þá er líklegt að breyt.till. á þingskj. 486 verði samþykt, en mér finst eitt atriði í henni stórum varhugavert. Það er með sektarákvæðið. Þar er ekkert takmark sett fyrir því, hvað sektin megi verða há, svo dómstólarnir megi hafa óbundnar hendur. Breyt.till. fer að eins fram á, að sektin nemi ekki minni upphæð, en 50 kr., og eru líkindi til, að hún yrði sjaldnast hærri en 50 kr. Eg held að t. d. þeir menn, sem h. 2 þm. K.-G. (J. Þ.) nefndi við fyrri umr., gerði lítið úr því, þó þeir ættu að borga 50 kr. sekt. Sumir hafa sótt ógrynni fjár út í botnverpinga, og þá mundi ekki muna mikið um að snara út einum 50 kr., þar sem þeir, ef til vill, græða mörg þúsund krónur á viðskiftunum við botnverpingana.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki látið vera að gera grein fyrir atkv. mínu. Mig furðar á því kappi, sem h. framsm (Þ. Th.) leggur á það, að ekki skuli banna verzlunarmök við útlenda botnverpinga fyrir utan landhelgi. Eg get ekki betur séð, en að þjóðin hafi haft svo mikinn vanda af viðskiftum þeim, sem menn hafa haft við botnverpinga, að svo búið megi ekki lengur standa. Það sæti því illa á þinginu, um leið og það samþykkir þingsályktunartillöguna um, að fá sérstakan strandgæzlubát fyrir Faxaflóa, að vilja um leið halda hlífiskildi yfir þeim mönnum, sem á ýmsan hátt standa í sambandi við botnverpinga, og hjálpa þeim á ýmsan hátt til þess að komast undan hegningu laganna.

Að banna að eins að hafa mök við botnvörpuskipin, þegar þau eru í landhelgi, hygg eg að verða mundi mjög þýðingarlítið, því að sú mundi þá verða reyndin á, að aldrei yrði auðið að beita sektarákvæðum laga þessara, nema í þeim fáu tilfellum, er botnverpingar eru staðnir að landhelgisbrotum af varðskipinu, ef þá hittist svo á, að Islendingar eru þar hjá þeim. H. framsm. (Þ. Th.) hélt því að vísu fram, að það væri auðveldara að fá sannanir gegn hérlendum mönnum, því þeir þekki miðin og megi svo mæla síðar, hvort í landhelgi hafi verið, en þetta má líka segja, þegar um brot botnverpinga er að ræða. Íslendingar, sem aðfarir þeirra sjá, hafa oft borið um það á hvaða miðum þeir hafa verið, en yfirvöldin þó eigi talið slíkt lögfullar sannanir.

Það hefir verið tekið fram hér í deildinni, að það væri hart að banna mönnum að leita bjargar á þann hátt að fá fisk hjá botnverpingum; en hvaða álit hljóta nú útlendingar þessir að fá á Íslendingum, er þeir sjá þá hópum saman flykkjast út að skipum sínum til þess að sníkja? Þeir hljóta að fá mjög lága hugmynd um þjóð vora, því að

sníkjur hljóta þetta að álítast, þótt landinn færi botnverpingum nokkurar flöskur af Whisky eða nokkura vindla, þegar litið er til þess, er á móti kemur.

Eg held að þeir, sem gert hafa þetta makk við botnverpinga að atvinnu sinni, gætu gert eitthvað annað, sem þarfara væri en þetta. Fyrir fátæklinga, sem eyða dögunum saman til þess að vita, hvort þeir ekki geti fengið eitthvað hjá botnverpingum, mundi það vera ólíkt happadrýgra, að leita sér atvinnu á annan hátt, t. d. á þilskipum eða í kaupavinnu. Fiskurinn, sem þeir fá hjá botnverpingum, verður oft furðu dýr, þegar litið er til tímatafanna, auk þess sem það drepur sjálfstæðishugsun manna og löngun á að bjarga sér, að stunda jafn lúalegan atvinnurekstur.

Eg verð því að lýsa því yfir, að verði ekki hönnuð öll verzlunarmök við botnverpinga í landhelgi og utan, þá mun eg greiða atkvæði móti frumv. í heild sinni.

Jens Pálsson: Að því er snertir brt. á þingskj. 486, þá held eg að sekt sú, sem þar er tiltekin, muni koma létt niður á þeim, sem eru með þilskip á »tröllafiski« langt úti á hafi. Svo erfitt mundi reynast að sanna sök á þá, að þessi lög mundu í fæstum tilfellum verða þeirra viðskiftum við »trollara« til nokkurs meins, en þau mundu koma hart niður á fátækum mönnum, er rænast eftir fiski úr »trollurum« á opnum bátum.

Eins og h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) þykir mér þessi sekt of lág, því eg ímynda mér, að menn, sem græða stórfé á verzlunarviðskiftum við botnverpinga, ekki setji það mikið fyrir sig, þó þeir verði að greiða svo sem 50 kr. sekt; að minsta kosti ekki þeir, sem svæsnastir eru.

Mér skilst svo, sem eftir þessum lögum megi taka á móti fiski hjá botnverpingum gefins. Aftur á móti liggur nærri að skilja lögmál þetta svo, að saknæmt sé að hirða fisk úr botnverpingum, og láta eitthvað í té á móti; það verði talið verzlunarmök.

Með því nú botnverpingar eru orðnir því vanir, og ætlast til þess, að Ísl., sem fá hjá þeim fisk, láti þeim ýmislegt smávægilegt í té, býst eg við að þeir skoði þær gáfur sem væga borgun, og hætti að láta Íslendinga fá fiskinn er þeir fá ekkert í móti. Færi nú svo, hver yrði þá afleiðingin af lögum þessum? Botnverpingar mundu á haustin, þegar Heimdallur er farinn, og nær sem hann ekki er við, koma hópum saman inn í landhelgi, eyðileggja fiskiveiðar manna og kasta dauðum fiski í sjóinn. Þetta mundi valda mikilli óánægju; menn mundu skoða svo, sem þeim væri fyrirboðið að taka á móti björginni, þegar hún bærizt þeim upp í höndurnar, en væru lögneyddir til að svelta. Til þess að tiltækilegt gæti verið að setja þannig löguð lagaákvæði, þyrftum vér að fá sérstakan strandgæzlubát. Væri hann fenginn og landhelgin tryggilega friðuð, þá gæti eg verið með þeim. En þar sem eg sé að landsmenn hafa gagn af fiskinum, sem annars mundi vera kastað fyrir borð, get eg ekki verið með því að banna öll viðskifti við botnverpinga, jafnt fyrir utan sem innan landhelgi; eg er vegna nauðsynarinnar mótfallinn slíku banni, unz Íslendingar fá friðaða sína landhelgi, svo þeir þar geti í friði aflað fiskjar á bátum sínum.

ATKVGR. fór þannig:

1. brt. á þskj. 454 sþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 494, við brt. á þskj. 486, sem er við brt. á þskj. 454 við 2. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 488, við brt. á þskj. 486, sþ. með 11 : 4 atkv.

Brt. á þskj. 486, þannig breytt, sþ. með 14 shlj. atkv.

Eru þá aðrar brt. fallnar, og breyt.-till. á þingskj. 486 orðin hin eina grein frumv.

Breyt.till. við fyrirsögn frumv. á þingskj. 454, sþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv. og verður sent til Ed.

Eignarréttur utanríkismanna.

FRUMVARP til laga um eignarrétt og leigurétt utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi, (um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (302); 1. umr., 9. ágúst.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Það sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumv. er sú skoðun, að allar jarðeignir í landinu séu að nokkuru leyti sameiginleg eign þjóðarinnar í heild sinni, og þess vegna sé eðlilegt, að meiri höft séu lögð á þessa eign en á eignarrétt manna alment. Þau höft, sem lögð eru á eignarréttinn í frumv., eru þau, að utanríkismenn megi ekki eiga jarðeign hér á landi. Jafnframt vakti það fyrir flutnm. frumv., að það sé óhagur fyrir landið að missa af afgjöldum af jarðeignum, sem utanríkismönnum væru seldar, sem og sköttum þeim, sem á þeim hvíla, þegar þær eru eign innlendra manna. Það væri beinn tekjumissir fyrir landið, þar sem þessar tekjugreinar gengju út úr landinu. Þegar tilrætt hefir verið um þannig lagað nýmæli, hefir það oft verið sagt, að hér væri engin hætta á ferðum, því útlendingar muni lítið kæra sig um að eiga jarðeignir hér á landi En þetta er ekki allskostar rétt. Vér getum nefnt jörð hér í grend við Reykjavík, Breiðholt í Seltjarnarneshreppi; þessa jörð hafa utanríkismenn keypt, og þar sem foss er þar í landareigninni, gæti svo farið, að verðið sem hún var seld fyrir, þætti oflítið þegar tímar líða. Þar sem því hefir verið hreyft, að í fossunum væri fólginn mikill fjársjóður, þá yrði það skaði fyrir landið, ef þeir lentu í höndum útlendinga. En á hinn bóginn gæti landið að vissu leyti haft hag af því, að fá útlendinga til að setja fé sitt í stór fyrirtæki hér, og fá þá til að reka atvinnu hér. Frumv. fer ekki fram á að fyrirbyggja þetta, og getur því ekki verið því til fyrirstöðu, að útlendingar geti fengið að stofna hér verksmiðjur og önnur nytsöm fyrirtæki, eða ræktа landið, því þeir þurfa ekki annað en taka sér hér bólfestu. Þeir hafa frjálsan aðgang að koma hingað og eignast jarðeignir, ef þeir setjast hér að.

Þetta er ekkert nýmæli. því það hefir oftar en einu sinni komið fram á þinginu áður, síðast á þinginu 1893. Í Ed. fekk það að vísu ekki góðar undirtektir, en aftur á móti var því vel tekið í Nd., og vonast eg til að það fái einnig góðar undirtekir hér í h. þingd. í þetta sinn.

Jón Jónsson, (þm. Eyf.): Eg býst við, að það muni ekki mælast vel fyrir að greiða atkv. móti frumv., en eg verð að gera það samt. Mér finst ekki rétt að setja svo strangar takmarkanir í þessu efni. Það er kunnugt, að peningar eru litlir í landinu, jarðeignir hafa fallið í verði og það svo mjög, að hér hefir jafnvel verið sagt í þingsalnum, að þær yrðu sumar ekki teknar sem veð. Eg held því að það sé rétt, að maður eigi að fara varlega í að samþykkja svona lagað frumv. Ef útlendingar færu að kaupa jarðeignir hér, þá myndi það hafa þau áhrif, að þær myndu fremur haldast í verði.

Og mér finst það hart, að menn skuli ekki mega leigja útlendingum jarðir sínar lengur en 50 ár. Mér finst réttara að rýmka um þann tíma. Eg skil ekki í, að ekki sé hægt að koma þessu í lag á annan hátt en þennan.

Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg vil taka það fram, að frumv. kemur frá nefnd, og mér finst það ekki eiga við að setja nýja nefnd í málið.

ATKV.GR.: Felt að skipa sérstaka nefnd í málið.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi mótbárum þeim, sem komu frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um að jarðeignir væru að falla í verði, og að það væri einmitt mikil ástæða gegn frumv., þá get eg ekki annað séð, en að það sé einmitt ástæða með frumv. þessu. Því einmitt það atriði, að hagur landsmanna stendur nú á veikum fótum, getur gert það að verkum, að menn freistist til að selja útlendingum jarðeignir sínar, og það fyrir minna verð en unt væri að fá fyrir þær eftir skamman tíma. Og þó að útlendingar ættu ekki kost á að fá keyptar jarðeignir hér á landi, myndu þeir í flestum tilfellum hafa sömu eða lík not af því að fá leigðar jarðir. Það væri einnig oft og tíðum eins notadrjúgt fyrir eiganda að leigja jörð sína, eða afnot hennar að einhverju leyti, eins og að selja hana. En standi svo sérstaklega á, að nauðsynlegt sé fyrir utanríkismann að fá keypta hér jarðeign til einhvers gagnlegs fyrirtækis, þyrfti það naumast að valda mjög miklum erfiðleikum að fá heimild til þess með sérstökum lögum, eins og frumv. gerir ráð fyrir.

Jón Jónsson, (þm. A.-Sk.): Á þingi '93 var samskonar frumv. og þetta samþykt í þessari deild með öllum þorra atkvæða án þess nokkur mælti á móti því, en þegar það kemur hér aftur, er því tekið svo, að lagt er til að setja það í nefnd, sem er hér um bil sama og tilraun til að eyða því, þar sem svo er áliðið þingtímans, og verð eg að segja, að mig furðar mjög á þeim umskiftum. Nú eru útlendingar farnir að rænast eftir jarðeignum hér á landi, sérstaklega fossum, sem geta orðið mikils virði með tímanum. Eins og talað hefir verið um, hefir útlendingur keypt Breiðholt í Seltjarnarneshreppi. Þar í landareigninni er foss, sem væri að sögn manna nógur til að raflýsa Reykjavík. Þetta er mikill skaði og annað eins getur síðar komið fyrir.

Því hefir verið haldið fram hér í deildinni, að jarðeignir væru að falla í verði. En eg held þvert á móti. Eg held þær séu fremur að hækka í verði, að minsta kosti er því svo farið, þar sem eg þekki til, og allir vita, hver eftirsókn er eftir fossunum. Mér finst því full ástæða til að reyna að koma í veg fyrir, að útlendingar fái jarðeignir eða jarðarhlunnindi til kaups hér á landi, eða geti fengið þær leigðar um mjög langan tíma.

Pétur Jónsson: Eg ætla að eins að gera hér stutta aths. H. þm. Eyf. (J. J.) þótti leigutíminn of stuttur. En nefndin áleit að ekki gæti komið til mála að hafa tímann lengri en mannsæfi. Sá sem gerir leigusamning, hefir eigi sérlega ástæðu til að hafa hagnað af þeim samningi lengur en sína eigin æfi og er nóg að gera ráð fyrir 50 ára æfistarfi. Hun áleit því, að þessi frestur gæti ekki staðið fyrir neinum samningum í þessu efni.

Þórður Guðmundsson: Þó mér finnist að ákvæðin í frumv. séu nokkuð

þröng, er eg samt með því. Það er sýnilega nývaknaður áhugi hjá útlendingum til að ná í jarðir hér á landi, og kemur það í ljós, að eftirspurnin verður mest eftir beztu jörðunum, höfuðbólunum, en það álít eg mjög skaðlegt fyrir hérlenda bændur að missa í hendur útlendinga beztu jarðirnar. Líka er farið að brydda á því, að útlendir menn séu farnir að girnast ýms jarðarhlunnindi, svo sem veiðiár og fossa. Við þessu álít eg þörf að reisa skorður að einhverju leyti. Verð eg því eindregið með frumv. þessu og greiði því atkv.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Önnur umr., (C. 302); 11. ágúst.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Aðalmótbáran gegn frumv. við 1. umr. var sú, að ákvæðið í 3. gr. væri ekki heppilegt; það var sagt, að þar sem sú gr. fer fram á, að ekki megi leigja utanríkismönnum neinar jarðir eða jarðarafnot um lengri tíma en 50 ár, þá væri sá tími ofstuttur, ef stofnuð væri fyrirtæki, sem hefði mikinn kostnað í för með sér. Landbúnaðarnefndin hafði einmitt athugað þetta, en hún áleit að þetta væri nógu langur tími. Auk þess er gert ráð fyrir því í 1. gr. frumv. að menn geti fengið undanþágu frá þessu með sérstökum lögum. En nefndin athugaði, hvort ekki væri rétt að setja fleiri takmarkanir, en hún vildi þó ekki leggja neinar óþarfar tálmanir í veg fyrir þá útlendinga, sem vildu stofna hér nytsöm fyrirtæki eða gera landinu eitthvað til gagns. Að eins vildi hún hafa það hugfast, að arðurinn gengi ekki út úr landinu, heldur lenti hjá landsmönnum sjálfum, og þeir yrðu ekki sviptir þeim framtíðarvonum, sem bundar eru við óþektar eða ónotaðar auðsuppsprettur landsins.

Valtýr Guðmundsson: Það er að eins lítilfjörleg upplýsing, er eg vildi fá. Mér er ekki full-ljóst, hvort með þessu frumv. er bannað t. a. m. að kaupa einn foss, því þó að í frumv. sé tekið fram, að útlendingum megi ekki selja jarðeignir hér á landi, en þar á móti talað um að hvorki megi leigja þeim né selja jarðir og jarðarítök, þá er þar ekki talað um að ekki megi selja fossa. Þetta er að eins ein athugasemd, sem eg vildi fá upplýsing um. Og í annan stað vildi eg skjóta því til h. nefndar, hvort hún vill ekki fella burt orðið: »til«, mér finst óviðkunnanlegt að komast svona að orði, og kann betur við að »greiða einhverjum« heldur en að »greiða til einhvers«.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Viðvíkjandi því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, þá efast eg ekki um, að því er snertir bendingu hans, um að fella úr orðið: »til« í 2. gr. frumv., að nefndin vilji taka hana til greina. En að því er kemur til hins annars atriðis, þá álít eg, að þar sem talað er um jarðeignir, þá sé það svo yfirgripsmikið orð, að þar í felist alt, sem fast er við jörðina, og þá að sjálfsögðu, að fossar í ám verði að teljast þar með.

Þar sem frumv. bannar útlendingum að eiga jarðeignir, þá hlýtur þeim einnig að vera óheimilt að eiga ítök í annara manna landi; slík ítök má leigja þeim en ekki selja.

Valtýr Guðmundsson: Það vakir þannig fyrir mér, að það væri heppilegra að orða þetta dálítið skýrara. Þess vegna vil eg skjóta því til háttv. nefndar hvort hún vill ekki laga þetta til 3. umræðu. Mér finst það ekki alveg víst, hvort fossa má telja undir jarðeign; eg segi ekki að það geti ekki verið rétt, en mér finst það ekki svo ótvírætt, að eg vildi heldur að það yrði orðað skýrara.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 15 atkv.
2. gr. samþ. með 15 atkv.
3. — — — 16 —
4. — — — 15 —
Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.
Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr., (C. 302, 386); 14. ágúst.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal að eins geta þess, að nefndin hefir leyft sér að koma með tvær breyt.-till. út af athugasemd h. þm. Vestm. (V. G.) við 2. umr. málsins. Fyrri breyt.till. er við 1. gr. frumv., og fer fram á að aftan við orðið »jarðeign«, sé bætt: »eða jarðarítök«. Meiningin með þessari tillögu er ekki önnur en sú, að fá yfirgripsmeira ákvæði, er geti náð eigi að eins til heillar jarðar eða jarðarhluta, heldur og ítaka, er jörðu fylgja, svo sem veiði, fossa o. s. frv. Síðari breyt.till. er að eins orðabreyting og því ekkert sérstakt um hana að segja.

Landshöfðingi: Eg var ekki viðstaddur hér þegar þetta mál var til 2. umr., en við 1. umr. þess heyrði eg, að h. 2. þm. Eyf. (J. J.) mælti á móti því og var eg alveg samþykkur mótmælum hans. Þar að auki finst mér ýmislegt í frumv., sem er ekki sem bezt orðað, og það ekki girða fyrir það, sem því er ætlað að girða fyrir. Eg álít t. d. ekki rétt, að banna að selja jarðeignir en ekki banna að selja jarðarafnot eða ítök í jörðum; og svo sé eg ekki betur en að hægt sé að fara í kringum þetta ákvæði; ef kaupanda er ant um að halda jörðinni, þá þarf hann ekki annað en borga sektir þær, sem nefndar eru í 4. gr., því þá sé eg ekki að hægt sé að taka jörðina af honum eða selja hana. En í 2. gr. er ákveðið, að ef maður eignast jörð að gjöf eða erfðum, eða jarðeigandi flytjist erlendis, verði hann að selja fasteignina innan fimm ára, en ella skuli selja hana á uppboði, og því finst mér að í frv. hefði átt að standa eitthvað í þá átt, að ef útanríkismaður keypti jarðeign, þá skyldi hún seljast á uppboði eða falla til landssjóðs, því það er auðvitað, að ef ríkir útanríkismenn vilja eignast jarðeignir, muni þeir ekki horfa í að borga sektir þær, sem nefndar eru í 4. gr., og þá sé eg ekki, að þeir sé neyddir til að láta jarðeignina af hendi.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi aths. hæstv. landsh. þar sem hann talaði um, að orðið jarðeign í 3. gr. væri ekki fullnægjandi, vil eg geta þess, að nefndin áleit, að orðið gæti átt ekki að eins við jörðina sjálfa heldur og jarðarítök. *(Landshöfðingi*: Það hefir þó þótt nauðsynlegt að bæta því inn síðar). Það getur verið að það sé betra til frekari skýringar að bæta við orðinu »jarðarítök« og mætti gera það í Ed.

Hitt atriðið, sem hæstv. landsh. tók fram viðvíkjandi því, að útanríkismaður, sem ólöglega kaupir jarðeign hér á landi, geti haldið henni með því að borga sekt samkvæmt 4. gr. frv., hefir einnig verið athugað í nefndinni. Hefir hún haft fyrir sér álit milliþinganefndar, sem fyrir nokkurum árum var skipuð til að semja ný landbúnaðarlög, og lagði minni hluti nefndarinnar, Jón Pétursson háyfirdómari, þar til, að væri jörð seld útlendingi ólöglega, skyldi hún seld á uppboði og andvirðið renna í landssjóð, en flutnm. þessa frumv. kom saman um, að fara ekki svo langt, heldur að eins að beitt væri sektum, og að jörðin væri í eign kaupanda þar til eigendaskipti verða, svo eignin yrði í útlendings höndum að eins ákveðið tímabil. Það getur reyndar verið, að þessari tilætlun flutnm. yrði ekki náð,

þegar hlutafélag yrði kaupandi, þar sem aldrei yrði hægt að segja, að eigandaskifti yrðu, meðan félagið héldi jarðeigninni. Af því þessi aths. hæstv. landsh. kom hér svo seint fram, er ekki hægt fyrir nefndina að koma með breyt.till. í þessa átt, en samt sem áður þurfa þessir agnúar ekki að vera því til fyrirstöðu, að frv. verði samþ. nú hér í deildinni, með því auðvelt er að laga þá, þegar málið kemur fyrir Ed.

ATKV.GR: Breyt.till. á þgskj. 386 við 1. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 386 við 2. gr. frv. samþ. án atkv.gr.

Frumv., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv. og sent til Ed.

Einumr. (C. 560); 24. ágúst.

Framsögumaður (Olafur Briem): Breytingar þær, sem háttv. efri deild hefir gjört við frumv. þetta, eru óverulegar. Við fyrirsögnina og 1. gr. frumv. eru að eins orðabreytingar. Þar á móti eru 2 efnisbreytingar við 3. grein, en þær eru að eins til skýringar. Á eftir ákvæðinu um að ekki megi selja jarðir utanríkismönnum, er bætt inn í »nema eftir sérstökum lögum«, sem er í fullu samræmi við 1. gr. Og þar sem talað er um jarðarítök, er sömuleiðis bætt við til skýringarauka »svo sem ár, vötn eða fossa«.

Eg efa því ekki, að hin háttv. deild samþykki frumv. eins og það er.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með öllum atkvæðum, og verður afgreitt *sem lög frá alþingi.*

Fjölgun og viðhald þjóðvega.

FRUMVARP til laga um fjölgun og viðhald þjóðvega (um fjölgun þjóðvega o. fl.) (C. 277), 1. umr.; 9. ágúst.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Þetta er ekki langt frumv. og ímynda eg mér, að hinir háttv. þingdeildarm. skilji tilgang þess; hann er sá, að bæta einum litlum vegarkafla inn í tölu þjóðveganna hér á landi.

Svo sem kunnugt er, eru þjóðvegir samkvæmt vegalögunum: frá Reykjavík til Ísafjarðar, frá Reykjavík til Akureyrar, frá Akureyri til Seyðisfjarðar, frá Reykjavík til Prestsbakka og frá Prestsbakka til Eskifjarðar; en frá Akureyri til Ísafjarðar er enginn þjóðvegur, og vantar því þjóðveg milli Norður- og Vesturlands inn í kerfið. En það er hlutverk þjóðveganna að tengja saman hina ýmsu landshluta og setja þá í samband við höfuðstað landsins

En nú vill svo vel til, að vegir falla saman mestan hluta leiðarinnar, af því að þjóðvegurinn milli Reykjavíkur og Akureyrar fellur saman við þennan veg að Hrútafjarðarbotni, og eins fellur vegurinn frá Reykjavík til Ísafjarðar saman við þennan sama veg frá Gilsfjarðarbotni til Ísafjarðardjúps, svo hér er að eins að ræða um sem nýjan þjóðveg yfir þennan kafla milli þjóðveganna, sem er að líkindum 5—6 mílur.

Þetta sér hver, sem setur sig inn í grundvallarstefnu veganna, að er rétt athugað.

Hreppavegir eru þeir vegir, sem einkum og sérstaklega eru fyrir hvern einstakan hrepp; sýsluvegir eru þeir vegir, sem sérstaklega eru fyrir hverja einstaka sýslu, en þjóðvegirnir eiga að vera sambandsliðir milli landshlutanna; landsvegir, sem landssjóður á að kosta að öllu leyti, eins og sýsluvegasjóðir sýsluvegi og hreppavegasjóðir hreppavegi.

Aðal-póstsambandið milli hinna ýmsu

landshluta á að falla saman við þjóðvegina, og svo er því háttað um þennan vegarkafla, að pósturinn, sem gengur frá Bæ í Króksfirði að Stað í Hrútafirði, fer þessa leið, og hann flytur öll bréf og rit milli Austurlands og Norðurlands á aðra hliðina og Vestfjarða á hina, og er því sá eini sambandsliður milli þessara þriggja landsfjórðunga og aðal-kaupstaða, og því er vegur sá, er hann fer um, alveg sjálfsagður þjóðvegur, enda viðurkennir aðal-forkólfur vegalaganna (háttv. sessunautur minn) að hér sé gat í vegalögin fyrir eintóma vangá en ekkert annað.

Því skal heldur ekki leyna, að þetta mál snertir sérstaklega mitt kjördæmi, Strandasýslu, og um þá sýslu liggur enginn þjóðvegur, að eins hreppa- og sýsluvegir. En kæmist það á, sem frv. fer fram á, mundi þjóðvegur liggja um hálfan annan hrepp sýslunnar af sjö og munar það nokkuð fyrir sýsluvegasjóðinn, sem er mjög fátækur, að sleppa við þann vegarspottann. —

Ekki þarf að finna þessu frumv. það til foráttu, að það fari fram á stór fjárframlög, því hvorki er vegurinn langur né mjög erfiður til endurbóta, og lökustu kaflar vegarins voru bættir stórum á síðastliðnu ári, sumpart með fé því, sem síðasta þing veitti sýslunni, sumpart frá sýslunni sjálfri og loks fé frá hlutaðeigandi hreppum. —

Af styrknum úr landssjóði gengu um 3000 krón. í þennan vegarkafla; af láni, er sýslan tók upp á sýslusjóðinn, — ekki sýsluvegasjóði — um 1500 krónur, og 500 kr., sem Bæjarhreppur tók til láns upp á hreppssjóð sinn, alls um 5000 kr., auk alls hreppavegagjalds Bæjarhrepps og nokkuru af sýsluvegagjaldi sýslunnar. — Eg álít það meðmæli, að héraðið hefir lagt svo mikið til frá sjálfu sér. Eg tel heppilegt, að hlutaðeigandi héruð og sýslufélög taki að sér viðhald á slíkum vegum að einhverju leyti, eins og hæstv. landsh. leiddi orð að hér í deildinni við umræðu annars máls af þessu tagi, og því leyfði eg mér að stinga upp á ákvæði því, sem er í 2. gr. frumvarpsins.

Það mætti ef til vill segja, að þetta frumvarp legði of mikið vald í hendur landsstjórnarinnar, en eg treysti svo vel hæstv. landsh., að því valdi verði ekki misbeitt, og auk þess hefir þá þingið hönd í bagga með, ef að á þyrfti að halda.

Vona eg svo, að hin háttv. þingdeild leyfi málinu að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Önnur umr. (C. 277); 11. ágúst.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. var samþ. með 14 atkv.

2. gr. frumv. var samþykt með 15 atkv.

Fyrirsögnin var samþykt án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhljóða atkv.

Þriðja umr. (C. 277, 393); 14. ágúst.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi leyft mér ásamt fleiri háttv. þingm. að koma með breyt.till. viðvíkjandi frumv. þessu, þar sem eg álít það mjög óheppilegt, að hafa ekki eitthvert víst ákvæði um, hvað sýsluvegasjóðunum sé gjört að skyldu að leggja fram til viðhalds þjóðvegum þeim, sem hér eftir verða lagðir. Eg tek það fram, að þeir sýslusjóðir, sem verða að kosta þjóðvegi þá, sem hér eftir verða lagðir, líða dálítið misrétti við þá sýslusjóði, þar sem áður er búið að leggja þjóðvegina.

Eg skal annars ekki fara langt út í það atriði nú, því að eg gjöri ráð fyrir, að háttv. flutningsmaður málsins muni gjöra grein fyrir hugmynd sinni um það.

En mér sýnist það æskilegt, að landsstjórnin hafi eitthvað fast-ákveðið, að halda sér við. Annars gæti eg hugsað mér, að hún kynni að gjöra sýsluvegasjóðnum í einu tilfellinu að leggja til 1/3 af viðhaldskostnaðinum, í öðru tilfellinu 2/3 og í þriðja tilfellinu allan viðhaldskostnaðinn.

Fyrirsögn frumv. sýnist mér ekki heppileg, en út í það ætla eg ekki að fara.

Eg vona, að breyt.till. mín sé svo löguð, að háttv. deild sjái, að nauðsynlegt sé að ákveðið sé hvað sýslusjóður eigi að leggja til af viðhaldskostnaðinum og hvað landssjóður.

Eg vona að breytingartill. mín verði samþykt eins og hún liggur fyrir á þingskjalinu.

Jón Þórarinsson: Eg álít ómögulegt að samþykkja þessa breyt.till. eins og hún er, nema því að eins að álitið sé, að heimild sé til að fella burtu part úr línu úr frumv. Eins og hún er nú, er ómögulegt að skeyta hana saman við frumv.

Vil eg skjóta því til h. flutningsm. hvort þeir álíti ekki nauðsynlegt að laga breytingartill.

Forseti kvað hægt mundi að taka athugasemd háttv. þingm. G.-K. (J. Þór.) til greina, er frumv. yrði prentað upp aftur.

ATKV.GR.: Breyt.till. samþykt með 11 samhlj. atkv.

Frumv., með áorðinni breyting, samþykt með 11 samhlj. atkv.

Verður afgreitt til forseta efri deildar.

Ein umr. (C. 522); 24. ágúst.

Framsögumaður (*Guðjon Guðlaugsson*): Þetta litla frumvarp hefir fengið mjög góðar undirtektir bæði hér í deild og sömuleiðis í háttv. efri deild; þar var fyrri grein þess samþykt í einu hljóði, og sýnir það, að háttv. efri deild hefir talið hana bygða á sanngirni og réttum grundvelli.

Háttv. efri deild hefir gjört ofurlitla breyting á 2. gr., sem eg veit ekki, hvort allir hafa athugað.

Nú er nefnilega ekki farið fram á, að héruðin kosti viðhald á öðrum vegum af þeim, sem fyrir landsfé eru lagðir, en þjóðvegum.

Þegar frumv. fór héðan úr deildinni var það þannig úr garði gjört, að landstjórnin gat lagt á hin einstöku héruð, að kosta viðhald allra vega, sem á landssjóðs kostnað eru lagðir, en háttv. efri deild hefir nú breytt því þannig. Eg heyrði á sumum háttv. þingdeildarmönnum, að þeim þótti með þessu nokkuð þung byrði lögð á héruðin, og má sjálfsagt telja, að þeir hinir sömu taki fegins hendi þessari breytingu, sem frumv. hefir tekið, bæði því, að héruðin þurfi eigi að kosta viðhald annara vega en þjóðvega og sömuleiðis hitt, að þau þurfi ekki að taka þátt í nema hálfum viðhaldskostnaðinum.

Reyndar álít eg það ekki alls kostar rétt, að láta viðhalds-skylduna ná til þjóðveganna einna, því að sumstaðar eru akbrautir einmitt héraðsvegir en ekki landsvegir, sem spursmál er um hvort landssjóður á að kosta nema að litlum hluta.

Þá hefir háttv. Ed. breytt síðasta orði frv.; þegar það fór héðan úr deild þá var svo til ætlast, að viðhaldskostnaðurinn væri greiddur úr sýsluvegasjóði, en nú stendur í frumv. að hann skuli greiða úr sýslusjóði. Háttv. Ed. komst að þeirri niðurstöðu, að sýsluvegasjóðirnir væru svo fátækir, að ekki væri fært að leggja á þá þessi nýju gjöld, og hún taldi það rétt, að þau væru heldur látin hvíla á sýslusjóðun-

um, sem bæði væru miklu efnaðri, og miklu auðveldara að auka tekjur þeirra, hún gerði ráð fyrir, að ef einhverju sýslufélagi væri ant um að fá veg lagðan einhversstaðar í sýslunni, þá mundu sýslubúar ekki telja eftir sér að leggja á sig nokkuru hærra sýslusjóðsgjald; eg álít að þessi breyting sé til bóta, og að hún spilli ekki frv.

Eg varð fyrstur til að flytja frv. þetta inn á þing, og það gleður mig, að báðar deildir þingsins hafa tekið þannig í málið, að nú hefi eg ekki lengur ástæðu til að líta svo á, að þingið vilji hafa Strandasýslu fyrir olnbogabarn að því er til vegalagningar kemur, eins og mér hefir virzt bregða fyrir að undanförnu, ekki sízt í læknaskipunarmálinu, en eg verð að álíta, að afdrif þess máls hafi verið sprottin af ókunnugleik og misskilningi, því að eg þykist þess fullviss, að í sjálfu sér vilji þingið láta þá sýslu njóta jafnréttis við hverja aðra sýslu landsins.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Mér fanst háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) skilja frv. svo, að flutningabrautir væru undanskildar því, að héraðsbúar ættu að kosta viðhald þeirra, en í 2. gr. frv. stendur orðið »vegir« en ekki »þjóðvegir«, svo að eg verð að skilja svo, sem ákvæðið um viðhaldsskylduna nái til allra vega.

Guðjón Guðlaugsson: Það er rétt athugað hjá háttv. þm. A.-Sk. (J. J.) að það hefði þurft að breyta í frumv. orðinu »vegir» í »þjóðvegir«, eins og er í fyrirsögn frumvarpsins. En eins og nú er, þá er fyrirsögnin ekki í fullu samræmi við frumvarpið sjálft; þó á þetta ekki að geta orðið frumvarpinu til falls að minni hyggju. Það mun fara svo, að líti stjórnin á frumvarpið sjálft, þá skilji hún svo, sem viðhaldsskyldan nái jafnt til allra vega, eins og til var ætlast hér í deild, en þegar hún lítur á fyrirsögnina, þá verður hún að líta svo á, að hún nái að eins til þjóðveganna, eins og til var ætlast í háttv. Ed. Afleiðingin verður ekki önnur en sú, að frumvarpið verður ekki eins ljóst eða vel úr garði gert, sem æskilegt hefði verið, en af því getur ekkert stórtjón leitt, á hvorn veginn af þessum tveimur sem það kann að verða skilið, og eg ætla, að þinginu sé það ekki heldur mjög mikið kappsmál, á hvorn veginn stjórnin vill taka það.

Þórður Guðmundsson: Eg verð að álíta, að frumv. þetta hafi ekki tekið svo heppilegri breytingu sem skyldi í háttv. Ed., fyrst og fremst í því atriði, sem háttv. þm. A.-Sk. (J. J.) tók fram, og svo líka í niðurlagsatriðinu í 2. gr. Eg tel það bæði óheppilegt og ekki í fullu samræmi við tilgang frumv., að viðhaldskostnaðurinn skuli vera lagður á sýslusjóð; aftur á móti væri það í fullu samræmi, að hann hvíldi á sýsluvegasjóði. Vér vitum það allir, að sýslusjóðirnir eru að nokkuru leyti annars eðlis en að kosta viðhald á vegum, enda hafa þeir margbreyttum og miklum gjöldum að svara, það er því miklu réttara, eins og það líka er eðlilegast, að láta sýsluvegasjóðina bera kostnaðinn af viðhaldi vega þessara. Eg tek það upp aftur, að eg álít að frumv. hafi ekki tekið neinum bótum í h. Ed., en af því að eg álít það mjög þarflegt fyrir gott viðhald þjóðveganna, og af því að eg álít, að það sé rétt, að fleira en landssjóður einn annist viðhald þetta og kosti, þá mun eg þó greiða atkvæði með málinu.

Halldór Daníelsson: Eg álít það til stórra bóta, að viðhaldskostnaðurinn hefir verið færður frá sýsluvegasjóðunum og yfir á sýslusjóðina. Það er hægra að auka gjöldin til sýslusjóð-

anna en sýsluvegasjóðanna, en að öðru leyti verður kostnaðurinn jafnmikill, sem á sýslubúa legst, úr hvorum sjóðnum sem gjaldið er tekið. Eg verð að telja það alveg rétta grundvallarreglu, að þeir, sem vilja fá veg um héraðsitt, eigi meiru til að kosta en aðrir.

Eg verð að játa það, að fyrirsögn frv. er ekki í sem beztu samræmi við efni frv. sjálfs, en þó sýnist mér ekki vera svo mikil vansmíði á þessu, að eg mun greiða atkvæði með málinu.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg stend að eins upp til að spyrja hinn hæstv. landsh. að því, hvernig stjórnin muni skilja fyrirmæli frumv. þessa, ef það verður að lögum og hún þarf að fara að beita þeim.

Landshöfðingi: Mér finst enginn vafi á því, að eftir því sem frv. er orðað, þá nái ákvæði þess til allra vega; mér finst annars ekkert vera að óttast, þótt svo sé, því að á meðan ástandið er eins og það er nú, þá mun þetta litið verða notað. Fyrirmæli frumvarps þessa munu ekki heldur geta bakað neinum mikinn kostnað, þó þau verði notuð, sízt fyrst um sinn. Hálfur viðhaldskostnaður vegar getur ekki orðið þungbær, ef vegirnir eru vel lagðir frá upphafi. Eg vil heldur leggja það til, að frumv. sé samþ. eins og það er, en að það sé felt, því að þótt betur hefði farið á því, að samræmi væri komið í fyrirsögn frumv. og 2. gr., þá er ekki tími til þeirra breytinga, sem til þess þarf, héðan af.

Björn Sigfússon: Það er mjög óheppilegt að ekki skuli vera tími til að breyta frumv., því það eru vandræði að samþykkja það með þeim breytingum, sem það hefir tekið í háttv. Ed. Það er ekki hægt að neita því, að það er full mótsögn í fyrirsögn frv. og 2. gr., og það er alt annað en skemtilegt að láta slikt frá sér fara. Eg get ekki heldur betur séð, en að full ósamkvæmni komi fram í frumv., þar sem að eftir því á viðhaldskostnaðurinn á vegum að koma niður á þeim, sem hér eftir fá þá, en ekki á hinum, sem þegar hafa fengið vegi hjá sér. Nú er sumstaðar búið að leggja mikla vegi, og því jafnvel lokið sumstaðar, og þau héruðin, sem fyrir því láni hafa orðið, eiga svo að sleppa við allan viðhaldskostnað veganna, en hin héruðin, sem látin hafa verið sitja á hakanum með vegagjörð, þau eiga að að kosta vegi sína, ef þau fá þá einhvern tíma lagða.

Eg held að það geti annars ekki verið mikið í húfi, þótt mál þetta verði látið bíða næsta þings, því að varla mun svo mikið unnið að vegagjörðum á næsta fjárhagstímabili.

Eins og málinu er nú komið, sé eg mér varla annað fært en að greiða atkv. móti því, þótt eg geri það nauðugur.

Guðjón Guðlaugsson: Það gleður mig að heyra undirtektir hæstv. landsh. undir málið, og að hann ætlar, að ósamkvæmnin milli fyrirsagnar frv. og 2. gr. muni ekki verða málinu til falls hjá stjórninni, og sömuleiðis það, að hann ætlar, að ákvæði frumv. leggi ekki hinum einstöku héruðum tilfinnanlega þungar byrðar á herðar.

Eg skildi ekki vel í aths. h. 2. þm. Húnv. (B. S), því að hann hafði ekki annað út á frv. að setja en það, sem einmitt stóð í því, þegar það fór héðan úr deildinni. Þar sem hæstv. lh. skilur svo, að ákvæði frv. eigi bæði við þjóðvegi og akbrautir, þá er það alveg hið sama og ætlast var til í þessari deild, þegar málið lá hér fyrir, og þá hafði háttv. þingm. (B. S.) ekkert út á það að setja.

H. þm. (B. S.) er enn fremur óánægður með það, að ákvæði frumv, skuli að eins ná til vega þeirra, sem hér

eftir verða lagðir. Eg skil ekki heldur í því, hvernig háttv. þm. (B. S.) vill fara að fella frv. nú fyrir þá sök, hann hefði átt að láta þá ósk sína fyr í ljósi.

Eg, sem samdi frv., gat ekki hugsað mér að það væri ástæða til að gjöra þessu frv. hærra undir höfði en öllum öðrum frv., með því að láta það verka fram fyrir sig, það mundi og hafa lagt of þunga byrði á þau héruð, sem þegar hafa fengið stórkostlega vegi, án þess að þau byggjust við, að verða að taka þessa kvöð upp á sig með þeim. Eg held að það sé engan veginn næg ástæða til að fella málið nú, að máske liggur ekki svo mjög á, þótt það verði ekki útkljáð fyr en á næsta þingi, nú er búið að verja töluverðum tíma til þess og íhuga það all-vandlega, og eg get sannarlega gjört ráð fyrir, að nóg verði að gjöra á næsta þingi, þótt þetta mál gangi undan.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki vera langorður. Eg er samþykkur aðalatriðinu í 2. gr., en eg verð að taka undir með h. þm. Húnv. (B. S.) að það er óbilgjarnt að þau héruð sleppi bezt, sem mest er gert fyrir, og þó eg hafi ekki athugað þetta fyr, þá verður að virða það til vorkunnar, þar sem menn verða að þræla eins mikið eins og nú á sér stað hér á þinginu. Og þó eg sé málinu hlyntur, greiði eg atkv. móti því nú, af því eg álít þetta ekki rétt, eins og eg tók fram, og vona eg að það geti komizt fram betur úr garði gert á næsta þingi.

ATKVGR.: Málið samþykt með 12 atkv. og verður afgreitt sem *lög frá alþingi*

Brot á veiðirétti í ám og vötnum.

FRUMVARP til laga um brot á veiðirétti í ám og vötnum (C. 481); 1. umr., 19. ágúst.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Önnur umr. (C. 481), 21. ágúst.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. með 14. samhljóða atkv.

2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhljóða atkv.

Þriðja umr. (C. 481), 23. ágúst.

Klemens Jónsson: Þegar þetta litla mál var hér til 2. umr., þá hafði eg hugsað mér að minnast á það með nokkurum orðum. En af því að það stóð svo óheppilega á, að það þá kom rétt á eftir máli, sem í sjálfu sér er mjög lítilsvert, en hefir þó verið rætt með svo miklu kappi að eins dæmi eru, og umræður um það urðu mjög langar, vildi eg ekki lengja umræðurnar í það sinn.

En nú vill svo vel til, að það er sett fyrir framan þetta stóra mál, og vil eg því nota tækifærið til að fara um það nokkurum orðum, enda er ekki seinna vænna, því málið er hér til síðustu umræðu, og engin breyt.till. er komin fram.

Um aðalefni þessa stutta frumv. hefi eg ekkert að athuga, en þar sem það er tekið fram, að mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skuli rekin sem »einkalögreglumál«, þá verð eg að gjöra nokkurar athugasemdir. Mér vitanlega eru engin ákvæði til í íslenzkum lögum um meðferð mála þessara, nema tilskipun 8. marz 1799, sem snertir öll lögreglumál, og þá líka einkalög-

reglumál, en þessi tilskipun leggur einungis dómurum á herðar að prófa málið og upplýsa það sem bezt, en um aðra formlega meðferð málanna eru alls engin ákvæði til, því dönsku lögin 20. júní 1850 hafa hér aldrei verið lögleidd. Já, eg vil enda ganga svo langt, að halda því fram, að löggjöf vor gangi út frá því, að hér á landi eigi alls ekki að fara með nein mál sem prívat lögreglumál, og eg byggi þetta á því, sem stendur í inngánginum á tilskipun 15. ágúst 1832. Þar segir svo, að þann réttargangsmáta, sem þar er innleiddur, skuli viðhafa «svo vel í eiginlegum borgaralegum lögum . . . sem og einnig í pólitísökum af viðlíkri art, og yfir höfuð í öllum þeim réttargangsmálum, sem ekki höfðast vegna réttvísinnar eða hins opinbera pólitís«. Í þessu finst mér skýrt liggja, að enginn annar réttargangsmáti eigi að eiga sér stað í einkamálum en sá, sem tilskipunin lögleiðir. Landsyfirrétturinn hefir líka hvað eftir annað með tilvísun til tilsk. 15. ág. 1832 vísað frá málum, sem höfðuð hafa verið í héraði sem einkalögreglumál, fyrir munnleg meiðyrði, samkvæmt tilskipun 20. okt. 1879, því slík mál voru lengi fram eftir rekin á þann veg, af því að dómarinn hafði lært dönsk lög. Eg verð þess vegna að álíta, að í rauninni sé eigi heimilt að reka nein mál hér á landi eftir reglunni um einkalögreglumál, og þó svo væri, þá vantar algerlega allar reglur um meðferð þeirra. Nú eru nokkur lög sem segja, að þessa málameðferð skuli viðhafa. Helztu ákvæði um þetta eru í opnu cancellibréfi 28. maí 1825, um barnsfaðernismál; en auk þess sem þetta bréf er ekki gildandi lagaboð, má álíta það upphafið með tilskipun 15. ágúst 1832, og það sýnir bezt, hvað það hefir verið ríkt í huga manna, að engin önnur sérstök málameðferð væri til, að fyrst árið 1866 koma út lög, sem fyrirskipa slíka málameðferð, sem sé hjúalögin. Síðan hafa komið út tvenn lög, sem fyrirskipa þessa málameðferð, farmannalögin í vissum tilfellum, og lögin um iðnaðarnám. Því verður þó eigi neitað, að í hinni yngri löggjöf er gert ráð fyrir slíkri málameðferð, en þá vantar algerlega reglurnar fyrir henni. Auðvitað hafa dómarar altaf beitt hinum dönsku lögum, en nú stendur svo á, að með lögum frá 11. apríl 1890 er gerð töluverð breyting á meðferð þessara mála í Danmörku, einkum hvað stefnufrestinn snertir. Þar af leiðir að sjálfsögðu, að eldri sýslumenn beita gömlu lögunum, sem þeir þekkja; gefa því t. a. m. út stefnu með kveldfresti; en yngri dómarar, sem ekki þekkja gömlu lögin, fylgja nýju lögunum, og gefa því út stefnu með minst 3 daga fyrirvara. Þetta finst mér óþolandi, bæði að fyrirskipa málsmeðferð, sem engar reglur eru til um, og svo að dómarinn í þessu héraði skuli fylgja annari reglu en dómarinn í næsta héraði. Eg hefi nú í sjálfu sér ekkert á móti því, að þessi málsmeðferð sé innleidd, en þá finst mér stjórnin vera skyld til þess að koma fram með lagafrumvarp um reglur fyrir meðferðinni, og eg get ekki látið þetta frumv. verða í lögum frá alþingi, án þess að skora á landsstjórnina að koma fram með lagafrumv. um þetta efni á næsta þingi; og eg get eigi álitið annað, en að stjórninni verði það ljúft, enda getur það eigi verið sérlega erfitt fyrir hana. En um leið vil eg skjóta því til stjórnarinnar, hvort hún finni eigi ástæðu til að taka alla »process« löggjöfina til ítarlegrar athugunar, því það er engin vanþörf á því.

ATKVGR.: Frv. sþ. með 15 shlj. atkv. og verður afgr. til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Aukning seðlaútgáfu landsbankans.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 (C. 155); 1. umr., 24. júlí.

Klemens Jónsson lagði til að frumv. yrði vísað til sömu nefndar og málið næst á undan.

ATKVGR.: Málinu vísað til banka-nefndarinnar með 13 shlj. atkv.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 155), 10. ágúst.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það er samhljóða álit meiri hluta nefndarinnar, að það sem frumv. þetta fer fram á, sé nauðsynlegt og öldungis hættulaust. Að eins einn h. nefndarmaður hefir komið fram með ágreiningsatriði, og mun það vera sprottið af óþarfri hræðslu um, að hér sé minni peningaþörf en er. Í nefndaráliti sínu segir h. nefndarmaður: »Meðan seðlaupphæðin er jafnlítil og hún er nú, álít eg að engin hætta geti stafað af því, að seðlarnir eru ekki innleysanlegir« o. s. frv. En á öðrum stað álítur hann fjarska hættu (*Valtýr Guðmundsson*: Ekki fjarska) að gefa út seðla upp á 250,000 kr. í viðbót. Eg skil ekki, í hverju þessi mikla hætta liggur, fyrst það er hættulaust að hafa 500,000 kr., þá mun hættan ekki stór, þótt seðlarnir verði 750,000. Eg skil ekki, að hann hafi svo nákvæma vog, að hann sjái, að 500,000 kr. sé einmitt það, sem sé mátulegt. Ekki sé neitt hætt við því, að peningaþörfin í landinu sé ekki miklu meiri en þessu nemur, og ekki er hætt við, að þessi 250,000 kr. viðbót veki óálit hjá útlendum þjóðum; þar eru menn varla svo kunnugir, að þeir viti, hvort peningaþörfin hér nemur 500,000 eða 750,000 kr. Útlendum mönnum þykir ekki 750 þús. kr. stór upphæð, þeir mundu miklu fremur furða sig á því, að landsmenn á nokkurn hátt gætu látið sér nægja svo litla upphæð fyrir heilt land. Þetta er ekki meira fé en margir efnaðir menn eiga erlendis, og eru ekki ríkir kallaðir. Ferðamannaskipið, sem var hérna um daginn, og líklega var eins manns eign, kostaði helmingi meira en þessu nemur. Við þurfum heldur ekkert að vera komnir upp á útlendinga álit og lánstraust í peningasökum, landið er skuldlaust og á yfir 1 milljón í sjóði, landsmenn geta brúkað þessa upphæð sjálfir, og þurfa ekki á því að halda, að útlendir menn kaupi seðlana, eða hafi traust til þeirra. Hafi það verið hættulaust, að gefa út seðla upp á 500,000 kr. árið 1885, þá er miklu fremur hættulaust nú að bæta þessum 250,000 við. Varasjóður bankans er nú 200,000 kr., sem enginn var þá, og landssjóður á 700,000 kr. meira nú en hann átti þá. Og enn fremur vil eg taka fram, að sé ekki þörf á öllum þessum seðlum í bráðina, þá er hættan engin, því þá liggja þeir í bankanum, en svo lengi sem þeir eru geymdir þar, þá geta þeir ekki verið hættulegir. Þegar eg tók við bankastjórninni 1893, voru 240,000 kr. í landssjóði og 160,000 kr. í bankanum, þá voru að eins 100,000 kr. í seðlum á ferðinni um landið, og viðlíka skeður á hverju ári, að peningarnir koma á haustin í bankann og landssjóð, og liggja þar til vorsins, en meðan þeir liggja þar, eru þeir öllum hættulausir. Eins og nú stendur á, mætti það vera hrapallegt ástand í landinu, ef landssjóður og bankinn ekki ætti hægt með að innleysa seðlana.

Þegar landsbankinn var stofnaður 1885, þá hafði hann engin kynni við útlenda banka; nú hefir hann viðskifti við Landmandsbankann í Kaupmanna-

höfn, og fult traust hans, og mundi sá banki lána 250,000 kr. ef á þyrfti að halda, og svo hefir landsbankinn yfir 300 þús. kr. í útlendum verðbréfum, sem hann getur gripið til ef á liggur, en 1885 var ekkert slíkt bréf til að borga með eða taka af væntanlega skelli. Það sem frumv. fer fram á, er því annarsvegar hættulaust, en hins vegar nauðsynlegt bæði fyrir bankann og landsmenn.

Ef veðdeildarfrumv. verður samþykt, þarf bankinn að hafa fé fyrirliggjandi til að kaupa skuldabréf fyrir, og hins vegar horfir til vandræða fyrir landsmenn, ef þingið hleypur ekki þannig undir bagga með þeim, eins og þeir hafa óskað og búist við. Sjálfur hefir bankinn lánað erlendis yfir 100,000 kr. til að bæta úr bráðri nauðsyn landsmanna. Þegar nú hér við bætist, að flugrit og annar ósómi gengur fjöllunum hærra þessa dagana, þá má búast við, að landsmenn verði hræddir og heimti nokkuð af því fé, sem þeir eiga í sparisjóði, og stendur engum nær en þinginu, að »sjá við þeim leka«, annars verður bankastjórnin að heimta inn skuldir bankans hlíðarlítið þegar í haust, til að hafa fé fyrirliggjandi, svo hann geti borgað hverjum sitt, sem það heimtar. Er því vonandi, að þingið taki tillit til alls þessa, og samþykki frumv. óbreytt.

Valtýr Guðmundsson: Eg hafði nokkuð að athuga við hið síðasta mál á dagskránni, en þó lítilræði í samanburði við það, sem ég hefi að athuga við þetta mál, sem eg álít stórhættulegt. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði það undarlegt, að mér hefði ekki þótt viðsjárvert, að við hefðum 500 þús. í seðlum, en eg áliti fjarska hættulegt, að við hefðum 750 þús. Eg hafði ekki sagt »fjarska«, en það hefði vel mátt vera. Þetta frumv. sýnir, að við erum horfnir frá því, sem slegið var föstu 1885, að fram úr þessu mættum við ekki fara, og það var þá bent á hættuna. Þegar við nú vitum það af sögunni, að aðferð þessi, að gefa út óinnleysanlega seðla, hefir komið hverri þjóð á kaldan klaka, og það jafnvel í nútímanum, erum við einir þá svo gjörðir, að það sé hættulaust fyrir okkur? Verðhrun á seðlum hefir átt sér stað á Rússlandi, og jafnvel hinn alvaldi Tzar hefir ekki getað spornað við því; það hefir skeð á Spáni og í Bandaríkjunum. (*Pétur Jónsson*: Hafa ríkin ábyrgst seðlana?). Já, eg veit það ekki upp á víst annarsstaðar, en á Rússlandi og Spáni eru það ríkin sjálf. Hættan við aukna seðlaútgáfu er sú, að viðskiftaþörfin krefjist hennar ekki, og þá koma seðlarnir aftur inn í bankann og landssjóð; en nú getur bankinn ekki legið með meira en 100 þús. og landssjóður frábært meira en 300—400 þús., en þetta hefir verið skýrt svo á prenti nýlega, að það er engin þörf á að fjölyrða um það hér.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði að það væru 200 þús. í varasjóði, en það eru ekki peningar, það er — steinn, varasjóði landsbankans er breytt í stein, sem reyndist lítilsvirði, ef fara ætti að innleysa seðlana. Hann sagði einnig, að þessi flugrit, sem nú væru send út til þess að ófrægja bankann, gætu komið hræðslu í menn. Einmitt, það getur hlaupið hræðsla í landsmenn, og þá þjóta þeir í bankann og vilja fá seðla sína innleysta, en bankinn hefir ekki nema 30--40 þús. í peningum. Þá fara menn á pósthúsið, en hvað lengi gengur það? Seðlarnir hrúgast í landssjóð, en póstávísanirnar greiðast með því gulli, sem borgað er utanlands í tollum í ríkissjóð, og það nemur eitthvað um 350 þús. kr. árlega. Ef nú póstávísanaupphæðin nemur meiru en þessu, hvernig fer þá landssjóður að standa í skil-

um við ríkissjóð? Hann hefir ekkert annað en seðlana, sem ríkissjóður ekki vill taka, og hver er endirinn? hreint »rúín«! Og hvernig ætlar bankinn að fara að borga sparisjóðsféð? Bankastjórinn sagði, að bankinn ætti hér um bil 200 þús. kr. í varasjóði; nú, ef menn vilja fá fé sitt úr sparisjóði, getur hann ekki staðið í skilum. Setjum svo, að hér kæmi á stofn prívatbanki og þá kæmi maður og vildi fá lán hjá honum. Prívatbankinn segir, eg skal lána þér, en þú verður að borga mér aftur í gulli. Ja, það get eg ekki, segir maðurinn; alt gull er farið úr landinu. Jæja, ef þú borgar mér í seðlum, þá tek eg þá fyrir 99 eða 98 hundraðið, það fæst ekki nema 99 í Landmandsbankanum og eins er kostnaður við sendinguna, burðareyrir héðan og hingað aftur. Nú; þá er verðfallið byrjað, það breiðist út um landið, og þá kemur gangurinn á það. En nú getur þessi nýi banki gjört meira, hann getur keypt upp. Hann hugsar sem svo, það er óþægilegur keppinautur þessi landsbanki, sem bæði hefir rétt til seðlaútgáfu og styrk. Það er bezt eg fái honum lokað; eg kaupi seðla og sendi þá til Landmandsbankans; landsbankinn getur ekki staðið í skilum við hann og þá kemur verðhrun á seðlunum, þá þjóta allir með seðla sína í bankann að fá þá innleysta, bankinn hefir engin ráð og verður að loka. Hvort menn nú vilja sansast á það eða ekki, þá dregur frv. til þessa fyr eða síðar, ef ekki með þessum 250 þús., sem nú á að bæta við, þá næst, því þið skuluð ekki halda annað, en að sama frv. komi fram á næsta þingi og svo koll af kolli. En er þá meiri ástæða til að hætta en nú? Eg er viss um, að það er h. þm. ljóst, hve mikil hættan getur orðið, því hvers vegna ættum við einir að komast hjá því, sem orðið er öllum öðrum þjóðum, er reynt hafa, að tjóni; skyldi það vera svo, að það sem allsstaðar gildir, gildi ekki hér. Þá er álitið á okkur út á við. Þar er nú ekki miklu fyrir að fara. Það hefir nýlega verið safnað handa okkur eftir landskjálftana og til holdsveikisspítala, já, það kvað svo ramt að, að það var safnað til 5 stofnana í einu í Kaupmannahöfn í fyrra eða hitt eð fyrra. Ekki er nú von að álit okkar fjárhagslega sé mikið út á við, og þegar verðhrun á seðlum bætist nú við, sem ætíð þykir viðsjárvert á kaupmannasamkundum og ilt að sjá við, þá er ekki von að álit okkar hækki; það fer svo á endanum, að sem fæstir vilja við okkur eiga.

Eg vona að hin háttvirta þingdeild felli þetta frumvarp sem fyrst, og býst við að það séu fleiri hér í deildinni, sem færari eru en eg til að útlista hættuna; eg er ekki fær um það, en eg sé hana. Sá eini vegur, ef menn vilja fá aukið fé innanlands, er að stofna stóran banka, er sjálfur hafi nóg stofnfé, eða þá að landssjóður taki lán í útlöndum í gulli og stofni ríkisbanka. En nú vitum við ekki, hve lán þetta yrði dýrt, og þá er að taka hinu, sem í boði er, að stofna stóran hlutafélagsbanka. (*Tryggvi Gunnarsson*: þar sprakk blaðran!) Já, eg játa það fullkomlega að eg er honum hlyntur, og ter eg þar eftir álití útlendra manna, sem eru miklu færari um það að dæma en nokkur maður hér á landi. Hlutafélagsbankar hafa reynst vel hjá hinum beztu þjóðum. Þá skal eg ekki tala meira að svo stöddu.

Þórður Thoroddsen: Mér virtist öll ræða þm. Vestm. ganga út frá því, að viðskiftaþörfinni yrði ofaukið ef þessi 250,000 króna væru gefin út, því annars eru allar ályktanir háttv. þm. þýðingarlausar. Geti okkur nú komið sam-

an um, að viðskiftaþörfin þoli þessa viðbót af seðlum, þá hlýtur okkur að koma saman um, að óhætt sé að gefa þá út.

Ástæða hans í nefndarálitinu er, að engin sönnun sé fyrir því, að viðskiftaþörfin þoli þessa aukningu. Ef hægt er nú að sanna það fyrir honum, að viðskiftaþörfin þoli þessa aukningu, þá er honum óhætt að samþykkja hana, jafnvel þótt að seðlar þessir væru óinnleysanlegir, sem þeir þó ekki eru nema í orði kveðnu. Eg játa það með honum, að það sé hættulegt að halda áfram á þeirri braut, *að geta út óinnleysanlega seðla*, þangað til viðskiftaþörfin þolir það ekki lengur, og eg vil ekki greiða atkvæði með því að það sé gjört. En hér er ekki um slíkt að ræða, það er hér ekki talað um meira en 250 þús. í viðbót við þau 500 þús., sem áður hafa verið gefin út, og viðskiftaþörfin þolir þessa aukningu, það skal eg reyna að skýra með ljósum rökum. En fyrst skal eg minnast á þessa óinnleysanlegu seðla, sem hann var að tala um. Þó að seðlarnir séu kallaðir óinnleysanlegir, þá eru þeir það ekki í raun og veru. Þeir eru teknir í öll opinber gjöld með ákvæðisverði, þeir ganga manna á millum í öllum viðskiftum með fullu verði, og það má í gegnum pósthúsið senda þá til útlanda. Seðlarnir verða því í raun og veru alveg eins og innleysanlegir seðlar, og þegar svo er, þá er óhætt að gefa svo mikið út af þeim, sem viðskiftaþörfin krefur, að frádregnu þessu gulli og silfri, sem þarf í einu landi, til þess að geta skift seðlunum í smærri mynt.

Eg skal nú sýna fram á, að viðskiftaþörfin í landinu þolir þessa 250 þús. kr. aukningu seðlanna.

Þegar seðlar ganga í einu landi, liggur sumt altaf fast, hreyfist ekki, en sumt gengur milli manna. Við skulum nú fyrst aðgæta, hvað líkindi eru til að liggi fast eða geti legið fast af seðlum landsbankans. Þá verður fyrst fyrir okkur landssjóðurinn. Við árslok 1897 eru samkvæmt landsreikningunum liggjandi í jarðabókarsjóði 350 þús. kr. Þetta má vera í seðlum. En tökum nú ekki alla þessa upphæð; segjum að landssjóður liggi vanalega með 250,000 kr. Þá er bankinn sjálfur; hann hefir aldrei minna en c. 100,000 kr. fyrirliggjandi — vanalega meira; það hefir að eins einu sinni komið fyrir, að hann hafði ekki nema 98,000 kr. fyrirliggjandi — þetta má vera í seðlum. Sparisjóðir liggja samkvæmt skýrslunum alt af með um 20,000 kr. þetta má líka vera í seðlum. Það eru þá alls 370,000 kr., sem liggja fastar í sjóðum. Nú get eg gert ráð fyrir að nokkuð liggi hjá einstökum mönnum. Eg býst t. a. m. við að háttv. þm. Vestm. hafi vanalega eitthvað fyrirliggjandi hjá sér. Gerum það t. d. 1 kr. á mann á öllu landinu, og er þá ekki hart farið í sakirnar, það eru 70,000 kr. og svo má gera ráð fyrir 20—30 þús. hjá kaupmönnum. Þetta er ekki hátt reiknað, og í raun og veru alt of lágt, og eg nefni að eins einhverjar tölur og þær sem lægstar, til að sýna hvar peningar geta legið.

Gjöld landssjóðs eru vanalega milli 7 og 8 hundruð þúsund kr. á ári. Þar af eru um 600 þús., sem borgað er úr jarðabókarsjóði og gengur til embættismanna, verkamanna o. s. frv. Þetta fé cirkulerar og getur aftur komið inn í landssjóðinn, upp í tolla og gjöld; segjum t. a. m. að sami seðillinn gangi 4 sinnum út og inn um landssjóðinn, þá eru það 150,000 kr., sem landssjóður þannig heldur gangandi. Póstávísanir geri eg c. 200,000 kr. á ári. Peninga þá, sem

póstmeistarinn þannig tekur á móti, borgar hann í landssjóð, og gerum ráð fyrir að sami seðillinn geti þannig gengið líka 4 sinnum á ári út og inn um landssjóðinn; það verða 50,000 kr., sem haldast gangandi á þennan hátt. Setjum að hringrásin inn og út úr sparisjóðunum sé 120,000 kr., og er hún nálega það samkvæmt skýrslunum, og og hver seðill gangi á sama hátt 4 sinnum; eru það 30,000 kr., sem cirkulera frá sparisjóðunum. Þegar þetta er lagt saman:

í sjóðum fastar . . .	kr. 370,000
hjá einstaklingum og kaupmönnum . . .	kr. 100,000
cirkulerandi	kr. 230,000
Alls	kr. 700,000

Þá eru eftir 50,000 kr. í seðlum til að ganga manna á milli á annan hátt. (*Valtýr Guðmundsson*: þm. gerði að hver seðill gengi 4 sinnum; hver seðill getur gengið 12 sinnum.) Hér á landi eru viðskiftin svo sein, að það er óþarfi að gera, að seðlar gangi oftar en 4 sinnum að meðaltali. T. a. m. seðill, sem fer norður á Langanes, er lengi að koma til baka aftur, ef til vill ár; aftur aðrir, það skal eg játa, geta gengið 12 sinnum. Ef vér hefðum járnbrautir og örar samgöngur, væri öðru máli að gegna, þá gætu seðlar farið 12 sinnum inn og út úr bankanum og landssjóði, en því láni er nú ekki að fagna.

Eg tek það fram, að þessi reikningur er að eins gjörður um þessa upphæð, sem hér er um að ræða, til þess að sýna, að það er óhætt að gefa hana út, án þess mér komi til hugar að þessi reikningur sé réttur; eg er viss um að hann er of lágur, og líka það, að óhætt væri að gefa út enn meir af seðlum vegna viðskiftaþarfarinnar, en eg er samdóma þm. Vestm. um það, að ekki sé ráðlegt að halda áfram á þeirri braut, að gefa út meira, sem ekki sé trygt með gulli, því að þá getur svo farið, að vér lendum í sömu ógöngunum og þjóðir þær, sem hann nefndi áðan. Viðskiftaþörfin hlýtur að þola þessa aukningu, því ef 1873 hefir verið 1½ milljón í gangi hér á landi, hvað mun þá ekki vera 1899, því allir vita þó, að á þeim tíma hefir opnast mörg peningalind.

Enn vil eg nefna eitt, sem gjörir það nauðsynlegt, að þessi upphæð sé gefin út. Í nefndarálitinu um veðdeildina stendur, að hún sé nauðsynleg vegna viðskiftaþarfarinnar, og er það satt. Nú situr megnið af fé landsbankans fast í fasteignarveðslánum, en vér höfum gert honum að skyldu, að koma verðbréfum veðdeildarinnar í peninga.

Þegar fé bankans situr fast, verður hann auðvitað að selja þau undir eins, þar sem hann enga peninga hefir til að kaupa þau sjálfur. En ef hann fær þessa seðla, þá getur hann keypt verðbréfin og beðið með að selja þau þangað til þau eru búin að fá einhvern þolanlegan markað. Frá því sjónarmiði er nauðsynlegt að gefa út seðlana, og þegar vér höfum lagt þessa kvöð á bankann, verðum vér að hjálpa honum til að geta uppfylt hana.

Það var margt í ræðu þm. Vestm., sem eg ekki skildi. Hann sagði t. a. m. að bankinn kæmi aftur árið 1901 með beiðni um meiri seðla. Eg skil þetta ekki. Bankinn hefir nú fé sitt í fasteignum, en þegar veðdeildin kemur, má búast við að margir færi lán sín yfir í veðdeildina og borgi þannig bankanum skuld sína með verðbréfum, sem bankinn getur selt, og þannig rýmkast um hnútana. En seðlana fær hann til þess að þurfa ekki að selja verðbréfin strax, ef þau standa lágt.

Þessi orð mín eru ekki til þess að hnekkja framgangi þessa banka, sem þm. Vestm. mælir með, því eg álít hann margfalt betri, ef hægt væri að koma honum á fót, og eg játa hins vegar, eins og áður er sagt, að það geti verið hættulegt, ef viðskiftaþörfinni yrði ofboðið með seðlaútgáfu. En eg álít að engin líkindi séu til þess með þessum 250 þús. kr.

Þorlákur Guðmundsson: Það er frá mínu sjónarmiði mikið álitamál um það, sem hér er um að ræða.

Oss er öllum kunnugt um peningaástandið í landinu, hve bágt það er; en hvað það snertir, að ráða bót á því, þá er ekki gott að segja, hver ráð eru tiltækilegust né hvert ástandið verður í ágústmánuði 1901, ef ekki neitt er gjört á þessu þingi.

Þetta frumv. á að rétta við bankann og vera bót á þetta bilaða fat, sem maður verður að viðurkenna, að er í lamasessi, og sama sem enginn banki nú sem stendur; hann gat þess hinn háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.), sem nú settist niður, að það væri nauðsynlegt, vegna hins frumv., sem hér var næst á undan til umræðu, veðdeildarfrumvarpið. Ekki hefir stjórnin álitið það, úr því hún hefir ekki komið með neitt frumv. í þá átt, en það getur nú vel verið gott og gagnlegt fyrir það, þó stjórnin gerði það ekki að uppástungu sinni.

Mér datt nú ekki í hug að greiða atkvæði á móti þessu frumv., jafnvel þó eg ekki skoði það eins glæsilegt og sumir aðrir háttv. þingm., og þó eg álíti að veðdeildarlánin verði landsmönnum dýr, »en deyr sá enginn dýrt kaupir«, og verst er ástandið eins og nú er, en það getur ekki lengi gengið, þegar peningarnir fást hvergi í landinu, en það er þetta frumv., sem nú liggur fyrir, sem á að bæta úr þessu.

Eg er ekki að öllu leyti samdóma háttv. þingm. Vestm. (V. G.), að þessir seðlar verði til tjóns, eða að það verði hættulegt að auka þannig seðlaútgáfuna, en hins vegar kannast eg við, að það er sjálfsagt rétt, sem hann segir, að það er varasamt, að fara mjög langt inn á þessa braut með óinnleysanlega seðla.

Það var við 1. umr., að háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) mintist á landsbankann og fór nokkuð hörðum orðum um landsbankastjórnina, og ámælti henni meðal annars fyrir það, að hún hefði lánað mikið fé til þilskipakaupa, og þannig dregið vinnukraftinn frá landbúnaðinum. En hér er athugandi, að þetta var gjört til að efla annan aðalatvinnuveg landsins, og að því leyti var ekki ástæða til að ámæla gjörðum bankastjórnarinnar, og það er upplýst, að þetta fé muni vera endurborgað.

En hvað það snertir, að þessi fjölgun þilskipa hafi orðið til þess að draga vinnukraftinn frá landbúnaðinum, þá skal eg geta þess, að það er að vísu rétt.

En það er annað, sem eg skoða að hafi verið dálítið ógætilegt hjá bankastjórninni, það eru þau lán, sem hún hefir veitt til húsabygginga hér í Reykjavík. Menn hafa þyrpst úr sveitinni, fjöldi manna yfirgefið jarðir og farið með vöxnum börnum og vaxandi til að byggja hér í Reykjavík eða leigja í þessum húshjöllum, sem upp hefir verið kræ kt fyrir bankans fé. Þessi altof auðveldi aðgangur að lánum úr bankanum hefir þannig verið sveitabúskapnum næsta óþarfur, og líklega öllum hlutaðeigendum meir til ógagns en gagns, og það sjálfri Reykjavík, og eg álít, að það hafi ekki verið hyggilegt af bankastjórninni, að stuðla að þessu, og geti verið tvísýnt, að bankinn nái þessu fé sínu inn.

Árið 1894 átti bankinn útistandandi hjá Reykjavík 253,685 krónur, en 4 árum síðar, 1898, var upphæðin orðin 486,804 krónur. Mér er nú ekki fullkunnugt um, hvað margir húseigendur eru í Reykjavík; eg geng út frá því, að meiri hluti þessara lána standi hjá húseigendum.

Þó hin ýmsu sýslufélög skuldi bankanum mikið, þá mun þó Reykjavík hlutfallslega skulda mest. Það gerði nú ekki svo mikið til, ef að lánin hefðu gengið í rétta átt.

Hinn háttv. framsögum. (Tr. G.) sagði, að ef seðlaútgáfan ekki yrði aukin, þá hlyti bankinn að ganga hart að mönnum með lángreiðslu. Þetta er hægra sagt en gjört. Væri nú einn góðan eða vondan veðurdag, — og vondur mundi hann verða, bæði í garð bankans og skuldunauta hans, — farið að selja nokkur hús og nokkurar jarðir, mundu fá viðunanleg boð koma, því fáir mundu geta keypt, og þá sæist, hvort það ekki er satt, að fasteignir landsins séu fallnar í verði.

Eg þekki menn, sem eiga óveðsettar jarðir, en geta hvergi fengið peningalán, hvorki til að bæta jörð sína eða til að færa út bú sitt eða til neins annars.

Samt sem áður álít eg ekki hyggilegt að gefa út meira af seðlum, ekki eingöngu af því, að eg óttist að viðskiftaþörfin ekki þurfi þeirra, heldur meir af því, að eg álít þetta ónóga bót á þetta stóra gat, og svo hefi eg enga vissu fyrir, að henni yrði hagsýnilega snúið.

Hefði eg vissu fyrir, að þessari kvartmiljón seðlanna væri varið til að bæta verzlunina, til víxla og bráðabirgðalána handa kaupmönnum, þá gæti eg verið með, en fyrir því hefi eg enga vissu, eins og kringumstæður bankans eru nú.

Það segir sig sjálft, að þessi peningavandræði eru ekki síður tilfinnanleg verzlunarstéttinni en öðrum, og alt sem kreppir að verzluninni, það kreppir að landsmönnum í heild sinni.

Bændur og búalið verður að knékrjúpa við kaupmannsborðið og kaupmaðurinn getur ekki annað en selt dýrt, þegar hann verður að taka peningalán í öðrum löndum með okurrentum.

Sama er að segja um kaupfélög, að þeim væri það ekki lítill hagur, að geta fengið bráðabirgðarlán í landinu.

Hvað mun svo verða úr þessum seðlum? — Þeir munu fara eins og mikið af hinum, sem þegar eru útgefnir, þeir mundu tætast í ýmsar áttir og ástandið verða það sama eftir skamma stund, og ef til vill einhverju af þeim varið til að byggja ónýta húshjalla hér í Reykjavík.

Einar Jónsson: Eg get lýst yfir því, að eg er yfir höfuð samþykkur háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.), að það sé hættulaust að gefa út seðlaupphæð þá, sem hér er um að ræða. En eg vil sérstaklega benda á það, að það er ekki meiri hætta að bæta nú við 250,000 krónum í seðlum, þannig, að alls verði á gangi í landinu 750,000 kr. í seðlum, en það var 1885 að gefa út 500,000 krónur í seðlum. Til þess að sanna þetta er nóg að benda á ástæður landssjóðs þá og nú.

Fjárhagstímabilið 1884—1885 voru tekjur landssjóðs 975,000 krón., og þá voru gefnar út 500,000 krón. í seðlum. Nú voru tekjur landssjóðs fyrir árin 1896 og 1897 um 1,540,000 kr., og hér í frumv. er ekki farið fram á, að bæta meir við seðlaupphæðina en 250,000 kr. Þegar því bankalögin voru samin 1885, samsvaraði seðlaupphæðin rúmlega árstekjum landssjóðs eins og þær voru þá, og sú upphæð, sem farið er fram á

hér, að komist á gang í landinu, samsvarar tæplega árstekjum landssjóðs nú. Árið 1885, þegar bankinn var stofnaður og seðlarnir gefnir fyrst út, var landssjóður skyldaður til að taka seðlana af mönnum upp í gjöld sín, og þeir látnir standast hér um bil á við þau. Nú er sama hlutfalli haldið og þó farið heldur varlegar.

Nú er auðvitað að hin margvíslegu viðskifti manna á milli valda því, að seðlarnir ganga aldrei allir til þessara gjalda einna, og landssjóði greiðast því ýmsar tekjur á annan hátt. En þó að þeir væru nú sér í lagi látnir ganga í gjöld til landssjóðs, þá yrði hann í engum vandræðum með þá, þar sem öllum þeim mönnum, er taka eiga við fé úr landssjóði, er skylt að taka við seðlum bankans upp í það.

Eg vildi stuttlega benda á þetta atriði til viðbótar við ræðu hins háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.).

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eg hefi ekki mikið að segja um þetta mál, því enn sem komið er hefir ekki komið fram nein sönnun fyrir því, að seðla-aukningin sé hættuleg. Það er þvert á móti búið að sýna fram á það, og það ljóslega, að peningaþörfin í landinu er miklu meiri en þessari umræddu viðbót nemur, og að hættan við seðlana er miklu minni nú en 1885.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) var að tala um að hann væri hræddur um, að þessi viðbót mundi aðallega verða til þess að fjölga ónýtum húsum í Reykjavík, en eg veit ekki betur, en að engu minni þörf sé fyrir peninga út um landið en hér í Reykjavík, og árlegar skýrslur bankans og einkum skýrsla sú, er stendur í þessa árs Þjóðvinafélags almanakinu, sýnir, að aðrir fjórðungar landsins eru engin olnbogabörn bankans. Þeir fá sinn skerf af lánum bankans.

Það er ekki tiltökumál, þó peningar bankans gangi að tiltölu eftir fólksfjölda meira til Reykjavíkur en annara parta landsins, því bæði er það, að bankinn hefir ekki annað fé að lána en það, sem kemur inn í sparisjóðinn, því innstæða bankans er öll lánuð út um land fyrir mörgum árum, og svo eiga Reykvíkingar lang-mest í sparisjóðnum. — Það er því fullkomlega eðlilegt, að Reykjavík, sem að lang-mest á í sparisjóðnum, hafi hans mest not.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) þarf þess vegna ekki að vitna til húsabygginganna í Reykjavík; hann getur rólegur samþykt frumv. fyrir því, að landið alt mun hafa viðlíka gagn af seðlaviðbótinni. — Landið alt á veðdeildina, ef hún kemst á, en það er tekið fram áður, að það mundi draga úr nytsemi veðdeildarinnar, ef ekki væru svo miklir peningar fyrir hendi, að bankinn gæti keypt vaxtabréfin og beðið með að selja þau þangað til hæfilegt verð fæst fyrir þau.

Eins og eg tók fram við fyrri umræðu, þá hafa menn út um landið treyst því, að þetta þing legði alt kapp á að ráða fram úr peningavandræðum þeim, sem nú liggja svo þungt á flestum landsmönnum, það yrðu sár vonbrigði fyrir marga, ef þingið færi svo með þetta mál, að það félli, því úr því gætu orðið megn vandræði. —

Það er líka annað atriði, sem gjörir nauðsynlegt að auka seðla-upphæðina, og það er sparisjóðurinn, því bankinn verður alt af að vera viðbúinn, að menn, sem eiga í sparisjóði, komi og heimti innlegg sín. Hann verður því alt af að liggja með talsverða peninga, en þegar eins er ástatt og nú, að fáir geta borgað bankanum skuldir sínar, þá er ekki um annað að velja, en annaðhvort að auka við seðlana, eða bankastjórnin verður að ganga hart að

lántakendum, að þeir borgi, og það strax í haust.

Að því er snertir ræðu háttv. þingm. Vestm. (V. G.), þá verð eg að segja, að það er sorglegt að heyra hvað innlendur maður getur litið miklu svartar á ástandið sem er, og framtíð landsins, heldur en útlendir menn gjöra.

Hér eru komnir tveir útlendir menn, sem vilja flytja inn í landið allt að 6 miljónum króna, til að setja á stofn banka hér í Reykjavík, og svona mikið traust hafa þessir menn á landinu, að þeir vilja hætta svo miklu fé, til að verja því í ýms fyrirtæki í landinu, því skyldi það þá vera hætta fyrir okkur að bæta við seðla-útgáfuna, svo að þeir verði samtals að eins einar 750,000 kr.?

Eg hefi talað við þessa menn og veit að þeim er ant um að slíkur banki komist á, og það er ekki hægt að álíta, að þeir vinni að þessu af ást til landsins, heldur að eins af því, að þeir skoða það sem gróðafyrirtæki, og álíta að landið geymi í sér þær auðsuppsprettur, að hægt sé að koma í veltu svo miklu fé, þeim og landinu til hagnaðar. —

Þeir, sem eru að reyna til að eyðileggja frumv. þetta, munu ekki gjöra það af því, að þeir álíti frumv. þetta landinu skaðlegt, heldur af því, að þeir með því ætla að styðja stóra bankann. En mér þætti þetta illa farið, ef þingið færi að fleygja bankanum og sjálfstæði Íslands í hendur útlendra manna.

Jens Pálsson: Það hefir oft í umræðunum verið tekið svo til orða, að seðlar bankans séu óinnleysanlegir. — Satt er það og rétt, að ekki hvílir lagaskylda á bankanum að leysa þá inn með gulli, nær sem óskað er; í þeim einum skilningi eru þeir óinnleysanlegir. En í öðrum skilningi eru þeir innleysanlegir. Þeir eru gjaldgengir í allar greiðslur til landssjóðs, og auk þess gjaldgengir í póstsjóðinn, sem gullborgun samkvæmt bankalögunum, en af því leiðir, að landssjóður verður að leysa þá inn með fullgildri mynt. — Einstakir menn geta þannig alt af treyst því, að fá ákvæðisverð fyrir seðlana, þeim er trygt fullvirði þeirra ævinlega. Landssjóður ábyrgist og leysir inn; sé nokkuð á hættu lagt, þá er hættan fyrir landssjóð, en ekki fyrir einstaka seðlaeigendur.

Eg er samþykkur þeim, sem álíta það enga hættu fyrir landssjóð að auka seðla-upphæð bankans um 250,000 kr., því auðsætt er, að viðskiftaþörfin þolir fyllilega þann seðlaviðauka. — En þar með er ekki sagt, að ekki geti verið hættulegt að halda lengra áfram sömu braut, allra helzt ef viðlagasjóði yrði ógætilega eytt, og lánstraust landssjóðs þannig rýrnaði.

Væri aftur á móti mjög gengið á viðlagasjóð, og handbærar eigur landssjóðs þar með rýrðar að mun, þá kynni af seðla-aukanum að leiða óþægindi fyrir landssjóð, því þess meiri sem seðlafúlgan er, þess meiri upphæðir kæmu á pósthúsið til útborgunar utanlands. Við það gæti landssjóður, þegar sérstaklega stæði á, komist í þeim mun meiri skuldir útanlands, en áður hefir átt sér stað, sem seðlafúlga bankans er stærri, og þá reynir á lánstraust landssjóðsins.

Í þessu tilliti stendur mér stuggur af vöruskifta- og lánsverzluninni hér á landi. Sú verzlun sýgur sem mesta peninga, er hún getur, úr landi; og haldi hún áfram í sama horfi, óttast eg fyrir, að þessi seðla-auki verði þjóðinni til lítillar blessunar. — Verzlun vor þarf að breytast í contant-verzlun, og sú ein peningastofnun, er borið fái uppi þá breyting, nægir oss.

Geti smærri kaupmenn ekki fengið peninga til láns í landinu, þá verða

þeir að fara til útlanda og taka þar vörur til láns með miklu dýrara verði en holt er.

Það er þess vegna mjög mikil nauðsyn að peningastofnun landsins hafi svo mikið starfsfé, að hún geti bætt úr brýnni þörf kaupmanna, að því er verzlunina snertir, svo að hún með því móti gæti orðið verkfæri til þess, að vöruskiftin breyttust í peningaverzlun. Vöruskiftaverzlun þykir átumein og óhæfa í mentuðum löndum; og svo hafa enskir verzlunarmenn sagt mér, að á Englandi þyki sá verzlunarmaður varla landshæfur, sem slær inn á vöruskiftabrautina.

Af því eg er þeirrar skoðunar, að það sé eitt af því nauðsynlegasta fyrir okkur Íslendinga, að við fáum inn í landið lánsstofnun, sem geti orðið til þess að eyðileggja vöruskifta-verzlunina, þá þykir mér það veltufé, sem landsbankanum er með þessum seðlaauka ætlað, um fram það, sem hann hefir nú, alt of lítið. — Bankinn verður, að minni hyggju, eftir sem áður ófær um að taka verulega að sér að bæta úr peningaþörf verzlunarinnar. Færi hann verulega að sinna verzluninni, mundi brátt verða peningahörgull í honum á ný.

Mér finst þetta frumv., sem hér liggur fyrir, ekki nægilegt til þess að koma landinu út úr peningavandræðunum, og eg vildi því óska, að þingið og stjórnin gæti sem fyrst séð einhver gagngerðari ráð til að bæta starfskraft bankans ítarlegar en frumv. fer fram á.

Eg vildi helzt óska að nægur gullforði yrði útvegaður þeim banka, sem vér nú hötum, svo að auka mætti seðla-útgáfuna um miklu meira en þenna 1/4 úr miljón, sem þetta frumv. fer fram á; eg álít þá viðbót ónóga bankanum og landinu.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. 1. þm. G. K. (Þ. Th.) talaði langt mál til að sanna það, að viðskiftamagnið í landinu væri nóg til þess að bera þessa seðlaupphæð, en þó hann hafi tilfært margt því viðvíkjandi, þá finst mér samt sem áður ekki komin fram næg sönnun fyrir því enn þá. Hann nefndi þá fjárupphæð, sem lægi hjá einstökum mönnum, og það fé, sem gengi manna á milli og færi á milli landssjóðs og einstakra manna. Landssjóður borgar til dæmis embættismönnum 12 sinnum laun á ári, en þessi laun lenda mest hjá kaupmönnum, og þeir senda peningana út með skipunum til að kaupa fyrir vörur eða þá til annars, en stöðva þá ekki hér í landinu, það má því gjöra ráð fyrir, að sami seðillinn komi ekki 4 sinnum, heldur 12 sinnum á ári inn í landssjóðinn.

Eg hefi sem sagt ekki enn þá fengið sannanir fyrir því, að viðskiftamagnið væri nóg hér í landinu.

Þegar athuguð er hringferð seðlanna, og hvað oft sami seðillinn kemur til baka, þá fer drjúgum að minka seðlaupphæðin, sem er á ferðinni. Eins og eg hefi tekið fram, gjörði h. þm. (Þ. Th.) ráð fyrir alt of fáum hringferðum hvers seðils á ári, og þrátt fyrir það tókst honum ekki með reikningi sínum að sýna, að öllu fleiri seðlar mundu geta verið á ferðinni í landinu, en þessar 750000 kr. Með öðrum orðum, reikningur hans benti á að seðlarnir mundu verða ofmargir fyrir viðskiftaþörfina, ef þeir fara örar hringferðina en hann gjörði ráð fyrir, eins og eg þykist viss um að vera muni. Sönnun sú, sem hann bygði á útreikningi sínum, um að engin hætta mundi á því að gefa fleiri seðla út, er að mínu áliti ekki á gildum rökum bygð, þar sem eg get ekki kannast við að eitt

mjög verulegt atriði í reikningsdæminu sé rétt.

Þá tók hann fram aðra sönnun máli sínu til stuðnings. Hann kvað landfógeta hafa gjört áætlun um, að þegar peningabreytingin varð hér 1873, þá mundi hafa verið um 1½ miljón króna í vörzlum landsmanna, og nú kvað hann sjálfsagt vera meiri peninga í landinu. Það er margt við þessa sönnun að athuga. Fyrst er þess að gæta, að eigi var skift hjá landfógeta meira en helmingnum af þessari 1½ miljón; hitt er ágizkun tóm, að öðru eins muni hafa verið skift hjá kaupmönnum. Það getur verið að það hafi verið miklu minna. En setjum nú svo, að þessi ágizkun hefði verið nærri lagi. Er það nú víst, að eins miklir peningar séu í landinu nú og þá voru? Eg segi nei; það er mjög líklegt, að þá hafi verið hér meiri peningar. Þá stóð svo á, að margir þeir, sem peninga áttu, geymdu þá í sjóvetlingum og á kistubotninum, en settu þá ekki á vöxtu. Nú er orðin önnur öld, nú eru menn að mestu hættir við að geyma peninga heima hjá sér, en koma þeim á vöxtu í sparisjóði eða á annan veg. Sparisjóðirnir lána þá peningana aftur út gegn fasteignarveðum, svo að mestur hluti af eign þeirra er í fasteign, en ekki í peningum. Af þessu leiðir, að minna hlýtur að vera af peningum í landinu nú en þá. Eg heyri sagt, að seðlaaukningin sé nauðsynleg vegna bankans. Þarna kemur það. Það skín út úr öllu, að alt af er bankinn borinn fyrir brjóstinu, hvað sem hag landsins að öðru leyti líður. Það er alveg eins og landið sé til fyrir bankann, en ekki bankinn fyrir landið, og þó að bankinn fari ráðlauslega með það landsfé, sem honum er í hendur fengið, þá er honum ekki svarað með öðru en því, að fá honum enn meira fé í hendur, það eru allar aðfinningarnar. Nú á t. d. að fá honum í hendur bankavaxtabréf svo miklu nemur, til þess að reyna að bæta úr ráðleysisféleysi hans. Á meðan um bankavaxtabréfin var að ræða, þá var svo sem ekki að heyra að bankinn mundi verða í vandræðum með að innleysa þau. En nú þegar líkindin eru orðin fyrir, að hann muni fá veðdeildina, þá kveður við annan tón. Nú er það talið nauðsynlegt að bankinn fái rétt til að gefa út seðla að nýju, til þess að hann hafi fé í hendi, til þess að leysa inn með bankavaxtabréfin.

En hvernig stóð á því að bankastjórnin fór ekki fram á það við stjórnina, að hún legði fyrir þingið frumv. um, að heimilað skyldi að gefa út nýja seðla, eða hefir hún farið fram á þetta við stjórnina, og stjórnin neitað? Eiginlega hlýtur eitt að vera af tvennu, að stjórnin hafi neitað að gangast fyrir máli þessu, eða bankastjórnin hefir verið svo skammsýn, að hún hefir ekki séð þörfina á aukinni seðlaútgáfu, þegar hún hafði veðdeildarfrumv. undir höndum. Astandið hefir þó ekki breyzt svo í landinu síðan, að henni hefði ekki átt að vera vorkunn á að sjá þörfina þá, fyrst hún þykist sjá hana nú.

Eg gæti annars bezt trúað því, að bankastjórnin hefði farið fram á það við stjórnina, að leggja fyrir þingið frumv. svipað þessu, en stjórnin neitað. En eg trúi því ekki að óreyndu að stjórnin staðfesti annað eins frumv. og þetta, þótt þingið kunni að samþykkja það.

Máske hefir hugsunargangur bankastjórnarinnar og verið þessi: Það er líklegt að stjórnin vilji ekkert fást við að leggja svona lagað frumv. fyrir þingið, því að hún mun hafa veika trú á að það geti orðið Íslandi til heilla, því er bezt að ganga alveg fram hjá henni, bezt að einhverjir þingmenn beri það

upp; það er alt af hægt að sýna fram á, hve afarnauðsynlegt þetta mál sé, og öll eru líkindi fyrir að hægt sé að sannfæra meiri hluta þingsins um það, og þá er þó hægra að vinna bilbug á stjórninni með þingið að bakhjarli. Það getur nú verið að það rætist, að þingmenn sjái ekki hættuna, og glæpist til að samþykkja frumv., en eg vona samt að reikningurinn ruglist, í því sem að stjórninni lítur.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók það fram, að seðlaforðinn yrði ekki meiri en árstekjur landssjóðs, og hlutfallslega meiri í samanburði við landssjóðstekjurnar en 500000 kr., sem út voru gefnar í seðlum 1885, og því væri oss engin hætta búin af þessari seðlaaukningu, seðlarnir gætu gengið í gjöldin til landssjóðs. En það er við það að athuga, að sami seðillinn getur gengið og gengur svo oft á ári í gegnum landssjóð, að ekkert verður á þessu bygt. Auk þess verður árlega að greiðast allmikið af tolltekjum landsins beint í ríkissjóð, ef ekki á alt að stranda og ríkissjóður á að halda áfram að borga út póstávísanir héðan frá landi. Seðlaupphæðin er því stórum meiri en þarf til að greiða landssjóðsgjöldin í seðlum. Eitt er enn, sem eg vil taka fram. H. framsm. (Tr. G.) sagði, að eg liti svo svörtum augum á ástandið hér, en útlendir menn litu þeim augum á það, að þeir teldu óhætt að koma upp banka með 6,000,000 kr. veltufé. Þar er alt öðru máli að gegna. Eg álít líka að hér geti þrifist stór banki, banki sem hefir miklu meira en 750,000 kr. í veltunni, en það er sitt hvað, hvort hann er bygður á gulli eða tómum seðlum, og það ríður líka baggamun, hvernig honum er stjórnað.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, eins og rétt var, að banki vor hugsaði lítt um að styðja verzlunina. Það vita þó allir, hve slíkt er áríðandi, enda hugsa bankar annarsstaðar mest um það. Og hvernig ætti bankinn að fara að styðja verzlunina, ef öllu gulli verður útrýmt úr landinu og alt fylt með tómum seðlum? Seðlarnir verða óþægilegur gjaldmiðill fyrir kaupmenn þá, sem vilja reka peninga-verzlun. Annaðhvort verða þeir að fara með seðlana á pósthúsið, og kaupa þar póstávísun — á meðan sá brunnur er ekki byrgður — og það er æði dýrt að koma peningum sínum á þann veg til útlandsins, eða þeir verða að senda þá til Landmandsbankans, og láta þá þar með 1% afföllum, og þá er að því komið, að seðlar vorir eru fallnir í verði. Enginn hefir enn svarað spurningu minni um það, hvernig fara mundi með seðlana, ef hér yrði stofnaður privatbanki, sem kepti við landsbankann. Slíkt getur þó komið fyrir, það er ekki hægt að banna það.

Eg játa það, að verið geti að viðskiftaþörfin þoli þessar 250000 kr. í seðlum í viðbót, en það er líka mögulegt að hún þoli það ekki, og þá erum vér illa staddir.

En auk þess sem eg álít það hættulegt, að bæta við ótrygða seðla bankans, þá skal eg hreinskilnislega játa það, að eg hefi svo mikla ótrú á bankastjórninni, sérstaklega bankastjóranum, að eg vil ekki fá henni meira fé í hendur; hún hefir farið svo illa með það fé, sem hún hefir haft til umráða, ekki að eins það, að hún hefir í leyfisleysi varið mjög miklum hluta varasjóðs til húsbyggingar, og landshöfðingi látið það viðgangast, en ráðgjafinn vísað frá sér, þegar leyfis var leitað til hans, eg hefi þar fyrir mér orð h. framsm. (Tr. G.) sjálfs. Þetta helzt bankastjórninni alt uppi ásamt mörgu öðru, þannig þykir hún, og það víst ekki að ástæðulausu, hafa sýnt

töluverða hlutdrægni, þegar um lán hefir verið að ræða, og nú rétt nýlega var manni einum neitað um framlenging á víxli, manni, sem nýlega hafði skrifað um bankamálið öðruvísi en bankastjórninni var geðfelt. Það hefði þó átt að vera bankastjórninni ljóst, að varlega væri farandi út í að gjöra nokkuð það, sem liti út eins og hún væri að múlbinda mótstöðumenn sína; en það er nú eins og þessi góða bankastjórn skoði bankann sem sína eign en ekki landsins.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók það fram, hve ráðlauslega væri farið með fé bankans, að festa það í lélegum húseignum, og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram, hvílíkt tjón bankastjórnin hefði bakað bankanum og peningaviðskiftum landsins yfir höfuð, með því að hafa ekki vit á að færa upp vexti í tíma. Það mætti telja upp margt fleira, er sýndi, hve lítt bankastjórninni er trúandi fyrir meiru fé, en þess þarf sjálfsagt ekki. H. þm. mun alljós ráðsmenska hennar. Eg skal að eins taka upp að endingu, að eg álít meiri hættu en svo, að vér getum forsvarað, að stefna inn á þá braut, sem frumv. bendir á, og í öðru lagi, að eg tel hinni núverandi bankastjórn ekki trúandi fyrir meiru fé en hún hefir, og því hlýt eg að vera á móti frumv.

Einar Jónsson: H. þm. Vestm. (V. G.) kvartaði yfir því, að enginn hefði svarað því, hvílík hætta landsbankanum mundi búin, ef stofnaður væri privatbanki, sem kepti við hann, og vil eg því fara nokkurum orðum um það atriði. H. þm. (V. G.) sagði, að svo gæti farið, að privatbankinn neitaði að taka seðla landsbankans fullu verði, sem borgun til sín, og afleiðingin mundi verða sú, að seðlarnir féllu í verði almennt. Eg hygg að eigi mundi svo hætt við þessu. Þeir, sem ættu fé að greiða í banka þennan, mundu forðast að koma með seðla þangað, ef hann tæki þá ekki með ákvæðisverði, þeir mundu fara með þá í aðrar áttir, þangað sem þeir væru gjaldgengir, og fá þeim skift þar, svo sem hjá sýslumönnum og öðrum fleiri; mundi því varla koma til þess að þeir þyrftu að láta seðla sína með afföllum til privatbankans, þar sem nógir staðir væru fyrir þá annarsstaðar í fullu verði.

En setjum nú svo, að privatbankinn hugsaði sér að sprengja landsbankann með því að kaupa upp alla seðla hans, og honum tækist að ná í þá alla, sem reyndar mundi varla þurfa að gjöra ráð fyrir; færi svo með þá á póststofuna, þessa gömlu svikamyllu, sem kölluð hefir verið, og keypti fyrir þá póstávísanir, er landssjóður ætti síðan að borga út með gjaldgengum eyri erlendis, en landssjóður sæti uppi með alla seðlana. Ef svo færi, þá væri auðvitað undir því komið, hve mikið lánstraust landssjóður hefði erlendis; hefði hann það lítið eða ekkert, þá gæti hann að vísu komist í vandræði í svipinn, en eg treysti því nú, að hann mundi hafa það lánstraust hjá ríkissjóði, að hann borgaði út ávísanirnar fyrir landssjóð. Með seðlana sjálfa yrði landssjóður þá ekki í vandræðum. Hann gæti brúkað þá til þess að greiða með gjöld sín, laun embættismannanna o. s. frv. Hann mundi ekki heldur komast í vandræði með að borga ríkissjóði skuld sína bráðlega. Ef hann hefði alla seðlana í höndum, þá væri auðvitað ekki hægt að greiða honum neinn seðil í gjöld til hans, og yrði þá að greiða þau í öðrum aurum, því að tekjur sínar yrði hann þó að fá á einhvern hátt. Og fyrir því verður ráð að gjöra, að landsmenn geti greitt sín

gjöld á einhvern hátt, þó að ekki hafi þeir seðla í höndum. Þeir yrðu að eins að taka einhverjar eignir sínar og koma þeim í gjaldgenga vöru, t. a. m. láta kaupmenn hafa fé eða aðrar vörur. Þessar vörur yrðu kaupmenn svo að borga annaðhvort í gulli eða silfri eða í ávísunum, er síðan gæti gengið í landssjóðsgjöldin. Á sama hátt yrðu kaupmenn að greiða tollgjöld sín með peningum eða ávísunum; þannig fengi landssjóður gjaldeyri til að greiða upp í skuld sína við ríkissjóð. Það yrði því ekki hægt að steypa landsbankanum með þessu bragði, að kaupa upp alla seðla hans, nema því að eins að landssjóð brysti lánstraust hjá ríkissjóði, en það mundi varla þurfa að óttast.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Háttv. þingm. Dal. (J. P.) talaði um, að bankinn styrkti svo lítið verzlunina, og að hann þyrfti að hafa mjög mikið kapital, til þess að geta gert verzlunina sem mest innlenda. En það er ekki nóg að kapital sé til í bankanum, það þurfa jafnframt að vera efni til hjá landsmönnum til þess að nota það; bankinn má ekki lána fé út án veðs eða nægilegrar tryggingar; þegar er verið að tala um, að hér þurfi að vera til stór hrúa af gulli og seðlum, þá þarf líka að gæta þess, hvað landsmenn hafa handbært af veðum til að setja á móti. Það er ekki stór verzlun, sem hefir minna en 50—100,000 kr. umsetningu á ári, en þó munu þeir ekki margir hér á landi, sem geta sett næga tryggingu fyrir þeirri upphæð. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Víxlar!) Fyrir þeim þarf persónulega trygging, en þeir eru ekki margir, sem væru teknir gildir til að ábyrgjast 50,000 kr. Það er annað mál þótt íslenzkir kaupmenn geti fengið lán erlendis, þeir fá sjaldan lán í bönkum, heldur hjá umboðsmönnum þeirra, er kaupa og selja vörur fyrir þá, og taka fyrir það háar rentur, miklu hærri en nokkur banki leyfir sér að taka, svo eru þeir menn sjálfráðari hvernig þeir hætta sínu fé, en bankastjórnin verður að vera með annara fé.

Meðal annars sagði háttv. þm. Vestm. (V. G.), að eina úrræðið fyrir kaupmenn, sem þyrftu að senda peninga til útlanda, væri að fara með þá á pósthúsið og kaupa þar ávísanir. Hann átaldi bankann fyrir það, að hann væri ekki miðill með peningasendingar. En þetta er ranghermt hjá h. þm. (V. G.) Undanfarin ár hefir gengið um ½ miljón kr. á ári gegnum bankann til útlanda, og er það mest frá verzlunarstéttinni. Peningarnir hafa verið lagðir inn í bankann og borgaðir svo út erlendis. (*Valtýr Guðmundsson*: Síðasta vetur eða jafnvel lengur hefir bankinn neitað þessu). Þetta er líka rangt; bankastjórnin hefir aldrei neitað að gefa ávísanir, en setti það nokkuru dýrara fyrri part vetrarins. Seinni hluta vetrarins hafa margar ávísanir farið frá bankanum til útlandsins.

Háttv. þm. (V. G.) var að endurtaka enn á ný, að annaðhvort hefði stjórnin neitað bankastjórninni um það, að leggja frumvarp þetta fyrir þingið, eða bankastjórnin hefði verið svo skammsýn og skeytingarlaus að fara þess ekki á leit við hana.

En hvað mörg mál eru það ekki, sem koma fyrst fram á þingi og fara frá því sem lög, án þess þau hafi áður gengið gegnum stjórnarinnar hendur. Og hvaða ástæða er svo til þess að einmitt þetta mál ætti endilega að koma frá stjórninni fremur en svo mörg önnur mál, sem þingið hefir haft frumkvæði að. Eg vil taka það fram, að veðdeildarfrumv. er ekki upprunalega komið frá bankastjórninni,

það er landsstjórnin, sem á upptökin þar, eftir ályktun alþingis í hitt eð fyrra; málið var að eins sent bankastjórn. til umsagnar, og satt að segja áleit hún enga þörf á því, að bera það þá um leið undir stjórnina, hvort ekki væri rétt að láta líkt frumv. þessu verða samhliða veðdeildarfrv. Hún vissi, að það var auðgjört að koma málinu inn á þing án þess, ef þörf gerðist; hér er því um enga skammsýni né hirðuleysi að ræða af hennar hálfu.

Háttv. þm. (V. G.) varpar enn einu sinni fram ásökunum sínum til bankastjórnarinnar og sérstaklega bankastjórans, og kveðst hann eigi trúa bankastjórninni fyrir meiru fé en hún nú hafi. Eg kippi mér ekki upp við þetta. Hann er langt frá því að vera glöggur fjármálamaður, og eg orðinn svo vanur við það að fá vanþakklæti fyrir það sem eg gjöri, að mér stendur á sama um slíka dóma sem þetta. Eg veit að eg hefi viljað landi mínu vel, og að eg hefi þó stundum unnið því nokkurt gagn, og sú meðvitund er mér meira virði en dómur þm. Vestm. og annara.

Þegar eg kom til bankans 1893, voru skuldir landssjóðs við ríkissjóð á fjórða hundrað þúsund kr., og var jafnvel farið að tala um það í ríkisþinginu danska, að þessi skuldasúpa væri að verða varúðarverð. En að tveim árum liðnum var skuldin því nær horfin, sem var afleiðing þess, að eg kom bankanum í viðskiftasamband við banka í útlöndum. Áður en eg kom til bankans, voru hrein vandræði að losast við íslenzkan seðil í Danmörku; þá var að eins einn kaupmaður í Kaupmannahöfn, sem keypti þá fyrir 95 kr. hundraðið. Mér sárnaði að vita til þess, að þeir skyldu vera metnir lítið meira virði en skóbót erlendis, mér fanst það vanvirða fyrir mitt land. Eg ásetti mér því að láta það vera mitt fyrsta verk, að reyna að ráða bót á þessu, og nú er svo komið, að nú þykja íslenzkir seðlar gildir og góðir í Kaupmannahöfn, síðan Landmandsbankinn fór að kaupa þá fyrir 99%.

Fleiri breytingar hafa orðið, svo sem að kaupa farmbréf af heilum skipshlaðningum af fiski, og fleira, sem eg ekki hirði um að nefna; en þetta tvent, sem eg hefi nefnt, verða þó sanngjarnir menn að álíta hagnað fyrir landið.

Þá hefir verið talað um það sem ókost við bankann og seðla hans, að þeir gengju ekki erlendis fullu verði, en þess er að gæta, að seðlar ganga yfir höfuð ekki neinstaðar fullu verði utan síns lands. Danskir bankar taka t. d. ekki heldur norska ríkisbankaseðla fullu verði. (*Valtýr Guðmundsson*: En afföllin á þeim eru ekki nema ¼‰) Já, en norski ríkisbankinn er líka ríkari og nálægari en Ísland.

Nú að undanförnu hafa árlega verið leystar inn, eftir ráðstöfun landsbankans, í Landmandsbankanum 50—100,000 kr. á ári í íslenzkum seðlum, að eins með 1% afföllum, sem að mestu leyti gengur til að greiða kostnað við að senda seðlana aftur heim til Íslands.

Eitt af því, sem bankastjórnin hefir verið vítt fyrir, er það, að hún hjálpaði mönnum til að ná nokkurum ódýrum fiskiskipum frá Englandi. En eg skil ekki í því, á hvaða rökum þær aðfinningar eru bygðar. Það ættu þó allir að geta séð, að ekki var hægt að fá lán úr landssjóði til að kaupa skip fyrir, fyr en þau voru komin hingað til landsins. Þess vegna þurftu annaðhvort privatmenn eða bankinn að lána þessum mönnum bráðabirgðalán lítinn tíma, til þess að þeir gætu orðið aðnjótandi þess láns, sem þingið hafði á-

kveðið að landssjóður skyldi veita. Eg get auk heldur enga ástæðu séð til þess, að bankinn neitaði ríkum og skilvísum mönnum um lán, þó þeir ætluðu að brúka lánið til skipakaupa, fremur en einhvers annars. Raunin hefir líka orðið sú, að bankinn hefir fengið hvern eyri borgaðan af þessum lánum, og græddi á viðskiftunum engu minna en á öðrum lánum, en svo um leið hefir skipastóllinn fríkkað og aukist í landinu fyrir þessa meðalgöngu bankans, og held eg að það verði að teljast í áttina þá, að efla atvinnuvegi landsins.

Sumir finna að því, að bankinn sé of tregur til útlána, en öðrum þykir hann lána of mikið út; mér finst, að hér komi fram hið há-íslenzka náttúrufar, að finna að öllum sköpuðum hlutum og vanþakka alt sem gjört er. Það sanna er, að bankastjórnin hefir haft þá reglu, einkum síðustu ár, að lána svo mikið út, sem hún hefir álitið bankanum frekast fært. Mér finst það sannarlega vera miklu fremur þakkavert en lastvert, að bankastjórnin hefir getað komið þessu í verk, sem hún hefir gert, með eins litlum efnum og henni voru fengin í hendur, að eins 500,000 kr. stofnfé, fyrir heilt land, og svo helmingi meira sparisjóðsfé, sem hún í raun og veru þarf að hafa á reiðum höndum hvenær sem kallað er, og svo er nú verið að telja eftir, og sumir þingmenn að sporna á móti, að bæta við einum 250 þús kr., sem hún ekki ætlar að brúka í sínar þarfir heldur annara. Það er mikið vanþakklæti að ráðast þannig á stjórn bankans fyrir meðferð hennar á fé hans.

Þá er nú einn selbitinn eftir, smátt er nú til tínt. Bankastjórnin hefir nýlega átt að neita manni um að framlengja víxil, af hlutdrægni; en svo stendur á með þenna víxil, að nú er komið á þriðja ár, sem búið er að framlengja því nær sömu upphæð, nálega 200 kr., og í vor var viðkomandi manni sagt, að hann yrði ekki oftar framlengdur; og í vor, löngu fyrir þing, var annar víxill »prótesteraður« á sama mann fyrir vanskil; ekki gat það verið af hlutdrægni fyrir það, sem skeður 2 mán. síðar. Að tala um þetta og annað eins er að eins til athlægis, og kemur málinu ekkert við; það á ekkert erindi inn á þing, nema ef það ætti að vera til að villa mönnum sjónir.

Um það er svo mikið talað um land alt, að landsmenn þurfi að fá lán til lengri tíma en fengist hefir undanfarin ár. Þess vegna var frumv. um veðdeild samþykt í dag hér í deildinni, en frv., sem hér liggur fyrir, styður veðdeildarfrumv. mikið, eins og oft er búið að taka fram. Geti landsbankinn fengið til viðbótar þessar 250,000 kr. í seðlum, þá getur hann verið lántakendum hjálplegur að kaupa vaxtabréfin af þeim, og halda bréfunum í hærra verði, heldur en ef þau flæktust manna á milli, lítt seljanleg, því þá þarf hann ekki að selja vaxtabréfin undir eins, og getur geymt þau, þar til peningamarkaðurinn á Norðurlöndum batnar, og markaður fyrir bréfin opnast þar, sem vonandi er að verði innan skamms.

En vilji þingið ekki sinna frumv. og felli það, þá liggur ekki annað fyrir, en að bankinn verður með harðri hendi að heimta inn eitt eða tvö hundruð Þúsund kr. til að geta staðið í skilum við sparisjóðseigendur, og hjálpað þeim sem vaxtabréf þurfa að selja, en þá verður það ekki bankastjórninni að kenna, sem nú varar menn við, heldur eiga landsmenn það upp á þingið, það verður því um að kenna, ef bankinn verður að höfða mál gegn mörgum mönnum út um landið, sem ekki hafa

getað staðið í skilum, og líklega eiga erfitt með að borga skuldir sínar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 155, 310) 12. ágúst.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Þetta mál var rætt svo ítarlega við 1. umræðu, að eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. Það hefir komið fram við umræðurnar í ræðum hins hæstv. landsh., að hann álítur það hættulaust fyrir landssjóð að bæta við seðlaútgáfu bankans, en hann er svo hygginn fjármálamaður, að eg álít óhætt fyrir háttv. deild að hafa tillit til álits hans. Sömuleiðis eru allir í stjórn bankans á sömu skoðun.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, fyr en eg heyri mótbárur annara.

Sighvatur Árnason.: Vegna þess að þetta bankamál, sem nú liggur fyrir, er mjög alvarlegt mál, þá vil eg lýsa meiningu minni um það. Hér í háttv. deild, viðvíkjandi því að auka seðlaútgáfu landssjóðs, hefir komið tvent til greina í umræðunum. Það er nl. peningaþurð bankans, að hann er eins og stendur ekki fær um að geta greitt fyrir mönnum, og þá er auðvitað meiningin með þessari nýju seðlaútgáfu við bankann, að greiða úr því ástandi sem er. Eins og eg hefi lítið eitt minst á við 1. umræðu, þá er þetta ekkert annað en bráðabirgðamál, til umbóta í nokkurs konar vandræðum, sem eru fyrir hendi.

Eg er, eftir mínum veika skilningi, fremur á því, að þessi leið, að auka seðlaútgáfu bankans, sé nokkuð hættuleg, eftir því sem grundvöllurinn er veikur, en samt sem áður er búið að leiða rök að því, að þetta muni ekki vera hættulegt, og eg mun því greiða atkvæði mitt með þessum lið, sem hér ræðir um. A hinn bóginn er eg sannfærður um, að það megi ekki ganga út í það óendanlega, alls ekki, og af þessu, sem sagt, greiði eg atkvæði mitt með þessu frumv.

Því hefir verið hreift, að kringumstæðurnar, eins og þær eru nú, séu nokkuð því að kenna, að bankanum hefir ekki verið vel stjórnað, og hafa á ýmsan hátt verið færðar ástæður fyrir því, og þær nokkuð réttar, og eg skal lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti álít það ekki vera augnamið stofnunarinnar, að festa peninga í lóðum hér í Rvík, og svo getur máske verið með fleira; en sem sagt, eg hugsa ekki að það sé stórkostlegt fé sem í þessu liggur, en þó töluvert, og að verja þannig fé bankans, er ekki að mínu áliti samkvæmt augnamiði stofnunarinnar, að setja fé slíkt frá því að vera í veltu, sem maður segir, landsmönnum til hagsmuna, til þess að hafa til fé handa þeim, sem þurfa peninga til einhverra framkvæmda.

En svo vil eg minnast á annað í sambandi við þetta mál. Að bankinn hefir verið stofnaður landinu til framkvæmda, því getur enginn neitað, en ekki hefir hann verið samgöngumáli okkar til verulegra umbóta. Þegar fyrst var farið að hreyfa því máli, þá tók þingið mjög dauflega í það mál. Eg vil taka til dæmis brúarmálin okkar þarna austur frá, fyrir þeim barðist eg á þingi fram undir 20 ár, án þess að fá þeim framgengt, og þó með því móti að bjóða fram fé frá sýslunefndunum í Árnes- og Rangárvallasýslu og úr jafnaðarsjóði, og svo verður það loks, að það fæst frá þingsins hálfu að leggja fé til einnar brúar, nefnilega brúarinnar á Ölfusá. Þá fekst málið loksins fram eftir 20 ára baráttu. Nú er ekki búið með því, nú fer málið til stjórnarinnar, sem frá því fyrsta var altaf

hlynt þessu máli, en þá er til kemur, fær hún loks engan til að framkvæma það, þar til loks einn af okkar mönnum hér á landi, háttv. 1. þm. Árnes. (Tr. G.), varð til að taka þetta að sér, og það varð til þess, að loks brýtur hann ísinn, og fyrir það er ekki einasta Ölfusárbrúin komin á, heldur kom Þjórsárbrúin líka þegjandi á eftir, og svo hver brúin af annari. (*Valtýr Guðmundsson*: Það var nú hann helzt sem barðist á móti því á þinginu). Það voru nú fleiri en hann. Hann hefir þennan mikla framkvæmda- og viljakraft, en öllum kann yfir að sjást, en eg legg miklu meira upp úr hans miklu verklegu framkvæmdum, sem verða landinu til stórra framfara, heldur en úr yfirsjónum hans, sem bankastjóra. En þó er einnig rétt að benda á yfirsjónir hans og annara, því það er til þess að vara þá við því, sem þeim hefir á orðið, og svo getur alt farið vel, og svo vil eg vona að sé með þetta bankamál, sem nú liggur fyrir, og að það verði ekki farið út í aðra sálma en það, sem bankanum heyrir reglul. til. Þetta var það, sem eg vildi láta í ljósi, og svo hika eg ekki við að gefa því atkvæði mitt. En verið getur, að þegar farið er að íhuga svona mál, að það sýnist þá hyggil. að hugsa um öðruvísi bankastofnun en þá, sem við höfum nú.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 17 atkv. gegn 1 atkv. 2. gr. samþ. með 16 gegn 1 atkv. Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3 umr. með 14:1.

Þriðja umr. (C. 55, 310, 397); 15. ágúst.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi leyft mér ásamt fleirum að koma með viðaukatillögur við þetta frv. Eins og mönnum er kunnugt, er svo mælt fyrir í bankalögunum frá 18. sept. 1885, að einn maður skuli vera endurskoðunarmaður bankareikninganna, og að hann skuli vera útnefndur af landshöfðingja. Sú skoðun hefir komið fram áður hér í deildinni, að það væri óheppilegt, að útnefning þessa manns væri í höndum sama valdsins, sem úrskurðarvaldið hefir um bankamálefni. Nú hefi eg komið fram með þá viðaukatillögu, að til þessa starfs skyldu útnefndir 2 menn, sinn af hvorri deild þingsins, því það er áríðandi og þýðingarmikið, að þetta starf sé leyst vel af hendi, og að endurskoðuninni sé þannig hagað, að sem hyggilegast sé í augum landsmanna. Það hefir komið fram, að sá maður, sem nú hefir þennan starfa á hendi, hefir þurft að fá sér aðstoðarmann, þar sem endurskoðunarstarfið er orðið svo umfangsmikið, og hefir þetta haft í för með sér aukakostnað fyrir bankann. Sá aukakostnaður fyrir bankann, sem af breyttill. minni leiðir, er því svo sára lítill, að menn geta varla fett fingur út í það, þar sem endurskoðunin síðasta ár mun hafa kostað 750 kr., svo að kostnaðaraukinn nemur að eins 250 kr. á ári.

Hér hefir komið fram breyt.till. við þessar viðaukatill. mínar frá h. þm. Rvk. (J. Jens.) og öðrum þingm. Þessi breyt.till. fer fram á að sameinað alþing skuli kjósa annan endurskoðunarmanninn, en landshöfðingi hinn. Þótt við, sem stöndum undir viðaukatill., álítum það fyrirkomulag heppilegra, sem þar er farið fram á, viljum við þó ganga að þessari breyt.till., með því að líkur eru til, að málið gangi þá greiðar gegnum þingið.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Hér liggja fyrir 3 breyt.atkv., og aðalmaðurinn fyrir hinu upprunalega breyt.-atkv. hefir nú lýst yfir, að hann vildi aðhyllast breyt.till. á þingskj. 421. Meirihluti nefndarinnar hefir líka kom-

ið sér saman um að vera ekki á móti þessari breyt.till. Að öðru leyti skal eg ekki fara mörgum orðum um þetta atriði, því eg mundi kannske vera álitinn hlutdrægur, þar sem þetta snertir stjórn og störf bankans. Eg er á sömu skoðun og h. þm. Ísf. (Sk. Th.) um það, að það sé heppilegt að skoðunin á reikningum bankans sé vel og tryggilega af hendi leyst, svo allir geti borið fullkomið traust til hennar. Eg álít, að svo mikið væri talað um þetta frumv. við 2. umr., að eg þurfi ekki að fara að orðlengja um það nú; en vil að eins taka það upp til minnis, að þessi seðlaviðbót, sem hér er farið fram á, er nauðsynleg bæði vegna bankans og landsmanna. Í ár hefir orðið að neita mörgum um lán, vegna peningaskorts, og öllum oss er kunnugt, að það er almennur áhugi manna út um land, að þingið geri eitthvað til að bæta úr peningaástandinu.

Valtýr Guðmundsson: Við framhald 1. umr. í máli þessu tók eg það fram, að eg hefði í nefndinni verið mjög á móti máli þessu, og færði eg þá ýmsar ástæður fyrir því, hvers vegna eg væri því móthverfur. Nú vil eg ekki láta málið fara svo frá h. deild, að eg endurtaki ekki mótmæli þessi.

H. framsm. (Tr. G.) tók það fram, að það þyrfti að auka fjármagn bankans. Eg játa það rétt að vera, að vér þurfum öflugri banka en landsbankinn er nú. Og hér er nú annað frumv. á ferðinni, sem býður oss slíkan banka, því að það er auðsætt, að þótt þetta frv. yrði samþykt, þá er með því ekki annað gjört en bætt úr hinni brýnustu bráðabirgðaþörf, og það er gert með því, að ganga inn á þá braut, sem allir verða að játa að er mjög hættuleg. Eg hefi átt tal við hina útlendu bankamenn, sem hér eru nú, um mál þetta, og voru þeir fyllilega þeirrar skoðunar, að það væri hættuúrræði, sem frumv. gerði ráð fyrir að tekið yrði.

Það hefir verið sagt um hitt bankafrumv., að það væri varúðarvert að ráða því til lykta á þessu þingi, sökum þekkingarskorts þingmanna á bankamálum. En hið sama mun mega segja um þetta frumv., að það mundi ráðlegra að leita hófanna hjá stjórninni áður en það væri útkljáð af þingsins hálfu.

Eg tek það aftur upp, sem eg nefndi við 1. umr. Hvernig stóð á því að bankastjórnin leitaði eigi til stjórnarinnar með þetta mál? Henni var það þó í lófa lagið. Veðdeildarfrumv. var borið undir hana, og hún hefði átt að vita, eigi síður þá en nú, að hún mundi þurfa að halda á auknum peningaforða, ef það yrði samþykt.

Ef það er þörf á að hugsa sig betur um frumv. um hlutaveltubankann en kostur er á þessu þingi, þá er ekki síður þörf á að hugsa sig eins vandlega um þetta frumv.

Eg er sannfærður um, að hér er verið að ganga út á hættulega braut, og þó hún nú væri hættulaus, þá er hér að eins að ræða um bráðabirgðabót en ekki framtíðargagn. Að því er breyt.till. snertir, þá mun eg helzt hallast að breyt.till. h. þm. Skagf. (Ó. Br.), af því að eg hygg, að hún muni geta orðið frumv. helzt til hnekkis, því eg játa það, að eg er fúsastur að greiða atkv. með því, sem eg ætla að geti orðið frumv. til falls.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætlaði við síðustu umr. að taka sem snöggvast til máls, en lét það vera, af því að umræður voru þá orðnar langar.

Eg ætlaði þá að láta í ljósi, að eg væri ekki hræddur um að viðskiftaþörfin nú þyldi ekki þessa seðlaviðbót. En hins vegar dylst mér það ekki, að vér með þessari nýju seðlaútgáfu köstum óþægilegu ljósi á oss í útlöndum, og

vekjum þar ástæðulausa ótrú á peningahag vorum, og þetta getur orðið oss meiri skaði í framtíðinni, en stundarhagurinn af þessum 250,000 kr. í nýum seðlum. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að eg get ekki stutt frv. þetta.

En væri nú svo, að þessi seðlaaukning yrði til þess að seðlarnir féllu í verði, þá getur engum óblindum manni dulist, að voði er á ferðum, þá vofir yfir sýnilegt verðhrun á eignum manna, sýnilegt hrun á efnahag manna. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hvernig það?). Eg þarf ekki að færa h. þm. rök fyrir því, hann hlýtur að sjá það, og þekkja dæmin úr sögunni, hvílíkt efnahrun hefir orðið, þegar gjaldeyrir hefir fallið í verði. Þegar svo litið er á frumv. þetta í sambandi við frumv., sem hér er búið að samþykkja, frumv. um veðdeildina, og þegar enn fremur er litið á hag bankans, að hann hefir hvorki mikið starfsfé laust eða á reiðum höndum né neina peningastofnun við hlið sér, sem geti lánað honum handbært fé til bráðabirgða, þá sé eg ekki annað en þessi vegur sé mjög hættulegur, svo framarlega sem seðlarnir reynast of margir, og jafnvel þótt þeir reynist það ekki, vegna þess vantrausts, sem það mun vekja á oss út á við; að vér grípum til þessa hálfgjörða óreiðuráðs nú, getur síðar orðið oss óþægilegur þröskuldur í vegi fyrir að koma peningamálum vorum inn á réttari braut.

Eg álít það miklu réttara að landssjóður láni bankanum fé, til þess að komast á flot aftur, og hafi hann það fé ekki fyrir hendi, þá mundi það reynast happadrýgra að hann tæki lán, til þess að hlaupa undir bagga með bankanum, en að gripið sé til þess óyndisúrræðis, sem frumv. gjörir ráð fyrir. Það er ofseint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í hann, og það er ofseint að fara að takmarka seðlafjöldann, eða tryggja seðlana, þegar verðhrun er byrjað.

Mér heyrðist h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gjöra ráð fyrir, að bankinn mundi innan skamms verða að fara að segja upp lánum og innheimta þau. Liggur þá sjálfsagt ekki annað fyrir oft og einatt en að ganga að veðunum og selja þau. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það, á hvaða braut þá er komið, það sjá allir, og þá fer meira að segja bankastjórnin sjálf líklega að sjá, að athugasemdir mínar um bankann, við umræður um annað mál, hafi verið á öllu meiri rökum bygðar en h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vildi þá kannast við.

Landshöfðingi: H. framsm. (Tr. G.) gat þess við síðustu umræðu málsins, að eg hefði látið það í ljósi, að eg væri frumv. þessu meðmæltur. Eg man ekki til að eg hafi tekið til máls fyr í máli þessu, og hlýtur hann því að hafa átt við prívat samtal okkar á milli. En það er ekki fyrir það, að eg er fús á að standa við það, að eg persónulega álít engan háska búinn af frv. þessu. Frá stjórninni hefi eg ekkert umboð til að segja neitt ákveðið um málið og veit ekki hvernig hún muni taka í það. Eg get að eins sagt það, að eg mun leggja með því að frumv. fái staðfesting, af því að eg álít viðskiftaþörfinni engan veginn ofboðið, þótt seðlafúlgan sé hækkuð um 50%. Eg ræð þetta af ástæðum þeim, sem teknar hafa verið fram í h. deild, og af því að hér hefir oft verið á umferð í landinu töluvert af útlendum seðlum auk innlendu seðlanna. Stundum hefir verið sent frá ríkissjóði til jarðarbókarsjóðs töluvert af dönskum seðlum, og hafa þeir jafnharðan runnið út um landið. Þetta meðal annars bendir á að viðskiftaþörfin muni þola töluvert meira af seðlum en þá hálfu miljón, sem hingað til hefir verið gefin út. Það hefir stundum komið fyr-

ir, að lítið hefir verið fyrirliggjandi af seðlum í landssjóði og í bankanum, peningaforðinn hefir mest allur verið í gulli og silfri. Eg get ekki gjört mikið úr hættunni á að seðlarnir muni falla í verði við það að þeim er fjölgað dálítið. Þegar seðlarnir féllu ekki í verði, er gefin var út hálf miljón króna í seðlum með ekki aðra trygging á bak við sig en lánstraust landssjóðs, þá er ólíklegt að þeir falli nú í verði, þótt gefnar séu út 250000 kr. í viðbót, sem auk tryggingar landssjóðs hafa á bak við sig varasjóð bankans, en sú $^1/_2$ miljón, sem upprunalega var gefin út, mun hafa fulla trygging í eignum bankans.

Það hefir hvað eftir annað verið tekið fram, að það væri varúðarvert að gefa út ótrygða seðla; en eg kannast ekki við, að seðlar landssjóðs séu ótrygðir. Enn fremur hefir það verið sagt, að það væru eigi aðrar þjóðir en óreiðuþjóðir, sem gæfu út ógulltrygða seðla. Það er að vísu satt, að seðlar eru venjulega málmtrygðir, en vér vitum að þjóðir, sem engum dettur í hug að kalla óreiðuþjóðir, gefa út önnur bréf, ríkisskuldabréfin, sem trygð eru með engu öðru en lánstraustri ríkisins. Þannig hafa t. d. Danir gefið út ríkisskuldabréf sín. Vér gefum engin slík bréf út, og hví mundi oss þá ekki óhætt að gefa út dálitla seðlaupphæð, þótt eigi sé önnur trygging fyrir þeim en landssjóður og lánstraust hans? Eg skil því ekki í þessari grýlu, að það muni koma óorði á peningahag landsins meðal útlendinga, ef vér gefum út þessa litlu seðlaupphæð í viðbót, einar 250000 kr. Eg veit ekki til að það hafi komið óorði á aðrar þjóðir, þótt þær hafi gefið út ríkisskuldabréf upp á margar miljónir króna. (*Valtýr Guðmundsson*: Það er alt annað!).

Í sjálfu sér er það ekki, að eins að seðlarnir gefa enga beina rentu eins og ríkisskuldabréfin. En seðlarnir eru ætlaðir fyrir gjaldeyri innanlands, og þeir ganga sínu fulla ákvæðisverði í öll opinber gjöld. Eg verð því persónulega að ætla, að ekki sé nein hætta á að seðlarnir muni falla í verði, þótt því sé viðbætt, sem frumv. fer fram á, né heldur að vandræði geti leitt af því á annan veg.

Hvað viðaukatill. snertir, þá get eg vel felt mig við tillöguna á þgskj. 321. Að eins kann eg illa við það, að það er farið fram á það þar, að annar endurskoðari bankareikninganna skuli kosinn nú af sameinuðu þingi, þar sem það þó er ákveðið í bankalögunum, að landshöfðingi skuli skipa endurskoðunarmann bankareikninganna, og sömuleiðis er gjört ráð fyrir í frumv. um stofnun veðdeildar við landsbankann, að landshöfðingi skipi endurskoðunarmann reikninga hennar. Af þessu þykir mér það óviðkunnanlegt, að hér skuli gert ráð fyrir, að sameinað þing kjósi nú þegar endurskoðunarmann fyrir árin 1900 og 1901, og af því var það, að eg fór fram á það við h. forseta, að hann skifti í sundur atkvæðagreiðslunni um viðaukatill., og léti fyrst greiða atkvæði um fyrri hluta hennar, aftur að orðunum: »í fyrsta skifti« o. s. frv. Ef að eins þessi fyrri hluti yrði samþyktur en síðari hlutinn feldur, þá get eg vel aðhylst tillöguna, annars tel eg ekki tryggilegt, að hún muni geta orðið staðfest. Eg er ekki einu sinni viss um að forseti sameinaðs þings telji sér heimilt að láta kosningu endurskoðunarmannsins fyrir 1900 og 1901 fara fram á þessu þingi, þar sem enginn lagastafur er fyrir því, heldur þvert á móti.

Jón Jensson: Eg ætla ekki að tala

um aðalatriði máls þessa, af því að eg er ekki bankafróður maður, og af því að eg vil ógjarna tala um mál, sem eru fyrir utan sjóndeildarhring minn. Þó skal eg taka það fram, að eg er ekki hræddur við þessa seðlaútgáfu, sem hér er um að ræða, og fanst mér hæstv. lhs. færa góð og gild rök fyrir því, að hræðslan við hana væri ástæðulaus. Eg treysti því líka að stjórnin muni athuga mál þetta með aðstoð bankafróðra manna, og að hún muni ekki staðfesta lögin, ef henni sýnist hætta muni geta stafað að þeim, og að sömuleiðis muni hún sjá um, að allrar varúðar verði gætt, svo að heimild sú, sem lög þessi veita, verði ekki notuð um skör fram, eða meira en góðu hófi gegnir.

Þá er að minnast á breyt.till. mína við viðaukatill. á þgskj. 397, um skipun tveggja endurskoðunarmanna við landsbankann. Eg álít það nauðsynlegt og tíma til kominn að bæta við einum endurskoðara. Eg hefi sjálfur verið endurskoðari bankareikninganna áður, og eg veit, að eftir því sem störf bankans hafa aukist síðan, þá hlýtur að vera þörf á þessari viðbót.

Hæstv. lh. vildi fella burtu þau orð í br.till. minni, þar sem gjört er ráð fyrir að endurskoðunarmaðurinn sé kosinn á þessu þingi, þrátt fyrir það þótt ekki sé búið að staðfesta lögin, sem fyrirskipa kosninguna. Eg setti þetta ákvæði í breyt.till. með fullum vilja og vitund um, að það væri dálítið einkennilegt. En eg hafði fyrir augum samskonar dæmi áður. Það má heita að það sé algild regla hér á þingi að kjósa menn til vonar og vara, ef lög verða samþykt. Þetta var t. d. gjört þegar samþykt voru lög um eimskipsútgerð landssjóðs, þá var samþykt að kjósa endurskoðunarmann útgerðarreikninganna, og hann þegar kosinn á sama þingi, þótt lögin væru ekki staðfest fyr en seinna. Hið sama er að segja um fyrstu kosningu gæzlustjóra við landsbankann. Eg sé ekki mismun á þessum tilfellum og því sem hér er um að ræða. Hér er ekki fremur en þá um það að ræða, að kjósa ofan í gildandi lög, og kosning sú, sem hér er um að ræða, fær fyrst þá sitt framkvæmdagildi, er lögin öðlast gildi. Sá endurskoðari, sem landsh. á að skipa, er til; það er ekki tilgangurinn að hreyfa við honum, en tilgangur breyt.till. er sá, að bæta við nýjum endurskoðara, og ef lögin verða staðfest, þarf einhver að hafa verið kosinn, til þess að taka við þessum starfa. Eg álít langt frá að nokkuð sé á móti að þetta sé gjört, þvert á móti tel eg það nauðsynlegt, til þess að lögin geti náð tilgangi sínum. Það er ekki rétt að láta það ganga svo, að ekki sé sem tryggilegast um búið með endurskoðun bankareikninganna. Þau ákvæði, sem hér er um að ræða, geta ekki orðið frv. að falli, og eg vil ekki að þau verði það, en það er nauðsynlegt að hafa þau.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): H. þm. Vestm. (V. G.) taldi sem fyr frumv. þetta ægilegt og háskalegt, og bar hann þar fyrir sig orð bankamannanna dönsku, sem hér eru, að svo væri. En eg veit svör þeirra eins vel og þm. Vestm., af því eg hlustaði á þau jafnt og hann. Þegar þeir voru spurðir um hvort þeir álitu frv. þetta hættulegt fyrir landið, eða til hindrunar fyrir stóra bankamálið, þá svöruðu þeir: að þeir sæu ekki að svo væri, og að þeim findist ekkert á móti að þetta frumv. væri samþykt jafnhliða stóra frv., því að ef svo færi, að stjórnin aðhyltist fremur frv. um hlutabréfabankann stóra, þá gæti hún látið vera að staðfesta þetta litla frumv. En ef frumv. um hlutafélagsbankann feng-

ekki framgang í bráð, þá væri þægilegt fyrir oss að fá seðlaauknínguna nú í bráðina, en nokkurn veginn mætti á sama standa þegar stóri bankinn er settur á stofn, hvort heldur hann á að innleysa 500000 kr. í seðlum eða 750000 kr. Þetta hafa h. samnefndarmenn mínir heyrt með mér, svo það er ekki til neins fyrir h. þm. Vestm. (V. G.) að bera á móti því, að þetta sé rétt hermt. Það getur ekki komið til mála að hætta sé af þessari auknu seðlaútgáfu, eða að menn þurfi að kvíða fyrir verðfalli á seðlunum fyrir það, þar sem bæði að landssjóður er á bak við þá, þeim til tryggingar, og skylda er að taka þá með ákvæðisverði upp í öll opinber gjöld. Ef ekki þarf á öllum seðlunum að halda, viðskiftanna vegna, þá fer svo, að það sem um fram er viðskiftaþörfina, kemur inn í landssjóð og bankann, og liggur þar þangað til viðskiftaþörfin eykst aftur. Eina hættan sem ætti að geta stafað af seðlamergðinni væri sú, að þeir færu hrönnum saman út úr landinu, og að landssjóður eða bankinn yrði að innleysa þessa seðla fyrir silfur og gull. En nú höfum vér undanfarinna ára reynslu fyrir oss, að sú upphæð, sem til útlanda fer, af íslenzkum seðlum, nemur ekki meiru en 50—100000 kr. ári, en af slíkri upphæð, og þótt helmingi stærri væri, er engin hætta búin, hvorki fyrir bankann né landssjóð.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um voða, sem gæti framkomið, og að jarðir mundu geta hrunið í verði, ef frv. þetta yrði samþykt. En eg held hættan í þessu atriði yrði einmitt miklu meiri, ef frv. þetta verður ekki samþykt.

Það er öllum ljóst, að þegar einhver vara er á boðstólum, en fáir eða engir kaupendur eru, vegna peningaskorts, þá fellur hún í verði, en þegar fé er fyrir hendi, og margir kaupendur eru, þá stígur varan; og svo mun fara hér á landi, ef peningaþröngin heldur áfram, þá þurfa margir að selja jarðir sínar, en fáir geta keypt þær vegna peningaleysis, og við það falla þær í verði, en aftur á móti, ef frv. þetta verður samþ. og 250,000 kr. aukast við peningaforða landsins, þá eiga menn hægra með að kaupa, svo jarðeignir haldast í verði.

Í öðru lagi á bankinn þá hægra með að vera vægur í skuldakröfum við skuldunauta sína, þegar hann fær viðbót við fjárstofn sinn.

H. þm. (Guðl. G.) hafði það eftir mér, að eg hefði sagt við síðustu umræðu, að ef frv. þetta yrði ekki samþykt, þá mundi bankinn hljóta að ganga hart að mönnum með innheimtu á lánum. Þetta er að því leyti rétt, að verði veðdeildarlögin staðfest, þá er það nauðsynlegt, bæði fyrir lántakendur og bankann, að hann hafi talsvert af peningum til þess að geta keypt veðskuldabréf þau, sem honum bjóðast, annars er hætt við að lántakendur í veðdeildinni þurfi að selja vaxtabréf sín til kaupmanna í verzlunarskuldir með alt of miklum afföllum, þeim og veðdeildinni til skaða. Þess vegna virðist mér það ljóst, að verði nú frv. þetta felt og þar með skotið loku fyrir að bankanum aukist fé á þann hátt, þá verður hann á annan hátt að bæta í peningakassann og það verður með því eina móti að draga inn nokkuð af útistandandi lánum, en allir sjá, að það er neyðarúrræði að þurfa að fara freklega í skuldakröfur, eftir því sem ástand manna er nú. Eg vona að mönnum sé farið að skiljast það, að það er áríðandi að bankinn hafi talsvert fé til að kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar, til þess að verja

þau fyrir miklu verðfalli, og að hann hafi svo mikil peningaráð, að hann geti legið með nokkuð af vaxtabréfunum, og þurfi eigi að selja þau fyrir hversu lágt verð sem býðst.

Þegar útlendi markaðurinn opnast fyrir vaxtabréfin, þá verður hægra að halda þeim í verði, en að útlendi markaðurinn fyrir þau batni næsta ár, býst eg varla við að verði, því peningahagur Dana og Norðmanna breytist varla svo bráðlega til batnaðar. Hér í landi er varla við miklum markaði fyrir þau að búast í bráð, sízt svo að menn kaupi þau fyrir peninga.

Þar sem menn eru altaf að endurtaka, að seðlarnir séu óinnleysanlegir, þá er það rangt; undanfarinna ára reynsla sýnir, að þeir eru ekki óinnleysanlegir. Síðan 1893 hefir enginn vitað til þess að nokkur hafi svo komið með íslenzkan seðil til landsbankans hér, eða Landmandsbankans í Khöfn, að hann hafi ekki fengið viðstöðulaust fulla borgun hér, og þar 99%.

Enn þá var þm. Vestm. að telja frv. og stjórn bankans til áfellis, að ekki var fyrir þing leitað álits stjórnarinnar um málið, en því hefir áður verið svarað sem ástæðulausu, og skal eg ekki fjölyrða frekar um það atriði.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg býst nú ekki við að hinir h. þingdm. taki mikið tillit til þess, sem eg tók fram áðan, þar sem bæði hæstv. landsh. og bankastjórinn fylgja þessu frv. svo mjög, en þó vil eg drepa á það, að allmikill munur er á seðlum og ríkisskulda- og veðskuldabréfum, bæði að því er snertir tilgang þeirra og alla meðferð; seðlarnir eru vaxtalaus þvingaður gjaldeyrir manna á milli, en hverjum manni er í sjálfsvald sett, hvort hann vill kaupa ríkisskuldabréfin eða ekki, og þau gefa af sér vexti. Seðlarnir eru vaxtalaust þvingunarlán úr hvers manns vasa og það er mikill mismunur. Eg sagði ekki að seðlarnir væru ótrygðir heldur óinnleysanlegir, en það kalla menn að seðlar séu innleysanlegir, þegar gull eða annar verðmætur gjaldeyrir fæst fyrir þá, hvenær sem þess er óskað. Þó fá megi póstávísanir fyrir seðlana er það talsverðum vandkvæðum og kostnaði bundið. Allir eru samdóma um það, að von sé á verðhruni á seðlunum, ef oflítið gengur út, og þá er spurningin: hvenær verður ofmikið af seðlum? Ef þingið gengur inn á þessa braut, er svo hætt við að freistingin verði ofmikil til að gefa út meiri seðla en heppilegt er. Og reynslan hefir sýnt, að þær þjóðir, sem hafa gefið út ofmikið af seðlum og síðan keypt gull til að tryggja þá, hafa orðið að gefa ákaflega hátt verð fyrir það. Eg sagði ekki að voði væri á ferðum, eins og nú stendur, en eg hafði fyrir mér orð hins háttv. þm. Arn. að það gæti orðið voði, ef eitthvað ber út af. Hann býst við að þessi 1/4 milj. bæti úr peningavandræðum manna, en gjörir þó jafnframt ráð fyrir, að menn brúki þau lán, er þeir fá til að borga með skuldir til kaupmanna, með öðrum orðum, að þetta verði eintóm eyðslulán. En er það ekki voði að veita lán, sem verður eyðslueyrir og hverfur þannig í sjóinn? Þá hygg eg menn séu bráðum búnir að ganga brautina á enda. Skyldi það þá verða nokkuru betra fyrir bankann að ganga að mönnum með skuldheimtu eftir 2 ár heldur en nú, og er þá freistingin og nauðsynin á því að nota þetta óreiðuráð ekki orðin enn meir knýjandi?

Eg tala um þetta alveg án tillits til »stóra bankans«; það getur vel verið að hann verði með tímanum ráð til að bjarga okkur. Það kemur ekki þessu máli við. En sá vegur, sem hér er lagt inn á, er beinn vegur út í ófæruna.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki

tala mikið um þetta í viðbót við það sem eg hefi aður sagt, og það því fremur, sem útlit er fyrir, að hinir h. þdm. séu svo blindaðir af trausti á hæstv. lh. og h. þm. Arn. í þessu efni, að það verði til lítils. En mér þótti hæstv. landsh. furðu lítill fínansfræðingur, þar sem hann fór að jafna saman seðlum og ríkisskuldabréfum, sem ekki getur náð neinni átt. (*Landshöfðingi*: Ástæður!). Ástæðurnar hefir h. þm. V.-Sk. þegar tekið fram. Ríkisskuldabréf eru gefin út upp á hundruð króna og ganga ekki manna á milli sem löglegur og þvingaður gjaldeyrir, og enginn er skyldur að kaupa þau. (*Tryggvi Gunnarsson*: á Börsen eru þau keypt og seld fyrir tugi þúsunda á hverjum degi). Jú, en það geta veðdeildarbréfin líka orðið, og mun h. þm. ekki vilja jafna þeim við peninga eða seðla. Háttv. þm. Árn. vefengdi að bankamennirnir hefðu talið þessa seðlaaukningu mjög varkárverða, og vil eg í því skyni vitna til háttv. 1. þm. G.-K. Í nefndinni spuru þeir að eins spurðir að því, hvort þessi seðla aukning mundi verða því til fyrirstöðu, að þeir vildu taka að sér að leysa inn seðla landsbankans, ef til kæmi, og við því kváðu þeir nei, og það var svo sem auðvitað, að þeir gætu eins vel innleyst 750,000 eins og 500,000. H. þm. Árn. sagði að þetta yrði að eins hættulegt með svo feldu móti, að seðlarnir færu til útlanda, en þetta liggur beint fyrir. Kaupmenn fá skuldir sínar greiddar í íslenzkum seðlum, fara svo með þá í Landmandsbankann og fá gull í staðinn. Landmandsbankinn heimtar síðan skuld sína af landsbankanum og þegar hún er orðin svo há, að landsbankinn getur ekki borgað meira, verður hann að biðja Landmandsbankann að hætta að innleysa seðlana, en þá hljóta þeir að falla í verði, og það því meir sem seðlaupphæðin er meiri. Þó menn vilji ekki taka sönsum og sjá þetta nú, getur verið að menn fái að reyna það seinna, og þá munu menn varla verða þeim h. þm. þakklátir, sem hafa samþykt þessi lög.

Pétur Jónsson: Það væri nú ef til vill réttast fyrir mig að tala ekki mikið í þessu máli, og vel get eg búist við að sagt verði, að eg hafi ekkert vit á því, eða sé blindaður. Reyndar finst mér það óviðkunnanlegt at h. þm. Vestm., sem ekki er neinn fínansfræðingur sjálfur, að kalla alla menn blindaða, sem ekki eru sömu skoðunar og sjálfur hann í þessu máli. Hann er svo að segja sá eini í deildinni, sem ekki hefir tekið mál þetta rólega, svo nærri liggur að ætla, að hann kunni að vera blindaður; að öðrum kosti verður maður að álíta að hinir h. þingdm. sé ekki blindaðir heldur blindir. Mér fanst það líka undarlegt, þar sem þm. var að jafna saman þessu frv. og hinu stóra bankafrv. Í mínum augum er þetta frv. smámál, sem ekki er svo ákafl. vandasamt að mynda sér skoðun á, og ekki þarf að vera sérlegt kappsmál um, hvort stendur eða fellur. En hitt, að veita einkarétt til seðlaútgáfu um 10 ár, sýnist mér óendanl. mikið athugaverðara og vandasamara. Eg er því hræddur um að hinn h. þm. hafi ekki borið þetta vandlega saman. Þá hefir það verið sagt, að hætta væri á að seðlarnir féllu í verði, en það er einkennilegt, að hinir 2 h. þm., sem hafa haldið þessu fram, og báðir eru skýrustu menn, hafa ekki getað gjört það skiljanlegt, hvernig þetta mætti verða; mér er það jafn óskiljanlegt eftir sem áður. Eg hefi aldrei orðið var við að maður fengi ekki fult andvirði fyrir íslenzkan seðil, ef maður hefir hann í höndum og ekki hefir verið tilfært eitt einasta dæmi þess. Tökum

til dæmis að kaupmaður vilji ekki taka við af mér seðli með fullu verði; eg læt hann þá í opinber gjöld, eða ef eg hefi ekki þörf fyrir það, kaupi fyrir hann póstávísun, og að hægt er að fá póstávísanir fyrir fult verð seðlanna sýnist mér næg trygging fyrir því, að þeir geti ekki fallið í verði. En með því móti geta þeir safnast um of í landssjóðinn; en er það eiginlegur voði? Auðvitað getur það orðið honum til óhagræðis. En að skoða það stóran voða er svipað og að hugsa sér, að á einum degi rigni eins mikið og venjulega á heilu ári, og þá yrðu auðvitað allar bygðir í voða. Hvorttveggja finst mér jafn ólíklegt að komi fyrir, þeir koma smátt og smátt, af því að aldrei getur komið meiri stífla í þann straum, og eru því allar líkur til að hægt sé að standast hann. Gerum ráð fyrir því versta, sem sé, að þessi 1/4 milj. reyndist óþörf, seðlarnir hyrfu þá sem snöggvast, en kæmu svo óðara aftur inn í landssjóð; er þá ekki landssjóður nógu sterkur til að standa straum af því? Setjum svo að seðlarnir væru lánaðir út og síðan jafnharðan keyptar fyrir þá póstávísanir. Landssjóður kemst þá í 1/4 milj. kr. skuld við ríkissjóð fyrir lán, sem bankinn bæri búinn að veita landsmönnum, það væri að vísu óþægilegt, en halda menn að landssjóður gæti ekki greitt úr þeim vanda? Menn segja að landssjóður geti tekið lán fyrir gullforða og því er eg samþykkur, en mundi hann ekki eins geta fengið umlíðun hjá ríkissjóði, á meðan úr þessu greiddist? Eg sé engan voða í þessu efni fyrir höndum.

Þórður Thoroddsen: Mig furðar stórlega á því, að andmælendur þessa frumv. hafa ekki komið með breyt.till. um, að þessar 250,000 verði trygðar með gulli og silfri. Ef viðskiftaþörfin ekki þolir þessa upphæð, þá hefði þeim verið auðvelt að koma með ákvæði um, að bankinn hefði ávalt nóg fyrirliggjandi í gulli og silfri til tryggingar. Mér finst þetta benda til þess, að andmælendur frumv. séu hættir að trúa sínum eigin orðum. Mér finst það benda á, að þeir við þessa umræðu séu farnir að trúa því, að viðskiftaþörfin þoli þetta.

Ef andmælendur frumv. eru hræddir um, að bankinn komi á næsta þingi og hiðji um, að enn þá verði fjölgað seðlunum, þá er þinginu alls ekki skylt að þjóta upp til handa og fóta og samþykkja það; þá er ofur-hægt að snúa aftur, eða réttara sagt, nema staðar á þessari braut; og þingið getur þá vel staðið sig við að segja nei við þeirri beiðni. En annars skil eg ekki í, hvers vegna menn eru nú að einblína á þetta gull og silfur til tryggingar, þar sem að flestum kemur saman um, að þessi aukning seðlanna ekki sé hættuleg, vegna viðskiftaþarfarinnar.

Það er fyrst, þegar menn eru orðnir hræddir um, að seðlarnir séu orðnir of margir, of margir í samanburði við viðskiftaþörfina, að varlegra er að hafa gull og silfur fyrirliggjandi til að leysa þá inn, og það eru ekki fyrstu þúsundir seðlanna, sem út eru gefnir, sem að tryggja þarf með gulli; það eru seinustu þúsundirnar, þær þúsundir, sem að næst liggja því, að viðskiftaþörfinni verði ofboðið.

Setjum svo, að viðskiftaþörfin útheimti 1 milj. króna.

Við fyrstu 500,000 krónurnar þarf enga tryggingu í gulli og silfri, við næstu 250,000 kr. þarf litla tryggingu, en það er fyrst þegar 250,000 kr. er enn bætt við, sem þörf er á tryggingu. Meðan viðskiftaþörfin hér á landi þolir seðlafjöldann, þá er engin þörf á fyrirliggjandi gullforða, en þegar hún hættir að þola hann, þá getur þingið sett bankanum það skilyrði, að hann hafi

gull og silfur til að tryggja seðlana með. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þá verður gullforðinn dýrari).

Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) benti mér á, að andmælendur frumv. eru á undan tímanum; þeir eru langt á undan sínum tíma. Það hefir sýnt sig í mörgum málum.

Að því er snertir skyldu banka að hafa til gullforða, þá vil eg benda á það, að bankafróðir menn eru nú að snúast að því, að þessi gullforði sé óþarfur nema innan vissra takmarka, að hann sé í sjálfu sér »humbug«, ef að seðlarnir eru ekki ofmargir — Það er að eins gagnvart útlandinu, sem tryggilegra er að hafa gullforða, innanlands viðskiftin þurfa þess ekki með. Löndin þurfa að »liquidera« skuldir sínar við útlönd og þar þarf gull; þar er ekki hægt að brúka seðla.

Eftir landhagsskýrslunum árið 1897 hafa 300,000 krónur verið fluttar inn í landið í peningum af kaupmönnum, en útfluttar ekki nema 500,000 krónur í peningum. Tiltölulega lítið er því meira flutt út en inn. Þetta sýnir, að gullaust er þetta land ekki, og í flestum árum mun lítið sem ekkert vera útflutt meira af peningum en innflutt.

Háttv. þm. Vestm. (Valt. G.) bar það undir mig, hvort að ekki væri satt, að bankamennirnir hefðu sagt, að óráðlegt væri að gefa út 1/4 milj. kr. í seðlum. Eg skal bera það, að þeir hafa sagt við nefndina, að það sé sjálfsagt og hyggilegt, og að þeir vegna hlutafélagsbankans hefðu ekkert á móti því; en aftur hafa þeir líka sagt privat við mig og háttv. þm. Vestm. (V. G.), að það væri óráðlegt; þeir hafa því hvorttveggja sagt, að það væri ráðlegt og að það væri óráð, annað frá almennu sjónarmiði, en hitt frá hlutafélagsbankans og landsbankans sjónarmiði. Hverju á að trúa? Eg trúi hvorugu, því að þetta getur verið einn liður í þeim »finansoperationum«, sem að þessir menn eru komnir hingað til að gjöra.

Eg fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því, að samþykt séu bæði frumvörpin, bæði hlutafélagsbanka-frumvarpið og seðla-frumvarpið. Allt fer í sömu gröfina, til stjórnarinnar; hún vinsar þá úr, það sem henni lízt bezt og sker niður við annað trogið þetta og við hitt trogið hitt, og fær oss svo í hendur það sem eftir verður.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 421, 1. liður, að undanskildum orðunum: »í fyrsta skifti fyrir árin 1900 og 1901«, samþykt með 19 samhlj. atkv.

Orðin: »í fyrsta skifti fyrir árin 1900 og 1901«, samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 421 við 1. málsgrein í viðaukatill. á þingskjali 397 kemur þá eigi til atkvæða.

Breyt.till. á þingskjali 421, 2. liður, samþyktur sem orðabreyting.

3. gr. á þingskj. 397, þannig breytt, samþykt með 20 samhlj. atkv.

4. gr. á þingskj. 397, samþykt með 20 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, þannig breytt, samþykt með 18 : 3 atkv., og verður endursent efri deild.

Burðareyrir undir krossband.

FRUMVARP til laga um burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi. (C. 297); 1. umr.; 9. ágúst.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Á þinginu 1897 kom fram hér í deildinni frumv. samhljóða þessu, sem nú liggur fyrir, að undanskildum nokkurum smábreytingum, en málið dagaði uppi í nefnd. –

Tilgangur frumv. er að gjöra útgefendum íslenzkra blaða og tímarita, svo og póststjórninni, hægra fyrir með útsendingu þeirra, og hins vegar, að stuðla að því, að móttakendur geti fengið blöð og tímarit sem greiðlegast, og fengið þau óskemd.

Hér er farið fram á að póstmenn skuli vega í einu lagi alt það, sem í einu er afhent til flutnings, og sé burðargjald greitt eftir samanlagðri pundatölu.

Með bréfi 1. ágúst þ. á. hefir póstmeistarinn í Reykjavík lýst yfir því, að þetta væri til mikils hægðarauka fyrir póstmenn, og hefir hann gefið upplýsingar um, að það væri fullkomið dagsverk fyrir einn mann, að stimpla frímerki á blöðum og tímaritum áður en póstar fara. Auk þess mundi fara betur um sendingarnar með þessu fyrirkomulagi. —

Ef til vill sýnist það athugavert, að hér er farið fram á jafnan burðareyri á sjó og landi, á hvaða tíma árs sem er, — eins og nú stendur er dýrara, að senda með landpóstum — og hafa menn haldið, að landssjóður mundi tapa tekjum, ef þetta kæmist á. En tekjur landssjóðs af slíkum sendingum eru ekki eins háar og menn skyldu ætla. Eg hefi leitað upplýsinga hjá útgefendum tveggja stærstu blaðanna hér, Ísafoldar og Þjóðólfs. Þjóðólfur hefir nú seinustu árin borgað um 600 kr. á ári fyrir útsendingu, og fyrir 1895 var þó upphæðin minni — 300—350 krónur. Því blaðið hefir stækkað síðan. Ísafold borgar auðvitað nokkuð meira, ef því hún er stærri, en samtals munu bæði þessi blöð borga í burðareyri að eins um 1300 krón. Get eg ímyndað mér, að tekjur landssjóðs af íslenzkum blöðum og tímaritum séu ekki fullar 3000 krónur á ári, svo að mismunurinn yrði ekki stórvægilegur, þó þetta yrði lögleitt, og tekjuhallinn því hverfandi. — Varla er hætt við því, að þetta verði til þess að blaðakaup og blaðaflutningar á landi vaxi svo mjög, að landpóstar verði kostnaðarsamari. Oftast yrði það svo, að blöðin yrðu send með strandferðaskipum á aðkomustaðina og landpóstar tæki þau á bakaleiðinni, en þá hafa þeir að jafnaði lítinn flutning. — Að öðru leyti skal eg ekki ganga inn á einstök atriði.

Pétur Jónsson: Eg vil að eins gjöra örstutta athugasemd. Mér finst það athugavert, að þetta fyrirkomulag gæti aukið landflutning á blöðum; vildi eg því skjóta þeirri hugsun fram, hvort ekki væri nauðsynlegt að setja landpóstana í samband við skipaferðirnar, og sýnist mér rétt að taka það til íhugunar í sambandi við þetta mál; en landsstjórnin mun varla hafa frían hendur til að kippa því í lag, nema þingið hlutist til um það.

Að því er snertir Austur-, Norður- og Vesturland mætti komast af án landpósta um all-mikinn hluta árs, nema frá höfnunum og upp í landið; yrðu póstferðir á sjó og landi settar þannig í innbyrðis samband.

Vil eg skjóta því að háttv. flutningsmanni (Guðl. G.) hvort ekki væri rétt að setja nefnd í málið.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg hefi auðvitað ekkert á móti því, að nefnd sé kosin í málið, sýnist mér fremur ástæða til þess, þar sem það var í nefnd á síðasta þingi, og nefndarálitið gat ekki komið fram. — Að því er snertir uppástungu hins h. þingm. S.-Þ. (P. J.) um sambandið milli póstferða á sjó og landi, þykir mér hún æskileg, að minsta kosti mætti hafa þetta fyrirkomulag um 7 mánuði ársins, frá 1. maí til 1. nóvemb., en á vetrum gæti það oft orðið örðugt, að koma nauðsynlegum bréfum, t. d. skýrslum

frá sýslumönnum til landshöfðingja, sem þó ríður mjög mikið á.

Eg er því meðmæltur nefnd, en ekki kann eg við að stinga upp á henni sjálfur.

Pétur Jónsson: Í sambandi við tillögu mína skal eg geta þess, að eg átti auðvitað að eins við þessa 7 mánuði, sem hinn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) nefndi til.

Vil eg leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Kosnir voru í nefndina:

Guðl. Guðmundsson	með	18 atkv.
Pétur Jónsson	—	17 —
Jón Jónsson frá Múla	—	11 —

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 297); 16. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg finn ekki ástæðu til að ræða um neitt sérstakt atriði í frumvarpinu. Nefndin er einhuga á þeirri skoðun, að frumv. sé til verulegra umbóta, og eg vildi að eins óska, að málið fengi að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Önnur umr. (C. 297, 425); 18. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er glögt tekið fram í nefndarálitinu, hver sé tilgangur frumv., nefnilega sá, að spara póstmönnum og öðrum óþarft ómak, og að gjöra greiðari og tryggari skil á sendingum til móttakenda í sveitum. Það sem nefndin fann helzt á móti frumv. var það, að hún var hrædd um, að blaðasendingar með landpóstum mundu aukast þann tíma, sem strandferðaskipin eru á ferðinni; og sömuleiðis fanst henni vert að líta á það, hvort landssjóður mundi ekki tapa tekjum við það, að pósteyrir væri settur 20 aura fyrir pundið af blöðum og tímaritum í krossbandi, þar sem hann hingað til hefir verið 30 aurar á landi. En við þetta er það að athuga, að kostur hefir verið á, að senda þessar sendingar fyrir 10 aura með póstskipunum, og hafa margir notað sér það. Um mikinn tekjuhalla getur því ekki verið að ræða hér, það er auðsætt af því, að þessi tekjugrein öll er svo lág.

Einn af blaðamönnum hér hefir skýrt mér frá því, að kæmist þessi 20 aura burðareyrir á, þá mundi hann senda því nær öll blöð sín þannig, að hann yrði að greiða hann; kvaðst hann varla mundi senda blaðapakka með 10 aura burðargjaldinu á aðra staði en sjálfa viðkomustaði póstskipanna, og að eins til útsölumannanna þar.

Nú er svo verulegur sparnaður að því, að senda sendingar með 10 aura burðargjaldi, að blaðamenn nota sér meira og minna, og einnig með sendingar, sem eiga að fara upp til sveita. En það er sjálfsagt, að þeir mundu alment nota það miklu minna, ef burðargjald á krossbandi yrði fært niður í 20 aura; það er tryggingin fyrir að sendingarnar komist til skila, sem gjörir það að verkum, að þeir munu trauðlega nota 10 aura sendingarnar um skör fram.

Eg held því að það geti ekki komið til mála, að landssjóður tapi miklum tekjum við breytinguna, og sumir hafa gjört þá áætlun, að þær mundu aukast við hana.

Gangurinn mundi oftast verða þessi, að blaða-útgefendurnir mundu senda blaðapakka sína í 20 aura sendingum með póstskipunum á hina ýmsu við-

komustaði þeirra, og svo mundu landpóstarnir taka við þeim, og flytja þær upp í sveitirnar.

Þetta mundi ekki auka mikið kostnað við póstflutningana á landi, því að aðal-póstarnir yrðu venjulega orðnir létt-hlaðnari, er þeir kæmu á þessa staði, en þeir voru, þegar þeir fóru frá Reykjavík, og auka-póstarnir gætu einatt tekið þessar sendingar á bakaleiðinni í því nær tómar töskur.

En til þess þó að girða fyrir það, að blaðamenn geti sett póstafgreiðslumönnum stólinn fyrir dyrnar, og neytt þá til að flytja alt of mikið af blaðasendingum landveg, þá hefir nefndin lagt það til, að aftan við 2. gr. komi ný grein, er heimili póstmönnum að láta sendingar þær, sem um er rætt í 1. gr., bíða á pósthúsinu á útkomustað ritsins eftir skipsferð, þó að landpóstur gangi áður, ef biðin nemur ekki meiru en 8 dögum. Með þessu er alveg girt fyrir, að blaða-útgefendur geti ofhlaðið landpóstana.

Eg þykist ekki þurfa að ganga sérstaklega inn á ákvæði 3.—9. greinar. Þau eru svo ljós og miða eingöngu að því, að tryggja það, að ekki sé farið í kringum lög þessi, eða póstmenn geti dregið í sinn vasa burðareyri, jafnframt því, sem það er tekið fram, að um öll blöð og tímarit, sem ekki eru send eftir fyrirmælum þessara laga, gildi fyrirmæli eldri laga.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar, en vona að háttv. deild flýti sem mest fyrir málinu.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykt með 12 samhlj. atkv.

2. grein samþykt með 12 samhljóða atkv.

Breyt.till. um að inn í frumv. bætist ný 3. gr., samþykt með 14 samhljóða atkv.

3. gr., sem samkvæmt atkv.gr. verður 4. gr., samþykt með 12 samhljóða atkv.

5—10. gr. samþykt með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 14 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 490); 21. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. var samþykt með 15 samhlj. atkv., og verður sent efri deild.

Breyting á bæjarstjórnarlögum Seyðisfjarðar.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 417) 1. umr., 16. ágúst.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg geri ráð fyrir, að þessu litla frumv. verði ekki tekið mjög illa hér í deildinni, en af því að eg býst við, að háttv. deild muni ekki fullkunnug ástæðunum fyrir því að það er komið fram, þá skal eg leyfa mér að skýra háttv. deild frá þeim, og fer eg þar eftir skýrslum bæjarfógetans á Seyðisfirði um það, hver laun hans séu í raun og veru. En til þess að tefja ekki tímann og til að losa menn við að hlusta á langan upplestur, skal eg fara fljótt yfir sögu, en get þess, að háttv. þm. eiga kost á að kynna sér skýrsluna í heild sinn hjá mér.

Höfuðatriðin eru þessi: Sýslumannslaunin í Norðurmúlasýslu eru 3000 kr., þar við bætast bæjarfógetalaunin 300 kr., í stað þess sem þau eru 500 kr. í hinum kaupstöðunum. Enn fremur eru þar tolltekjur nokkurar. Nú hefir

bæjarfógetinn sýnt fram á, að skrifstofukostnaður, og kostnaður við þingaferðir og aðrar embættisferðir, sé helmingi meiri en tolltekjurnar, og að hann verði að borga svo mikið út frá sér í þennan kostnað, að ekki séu eftir af embættistekjunum nema rúmlega 2600 kr., og af þeim þurfi hann svo að greiða ca. 200 kr. á ári í ekknasjóð. Eru þá að eins eftir 2400 kr.. og verður þá sýslumannsembætti þetta eitt með hinum lægra launuðu, en þó eitt hið erfiðasta.

Á þinginu 1893 voru, eins og kunnugt er, samþykt lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði og Seyðisfjörður gerður að kaupstað. Það er ekki tími til að ræða um það nú, og kemur ekki þessu máli við, hvort það hefir verið rétt ráðið eða ekki Bæjarfógetanum voru þá ákveðin sérstök laun eins og öðrum bæjarfógetum, en þótt kynlegt megi sýnast, voru þau ákveðin töluvert lægri, ekki nema 300 kr., í stað þess að hinir bæjarfógetarnir fá 500 kr. fyrir bæjarfógetastörf sín. Orsökin til þess að launin voru sett svona lág, mun hafa verið sú, að flutningsmenn frumv. áttu nokkuð örðugt með að fá málinu framgengt, nema með því að gera þessa tilslökun. Eg veit ekki hvort þeir, sem þá sátu á þingi, hafa gjört sér það ljóst, að það var ekki líklegt, að hægt yrði að láta bæjarfógetann búa til frambúðar við þessi lágu laun; það hefir að minsta kosti nú sýnt sig, að varla má telja þau viðunanleg.

Þess er að gæta, að fyrir utan aukinn skrifstofukostnað hvílir þó nokkur annar kostnaður á bæjarfógetum, sem sýslumenn eru lausir við, og á Seyðisfirði stendur svo sérstaklega á, að þar er dýrara að lifa en víðast annarsstaðar á landinu.

Eg skal svo ekki fara lengra út í málið að sinni, en vona að háttv. deild sýni því þá velvild, að hún lofi því að ganga til 2. umr. og að háttv. þdm. kynni sér sem bezt alla málavöxtu, og skal eg aftur taka það fram, að eg er fús á að gefa þeim þær upplýsingar, sem eg hefi í höndum.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 417) 18. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. gr. samþ. m. 12 samhlj. atkvæðum.

Fyrirsögnin samþykt án atkvgr.

Vísað til 3. umræðu með 12 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 417) 21. ágúst.

Frumv. var samþykt með 12 : 1 atkv. og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Stofnun hlutafélagsbanka.

FRUMVARP til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (C. 26) 1. umr. 8. júlí.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir háttv. efri deild frumv. frá stjórninni, er fer í líka átt og frumv. þetta. Það má skoða það sem hending, þótt óheppilegt sé, að þessi tvö skyldu frumv. skyldu lenda sitt hjá hvorri deild; það er óheppilegt að því leyti, að með þessu er loku skotið fyrir það, að sama nefnd í sömu deild geti haft bæði málin til meðferðar þegar frá upphafi. Samt snertir þetta meir formhlið málsins en kjarna þess, og því hefi eg ekki fundið ástæðu til að draga mig til baka með frumvarp mitt.

Hér er um slíkt mál að ræða, að eg trúi ekki öðru, en að allur þingheimur

vilji taka höndum saman, til þess að hrinda því áleiðis og leiða það til sem heillavænlegastra lykta. Eg vona, að hér starfi allir að með einum hug, hvort sem þeir svo eiga sæti í efri deild eða neðri, hvort sem þeir eru konungkjörnir eða þjóðkjörnir. Eg held það sé engin »sangvinsk Forhaabning«, að eg brúki þetta danska orðatiltæki, eg held það sé engin tálvon, segi eg, þótt eg telji þetta augnamið, sem frumv. stefnir að, að gera umbót á peningamálum landsins og bæta úr fjárskorti landsmanna, eiga svo djúpar rætur í öllu ástandi voru, að allir hljóti að telja frumv. þetta að því leyti eitt hið allra þýðingarmesta af þingmálum vorum að þessu sinni. Mér finst raddir þjóðarinnar um ástand vort hafa hljómað svo sterklega að undanförnu, að alþingi Íslendinga geti ekki daufheyrst við þeim né varpað frá sér nokkurum þeim mögulegleika, sem það eygir, til að breyta því til batnaðar. Raddirnar um vandræðaástandið hljóma jafn skýlaust, hvort sem litið er á efsta eða neðsta stig þjóðfélagsins, og bergmálið af þessum röddum kemur einnig fram í frv. frá hálfu stjórnarinnar.

Lítum vér á ættjörðina sjálfa, í mótsetning við oss einstaklingana, sem á henni lifum, þá hljótum mér að vera samdóma um það, að í raun réttri sé Ísland ekki annað en óræktaður og ónotaður hólmi, að meðtöldum sjónum í kring um það. Maður þarf ekki að vera nýkominn frá útlöndum, og hafa ný-rent augunum yfir það, hvernig þar er umhorfs, til þess að bera þessa ímynd í brjósti: Ísland er óræktaður hólmi. En vér sem hér lifum að staðaldri, vér sjáum, að landið okkar þarf ekki að vera óræktaður hólmi.

Það er nærri því furðuverk, að vér, þótt fáir séum, skulum draga hér fram lífið, þrátt fyrir það, hve lítið hefir verið gert landinu til viðreisnar, þrátt fyrir það stjórnarfar, sem vér höfum átt undir að búa.

En óneitanlega er þó í seinni tíð vaknaður áhugi á að bæta landið, og sú trú farin að glæðast, að íslenzk jörð geti fært oss blessun og borgað oss erfiðið við hana; og þessi áhugi þjóðarinnar fer, eftir því sem eg veit bezt, vaxandi ár frá ári. Og það eru ekki sérstaklega vér, gömlu mennirnir, sem þegar stöndum á grafarbakkanum, heldur það sem mest er um vert, það er hin uppvaxandi kynslóð, sem ber í brjósti sér hugsjón glæsilegri, arðvænlegri og afl-meiri framtíðar, en land vort hefir hingað til séð.

Mér finst þessar raddir og þessar framtíðarvonir ættu að knýja hvern sannan Íslending til þess að leggja fram alla krafta til að bæta úr ástandinu og reyna að breyta vonunum í virkilegleik. Á þessu byggi eg það, að allir þjóðfulltrúar hinnar íslenzku þjóðar muni leggjast á eitt með það að styðja augnamið frumv. og stefna málinu í sem bezt horf. En auðvitað er harla mikið undir því komið, hvert horfið bezt er talið, hvort vér að eins hugsum um að bæta úr hinni brýnustu bráðabirgðanauðsyn, eða vér setjum markið hærra, og hugsum oss einnig að bæta úr framtíðarhorfum þjóðarinnar, hvort vér hugsum að sníða oss stakk eftir stundarþörfinni eða skapa oss framtíðarbúning, er geti vaxið eins og töfraklæði með nýjum tíðum og breyttu ástandi. Það hefir mikið að segja, hver hugsunin ofan á verður, að því er fyrirkomulagið á peningastofnun vorri snertir, hið fyrra er betra en ekki neitt, en hið síðara er þó enn betra, og eg mun leggja fram mína krafta til að hrinda því áleiðis, og í þeim tilgangi hefi eg borið upp frumvarp þetta.

Reyndar væri full þörf á að tala mörg orð um málið til þess að útlista það, en eftir rækilega umhugsun hefi eg þó komist að þeirri niðurstöðu, að réttast muni vera að láta það þó vera að þessu sinni. Finn eg mér skylt að minnast að nokkuru á þær ástæður, sem fyrir mér hafa vakað í þessu. Er þá fyrst þess að geta, að eg vona að það verði ekki illa tekið upp fyrir mér, þótt eg segi, að eftir hinum ófullkomna undirbúningi þessa máls að dæma, get eg vel búist við, að ýmsir af h. þm., séu ekki á þessari stundu við því búnir að ganga til botns í því eða kryfja það rækilega til mergjar. Það er ekki heldur við því að búast, þar sem málið er svo þýðingarmikið, en þó jafnframt svo nýtt, en slær svo mörgum og djúpum rótum, að eigi er auðvelt að grafa fyrir þær í fljótu bragði; það væri því á þessu augnabliki alt annað en auðvelt að slá nokkuru föstu um það, hvort heldur skyldi í bráð halda sér að bráðabirgðarstofnuninni, eða þegar í stað byggja sér upp framtíðarstofnun, og mundu umræður um það atriði nú varla geta orðið málinu til stórra bóta. Í öðru lagi kýs eg að tala sem fæst um málið nú, af því hvernig þetta frumv. horfir við gagnvart frv. stjórnarinnar í efri deild; enn vitum vér sem sé ekki, hvernig h Ed. muni taka í það, og á meðan svo standa sakir, þá er full þörf á að fara gætilega að öllu, til að forðast að glundroði komist á málið.

I þriðja lagi er naumast hægt að sýna glöggan þráð í máli þessu, nema með því að ganga inn á einstök atriði frv., en slíkt á eigi við þessa umræðu þess.

Í fjórða lagi skal eg taka það fram, og á það legg eg einna mesta áherzluna, að þótt eg af heilum hug vilji stuðla að því, að þetta mál komist í gott horf, þá vil eg ekki uppátaka mér þá ábyrgð, að setja mínar staðhæfingar, spár og fullyrðingar í staðinn fyrir áreiðanlegar, beinar upplýsingar og tryggingar frá þeim mönnum, sem gjörst hafa hvatamenn málsins og nefndir eru í upphafi frumv. Eg veit ekki betur en að þeir séu væntanlegir hingað með næsta póstskipi, til þess að leiðbeina þinginu og semja við það.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en leyfi mér að stinga upp á því, að þegar sé valin 5 manna nefnd í málið. Eftir því sem orð mín hafa fallið, munu menn skilja, að mín hugsun er ekki sú, að nefndin flýti sér mjög að leiða starf sitt til lykta, heldur sjái hverju framvindur með frv. Ed., og bíði eftir upplýsingum þeim, sem eg gat um að í vændum mundu; en tíminn þarf þó ekki að verða henni ónýtur, hún hefir nóg með hann að gera til þess að setja sig sem bezt inn í málið, og reyna að komast að niðurstöðu um það, hvort hér sé ekki bent á veg til að greiða fyrir viðskiftalífi Íslendinga, veg, sem vér getum tengt við framtíðarvonir vorar.

Með þessum orðum fel eg málið velvilja h. deildar, og tek það aftur upp, að eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

ATKVGR: Nefndarkosning sþ. með 12 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:
Valtýr Guðmundsson með 23 atkv.
Benedikt Sveinsson með 16 atkv.,
Tryggvi Gunnarsson með 16 atkv.,
Klemens Jónsson með 11 atkv. og
Pétur Jónsson með 11 atkv.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 24, 419), 16. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*, kosinn í nefndina 4. ágúst í stað B.

Sv.): Eg ímynda mér, að nefndarálitið sé svo ítarlegt, að það þurfi ekki að halda langa ræðu um þetta mál frá almennu sjónarmiði.

Nefndarálitið ber það með sér, að nefndin álítur, að nauðsynlegt sé að gjöra eitthvað meira en hingað til hefir gjört verið fyrir peningamál landsins; var nefndin á því, að í því tilliti sé heppilegur grundvöllur í frumv., og að banki með þessu fyrirkomulagi muni verða að miklum notum, og telur enda nauðsyn á slíkri stofnun, fyr eða síðar hér á landi. Það er fullkunnugt, að hið núverandi fyrirkomulag á peningamálum landsins er ófullnægjandi; peningamagnið, sem hinn núverandi landsbanki hefir, svarar ekki nærri því til peningaþarfarinnar hér á landi. Bæði verzlun, landbúnaður og sjávarútvegur heimta miklu meiri peninga en bankinn getur í té látið. Og það er víst, að ef öflug peningastofnun kemur upp hér í landinu, þá munu margir bundnir kraftar, bæði til lands og sjávar, losna, og þá náttúrlega til góðs fyrir landið.

Það, sem nefndin leggur mesta áherzlu á í þessu máli, er það, að ef slík stofnun kemur hér upp, þá sé það innlend stofnun. Eg vona, að þetta sé nægilega skýrt tekið fram í nefndarálitinu, svo enginn geti misskilið það, eða geti sagt, að nefndin vilji selja landið með húð og hári í peningamálum. En nefndin verður að vera þeirrar skoðunar, að svona löguð stofnun mundi ekki geta komist á fót með innlendu fé eingöngu, og nauðsynlegt sé að taka útlent fé að meira eða minna leyti til aðstoðar; enda sér nefndin ekkert á móti þessu, ef að eins að stofnunin væri að meira leytinu innlend, innlendir menn hafðir sem mest yfir henni að ráða, svo að trygging væri fyrir því að fé kæmi landinu til góða.

Í þessa átt miða allar breyt.till. nefndarinnar, þær ganga allar út á það, að reyna að gjöra þessa stofnun sem innlendasta. Nefndin hefir stungið upp á því ákvæði, að landssjóður hafi rétt til að innleysa hlutabréfin, hvenær sem hann vill, 40 árum eftir að bankinn er stofnaður. Þessi ákvörðun miðar að því, að bankinn verði al-innlendur þegar tímar líða fram, ef þingið, sem þá er, vill.

Í sömu átt miðar líka sú bending nefndarinnar, að rétt sé að landssjóður gjörist hluthafi að $^2/_5$ hlutum í bankanum; enn fremur sú ákvörðun, að eign útlendinga í bankanum megi ekki vera meira en 2 partar á móts við 3, er Íslendingar eiga, að fundir bankans séu haldnir hér á landi, og að aðalskrifstofa hans sé í Reykjavík og varnarþing. Þessi aðalatriði leggur nefndin áherzlu á, og álítur nauðsynleg, og vill hún láta frumv. standa og falla með þessum ákvæðum.

Það getur nú einhver sagt sem svo, að það sé loftkastali, að hugsa sér að landssjóður geti lagt þetta fé út, og að ómögulegt sé, að hann muni geta gjörst hluthafi að þessum 2 miljónum. En eg skal sýna fram á, að það er enginn loftkastali. Einnig stendur í frumv.: »getur hver sem vill gjörst hluthafi, með því að setja 20% af fasteign sinni að veði«. Nú er svo, að landssjóður á einmitt miklar jarðir, hinar svo kölluðu þjóðjarðir, og svo hefir landið yfirráð yfir kirkjujörðunum, og eg get ímyndað mér, að virðingarverð allra þessara jarða yrði svo hátt, að 20% af því mundi nema að minsta kosti hálfri miljón. Ef landssjóður vildi, gæti hann því keypt hlutabréf fyrir hálfa miljón. En til þess að ná upp þeirri hálfu annari miljón, sem þá vantar, liggja tvær leiðir, annaðhvort að landssjóður taki lán, sem eg efast ekkert um að lands-

sjóði mundi fært; en hin leiðin er sú, að semja svo við bankann, að hann láni landssjóði hlutabréfin fyrir þessari 1½ miljón, einhvern dálítinn tíma, og að landssjóður svo setji öll sín hlutabréf að veði fyrir þessari upphæð í banka erlendis, t. d. í Skotlandi eða Englandi. Með því móti gæti landssjóður fengið peninga til að borga bankanum, án þess að hann þyrfti að leggja út einn eyri. Um hitt skal eg ekki segja, hvað rétt sé í því, að landssjóður sé að spekúlera þannig með fé sitt, en hitt er víst, að aðrar þjóðir láta sér ekki þykja minkunn að leggja fé sitt í þess konar fyrirtæki, og ef öðrum þjóðum er óhætt að gjöra það, þá er okkur það óhætt líka, svo framarlega sem vel er um hnútana búið. Eg skal í sambandi við þetta taka það fram, að þar sem landssjóður á seðlaútgáfuréttinn, en á seðlaútgáfunni græða bankarnir mest, þá er það eðlilegast, að einmitt landið hafi arðinn af svona stofnun, en úr því landssjóður einn ekki stofnsetur bankann, er auðsætt, að um leið og hann afsalar þessum rétti að nokkuru í hendur einstakra manna, og þar á meðal útlendinga, þá er rétt, að landssjóður fái eitthvað í aðra hönd fyrir þennan rétt. Samkvæmt þessari skoðun sinni hefir nefndin farið eins langt og hún gat í því, að heimta af þessum banka nokkurt gjald fyrir seðlaútgáfuréttinn.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Eg sem sagt vona, að menn skilji stefnu nefndarinnar. Eg vil ekkert um það segja, hvernig nefndinni hefir tekist, en mál þetta er mikils varðandi fyrir landið og eg treysti því, að h. deild gjöri hvorki að hafna því of fljótt, eða óathugað ganga að því.

Ef menn koma með það gegn frumv., að ýms ákvæði, sem vanalega væru látin standa í bankalögum, vanti í það, þá skal eg geta þess, að þessir menn, sem eru nefndir í nefndarálitinu, hafa eftir beiðni nefndarinnar gjört uppkast til reglugjörðar fyrir þennan fyrirhugaða banka. Þessi reglugjörð er nú í prentun, og verður henni útbýtt meðal þingm. hér á fundinum, svo að menn munu geta séð, að öll þau ákvæði standa í reglugjörðinni. Eg hefi lesið reglugjörðina yfir, og hefi ekki getað fundið neitt, sem mér hefir fundist vanta. Spurning getur að eins verið um, hvort ekki væri réttara að taka sum reglugjörðarákvæðin upp í sjálf bankalögin.

Eg skal, til þess að koma í veg fyrir fyrirspurnir, geta þess, að þar er tekið fram, hvernig stjórn bankans skuli háttað, hvernig að skuli fara, ef bankinn yrði lagður niður, um rétt hlufhafa, og alt yfir höfuð, sem bankanum viðkemur. Þar sem það er mikilvægt atriði í þessu máli, hvenær landssjóður geti gert sér vonir um að fá arðinn af seðlaútgáfunni, skal eg geta þess, að svo er ákveðið í reglugjörðinni, að arði bankans sé þannig skift, að fyrst eru teknir 4% sem vextir af hlutabréfum, en svo teknir 10% í varasjóð af því sem eftir er, og 20% til yfirmanna bankans, og svo er því sem eftir er, sem er 70%, skift niður á hluthafendur. Eg tek þetta fram, til þess menn geti gert sér ljóst, hvenær landssjóður muni fara að fá arð af bankanum.

Sighvatur Árnason: Eg hefi ekki ásett mér að fara lángt út í þetta mál, enda skal eg fúslega játa það, að eg sé nokkuð skammsýnn í því. En það mundi nú gjöra minst til, þótt eg ekki væri vel heima í því, ef allir aðrir h. þm. hefðu vel vit á því. Það er að eins frá hinni praktisku hlið málsins,

sem eg vildi gjöra 2 eða 3 athugasemdir. Eg játa að þetta er mikilsvert mál, og gott að það sé rætt hér í deildinni. Eg skal enn fremur játa það, að eftir minni skoðun, þá er princip þessa máls í sjálfu sér tryggara og betra en princip í öðru máli, sem hér hefir verið til meðferðar, og fengið góðan byr, nefnil. aukning seðlaútgáfu til landsbankans En þrátt fyrir það, þó þetta mál sé í sjálfu sér mikilsvert, þá álít eg varhugavert að útkljá það á þessu þingi, og get naumast álitið það ráðlegt, svo vandasamt sem það er. Við höfum haft tíðkalt vandaminni mál til meðferðar, en sem ekki hefir þótt gjörlegt að útkljá á einu og sama þingi.

Þegar eg lít á málið sjálft, þá er eg hræddur um að landsmönnum vaxi það í augum, einkum það, hversu kapítalið er hátt, svo miljónum króna skiftir; eg er nærri viss um, að þeir verða myrkfælnir og biðja guð að hjálpa sér, þegar þeir sjá þessar miklu upphæðir, bæði þá, sem landið á að taka til láns, og svo upphæðina í heild sinni, í sambandi við viðskiftaþörfina, og eg fyrir mitt leyti verð að álíta þessa upphæð óþarflega háa, miðaða við viðskiftaþörfina. Eg býst helzt við, að mönnum verði gjarnt til að álíta þetta loftkastala, og verði hissa á að svona lagaður loftkastali komi frá þinginu, án þess að landsmönnum hafi gefist kostur á að íhuga málið. En eg skal nú ekki fjölyrða meira um þetta atriði.

En annað atriði, sem eg vildi minnast á, er viðvíkjandi framkvæmdinni, samkvæmt till. nefndarinnar, og þá kemur mér fyrst til hugar, að eg er óviss um, að landsmenn felli sig vel við að ráðgjafinn sé formaður bankaráðsins, því það gæti átt sér stað, að menn hugsi að hér væri um pólitiskt spursmál að ræða. Svo er annars að gæta, sem ekki hefir komið ljóslega fram, en sem nefndin hefir þó gjört ráð fyrir að gæti átt sér stað, og það er að bankaráðsfundirnir yrðu haldnir í Kaupmannahöfn. Eg er nú hálfsmeikur um að svo gæti þá farið, að okkar bankaráðsmenn væru ekki ávalt tilbúnir til þess að mæta á fundum í Kaupmannahöfn, sökum ýmiskonar forfalla, enda geta þeir dáið eða haft lögleg forföll fyrir sig að bera. Það er að vísu mjög gott, að okkar landsmenn hafi yfirhöndina í bankaráðinu, en þá verður líka að vera vissa fyrir því, að þeir mæti allir á fundunum. Við höfum varamenn í amtsráðum og sýslunefndum, en hér er ekki gjört ráð fyrir neinum varamönnum, svo það er alls ekki óhugsandi, að svo gæti farið, að við yrðum í minni hluta á fundum bankaráðsins og hinir þá ráðið lögum og lofum. Þess vegna álít eg töluna eina ekki nægilegt skilyrði, heldur þyrfti einhverja tryggingu fyrir, að sú tala mætti á fundunum. Mér hefir nú líka dottið annað í hug, viðvíkjandi þessu frumv., en ætla mér ekki að tala um það nú, en vildi að eins benda á þetta, af því eg álít, að það geti haft þýðingu fyrir málið.

Eins og eg mintist á fyrst, þá álít eg að vísu gott að málið sé rætt, en vildi ráða frá að leiða það til lykta nú á þessu þingi, jafn vandasamt og óþekt mál. Þegar líka búið er að samþykkja að auka seðlaútg. landsbankans, og koma veðdeildinni á fótinn, þá álít eg að okkur sé borgið í bráðina, svo að ekki þurfi að hraða þessu máli svo af, að það verði vanhugsað fyrir þá skuld.

Annars skal eg ekki fjölyrða meira um málið að þessu sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Það munu að líkindum flestir byrja ræður sínar með því, að þetta mál sé stórvaxið og að þm. hafi ekki mikið vit á því. Eg get

nú tekið þau orð mér í munn, því þetta er líklega eitthvert hið stórvægilegasta mál, sem hér hefir verið til meðferðar.

Fyrst þegar mál þetta kom fram, þá voru í því ýms atriði, sem hlutu að gjöra það nokkuð tortryggilegt, en nú hefir nefndin lagfært þau atriði að miklu leyti. Þá í byrjuninni sýndi eg fram á, að það væri óaðgengilegt, að landssjóði ekki væru ætlaðar neinar tekjur af þessum seðlaútgáfurétti; enn fremur voru eigi neinar tryggingar fyrir því, að starfsfé bankans yrði innlent fé, að það starfaði hér á landi og Íslendingum eigi ætluð nægileg umráð við bankann. Þá eru og í frumv. atriði, er vakið geta grun um, að tilgangurinn væri sá, að hafa pólitísk áhrif á umráðin yfir okkar peningamálum. Af þessum ástæðum var eg því mótfallinn þá, en nú hefir nefndin komið þessum atriðum í það lag, að málið lítur miklu öðruvísi út nú.

Í fyrsta lagi eru landssjóði nú tryggðar talsverðar tekjur af fyrirtækinu; í öðru lagi er það einnig nokkurn veginn trygt, að Íslendingar geti haft yfirhöndina í bankaráðinu, og í þriðja lagi gæti þetta mál haft mikla þýðingu til þess að beina íslenzkri verzlun inn í landið, með því að losa okkur við danska kommissionera. Enn fremur eru þau orð tekin burtu, sem gátu gefið tilefni til að ætla, að hér ætti að smeygja inn pólítisku helsi á peningamál landsins. Þegar nú þetta er tekið burtu. álít eg sjálfsagt að ræða málið. Það liggur alt öðruvísi fyrir en það fyrst var borið upp hér.

Þegar litið er á málið frá hluthafanna hlið, þá er það allglæsilegt, ekki sízt þegar þess er gætt, að einkaleyfi þjóðbankans í Danmörku er útrunnið innan fárra ára (1908). Að sönnu hefi eg nýlega heyrt getgátu um, að þetta leyfi verði endurnýjað, en ef þessum banka yxi fiskur um hrygg, þá væri mikilsvert, að hafa ekki nema kannske einn banka við hliðina á oss, sem þetta leyfi hefði.

Frá landsins hálfu ætti þetta einnig að geta verið glæsilegt, þar sem ekkert mundi fremur geta hjálpað okkur áfram í atvinnuvegum og verzlun, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, en öflugur banki.

Menn segja máske sem svo, að ekki sé trygging fyrir því, að starfsfé bankans komi landinu til góða, því hluthafar gætu látið seðlana lenda á útlendum mörkuðum og í höndum útlendra peningamanna, og þannig komið þeim út úr landinu. Kæmi slíkt fyrir, þá þarf eg ekki að benda á hver afleiðingin yrði, hún er víst öllum ljós, nfl. að Ísland verður jafnpeningalaust eftir sem áður. Við þessari hættu verður að reisa skorður, og þar er þá fyrst bankaráðið. Reyndar mætti segja sem svo, að við Íslendingar séum ekki bankafróðir menn, og mundum því ekki líklegir til að standa hinum útlendu bankaráðsmönnum á sporði, þótt við hefðum fleiri atkvæðin, en eg tel víst, að Íslendingar mundu bráðlega koma til; það væri of harður dómur um þá alla að telja þá óhæfa til slíks starfa og naumast réttur. Hættan er heldur ekki jafnmikil og ætla mætti. Ef bankinn ver fénu til þess að brúka það á útlendum markaði, yrði afleiðingin sú, að hér yrði verðhrun á öllum eignum og landið og allur þess hagur kæmist í óálit; en nú er bankinn bygður á áliti landsins, og stendur og fellur með því. Færi hann að reyna að eyðileggja landið, mundi það einmitt verða beittasti hnífurinn á sjálfan hann, og því ætti maður þó að geta treyst, að

bankaráðið færi ekki að stuðla að slíku sjálfsmorði.

Frá þessum tveim hliðum skoðað virðist mér málið mjög álitlegt, bæði fyrir hluthafa og landið.

Eins og horfur landsins nú eru í peningamálunum, finst mér nú sérstakl. ástæða til þess að athuga vandlega sérhvað, sem bjargað getur við hag okkar.

Vér verðum að viðurkenna það, að þótt vér séum ekki enn staddir í beinum voða í peningamálum vorum, þá eru þau þó komin í það horf, að leitt er, hvað sem oss ber lengra út á vandræðabrautina, og sé þessi vegur tryggur til þess að leiða oss út úr vandræðunum, þá er sjálfsagt að fara hann.

Landssjóður selur af hendi mikilvægan rétt með því að sleppa seðlaútgáfuréttinum. En hvað fær hann svo í aðra hönd? Eg hafði slegið því fram, að rétt væri að leggja progressiv vaxandi skatt á bankann fyrir seðlaútgáfuréttinn; nú kváðu forgöngumenn fyrirtækisins ekki vilja ganga að því, og segja að það mundi leiða til þess, að bankinn yrði dýrari í viðskiftum.

Nefndin hefir hér farið milliveg, og hefi eg ekkert sérlegt út á það að setja. En þó virðist mér hún í 18. brtill. sinni hafa sagt nokkuð annað en hún mun hafa ætlast til, og skal eg fara fáum orðum um það, af því að það er svo þýðingarmikið atriði. Hún segir svo, að þegar varasjóður bankans sé orðin 1 miljón króna, þá skuli varasjóðsgjaldið úr því ganga beint í landssjóð, eða þegar 20 ár séu liðin frá bankastofnuninni. Það er án efa bezt, bæði fyrir landssjóð og hluthafa, að varasjóðurinn sé sem hæstur, því að því meira fé sem er í varasjóði, því betra traust hefir bankinn, í því hærra verði verða hlutabréf hans og því betur ganga seðlar hans.

Það getur svo farið, ef stórslys kemur fyrir, eldgos, jarðskjálftar eða stríð, að varasjóðurinn sé ekki kominn upp í 1 miljón króna eftir 20 ár.

Vitaskuld er það, að með því að leggja í varasjóð 10%, eins og gjört er ráð fyrir, þá er líklegast að hann hafi náð milljóninni eftir 15—18 ár, ef alt gengur slysalaust, en það geta líka þau slys fyrir komið, að miljónin náist ekki fyr en eftir 22—25 ár. Nú tel eg það sjálfsagt, að það sé meining nefndarinnar, að varasjóðsgjaldið renni ekki í landssjóð fyr en varasjóður hefir náð miljóninni. Það getur líka komið fyrir, að eftir að varasjóður er orðinn miljón, þá verði bankinn fyrir því slysi, að miljónin skerðist. Þá virðist það sjálfsagt, að hinar 10% séu aftur lagðar í varasjóð um tíma, eða þangað til hann er að nýju orðinn miljón. Eg vil því leyfa mér að skjóta því til h. n., hvort hún vilji ekki í staðinn fyrir 20 árin taka einhverjar vissar % fram, svo að það sé trygt, að varasjóðsgjaldið sé ekki sett svo lágt, að tekjuréttur landssjóðs frestist fram yfir 15—20 ár, en að þó sé ekki loku skotið fyrir, að varasjóðsgjaldið geti um stund runnið í varasjóð, eftir að 20 árin eru liðin, ef slys ber að höndum fyrir bankann. Þetta er tryggilegast fyrir fyrirtækið í heild sinni

Það er gjört ráð fyrir að fé það, sem fyrirtækið byrji með, sé 5 miljónir króna. H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) var hræddur um, að landsmenn mundi sundla yfir þessari miklu upphæð. Eg held h. þm. (Sighv. Á.) sé ekki kunnugt um, hvað mikið fé gengur árlega hér út úr landi, hvað mikið er í veltunni í landinu, og hvað mikið vér þyrftum að hafa í veltu, ef hagur vor ætti að geta heitið góður og framfarir álitlegar; þetta mun h. þm.

(Sighv. Á.) ekki hafa gjört sér ljóst, annars hefði hann varla hagað orðum sínum eins og hann gjörði.

Enn skal eg leyfa mér að benda h. nefnd á eitt. Það er gjört ráð fyrir í nefndarálitinu að landssjóður leggi til $^2/_5$ af stofnfé bankans, og landsmenn $^1/_5$, en svo ákveðið, að frá útlöndum eigi $^2/_5$ að koma. Við þetta vil eg bæta þeirri ákvörðun, að fáist ekki $^2/_5$ af 5 miljónunum hér í landi, þá séu forgöngumenn fyrirtækisins skyldir að útvega það, sem vanti upp á 5 miljónir. Eg vil ekki að þetta fyrirtæki, er fær þann mikilvæga rétt að hafa einkaleyfi til seðlaútgáfu um langan tíma, byrji svo lúsablesalega, að það verði ekki nema skóbót á hið núverandi ástand vort.

Það er satt, að nú sem stendur höfum vèr ekki bolmagn til þess að gjöra oss seðlaútgáfuréttinn að þeirri féþúfu, sem í honum felst og sem hann er öðrum þjóðum. Það er eins með þetta eins og með mann, sem á nytsemdarverkfæri, er hann af einhverjum ástæðum getur ekki unnið með sjálfur, og er honum því arðlaust. En komi einhver annar, sem vill og getur unnið með því, þá er engin ástæða til annars en að eigandi verkfærisins setji upp og fái fulla leigu fyrir það. Einmitt vegna þess að bankinn getur unnið með fé sínu á útlendum markaði, þá er engin hætta á þó stofnféð sé ákveðið nokkuð hátt, því að sé ekki hægt að nota það alt hér í landi í bráðina, þá er opinn vegur fyrir bankann að starfa með nokkuð af því erlendis.

Eigi fæ eg séð að hér sé í neina hættu stofnað, þar sem landssjóður á kost á að innleysa öll hlutabréf bankans eftir rúman mannsaldur. Um það atriði vil eg gefa h. nefnd eina bendingu, og verð eg þar með leyfi h. forseta að minnast á eina brtill. nefndarinnar. Setjum svo að starfsár bankans væru orðin 40, og landssjóður vildi kaupa öll hlutabréf bankans. Hann hefir og leyfi til þess, ef hann gjörir það innan 12 mánaða frá því að hann hefir gefið út auglýsingu um að hann ætli sér að gjöra það. Gjörum nú ráð fyrir að auglýsing væri gefin út um það, að fyrir 16. ágúst 1900 ættu öll hlutabréf bankans að vera komin inn í hann, því að landssjóður ætlaði að kaupa þau með þá gildandi gangverði; þau sem þá yrðu ókomin skyldu ógild. Hvernig mundi nú fara? Peningamenn mundu spenna verð hlutabréfanna upp úr öllu valdi, borga þau jafnvel tvöfalt eða þrefalt hærra en ákvæðisverð. Þeir mundu koma óeðlilegri verðhækkun á þau, en landssjóður yrði að borga brúsann, því hann á að kaupa þau með gangverði þeirra. Í reglugjörðaruppkasti því, er hér liggur fyrir deildinni, er réttur vegur farinn. Þar er svo ákveðið, að landssjóður kaupi bréfin með gangverði þeirra þann dag, sem auglýsingin er gefin út, að viðbættri 5% ársrentu frá auglýsingardeginum til móttökudags. Með þessu er fyrirgert að hægt sé að spenna upp verð hlutabréfanna.

Akvæðið um varasjóðinn, um innlausnarréttinn, og um það, við hvaða dag verð hlutabréfanna skuli miðað, ef til kæmi að landssjóður innleysti þau, er í sjálfu sér reglugjörðaratriði, en til að fá sem bezta tryggingu, mun þó réttast að hafa ákvæði um þetta í lögunum sjálfum. H. 1. þm. Rangv. (Sighv. A.) þótti það varúðarvert og sundlhætt, að landssjóður færi að taka lán og setja í bankafyrirtækið. Eg held að það sé áreiðanlegt, að fyrirtækið sé glæsilegt gróðafyrirtæki fyrir hlut-hafa, og því þurfi engan að sundla yf-

ir því, þótt landssjóður fái hlut af þeirri veiði. Eg skil það svo, að landssjóður taki þátt í fyrirtækinu, til þess að eiga í sinni hendi hlutabréf, er hann geti síðar selt landsmönnum, þegar þeir verða þess megnugir að kaupa þau.

Fyrir fyrirtækið hefir það mikla þýðingu út á við, að landssjóður taki þátt í því, það er hin bezta trygging fyrir útlenda peningamenn fyrir því, að fyrirtækið sé heilbrigt.

Eg býst við, eins og alt er útbúið, að hægt mundi vera að fá frá útlöndum ekki einungis 2 miljónir til fyrirtækisins heldur 10 miljónir, ef þurfa þætti. Hlutafélagið getur flaggað með hluttöku landssjóðs í fyrirtækinu.

Hér sýnist mér svo tryggilega um búið, að eg get verið með þessu frv., þótt eg hafi stundum áður ekki verið allfús að gína við öllum stórræðaflugum á þingi; hér sýnist mér ekki vera um neina loftkastala að ræða. H. 1. þm. Rangv. (Sighv. A.) vék að því og var smeikur við að aðalfundir félagsins væru í Kaupmannahöfn; hann var hræddur við að vér mundum ofurliði bornir á þeim fundum. Eg sé nú ekki betur en að svo sé ráð fyrir gjört í tillögum nefndarinnar, að fundir þessir séu að jafnaði í Reykjavík, og eigi í Kaupmannahöfn nema nauðsyn þyki á vera. Mér sýnist það einmitt hyggilegt að setja bankaráðinu það nokkuð í sjálfsvald, hvar aðalfundir þess séu haldnir. Eg gjöri ráð fyrir að bankaráðið verði svo skipað mönnum, að því sé trúandi fyrir að gjöra það, sem heppilegast er fyrir bankann og landið í þessu. Ef bankaráðið er með heilbrigðu viti, og það gjöri eg ráð fyrir að það verði, þótt það verði skipað Íslendingum, og engu síður fyrir það, ef svo er, þá gjöri eg ráð fyrir að það þurfi sterk nauðsyn að knýja það til að halda aðalfundina annarsstaðar en í Reykjavík. Gangi tillaga h. nefndar í gegn, þá sé eg ekki betur en að næg trygging sé fengin fyrir þessu.

Það er gjört ráð fyrir að hluthafar kjósi í ráðið 2 menn búsetta í Reykjavík, og það má gjöra ráð fyrir að þeir menn, sem alþingi kýs í bankaráðið muni verða Íslendingar. Þótt Íslendingar eigi ekki einn eyri í fyrirtækinu, þá er þó nokkurn veginn trygt, að jafnan séu 7 menn í bankaráðinu, sem eru Íslendingar eða búsettir menn á Íslandi. Það er vitaskuld, að eg hefi nú sem stendur ekki sterka trú á oss í bankamálum, en þó þarf töluverða tortrygni og vantraust til þess að ætla, að allir þessir 7 eða 8 menn láti hina 3 eða 4 hafa sig í vasanum, og brúka sig fyrir verkfæri til þess að gjöra óheilla ráðsályktanir fyrir Ísland.

Eg hefi gjört þessar athugasemdir nefndarinnar vegna, og þætti mér vænt um að heyra hjá h. frsm., hvort líklegt muni að h. nefnd taki bendingar mínar til greina, því að öðrum kosti býst eg við að koma með brtill. til 2. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Það kom fram missilningur í einu atriði hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) Hann kvað nefndina mundu hafa meint annað með 18. brtill. sinni en hún segir. En því er ekki svo varið. Nefndin ætlast einmitt til að varasjóðsgjaldið renni í landssjóð þegar varasjóður Íslandsbanka sé orðinn 1 miljón krónur, eða þegar 20 ár séu liðin frá stofnun hans. Það vakti nfl. fyrir nefndinni, að þegar þessi 1 miljón væri borin saman við varasjóði banka erlendis, þá væri tryggingin hálfu hærri hér en alment gjörist í dönskum bönkum. Hér er hlutfallið þetta: 5 miljóna stofnfé en 1 miljón í varasjóði eða 20%; en í öðrum bönkum t. d. Nationalbankanum danska og Landmandsbankanum er varasjóðurinn ekki nema 10%. Þetta vakti fyr-

ir nefndinni er hún ákvað varasjóðinn að vísu 1 miljón, en vildi þó ekki láta landssjóð bíða lengur eftir hluttöku í ágóðanum en 20 ár. Nefndinni var það ljóst, að varasjóður gæti verið kominn upp í 1 miljón kr. fyrir þennan tíma, en henni var það líka ljóst, að það gæti verið, að hann yrði ekki kominn það, og færi svo, þótti henni ekki ástæða til að láta landssjóð bíða lengur. Þegar þess er gætt, að varasjóðurinn er ákveðinn hærri í samanburði við höfuðstólinn en alment gerist, þá þótti nefndinni ekki sérstök ástæða til þess að ákveða, að varasjóður fengi uppbót, þótt hann kynni að komast niður úr 1 miljón. Nefndinni sýndist það ekki svo geigvænlegt, þótt hann kæmist jafnvel niður undir ½ miljón kr.; hún vildi ekki láta landssjóð missa sitt, þótt þetta kynni við koma fyrir. Nefndin setti ákvæði sín af yfirlögðu ráði, á þann veg sem hún gjörði, en ekki af misskilningi eða í ógáti, eins og h. þm. (Guðl. G.) gat til.

Aðrar athugasemdir h. þm. (Guðl. G.) sýndust á góðum rökum bygðar, og mun nefndin taka þær til yfirvegunar með honum, og taka þær til greina, að svo miklu leyti sem hún getur.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar frv. þetta kom fyrst fram, mun marga hafa óað við því, og það virtist svo, sem ýmsum hætti við að einblína á galla þess, en skoða lítt hinar betri hliðar málsins, eða skoða það sem það frv., er staðið gæti til bóta. En það virðist nú nokkur breyting komin á, og menn teknir að yfirvega málið með meiri rósemi og virða það fyrir sér frá fleiri hliðum, og vona eg að svo verði framvegis. H. frsm. (Þ. Th.) gat þess, um leið og hann mintist á, að landssjóður gæti notað jarðir sínar til tryggingar lánsfé fyrir hlutabréf, er hann keypti í bankanum, að hann mundi einnig geta notað kirkjujarðirnar til þess. Eg vildi að svo væri, en eg hygg, að eftir því sem stjórnin hefir skoðað það mál til þessa, þá muni hún ekki ganga inn á það. Því þótt það sé tekið fram í stjórnarskránni, að eigi megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sé með lagaboði ákveðið, þá hefir hún þó talið sér heimilt að hringla með jarðir þessar að eigin geðþótta, bæði selja þær og hafa makaskifti á þeim, án þess að löggjafarvaldið hafi nokkuð haft þar um að segja. Af þessu er eg hræddur um, að stjórnin vilji ekki láta leggja alment veðband á kirkjujarðirnar. Eg vek að eins athygli á þessu, án þess að eg þó ætli, að landssjóði sé ofvaxið að taka þátt í fyrirtækinu, þótt kirkjujarðirnar gangi undan.

H. l. þm. Rangv. (Sighv. A.) var hræddur við frv. þetta; það er eg ekki, þrátt fyrir það, þótt eg þykist vera fremur varfærinn. H. þm. (Sighv. A.) hélt að almenningur mundi verða myrkfælinn við mál þetta. Það getur verið að sumum þyki í nokkuð mikið ráðist, því að menn eru alment varfærnir hér, þegar til stórræða kemur. Menn voru líka hræddir fyrst í stað, þegar landsbankinn var stofnaður og farið var að gefa út seðlana. Þetta er eðlileg afleiðing af því, hvað takmörkuð þekking manna er út á við, og því, hve lítilsigldir vér erum. En eg lít svo á, að þótt ýmsir mundu fremur kjósa að þokast áfram skref fyrir skref, eða jafnvel helzt að standa í stað, þá sé almenningur þó svo aðþrengdur nú af vandræðum og peningaskorti, að hann muni taka fegins hendi hverju því, er líkindi sýndust fyrir að minkaði vandræðin, svo að eiginlega held eg að ekki þurfi mjög að óttast myrkfælni manna við málið svo alment, að

það verði að tjóni. H. þm. (Sighv. A.) sagði, að frumv. það um nýja seðlaútgáfu, sem hér var samþykt í gær, mundi bæta úr vandræðunum, Eg hefi nú ekki mikla trú á því að svo verði. Eg gjöri ráð fyrir, að eftir ein tvö ár verði seðlarnir komnir út og suður og ástandið orðið svipað og nú, nema því að eins að ný peningastofnun komist á fót í landinu sjálfu.

H. þm. (Sighv. A.) gat þess um leið, að líklega mundi seðlaaukningin ekki hjálpa mikið verzluninni. En það tel eg illa farið. Það eru ekki einungis kaupmenn sem gjalda þess, þegar verzlun er örðug viðfangs, heldur kemur það niður á öllum landsmönnum, á öllum sem við kaupmennina skifta, því að því verri kjörum sem kaupmennirnir sæta, því verri kjör verða þeir að veita skiftavinum sínum. Það er því afar þýðingarmikið fyrir alla landsmenn, að greitt sé fyrir verzluninni.

Að endingu skal eg lýsa því yfir, að eg mun vera með frumv. þessu, ef brtill. h. nefndar komast inn í það, og aðrar þær breytingar til bóta, er síðar kunna að koma fram.

Jón Jensson: Eg ætlaði að lýsa ánægju minni yfir þeirri niðurstöðu, sem nefndin hefir komizt að í áliti sínu, nefnilega þeirri, að málið verði ekki leitt til lykta á þessu þingi. Eg er samdóma nefndinni í þessu, en — því miður — það er eins og hún sé sér ekki þessarar niðurstöðu meðvitandi, því háttv. framsögum. hennar og aðrir háttv. þingm. eru alt af að gjöra ráð fyrir, að frumv. taki þessum og þessum breytingum við 2. umræðu í málinu. — En sé það nú meining nefndarinnar, að ekki sé ráðlegt að ráða málinu til lykta, þá er ekki annað vænna en að leggja það á hylluna, og það er vanalega gjört með því, að fella það frá umræðu, og meðan mér er ekki bent á annan veg (*Margir*: Það má taka það út af dagskrá) —, þá greiði eg atkvæði mitt á móti frumv.

Eg skil það svo, að háttv. deild vilji fella málið. En að þingið ætli að fara að tefja sig á máli, sem það ætlar ekki að láta ganga fram, það get eg ekki ætlað. Það hefir oft verið talinn stór ókostur á öðrum málum, t. d. stjórnarskrármálinu, að það kostaði þingið svo mikinn tíma að ræða það, og þó hefir tilætlunin með það mál ávalt verið að leiða málið til lykta, eins og þingið vildi ganga að því. Með þetta mál er öðru máli að gegna. Hér er ekki séð eftir tímanum.

Það hljómar einstaklega vel, og er fallegt að heyra, að þetta mál eigi að taka til rækilegrar íhugunar, — en sá er gallinn á, að það er enginn hér, sem hefir nægilegt vit á málinu. Við erum þó ekki komnir hér saman, að eins til að æfa okkur í að halda ræður. Eða erum við komnir til þess að læra hér bankafræði? Eg segi fyrir mig, að eg færi þá heldur á bókasafnið, og fengi mér lánaða bók um þetta efni. Það er miklu girnilegra til fróðleiks, heldur en hlusta hér á fyrirlestra manna, sem byrja með að segja, að þeir hafi ekkert vit á málinu, og hafa svo sannað þetta í lok ræðu sinnar. Mér gremst það að heyra þessa menn halda hrókaræður um bankafræði, menn, sem sumir hverjir halda nú í dag fram kenningu um bankann, sem er alveg gagnstæð þeirri, er þeir börðust fyrir með hnúum og hnefum fyrir hálfum mánuði síðan. Eg er í standandi vandræðum með að ráða í meininguna hjá mönnum þessum, hvað þeir vilja í raun og veru, en eg held mér til tillögu nefndarinnar, sem kemur fram í áliti hennar, og greiði

atkvæði gegn því, að málið gangi nú fram.

Valtýr Guðmundsson: Það hefir oft verið tekið fram, að þetta væri þýðingarmikið mál, og eg verð að taka undir það. Eg man eftir, að þegar eg fyrir nokkurum árum las John Gabriel Borkman, leikrit eftir Henrik Ibsen, heimsins mesta núlifandi leikritaskáld, þar sem talað er um að leysa hinar mörgu miljónir gulls, sem liggi bundnar í fjöllunum, þá datt mér í hug, að gaman væri fyrir okkur Íslendinga að eiga mann, sem gæti leyst úr læðingi þær miljónir, sem liggja í landinu okkar og umhverfis það, og einkum þar sem eina peningastofnunin, sem við höfum, gjörir fremur að binda fé en leysa. Í jarðveginum okkar, í fossunum og í sjónum umhverfis landið liggja ótæmandi auðsuppsprettur bundnar, og öflugasta meðalið til að leysa þær væri öflug peningastofnun; því okkur vantar kapital, það vita allir, og þó við höfum menn, dugar það lítið meðan fé vantar til að vinna með. Og þetta er viðurkent hjá öllum þjóðum, að nauðsynlegt sé að fá útlent kapital. — Danmörk t. d. er tiltölulega ríkasta landið hér í álfu, næst eftir England, og þó keppast menn við að fá sem mest útlent kapital inn í landið til að vinna með. Megnið af því fjármagni, sem 2 stærstu félögin í Danmörku starfa með, »sameinaða gufuskipafélagið« og »stóra norræna ritsímafélagið«, er útlent fé, en yfirráðin eru dönsk og verkamennirnir danskir, og þess vegna græðir landið ósköpin öll á þessu, en útlendingarnir, sem leggja til fé, græða líka, því fyrirtækin margborga sig. — Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þetta bankamál er annað mesta framfaramálið hjá okkur, en hitt ritsíminn. Þetta tvent, bankinn og ritsíminn, gætu samhliða orðið til framfara fyrir land og þjóð, sem okkur varla dreymir um. — Oft heyrist talað um það, að verzlunin okkar sé bundin á klafa hjá Dönum. Hver maður, sem byrjar verzlun hér, verður oftast að taka lán hjá dönskum peningamönnum, og fá þeir þetta lán með því skilyrði, auk þess að þeir greiða háa vexti af fénu, að láta þessa menn selja og kaupa allar sínar vörur, svo þeir geti haft sem mestan hagnaðinn. Af þessu leiðir svo, að þeir geta sjaldan komist svo í efni, að þeir geti losað sig frá þeim mönnum, sem veittu þeim lánið, því að hagnaðurinn lendir mest í höndum þeirra. Og þeir fáu, sem verða sjálfstæðir, sitja í Kaupmannahöfn og eyða fé sínu þar. En þessi bönd mundi bankinn losa. Hann mundi lána þeim, sem verzlun byrja, upp á tiltrú, og geta þeir þá farið með peninga sína til að kaupa fyrir til Noregs, Englands eða Þýzkalands, eða hvert á land, sem þeir vilja. — Þetta er sá eini vegur til að koma upp verulega óháðri, íslenzkri verzlun. —

Vöruskiftaverzlunin hefir lengi verið eitt af okkar mestu meinum. Af henni leiðir það, hve háðir bændurnir verða kaupmönnum, óeðlilega hátt verð á útlendu vörunni, og ýmislegt ólag. — Gætu menn nú fengið lán hjá bankanum, gætu þeir verzlað við hvern sem þeir vildu, losað sig af klafa einstakra kaupmanna, og staðið sem frjálsir menn gagnvart þeim.

Þetta mundi því verða til þess, að vöruskifta-verzlunin legðist niður, og er erfitt að gjöra sér hugmynd um, hvaða breytingum til framfara það gæti valdið.

Eg tók það fram, að bankinn mundi leysa bundna krafta; hann mundi styðja fiskiveiðar, iðnað og jarðræktar-fyrirtæki, með því að útvega hlutafélögum, er störfuðu að slíku, fé til þess, og það

meira fé en hann hefir sjálfur til beinna umráða, og þegar bankinn gengst fyrir að útvega fé til slíkra fyrirtækja, þá mundu aðrir út í frá fremur fá traust á þeim, og verða fúsari á að leggja fé í þau.

Þar sem nú svo margt mælir með þessari stofnun, get eg ekki skilið annað, en hún hljóti að vera áhugamál þingsins. En þrátt fyrir það hefir mér frá fyrstu ekki dulist, að þetta er hið mesta vandamál.

Nefndin hefir nú reynt að íhuga það svo vel og vandlega, sem hún hefir getað, og setja inn þau ákvæði, er henni þóttu nauðsynleg, en auðvitað getur henni hafa yfirsést.

Háttv. þingm. Rvík. (J. Jenss.) þótti undarlegt að kasta tíma í að ræða þetta mál, ef það samt sem áður ætti ekki fram að ganga á þessu þingi. — En þó frumv. gangi ekki í gegn nú, getur verið mikið hagræði að því að ræða það sem bezt og undirbúa, svo að stjórnin og þeir menn, sem fyrir þessu gangast, þekki skoðanir þingm., og geti því búið málið sem bezt undir næsta þing. Og það finst mér mjög mikill árangur.

Þá skal eg snúa mér að einstökum athugasemdum, sem fram hafa komið.

Háttv. þingm. Rvík. (J. Jenss.) fellir sig ekki við, að ráðgjafi Íslands sé formaður bankaráðsins, og er hann hræddur um, að þar liggi pólitísk hugsun á bak við. En eg er hræddur um, að hinn háttv. þingm. Rvík. (J. Jenss.) hafi ekki hugsað nógu langt fram í tímann. 90 ár er langur tími, og nú er það áhugamál bæði hins háttv. þm. og annara að fá ráðgjafa, er sé búsettur hér í Reykjavík, og hver veit nema það verði komið á, áður en sá tími er útrunninn, og þá væri óheppilegt að hafa ákvæðin þannig, að ráðgjafinn mætti ekki sitja í bankaráðinu.

Í annan stað er svo tilætlast, að bæði megi halda bankaráðsfundi hér og í Kaupmannahöfn, og er þá óviðkunnanlegt, að landshöfðingi ætti að gefa ráðgjafanum umboð, þar sem aftur hitt er mjög eðlilegt, að ráðgjafinn geti fengið landshöfðingja umboð.

Þá talaði hinn háttv. þingm. Rvík. (J. Jenss.) um, að komið gæti fyrir, að okkar menn yrðu forfallaðir, þá er aðalfundur yrði haldinn í Kaupmannahöfn, og gætum við því farið hall-loka. — En eg vil benda á það, að á aðalfundi er það ekki bankaráðið, heldur hluthafar, sem hafa atkvæðisrétt. Nú eiga Íslendingar að hafa $^3/_5$ af atkvæðafjöldanum, og gjörir því ekkert, þótt ekki mætti nema nokkur hluti bankaráðsins.

Eg skal nú ekki fara langt út í hinar ýmsu athugasemdir.

Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) svaraði sér sjálfur um hættuna við að starfsféð væri útlent.

Þar sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um, að bankinn borgaði engan progressivan skatt, þá hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að í raun og veru sé skatturinn progressiv, þar sem ætlast er til að bankinn greiði varasjóði 10% af ágóðanum, eftir að hluthafarnir hafa fengið 4%.

Nú þegar fram líður og bankinn græðir meira fé, hlýtur varasjóðsgjaldið að vaxa í hlutfalli við gróða bankans, af því það er greitt í procentum.

Eg er og samþykkur háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að nefndin hefir ekki athugað nógu vel, að bankinn gæti orðið fyrir áföllum, svo að varasjóðurinn yrði ekki 1 miljón eftir 20 ár, og er því nauðsynlegt að setja inn ákvæði um, að tillagið skuli renna í varasjóðinn, unz hann er orðinn nógu stór aftur.

Eg er og alveg samþykkur háttv.

þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) í að nauðsynlegt sé, að slá varnagla við því, að gangverð hlutabréfa bankans verði ekki sprengt upp, áður en bankinn kaupi þau.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hugði það ekki rétt athugað, að þingið gæti lagt veðband á kirkjujarðir. En þetta mun þó rétt vera. Þetta má auðvitað gjöra með lögum. Það getur auðvitað verið spursmál um eignir einstakra manna, ef upp á sliku væri stungið, en þó eignarrétturinn sé friðhelgur, þá er hér um almenningsheill að ræða. — Þó stjórnin geti ekki administrativt lagt veðband á kirkjujarðir, getur hún ekkert haft á móti því, að það sé gjört með sérstökum lögum, þær mundu ekki lækka í verði fyrir það, og má eins taka þær í veð eftir sem áður. —

Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en eg álít þetta svo þýðingarmikið mál, að æskilegt væri, að sem flestir þingmenn tækju til máls í því, og kæmu fram með athugasemdir sínar, svo það yrði sem bezt búið undir næsta þing, þótt það verði ekki útkljáð á þessu þingi.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 26, 419, 467); 18. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það hafa komið all-margar breyt.till. frá nefndinni við þetta frumvarp, og skal eg leyfa mér að fara nokkurum orðum um þær. — Það er að nokkuru leyti gjörð grein fyrir þeim í nefndarálitinu sjálfu, en þó ekki svo, ef til vill, að háttv. þingmönnum sé það ljóst, á hvaða ástæðum þær eru bygðar.

Breyt.till. við inngang frumvarpsins skoða eg ekki nema sem orðabreyting. Önnur þeirra er innifalin í því, að fyrir orðin »að veita félagi« komi »að veita hlutafélagi«; en hin, að fyrir »ráðaneytinu« komi »ráðaneytinu fyrir Ísland«. Nefndin rak sig á það, bæði utan þings og innan, að menn hneyksluðust á þessu orði »ráðaneytinu«, og skildu það svo, sem hér kynni að vera talað um eitthvert annað ráðaneyti, en ráðaneyti Íslands, og þetta hneykslí vill nefndin laga.

Annar misskilningur, sem hefir komið fram, er það, að seðlagáfu-rétturinn yrði seldur í hendur þeim mönnum, er gangast fyrir þessari bankastofnun; en það er auðvitað ekki meiningin, heldur að hann skuli fenginn því félagi, sem þeir stofna eða hlutafélaginu, og að nefndin vildi þess vegna setja það skýrt inn í frumvarpið, að það er félagið, en ekki mennirnir, sem fær þessi einkaréttindi.

3. breyt.till. er að eins til skýringar, og er nauðsynleg þess vegna, að ef að landssjóður er látinn vera hluthafi í þessum banka, þá er ekki nóg að taka það fram, eins og er í frumvarpinu, að almenningur á Íslandi hafi forgöngurétt.

4. breyt.till. er að eins til að gjöra greinina ljósari.

Meining greinarinnar er nefnilega sú, að þeir, sem vilja gjörast hluthafar í bankanum með jörðum sínum, setja þær í bankann og fá í staðinn hlutabréf, et þeir setja 20% af verði jarðarinnar í veð; af þessum hlutabréfum fá svo hluthafarnir árlega vexti, en bankinn verður að fá 4% í rentu hja hluthöfunum. — Það lítur nokkuð illa út í fyrsta áliti, að landssjóður eigi að ábyrgjast bankanum þessa 4%, en ef vel er að gáð, get eg ekki séð, að það sé nokkur hætta á, að það verði nokkur byrði fyrir landssjóð, því að þessir sömu menn, sem setja jarðir í bankann, fá vexti af

sínum hlutabréfum, og þeir koma á móti vöxtunum af skuldabréfunum, svo það er engin hætta á því, að landssjóður verði fyrir nokkurum útlátum.

5. breyt.till. ákveður, að landssjóður hafi rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, er nemi tveim miljónum; þetta ákvæði er sett sem trygging fyrir því, að fé verði innlent.

Eg hefi áður vikið nokkuð að þessu efni, og tekið fram við framh. 1. umr. þessa máls skoðun mína og nefndarinnar gagnvart þeirri mótbáru, að það mundi ekki heppilegt fyrir landssjóð, ef hann gjörðist hluthafi í bankanum. Sömuleiðis lét eg í ljósi skoðun nefndarinnar um, að það væri enginn ómöguleiki að útvega það fé, sem til þess þyrfti, og skal eg því eigi fjölyrða um það nú.

6. breyt.till. er mikil efnisbreyting, þar sem það er lagt til, að hlutafé bankans skuli fyrst um sinn ekki vera meira en 5 miljónir. Nefndin álítur að bankinn geti eins byrjað fyrir því, þó hlutaféð sé ekki 6 miljónir heldur 5 miljónir.

Annað ákvæði í sömu breytingartill. fer fram á að banna, að útlendingar geti haft meira en $^2/_5$ af hlutafénu, og er það svo að skilja, að ef landssjóður þannig á 2 miljónir, og aðrir Íslendingar eina miljón, þá mega útlendingar ekki hafa nema 2 miljónir. Eins ef landssjóður skyldi ekki geta átt eða vilja eiga nema 1 miljón og aðrir Íslendingar ekki nema hálfa miljón, þá verður það fé, sem útlendingar eiga, að sama skapi minna; þeir mega ekki leggja nema $^2/_5$ á móti því, sem kemur frá Íslandi.

Nefndin áleit, að þótt þetta ákvæði væri sett, þá mundi varla hætt við að bankinn fengi svo lítið starfsfé að byrja með, að það mundi ekki nægja Íslendingum, sérstaklega þegar þessi banki hefir seðla-útgáfurétt.

Eg skal í sambandi við þetta geta þess, að eg hefi heyrt menn efast um það, að Íslendingar muni geta tekið hlutabréf fyrir 1 miljón kr.; en eg skal taka það fram, að eg fyrir mitt leyti efast ekki um, að það mundi hægt að fá þessa upphæð í innlendum hlutabréfum. Eg ímynda mér að það séu margir jarðeigendur, sem mundu nota jarðir sínar á þennan hátt við bankann, og þær jarðir, sem þegar eru komnar í landsbankann, ímynda eg mér að mundu komast yfir í hlutafélagsbankann síðar.

Aftur á móti er ógreiðara fyrir menn, sem hafa jarðir sínar í veðdeildinni, að setja jarðir sínar í Íslandsbankann, þar sem veðdeildin lánar ekki nema gegn 1. veðrétti.

Til þess að hjálpa þessu við, er að mínu áliti réttast að nema það ákvæði aftur úr lögum, og láta það ótiltekið, með hvaða veðrétti veðbankadeildin láni; veðið getur verið eins gott fyrir það, þó það sé skert um 20% af upphæð virðingarverðsins, enda jafn-óðum og lánið borgast í veðdeildinni minkar það sem hvílir á jörðinni.

Menn mundu á þann hátt geta brúkað jarðir sínar sem grundvöll fyrir hlutabréfunum í Islandsbanka, eins þó þær væru veðsettar í veðdeild landsbankans.

7. breyt.till. er engin efnisbreyting, hún er að eins til að gjöra 3. grein skýrari en hún var. —

Breyt.till. 8—14 eru ekkert annað en orðabreytingar.

15. breyt.till. er mikil efnisbreyting. Það er ákveðið í upprunalega frumv., að Íslandsbanki skuli taka að sér eignir landsbankans og innleysa seðla hans; og varasjóður og allar skuldlaus-

ar eigur hans skuli renna í varasjóð Íslandsbanka.

Breyt.till. nefndarinnar fer aftur á móti fram á það, að Íslandsbanki taki að sér útborgun á skuldum landsbankans og innköllun á útistandandi eignum hans, og er ætlast til að landssjóður fái alt sem afgangs er, og líka varasjóðinn.

Eg skal í sambandi við þetta, af því eg hefi orðið var við, að sumir eru hræddir um, að þetta mundi hafa illa afleiðingu fyrir hina núverandi lántakendur í landsbankanum, taka það fram, að það er engin hætta á því, að það gæti haft nokkurar vondar afleiðingar, því að þótt Íslandsbanki hafi þetta á hendi, þá getur hann engum þeim samningum breytt, sem komnir eru á milli lántakanda og landsbankans. Lántakandi hefir sína skuld og sitt veð, og viðskifti hans við Íslandsbanka verða alveg hin sömu eins og verið hafa við landsbankann.

16. breyt.till. er ekkert annað en orðabreyting.

17. breyt.till. er um það, að veðdeildin skuli sett í samband við Íslandsbanka, ef hún verður sett á stofn.

Sem mína persónulegu skoðun vil eg taka það fram, að eg álít að veðdeildin ætti að vera sérstök stofnun, þegar þessi Íslandsbanki er kominn á fót. En eg vil ekki gjöra neinn ágreining út af því.

18. breyt.till. er nokkuð mikil breyting frá því, sem er í frumvarpinu. — Frumv. gjörir ráð fyrir, að landssjóður hafi engan arð af seðla-útgáfunni um þessi 90 ár, en í þessari 18. breyt.till. er það áskilið, að þegar varasjóður Íslandsbanka er orðinn 1 miljón kr., eða þá að minsta kosti eftir 20 ár, þá verði látin renna óskert í landssjóð upphæð sú, sem eftir reglugjörð bankans er ákveðin varasjóði.

Við nánari athugun virtist nefndinni nú þetta nokkuð ósanngjarnt, þar sem afleiðingin yrði sú, að ef varasjóðurinn yrði fyrir einhverjum óhöppum eftir 20 ár, þannig að hann minkaði, þá getur hann aldrei náð sér aftur.

Hefir nefndin því komið með breyt.-till., sem er eins og dálítill meðalvegur, að svo framarlega sem að varasjóður bankans hafi eftir 20 ár ekki náð 1 miljón kr., eða verði síðar fyrir einhverjum óhöppum, þá gangi ekki nema helmingur af varasjóðsgjaldinu í landssjóð, en hinn helmingur til að bæta við varasjóð, unz hann er kominn upp í 1 miljón, en félli síðan óskert til landssjóðs.

Það hafa heyrst mótbárur gegn þessum ákvæðum um varasjóðinn. Mönnum hefir virzt, að þessi upphæð væri of há, og ætlað að það liði svo langur tími, þar til hann yrði 1 miljón króna. Einnig hefir það komið fram, að þessi 1 miljón kr. væri óþarflega hár varasjóður, og eg skal játa það, að nefndin áleit, að þessi upphæð væri kannske nokkuð há, og að bankinn hefði nægilega tryggingu, þó varasjóðurinn væri lægri.

Þannig eru margir útlendir bankar, sem hafa í sínum reglugjörðum ekki nærri eins ströng ákvæði um varasjóð. Nationalbankinn í Danmörku hefir 3 miljóna varasjóð en 27 milj. stofnfé; varasjóður er þar $^1/_9$ af stofnfénu. I Landmandsbankanum er hann $^1/_3$, í verzlunarbankanum í Kaupmannahöfn ekki nema $^1/_6$. Nefndin gæti gjarnan séð, að það kæmi fram tillaga um að breyta þessu, án þess þó að nefndin vilji gangast fyrir því að það sé gjört.

Aftur á hinn bóginn er náttúrlega ó-

mögulegt að segja, hvenær varasjóður Íslandsbanka mundi vera orðinn 1 miljón kr., slíkt er komið undir mörgum atvikum; en eg álít að þess mundi ekki mjög langt að bíða, að Íslandsbanki fengi nokkuð mikinn varasjóð. Hann mundi setja sig í það samband við banka í Danmörku, að seðlar hans mundu ganga eins í Danmörku eins og hér á landi, með fullu ákvæðisverði, og mundi hann því geta gefið út mikið af seðlum; það er óhætt að segja eins mikið og hlutabréfin væru trygging fyrir, og að því leyti fljótt gefa arð. Eg skal geta þess, að verzlunarbankinn í Danmörku, sem hefir 12 miljónir króna í stofnfé og ekki seðlaútgáfurétt, hann hefir verið 25 ár að safna 1 milj. í varasjóð. Eftir því ætti Íslandsbanki, með seðlaútgáfurétti, ekki að verða mjög lengi að safna sömu upphæð, þó starfsféð sé helmingi minna. En eðlilega er slíkt óvíst, og ómögulegt að segja neitt um það með vissu·

Frá 19. br.till. og alt að 25. br.till. eru það mest orðabreytingar, sem nefndin hefir gert við frumv., þó er ein br. till., nl. 22, sem er mjög þýðingarmikil, þar sem hún fer fram á, að bankinn skuli hafa aðalskrifstofu sína og varnarþing í Reykjavík. Þetta finst nefndinni vera mjög þýðingarmikið, og eg vona að háttv. þingm. komi sér saman um, að það sé nauðsynlegt ákvæði.

Þá kemur 25. brtill. við 18. gr. frv. Aðalbreytingin er hér sú, að nefndin vill að landshöfðingi sé varamaður og gangi að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er ekki viðstaddur, þar sem það er ráðgjafinn einn í hinu upprunalega frumv., sem er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins. Þar sem nefndin fer því fram, að aðalfundir séu aðallega haldnir í Reykjavík, þá áleit nefndin það sjálfsagt, að landshöfðingi væri skipaður til að vera varamaður.

I sambandi við þetta skal eg taka það fram, að í reglugjörð þeirri, sem bankamennirnir útlendu hafa samið og lagt fyrir alþingi, stendur í 18. gr., að enginn geti orðið fulltrúi í bankaráðinu nema hann sé hluthafi í félaginu. Þetta finst nefndinni of bindandi, að því er þá fulltrúa snertir, sem alþingi kýs; henni virðist það of bindandi fyrir alþingi, að það mætti ekki kjósa hverja þá er það vildi. En þegar bankamönnunum var bent á þetta, tjáðu þeir sig fúsa til að breyta þessu þannig, að þingið þyrfti ekki að binda hendur sínar í þessu efni. Það væri ef til vill heppilegra, að ákvæðið um þetta væri tekið upp í lögin, og eins getur verið um fleira, sem nefnt er í reglugjörðinni, t. d. ákvæðið um það, hvar þessir fulltrúar eiga að búa. Í reglugjörðinni er tiltekið, að 3 af fulltrúum þeim, er alþingi kýs, skuli vera í Reykjavík, en hinir 2 í Kaupmannahöfn. En nefndin gat ekki skilið, að alþingi væri skylt að binda sig svo, að 2 af fulltrúunum skyldu búa í Kaupmannahöfn, og virðist það koma í bága við það »princip«, sem hún vill halda fram í þessu máli, að bankinn sé sem mest innlend stofnun. Heppilegra virtist því að hafa það ótiltekið, hvar bústaður fulltrúa skyldi vera, enda hafa bankamennirnir tjáð sig því ekki mótfallna.

Að því er snertir viðaukatill. frá nefndinni við 25. till. við 18. gr. frv., sem fer fram á það, að alþingi kjósi á hverju þingi 2 menn til 2 ára, er mæta skuli á aðalfundum fyrir landssjóðs hönd, þá áleit nefndin nauðsynlegt að setja ákvæði um þetta í frv., þar eð ekki er neitt um það talað í reglugjörðinni, hvort landssjóður hefði rétt til þess að láta mæta fyrir sig, ef hann gerðist hluthafi, eða hver skyldi mæta. Af reglugjörðinni sést það, að hver sem

á hlut upp á 100 kr. í félaginu, hefir 1 atkvæði og að stærri hlutabréf gefa rétt til svo margra atkvæða, sem hundruðin í hlutabréfunum eru mörg. Það sést því ljóslega, að ef landssjóður á hlutabréf fyrir 2 miljónir kr., þá eru það eigi fá atkvæði, sem þessir menn hafa. Fyrir þessar 2 miljónir koma 20,000 atkv, eða 10,000 atkv. á hvorn mann; gætu þeir því ráðið lögum og lofum á aðalfundum; og þar sem alþingi á að kjósa 5 fulltrúa í bankaráðið, en aðalfundur 5, sem þessir landssjóðsmenn hljóta að ráða kosningu á, þá er það ljóst, að alþingi í raun og veru getur ráðið bankanum og öllu hans ráðlagi algjörlega.

26. brtill. nefndarinnar miðar til þess með tímanum að gera bankann að þjóðbanka. Það sem mest hefir verið haft á móti þessari bankastofnun er það, að þetta sé útlend stofnun, að mikið af fé bankans sé útlent, og að því mundi fremur verða varið til þess að spekúlera í öðrum löndum heldur en í landinu sjálfu, eða atvinnuvegum þess og verzlun til viðreisnar. En þar sem landið er ekki svo öflugt, að það geti sjálft sett svona banka á stofn, en á hinn bóginn nauðsyn er á því, að fá öfluga peningastofnun inn í landið, verður að nefndarinnar áliti að fá útlent fé til hjálpar fyrst í stað. En þegar tímar líða fram og þessi stofnun er búin að gera okkur nógu öfluga, þá eigum vér sjálfir að eignast þessa stofnun, og þess vegna er líka nauðsynlegt að slá þennan varnagla; skylda er engin í þessu fólgin fyrir landssjóð, en réttur að eins.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir komið með eina brtill. á þingskj. 475, og vil eg mæla með að hún sé samþykt.

Skal eg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Landshöfðingi: Eg stend ekki upp til þess að gefa þinginu neinar leiðbeiningar í þessu máli, því til þess vantar mig nægilega þekkingu á málinu. Og það fer eins fyrir mér, eins og háttv. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði um sig við 1. umr., að mig sundlar við að heyra talað um allar þessar miljónir.

Því ber ekki að neita samt sem áður, að slík stofnun, sem frumv. þetta hljóðar um, gæti gert mikið gagn fyrir verzlunina, fyrir sjávarútveginn og til þess að koma á fót ýmsum stofnunum í landinu, sem gæti orðið til mikils hagræðis fyrir það, en sem kostuðu mikið fé.

En á hinn bóginn get eg ekki gert mér miklar vonir um, að slík peningastofnun yrði til mikils hagnaðar fyrir landbúnaðinn. Held ekki að hann gæti haft mikinn hag af bankanum, að minsta kosti ekki með lánum, því eg hygg, að það sé tilgangurinn með bankann, að festa fé hans í lánum gegn fasteignarveði með löngum afborgunarfresti. Þar að auki tel eg það efasamt, hvort það væri svo heppilegt fyrir landsmenn, að þeir hefðu greiðan aðgang að því að fá lán, því reynslan sýnir, að þau eru ekki ávalt svo fljót að borga sig, það eru ýmsir erfiðleikar á því; afleiðingin af því, að lánin borga sig svo illa, verður eftir minni hyggju sú, að bændurnir sökkva dýpra og dýpra niður í skuldasúpuna og geta ekki framar haldist á jörðum sínum, og það gæti ekki orðið heppilegt fyrir landbúnaðinn.

Það er eitt einstakt atriði, sem eg ætla að minnast sérstaklega á, og sem mér finst varhugavert. Viðaukatill. frá nefndinni við 25. till. fer fram á það, að alþingi skuli á hverju þingi kjósa 2 menn til tveggja ára, er mæta skuli á aðalfundi fyrir landssjóðsins hönd,

ef hann gerist hluthafi að hlutabréfum fyrir 2 miljónir kr. Háttv. framsm. (Þ. Th.) tók það fram, að þessir 2 menn gætu svo ráðið lögum og lofum í bankaráðinu. Er þetta holt? Mér finst þetta mjög svo varúðarvert. Kosningin getur mistekist hjá alþingi. Þessir 2 menn, þegar þeir ráða svo miklu á aðalfundi, gætu kosið sjálfa sig fyrir fulltrúa og líka ráðið kosningu hinna fulltrúanna, svo að enginn yrði fulltrúi, sem ekki skuldbindi sig til að fylgja þeim að öllum málum. Með þessu móti gætu þeir fengið vald yfir öllum þeim málum, sem fulltrúaráðið á að hafa afskifti af, og þannig líka ráðið kosningu bankastjóranna. Þetta finst mér glæfralegt og eg skil ekki í, að nokkur maður vilji leggja fé sitt í hlutabréf þess banka, sem þannig er ofurseldur geðþekni 2 ábirgðarlausra manna. Og eg vil biðja menn um að athuga þetta og gæta að, hvort þetta muni vera ráðlegt.

Háttv. framsm. gat þess líka, að tekið væri fram í reglugjörð þeirri, er útbýtt var hér á þinginu, að altaf ættu 5 af fulltrúaráðinu að vera búsettir hér í Reykjavík, en hinir 5 í Kaupmannahöfn. Með þessu er einnig þessum 2 mönnum gefið mikið vald. Ef til dæmis annar þeirra sæti í Kaupmannahöfn en hinn í Reykjavík, þá mundi þeim innan handar að hafa fulltrúana á hvorum staðnum um sig sér hliðholla.

Það hefir verið tekið fram, að málið lægi hér fyrir, fremur til þess að verða rætt, en að von væri um að því yrði ráðið til lykta, og álít eg það heppilegt að svo verði ekki, ekki sízt, þar sem þess hefir verið getið, að ýmsa háttv. þingmenn vantaði þekkingu á málinu, og að það þurfi rækilegrar íhugunar við. En eg verð að álíta það gott og gagnlegt að málið sé rætt, því þá getur stjórnin haft tíma til að íhuga málið og leita álits bankafróðra manna, og þá einnig tekið tillit til þeirra athugasemda, sem hér hafa komið fram. Gæti líka verið, ef ástæða þætti til að flýta málinu sem mest, að stjórnin fyndi ástæðu til að stofna til aukaþings.

Sighvatur Árnason.: Eg hafði ásett mér við þessa umræðu að leggja spurningu fyrir háttv. deild, og sérstaklega nefndina, og það var sú spurning, hvaða gagn menn hugsuðu sér, að gæti orðið af þessari stofnun fyrir landbúnaðinn. Það mátti heyra á ræðu hæstv. landshöfðingja, að hann hafði einnig hugsað um þetta. Eg held, að þegar ræða er um svona stofnanir, sem hafa eiga margar miljónir í starfsfé, þá þyrfti að vera hafður fyrir augum sýnilegur hagur fyrir atvinnuvegi landsins.

Eg get nú skilið það, að svona lögð stofnun getur orðið til mikils gagns fyrir verzlunina og enda máske sjávarútveginn, þannig að þilskipaútvegurinn aukist og eflist, því ekki er ólíklegt að þau þilskip, sem vátrygð eru, gætu orðið að veði fyrir lánum til þilskipakaupa. Þilskipaeigendur munu ekki nærri allir vera fasteignamenn, og máske, ekki heldur þeir, sem hér eftir vilja gefa sig að þilskipaútvegi. En þegar litið er til landbúnaðarins, þá er ekki hægt að sjá, að bændur hafi nokkurn verulegan hag af þessari stofnun, aðrir en fasteignamenn. Getur reyndar verið að það verði eftir reglugjörðinni, sem samin verður, þó það sé ekki komið í ljós enn þá, að sjálfskuldarábyrgð, sveitafélög eða annað því um líkt nægi til þess að geta fengið lán til gagnlegra fyrirtækja. En það sjá allir, að það er ekki nóg að styðja eingöngu fasteignamenn með slíkri stofnun, því það eru ekki eingöngu þeir, sem þarf að hafa tillit til, heldur verður að styðja að því, að sem flestir geti haft not af

stofnuninni til gagnlegra fyrirtækja landbúnaðinum viðvíkjandi, bæði til jarðabóta o. fl. Bæði er það, að þeir eru fleiri, sem ekki eiga fasteign, en hinir aftur á móti tiltölulega miklu færri, sem eiga fasteign, og að þau gefast dæmin, að jarðeignamennirnir eru ekki yfirleitt fúsari á að leggja í sölurnar fyrir jarðir sínar heldur en leigulíðarnir sjálfir. Eftir þessum bankalögum er ekki hægt að sjá annað, en að beinlínis þurfi föst veð, og verð eg þá að álíta, að þetta sé naumast leiðin til að bæta landbúnaðinn. Eg vildi gera þessa athugasemd og beini henni til nefndarinnar. Eg skal fúslega játa það, að nefndin hefir sýnt áhuga á því að beina þessu máli i gott og rétt horf, og eg álít ekki nema gott að það sé rætt.

Svo vil eg taka fram enn á ný, sem eg tók fram við 1. umr., að þetta kapital er voðalega hátt, þegar verið er að tala um að taka 3. miljóna kr. lán af landsins hálfu. Það vita allir, að það er nýmæli hér á þingi að taka lán upp á landið, og eg held að það hafi aldrei komið fram fyrri; en nú á að fara að taka 3. miljóna lán. Eg held nú að óþarflega stórt sé á stað farið, þó þörfin sé mikil til að gjöra eitthvað verulegt, og að vel mætti draga dálítið inn seglin, og vildi eg því beina þeirri till. til deildarinnar og nefndarinnar, að breyta nú 5 miljónum í 3 miljónir, þannig að 2 séu frá landsins hálfu en 1 frá hinum.

Eg verð að segja, eftir dæmum, sem við höfum séð og reynt, að þegar menn hafa ráðist í eitthvað stórt, þá hafa sumir tekið munninn fullan og stigið stór stig strax, og svo hrapað innan skamms, en aðrir tekið lítið stig fyrst og þokað sér áfram smámsaman og tekist ávalt betur. Sérstaklega hefir mátt sjá þetta á verzlunarmönnum, að þeir hafa sumir fallið fljótt, sem stórt hafa stigið strax í byrjuninni, og enda flestir, að eg ekki segi allir, svo að eftir nokkur ár hefir verið lokað hjá þeim, þar sem aðrir hafa byrjað smátt og fetað sig svo smámsaman áfram og orðið að lokum með efnuðustu kaupmönnum. Mér finst hér mjög líkt ástatt, þegar nú á að fara að byrja á óþektu máli með óþektum mönnum, og taka svo stórt spor í byrjun. Eftir mínum veika skilningi ætti að byggja á reynslunni. Þegar þessi stofnun færi að sýna það, að hér væri um gróðaveg að ræða til framfara, þá skilst mér, að mætti feta sig áfram og stíga þá stærra spor í áttina. Geti einhver bent mér á annan réttari skilning, þá skal eg taka því með þökkum, en eg fæ ekki betur séð, en að þannig væri hyggilegast að farið. Það hljóðar svo gamalt máltæki, »að gjöra skuli ráð fyrir því illa, því það góða skaði ekki«.

Gjörum nú ráð fyrir að haldið væri áfram með þessar mörgu miljónir, og ekki snúið aftur fyr en í fulla hnefana og alt væri komið í ófæru, hver yrði þá afleiðingin? Þessu má gera ráð fyrir. Væri nú kapitalið $^2/_5$ minna, þá er áhættan $^2/_5$ minni og $^2/_5$ hægra að ráða fram úr, ef illa tækist til. Eg ætla nú ekki að fjölyrða frekar um málið, en álít of stórt á stað farið, þó ekki sé byrjað með meiru en 3 miljónum.

Eg hefi hugsað mér að reyna að fylgjast með í skýringum á málinu til hins síðasta stigs, og þangað til mun eg gefa því atkvæði mitt, því eg álít það vel þess vert að vera rætt ítarlega, en hvorum megin atkv. mitt verður á síðasta stigi málsins læt eg ósagt um.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að eins stuttlega geta þess, að eg hefi, milli umræðanna um þetta mál, leitað álits fulltrúaráðs kaupmanna hér í bæn-

um um það, hvaða áhrif þannig löguð stofnun mundi hafa á verzlun landsins. Þeir hafa svarað mér með bréfi í morgun á þá leið, að verzlunarstéttinni mundi verða stór hagur að því, ef hún kæmist á, og enn fremur tekið fram, að það yrði til þess að auka landinu álit, sem sjálfstæðs lands í efnalegu tilliti, ef kaupmenn gætu í útlöndum haft nægilegt kapital í höndum, til þess að borga vörur sínar út í hönd, og að þeir þá gætu keypt þær, hvar sem vera skyldi. Líka yrði það til þess að draga verzlunina inn í landið, og stuðla að því að losna við hina skaðlegu vöruskiftaverzlun, sem alt ætlar að kæfa, losna við umboðsmennina í Danmörku, og yfir höfuð gjöra verlzunina miklu hagfeldari.

Breyt.till. mín á þgskj. 475 er að miklu leyti ekki annað en orðabreyting og hefir h. framsm. nefndarinnar (Þ. Th.) þegar fallist á hana, en hún inniheldur þó eitt atriði, sem ekki má ganga fram hjá, nefnilega að borga skuli vexti af hlutabréfunum frá þeim degi að auglýst hefir verið, að landsjóður vilji innleysa þau, og til þess dags, að þau eru innleyst, og verður það að álítast sjáltsagt. Við þessa breyt.till. er fram komin breyt.till. frá einum h. þm. (E. J.), sem vill ekki eingöngu miða við 40 ár, heldur bæta inn í orðunum »eða síðar«, og skal eg játa, að réttara væri máske að taka það upp í mína till.

Það gladdi mig að hæstv. landsh. lýsti því yfir, að hann áliti þessa stofnun geta orðið til hagnaðar fyrir sjávarútveginn og verzlunina, og til þess að koma á fót nýjum stofnunum t. d. í iðnaði, en hann var ekki eins trúaður á, að hún yrði til eins mikilla hagsmuna fyrir landbúnaðinn. En eg vil benda á, að jafnframt þessari stofnun hefðum við lánsstofnunina, sem ræður yfir rúmlega 1 miljón, sem getur vaxið með tímanum, og sem stæði æði miklu betur að vígi með svona stofnun að bakhjalli, en hinn núverandi banka. Enn fremur sparisjóðinn, með rúmlega 1 miljón líka, sem einnig ætti að geta, ekki síður en nú, lánað til lengri tíma. Það væri miklu hægra og hættuminna fyrir sparisjóð að lána út meira fé en áður, með þessa stofnun sér við hlið, þar sem hann ávalt gæti fengið fé lánað, ef innieigendur kæmu margir í hóp, til þess að heimta út fé sitt, en þótt hann hafi landsbankann, sem ekki hefir neitt af handbæru fé, eins og nú stendur. Til þessara stofnana gæti landbúnaðurinn haldið sér, og enda að nokkuru leyti til þessa banka, til þess að fá lán um lengri tíma. Stofnfé bankans er svo mikið, að hann mundi hafa úti allar klær til þess að koma því á vöxtu. En svo er hinn óbeini hagur, sem landbúnaðurinn hefði af því, að verzlunin ykist og batnaði, og sama er að segja um sjávarútveginn, að eftir því sem þilskip fjölguðu og kaupstaðir stækkuðu, þess meiri yrði þörfin fyrir afurðir landbúnaðarins.

Hæstv. landsh. tók einnig fram, að það væri ekki hagur fyrir landbúnaðinn, þótt greiðari aðgangur yrði að því að fá lán, og fengum við þær hnútur hjá honum, að lán út á fasteignir yrðu bændum alt af eyðslueyrir. Það er aldrei nema satt, að fyrir sumum verður það eyðslueyrir, því margir brúka þau lán til þess að borga með skuldir, sem búið er að eta og drekka upp o. s. frv., en á hinn bóginn eru slík lán líka oft til stórmikils gagns, t. d. fyrir unga duglega menn, sem verja þeim til þess að kaupa jarðir handa sér. Af þessum banka mundi það leiða, að ungum og duglegum mönnum yrði greiðara að ná í fasteignir, og álít eg það gott og gagnlegt. Slík lán má beinlínis kalla

pródúktív lán. Það eiga margir peninga í handafli sínu, en geta ekki gjört sér þá arðberandi, af því þá vantar það sem til þess þarf. Eg skal enn fremur benda á, að ef þessi banki kæmist á, þá gæti hann orðið til þess, að menn í sveitum mynduðu félög til þess að fá stærri upphæðir að láni. Setjum svo t. d. að 10 menn tækju sig saman og tækju 10 þús. króna lán, sem þeir svo lánuðu út í smærri lánum t. d. gegn ábyrgðum, lausafjárveði eða víxlum o. s. frv., þá gæti það orðið til þess að ungir og duglegir menn gæti fengið þess háttar lán til að kaupa sér fyrir bústofn, eða auka hann, sem þeim væri nauðsynlegt, og mundu þeir hafa meiri hag af því, en vextir af láninu mundu nema. Á þann hátt yrðu lánin enginn eyðslueyrir.

Það var ein bending, sem eg kom með við framb. 1. umr., viðvíkjandi stofnfé bankans, sem nefndin hefir ekki tekið til greina. Fór eg fram á, að stofnféð ætti heldur að aukast en minka frá því, sem nefndin hefir lagt til, en í 7. breyt.till. nefndarinnar er fé það, er bankinn fengi erlendis að, bundið því, að vera að eins $^2/_5$ af öllu stofnfénu, en $^3/_5$ stofnfjárins sé fengið hér á landi. Það er vitaskuld gert ráð fyrir því, að alt stofnféð verði 5 miljónir kr., en nái þeir $^2/_5$, er fáist hér á landi, ekki 3 miljónum, má ekki útvega fullar 2 miljónir frá útlöndum. En eg verð að álíta, að ekki megi byrja með minna fé en 5 miljónir, enda er næg trygging fyrir því, að vér getum haft hönd í bagga með störfum bankans, þó alt að helmingur stofnfjársins væri frá útlöndum. Fulltrúaráð Reykjavíkurkaupmanna hefir líka tekið þetta atriði greinilega fram í erindi sínu, er eg mintist nýlega á, og með leyfi h. forseta ætla eg að lesa upp nokkurar línur úr því. Þar stendur svo: »Að því er snertir einstök atriði, leyfum vér oss að taka fram, að vér berum kvíðboga fyrir því, að þessi hlutafélagsbanki fái nægilegt starfsfé, ef stofnun hans er bundin við það, að $^3/_5$ hlutar af öllu fénu skuli vera innlent. Vér sjáum heldur ekki hvaða trygging getur legið í þessu ákvæði, því enda þótt Íslendingar í upphafi ættu svo mikinn hluta af hlutafénu, sem nefndarálitið gerir ráð fyrir, þá er engin trygging fyrir því, að sá hluti væri innlend eign að nokkurum árum liðnum, þar sem hlutabréfin mundu ganga skilyrðislaust kaupum og sölum. Og enda þótt hlutafé yrði að miklu leyti útlent, þá sjáum vér ekki Íslendingum neina hættu búna af því, þar sem næg trygging virðist liggja í því, hvernig bankaráðið er valið, að Íslendingar geta keypt hlutabréf hvenær sem þeir vilja, og að landssjóði er heimilað að kaupa öll hlutabréfin eftir 40 ár«.

Jafnframt þessu skal eg geta þess, að eg er samdóma athugasemd hæstv. landsh. um breyt.till. á þgskj. 467 við 25. tölulið á breyt.till. nefndarinnar, að mér þykir varhugavert að leggja jafnmikinn rétt í hendur þeirra tveggja manna, sem þar er farið fram á að kosnir séu af alþingi, til að mæta fyrir landssjóðs hönd á aðalfundi, og sem gætu ráðið þar lögum og lofum, og finst mér að þetta vald ætti að leggja í hendur formanns hvorar deildar bankaráðsins um sig.

Jens Pálsson: Eg skal ekki dyljast þess, að eg er þeirrar skoðunar, að svona löguð og kraftmikil peningastofnun og banki sá, sem hér er um að ræða, og gert er ráð fyrir að stofna, gæti orðið, mundi verða og hlyti að verða undirstaða undir ýms arðvænleg fyrirtæki, og lyftistöður til að ýta oss áfram fyr

en ella má gera ráð fyrir án slíkrar stofnunar, en hvort starfsféð er meira eða minna innlent eða útlent, það get eg ekki séð að hafi ákaflega mikla þýðingu, svo framarlega sem nægilega tryggilega er um hnútana búið fyrir Ísland, og hagur og réttur landssjóðs nægilega trygður.

Eg skal játa, að eg hefi ekki neina sérlega þekkingu á þessu máli, og verð því að líta á það frá sjónarmiði heilbrigðrar skynsemi, að viðbættu því litla, sem eg hefi kynt mér um þess konar stofnanir.

Eg hygg að þó nefndin hafi gert sitt ítrasta til að tryggja hag landssjóðs og tillögur hennar gangi vel í tryggingaráttina, þá sé hag landssjóðs enn ekki haldið nægilega fram, honum ekki trygður sá hagur, er hann ætti að hafa af arði stofnunarinnar. Mér finst eðlilegt, að landssjóður — ef slík stofnun verður reist með slíkri ívilnun og ábyrgð landssjóðs — hefði nokkurar tekjur frá upphafi. Landssjóður lætur nefnilega af hendi haginn af seðlaútgáfunni, að $^3/_5$ hlutum handa öðrum, en heldur að eins eftir $^2/_5$ af þessum rétti handa sjálfum sér, og því finst mér eðlilegt, að nefndin hefði trygt landssjóði einhverjar tekjur af þeim $^3/_5$ seðlaútgáfuréttarins, er hann gefur öðrum í hendur. Þetta hefir nefndin viljað tryggja honum eftir 20 ár, eða þegar varasjóðurinn væri orðinn 1 miljón kr., á það, sem eftir Statuterne á að renna í varasjóð, að falla til landssjóðs. Þó hefir nefndin slegið af þessu með breyt.till. á þgskj. 467, með því að ákveða, að svo framarlega sem varasjóðurinn sé þá ekki orðinn ein miljón kr., eða ef hann minki niður fyrir þá upphæð, þá skuli að eins helmingur af því gjaldi renna í landssjóð, sem átt hefði að renna í varasjóð. Þrátt fyrir þetta get eg þó ekki séð, eftir því sem skjölin liggja fyrir: frv. sjálft, breyt.till. uppkast til »statuta«, að nokkur vissa sé fyrir því, að landssjóður njóti nokkurn tíma nema helmings af þessu fé, og ekki einu sinni nein trygging fyrir því, að þessi helmingur verði nokkur veruleg upphæð, því í frumv. og breyt.till. nefndarinnar er hvergi sett inn nein ákvörðun um það, hvað mikið hundraðsgjald af netto arði sé skylt að leggja í varasjóð. Það er að eins í statútunum tekið fram, að þegar búið sé að greiða 4% til hluthafa, skuli 10% fara í varasjóð. En statútunum má breyta á hverjum aðalfundi hluthafa, nema 8. gr., því varnagli er sleginn við henni. Þess vegna má líka breyta 38. gr., er ákveður, að 10% af nettoarði skuli ganga í varasjóð næst á eftir 4% til hluthafa. Og hvenær kemur þá miljónin, ef þetta skyldi verða lækkað miklu meira? Eigi þetta ákvæði að vera hyggilegt fyrir landssjóð, þarf að setja í lögin ákvæði um það, að viss hluti af nettoarði skuli ganga í varasjóð, því annars er óaðgengilegt og frátælandi, að landssjóður gefi frá sér rétt til $^3/_5$ af seðlaútgáfunni í 40 ár. Þetta vildi eg biðja h. nefnd að taka til íhugunar, og benda mér á, ef eg hefi rangt fyrir mér. En sé það rétt, finst mér það stór galli, og landssjóði gert of lágt undir höfði, og þar af leiðandi landsmönnum.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það hafa ekki verið mikil mótmæli, sem komið hafa fram gegn tillögum nefndarinnar, og hefi eg skilið á öllum, sem talað hafa, að þeir væri þeim meðmæltir, og þakka eg þeim fyrir nefndarinnar hönd, er talað hafa, og þó einkum hæstv. landsh., fyrir undirtektir þær, er verk nefndarinnar hefir fengið.

Það eru að eins nokkur atriði í ræðum h. ræðumanna, er eg vil minnast á. Hæstv. landsh. geðjaðist ekki að breyt.-

till. nefndarinnar undir 25. lið, að ef landssjóður væri hluthafi skyldi alþingi kjósa 2 menn til að mæta á aðalfundum, og hafa atkvæðisrétt fyrir hlutabréf landssjóðs. Eg skal játa, að það er mikill vandi og ábyrgð, sem hvílir á þessum mönnum, er af þinginu skulu kosnir. En þó sé eg ekki betra að einn maður sé með svona miklum völdum, en að mennirnir séu tveir. Eg sé ekki heldur meiri trygging í því, að ráðgjafinn ráði vel en aðrir menn er þingið kýs, því ekki þarf að gera ráð fyrir, að hann sé ætíð bankafróður maður, eða hafi vit á bankamálum, og ráði því ætíð með atkvæði sínu til hins bezta. Mér finst aftur á móti, að þingið muni hafa meiri tök á að velja menn, sem hafa sérstaka þekkingu á bankamálum, til að mæta fyrir landsins hönd á aðalfundum, og sem betur geti ráðið ráðum í þessu máli heldur en ráðgjafinn eða landshöfðinginn, sem báðir geta verið ófróðir í bankamálum.

Spurningu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hvaða gagn slíkur banki hefði fyrir landbúnaðinn, hefir h. þm. V. Sk. (G. G.) svarað, og þarf eg því ekki að vera langorður um það. En það er auðsætt, að góð peningastofnun kemur öllum atvinnuvegum að góðu og þá líka landbúnaðinum, en þar sem banki þessi á að vera discontóbanki, þá er hann ekki gerður til þess að lána fé með löngum afborgunartíma, heldur til þess að efla viðskifti og gjöra þau miklu greiðari, og þótt stofnfé hans sé ákveðið 5 miljónir, þá efast eg um, að hann sjái sér fært að binda mikið fast af fé sínu, enda er ekki gert ráð fyrir að hann láni út á fasteignir nema 1 miljón kr.

Fyrir landbúnaðinn eru aftur á móti hentugri Hypóthekbankar eða veðbankar, eins og sá, sem nýlega var samþ. hér á þingi, og þó stofnfé hans sé ekki áætlað nema 1200000 kr. í byrjuninni, getur það aukist þegar fram líða stundir. En þrátt fyrir það getur þessi banki gert landbúnaðinum margs konar gagn, ekki hvað sízt með því að koma á hagkvæmari reglum. Þá benti h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) á, að hann mundi lána fé í ýms stærri fyrirtæki, sem gætu orðið landbúnaðinum að gagni. Vil eg þar til nefna mjólkurbú og smjörverkunarhús, sem landbúnaðarnefndin hefir óskað eftir að landssjóður lánaði fé til, og mundi bankinn fúslega lána fé í slík fyrirtæki, eða gjörast hluthafi í þeim eða frumkvöðull. Þá hefir hér fyrir þinginu verið frumv. um klæðaverksmiðju, og var gjört ráð fyrir, að landssjóður keypti hluti í henni fyrir 75000 kr., en af hverju er ætlast til að landssjóður hlaupi hér undir bagga, öðru en því, að banka vantar, er gæti hjálpað til að koma slíkum fyrirtækjum á fót.

Þetta sýnir, og annað fleira, sem tilgreina mætti, að bankinn getur gjört landbúnaðinum ómetanlegt gagn.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fann það sérstaklega að breyt.till. nefndarinnar, að útlendingum væri ekki leyft að leggja fram alt að helmingi hlutabréfanna, ef á þyrfti að halda, en eins og tekið er fram í nefndarálitinu, vill nefndin binda stofnun bankans því skilyrði, að meiri hluti stofnfjár hans sé innlent fé. Þar sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) bar fyrir sig bréf frá kaupmönnum í Reykjavík, að bankinn gæti orðið eins að gagni, þó hann verzlaði með útlent fé, þá verður bæði hann og kaupmenn þessir að afsaka mig, þó eg taki ekki mikið tillit til álits þeirra í þessu efni, því annað skjal, sem borist hefir frá kaup-

mönnum í dag hingað, ber vott um, að þeir hafa alt annað en vit á bankamálum.

Þá gjörði h. þm. Dal. (J. P.) þá athugasemd, að ástæða væri til að taka upp í lögin úr reglugjörðinni, hve mikla upphæð af arði skyldi leggja í varasjóð árlega, en nefndin er ekki á, að slíkt sé nauðsynlegt, enda tíðkast ekki slíkt ákvæði í bankalögum annara landa, enda væri slíkt ákvæði í lögunum óeðlilegt. Þess má líka gæta, að hér er um hlutafélag að ræða, sem hugsar sér að græða sem mest og koma hlutabréfum sínum í sem hæst verð, en því betur ganga þau, sem bankinn er betur trygður, og er það því í »interesse« hluthafa, að auka varasjóðinn sem mest. Þegar hluthafar því semja reglugjörðina, taka þeir tillit til þess, að auka varasjóðinn sem mest og sem fyrst, og er því óþarfi að setja það inn í lögin.

Þorlákur Guðmundsson: Eg skal játa, að slík stofnun sem þessi hlutafélagsbanki, mundi fyrst og fremst hjálpa kaupmannastéttinni, og þá verzluninni hér á landi yfir höfuð, og þannig verða landinu til mikils gagns, því hvar sem verzluninni líður illa, þar líður landsmönnum illa, og jafnframt mundi hann styðja sjávarútveginn, og ýmsum öðrum fyrirtækjum mundi hann hjálpa, og er það ekki lítils vert. Hinn h. framsögum. (Þ. Th.) tók það fram, að hann mundi einnig hjálpa landbúnaðinum. Auðvitað er hann, landbúnaðurinn, altaf seinn að hafa sig upp, og er það ekki von að alt geti orðið í einu. Eg fyrir mitt leyti hefi mikla trú á, að bankinn gæti orðið landbúnaðinum til mikils gagns og viðreisnar, ef landsmenn kunna rétt að brúka hann. Hv. þm. Rvk. (J. Jens.) lagði þá spurningu fyrir menn, hvernig bankinn ætti að hjálpa landbúnaðinum, og tók fram, að að eins fasteignamenn mundu hafa not af honum, þó það væri svo, hvað ekki er sá eiginlegi tilgangur, þá gæti verið bót að því samt, því að því betur sem hver einstakur jarðeignamaður hefir sig upp, því auðugra verður landið, og þess uppbyggilegri verða þeir menn, sem á einn eða annan hátt geta aukið efni sín, en í peninglausu landi er ekki stórra framfara von. En það liggur beinast fyrir, að veðdeildin hjálpi þeim mönnum, sem geta fest jarðeignir í henni, og fyrir fasteignamenn er hún eingöngu ætluð. Mér finst þeir menn, sem játa að lundbúnaðurinn sé illa staddur, og það hljótum vér allir að játa, en eru vantrúaðir á það, að öflug peningastofnun í landinu mundi hjálpa honum, hvaða ráð kunna þeir betra honum til viðreisnar en einmitt þetta, að fá peninga inn í landið? Það væri gott að fá að heyra það. Annaðhvort verða menn að örvænta með öllu og stinga árinni í kjöl, eða reyna að finna eitthvert ráð til hjálpar. Þegar einhver er sjúkur, gjörir maður annaðhvort að örvænta með öllu um bata, eða láta vanann knýja sig fram til að leita ráða og fá meðöl. Eg man eftir að einu sinni lá maður veikur, og sagði homöopath, sem hafði frétt um sjúklinginn, við mig: »Viltu ekki að eg komi til hans og láti hann fá meðöl«. En eg sagði að það væri ekki til neins, því eg örvænti með öllu, því að dauðinn væri kominn langt inn fyrir landamerki heilsu og lífs. Þegar menn eru sannfærðir um að svo sé, þá er bezt að gera ekki neitt. Það sýndi sig líka að maðurinn átti skamt eftir ólifað. Sem sagt, annaðhvort verður að vera, að maður örvænti eða reyni að finna eitthvert ráð, og þiggja boð um ráð, ef það ekki liggur ljóst fyrir, að það séu Lokaráð, og eg sé nú ekki annað betra meðal en að fá peninga inn í landið

til að starfa með, peninga, sem hægt væri að lána með bærilegum kjörum. Það gengur varla með viðreisn landbúnaðarins eins og forðum, þegar guð skapaði himin og jörð af engu; þó eg sé enginn vantrúarmaður, get eg varla skilið, að guð fari að gera kraftaverk til viðreisnar landbúnaðinum, það er að segja svo löguð, að þau ekki samrýmist við náttúrulögmálið. Ekki hefi eg trú á að veðdeildin geti hjálpað mikið svo fljótt sem þarf, enda er hún ekki ætluð til þess, og ekki býst eg fremur við, að seðlaaukningin muni gjöra það, því hún fullnægir ekki þörfinni og yfir höfuð ekki þessi banki sem við höfum. Bankastjórnin hefir líka í bréfi til landshöfðingja 20. maí, í tilefni af áskorun um stofnun útibús, getið þess, að bankinn á fult í fangi með sparisjóðsafborganir, einkum ef menn fara nú að heimta sparisjóðseignir sínar í stærra stíl, og er það eðlilegt, þar sem mikið af fé bankans stendur fast í ýmsum lánum mót fasteignum og fleiru, og nokkuð í ríkisskuldabréfum og öðrum verðbréfum, sem ekki eru að líkindum auðseld eins og nú stendur. Ástandið er því ekki glæsilegt, ef ekkert verður meira aðgjört. Reyndar gjöri eg mér ekki mikla von um að frumv. þetta gangi í gegn á þessu þingi, en mér finst skylda þingsins að koma því sem lengst og bezt á veg.

Sigfvatur Arnason Eg vildi segja nokkur orð, sérstaklega út af orðum háttv. þm. Árn. Mér finst hann hafa haldið óþarflega langa tölu um að eg væri að örvænta um framtíð landbúnaðarins. Mín meining var alt önnur með því að leggja fram spurningu mína; eg vildi fá skýring á því fyrir sjálfan mig og jafnvel landsmenn mína líka, hvernig þær dyr stæðu helzt opnar, að hafa not af þessum banka fyrir landbúnaðinn. Þessu hefir að vísu verið svarað að nokkuru leyti af h. framsm. og h. þm. V.-Sk., þó aðalniðurstaðan yrði sú, að það væri aðallega verzlunin, sem þetta kæmi að haldi, og þá mun sannast, eins og eg hefi áður tekið fram, að kapitalið er óþarflega hátt. (*Þórður Thoroddsen*: Hve mikið þarf það að vera?). Og færi svo, að menn með ýmsum ráðum gætu fengið lán til umbóta landbúnaðinum, mundu það varla verða stórar upphæðir. Mér hafði reyndar líka dottið í hug, að hægt mundi verða að fá nokkurt lán til landbúnaðarins, en eins og eg tók fram, verður þetta aðallega fyrir verzlunina, og mætti þá nægja töluvert minna fé, eða jafnvel að setja á stofn svokallaðan discontobanka í minni stíl.

Valtýr Guðmundsson: Eg vil að eins gjöra stutta athugasemd við orð hæstv. landshöfðingja og h. þm. Rvk. (J. Jens.), þar sem þeir héldu því fram, að banki þessi mandi verða til lítils gagns fyrir landbúnaðinn. Það hefir nú þegar verið tekið fram, hvernig hann muni styðja landbúnaðinn óbeinlínis. En eg vil benda á, að í reglugjörðinni fyrir bankann er það beinlínis tekið fram í 2. gr., að eitt af aðalætlunarverkum bankans sé að styðja landbúnaðinn. Enn fremur sést þetta á 14. gr. 6. lið, og enn betur kemur þetta fram bæði í inngangi frumv. sjálfs, þar sem sagt er, að það sé eitt af aðalhlutverkum bankans að styðja framfarir í búnaði, og eins í 7. gr., þar sem veðskuldabréf, gefin út fyrir lánum út á fasteignir, eru talin til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupph. þá, er málmforðinn nægir ekki til, og þessi verðbréf mega nema alt að 1 miljón króna. En við fasteignir verður hér að skilja hús og jarðir. Þegar þar við bætist, að ætlast er til að sparisjóðurinn, sem er yfir 1 miljón kr, sé laus við bankann, þá má gera ráð fyrir að hann gæti lánað $^3/_4$ miljón gegn veði í fasteignum. Þá

er komin 1¾ miljón, er lána mætti til landbúnaðarins, og þegar nú auk þess er stofnuð veðdeild upp á 1 miljón og 200 þús. kr, sem sérstaklega er ætluð fyrir hann, verður það alls um 3 miljónir, sem landbúnaðinum eru ætlaðar, og er því ekki ástæða til að óttast, að honum yrði ekki borgið, þar sem bankinn kemur honum þannig bæði beinlínis og óbeinlínis að gagni. H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) þótti kapítalið of mikið, en það er ef til vill miklu hættulegra að hafa það minna. Það er hægra að starfa með stóru kapítali en litlu. Eg hefi í vetur sem leið reiknað út með manni, sem er gagnkunnugur landbúnaðinum okkar, hvað hann gefur af sér, og niðurstaðan varð sú, að landbúnaðurinn hér á landi gefur meira af sér en í Danmörku, en kapítalið, sem hver einstakur maður vinnur með, er svo lítið, að það sætir undrum, að bændur skuli geta lifað á afrakstrinum. En ættu menn aðgang að lánum, gætu þeir lagt meira í veltuna, og því haft meiri arð. I svo ríku landi, sem Danmörk er, er þó alt tví- og þríveð sett, en hér sitja menn víða á eignum sínum óveðsettum, og vantar þó kapítal til að reka landbúnaðinn. Hv. þm. Rangv. tók og fram, að taka ætti 3 miljónir kr. lán upp á landið, en það er ekki rétt, því ætlast er til, að landssjóður sé hluthafi að 2 miljónum, en landsmenn að einni; nú er búist við að landssjóður fái 1½ miljón út á hlutabréf bankans, sem honum verða ekki vandræði úr að selja, og þarf hann því ekkert í hættu að leggja. Hæstv. ldsh. þótti glæfralegt að láta 2 menn, kosna af þinginu, hafa þessi 20 þús. atkv. á fulltrúaþinginu, hugði hann að þeir mundu geta ráðið öllu, en nefndinni þótti eins ísjárvert, að láta ráðgjafann einann hafa þessi atkv. 25. liður br.till. nefndarinnar hefir orðast óheppilega, þar stendur »aðalfundur bankaráðsins«, en á að vera aðalfundur bankans, en vonandi er að það verði lagað til 3. umr.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi nú ekki lengt umræðurnar um þetta mál hingað til, enda mun nú svo verða litið á, að þeir af þingmönnum, sem eru bændur, beri ekki gott skyn á það, enda hefir það verið sagt, að enginn þingm. hefði vit á málinu, en það held eg sé nokkuð mikið sagt; eg vonast þess, að flestir hafi nokkurt vit á því. Allir skilja, að tilgangurinn er góður, en enginn kann að vísu að segja um afleiðingarnar; það er ákaflegt vandamál, sem fáir menn geta ráðið svo að rætist, og um það eru skoðanir manna skiftar, eins og um öll vandamál. Sumir álíta að afleiðingarnar yrðu hinar *glæsilegustu*, en *aftur* aðrir eru hræddir við þær.

Eg ætla nú að tala fáein orð um málið frá almennu sjónarmiði, án þess að fara út í sérstök atriði þess, og eg skal þá strax taka það fram, að eg er einn af þeim, sem álít þetta nokkuð stórt fyrirtæki, til þess að klára lögin um það nú á þessu þingi, en málið er vel þess vert, að það sé íhugað.

Eg sé það, að ef settur er á stofn svona stór banki, þá hefir það stór áhrif á ýmsa atvinnuvegi landsins, einkum verzlunina, og ef peningar þeir, er þannig ganga til verzlunarinnar, eru skynsamlega notaðir, þá verður það landinu til góðs, en það væri vissasta vopnið til að eyðileggja bankann, og þaðan væri honum mest hætta búin, ef kaupmenn spiluðu djarft með fé hans og yrðu gjaldþrota.

Eg skal líka minnast á þilskipaútveginn; það hefir verið sagt, að þetta yrði

greiður vegur fyrir hann, en eg vil benda á, að þilskipaútvegurinn getur ekki vaxið úr þessu til muna, nema til stórtjóns fyrir allan landbúnað, nema þá því að eins, að útlendir verkamenn séu fengnir til hvorstveggja; fólkseklan er orðin svo mikil. Menn streyma á þilskípin, en landbóndinn er í vandræðum með vinnufólk til að yrkja jarðir sínar, og þó hringja þilskipaeigendur iðulega þeim bjöllum, að þilskipin geri ekki meira en borga sig. Þeir ættu þó að vera hægfara með alla aukningu.

Eg get ekki séð, að landbúnaðurinn hafi mikið gott af þessu kapítali. Eg óttast mest að lánin verði of stór, og að landbóndinn sökkvi sér þá meir og meir ofan í óbotnandi skuldasúpu. Eg þykist hafa tekið eftir því, að þeir bændur, sem hleypa sér í skuldir, fara verst, en hin dæmin hafa orðið ofan á, að þeir sem varlegast hafa farið, hafa að lokum reynst beztu og duglegustu menn-irnir; skuldir gera menn ófrjálsa og að ánauðugum prælum, og að lokum ómögulega í efnalegu tilliti.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að það hlyti að hefja landbúnaðinn, ef peningar væru við hendina, en eg hefi enga trú á örari peningastraum, fyrir mér vakir það eina ráð til viðreisnar landbúnaðinum, að breyta okkar búnaðarlagi. Eg sé ekki að við fáum betri markað fyrir vöruna, þó meiri væru peningarnir, og það vita menn, að með meira framboði lækkar verð vörunnar.

Yfir höfuð að tala, við þolum engin stór stökk, án þess að sökkva ofan í skuldafenið, en þaðan er illa afturkvæmt.

Eg skal svo ekki orðlengja meir um þetta mál, eg vil að eins greiða atkv. mitt fyrir það fyrsta með því til 3. umr.

Jens Pálsson: Það eru að eins fáein orð sem eg ætla að segja, út af svari framsögumannsins upp á athugasemdir minar. Hann áleit ekki þörf að setja frekari ákvæði í lögin til þess að tryggja landssjóði þær tekjur, sem honum ber að fá á sínum tíma af þessu fyrirtæki, því að stjórn bankans hlyti að vera »interesseruð« í því að varasjóður yrði sem stærstur, því það væri skilyrði fyrir því, að »aktíurnar« væru í háu verði. Háttv. framsögum. færði engin ítarleg rök fyrir þessari kenningu sinni, um að varasjóður væri höfuðskilyrði fyrir því, að »aktíurnar« stæðu í háu verði, og þó eg ekki neiti því, að varasjóður hafi nokkura þýðingu, verð eg samt að álíta, að ýmislegt annað sé fult eins þýðingarmikið, og það álít eg höfuðskilyrði, að góðar rentur fáist af »aktíunum«. Eg álít, að það sé fult eins mikil — já, meiri — trygging fyrir því, að hlutabréfin séu í háu verði ef vextirnir eru miklir, en þó varasjóður sé stór, og mér þykir líklegt að hluthöfum þyki eins gott að stinga vöxtunum í sinn vasa, eins og að láta þá í varasjóð. Ef menn vilja selja, er fult eins gott að geta bent á svo og svo mikla vexti, eins og hitt, að varasjóður sé stór. Af þessum ástæðum er það, að mér þykir ekki næg trygging fyrir því, að landssjóður fái það sem honum ber, og þar að auki virðist mér hann bera of lítinn hlut frá borði í samanburði við aðra hluthafa, þar sem hann fær ekkert fyrir það í 20 ár, að hann lánar fyrirtækinu seðlaútgáfuréttinn. Mér finst sanngjarnt að hann fengi $^3/_5$ hluta af því, sem gert er ráð fyrir að leggja í varasjóð. Eg vil biðja nefndina að íhuga þetta, og vona að hún taki það til greina, svo framarlega sem það er á rökum bygt, því eg veit að hún vill tryggja landssjóði það, sem honum ber, sem allra bezt.

Þorlákur Guðmundsson: Eg sagði áðan, að þeir, sem ekki álitu mögulegt að hjálpa við landbúnaðinum á þann hátt, sem hér er um að ræða, með fl, nefnilega með því, að koma upp öflugri peningastofnun í landinu, þeir hlytu annaðhvort að vera komnir inn á örvæntingarbrautina, eða þeir tryðu á einhverja hulda hjálp. Þm. Rangv. þótti þessi upphæð, sem til er tekin í frumv., nokkuð há, og það þykir mér líka, en ekki get eg skilið að landbúnaðinum standi nokkur hætta af því. Háttv. þm. V.-Sk. hefir að nokkuru leyti svarað þeirri spurningu 1. þm. Rangv. (S. Á.), »hvernig þessi stofnun gæti hjálpað landbúnaðinum«. Það er náttúrlega ekki gott að svara þessu fyrirfram til hlítar, því margt getur komið til greina, sem ómögulegt er að sjá fyrir. Slys geta altaf viljað til; kaupmenn geta t. a. m. orðið gjaldþrota og bankar líka, það er ekki neitt nýtt; jafnvel þjóðir, sem eru komnar langt, geta orðið fyrir slíku. En það dugar ekki að leggja árar í bát þótt slys geti komið fyrir. Ef svo væri, ættu menn t. d. að hætta að róa á sjó, af því að menn geta druknað og drukna árlega. Hætta að fara með gufuvögnum, af því þeir geta rekist á, hætta að nema kol og málma úr jörðu af því að það geta komið fyrir slys í námunum, o. s. frv. En það dugar ekki að hætta fyrir það, því ef vér ættum aldrei að gera neitt, sem gæti mishepnast eða slys gæti orðið að, þá gætum vér aldrei gert neitt, og ef einstaklingurinn gefur upp framsókn sína og heildin, þá er tilveran búin.

Hvað því viðvíkur, að menn muni taka glæfralán, þá skal eg sízt neita því, að nóg sé til af mönnum, sem gjarnan vildu gjöra það, ef þeir eiga greiðan aðgang að því, en þessi banki, eins og hver önnur slík stofnun, á að hafa stjórn, og það mun vera óhætt að trúa henni fyrir því, að lána ekki snauðum mönnum og tiltrúarlausum kaupmönnum, eða öðrum slíkum. Háttv. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) hélt því fram, að menn ættu að forðast lán, og getur vel verið að það sé rétt, en eg ímynda mér að menn verði að fara eftir þeim tíma, sem þeir lifa á, og berast með straumnum þangað, sem hann stefnir.

ATKVGR: 1. brtill. á þingskj 419 við inngangginn samþ. með 20 samhlj. atkv.

2. brtill. á þingskj. 419 við inngangginn samþ. með 19. samhlj atkv.

Inngangurinn, þannig breyttur, samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. brtill. á þingskj. 419 við 1. gr. samþ. með 19 samhlj, atkv.

4. brtill. á þingskj 419 við 1. gr. sþ. með 20 samhlj. atkv.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

5. brt. á þingskj. 419 samþ. með 18 samhlj. atkv.

6. brt. á þingskj. 419 við 2. gr. samþ. með 18 samhl. atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

7. brt. á þingskj. 419 við 3. gr. sþ. með 20 samhl. atkv.

3. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 18 samhl. atkv.

8. brt. við 4. gr. samþ. sem orðabreyting.

9. brt. við 4. gr. 1 samþ. sem orðabreyting.

4. gr., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

10. brt. á þingskj 419 við 5. gr. sþ. sem orðabreyting.

5. gr. þannig samþ. með 20 samhlj. atkv.

11. brt. á þingskj. 419 við 6. gr. sþ. með 18 samhlj. atkv.

12. brt. á þingskj. 419 við 6. gr. sþ. sem orðabreyting.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 20 samhlj. atkv.

7. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

13. brt. á þingskj. 419 við 9. gr. sþ. með 18 samhlj. atkv.

14. brt. á þingskj. 419 við 9. gr. sþ. með 20 samhlj. atkv.

9. gr., þannig breytt, samþ. með 20 samhlj. atkv.

10. gr. frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

15. brt. á þingskj. 419 við 11. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

11. gr. þar með fallin.

16. brt. á þingskj. 419 við 12. gr. samþ. sem orðabreyting.

12. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

17. viðaukatill. á þingskj. 419 samþ. með 20 samhlj. atkv.

18. viðaukatill. á þingskj. 419 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 467 við 18. tl. á 419 samþ. með 18 samhlj. atkv.

19. brt. á þingskj. 419 við 13. gr. samþ. sem orðabreyting.

13. gr., þannig breytt., samþ. með 18 samhlj. atkv.

20. brt. á þingskj. 419 við 14. gr. samþ. sem orðabreyting.

14. gr., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

15. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.

21. brt. till á þingskj. 419 við 16. gr. samþ. með 16. samhlj. atkv.

16. gr., þannig breytt, samþ. með 17 samhlj. atkv.

22. brt. á þingskj. 419 við 17. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

23. brt. á þingskj. 419 við 17. gr. samþ. sem orðabreyting.

24. brt. á þingskj. 419 við 17. gr. samþykt sem orðabreyting án atkv.

17. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

25. brt. á þingskj. 419 við 18. gr. samþ. með 18 samhl. atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 467 við 25. tölulið á 419 samþ. með 12 atkv. gegn 2.

Brt. á þingskj. 477 við br. á þingskj. 475 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brt. á þingskj. 475 við 26. tölul. á þingskj. 419, þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brt. undir 26. lið á 419 þá fallin.

27. brt. á þingskj. 419 við 19. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

28. brt. á þingskj. 419 við 19. gr. samþ með 17 samhlj. atkv.

29. brt. á þingskj. 419 við 19. gr. samþ. án atkv.

30. brt. á þingskj. 419 við 19. gr. samþ. með 17. samhlj. atkv.

19. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 485, 498),

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Það hafa ekki komið margar brtill. fram við frumv. Brtill. nefndarinnar á þingskj. 498 er að eins leiðrétting á lítilfjörlegri orðavillu og þarf eg ekki að fara mörgum orðum um hana, því allir hljóta að sjá, að hún er sjálfsögð. Viðvíkjandi brtill. á þingskj. 507, við 20. gr., skal eg lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki fallist á þá brtill. Brtill. fer fram á að fella burtu ákvæðið um, að alþingi kjósi tvo menn til að mæta fyrir hönd

landssjóðs á aðalfundi. Það er víst meining flutningsmanna till., að ráðgjafi Íslands eða landshöfðingi mæti í staðinn, en mér sýnist tryggilegra að láta alþingi kjósa þá menn, er mæta fyrir hönd landssjóðs, því það má ganga út frá því sem vísu, að þingið kjósi ekki aðra til þessa starfa en þá, sem það álítur að muni hafa vit á þeim málum, er hér er um að ræða, og hafa auk þess hag landssjóðs fyrir augum. En eins og eg áður hefi tekið fram, höfum vér enga tryggingu fyrir því, að allir Íslands ráðgjafar séu bankafróðir menn og komi til að beita þessu valdi sínu í landsins hag. Stefna nefndarinnar í þessu máli hefir verið, að gera stofnunina sem innlendasta, en þessi brtill. miðar ekki að því, og nefndin mun því — eins og eg tók fram hér á undan — greiða atkvæði á móti henni. Hvað hinni brtill. á sama þingskjali viðvíkur, þá er eg ekki á móti því að hún komist að.

Þá er brtill. á þingskj. 510; hún fer fram á, að bankinn skuli skyldur að greiða landssjóði 5000 kr. á ári frá því hann er stofnaður og þangað til varasjóður er orðinn ein miljón kr. en eftir það skuli sú upphæð, sem reglugjörð bankans ákveður, renna í hann. Nefndinni fyrir sitt leyti er sama um þessa breytingartill., þó hún komist að. Þess er þó að gæta, að því meiri útgjöld sem bankinn hefir, því minna verður lagt í varasjóð, og því lengur verður hann að komast upp í 1 miljón, svo að alt kemur í sama stað niður. Nefndin heldur að á sama standi, hvort landssjóður byrjar fyr eða síðar að fá tillag frá bankanum.

Það hefir áður verið talað um þetta mál alment, og eg skal eigi teygja tímann með því. Það virðist svo sem þingdeildinni falli þetta frumv., eins og það nú er orðið, vel í geð, og að menn álíti, að nauðsynlegt sé og að gagni muni verða að stofna banka með þessu fyrirkomulagi. Menn hafa komist á þessa skoðun af sjálfsdáðum, held eg mér sé óhætt að segja, og ekki látið leiðast af neinum utanað komandi áhrifum, og allra sízt af flugritum þeim og öðru, er flogið hefir hér um, meðan mál þetta hefir verið til meðferðar. Viðvíkjandi flugriti því, er kom hér út fyrir skömmu með fyrirsögninni: »Álit nokkurra kaupmanna um ástand landsbankans«, hefi eg verið beðinn af bankamönnunum dönsku að geta þess, að þeir væru ekkert við það riðnir, og eg þykist vita fyrir víst, að það sé satt.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona að háttv. deild samþ. frumv.

Jens Pálsson: Í lögunum frá 1885 um stofnun landsbanka er það tekið fram, að bankinn skuli gjalda landssjóði 1% af þessum 500,000 kr. sem hann hefir rétt til að gefa út í seðlum, og þannig hefir landssjóður 5000 kr. tekjur af bankanum á ári. Mér finst nú ekki hlýða, að landssjóður fari á mis við þessar tekjur í 20 ár, og hefi því komið fram með þessa brtill., sem fer fram á að tryggja landssjóðnum þessar tekjur. Sumir munu segja, að landssjóðinn muni ekki muna mikið um 5000 kr., en á 20 árum verða þetta 100,000 kr., og ef landssjóð ekki munar um 5000 kr., þá munar þennan stóra banka því síður um þær. Í þessu frumv. er talað um miljónir og sumir eru ef til vill búnir að nefna þær svo oft, að þeim finnast þeir hafa þær í vasanum, en eg fyrir mitt leyti er ekki svo gagntekinn af ríkismannshug, að eg lítilsvirði 5000 kr. á ári í 20 ár. Það getur verið, að landssjóður fái fyr tillagið, sem á að leggjast á varasjóð, ef þessi skattur ekki er lagður á baukann, en

eg verð samt að álíta, að eigi sé gjörlegt að kasta þessum 5000 kr. á ári í 20 ár, bara til þess að eiga þær þá til góða hjá þessum banka.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla mér að minnast svolítið á breyt.till. þær, sem fyrir liggja. Fyrst ætla eg að minnast á breyt.till. háttv. þm. Dal. (J. P.), sem hljóðar um að þessi fyrirhugaði banki skuli gjalda landssjóði 5000 kr. á ári þangað til landssjóður fer að fá varasjóðstillagið. Þm. miðar við ákvæðið í bankalögunum frá 1885, um að bankinn skuli greiða 1% af seðlafúlgunni til landssjóðs, en þetta er ekki rétt, því það er ekkert samræmi hér á milli. Landsbankinn borgar landssjóði þessi 5000 kr. fyrir það, að landssjóður ber ábyrgð á seðlum þeim, er hann gefur út, og önnur hlunnindi, en í þessu máli er engu slíku til að dreifa. Eins og háttv. framsm. tók fram, er þetta að eins bráðlæti að vilja fá tillagið strax, því landssjóður græðir ekkert á því, vegna þess, að varasjóður vex seinna, ef þessi 5000 kr. á ári eru borguð landssjóði. Því fyr sem varasjóður verður 1 miljón, því fyr fær landssjóður það, sem varasjóði var ætlað, og þar að auki er það gott að hann sjálfur vaxi fljótt, því einmitt það er trygging fyrir bankann, að varasjóður sé sterkur. Eg get því ekki séð annað, en breyt.till. sé óþörf, og álít jafnvel betra að hún hefði ekki komið.

Þá er breyt.till. mín á þingskj. 507. Hún fer fram á að nema burt það ákvæði í 20. gr., að alþingi kjósi 2 menn til að mæta á aðalfundum bankans. H. framsm. mælti á móti henni fyrir hönd nefndarinnar, en eg verð að geta þess, að þetta er ekki rétt, þar sem 2 úr nefndinni eru flutnm. breyt.-till. (*Þórður Thoroddsen*: Eg sagði meiri hluti nefndarinnar). Jæja, mér þykir vænt um það hans vegna, að mér hefir misheyrst.

Mér virðast mótbárur framsm. ekki á rökum bygðar. Þar sem um fé landssjóðs er að ræða, ef landssjóður er hluthafi, finst mér eðlilegast að landsstjórnin stjórni því. Í annan stað er það fyrirkomulag, sem meiri hluti nefndarinnar vill hafa, ekki eins tryggilegt eins og það fyrirkomulag, sem breyt till. fer fram á. Ef þeir 2 menn, sem alþingi kýs, t. a. m. deyja milli þinga, þá er enginn til að nota þessi atkvæði, sem þeir ráða yfir, og þá geta aðrir hluthafar bankans gert hvað sem þeir vilja, án þess landssjóður geti lagt þar orð í belg. En landsstjórnin getur ekki dáið. Þar að auki er þetta ákvæði sprottið af misskilningi á því, sem hér er um að ræða. Á aðalfundum er varla gert annað en að gefa stjórn bankans »Decharge« og svo kosnir fulltrúar. Eg ímynda mér því, að landssjóður vanalega kærði sig ekki um að beita þessum atkvæðum sínum, en gerði það helzt, ef ágreiningur kæmi upp milli bankaráðs og hluthafa. Þá gæti verið að hann beitti atkvæðum sínum öðrum hvorum í vil. Auk þess liggur ekkert á að setja þetta ákvæði inn í lögin strax, því þingið getur gert það, þegar það vill, því er það í sjálfsvald sett. Enn fremur er þetta talsverður kostnaðarauki, að hafa þessa menn til að mæta fyrir hönd landssjóðs. Ef t. a. m. fundir eru haldnir í Khöfn, þá þurfa þeir að fá ferðakostnað og dagpeninga, og það getur hlaupið talsvert, og hefir svo ef til vill enga þýðingu. En eins og eg tók fram áðan, þá getur þingið, þegar það vill, sett þetta ákvæði inn, en eg ímynda mér að þingið komi aldrei til að hafa ástæðu til þess. Auk alls þessa, sem eg hefi tekið fram, hefir fulltrúi stjórnarinnar

látið þá skoðun sína í ljósi, að það væri glæfralegt af þinginu að haga þessu þannig, og eg skil ekki í að deildin vilji halda fast við þetta ákvæði, eftir að svo skorinorð yfirlýsing hefir komið úr þeirri átt.

Hin breyt.till. á sama þgskj., um að bæta nýrri gr. aftan við frumv., sem nemi úr lögum lögin frá 1885 um stofnun landsbanka, er nauðsynleg, þótt það hafi gleymst að setja það ákvæði inn í lögin.

Jens Pálsson: H. þm. Vestm. (V. G.) talaði nokkuð gegn þeirri breyt.till., sem eg hefi komið fram með. Hann áleit að það stæði öðru vísi á með það gjald, sem landssjóður áskildi sér í bankalögunum; það væri lítill partur af rentu þeirra hlunninda og tryggínga, sem landssjóður veitti bankanum. En eg get ekki betur séð, en að landssjóður eigi eftir þessu frumv. að veita þessari væntanlegu stóru peningastofnun meiri hlunnindi en hann hefir veitt hinum núverandi banka. Þar er að eins að tala um takmarkaðan seðlaútgáfurétt, en þessum fyrirhugaða banka gefur hann, í hið minsta í 40 ár, ótakmarkaðan seðlaútgáfurétt, og það eru svo mikil hlunnindi, að mér finst ekki ofmikið þó bankinn leggi eitthvað á móti þeim. Eg skal játa, að landssjóður hefir eftir þessu frumv. ekki eins mikla ábyrgð eins og eftir landsbankalögunum, en mér þykir hún þó vera nokkurs virði af því, þó hún sé ef til vill hættulítil og ólíklegt að reyni mikið á hana, þá er það þó eigi að síður ábyrgð, og gegn henni finst mér ekki nema koma minna heldur en þetta litla gjald frá þeirri peningastofnun. H. þm. Vestm. (V. G.) álítur, að það væri landssjóði hagkvæmara, að bíða eftir þeirri fjárgreiðslu, sem von væri á, þegar varasjóður bankans væri orðinn 1 miljón. Ef við heimfærðum þetta upp á fleiri tekjugreinir, að landssjóði væri hagkvæmara að bíða, þá færi sú kenning að vera nokkuð vafasöm og varhugaverð; og yrði hún ofan á hér á þingi, þá þyrfti jafnframt að gjöra þjóðina í heild sinni og einstaka menn kröfuvægari til landssjóðs; eigi að fara að láta landssjóð bíða eftir tekjum í 20 ár, þá verður líka að ganga í bindindi um kröfur til hans. Vill þm. Vestm. (V. G.) gangast fyrir því bindindi, og ábyrgjast framgang þess?

Menn kunna að segja að landssjóð muni ekki mikið um þessar 5000 kr. á ári; en þá segi eg, að þessa stóru bankastofnun, með seðlaútgáfurétti, munar enn minna um þær. Hvernig fim. þessa máls muni taka í breyt.till. mína, get eg ekki sagt. En eg tel víst að þeir mundu ekkert hafa á móti henni, enda getur það varla verið, því hún er svo hógvær og fer svo skamt.

Valtýr Guðmundsson: Það var örstutt athugasemd, sem eg vildi gjöra við það, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði viðvíkjandi því, að færa þessa reglu upp á öll gjöld landssjóðs. Hvað þetta snertir, þá er hér dálítið öðru máli að gegna, þar sem að landssjóður á að vera hluthafi í bankanum, og honum er því mest um að gjöra, að varasjóður vaxi sem óðast, með því það hefir svo mikla þýðing fyrir álit á bankanum, og því getur það haft þær afleiðingar, að landssjóður geti á þann hátt komið til að græða ekki einungis þessar 5000 kr., heldur 10,000 krónur eða jafnvel meira.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi ekki áður tekið til máls í þessu máli, en eg finn ástæðu til þess að gjöra grein fyrir afstöðu minni með fám orðum, áður en gengið er til atkvæða um það.

Eg skal þá fyrst geta þess, að eg er háttv. nefnd samdóma um það, að það sé í alla staði brýn nauðsyn á því, að

hér komi upp öflugur banki. Sú þörf virðist mér vera afarmikil, sér í lagi fyrir verzlunarstétt landsins. Allir vita að þau kjör, sem verzlunarstéttin á við að búa í útlöndum, eru hörmuleg. Þó það séu verzlunarhús, sem eru vel standandi, með jafnvel 100 til 200 þús. kr. eignir, þá er þeim allsendis ómögulegt að fá peninga hér innanlands að mun, og neyðast því til að snúa sér til útlendinga og fá þar lán með mjög óhentugum kjörum. Þetta verður til þess, eigi að eins að gjöra verzlunarstéttinni örðugt fyrir, heldur til að gjöra landsmönnum verzlunina óþarflega dýra. Úr þessu mundi banki auðvitað bæta mikið, því að kaupmenn mundu þá geta fengið þar lán til vörukaupa sinna, er þeir svo borguðu aftur á haustum, þegar þeir sendu vörur sínar. En auk þess að þetta mundi hafa þau áhrif, að verzlunin tæki framförum, þá mundi slíkur banki geta stutt atvinnuvegi landsins í mörgum greinum. En fyrirkomulagið, sem þetta frumv. fer fram á, virðist mér ekki með öllu sem eðlilegast. Eg álít að slíkri stofnun hefði átt að koma á fót af eigin ramleik landssjóðs sjálfs, og eg álít, þrátt fyrir þá ótrú, sem margir hafa á þessu landi, að það sé þó ekki landinu ofvaxið.

Auðvitað er það, að lánstraust landsins mun ekki vera svo mikið, að það geti sett á stofn bankafyrirtæki með svona mikilli fjárupphæð, sem hér er gert ráð fyrir. En í þessu frumv. er þó gjört ráð fyrir, að landssjóði muni ekki ofvaxið að skrifa sig fyrir 2 miljónum, og gengið út frá því, að Íslendingar muni sjálfir geta lagt til hálfa eða heila miljón, að vísu ekki í peningum en gegn 1. veðrétti í fasteignum. En þar sem nú nefndin lítur þannig á, að landssjóður og landsmenn geti sjálfir lagt fram alt að 3 milj., með því að nota lánstraust landsins erlendis — og það hygg eg, að eigi sé neitt geip —, þá get eg ekki betur séð en koma mætti upp banka, sem yrði til mikilla bóta, og bætt gæti úr brýnustu þörf vorri í bráð; og þessi vegur hefði eg helzt kosið að valinn hefði verið, því mér þykir mjög ísjárvert að kasta frá sér seðlaútgáfuréttinum, sem er mjög arðvænlegur, ekki sízt þegar á tímalengdina er litið. — Að vísu skal eg játa það, að h. nefnd, sem hefir fjallað um þetta mál, hefir gjört töluvert til að gjöra frumv. aðgengilegra en það var, þegar það kom inn á þingið, því að þá gat eg ekki betur séð en að það væri með öllu óaðgengilegt, og mætti heita alveg útlent fyrirtæki. En h. nefnd hefir reynt að gera fyrirtækið innlendara, bæði með því að tryggja landssjóði arð af fyrirtækinu, þar sem landssjóði er ætlað að vera hluthafa, og áskilið er, að varasjóðsgjaldið skuli renna til hans, þegar 20 ár eru liðin, eða þegar varasjóður bankans hefir náð 1 miljón, og sömuleiðis með því að ákveða, að aðalskrifstofa bankans skuli vera í Reykjavík. Þannig hefir verið leitast við að tryggja það, að fyrirtækið yrði innlent. En eg fæ ekki betur séð en að þrátt fyrir þetta verði fyrirtækið þó aðallega danskt fyrirtæki. Í bankastjórn eiga að vera 10 menn, og alþingi að kjósa helming, og hluthafar bankans hinn helminginn, en ráðgjafinn, eða landsh. í forföllum hans, sé sjálfsagður formaður bankans. Eg skal nú játa, að þetta væri að láta Ísland hafa umráð fyrir fyrirtækinu, ef stjórnarástandið væri betra en það er; en á meðan við höfum ekki aðra Ísl. stjórn, en brot af dönskum dómsmálaráðgjafa, þá virðist mér fyrirtækið eins fyrir þessu mundi verða ekki íslenzkt heldur danskt, því að dómsmálaráðherrann verð eg að skoða þar, sem

talsmann danskra fremur en íslenzkra hagsmuna. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þetta á að breytast). Við verðum að líta á ástandinu, eins og það er, og eg er hræddur um, að það kunni að líða langur tími þangað til það breytist, þó eg vildi óska að þess yrði ekki langt að bíða. En meðan þeim, sem völdin hafa, ræðstu völdin hér innanlands, og auðvaldinu finst það vera í sínu »interesse« að halda höndum saman, til þess að halda öllu í þessu sama stjórnarformi, sem nú er, þá er eg vonlítill um að hið núverandi ástand breytist að mun, hvað sem alþingiskosningum líður. —

Enn skal eg taka fram, að í því uppkasti til reglugjörðar, sem hér hefir verið lagt fram, sem eg að vísu játa, að maður getur ekki bygt mikið á, því það sýnir að eins, hvernig þeir menn, sem gangast fyrir þessu fyrirtæki, hafa hugsað sér það, — þar er tekið fram í 16. gr., að af þeim mönnum, sem kjósa skal í bankaráðið af þingsins hálfu, eigi 2 heimili í Kaupmannahöfn, að eins 3 hér á landi, og það virðist mér miða að því sama, sem eg tók fram áðan, að koma fyrirtækinu í það form, að það séu Danir en ekki Íslendingar, sem aðallega hafi yfir því að segja.

Eg hefi nú með fám orðum tekið fram þá aðalagnúa, sem eg álít að séu á þessu frumv., sem hér er um að ræða. Eg hefi með atkvæði mínu stutt þetta mál gengum deildina, en því betur sem eg hefi hugsað um það, því í sjárverðara hefir mér þótt að sleppa svo mikilvægu atriði frá sér, sem seðlaútgáfurétturinn er. Eg hefi því hugsað mér að greiða ekki atkvæði með þessu frumv. nú við síðustu umr. þess, en af því eg hefi hinsvegar ekkert á móti því, að h. Ed. fái það til meðferðar, þá mun eg heldur ekki standa upp á móti því, heldur sitja.

Björn Sigfússon: Eg finn ástæðu til, við þessa síðustu umræðu, að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði. Eg hefi hingað til greitt atkvæði með málinu, og viðurkenni að það sé mikilsvert mál, og hefi því viljað stuðla að því, að það yrði sem rækilegast íhugað. En eg álít hinsvegar að þetta sé svo stórt mál og svo vandasamt, að ekki sé rétt að afgreiða það nú á þessu þingi. Það ber margt til þess, að málið getur ekki verið nægilega íhugað. Fyrst og fremst það, að þm. eru ofhlaðnir ýmsum störfum, og svo er það, að í þessu máli þarf sérstaka þekkingu, en við höfum enga reglulega bankafróða menn á þinginu. Eg álít því að málið eigi ekki og geti ekki orðið útrætt á þessu þingi.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið ómak af mér með því að benda á ýmislegt, sem er athugavert við þetta frv. Eg er honum fyllilega samdóma um flesta þá agnúa er hann nefndi, og þar á meðal, að þessar »statútur«, sem fram hafa verið lagðar, séu ónógar og ófullkomnar, og náttúrlega ekki bindandi sem lög. Það er alls ekki víst að þær yrðu hinar sömu, þegar til kastanna kæmi. Eg álít því betra að taka ýms ákvæði upp í lögin sjálf, sem álitið væri að mest væri í varið. Ef málið yrði ekki útrætt á þessu þingi, þá mundi stjórnin sjálfsagt taka það til íhugunar og undirbúa það sem bezt undir næsta þing, og held eg að flestir verði að álíta þess fulla þörf. Stjórnin hefir betri tök á því en vér að leita álits bankafróðra manna um þetta mál.

Eitt vildi eg benda á, sem eg álít þörf á að íhuga, og það er þar sem gjört er ráð fyrir að landssjóður taki 2 miljóna lán. Það er víst enginn vafi á því, að það yrðu ekki nein vandræði fyrir landssjóð að fá þetta lán, en með

hvaða kjörum? Því getur víst enginn svarað. Það er t. d. ekki sama, hvort hann fær það með 4% eða 6% vöxtum. Þetta atriði gæti stjórnin algjörlega komist fyrir, ef málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi, og vona eg að menn sjái og viðurkenni, að þetta er þýðingarmikið atriði.

Svo var það annað, sem eg vildi vekja athygli á, og sem mér virðist ekki nægilega trygt í frumv., það, að víst sé að þessi banki hjálpi landbúnaðinum áfram. Það hefir að vísu verið bent á, að hann ætti að gjöra það, og gjörði, að minsta kosti óbeinlínis, en mér finst þannig undirbúið í frumv., að það sé fremur aukaatriði, landbúnaðurinn sé hans olnbogabarn. Hér í frumv. virðist mér aðallega lögð áherzla á verzlunina og iðnaðinn, og efast eg ekki um, að hann mundi nokkuð geta eflt hvorttveggja, en þó má búast við því yfirleitt, að menn gjöri ofmikið úr því gagni, sem hann mundi gjöra verzluninni. Hinir stærstu kaupmenn munu varla vera í vandræðum með að útvega sér lán í útlöndum, án þess að sæta þeim okurrentum, sem lánveitendur hinna smærri kaupmanna taka. Eg skal t. d. nefna Ásgeirsens verzlun og Fischers verzlun. Þessar verzlanir o. fl. slíkar munu alls ekki þurfa að sæta neinum okurrentum. Þær geta að sjálfsögðu fengið lán í dönskum bönkum, og víðar, með venjulegum bankakjörum. Fyrir slíkar verzlanir er þessi fyrirhugaði íslenzki banki óþarfur, og óvíst að þær leiti til hans. Aftur á móti hinir smærri verzlunarmenn, sem erfitt ættu með að fá slík lán í útlöndum, mundu heldur ekki geta fengið mikið lán úr þessum banka, fremur en hverjum öðrum, því þeir hefðu svo lítið að veðsetja, svo að fyrir þá kæmi hann heldur ekki að mjög miklum notum. Það yrðu þá einkum miðlungsmennirnir í verzlunarstéttinni, sem hann kæmi að notum, og skal eg fúslega kannast við, að það sé allmikils virði. Yfir höfuð efast eg um, að þessi banki yrði til eins mikils gagns fyrir kaupmenn alment, eins og menn gjöra sér vonir um.

Eg verð að vera háttv. þingm. Ísf. samdóma um það, að svona lagaðan banka gætu Íslendingar sjálfir stofnað, og eg bjóst satt að segja við, að nefndin mundi á endanum komast að þeirri niðurstöðu. Eg skal fúslega viðurkenna það, að nefndin hefir starfað mikið að því að laga þetta frumv., og bætt það og breytt svo, að það má heita alt annað frumv. en hið upphaflega, en eg sakna þess mikillega, að nefndin hefir ekki tekið þetta atriði alvarlega til íhugunar, að landið mundi sjálft geta komið svona löguðum banka á fót. Ef landsmenn geta, eins og gjört er ráð fyrir, keypt hlutabréf fyrir 1 milj. kr., og landssjóður fyrir 2 milj., þá er strax komin lagleg undirstaða undir banka, þó ekki sé nema 3 miljónir, í viðbót við það, sem hinn núverandi banki okkar hefir. Mér finst margt benda til þess, að banki, sem byrjaði með þó ekki væri meira kapítal, mundi nægilegur fyrst um sinn og yrði þá líka kannske ekki svo erfitt að feta sig áfram undir góðri stjórn.

Svo er ýmislegt annað í frumv., sem eg get ekki felt mig við. *(Jón Þórarinsson:* Það er nokkuð seint að koma með það nú). Já, það er að vísu satt, að það er nokkuð seint, en eg er einn af þeim, sem eru seinir til að átta sig á þessu stórmáli, svona í hjáverkum innanum alt annað, en eg álít þó ekki rétt að þegja um það, hvers vegna eg greiði nú ekki atkvæði með málinu. Fari það til hinnar háttv. efri deildar, verður það íhugað á ný. Ef að aths. mínar eru réttar, þá gætu þær kannske

orðið til þess, að þær yrðu íhugaðar eftir á. Já, eg ætlaði að geta þess, að eg get ekki felt mig við að bankaráðstundir væru stundum haldnir í Kaupmannahöfn, og heldur ekki það, að þessi svo kallaði Íslandsbanki skuli vera slíkur hrærigrautur af dönsku og íslenzku fyrirkomulagi. Það eru ýms félög og fyrirtæki í útlöndum, sem verka með útlendu kapítali, en sem hafa þó alla stjórnina heima í sínu landi. Eg skal nefna t. d. sameinaða gufuskipafélagið, það verkar mikið með útlendu kapítali, en hefir þó víst aldrei dottið í hug að sleppa því að hafa stjórn sína heima. Frakkar eiga t. d. hluti í því, og þó hefir félaginu víst aldrei dottið í hug að halda fundi sína í París. Sem sagt, eg kann ekki við að gefa þessu fyrirtæki svona danskan blæ, eða, eins og eg sagði áðan, eg kann ekki við þennan hrærigraut. Eg efast ekki um að málið geti tekið umbótum enn, og býst við að margt sé enn athugavert við það, sem líklega hvorki eg né aðrir h. þm. hafa komið auga á, og álít þess vegna ekki rétt að afgreiða það nú á þessu þingi. Mér þykir leitt að geta ekki greitt atkvæði með málinu nú, því eg álít það mikilsvert og það geti orðið landinu til góðs, að eins ef gefið væri ráðrúm til að íhuga það og stjórninni sömuleiðis tækifæri til að íhuga það og undirbúa sem bezt eftir samráði við bankafróða menn. En eg álít það ofmikinn ábyrgðarhluta að hroða því af í flaustri á hálfsmánaðartíma.

Guðjón Guðlaugsson: Eg ætla eins og aðrir að gjöra dálitla grein fyrir atkv. mínu. Það hafa margir talað í þessu máli og eg er einn af þeim fáu, sem ekki hafa talað í því, ekki einusinni gefið einni einustu breytingartillögu atkvæði mitt, hvað þá frumvarpinu sjálfu.

Sú fyrsta hugsun, sem vaknaði hjá mér í þessu máli, sem öðrum, var það: Er málið í sjálfu sér og í heild sinni gott og gagnlegt? Og í öðru lagi: Getur þingið nokkuð gjört til þess að hrinda því áfram, svo það verði að gagni? Eg er nú á þeirri skoðun, að málið sé í heild sinni gott og gæti orðið til gagns, en hvort það væri í því formi, sem hér liggur fyrir, læt eg ósagt. Eg veit heldur ekki, hvort málinu hefir verið gjörður neinn greiði með því að taka það fyrir nú á þessu þingi. Mér hefir skilist meining manna sú, að annaðhvort ætti að afgreiða það á þessu þingi, eða þá að minsta kosti að gjöra það aðgengilegra fyrir næsta þing, en upp á síðkastið hefir málinu verið hraðað svo, að það gefur manni næstum ástæðu til að ímynda sér, að það séu einstakir menn, sem endilega vilji hafa það fram nú þegar.

Þegar eg fyrst fer að spyrja mig um, hvort þessi sannfæring h. þm. sé bygð á þekkingu, þá verð eg fyrst að minna á þau orð, sem flestir h. þingdm. hafa látið sér um munn fara, þegar þeir hafa talað um málið; þeir hafa sagt, að þeir hafi ekki vit á því. Eg hygg þetta rétt vera. Sumir hafa sjálfsagt enga þekkingu á því, og enginn ber til fullnustu skyn á það. Sannfæring h. þm. getur ekki verið bygð nema á lítilli og ófullnægjandi þekkingu. Á hverju ætti hún þá að vera bygð öðru? Það mætti búast við að hún væri bygð á trú. En trú á hverju? Máske þeirri trú, að hér þurfi eitthvað að gjöra. Það er meira en satt. En fyrst sannfæringin er ekki bygð á þekkingu og ef hún á að vera bygð á trú, þá er það líklega trú á þeim mönnum, sem helzt hafa leiðbeint í málinu. Það er nú eitt af því, sem eg get ekki skilið. Vér vitum það, að málið er aðallega flutt af tveim útlendingum, sem vér þekkj-

um lítið til, mönnum, sem hljóta að hafa meira eða minna eigingjarnar hvatir til að fá því framgengt. Hvað sem öðru líður, þá hefir þeim hrapallega mishepnast byrjunin, því að þótt þeir kunni að vera bankafræðingar miklir, þá hafa þeir sýnt það, að þeir eru litlir mannþekkjarar, þar sem þeir hafa tínt upp í sína þjónustu, eins og gullkorn úr sorpi, þá menn úr mannfélaginu, sem farið hafa í loftköstum gegnum lífið í eigin fjármálum, sem þó hafa verið miklu óbrotnari og viðfangsbetri en þetta stóra bankamál. Eg skil ekki, að hin h. deild geti haft trú á málinu vegna þessara tveggja útlendu manna, sem beizt hafa fyrir málinu, sjálfsagt fremur af gróðavon en af því, að þeir hafi haft fyrir augum þjóðarheill Íslendinga. Enn síður gjöri eg þó ráð fyrir, að h. deild geti haft trú á þessum innlendu mönnum, sem formælendur málsins hafa fengið sér til leiðbeiningar. Eg kæri mig ekki um að nefna þá á nafn, eg veit að h. framsögum. (Þ. Th.) þekkir þá. Þessir menn hafa sjálfir sýnt það og sannað, að þeir eru ekki vel valdir til að flytja fram velferðarmál þjóðarinnar, þar sem þeir hafa gripið til þess ráðs, að sverta og rægja eina helztu nauðsynjastofnun vora, bankann, og koma henni af fótunum, og hafa með því ætlað að hrinda þessu máli fram. Hvert flugritið á fætur öðru hefir verið sent út, til þess að reyna að verða bankanum að fótakefli og eyðileggja hann, og það er ekki nóg með það, að rit þessi séu borin út um bæinn, send út um land og troðið upp á þingmenn í þingsalnum, heldur veit eg það með sanni, að farið er að snúa þeim á útlenda tungu, svo að hægt sé að breiða þau einnig út í útlandinu.

Þetta er nóg til að sýna, hvaða meðulum er beitt, til þess að drepa interesse fyrir bankanum, og það ætti að vera nóg til þess, að vér léðum þessu máli ekki eyru.

Eg er þá kominn að þeirri sannfæringu sjálfur, að ógjörðir háttv. deildar geti hvorki verið bygðar á sannfæringu, þekkingu eða trú. En þær eru þá máske bygðar á reynslu? Íslenzk reynsla getur það ekki verið, því að hún er ekki til. Þá er það máske útlend reynsla? Mér hefir verið svo frá sagt, að öll þau lönd, sem þurfi að leita annara landa, til að skipa peningamálum sínum, séu það sem vér eiginlega getum kallað sveitarómagar heimsins, það séu þau lönd ein, sem hvorki geti staðið á eigin fótum í þessu né öðru. Aðgjörðir háttv. deildar geta því hvorki verið bygðar á sannfæring, þekkingu, trú eða reynslu. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: Á von). Það getur verið. En vonin verður sér oft til skammar, og það er ekki vit í að byggja á von, sem ekki styðst við reynslu né þekkingu.

Eg veit alls eigi, hvað getur vakað fyrir háttv. deild, að vilja hraða málinu svona, og láta það fara þannig frá sér, að alveg sé undir hælinn lagt, hvort hægt sé að forsvara það í einu eða neinu gagnvart stjórninni. Það er sæmra fyrir þingið, að láta slíkt ógjört. Ef það er meiningin að láta þetta frv. ganga í gegnum þingið í því trausti, að ráðgjafinn ráði því að eins til staðfestingar þess, að honum sýnist það þannig úr garði gjört, að það sé þess vert, og að hafa samþykt svo annað frumv. jafnhliða á sama þingi, sem fer þvert ofan í þetta, og ekki getur orðið staðfest jafnhliða því, þá spyr eg: er þetta heppileg aðferð til að fækka lagasynjunum, og til að efla sæmd þingsins?

Eg hygg, að sé nokkuð til, sem spilt geti áliti þingsins, þá sé það einmitt þessi aðferð.

Háttv. nefnd og fleiri háttv. þingd.-menn segjast vilja ræða málið til þess að undirbúa það, án þess að þó sé víst að ráðlegt þyki að láta það ganga í gegnum þingið. En eg held, að þessi undirbúningur geti ekki haft mikla þýðingu.

Það eru umræðurnar um málið, sem menn vilja fá, umræður, sem ekki eru bygðar á sannfæringu, ekki á þekkingu, ekki á trú, ekki á reynslu, ekki bygðar á neinu öðru en skýjaborgum. — Þær umræður eru að mínu áliti sannarlega ekki mikils virði, þær geta orðið til þess eins, að negla þingmenn á einhverri vitleysu, sem þeir svo verða að halda dauðahaldi við, til þess að gjöra sig ekki að athlægi fyrir hringlandaskap.

Eg veit, að það er reyndar að færast í móð, að eigi þyki það varpa bletti á menn, þótt þeir taki botnaköst, og gjörskifti skoðun á skömmum tíma. — En þó eru það ekki allir, sem slík sporðaköst haldast uppi enn sem komið er. En þótt það nú væri ekki álitið einstökum mönnum til lýta, að steypa þannig stömpum, þá er það að eins fyrsti kollskiturinn — að eg leyfi mér að viðhafa þetta orð — sem fær svo vægan dóm.

En þegar menn þurfa að fara að taka botnaköst aftur inn á sömu galeiðuna, þá er hætt við, að fegursta gyllingin fari að fara af þeim í augum almennings.

Þá kem eg að því, hvort þörf sé á banka þessum.

Háttv. 2. þingm. Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið af mér ómakið með að tala langt um það, því hann hefir sagt um þörfina hið sama, sem eg mundi hafa sagt. Eg er þeirrar skoðunar, að nú sé eigi þörf á að fá svo stóran banka, sem hér er gjört ráð fyrir. Það hefir verið sagt, að þörf væri á þessum banka vegna verzlunarinnar. En eg efast um, að menn hafi gjört sér grein fyrir, hve mikið fé þurfi til verzlunarinnar árlega. Ef öllum þeim 5 miljónum, sem um er rætt í frumv., er varið í gullforða handa bankanum, þá gæti bankinn gefið út seðla alt upp að 15 miljónum króna. Þetta er meira fé en vér þurfum á að halda.

Eftir verzlunarskýrslunum verzlum vér fyrir 6 miljónir króna á ári. — Þetta er útsöluverð vörunnar, en innkaupsverð hennar er sjálfsagt ekki meira en 3—4 miljónir króna, og til þess að kaupa vörurnar inn mundu peningarnir fengnir úr bankanum. — Nú er sama upphæðin einatt umsett 2—3 eða oftar á ári, þá er það auðsætt, að kaupmenn mundu ekki þurfa meira en svo sem 2—3 miljónir króna úr bankanum til að kaupa inn vörur sínar, þótt þeir sæktu peningana alla í bankann. En nú mundu hvorki allir kaupmenn geta eða vilja notað bankann, ýmsir smá-kaupmenn fá sjálfsagt lítið lán úr honum, þá skortir lánstraust, og þeir hafa ekki nægar tryggingar að setja. Þar dregst þá æði-mikil upphæð frá. Þá eru kaupfélög landsins þannig sett, að ekki er líklegt, að þau geti fengið mikið lán í bankanum. Enn fremur má gjöra ráð fyrir, að sterkefnaðir kaupmenn, menn, sem ekki eru hér innlendir, svo sem þeir, er háttv. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) benti á, en sem þó reka verzlun hér, muni fremur nota útlenda banka, en þennan Íslandsbanka. Þegar allir þessir kaupmenn ganga frá, þá er að eins miðlungssortin eftir, og það er ekki neitt stórfé, sem þeir þurfa til þess, að reka með verzlun sína. — Það má ekki miða við það, þótt landsbankinn, sem hafði að eins $^1/_2$ miljón

króna að stofnfé, gæti ekki með öllu fullnægt viðskiftaþörfinni; það er svo stórt stig milli hans og þess banka, sem hér er farið fram á að stofna.

Þegar eg lít á þetta, þá er það sannfæring mín, að hér sé ekki um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að vér þurfum að fara að knékrjúpa útlendingum. Það liggur í augum uppi, að ef landssjóður á ráð á tveim miljónum króna til að stofna banka með og landsmenn hinni þriðju, og ef fé þetta er lagt fyrir sem gullforði, þá mundi nú slíkur banki geta gefið út fullar 8 miljónir kr. eða svo mikla seðla, sem vér þyrftum til verzlunarinnar, og sjálfsagt svo mikla seðla, sem vér þyrftum og værum færir um að nota í landinu.

Eg skal ekki tala margt um pólitiska þýðing þessa máls, en þó finst mér það sízt til að reisa þjóð vora upp í pólitiskum efnum, ef vér förum að knékrjúpa útlendingum að nauðsynjalausu. Í þessu máli ættum vér að láta það vera, að krjúpa á kné fyrir Dönum. Eg hefi þá trú, að hver þjóð hafi í sjálfri sér fólginn kraft til þess, að koma á fót fyrirtækjum í hlutfalli við landkosti og þjóðmegun og þjóðmenning á þeim og þeim tíma.

Það getur verið, að þetta mál hafi ekki aðra pólitiska þýðing en þá, að gjöra oss að enn meiri amlóðum í augum annara þjóða en vér erum í raun og veru.

Það er nóg vitni um amlóðaskap vorn, að vér þurfum að leita til stjórnarinnar dönsku, og biðja hana um að verja fiskimið vor og mæla upp strendur vorar og firði; það er alveg óþarfi að vera að bæta því ofan á, að fara nú að biðja Dani að gangast fyrir því, að reisa banka hjá oss.

Eg er viss um, að frumv er vanhugsað í mörgum atriðum, enda er það eðlilegt, því tíminn hefir verið svo afskamtaður til að fjalla um málið. — Allir útlendingar, sem eg hefi heyrt tala um störf þingsins, hafa undrað sig á því, hvað þingmenn hér verði að leggja mikið á sig; þeir verða hissa, þegar þeir heyra, að þingfundur sé haldinn á hverjum degi; enn meira hissa verða þeir, þegar þeir heyra, að stundum séu haldnir tveir fundir á dag, og út yfir tekur, þegar þeir heyra, að þingið standi ekki nema 6—8 vikur annað hvort ár.

Það eru að eins tveir útlendingar, bankamennirnir, sem líta öðrum augum á þetta. Það eru ekki 8 vikur, ekki 6 vikur, heldur að eins 2 vikur, sem þeir vilja að þingið hafi til að hugsa um stærsta málið, sem fyrir það hefir komið. Þetta þykir þeim nógur tími handa því. Þeir hrista höfuðið yfir því, að allir skuli ekki vilja láta málið ganga fram á þessum stutta tíma. — Þeir segja sem svo: Ef þið álítið málið gott, hví samþykkið þið það þá ekki nú þegar. Þetta segja þessir útlendingar, menn sem vita, að fjarri er því, að stórmálum sé flaustrað þannig af á þeirra þingi eða þingi annara erlendra þjóða.

Eg verð að telja það alveg ótilhlýðilegt af þeim, að reka þannig eftir, og vilja ekki gefa þingmönnum og þjóðinni nægan tíma til að yfirvega málið. Það lítur eins út og þeir vilji láta það koma sem minst í dagsbirtuna. Þeir segja: Hér liggja nú peningarnir á borðinu; ef þið takið ekki strax við þeim, þá sópum við þeim ofan í vasann aftur. Þetta hafa þeir sagt í mín eyru, og mér finst það bera töluverðan hótanablæ; eg veit ekki, hvað aðrir kunna að segja um það.

Eg hygg, að málið sé að öllu leyti svo vaxið, að það þurfi góðan umhugs-

unartíma áður en því er ráðið til lykta. Sómi þingsins liggur við því, að það sé vandlega íhugað, og sómi málsins sjálfs líka, því ef því er hraðað af með ósköpum, þá er eins og það sé svo vaxið, að það þoli ekki að sjá dagsljósið eða verða fyrir því, að verða krufið til mergjar.

Það getur verið, að það sé meiri hluti þessarar háttv. deildar, sem ætlast til, að málið gangi að vísu héðan, en fari þó ekki lengra á þessu þingi en til háttv. efri deildar. En eg veit það, að tilraun hefir verið gjörð við h. efri deild með að láta málið ganga fram á þessu þingi, og án þess að eg ætli, að sú tilraun hafi nokkur áhrif á gang málsins þar, þá álít eg þó, að þeir í þessari deild, sem sannfærðir eru um, að málið eigi ekki að ganga fram nú á þingi, að þeir ættu hvorki að hræra hönd né fót til þess, að koma því út úr deildinni.

Eg segi þetta ekki af neinu vantrausti á háttv. efri deild; en auðsjáanlega er óvandari eftirleikurinn fyrir hana, þegar hér hefir verið byrjað. Hún getur talið sér sæma, að hafa málið til stuttrar meðferðar eigi síður en þessi deild.

Jafn-rangt tel eg það af þinginu í heild sinni, að skjóta öllum veg og vanda yfir á ráðgjafann; þingið væri þá alt í einu farið að bera meira traust til hans, en jafnaðarlega hefir áður verið.

Einmitt af því, að eg er þessarar skoðunar, og af því að hér er um stórt mál að ræða, sem eg óska, að ráðist sem bezt, mál, sem er afar-mikið velferðarmál, ef það kemst á réttan fót, en jafnframt mál, sem eg og aðrir h. þingmenn verðum að játa, að vér skiljum ekki til hlítar, og einmitt af öllu þessu vil eg síður, að það sé felt frá umræðu; en af því að eg álít ekki rétt að stuðla að því, að það geti gengið gegnum þingið, þá hefði eg lang helzt óskað, að það væri tekið út af dagskrá, og því með því stungið svefn-þorn á þessu þingi.

Við aðra umræðu var talsvert þrátt að um það, hvort þessi banki mundi verða landbúnaðinum til eflingar. — Eg held það sé nú nokkuð tví-sýnt, að minsta kosti mun hæpið að byggja of mjög mikið á uppkasti því til reglugjörðar, sem útbýtt hefir verið meðal þingmanna.

Í 14. gr., þar sem talað er um höfuðstörf bankans, er það ekki nefnt á nafn, að lána eigi móti fasteignarveði.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) benti á, að eitt meðal annars, sem bankanum væri heimilt að tryggja seðla sína með, væri veðskuldabréf, gefin út fyrir lánum út á fasteignir, þó eigi meira en 1 miljón króna.

Þótt þetta sé ljóslega orðað þannig í frumv., heyrðist mér háttv. þingm. Vestm. (V. G.) komast að þeirri niðurstöðu, að það væri sjálfsagt, að bankinn ætti og mundi veita 1 miljón króna lán út á fasteignarveð.

Hér er að eins tekið fram, að þessi veðskuldabréf megi aldrei nema meiru en 1 miljón króna, en þau mega nema svo litlu, sem vera skal. Og þó nú bankinn hafi í fórum sínum veðskuldabréf fyrir fasteignalánum, þá er það engin sönnun fyrir því, að hann hafi veitt lán út á þau, hann getur hafa eignast þau á ýmsan annan hátt, hann getur hafa fengið þau hjá veðdeildinni, og hann getur hafa keypt þau af sparisjóðum; þau eru jafn-gild trygging fyrir seðlaútgáfunni fyrir það.

Eg tek það því aftur fram, að það er engin sönnun fyrir því, að bankinn láni nokkra miljón króna út til eflingar landbúnaðinum.

Því hefir verið haldið fram, að bank-

inn mundi koma á fót ýmsum fyrirtækjum, sem landssjóður nú styrkir. — Það er líklega múrsteins-verksmiðjan, sem menn eru að hugsa um. En ef hann byrjaði á því, að styrkja þess háttar fyrirtæki, mundi það ekki verða til að gjöra hann tryggari, ef ætlast er til, að hann láni til fyrirtækja, sem eru þannig vaxin, að þeir, sem fyrir þeim gangast, treysta sér ekki að taka lán og borga af því vexti, en vilja fá það að gjöf.

Slík fyrirtæki þurfa lengra og vægara lán en bankalán eru. Og ef bankinn lánar ekki gegn veði í fasteignum, mun hann varla lána til mjólkurbúa, sem einmitt þurfa löng lán.

Mín meining er því, að æði-mörgum loft-köstulum hafi verið tildrað upp í hinni háttv. þingd. við umræður þessa máls, og hefi eg nú látið mitt álit í ljósi. Réttasta aðferðin væri að taka málið út af dagskrá, en verði það ekki gjört, vil eg fyrir mitt leyti hvorki hreyfa hönd né fót til að það gangi í gegn, og greiði því atkvæði á móti málinu.

Klemens Jónsson: Eg hefi ekki fyr tekið til máls í þessu máli, og þar sem eg stend nú upp, er það ekki til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, eins og aðrir háttv. þingm., því þess þarf eg ekki, því skoðun mín er öllum kunn, þar sem eg hefi verið einn nefndarmaður í máli þessu, og hefi fylgt og fylgi því eindregið skoðun nefndarinnar í þessu máli, og hafa formælendur frv., sérstaklega háttv. framsögumaður þess, skýrt svo vel ástæður hennar, að ekki þarf þar við að bæta. Eg mundi því ekki hafa tekið til máls, ef hinir þrír háttv. þingdeildarm., sem síðast töluðu, hefðu ekki gefið mér tilefni til þess. — Ræður þeirra hefðu átt betur við, ef þær hefðu komið við 1. eða 2. umræðu málsins, og því til leiðbeiningar fyrir nefndina, en nú er satt að segja engin meining í að koma með þær, sérstaklega ræðu háttv. þingm. Árn. (Þorl. G.). Hinir 2 háttv. þingmenn höfðu ástæðu, þar sem þeir gjörðu beint grein fyrir atkvæði sínu, og ræður þeirra innihéldu þó auk þess nokkurar bendingar.

Háttv. þingm. Húnv. (B. Sigf.) þykir ísjárvert að greiða atkvæði með því nú við 3. umr., af því hann vill ekki, að málið gangi nú í gegnum þingið, og það getur nefndin að miklu leyti fallist á, og hefir sjálf tekið það beint fram í nefndaráliti sínu. En það er sitt hvað, að málið gangi í gegnum þingið, og að það gangi í gegnum þessa háttv. þingdeild og til háttvirtrar efri deildar. — En að það gangi í gegn um háttv. efri deild eru engar líkur til, vegna þess að tíminn er orðinn svo naumur, að til þess mundi þurfa að framlengja þingtímann, því sjálfsagt þyrfti að setja málið í nefnd í efri deild, og er því þetta, að menn vilja ekki látið málið ganga í gegn um þingið, engin ástæða til, að greiða atkvæði á móti, að það gangi til efri deildar; það getur alls ekki af þessari ástæðu verið ísjárvert fyrir neinn þingmann að greiða nú atkvæði gegn frumvarpinu, og enn síður ísjárvert er það í þeirra augum, sem álíta, að frumv. hafi nú tekið þeim bótum, að það sé æskilegt, að það verði samþykt til fulls, og meðal þeirra er eg einn, og það því fremur, sem nú liggja fyrir þrjú frumv. um bankamál, sem öll ganga í sömu átt, og auðvitað mun stjórnin leita álits bankafróðra manna um þau öll, og velja það, sem henni lízt bezt á, og er engin hætta á, að það verði landinu til skaða. — En einmitt þetta, að 3 slík frumvörp liggja fyrir þinginu, bendir ljóslega á, hve brýn þörf er á, að bæta úr peningaástandi landsins.

Eg get ekki leitt hjá mér, þó eg ekki ætli að ganga svo sem neitt inn á aðalefni málsins, að benda á, að það er skrítið að heyra skynsama þingmenn halda því fram, að 3 miljónir mundu nægja. Það fé, sem liggur fyrir, ef hin 2 frumvörp verða samþykt, er: veltufé landsbankans minst 1½ miljón, veðdeildin nýja . . . 1200 þúsund seðlaviðbót . . . . . 250 —— eða sem næst 3 miljónir króna, og enginn hefir þó haldið því fram, að þetta fé mundi nægja nema stutta stund, og varla til næsta þings 1901. — Nei, 5 miljónir er hið allra minsta, og er eg ekkert hræddur um, að þjóðina sundli, þó hún heyri þá upphæð nefnda, eða hún verði myrkfælin, því svo er fyrir að þakka, að ekki verða allir hræddir, þó þeir sjái tölu, sem skrifuð er með fleiri en 5 tölustöfum.

Eg ætla ekki að fara út í hina löngu botnaræðu háttv. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.), en eg verð að segja, að hún hrygði mig, og sjálfsagt alla vini hins háttv. þingm.

Það hefir löngum verið látið klingja, að frumv. væri vanhugsað, og að menn hefðu ekkert vit á því. (*Jón Jensson*: Þingm. segja það sjálfir). En þess ber að gæta, að til er nokkuð, sem heitir »Beskedenhed«, þó sumum sé það ó kunnugt.

En eg verð að taka það fram, hvað fyrri athugasemdina snertir, að eg man eigi eftir neinu frumvarpi, sem hefir tekið eins gagngjörðum breytingum og þetta, og það bendir þó óneitanlega á alt annað, en að frumv. hafi eigi verið íhugað.

Þeir menn, sem tala mest um, að aðrir hafi ekkert vit á málinu, halda lengstar ræðurnar um það sjálfir. — Mér fanst lítið vanta á, að háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) kæmi hér fram áðan, sem fullkominn prófessor í fjármálafræði. — En það er sannast að segja, eins og eg nýlega tók fram, að ekkert frumv. hefir verið íhugað grandgæfilegar hér í deildinni eða tekið meiri breytingum til batnaðar, en einmitt þetta frumv.

Auk þess lá fyrir nefndinni álit einhvers bankafróðasta manns í Danmörku um frumv., og hafði hann gjört við það athugasemdir sínar, sem nefndin tók flestar til greina, og verður varla sagt, að hann hafi ekkert vit á því.

En að svo stöddu hefi eg ekki heimild til að segja, hver maðurinn er.

Eg vil því skora á hina háttv. þingdeild, að taka málið ekki af dagskrá, en í fullu trausti til háttv. efri deildar láta málið ganga til hennar.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi áður látið í ljósi álit mitt á þessu máli, en eg vildi minnast á breyt.till. á þingskj. 510, sem fer fram á, að landssjóður fái greiddar frá bankanum 5000 krónur á hverju ári í 20 ár. Háttv. þm. Vestm. (Valt. G.) þótti þetta svo smávegis og þýðingarlítið, þó landssjóður yrði að bíða þessi 20 ár. En mér finst þessi tillaga hafa mjög mikla þýðingu. — Það er ómögulegt fyrir hina háttvirtu þingdeild að vita, hvernig ástand bankans verður eftir þessi 20 ár, það gæti orðið alt öðru vísi en menn hugsa sér það nú, og er því heppilegt, að bankinn byrji strax að svara landssjóði nokkuru. Þetta verða þó ordnar 100 þúsund krónur eftir 20 ár, og vona eg því, að hin háttv. deild samþykki tillöguna.

Að því er sjálft málið snertir, þá er of seint, að fara að tala um það nú. Við 2. umræðu sýndi eg fram á það, sem mér sýndist helzt athugavert, og hvaða stofnanir bankinn mundi helzt styðja.

Menn hafa talað um, hvort við þyrftum 3 eða 5 miljónir króna. — Eg

fyrir mitt leyti held nú, að 3 miljónir mundu nægja, en hvort það er rétt, verður reynslan að sýna. Sé það rétt, að 3 miljónir sé nóg fé, þá væri það miklu heppilegra, að landið ætti peningastofnunina sjálft, því engum getur dulist, að óhagvænna er, að fé sé líka eign útlendra manna, sem auðvitað yrðu þá að ráða miklu um stjórn og meðferð bankans. En sé það rétt, að við þurfum 5 miljónir, þá er það gefið, að svo mikið fé er ekki fyrir hendi í landinu sjálfu, og ofvaxið því að taka svo mikið lán.

En þess verður og að gæta, að við höfum meira en þessar 3 miljónir, því í bankanum er fé, sem mundi leggjast við þessa upphæð.

Eg benti á það við 2. umr., að það mundi koma í ljós, að skuldir landsmanna mundu aukast, ef þessi banki kæmist á.

Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta, en að eins geta þess, að eg álít málið svo þýðingarmikið, að ekki sé rétt að kasta því frá sér, áður en háttv. efri deild hefir haft það til meðferðar.

Eg verð því einn í tölu þeirra þingmanna, sem vilja hleypa því til háttv. efri deildar, svo það geti á þessu þingi fengið svo ítarlega meðferð, sem kostur er á.

Guðlaugur Guðmundsson: Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 507, skal eg taka það fram, að eg er samþykkur fyrra atriðinu, af þeim ástæðum, sem hæstv. landsh. og h. þm. Vestm. (V. G.) þegar hafa tekið fram. Síðara atriðið, þar sem tekið er fram, að bankalögin frá 18. sept. 1885 séu úr gildi numin, sýnist mér athugavert fyrir þá menn, sem eru í þjónustu bankans, með því það sviftir þá menn stöðu þeirra, sem þeir nú hafa, en tryggir þeim ekkert í staðinn; en hvort hinn nýi banki tekur þá í þjónustu sína, er mér ekki kunnugt um. Breyt.till. á þingskj. 510 hefir verið send flutningsmönnum bankamálsins og hafa þeir lýst yfir því að sér þætti hún á litlu standa, og að þeir væru henni því ekki mótfallnir. Það er þarfleysa að fara út í ræður manna um málið hér í deildinni í dag, þær hafa lítið verið til að skýra málið, og gæti eg því látið þær sem vind um eyrun þjóta. Að eins verð eg að minnast lítið eitt á hina nafnfrægu athlægisræðu, sem h. þm. Rvk. (J. Jens.) hélt um daginn. Að vísu er það leiðinlegt að þurfa að setja þm. í gapastokkinn, en þar sem svo lítur út, sem sumir honum heimskari menn hafi tekið mark á ræðu hans, verð eg að minnast á hana.

Hann brá mér um skoðanaskifti, og sýndi með því, að hann hefir ekki nent að lesa það, sem skrifað hefir verið um málið, en það verður að fyrirgefa honum. Hitt er verra, að hann hefir ekki nent að hlusta á það, sem talað hefir verið, eða hugsa um það. Eg hafði tekið fram 4 atriði, sem mér þóttu gjöra frumv., eins og það var í fyrstu, með öllu óaðgengilegt. Nú hefir verið bætt úr öllum þessum ágöllum, og þyrfti því heimskan mann eða þverhöfða til að þverskallast og láta ekki sannfærast. Ef eg þarf á hesti að halda, og bið annan mann um hann, en hann kemur með bykkju halta, eineygða og víxlaða, vil eg auðvitað ekkert með þá bykkju hafa, en komi hann svo með duglegan klárhest, sem ekki hefir neinn af þessum ágöllum, mætti eg vera meiri en meðal þverhaus, ef eg tæki ekki við honum, væri mér þörf á hesti.

En mér finst röksemdaleiðsla h. þm. vera þessi: Úr því eg get ekki notað höltu, eineygðu og víxluðu bykkjuna, vil eg ekki heldur góðan hest. Þegar eg talaði í máli þessu, tók eg skýrt

fram ástæður mínar, og ætti það ekki að vera ofvaxið neinum manni með heilbrigðu viti, að átta sig á þeim, en auðvitað býst eg ekki við að h. þm. Strand. (Guðj. G.) geti það. Eg ætla auðvitað ekki, að h. þm. tali móti betri vitund, en það verð eg að segja, að ræður, sem ekki eru bygðar á meira viti og sanngirni, en ræða h. þm. Strand., eru ekki þess verðar, að tekið sé tillit til þeirra, og er það leiðinlegt, þegar snúist er svo við máli, sem hverjum manni ætti að vera orðið ljóst. (*Jón Jensson*: Við höfum ekkert vit á því). H. þm. Rvk. (J. Jens.)getur barnað eitthvað annað en mína ræðu. Því hefir verið haldið fram, að það væri svo mikill ábyrgðarhluti, að láta þetta mál verða að lögum, en er það þá ábyrgðarlaust, að hefta framgang þess? Eru ekki svo mikil vandræði nú í þeim efnum, að eitthvað verður að gjöra? Eg vil ekki færa ástæðu fyrir því nú, en eg hefi bent á það áður, að hvað sem versnar úr þessu, verður það hreinn og beinn voði. (*Jón Jensson*: Hver hefir sagt h. þm. það?). Hinn h. þm. Rvk. varðar ekkert um það. — Það hefir verið sagt, að heppilegt væri að stofna banka, þar sem $^3/_5$ af fénu væri innlent en $^2/_5$ útlent, og að æskilegra væri, að stofna þjóðbanka, er trygður væri með innlendum gullforða, er landið ætti eða fengi að láni, og auðvitað væri það æskilegast, en hitt verður að teljast næst-bezti vegurinn. Og nú hefir verið sýnt fram á, bæði af hv. þm. Eyf. (Kl. J.) og öðrum, að ekki er til neins, að ætla að stofna slíkan banka af innlendu fé, en að stjórninni mundi ganga svo greitt að útvega okkur gullforða að láni, er engin ástæða til að ætla. Það kom einu sinni fyrir, eins og menn rekur minni til, að þingið veitti fé til strandferðaskips, og benti á, hvernig það ætti að vera, og fól stjórninni að útvega það. Stjórnin auglýsti í 2 ár og fekk ekkert skip — reyndar mundi hver meðalduglegur kommissionær í Kaupmannahöfn hafa getað útvegað það á 2 mánuðum. Nú væri gaman að vita, hve lengi stjórnin væri að útvega okkur nægilegan gullforða.

Þegar nú þetta býðst, og búið er að bæta frumv., eins og gert hefir verið, sé eg ekki, hvað er á móti því að senda frumv. h. Ed., eða jafnvel láta það verða að lögum; því þó menn liggi stjórninni á hálsi fyrir margt, og það með réttu, þá er ekkert hætt við því, að hún samþykki þetta, ef hún telur það hættulegt, og eftirlitið hefir altaf verið hennar sterkasta hlið, þó minna sé um framkvæmdirnar. Þess vegna álít eg réttast að láta málið ganga óhindrað til h. Ed.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk: Eg ætla að leyfa mér að tala fáein orð, af því nafn mitt stendur á einni breytingartillögu á þingskjali 507, ásamt með nöfnum 5 annara h. þm., með nafn h. þm. Vestm. (V. G.) í broddi fylkingar.

Því er nú svo varið með mig, að eg treysti mér ekki til að dæma um þetta mál, eða skera úr því, hvort það muni heldur verða til böls eða bóta, hvort það muni geta orðið til að hjálpa þjóðinni og reisa hana við, eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) er fulltrúa um, eða til að fella hana, og ofurselja útlendu auðvaldi, láta hana lenda í »Gyðingaklóm«, eins og einu sinni var sagt um landsbankann, og eg ímynda mér, að það séu margir fleiri af h. þm., sem sé ekki fullkomlega færir um að dæma rétt um það.

Eins og málið liggur nú fyrir, þá álít eg það sjálfsagt að láta það ekki ganga

í gegn á þessu þingi, eg álít það mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið, ef það skyldi afgreiða það í þetta sinn, án þess að hafa leitað álits bankafróðra manna í útlöndum. Eg vil láta hugsa málið betur.

Það hefir verið tekið fram af h. 1. þm. Eyf (Kl. J.), að málið væri svo seint á ferðinni og svo áliðið þingtímans, að óhugsandi væri að það yrði afgreitt sem lög frá alþ., þó það yrði samþykt hér í deildinni og látið ganga til Ed. En eg vil ekki reiða mig á það, eg vil ekki kasta áhyggju minni upp á Ed., og ekki vil eg heldur kasta áhyggju minni upp á stjórnina. Eg álít það svo mikinn ábyrgðarhluta fyrir deildina að samþykkja þetta frumv., að eg vil ekki gefa mitt atkvæði til þess að svo verði, og ætla eg því að greiða atkv. móti því, og sömuleiðis á móti breyt.till. þeim, sem eg er viðriðinn, þótt eg telji þær til bóta, af því að málið mundi síður þykja aðgengilegt í Ed., ef þær væri feldar.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg vil taka undir með h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að mótbárur þær, sem nú hafa komið fram gegn frumv., hafa komið mikils til of seint; þær hefðu heldur átt að koma fram við 1. umr. málsins, því þá hefði verið hægra fyrir nefndina, að taka þær til greina. Með þessu er reyndar ekki sagt, að þær bendingar, sem fram hafa komið, hafi verið þess verðar, að þær væru teknar til greina.

Það hefir komið fram sú skoðun hjá sumum h. þm., að ekki sé rétt að ræða málið í þinginu, af því þm. séu ekki bankafróðir. Þeim þykir það ekki sæmandi fyrir þingið að tala um þetta mál, af því að það sé ekki bankafrótt. En þó að þessu máli sé nú slept, þá mun þó einhvern tíma koma sú tíð, að menn vilja koma upp hlutafélagsbanka á Íslandi, eða þá breyta landsbankanum í öðruvísi banka, og kemur það þá til þingsins kasta. Og hvaða tryggingu hafa menn fyrir því, að eftirfarandi þing verði bankafróðari en þetta? Úr því nú óhjákvæmilegt er að bankamál verði fyr eða síðar til meðferðar á þinginu, og engin trygging nokkurn tíma fyrir bankafróðleik, eða meiri en nú, þá verð eg að meta þessa mótbáru einkis.

Eg get ekki verið á því, að vér megum ekki samþykkja þetta frumv., af því vér megum ekki láta það koma fyrir Ed. Eg verð líka að mótmæla því, að það sé svo úr garði gert, að ósómi sé fyrir deildina að láta það fara frá sér, eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) hélt fram. Og þó svo væri, þá hefi eg þá trú á Ed., að hún láti ekki frá sér fara neitt það, sem sé ósómi fyrir þingið. Tíminn er auk þess orðinn svo naumur, að engin líkindi eru til, að málið geti orðið afgreitt frá þinginu að þessu sinni.

H. þm. Húnv. (B. S.) og h. þm. Strand. (Guðj. G.) fundu það að frv., að fé það, sem ætti að stofna bankann með, væri útlent. Eg skal játa það, að bæði eg og nefndin var þeirrar skoðunar, að bezt hefði verið, að vér hefðum getað stofnað bankann með innlendu fé eingöngu, og þetta held eg að nægilega ljóst sé tekið fram í nefndarálitinu, og allar þær breyt.till., sem nefndin hefir gert við frumv., miða að því að gera þessa bankastofnun að innlendri stofnun. En hins vegar var nefndin þeirrar skoðunar, að engin tök væru á því, að stofna slíkan banka að öllu leyti með innlendu fé.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) hélt því fram, að svo framarlega sem vér getum lagt 2 miljónir króna í þetta bankafyrirtæki, þá gætum vér líka alt eins vel

stofnað banka sjáltir með þessum 2 miljónum. Jú, það er satt, ef þær 2 miljónir væru til. En eg efast um, að hægt sé að útvega þetta fé handa landssjóði á þann hátt er nefndin hafði hugsað sér að útvega það, ef Íslandsbanki væri stofnaður, ef við ætluðum okkur að stofna banka eingöngu með því.

Eins og eg hafði áður tekið fram, hefir nefndin hugsað sér að útvega þetta fé, með því að leggja 20% af jarðeignum sínum í bankann fyrir 1/4 miljón, en fá í bili lánuð hlutabréf hjá bankanum fyrir 1 1/4 miljón. Öll hlutabréfin fyrir þessum samtals 2 miljónum ætlaðist nefndin til að veðsett væru í t. d. Englandsbanka, og á þann hátt fengjum við 1 1/4 miljón í peningum, en svo yrði bankinn að selja bankaskuldabréf fyrir 1/4 milj., svarandi til jarðeignanna. Nú efast eg um, að hægt væri að fá 1 1/4 milj. króna lán út á þessi hlutabréf í Englandi handa banka, sem eingöngu væri stofnaður með innlendu fjármagni og því mjög litlu, og eg efast um, að bankaskuldabréf svona lítils banka gengju vel í útlöndum. Alt öðru máli er að gegna um hlutabréf og bankaskuldabréf banka, sem settur væri á stofn með öðru eins fjármagni og samböndum og Íslandbanki. Þetta voru ástæður nefndarinnar fyrir því, að hún áleit engin tök á því að stofna al-innlendan banka.

Nefndin hefir lagt það til, að þegar 40 ár væru liðin frá stofnun bankans, þá hefði landssjóður Íslands rétt til að innleysa öll hlutabréf bankans eftir gangverði þeirra, eftir því sem honum þykir henta. Nefndin hefir með þessu ákvæði farið svo langt sem hún gat, til þess að gera bankann að innlendri stofnun. Er nú nokkuð betra að byrja með lítið og fara á höfuðið með það, eða byrja með mikið með hjálp annara, eins og hér er, þar sem það getur komið að góðu gagni?

Allir förum vér samt sem áður sömu leiðina í þessu máli; munurinn er að eins sá, að andmælendurnir vilja gera bankann strax að innlendri stofnun; en vér treystum okkur ekki til að koma al-innlendum banka á fót fyr en eftir 40 ár.

H. þm. Húnv. (B. S.) talaði um einhvern hrærigraut af útlendu og innlendu, en mér finst þetta ekki meiri hrærigrautur heldur en sjálf ræða hv. þm. Hann taldi það víst, að hægt væri að stofna innlendan banka. En þegar hann fór að tala um, að landssjóður fengi lán til að setja banka á stofn, þá taldi hann öll tormerki á því. Í öðru orðinu taldi hann það rétt, að hlutafélagsbankinn gæti orðið að miklu gagni, en í hinu orðinu sagði hann, að hann yrði ekki til gagns fyrir verzlunina, því stórkaupmennirnir þyrftu ekki að nota bankann, og smærri kaupmennirnir gætu það ekki.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) þótti bankinn eiga að hafa of mikið fé yfir að ráða, þar sem ætti að stofna hann með 5 miljónum króna. Svo benti hann á 14. gr. í reglugjörð bankans, og sagði, að af henni væri auðséð, að bankinn ætlaði ekki að styrkja landbúnaðinn, og óvíst hvort bankinn vildi lána út á fasteign.

Eg get nú ekki séð, hvað getur verið móti því, að bankinn hafi mikið starfsfé, og eg held að það hljóti að liggja í augum uppi, að því meira fjármagn sem hann hefir yfir að ráða, því meiri líkindi séu til, að hann gjöri gagn, og það því meira sem féð er meira. Maður getur ekki gert sér í hugarlund, hve miklu banki með miklu fjármagni getur komið til leiðar. Duglegur bankastjóri, sem hefir allan hug á því að

láta bankann græða, gjörir alt sem hann getur til þess að koma peningunum út, og þar á meðal í ýms þarfleg fyrirtæki, sem, um leið og bankinn græðir á þeim, koma landinu að miklu gagni.

Mér finst að þm. hefði fremur átt að benda á bankalögin sjálf, heldur en 14. gr. reglugjörðarinnar, með tilliti til lána út á fasteignir. Lögin eru þar bindandi en reglugjörðin ekki, og í frumv. stendur, að bankinn láni út á fasteignir alt að 1 miljón króna. Eg sé því ekki, hvaða ástæðu þm. hefir til að segja, að bankinn muni ekki lána út á fasteignir.

H. þm. hélt að kaupfélögin hefðu ekkert gagn af bankanum, en eg er alt annarar skoðunar í því efni. Er það ekki hugsanlegt, að kaupfélög, sem hafa fisk, eða sauði eða hross, geti fengið lán hjá bankanum? Ekki get eg annað séð. Það er einmitt líklegt, að bankinn vildi lána kaupfélögunum út á fiskinn, sauðina eða hrossin, sem þau hafa yfir að ráða, þangað til peningar fást fyrir það í útlöndum. Það er misskilningur, að bankinn mundi ekki hjálpa verksmiðjum á fót, og það er líka misskilningur, að bankinn eigi einungis að vera til þess að lána peninga. Þegar bankinn heldur, að eitthvert fyrirtæki sé gagnlegt eða gróðavænlegt, þá styrkir bankinn; hann styrkir á þann hátt, að hann gengst fyrir ýmsum stofnunum, kemur á fót hlutafélögum og fær menn til þess að kaupa hlutabréf og selja hlutabréf í þessu og þessu fyrirtæki, gjörist sjálfur hluthafi, og gjörir þannig gagn um leið og hann sjálfur græðir.

Eg skal svo ekki fara lengra út í þetta. Eg vona, að menn skilji, að nefndin hefir gjört alt, sem hún hefir getað, til þess að gjöra stofnunina sem innlendasta, til þess að trygging væri sem mest fyrir því, að hún kæmi landinu að notum. Og þó að hún áliti, að þetta frumv. gæti ekki komizt í gegn um þingið í þetta sinn, þá er hún þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þess vert, að það sé rætt rækilega. Ef til vill getur það orðið til þess, að undirbúa málið betur undir næsta þing; þá hefir bæði málið gott af því, svo og þingm. sjálfir, með því að málið verður þeim ljósara og þetta kemur þeim til að hugsa um það. Eg tala þetta vitanlega ekki til þeirra, sem enga von hafa um að komast á næsta þing.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) þótti athugaverð tillagan um niðurlagningu landsbankans, þar sem ekki væri talað um hvað yrði af starfsmönnunum. En eg vil geta þess, að bankamennirnir útlendu hafa lýst því yfir, að það væri sjálfsagt, að starfsmenn við hinn núverandi landsbanka gengju yfir til hins nýja banka, og það er víst, að stjórnin mundi ekki samþykkja þetta frv., ef það skilyrði væri ekki sett.

Jón Jensson: Eg talaði nokkur orð við 1. umr. þessa máls, til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í því. Eg sagðist þá búast við, að mál þetta næði ekki fram að ganga á þessu þingi, og áleit það vera hið eina rétta, að eyða sem minstum tíma í málið, heldur bíða með það, og vænta þess, að stjórnin undirbúi málið með aðstoð bankafróðra manna. Þetta var nú aðalinntak ræðu minnar við 1. umr. Eg ætlaði ekki að segja annað; eg ætlaði ekki að gjöra annað en gjöra grein fyrir atkv. mínu og ráða deildinni heilt. En nú hefir mér orðið það á, að eg hefi við þetta tækifæri höggvið of nærri nokkurum mönnum, og sessunautur minn stóð áðan upp öskuvöndur yfir því, að eg hafði hitt — eg bið menn fyrirgefa þó eg segi það — ofan í hausinn á hon-

um (Hlátur.). Eg ætlaði ekki að áreita hann það allra minsta, en það hefir nú orðið svo, þó eg ætlaði mér það ekki. Hann sagði að ræða mín hefði verið aðhláturs verð, og getur verið að hún hafi verið það, en það hefir þá verið manninum að þakka, sem eg talaði um. Eg get nú, eftir á, þegar eg hugsa um það, vel skilið að hann sé reiður, og eg get vel hugsað, að hann hafi þózt þurfa að ausa yfir mig skömmum fyrir þau orð, sem eg talaði; en þetta fyrirgef eg honum alveg. Það er nú einhvern veginn hans náttúra, að þurfa að hella úr sér yfir einhvern. En eg vil taka það fram, að eg met manninn mikils, og að það var alls ekki meining mín að áreita hann; en mér gremst það og gramdist, að háttv. sessunautur minn, með sína dýrmætu krafta og góðu gáfur, er að glíma við mál, sem veldur því, að hann leiðist til að skifta um skoðun á hálfsmánaðarfresti. Hann segir að það hafi verið breyttar ástæður, sem hafi komið sér til að skifta skoðun á málinu, en eg fæ eigi betur séð, en að öll atvik standi alveg óhögguð og óbreytt, svo að þær ástæður, sem voru á móti því í fyrstu, eru alveg eins á móti því enn. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er ekki rétt.) Það hefir verið sagt, að það sé gott að málið undirbyggist, en þekkinguna vantar til þess hér á þinginu, og hún er það skilyrði, sem fyrst þarf að koma til greina, til þess að málið verði undirbúið hér. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) benti á, að það hefði verið réttara, að stofnsetja reglulegan landsbanka, stjórnarbanka. Það getur vel verið, að það sé rétt hjá h. þm. En ætli það atriði hafi verið »rækilega íhugað« af nefndinni og öðrum bankafróðum þm.? Nei, það hefir ekki verið minzt á það fyr. Það hefir verið talað ákaflega mikið um þessa brýnu nauðsyn, að við fengjum þennan stóra banka. Eg skal ekkert segja um það; það er mikið líklegt að það geti verið gott og nytsamt fyrir þetta land; en maður á ekki að hrapa að öllu í einu. Árið 1897 var það h. þm. V.-Sk., sem kom með till. til þingsál. um að skora á stjórnina, að stofna veðdeild í landsbankanum. Menn voru framúrskarandi hrifnir yfir þessu, og þótti þetta vera allra meina bót. En þegar þetta veðdeildarfrumv. kemur, þá þykir mönnum ekkert varið í það, af því þá opnast skýin og sýna þetta stóra bankamál. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Veðdeildin stendur eins eftir og áður). Meðan veðdeildin var að eins óljós hugmynd, voru menn, sem sagt, hrifnir af henni, en undir eins og þeir sjá hana með skýrum línum, finst mönnum lítið til koma, en snúa sér að þessu stóra bankamáli, sem þeim er meira og minna ofvaxið að skilja, eins og til þess að sýna skarpleik sinn með því. Landsbankaveðdeildin er gjörð til þess að hjálpa landbúnaðinum, og eftir því sem eg lít á það mál, er það tjarska mikilsvert. Veðdeildin á að efla landbúnaðinn, og gjörir það með því að útvega bændum lengri lán en þeir nú geta fengið, og hún miðar til að útvega landsmönnum útlent fé til láns með vaxtabrefum, sem meiningin er að selja í útlöndum, og full ástæða er til að ætla að gangi þar út. (*Þórður Thoroddsen*: Hver er tryggingin?). Það lýtur ekki út fyrir að háttv. framsm. bankamálsins hafi haft mikinn tíma til að kynna sér veðdeildarmálið. Það eina góða, sem eg álít að sé komið fram á þessu þingi, hvað snertir þetta stóra bankamál, það er það, að við höfum eiginlega mikið lánstraust í útlöndum. Ef það hefir sýnt nokkuð, þá hefir það sýnt það. Forgöngumenn þessa bankamáls eru svo ákafir að koma þessu máli fram,

að það er oss full sönnun fyrir því, að vér höfum ríkulegt lánstraust; og ef við höfum ekki vitað það áður, þá vitum við það nú. Hvað veðdeildina snertir, er eg sannfærður um, að hún gjörir gott gagn þessu landi, og eg efast um, ef hún gefst eins vel og vænta má, að þá sýni sig svo mikil þörf á nýrri bankastofnun í bráðina; eg efast um það, en fullyrði ekki. Þá hefir verið sagt, að bankinn ætti að hjálpa svo verzluninni á Íslandi, gjöra hana innlendari. Það er nú búið að sýna fram á það, að smákaupmennirnir hafa litla ástæðu til að fagna yfir þessum stóra banka. Þeir verða að taka sín lán hjá kommissjonærum utanlands, sem lána þeim vörur en ekki peninga, og munu gjöra það áfram. Þeir fara ekki til bankanna. Að öðru leyti er verzlun Íslands nú mestöll í höndum auðugra kaupmanna, eða það er farið að tíðkast, að útlend og stórauðug »aktíu«-félög myndist til að reka verzlun hér á landi. Þessir menn hafa nóg peningaráð, og við þurfum ekki að stofna banka til að útvega þeim peninga. Kannske við eigum þá að stofna banka handa hvalveiðamönnum og botnverpingum? Nei, við þurfum ekki að vera að hugsa um »aktíu«-félög og stórauðuga kaupmenn; þeir þurfa ekki að biðja okkur um að útvega sér lán.

Eg ætla nú ekki að orðlengja meir um þetta. Eg lít efablandinn á þetta alt saman, að það sé nokkurt vit í því, og þeim úrræðum, sem hér eru tekin, og sem formælendur þessa máls þykjast svo mikið af; þeir eru upp með sér af að hafa bætt þetta frumv. En hver er kominn til að segja, að þeir hafi bætt frumv.? Hvernig fór með banka málið hérna um árið. Menn börðust í flokkum á þinginu, og töluðu hvor öðrum hærra um banka og bankafyrirkomulag, og þóttust allir hafa vit á því. En hvernig fór þegar frumv. kom til stjórnarinnar? Það sést ekki að hún hafi tekið eina kommu úr öllum »undirbúningi« þingsins; hún býr til nýtt frumv. með hjálp bankafróðra manna, og þingið hafði vit á því að taka það fyrir gott og gilt. Það var talað um, að það lægi svo ósköp mikið á þessu máli, og það yrði því að samþykkja þetta frumv. nú þegar. Eg held þó að það sé dálítið athugavert við þessa hugsun. Eg ætla að benda á það, að það eru ákvæði í frv., sem gjöra það ómögulegt, að það geti komist í verk, fyr en þingið hefir komið saman aftur. Það stendur í frv. að landssjóður skuli gjörast hluthafi að 2 miljónum kr. Er það meiningin að stjórnin, ef hún skyldi samþykkja frv., taki þessar 2 miljónir kr., og kaupi hlutabréf fyrir þær. Hefir hún vald til þess? Henni er ekki veitt það í frv. Og úr því svo er, að málið getur ekki klárast fyr en þingið hefir komið saman aftur, þá finst mér því síður vera ástæða til þess, að vera að sýna þennan barnaskap, að vera að búa til frv. og dómolla um það. Hið eina rétta er fela stjórninni málið til undirbúnings.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) talaði margt mjög skynlega um málið. Mér líkaði að eins ekki það hjá honum, að hann ekki vildi fella frumv. Honum hefir líklega fundist það synd. Eg veit ekki hvað maður á annað að gjöra við mál, sem maður ekki vill að gangi fram.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það voru að eins fáeinar athugasemdir, sem eg vildi gjöra við ræðu þess h. þm. (J. Jenss.) sem síðast talaði. Annaðhvort hefir hinn h. þm. ekki lesið veðdeildarfrumv. eða ekki skilið það. Veðdeildin tryggir sín bréf með 200 þús. kr. úr landssjóði, og þess utan með fasteignum, sem verðbréfin eru

lánuð út á. Hér er um alt annars konar tryggingu að ræða, en um þá tryggingu, sem verða mundi fyrir láni, til handa landssjóði, til að stofna banka, og þýðir því ekki að vitna í það. (*Jón Jensson*: Ignorantia crassa.). Já, eg verð að kalla það »ignorantia crassa« að hinn h. þm. þekkir ekki einu sinni það, sem kallaðir eru víxlar, og þá þýðingu, er þeir hafa í viðskiftalífi manna, og sýnir það bezt, hversu vel hann er inni í málinu. (*Jón Jensson*: Slæmur framsögumaður þetta). Eg get ekki að því gjört, þó þm. finni sig snortinn af orðum mínum.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þgskj. 510 við 14. gr. samþ. með 13 : 4 atkv.

Breyt till. við 20. gr. 2. málsgr. 498 samþ. með 15 atkv.

Fyrri breyt.till. á þingskj. 507 við fyrri málsgr. 20. gr. feld með 11 : 7 atkv.

Önnur breyt.till. á þgskj. 507 við síðustu málsgr. 20. gr. feld með 13 : 6 atkv.

Frumv. samþ. með 13 : 3 atkv. og verður afgreitt til forseta Ed.

Þingsályktunartillaga um stofnun hlutafélagsbanka.

TILLAGA til þingsályktunar um stofnun hlutafélagsbanka (566); ein umr., 26. ágúst.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þessi tillaga, sem hér liggur fyrir, er þannig tilkomin, að alveg samhljóða tillaga kom fram í háttvirtri efri deild, þegar það sýndi sig, að eigi var unt að leiða bankamálið til lykta á þessu þingi.

Það mætti að vísu sýnast óþarfi fyrir þessa deild, að senda frá sér tillögu slíka sem þessa, þar sem frumv. um stofnun hlutafélagsbanka hefir verið samþykt af deildinni.

En þess ber að gæta, að nokkurir þeirra háttv. þingm., sem samþyktu frumv. hér í deild, gjörðu það með þeim fyrirvara og í þeirri von, að málið yrði ekki afgreitt að þessu sinni sem lög frá þinginu; en þeir álitu þó rétt, að háttv. efri deild fengi kost á að ræða það og segja álit sitt um það, þótt þeir óskuðu þess, að stjórninni væri falið á hendur að fjalla um það, og láta uppi skoðun sína á því, áður en það yrði til lykta leitt.

Af því að afstaða málsins er þessi, þá þótti oss það eðlilegt, að tillagan kæmi frá báðum deildum þingsins, og fyrir því höfum vér, nokkurir þingm. hér í deild, komið oss saman um, að flytja hér samhljóða tillögu þeirri, sem háttv. efri deild hefir tekið til meðferðar og nú samþykt.

Háttv. þingm. A.-Sk. (J. J.) leggur til, að feld séu burtu orðin »svo fljótt, sem kostur er á«. Þessi orð standa í tillögu háttv efri deildar, og var það sérstaklega borið undir atkvæði þar, hvort fella skyldi þau í burtu, en tillagan um það var feld.

Mér finst ekkert sérlegt mæla með því, að fella orð þessi burtu; þvert á móti, það er eðlilegast, að tillögurnar séu samhljóða frá báðum deildum, þá hafa þær meiri kraft.

Það er hálf-leiðinlegt, eins og ekki svo sjaldan hefir viljað brenna við, að tillögur um sama efni komi í mismunandi formi frá deildunum.

Eg vil því mæla með því, að tillagan sé samþykt hér óbreytt, eins og hún var samþykt í háttv. efri deild.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Það sem gekk mér til að koma með breyt.till., var, að mér virtist svo, að ef tillagan yrði samþykt óbreytt, eins og í háttv.

efri deild, þá mætti skilja hana svo, sem þingið væri að skora á stjórnina, að halda aukaþing eða gefa henni undir fótinn með það, en eg vildi ekki að deildin gjörði það, heldur léti stjórnina ráða, hvort hún vildi flýta málinu. — Eg gjöri þetta þó ekki að kappsmáli, því þó tillagan sé samþykt óbreytt, þarf stjórnin ekki að skilja hana svo, sem að þingið vilji endilega aukaþing fyrir það.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Gagnvart því, sem háttv. þm. A.-Sk. (J. J.) tók fram, skal eg geta þess, að það kom fram ágreiningur hjá nefndinni í háttv. efri deild, hvort það ætti að koma fram í tillögunni beinlínis, að þingið óskaði eftir aukaþingi, en niðurstaðan varð þó sú, að gjöra það ekki; en þegar tillagan væri orðuð eins og hér er, að stjórnin leggi frumv. fyrir þingið svo fljótt sem kostur er á, þá sé það alveg undir stjórninni komið, hve nær hún vill kalla saman þingið, þar sem ekkert er sagt um það í áskoruninni.

En vilji stjórnin flýta fyrir málinu, þá kallar hún saman aukaþing, ef hún álítur að þess þurfi, en það þarf ekki að skoða það svo, sem það liggi í tillögunni áskorun um slíkt, enda er hún ekki orðuð á þann hátt.

ATKVGR.: Tillagan afhur að orðunum: »svo fljótt, sem kostur er á«, samþykt með 21 samhlj. atkv.

Niðurlag tillögunnar: »svo fljótt, sem kostur er á«, felt með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
J. J., 2. þm. Eyf.,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Sigurður Gunnarss.,	Jón Jensson,
Skúli Thoroddsen,	J. J., þm. A.-Sk.,
Valtýr Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Þórður Guðmundss.,	Pétur Jónsson,
Þórður Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þorl. Guðmundsson.	Tryggvi Gunnarss.

Breyting á tilskipun um fjárkláða.

FRUMVARP til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa (140); 1. umr., 22. júli.

Þorlákur Guðmundsson: Jafnvel þótt frumv. þetta hafi gengið í gegn um efri deild, þá get eg ætlað, að sú háttv. þingdeild hafi ekki athugað það svo vel, að þar sé engin þörf við að bæta, því það er þýðingarmikið fyrir landið, að útrýmt verði fjárkláðanum, og er því að minni hyggju réttast að setja nefnd, til að íhuga þetta frumv.

Var síðan stungið upp á 3 manna nefnd og hún samþykt.

Kosningu hlutu:

Þorlákur Guðmundsson	með 11 atkv.
Klemens Jónsson	— 8 —

Og við endurkosningu:

Ólafur Briem	með 13 atkv.

Var síðan fyrstu umræðu málsins frestað.

Framhald 1. umr. (C. 140, 151, 251); 5. ágúst.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Þar sem málið er hér til framh. 1. umr., sé eg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv., en geymi það til 2. umr.

Eg vil því að eins biðja deildina um að leyfa því að ganga til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umræðu með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 140, 151, 251); 9. ágúst.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Nefndin hefir stuttlega gjört grein fyrir skoðun sinni á þessu frumv., og látið í ljósi, að hún teldi það geta orðið til nokkurra bóta, enda þótt hún ekki geti álitið það nærri fullnægjandi, eftir því ástandi, sem nú er hér á landi. Samt sem áður hefir hún ekki séð sér fært, að breyta því mikið, því þá var hætt við, að það gæti ekki orðið samþykt, og áleit því betra, að hafa þetta en ekki neitt.

Hér er komin fram breyt.till. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), en sem nefndin getur ekki fallist á.

Nefndin verður að álíta, að samkv. núgildandi lögum hafi amtsráðin ekkert með kláðamál að gjöra.

Hins vegar hefir það gengið svo, að síðan amtsráðin urðu svo fjölmenn, sem nú eru þau, þá hafa þau látið meir og meir til sín taka um þetta mál, en hafa að öðru leyti ekkert með þetta mál að gjöra nema sem heimuglegir ráðanautar amtmanna.

Kæmist aftur á móti breytingartill. að, þá væru amtsráðin komin löglega inn í málið, og búin að fá lögregluvald. Nefndin álítur, að það mundi fremur draga úr aðgjörðum amtmanna, ef að amtsráðin hefðu með málið að gjöra. Mundi að líkindum ganga svo til, að amtsráðið á fundi sínum tæki einhverjar ákvarðanir, eftir fyrirliggjandi skýrslum, en ástandið getur breyzt á skemri tíma en heilu ári.

Viðvíkjandi fyrstu grein frumv., að amtmönnum sé gefin heimild til að fyrirskipa baðanir o. s. frv., þá mætti kannske virðast svo, sem að hér væri gefið nokkuð rúmt vald, en amtmenn mundu naumast beita þessu valdi nema nauðsyn bæri til.

Og hvað böðun snertir, þá er hún ekki kostnaður, heldur miklu fremur hagur, því bæði veldur hún betri þrifum, og verður þannig talsverður fóðursparnaður og ullin drýgist.

Ef litið er á ástandið eins og það nú er, og tekið er tillit til skýrslna amtmanna, þá held eg sjáist, að varla er ástæða til að draga úr því valdi, sem þeir hafa.

Til dæmis má sjá af skýrslu amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, að þegar amtsráðið kom saman seinast í júnímánuði þessa árs, þá hafði hann ekki fengið skýrslu frá einum sýslumanni um baðanir og þess háttar úr 2 hreppum sýslunnar, og var þó sýslumaður búsettur í öðrum hreppnum, og skipanir þó endurteknar; og af skýrslu amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu sézt, hversu rangar skoðanir manna geta verið um kláða, því það kom fyrir á manntalsþingi í amtinu, að menn létu í ljósi það álit sitt, að baðanir séu til skemda og auki kláða. Það er næsta ótrúlegt, að slíkt geti átt sér stað nú á tímum, og að slíkar skoðanir skuli koma fram sem þær, að sauðalúsin eti kláðamaurinn, jafn-fjærri öllum sanni og það er.

Frá fyrri tímum get eg skýrt frá því, að sauðalús og fellilús flúði úr kláðabettunum.

Eftir leiðarvísi dýralæknisins að dæma, virðast mér sótthreinsanir nokkuð dýrar og vandasamar, og ekki á allra manna færi.

Hvað viðvíkur 2. gr. frumv., þá álítur nefndin hana kannske mest verða, þar sem það hlyti að verða til mikils góðs, að skilja í sundur þær kindur, sem kláða kynni að verða vart í, og hinar heilbrigðu, og er ekki ólíklegt, að hlutaðeigendur kysu oftast heldur

að skera, en að kosta miklu upp á tilraunir til lækninga.

Nefndin hefir að eins gjört þá breyt.-till., að færa timatakmarkið til jóla í stað jólaföstu, því um jól er vanalega farið að hýsa fé, og þá liggur ekki annað fyrir, en skera þær kindur, sem sjúkar eru orðnar; það er líka aðhald fyrir bændur, að láta slíkar kindur ekki vera á flækingi, svo aðrir geti séð þær.

Eg legg mikla áherzlu á þetta atriði.

Um hinar aðrar greinar frumv. skal eg ekki vera margorður, því eg álít þær ekki eins þýðingarmiklar.

Það er að vísu mikið gott, að skipa fjáreigendum að hafa eftirlit með fé sínu, en þá þyrfti líka að hafa eftirlit með því, að þeir gjörðu það.

Eg veit að tilgangur frumv. er góður, og um 4. gr. álítur nefndin, að hún sé til nokkurra bóta.

Skúli Thoroddsen: Eg hafði vænst þess, að breyt.till. mín mundi fá betri viðtökur hjá nefndinni, en raun virðist vera á. Aðal-breyting sú, er frumv. fer fram á, borið saman við núgildandi lög, er það, að leggja afar-mikið vald í hendur amtmanna, þar sem þeir eiga að fá vald til þess að fyrirskipa baðanir, sótthreinsanir o. s. frv. eftir eigin geðþótta, og án þess nokkur geti móti mælt, ekki að eins á þeim bæjum, þar sem kláðans hefir vart orðið, heldur og á stærri svæðum, ef að þeim þykir þess þörf.

Þetta álít eg mjög ísjárvert, og álít, að jafn-víðtækt vald sé betur komið í höndum amtsráðanna; í þeim sitja menn, sem eru gagn-kunnugir heilbrigðisástandi fjárins, hver í sínu sýslufélagi, þar sem hætt gæti verið við, að amtmaður færi meira eftir sögusögnum og lauslegum fregnum, og léti fyrirskipanir sínar þá máske ná yfir lengra svæði, en þörf væri á.

Hins vegar get eg ekki séð, að útrýming fjárkláðans yrði örðugri, þó að mín breyt.till. yrði samþykt, því amtsráðin gætu að sjálfsögðu heimilað amtmanni, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir funda á milli, fyrir amtsráðsins hönd, og yrði amtmaður þá á næsta amtsráðsfundi, að gefa amtsráðinu glögga skýrslu um gjörðir sínar, í stað þess, er hann eftir frumv. þarf ekkert tillit til vilja amtsráðsins að taka, og þarf því engan reikningsskap að standa.

Mér finst yfir höfuð sem það ætti að vera stefna þingsins, að færa valdið heldur í hendur amtsráða, því það getur verið varhugavert, að leggja svona ótakmarkað vald í hendur amtmanna. Eg er fullviss um það, að verði þetta frumv. samþykt, þá verður það ekki vinsælt.

Eg hefi átt sæti í amtsráði um lengri tíma, og veit að amtsráð vilja eiga atkvæði um þetta mál. Og þó að nefndin hafi góða trú á þeim amtmönnum, sem nú eru, þá geta komið þeir amtmenn, sem beita þessu valdi um skör fram.

Við munum eftir amtmanni á Norðurlandi, sem einmitt í kláðamálinu fór meira eftir sínu eigin höfði en áliti almennings; og svo geta fleiri komið.

Eg vona að háttv. deild samþykki þessa breytingartill. mína, því eg get með engu móti séð, að hún yrði til skaða, heldur þvert á móti gæti orðið til þess, að sporna á móti því, að teknar yrðu um of fljótfærnislegar ákvarðanir, sem baka myndu fjáreigendum mjög mikinn kostnað.

Framsögumaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Það er eðlilegt, að háttv. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) haldi fast við breyt.till.

sína, en þó hefi eg ekki getað sannfærst af ræðu hans um, að hún sé til bóta. Vér vitum, að amtsráðið heldur ekki nema einn amtsráðsfund á ári, og að heilbrigðisástand fjárins getur tekið miklum breytingum allan þann tíma, sem milli funda líður. Það er því annað en gaman fyrir amtsráðið, að gjöra þær ráðstafanir á ársfundi sínum, sem jafnan mundu reynast heppilegar alt árið, og af annari hálfu er hætt við, að margur amtmaður mundi kynoka sér við, að gjöra nýjar ráðstafanir, jafnvel þótt hann sæi að þær væru nauðsynlegar, heldur binda sig fast við ályktanir amtsráðsins, það mundi þykja ábyrgðar-minst.

Háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að amtsráðið gæti gefið amtmanni leiðbeiningar um, hvað hann ætti að gjöra. Eg sé nú ekki, hvaða þýðingu slíkt gæti haft, og auk þess er það við það að athuga, að eftir mínum skilningi hefir amtsráðið ekki lögreglustjóravald; það er fyrst með breytingartill. þessari, sem á að fara að geta því það.

Eg skal benda á það, að amtsráðið í Vesturamtinu skipaði fyrir á fundi sínum 1897, að almennar skoðanir og baðanir og sótthreinsun skyldu fara fram á hinu grunaða svæði í amtinu; og amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu gekk inn á þetta. En hvernig gekk svo með framkvæmdirnar. Það er óhætt að segja, að þær hafi gengið harla skrykkjótt. Það komu fram upplýsingar um það, að sótthreinsunar-meðulin væru dýr, og ekki hættulaust, að fá almenningi þau í hendur.

Eg minnist þess aftur, að amtsráðin hafa nú ekki lögregluvald, og að það mundi verða til þess, að lama framkvæmdarkraft amtmanna, að fá þeim það í þessu eina máli.

Háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) vitnaði í það, að einn amtmaður — líklega Hafstein sálugi amtmaður — hefði gengið út fyrir valdsvið sitt í kláðamálinu. — Getur verið, að svo hafi verið, og getur líka verið, að það hafi þá vakið óánægju hjá sumum; en svo breyttist þó skoðunin á aðgjörðum hans, að hann gat sér heiður lifandi og dauður fyrir framkvæmdir sínar í þessu máli.

Þess var líka að gæta, að þá hafði amtmaðurinn ekki kláðalög þau við að styðjast, sem nú eru, og er því ekki gott að draga ályktanir út af því, um það, hvernig amtmenn muni beita valdi sínu, sem þeim er veitt í þessum lögum, út af því, hvernig hann beitti sínu valdi.

Eg fyrir mitt leyti treysti því, að enginn amtmaður muni verða til þess, að misbeita valdi sínu, enda mundi líklega eitthvað líkt koma fyrir og í Vesturamtinu, ef hann gæfi út mjög óhagkvæmar skipanir eða gjörræðis-fullar.

Skúli Thoroddsen: Eg held að ágreiningurinn í máli þessu sé bygður á misskilningi, og að háttv. nefnd eða sérstaklega framsögum. hennar skilji ekki hvert breytingartill. mín stefnir. Háttv. framsögum. (Þorl. G.) skírskotar til þess, að amtsráðin hafi ekki nema einn fund á ári, og að því geti stundum orðið seint að bíða eftir ráðstöfunum þeirra. En hann gætir þess ekki, að eftir breyt.till. minni getur amtsráðið gefið amtmanninum framkvæmdavald funda á milli, þegar ástandið er iskyggilegt.

Það getur vel komið fyrir, að þegar amtsráðið heldur fund sinn að vorinu, þá finnist því, eftir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, ekki full ástæða til að fyrirskipa almennar baðanir, þar sem að eins sé um kláðagrun að ræða, en meira ekki.

Þegar svo stendur á, þá getur það

gefið amtmanni vald til, að fyrirskipa baðanir að haustinu, ef að grunurinn hefir rætzt og kláðavart verður.

Ef amtmaður hefir gefið út fyrirskipanir sínar eftir ályktun amtsráðsins, þá verður afleiðingin af því sú, að hann verður á næsta amtsráðsfundi, að leggja fram fyrir ráðið greinilega skýrslu um gjörðir sínar; en með því er fengin trygging fyrir því, að amtmaður fari varlega, og beiti engu gjörræði.

Eg vil ekki með atkvæði mínu stuðla að því, að nokkur einn embættismaður — hvort sem hann heitir amtmaður eða annað — geti eftir eigin geðþótta, og máske fyrir ímyndan eina og ástæðulausan ótta, lagt þung gjöld á almenning.

Eg gæti vel trúað því, að h. framsögumanni (Þorl. G.), sem er alkunnur sparnaðarmaður, gæti orðið nóg boðið, ef amtmaður fyrirskipaði sótthreinsun fjárhúsa og baðanir í hrepp hans, án þess full ástæða væri til. Þá væri ekki ósennilegt, að honum þætti betra, að geta snúið sér til amtsráðsins, og kært gjörðir amtmanns fyrir því.

En verði frumv. samþykt, eins og h. framsögumaður (Þorl. G.) vill hafa það, þá er loku skotið fyrir þetta. Þá getur amtmaður svarað amtsráðinu, ef að það færi að blanda sér inn í málið, að því kæmi það ekkert við, og það yrði að gjöra sér þetta svar að góðu.

Það er misskilningur hjá h. framsögumanni (Þorl. G.) að hér eigi að fá amtsráðunum í hendur lögregluvald, sem áður hafi heyrt til sýslumönnum og amtmönnum, og alt sem hann talaði um það, að breyt.till. mín mundi lama lögregluvaldið og framkvæmdir amtmannanna, var því talað út í hött.

Þar sem háttv. framsögum. (Þorl. G.) talaði um það, hvernig hefði farið með fyrirskipanir amtsráðsins í kláðamálinu 1897, þá er ekki við það að miða, ef lög þessi komast í gildi; það vantaði þá lög til þess, að framfylgja fyrirskipununum, þar sem fyrir var mælt, að skoðanirnar skyldu ná yfir stærra svæði, en beinn kláðagrunur lá á. — Einstakir menn, sem lögin þektu, urðu til að benda á, að hér væri gengið skrefi lengra en lög heimiluðu, og varð það til þess, að fyrirskipununum var eigi alment hlýtt, eða svo sem æskilegt hefði verið, með því að menn vissu, að eigi var auðið að koma fram ábyrgð á hendur þeim, er óhlýðnuðust.

En þegar þetta frumv. er orðið að lögum, þá eru slíkar fyrirskipanir ordnar lögmætar, og hver sá sem óhlýðnast þeim, bakar sér hegningu, og það er þá fyrir eftirgangsleysi einstakra yfirvalda, ef mönnum helzt uppi að óhlýðnast þeim.

Þetta held eg að háttv. framsögum (Þorl. G.) hafi ekki athugað; hann hefir ekki gætt þess, að það er alveg rangt, að jafna ástandinu 1897 saman við ástand það, sem hér er verið að ráðgera að lögleiða.

Klemens Jónsson: Það mun ekki rétt vera hjá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), að misskilningur eigi sér stað milli nefndarinnar í máli þessu og hans; hitt mun það vera, að hvor skoðar málið frá sinni hlið.

Vér verðum að skoða þessi lög í sambandi við eldri lög um sama efni, tilsk. 5. jan. 1866, og viðauka við þá tilsk 4. marz 1871. Hér er að ræða um bót á gamalt fat, og því megum vér ekki gjöra neinar breytingar, er fari í bága við meginreglur eldri laganna.

Í eldri lögunum eru ráðstafanir allar miðaðar við lögregluvaldið, hreppstjóra, lögreglustjóra og amtmenn. Ætti nú að fara að bæta amtsráðunum

við, þá yrði að breyta eldri lögunum enn frekara, og það kæmi fram anomali milli eldri löggjafarinnar og þessara laga.

H. þm. (Sk. Th.) hélt því fram, að það gjörði ekki til, þó amtsráðið kæmi ekki saman nema einu sinni á ári, því að það gæti falið amtmanni á hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir, ef kláði kæmi upp á tímabilinu milli funda. Þetta væri að vísu hægt, en eg sé ekki hvað væri unnið við það. (*Skúli Thoroddsen*: Kontrollið). Það er auðvitað hægt að gjöra ráð fyrir því, að amtmaður misbrúki vald sitt, en það er líka hægt að gjöra ráð fyrir því, að amtsráðið vilji ekki gefa amtmanni heimild til að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir milli funda; og þá verður hann, ef kláði kemur upp á því tímabili, að kalla amtsráðið á aukafund, sem bæði hlýtur að hafa allmikinn kostnað í för með sér, og tefja fyrir nauðsynlegum framkvæmdum. Eg sé því ekki betur en að í breyttill. sé fólgið principbrot, og að hún verði til að lama framkvæmdir í kláðamálinu.

Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin gefið málinu fremur köld meðmæli, því að henni fanst ástæða til að fara miklu lengra, semja lög, er gætu haft fullkomna útrýmingu fjárkláðans fyrir augum, en vildi þó ekki gjöra það að þessu sinni, af því að h. Ed. hefir lagt kapp á málið í þessari mynd, og þar á meðal á það, að amtsráðunum yrði ekki blandað inn í það, eins breytingartillagan fer fram á. Eg er því sannfærður um, að þó hún yrði samþykt hér, þá mundi h. Ed. ekki ganga að henni.

Framsögumaður (*Þorlákur Guðmundsson*): H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir þegar að mestu tekið af mér ómakið með að svara h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), og þarf eg þar fáu við að bæta. Eg sé ekki betur, en að h. þm (Sk. Th.) vilji gjöra amtmennina að undirlægjum amtsráðanna, þannig að þau gætu sent þá út sem skutilsveina sína, er þeim þóknaðist. Eg tek það aftur fram, að eg álít það óheppilegt, að þeir þurfi að sækja fyrirskipanir til amtsráðanna.

H. þm. (Sk. Th.) kannaðist við að fjárbaðanirnar og sótthreinsanirnar hefðu farið út um þúfur 1897, en hann kvað það hafa komið til af því, að fyrirskipanirnar um þær hefðu ekki verið löglegar; hafi svo verið, þá hefir það einmitt verið amtsráðið, sem gaf út ólöglegar fyrirskipanir, svo að eigi virðist eftir því full trygging fengin, með því að fá amtsráðum í hendur vald það, sem h. þm. Ísf. (Sk. Th.) vill gefa þeim.

Vér vitum það, að skrifstofuvaldið er þungt í vöfum og ömtin víðlend, og það mundi vera erfitt og seinlegt, að þurfa að leita ráða amtsráðsmannanna, ef amtmanni fyndist nauðsynlegt að gjöra einhverjar ráðstafanir, sem ekki var ráð fyrir gjört á amtsráðsfundi, því eins og eg tók fram áðan, þá getur ástandið á marga vegu breyzt funda á milli. Það sýnist því hyggilegast, að láta amtmenn hafa sem óbundnastar hendur í þessu máli; þá er þó mest von skjótra framkvæmda, þegar á þarf að halda í þessu efni.

Skúli Thóroddsen: Að fengnu leyfi h. forseta skal eg enn leyfa mér að gjöra örstutta athugasemd.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að ef brtill. mín yrði tekin til greina, þá kæmi »anomali« eða ósamhljóðan í löggjöfina. Þetta er eigi rétt íhugað hjá h. þm. (Kl. J.). Í hinum eldri lögum, bæði í tilsk. 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, og eins í tilsk. 4. marz 1871, er amtmönnum veitt vald til að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum á því svæði, þar sem kláði er; frekara vald er þeim ekki veitt. En í þessu

frv. er farið fram á, að láta þetta vald amtmannanna ekki að eins ná yfir kláðasvæði, heldur og yfir stærra svæði ef þörf þykir. Nú vil eg ekki láta vald amtmanna ná yfir þetta viðtækara svæði. Eg vil að amtmaður og amtsráð hafi hvort sitt svæði, til að gjöra fyrirskipanir á; amtmaður hafi það svæði, sem kláðasjúkt fé er á, en að það komi til amtsráðsins kasta, ef gjöra skal fyrirskipun um almenna skoðun og böðun á sauðfé og sótthreinsun fjárhúsa á þeim svæðum, sem ekki er full vissa fyrir, að orðið hafi vart við fjárkláða. Það er ekki rétt, að það sé þýðingarlaust, að þetta vald sé í höndum amtsráðanna, ef þau svo feli amtmanni á hendur að gjöra fyrirskipanir milli funda. Það er hvorttveggja, að það getur bundið umboð það, sem það gefur amtmanni, vissum skilyrðum, og svo verður amtmaður að sjálfsögðu að gjöra amtsráðinu reikningskap ráðsmensku sinnar.

Eg tók eftir því, að einn h. þm. skaut því inn í, að hann skildi ekki mismun þennan (*Forseti*: Hér er að eins um stutta athugasemd að ræða); það er að vísu satt, en það er nauðsynlegt að skýra þetta atriði vel, og það er ekki svo auðgjört að gjöra það í fám orðum. Hér er mikið í húfi, og eg skil ekki í öðru en að bændur hér á þingi mundu samþykkja brtill. mína, ef þeim væri vel ljóst, hvert sök horfir. Mismunurinn er þessi, að eftir frv. má fyrirskipa fjárskoðanir og baðanir á stærra svæði en fé er sjúkt á, áður mátti það ekki, og eg skal taka það aftur upp, að eg vil að amtmaður og amtsráð hafi þar hvort sitt starfsvið, amtmaður hafi vald til að fyrirskipa skoðanir og baðanir á kláðasjúkum svæðum, en að það þurfi fyrirskipanir amtsráðs til að framkvæma þær, er þær eiga að fara fram á stærra svæði.

ATKVGR.: Brtill. á þgskj. 351, við 1. gr. feld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Kl. Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelsson,
Jón Jensson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
Pétur Jónsson,	Ól. Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þórður Thoroddsen.	Sig. Gunnarss.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Síðari brtill. á sama þgskj. talin þar með fallin.

1. gr. óbreytt samþykt með 11 : 7 atkv.

Breyttill. við 2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., með áorðinni breyting, sþ. með 12 shlj. atkv.

3.—4. gr. sþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 11 : 8 atkv.

Þriðja umr., (C 366); 11. ágúst.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumvarpið felt með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Halldór Daníelss.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,

já: *nei*:
Þórður Guðmundss, Valtýr Guðmundss.,
Þorl. Guðmundsson. Þórður Thoroddsen.

Þjóðjarðasala.

FRUMVARP til laga um sölu þjóðjarða (135); 1. umr. 21. júlí.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg vona að mál þetta sé svo lítið og að svo margt sérstaklegt mæli með því, að það þurfi ekki að vekja neina stórkostlega principa-gandreið hér í deildinnni.

Með lögum 13. des. 1895 var gefin heimild til þess að selja jörð þá, sem hér er um að ræða, fyrir 2500 kr., og er hún nr. 14. í 1. gr. laganna. Abúandi jarnarinnar skrifaði fyrst í maí 1898 tilkynningu um það, að hann vildi kaupa jörðina fyrir hið ákveðna verð, því hann hélt, að tíminn væri nægur, og kaupin mundu komin í kring fyrir árslok 1898, en þá var sölufresturinn útrunninn eftir lögunum. En þegar til kom, mætti salan mótmælum hjá umboðsmanni, og eg held amtmanni líka, svo að í marz 1899 fekk ábúandinn það svar frá stjórninni, að hún sjái sér ekki fært að selja jörðina fyrir þetta verð. Þegar aðgætt er, að afgjald jarðarinnar samsvarar ekki meiru en 2000 kr. söluverði, þá hafa það verið sérstaklegar ástæður, sem ráðið hafa úrslitunum, og eg skal minnast á í ær síðar. Maður sá, sem sækir um kaup á jörðinni, hefir nú búið þar um 39 ár, og nú gerir hann ráð fyrir, að sonur sinn taki við henni eftir sig, svo að jörðin helst í ættinni. Að ábúandinn ekki byrjaði á jarðarkaupunum fyr en árið 1898, var helzt ágreiningur um landamerki milli þessara jarða og annara umboðsjarða, en hann vildi ekki kaupa hana fyr en útkljáð væri um þau, en það varð ekki fyr en seint á árinu 1897.

Tilefni til þess, að umboðsstjórnin réði frá að jörðin væri seld fyrir 2500 kr., mun fyrst hafa verið það, að árið 1898 rak hval á fjöru jarðarinnar, rétt eftir að búið var að gera út um landamerki hennar, en í þau 38 ár, sem bóndinn hafði búið þar áður, hafði ekki rekið einn einasta hval á fjöru jarðarinnar. Þetta mun hafa verið tilefni til þess, að afturkippur kom í stjórnina að selja jörðina, að þessi eini hvalur rak á land hennar á 40 árum. Reyndar hefir fleiri hvali rekið í Hornafirði á síðustu 6 árum, heldur en á jafnlöngum tíma áður, en þeir hafa flestir lent á eignarjörðum einstakra manna, einkum fyrir Árnaneslandi, og 2—3 fyrir landi prestsins í Bjarnanesi. Eg er auðvitað ekki svo nákunnugur Hornafirði, að eg geti sagt með vissu, hvar helzt sé líkur fyrir hvalreka þar, en þó held eg mér sé óhætt að segja, að það muni einkum vera fyrir Árnanes og Bjarnaneslandi, og ekki fremur fyrir Hornslandi nú, en á hinum síðustu 39 árum, sem þessi bóndi hefir búið þar.

Önnur ástæða, sem talin mun vera gegn sölunni, er það, að verzlunarstaður er reistur við Hornafjörð; en jörðina Horn snertir það lítið, því sú jörð á að eins mjóan og lágan sandtanga hinumegin fjarðarins, milli útsjávar og fjarðar, beint á móti verzlunarstaðnum, en það er alveg ómögulegt að gera ráð fyrir því, að nokkurn tíma verði reist hús á þeim stað, því að tanginn er svo lágur, að yfir hann flæðir á vetrum, og mun þar því ekki fýsilegt til byggingar.

Þá á jörðin ey, er Ósland nefnist, úti í firðinum, beint á móti verzlunarstaðnum, og er nokkuð breitt sund á milli. Hafa menn tvisvar hugsað um að reisa þar verzlunarhús út á eynni,

en eins og getur að skilja, er ekkert vit í því að reisa verzlunarhús út á eyju, sem ekki verður hægt að komast að öðruvísi en á bátum alloftast. Eg þori ekki að fullyrða, að sundið sé ekki reitt um ginandi fjöru, en þá verður ætíð að fara fram hjá verzlunarstaðnum, sem nú er. Hvernig ætti verzlun út í eynni að liggja fyrir verzlun? Það væri líkt og verzlun væri sett hér úti í Effersey, til þess að sitja fyrir verzlun austan og ofan úr sveitum.

Eg veit ekki til, að aðrir agnúar séu á sölunni en þessir, er eg hefi nefnt, að þessi eini hvalreki hefir komið fyrir á fjöru jarðarinnar nú um 40 ár, og að jörðin á land að firði, þar sem nú er löggiltur verzlunarstaður. En það er tæplega sennilegt, að fleiri en ein verzlun verði þar við fjörðinn, því verzlunarmagn er ekki svo mikið í Austur-Skaftafellssýslu, og utanhéraðsverzlun er þar því nær engin. Væri farið að stofna nýja verzlun þar, held eg að það mundi helzt verða vestan fjarðarins, svo að hægt væri að sitja fyrir verzlun úr þeim 3 sveitum, er vestar liggja: Mýrum, Suðursveit og Öræfum. Eg sé því ekki, að neinn mögulegleiki sé til, að nein ný verzlun komi á landi jarðarinnar, er geti hækkað hana í verði.

Eyjan Osland gæti aftur á móti verið hlunnindi fyrir jörðina, að kaupmenn á Hornafirði kæmu þangað sláturfé til hagagöngu, þar sem eyjan liggur nærri og er afgirt á alla vegu, en í fyrra vildi svo slysalega til, að kaupmaður hafði komið þangað um 300 sauðum, en nálega hundrað af þeim steyptu sér í fjörðinn og drápust flestir, og er því varla líklegt, að kaupmaðurinn reyni það aftur.

Þótt ábúandinn vilji kaupa jörðina, sem hann hefir búið á í 39 ár, og vilji nú bjóða 1000 kr. meira en áður til að missa ekki af kaupunum, bendir það ekki á, að jörðin sé svo mikils virði, heldur óskar hann eftir kaupunum til þess, að jörð þessi geti orðið ættaróðal; hann hefir bætt hana bæði að húsum og öðru, og dregið saman fé það, er þarf í svipinn til að festa kaupin.

Þar sem svona sérstaklega stendur á, vona eg að menn þurfi ekki að fara út í þjóðjarðasölu-spursmálið frá almennu sjónarmiði.

Ólafur Briem: Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatill. við frumv. þetta, í þá átt, að ráðgjafanum yrði veitt heimild til að selja jörðina Sauðá í Skagafirði. Ástæðan til þess er sú, að síðan Sauðárkrókur fór að eflast og blómgast, hefir það valdið óþægindum fyrir íbúana þar, að þurfa að semja við ábúandann á Sauðá um beitland fyrir skepnur sínar. Það hefir einnig komið til orða, að íbúar Sauðárkróks fengju bletti til ræktunar í Sauðárlandi, en enn sem komið er, hefir ekki getað orðið neitt af samningum. Hreppsnefndin í Sauðárhreppi hefir þess vegna farið fram á, að fá jörðina Sauðá til kaups, beinlínis í því skyni, að Sauðárkróksbúar gætu náð haganlegum og tryggum samningum um hagbeit handa skepnum og land til ræktunar. Vona eg að hin háttvirta þingdeild taki vel í þetta mál, og það því fremur, sem lóðin á Sauðárkrók er eign landssjóðs, og líkindi til, að tekjur landssjóðs af löðargjöldunum mundu aukast, ef þetta fengi framgang.

Sigurður Gunnarsson: Ef dæma skal eftir framkomu alþingis í þessu máli á síðasta þingi, mætti efllaust búast við, að háttv. þingdeild vildi fella frumv. það, sem hér ræðir um. Eg skal þó ekki gjöra þetta að uppástungu minni, og það því síður, sem eg er nú, eins

og á síðustu þingum, hlyntur þjóðjarðasölu. En af því mér heyrðist á ræðu háttv. flutningsm. (Guðl. G.), að hann væri ókunnugur málinu að því jörðina Horn snertir, þar sem hann gat ekki fullyrt ýmislegt af því, er hann tók fram í ræðu sinni um þessa jörð, heldur sagðist halda að það væri svo eða svo, eða að sig minti ekki réttara, þá vil eg leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd til að íhuga málið.

Var síðan samþykt að kjósa 3 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Sigurður Gunnarsson með 16 atkv.
Guðl. Guðmundsson með 9 atkv.
Ólafur Briem með 9 atkv.

1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr. (C. 135, 153, 233); 29. júlí.

Framsm. (*Guðl. Guðmundsson*): Eg finn eigi ástæðu til að vekja langar umr. um þetta mál, en vil að eins taka það fram, að eg vil leggja það til, að málið sé þegar í stað látið ganga til 2. umr. Nefndarálitið liggur hér fyrir, og hefi eg engu við það að bæta, og með því að stórmál, nl. fjárlagafrumv., liggur fyrir þinginu í dag, þá vona eg að háttv. þingd. láti það ganga til 2. umr. án málalengingar.

Málinu vísað til 2. umr. með 14. atkv. gegn 3.

Önnur umr. (C. 135, 153, 233, 272); 7. ágúst.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Nefndin, sem skipuð var í þessu máli, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að leggja með því, að jarðir þær, sem lágu fyrir, þegar málið var sett í nefnd, yrðu látnar falar. Enn fremur hefir komið fram beiðni um 3 jarðir aðrar, og nefndin hefir lagt til, að þær einnig yrðu látnar falar. N. álítur að stefna sú, sem kom fram á þinginu 1897, sem sé, að láta þjóðjarðir ekki falar fyrir neitt verð, væri ekki á sem beztum rökum bygð, enda liggur málið öðruvísi við nú en þá. Þá gerðu menn sér í hugarlund, að koma mætti á erfðafestu á þjóðjörðum, en nú eru menn komnir að raun um, að það er óheppilegt fyrirkomulag. Með þetta fyrir augum hefir nefndin ekki viljað ráða til að halda þessu til streitu. Nefndin álítur, að sjálfsábúð sé heppilegust, bæði fyrir ábúandann sjálfan persónulega, og einnig af þeirri ástæðu, að hún fremur öðru mundi miða til að efla sjálfstæði bændastéttarinnar. Nefndin hefir heldur ekki getað séð, að landssjóður skaðaðist við söluna, og það er mitt álit, að þjóðjarðasalan hafi hingaðtil ekki orðið til skaða fyrir landssjóð.

Eg skal leyfa mér að gefa nokkrar upplýsingar viðvíkjandi hinum einstöku liðum í nefndarálitinu. Eg gaf við 1. umr. nokkurar upplýsingar viðvíkjandi jörðinni Horni í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Eg hefi síðan fengið skjöl að láni af landshöfðingjaskrifstofunni, sem sýna, að þær upplýsingar minar voru á réttum rökum bygðar. Umboðsmaðurinn hefir í bréfi 20. apríl 1895 gefið ýmsar upplýsingar um jörðina, og eftir skýrslu hans nemur afgjaldið ekki svo miklu, að það samsvari 2000 kr. söluverði. Auðvitað hafði jörðin nokkur hlunnindi, en þau voru mjög óviss, t. d. var dúntekja mjög í rýrnun síðan dúnninn féll í verði. Síðar, í ágúst 1898, hefir komið önnur skýrsla frá umboðsmanni, þar sem hann telur það úr, að selja jörðina fyrir 2500 kr., af því hún hafi stigið í verði, við að kaupstaður kom á Hornafjarðarósi. En eg get gefið þær upplýsingar, að þangað er lengra að sækja en á Papós. Það getur verið, að Hornafjarðarós liggi heldur betur við, af því vegurinn er skárri, þó hann sé lengri, en eg get

ekki séð að jörðin stígi mikið við það, að kaupstaðurinn flyzt af nágrannajörðinni að austan yfir á nágrannajörðina að vestan.

Viðvíkjandi breyt till. hv. þm. A. Sk. (J. J.), á þingskj. 272, sem fer fram á að undanskilja eyna Ósland og rekarétt innfjarðar, þá getur nefndin ekki verið henni meðmælt. Hefði að eins verið að ræða um að undánskilja fjörurnar, þá hefði eg gengið inn á það, því eg hafði fullmagt til þess frá landsetanum, en að undanskilja eyna, get eg ekki samþykt. Eg hefi áður tekið fram, að þar er alls ekki hentugt kaupstaðarstæði og engin líkindi til að þar verði sett upp verzlun.

Næsta jörð, sem um er að ræða í nefndarálitinu, er Bær í Árneshreppi í Strandasýslu. Hún er metin af hreppsnefndinni á 1000 kr., en af sýslunefndinni á 11—1200 kr. Jörðinni er talið það til gildis, að hún standi til bóta, að því er útgræðslu snertir, og engjar eru samfeldar og dágóðar. Það er tekið fram í lýsingu jarðarinnar, að þar séu engar fiskiveiðar, en um þetta ætti h. þm. Strand. (Guðj. G.) að geta gefið deildinni upplýsingar, því hann mun vera því kunnugur. Flutningsmagn jarðarinnar er lítið, því hún getur nú ekki borið nema 1 kú, 4 hesta og 120 fjár. Nefndin leggur til að jörðin sé látin föl fyrir 1200 kr.

Þá er næst Miðhús í Sveinsstaðahr. í Húnavatnssýslu, og leggur nefndin til, eins og umboðsmaður, að hún sé látin föl fyrir 1800 kr., og álítur að landssjóður sé skaðlaus af því. Sýslunefndin hefir metið hana á 1750 kr., en nefndin hefir heldur viljað hallast að tillögu umboðsmannsins, því hún treystir honum til að meta hana rétt. Jörðin er að dýrleika 16 hundr. og er talið það til gildis, að hún hafi gott beitiland að vetrarleytinu, góðar slægjur og engið að gróa upp. Umboðsmaðurinn álítur að hún geti fóðrað 3 kýr, en sýslunefndin $2^1/_2$.

Þá eru Vatnsdalshólar í sama hreppi, sem nefndin hefir lagt til að yrði látnir falir fyrir 1500 kr. Þessari jörð er lýst líkt og næstu jörð á undan, en er heldur veigaminni.

Viðvíkjandi síðustu jörðinni, Sauðá í Sauðárhreppi í Skagafirði, er dálítið sérstakt að athuga, þar sem farið er fram á að selja hana ekki ábúandanum, heldur hreppsnefndinni. Það liggur svo í því, að kaupstaðurinn Sauðárkrókur, sem liggur í hennar landareign, er í talsverðum vexti, og kaupstaðarbúar vilja gjarna fá land til beitar og bletti til ræktunar. Nú er því svo varið, að nálægt kauptúninu eru sléttar grasflesjar, sem má rækta með lítilli fyrirhöfn, en það lítur svo út, sem ábúandinn hafi sett þeim svo ströng skilyrði, að þau séu með öllu óaðgengileg. Nefndinni finst það all-þýðingarmikið fyrir framfarir og vöxt kauptúnsins, að það fái þetta land, og þarf ekki annað en vitna hér til Reykjavíkurbæjar hvað það snertir. Það getur auðvitað verið vafasamt, hvort ekki væri hér með gengið of nærri rétti ábúandans, enda hefir hann mótmælt sölunni, en úr því verður stjórnin að skera, þegar til þess kæmi að nota heimildina. Þetta hefir, sem sagt, talsverða þýðingu fyrir kauptúnið, og nefndin hefir ástæðu til að ætla, að hreppsnefndin verði kaupstaðarbúum ekki eins erfið að því er útmælingar snertir, eins og ábúandinn hefir verið.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.; Eg ætla að eins að fara fáum orðum um brt. mína á þskj. 272. Það er rétt, sem h. þm. V.-Sk. (G G.) sagði, að þegar jörðin (Horn) var látin föl á þinginu 1895, var hún met-

in af sýslunefndinni á 2500 kr., og eg sem umboðsmaður lét þá skoðun í ljósi, að óvíst væri hvort hlunnindi þau, sem fylgdu jörðinni, gætu aukist að nokkurum mun, og átti eg einkum við æðarvarpið. Það hefir ekki heldur aukist, þó það ætti að sýnast hægt þar, að auka það, ef það er nokkursstaðar hægt í Hornafirði, því þar er fjöldi af smáeyjum; en það hefir samt sem áður ekki tekist. Nú eru boðnar í jörðina 3500 kr., og geta menn af því séð, hvað það er erfitt að komast að réttri niðurstöðu í slíkum efnum. Eg held að það séu aðallega 2 orsakir, sem hafa komið því til vegar, að jörðin hefir hækkað í verði. Önnur orsökin er sú, að það hefir komið upp verzlun í Hornafirði, og nýtt kauptún í grend við Hornsland, því þó það liggi heldur fjær bænum að Horni en Papós, þá er þessi verzlun samt betur löguð til að koma jörðinni í verð, af því að stærstu eyjarnar liggja mjög nálægt kauptúninu, og þær eru grösugar, en milli Papóss og Horns er mest grjót og skriður. Það hefir jafnvel komið til tals, að setja kauptún í eynni Óslandi, því þar er rétt við ágætt skipalægi, en það var hætt við það, af því að staður á meginlandinu var að sumu leyti hagkvæmari. Eyjan er öll umflotin, en það má ríða út í hana um stórstraumsfjöru, og má vera að sundið grynnist og verði þurt land með tímanum. Það hefir líka orðið til að auka verðmæti jarðarinnar, að þar kom nýlega hvalreki hvort árið eftir annað (1898 og 1899), en þeir eru nú orðnir mjög tíðir á ýmsum stöðum í Hornafirði á síðustu árum, þótt þeir væru áður fátíðir. Það er þetta sem hefir fengið mig til að koma með br.-till. um að fráskilja eyna Ósland og rekarétt innanfjarðar, en jörðina sjálfa, að undanteknu þessu, álít eg nóg selda á 2500 kr.

Að öðru leyti hefi eg ekki neitt nýtt að segja, en vildi mæla með þessari breyt.till. minni. Annars held eg að þingið ætti að halda fast við þá reglu, sem það hefir áður fylgt, að selja ekki þjóðjarðir, þar sem líkindi eru til að komi kaupstaður. Yfirleitt finst mér þjóðjarðasala aðgengilegri nú en áður, þar sem von er um að hinn fyrirhugaði ræktunarsjóður komist á fót, og andvirði þjóðjarða verði eigi framar eyðslufé. Eg fyrir mitt leyti vildi gjarna binda söluna því skilyrði, að ef sjálfseignamennirnir selja jörðina aftur, og hún gengur úr sjálfsábúð, þá eigi landssjóður forkaupsrétt, og tillaga í þá átt var samþykt á þingmálafundi í kjördæmi mínu í vor, en þetta skilyrði er ekki tekið upp í frumv., og mun eg því varla geta gefið því atkvæði mitt, sízt ef breyt.till. mín verður ekki samþ.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Mér sýnist rétt, að gjöra einhverja grein fyrir því, hvers vegna eg get ekki verið með þessu frumv. Það er fyrst og fremst af þeim orsökum, að eg er mótfallinn þjóðjarðasölu yfirleitt. Það, sem háttv. framsögum. ber fram með þjóðjarðasölunni, er sérstaklega, eins og sjá má líka af nefndarálitinu, að jarðirnar yrðu miklu betur setnar, ef þær væru seldar einstökum mönnum. En eg get ekki verið þessu samdóma. Eg hefi líka lýst yfir því á þingi fyr, að eg get ekki séð, að þetta sé gild ástæða, því fyrst og fremst er tryggingin engin, og líkurnar frá mínu sjónarmiði heldur ekki miklar til þess að jarðirnar haldist í sjálfseignarábúð. En þó svo væri, þá hygg eg að á ýmsum stöðum hér á landi sé svo, að jarðir, sem eru í sjálfsábúð, séu ekki miklu betur setnar en þær, sem leiguliðar búa á, og sérstaklega ætti ekki við, að fara að selja jarðirnar nú, þar sem einmitt það nýmæli hefir komið fram nú í sumar, frá h. framsögum., að

landssjóður gangi á undan með að bæta jarðir sínar, með því að veita talsvert fé til að láta þær verða betur hýstar, og gjöra þannig eign sína fémætari. Þetta finst mér meðal annars ástæða á móti því, að halda áfram þjóðjarðasölunni, en ástæða með því aftur á móti, að halda sem fastast í jarðirnar.

Það hefir vakað fyrir mér í mörg ár, að líklegasti vegurinn til að bæta landið væri sá, að sem flestar jarðir væru opinber eign og undir umsjón landssjórnarinnar, því verður ekki neitað, að hið opinbera stendur betur að vígi en aðrir landsdrotnar; það er ekki hægt að hugsa sér aðra landsdrotna, sem frá almennu sjónarmiði standa eins vel að vígi með að bæta jarðir sínar, eins og landssjóður, sem hefir löggjafarvaldið sér til aðstoðað.

En ef menn koma með þá mótbáru, að það hafi ekki verið gjört mikið af landssjóðs hálfu í þessa átt, þá er fyrst að svara til þess, að þótt það hafi ekki verið gjört hingað til, þá má gjöra það hér eftir, og svo sérstaklega, það sem eg tók fram áðan, að löggjafarvaldið sé nú meira tekið að stefna inn á þá braut.

En svo eru þar að auki greinir í þessu frumv., sem eg sérstaklega vil mæla á móti.

Eg skal fyrst víkja að sölu á jörðinni Sauðá; ástæður fyrir því, hve nauðsynlegt það sé, að selja þessa jörð, eru að mér finst léttvægar. Það er borið fram sem aðalástæða í nefndarálitinu, að hinn núverandi ábúandi sé svo óþjáll, að hann meini mönnum með nokkurum rýmilegum kjörum, að fá blett til ræktunar í landi sínu, en eg sé ekki að hægt sé að taka jörðina undan honum fyrir þessu, því að útbyggingarsök er það ekki, eins og byggingarbréf eru vanalega orðuð.

Það er slæmt ef ábúandinn er sérlega stirður og óþjáll, en eg hygg að það verði alveg sama niðurstaðan, þó hreppurinn fengi jörðina keypta; það mundi ekki nægja til þess að fá hann til að breyta stefnu sinni í þessu.

Það lítur út fyrir, að hér sé þegar kominn nokkur spenningur á milli ábúandans og hreppsnefndar; en ábúandinn hefir leiguliðaréttinn og öll þau réttindi, sem honum fylgja, svo að eg sé ekki að hér sé annað við að gera, en að sjá um, að næsti ábúandi geti ekki staðið jörðinni fyrir þrifum á þennan hátt, en það verður engu síður fyrir því, þó landssjóður eigi jörðina. Auk þess er hér að ræða um þá jörð, sem kaupstaður liggur í landi, en það hefir verið regla þingsins á síðari árum, að selja ekki þær jarðir landssjóðs, þar sem kauptún eru, svo að þó þingið hafi til skamms tíma viljað gefa ábúendum kost á að fá ábýlisjarðir keyptar, þá hefir það gjört undantekning með þær jarðir, þar sem hefir verið löggiltur verzlunarstaður, og það jafnvel þó það væri óvíst, að það yrði nokkurn tíma notað, eins og átti sér stað með Kópasker. (*Landshöfðingi*: Það er líka Ólafsvík). Þetta hefir hingað til verið álitin næg ástæða til að selja ekki jarðirnar. Því hvaða ástæða er til að sleppa undan eign og haldi landssjóðs þeim jörðum, sem allar líkur eru til, að með tímanum verði mjög fémæt eign? En það á sér stað með þessa jörð, einkum með þessu móti, sem bent er á hér, að leigja kaupstaðarbúum blett til ræktunar. Hvaða ástæða er til að afhenda einni sveit slíka jörð, sem allan mögulegleika hefir til, að geta vaxið stórkostlega í verði, svo að landssjóður geti með tímanum haft miklar tekjur af henni. Eg játa að vísu, að ekki sé aðalatriðið, að landssjóð-

ur hafi sem mestar tekjur eða afgjald af jörðinni, heldur sé mest um að gjöra að jörðin sé sem bezt ræktuð.

En eg uppástend, að það verði engu betur, þótt hið opinbera sleppi eign sinni af henni, og hvaða ástæða er þá til að gjöra undantekning með þessa jörð, frá þeirri reglu, sem hefir verið fylgt. Og eftir því sem mér skilst, þá er af þeim sömu ástæðum ekki rétt að selja Horn. Í landi þeirrar jarðar er einnig kauptún, eða ekki í landinu sjálfu, heldur fast við það. Eg álít því að það sé heldur ekki rétt, að landssjóður sleppi þessari jörð.

Eg mun greiða atkvæði með breyt.-till. h. þm. V.-Sk., en þótt hún verði samþykt, þá greiði eg atkvæði móti frumv. Þetta er álit mitt í þessu máli; mér þótti rétt að skýra frá því í fáum orðum.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Gagnvart h. þm. A.-Sk. (J. J.), skal eg taka það fram, að höfn sú, sem nú er notuð sem skipalægi við Hornafjarðarkaupstað, liggur ekki við eyna Ósland, heldur er hafnarlægið æði mikið austar, við aðra ey, og fyrst svo er, þá getur það ekki haft áhrif á verðmæti eyjunnar. Enn fremur skal eg taka það fram, að ekki er æðarvarp að mun í eyju þessari, heldur í eyjum, sem austar liggja og lengra undan landi. Það er því aðallega sem beitiland og slægjuland, að eyjan er verðmæt. Eins og eg benti á við 1. umr. málsins, gæti það og haft nokkura þýðingu, ef kaupmaðurinn notaði eyna til að geyma í henni sláturfé, en eins og eg tók þá fram, er meira en tvísýnt að svo verði framvegis. Mismunurinn á því, hvað Horn liggur nær hinum nýja kaupstað við Hornafjarðarós, en hinum forna kaupstað á Papaós, er ekki ýkja mikill.

Eg mun ekki fara langt út í að svara ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.), eða fara mikið út í almennar hugleiðingar um sölu þjóðjarða yfir höfuð. Eg býst ekki við að geta sannfært h. þm., og eg veit að hann getur ekki sannfært mig um réttmæti kenningar sinnar. Eg hefi enn ekki séð hinar óheppilegu afleiðingar af þjóðjarðasölu, en hitt hefi eg séð, að sjálfseignarábúð hefir haldist furðuvel á seldum þjóðjörðum. Eg gæti nefnt til stórjarðir, sem voru seldar um 1848, og enn haldast í sjálfseignarábúð. Líka þekki eg jarðir, sem seldar voru fyrir 17 árum, og sem sama er um að segja. Í umboði því, sem eg er kunnugastur, Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði, einmitt þar sem flestar þjóðjarðir hafa verið seldar síðustu árin, þar veit eg að það er ekki nema eitt einasta kot af hinum seldu þjóðjörðum, sem komið er úr sjálfseignarábúð; ábúandinn, sem þangað flutti í vor, sá sér ekki fært að kaupa það að svo stöddu, en honum stóð það til boða. Eg hefi fyrir mitt leyti ekki séð annað en góðar afleiðingar af þjóðjarðasölunni: ýmsir af þeim, sem þjóðjarðir hafa keypt, og það sumir þeirra menn, sem þegar hafa borgað $^3/_4$ hluta af jarðarverðinu, eða jafnvel borgað jarðir sínar að fullu, hafa sagt við mig, að bú sín mundu ekki hafa verið stórum meiri eða skuldir öllu minni, þótt þeir hefðu ekki ráðist í að kaupa jarðirnar; þær hafa orðið þeim sparisjóður, sem þeir hafa leitast við að safna sem flestum aurum í. Svona eru nú afleiðingarnar þar sem eg þekki bezt til, eg veit ekki hvernig þær kunna að vera þar sem eg er ókunnugur. Auðvitað er það, að menn þeir, sem eg gat um, eru gætnir menn og forsjálir, og voru skuldlitlir undir, er þeir réðust í jarðakaupin. Það er margsannað, að búast má við meiri jarðabótum, þar sem sjálfseignarábúð er, en hjá leiguliðum. Þetta

er líka svo eðlilegt; það eru flestir svo gjörir, að þeir vilja heldur bæta sína eigin eign en annara. Að því er landssjóðinn snertir, þá er fjarri því, að það sé óhagur fyrir hann að selja jarðir sínar, þar sem hann fær fyrir þær að minsta kosti það, sem svarar 25 földu afgjaldi þeirra. Nú eru bruttótekjur landssjóðs af þjóðjörðum um 34000 kr. en nettótekjurnar að eins 25000 kr.; kostnaðurinn við þjóðjarðirnar og innheimtu afgjaldanna er því um 9000 kr. á ári, að vísu eru þar taldar með prestmötur af þjóðjörðum, rúm 2000 kr.; en þó missir landssjóður hér rúm 6000 kr. á ári, sem hann gæti losast við að missa, ef hann kæmi jörðum sínum í peninga, og samsvarar það 4% vöxtum af 150,000 kr. En svo bætist við þetta, að eftirgjöldin eftir þjóðjarðirnar heimtast misjafnlega inn. Árið 1897 voru útistandi þjóðjarðaeftirgjöld á þriðja þúsund krónur, og var sumt af þeim frá árunum 1890—95, og er harla óvíst hvort þau nást nokkurn tíma öll saman.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sneri sér sérstaklega að sölunni á Sauðá. Eg skal þegar taka það fram, samkvæmt bendingu, sem eg hefi rétt í þessu fengið frá hæstv. landsh., að nefndin hefir ekki tekið nógu skýrt fram meiningu sína. Það var alls eigi meining nefndarinnar að láta svæði það, sem kauptúnið Sauðárkrókur stendur á, fylgja með í sölunni; það væri ekki heldur meining í að selja það með fyrir hið ákveðna verð, því að lóðargjöld af Sauðárkrók eru nú um 160 kr. á ári. En þetta má laga til 3. umr. og um leið ákveða takmörk kauptúnsins.

Eg er ekki samdóma h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um það, að hreppsnefndin í Sauðárhreppi eigi ekki betra með að jafna misklíð þá, sem komið hefir upp milli ábúandans á Sauðá og Sauðárkróksbúa, en umboðsvaldið.

Þar sem h. þm. Eyf. (J. J.) vitnaði í það, að hingað til hefði það ekki verið venja þingsins að gefa kost á þjóðjörðum þeim til kaups, sem eiga land það, sem kauptún standa á, þá er hér nokkuð öðru máli að gegna en verið hefir áður; áður hafa það jafnan verið einstakir menn, sem falast hafa eftir kauptunum, en hér er það heilt sveitarfélag; salan er því til hagsmuna fyrir hið opinbera, þótt það sé ekki beinlínis landssjóður. En það er undir þingi komið og síðan stjórninni, hvort sá vegur álízt fær, sem nefndin leggur til að farinn sé; eg fyrir mitt leyti er í dálitlum vafa um það.

En hvað sem því líður, þá ætti þó málshreyfing þessi að verða hvöt til þess, að umboðsvaldið gjörði sitt til að ná samkomulagi við ábúanda jarðarinnar, og fyrir ábúandann, til þess að láta undan.

Það er harla óviðkunnanlegt, að einstakir menn geti með þrákelkni spornað við því, að jarðir landssjóðs séu endurbættar, og þyrfti ef unt væri að reisa skorður við því, að slíkt geti átt sér stað.

Guðjón Guðlaugsson: Eg býst ekki við að koma með mikið nýtt í málinu að þessu sinni, heldur verði ræða mín að miklu leyti endurtekning þeirra skoðana, sem eg hefi áður látið í ljós, því að enn hefi eg ekki breytt skoðun minni frá fyrri þingum á þjóðjarðasölunni, og get eg því ekki verið með því, að jarðir þessar séu seldar.

H. framsm. (Guðl. G.) tók það fram, að augnamið undanfarinna þinga hefði verið, að selja þjóðjarðir á erfðafestu, en nú væri ekki fram á það farandi, því að stjórnin væri því ekki sinnandi; hún teldi það ekki heppilegan veg. Eg

er nú enn ekki orðinn sannfærður um þetta, þótt eg viti að bæði stjórnin og ýmsir málsmetandi menn hafi nú þá skoðun.

Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei haft það fyrir augum, að regluleg erfðafestusala kæmist á með þjóðjarðir á sama hátt og hún tíðkast hér í Reykjavík. Eg hefi hugsað mér að komast ætti á erfðafestuábúð, með meiri réttindum en nú tíðkast, en ekki erfðafestusala. Þessa hlið málsins mun hvorki stjórnin né aðrir hafa íhugað verulega, af því að allir hafa fastbundið sig við erfðafestusölu, á sama hátt og tíðkast í Reykjavík. Sú breyting væri að minni ætlun ekki þýðingarmikil, varla stórum þýðingarmeiri en þjóðjarðasalan nú.

En taki landssjóður þá stefnu, sem nú vottar fyrir í fjárlögunum, að styðja landseta sína til húsa og jarðabóta fremur en verið hefir, þá hygg eg að ábúð á landssjóðsjörðum fari að verða hagfeldari, bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild sinni, en hin svokallaða sjálfseignarábúð, sem oft er ekki svo nema að nafninu einu.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kvaðst ekki þekkja neinn ókost kominn í ljós af þjóðjarðasölunni. Bæði mun það nú vera, að h. þm. (Guðl. G.) hafi ekki nógu víðtæka þekkingu til að bera, til að geta sagt með vissu um þetta, og þótt svo væri, að hann væri gagnkunnugur um land alt, þá er lítið á þeirri reynslu að byggja, sem enn er fengin, hún er of ung, ekki nema fárra ára. Það er engin góð afleiðing til af þjóðjarðasölunni, ef hún kemur ekki einmitt fram á fyrstu árunum, en það er engin sönnun fyrir því, að eins verði framvegis, þvert á móti, gallarnir koma æ betur og betur fram, þegar fram líða stundir.

Það eru einkum áhuga og dugnaðarmenn, sem sækjast eftir þjóðjarðakaupunum, og þó að vel gangi á meðan þeir sitja jarðirnar, hver getur samt sagt, hvernig fara muni, þegar þeirra missir við. Það er ekki hægt að byggja verulega á því, hvernig þjóðjarðasalan hefir hingað til reynst, hvernig hún muni reynast þegar til lengdar lætur, hún er of ung til þess. En það eru einmitt sjálfseignarjarðirnar, sem þar má miða við. Og hver er svo reyndin þar? Ef h. þm. (Guðl. G.) væri kominn vestur í Dalasýslu, þangað sem hann var áður yfirvald, mundi hann finna þess vott, að einmitt sumar af stærstu jörðunum þar, jarðir, sem sterkefnaðir menn bjuggu á, þegar hann þekti til, mundu vera betur komnar sem landssjóðseign, en sem eign privatmanna. Það eru einmitt beztu jarðirnar, sem oft fara verst. Erfingjarnir vilja ekki sleppa tangarhaldi af þeim og búta þær svo sundur milli sín, reisa á þeim margbýli og uppyrja þær og niðurníða á ýmsa vegu.

Eg þekki þrjár jarðir við Breiðafjörð, þar sem bjuggu sterkefnaðir menn fyrir 20 árum, en nú eru þær allar úr sér gengnar, og ein þeirra því nær í eyði. Kemur þetta til af því, að erfingjarnir hafa bútað þær sundur sín á milli og enginn vildi sleppa sínum skika. Þeir hafa staðið móti því, að efnilegir menn fengju jarðirnar keyptar, eða ættu kost á að taka þær á leigu.

Eg veit ekki betur en að einn af þessum erfingjum, sem átti 1/4 í erfðajörð sinni, stæði í vegi fyrir, að einn maður keypti alla jörðina fyrir 9000 kr., sem mun hafa verið hæfilegt verð. Jörðin er nú í mjög lélegri ábúð, sundurpörtuð, og ekki ólíklegt að hún komist í hálfgjört kaldakol. Þetta er sú reynsla, sem eg álít að vér eigum að byggja á, og að vér megum búast við,

að líkt fari með hinar seldu þjóðjarðir, þótt alt annað sé en glæsilegt.

Eg hefi nákvæma afspurn af jörð einni í Húnavatnssýslu; þar bjó mjög gildur bóndi, og nú býr ekkja hans þar góðu búi. Eg hefi átt tal við einn af erfingjunum, og sagði hann sem svo: Ef jörð þessi hefði verið eign föður okkar, þá mundum við erfingjarnir líklega hafa allir kúldast áfram á jörðinni og eyðilagt með því efnahag vorn og hana; en nú helzt hún í góðu lagi og verður byggjanleg nýtum manni síðar meir, af því ekkjan býr með nægum krafti á henni; í stað þess sem varla mátti búast við, að nokkur nýtur maður hefði orðið til að taka hana, ef hún hefði niður níðst, heldur hefði hún haldið áfram að vera sundurbútað amlóðahæli. Þetta er dæmi, sem vér ættum að festa augun á.

Enn hefi eg það að athuga við þjóðjarðasöluna, að þótt þingið vilji selja, þá seljast þær ekki allar. En hverjar þeirra seljast svo ekki? Þær, sem lakastar eru; en beztu jarðirnar, sem mestur skaði er fyrir landssjóð að missa, þær ganga út.

Það er mín hjartans sannfæring, að það sé miklu meiri heill fyrir landið, að landssjóður haldi eigi að eins áfram að hafa eignarhald á jörðum sínum, heldur að hann eignaðist sem flestar jarðir í landinu.

Eg skoða svo, að það skerði hvorki velmegun né réttindi einstakra manna, þótt þjóðjarðir fáist ekki keyptar. Sökum þessarar skoðunar minnar get eg hvorki verið með sölu þjóðjarða yfir höfuð, né heldur þessara einstöku þjóðjarða, sem hér ræðir um. Að því er hina einstöku liði frv. snertir, þá hefi eg ekki fullan kunnugleik til að geta sagt um þá með vissu. En eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið, mundi eg helzt hafa verið með sölunni á Horni, væri eg með nokkurri þjóðjarðasölu. Þar er ábúandi, sem hefir setið jörðina lengi og sjálfsagt fremur vel, og nú langar hann til að kaupa hana til ábúðar handa syni sínum; þetta tel eg hina gildustu ástæðu, sem gæti verið til að selja þjóðjörð, og það er einungis af því, að eg er fráhverfur allri þjóðjarðasölu, að eg get ekki greitt atkvæði með því, enda getur það eins vel komið fram á þessum manni eins og svo mörgum öðrum, að landssjóður reynist honum hinn bezti landsdrottinn, miklu betri en lánardrotnarnir reynast mörgum þeim, er sökkva í skuldir við að kaupa ábúðarjarðir sínar. Eg vissi ekki áður um það, að verið væri að fala landssjóðsjörð til kaups úr Strandasýslu; mér hafði ekki verið falið á hendur að flytja það mál á þing. Sýslubúum mínum er kunnug skoðun mín á þjóðjarðasölunni, og hefir það líklega verið talið þýðingarlítið, að biðja mig fyrir það mál.

Eg er ekki fullkunnugur til þess að geta gefið glöggar upplýsingar um það, sem h. frsm. (Guðl. G.) mæltist til, þó hygg eg að jörð þessari heyri ekki veiði til, ef átt er við laxveiði og silungsveiði. En á hinn bóginn liggur jörðin við sjó, og er þar sumarfiski töluvert; en ef til vill er lítið um haustfiski þar, af því að þar er ekki lendandi fyrir brimi; aftur á móti er þó útræði frá næstu bæjum þar í kring; og fiskiverið Gjögur er þar skamt frá.

Að því er snertir sölu þjóðjarðar þeirrar við Sauðárkrók, er frv. getur um, þá er eg þar ókunnugur, en það er augljóst, að varhugavert getur verið fyrir landssjóð, að selja jörð, sem líkindi eru til að verði kaupstaðarstæði, af því hafa má miklu meira upp úr henni á þann hátt; og þó jörðin sé ekki kaupstaðarstæði, getur hún hækk-

að í verði við það, að kaupstaðarbúar þurfi á henni að halda, og bjóði því hærra verð fyrir hana þegar ábúðarskifti verða. Eg get því, sem sagt, ekki annað en verið mótfallinn þessum lið, hvað sem nú hinum líður.

Jón Jónsson 2. þm. Eyf. Eg vildi minnast á eitt atriði, sem háttv. frsm. drap á, sem sé það, að innheimtan á afgjaldi umboðsjarða er nokkuð dýr. En þetta atriði út af fyrir sig þarf ekki að vera nein ástæða fyrir landssjóð til að selja jarðirnar. Það mætti vel gjöra innheimtuna ódýrari með öðru fyrirkomulagi, t. d. með því að fela hreppstjórunum hana á hendur, og vildi eg að eins benda á þetta.

Þá gat hann þess og, að innheimtan gengi tregt, og að landssjóður ætti því mikið útistandandi af þessum afgjöldum, og svo mun það vera, þó sú upphæð sé minni nú en fyrir nokkurum árum, en einmitt þetta, að afgjöldin greiðast illa, leiðir til að spyrja: hvernig er þessum jörðum háttað? Og þá kemur það í ljós, að illa er búið á þessum jörðum.

Það eru þær jarðirnar, sem minstar líkur eru til að verði keyptar. Það eru jafnan álitlegustu jarðirnar, sem beðið er um, og verður því að gjalda varhuga við, að ekki fari svo á endanum, að landssjóður hafi selt allar þær jarðir, sem nokkur vill nýta, en sitji svo uppi með hinar, sem enginn kærir sig um, og afgjöldin fást treglega af. Mér finst rétt að vekja alvarlega athygli á þessu, áður en atkvgr. fer fram.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg hefi fáu við að bæta við það, sem eg þegar hefi sagt. H. þm. Strandam. kom fram með nokkurar ástæður fyrir því, hvers vegna hann væri á móti frv., en mér virtust ástæður þessar vera síður gegn sölu þjóðjarða en gegn sjálfseign yfir höfuð. Hann lét í ljós, að landssjóður ætti að eiga allar jarðir á landinu, sökum þess, að hann væri hinn bezti landsdrottinn. Skoðun þessa get eg að vísu skilið, en er henni alveg mótfallinn, og eg býst við, að ekki séu margir á henni með honum.

H. þm. drap einnig á, að eg mundi naumast fær um að fjalla um þetta mál, þar eð eg hefði ekki víðtækari reynslu en úr þeim héruðum, þar sem eg þekti til, en víða væru aðrar ástæður, og því hægt að líta öðruvísi á. Eg get borið h. þm. þetta sama á brýn; hann þekkir líklegast hinar sérstöku ástæður í sínu héraði, en eg get sagt með vissu, að hann hafi ekki fremur auga fyrir, hvernig hagar til í öðrum héruðum, en eg.

H. þm. hélt því einnig fram, að vér gætum ekki dregið óyggjandi ályktanir af þeirri almennu reynslu, er þegar væri fengin; hinar beztu þjóðjarðir hefðu náttúrlega selst fyrst, og því væri reynsla sú, er komin væri, bærileg. Eg vil svara þessu fyrst með þeim almennu orðum, að það er ekkert það í lífinu, sem ekki getur einhvern tíma haft einhvern ókost í för með sér, en það mætti æra óstöðugan, að eltast við allar slíkar getgátur. Eg get svarað honum út frá reynslu þeirri, sem eg þekki, og nær yfir 20 ár. Eg þekki ekki, að seldar þjóðjarðir, fremur en aðrar jarðeignir, er gengið hafa kaupum og sölum, eða að erfð, hafi partast sundur að jafnaði eða niðst niður. Vitanlega í höndum slóða fer alt slóðalega, og slóðar eru allstaðar til, en að það hafi skaðleg áhrif á duglega menn að verða sjálfseignabændur, á eg bágt með að skilja.

H. þm. færði það til, að landssjóður

væri hinn bezti landsdrottinn, hann hefir nú að vísu ekki verið það svo mjög hingað til, en hann getur auðvitað skánað. Þá sagði hann, að ábúðin væri hagfeldari, af því menn fengju jarðirnar upp á lengri tíma. Þetta skal eg kannast við; en þá er hitt, að afgjaldið á að greiðast í peningum til landssjóðs, og það vita allir, að það er hægra fyrir bóndann að greiða í venjulegum landaurum en í beinhörðum peningum. Það er undantekning, að utanhéraðsmenn eigi landeignir í héraðinu, tíðast eru það innanhéraðsmenn, og þá er það hagur fyrir sveitirnar, að jarðeigendurnir eru héraðsins íbúar og gjalda þar af eign sinni. Aftur á móti er afgjaldið til landssjóðs eitt hið mesta farg, þar sem margar eru þjóðjarðirnar. Það er t. d. svo með V.-Skaftafellssýslu, sem greiðir nálægt 4000 kr. í afgjöld til landssjóðs, og það er tvöfalt á við öll þinggjöld manna í því sama héraði. Mönnum ætti að geta skilist, hvílík blóðtaka þetta er fyrir bændurna.

Að sala þjóðjarðanna hafi nokkurn skaða í för með sér fyrir landssjóð, sé eg ekki. Þegar peningamál vor eru á því stigi — þökk sé landsbankanum! — að bankastjórinn býst við verðhruni á fasteignum ofan í helming eða þriðjapart verðs (1. þm. Árn.: þetta hefir bankastjórinn ekki sagt, stendur í flugritinu!), þá sé eg satt að segja ekki, hver skaði það getur orðið fyrir landssjóð að losna sem fyrst við jarðir sínar; það væri víst ekkert óheppilegt.

H. þm. mun hafa rétt fyrir sér í því, að menn hafi sózt eftir að kaupa beztu jarðirnar, það er auðsætt; en þó þekki eg dæmi þess úr Kirkjubæjarklaustursumboði, að bóndi hefir sótt um að fá jörð keypta, sem var að eyðast af sandi. Ábúandinn ætlaði að reyna að verja jörðina, ef hann fengi hana keypta, en það fekst ekki. Nú er hann fluttur af jörðinni, en hana situr maður svona í meðallagi, og það er sennilegt, að, að tíu árum liðnum, sé hún öll lögst í eyði. Vissu menn í Kirkjubæjarumboði, að þeir gætu fengið keyptar jarðirnar, mundu þeir kaupa þær og reyna að bjarga þeim. Eg veit þannig um þrjár jarðir, sem liggja undir eyðileggingu og þó hafa verið falaðar. Ein þeirra er sérstaklega á góðri leið með að eyðileggjast; en væri hægt að selja hana þegar, mundi auðið að bjarga henni. Þó að nú, ef til vill, þeir menn sitji sumar af jörðum þessum, sem ekki vildu kaupa, þá eru kannske aðrir, sem vildu það og flyttu þangað, ef þær væru í boði.

Það er eitt verulegt atriði, sem mælir fram með þjóðjarðasölunni: hún styður að sjálfseign og sjálfsábúð; en það er í mínum augum eitt hið bezta ráð til að koma bændum upp í efnalegu tilliti og gjöra þá að sjálfstæðum mönnum.

Þorlákur Guðmundsson: Eg hefi oft áður talað í þessu máli á undanfarandi þingum, og ætla mér ekki að fara að taka nú upp þær ástæður, sem eg áður hefi framfært, en er nú sem fyr meðmæltur sölu þjóðjarða yfir höfuð, en það stendur sérstaklega á um 2 af þessum jörðum, sem hér er um að ræða, Horn í Skaftafellssýslu og Sauðá í Skagafj.-sýslu. Á landi annarar, Sauðár, er kauptún, en á landi hinnar gæti ef til vill í framtíðinni komið upp verzlunarstaður, og er því rétt að fara varlega í að selja þær. Þeirri skoðun hefir verið haldið fram í seinni tíð, að landssjóður ætti fremur að kaupa jarðir en selja, en það gæti vel farið svo, að slíkt reyndist mjög óheppilegt. Eg skal taka eitt dæmi: Þegar harðnað hefir í ári, hefir stundum ekki verið trútt um að fólk

yrði landinu fráhverft, og reyndi til að komast til Ameríku, og farið til muna, og svo getur enn farið. Setjum nú svo, að fólk streymdi af landi burt, en landssjóður ætti flestar jarðir, hvað mundi honum verða úr þeim? Nú munu einhverjir ef til vill svara, að það standi á sama, en því er ekki svo varið. Það sem hefir haldið mörgum aftur frá að stökkva úr landi, hefir einmitt verið sjálfseignin; hún hefir einmitt verið hentugur tjóðurhæll fyrir margan mann.

Þannig getur það orðið hættulegt að landssjóður fari að auka jarðeignir sínar. Umboðskostnaðinum mætti koma betur fyrir, og felst eg á uppástungu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), um að vel mætti fela innheimtuna hreppstjórunum, eða sérstökum manni í hverjum hrepp, þar sem slíkar jarðir eru. En það er nú mín skoðun, að umboðsmennirnir séu ekkert ofhaldnir af því sem þeir fá, ef þeir leysa það vel af hendi; en ekki vildi eg gefa mikið fyrir umboðsmannseftirlitið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og það hefir verið frá því eg fyrst þekti til, og mætti segja næstum hlægilegar sögur af því.

Halldór Daníelsson: Það var að eins eitt atriði, sem eg vildi vekja máls á, sem sé 3. gr. frumv., um að andvirði jarðanna skuli renna í Ræktunarsjóð Íslands. Samkv. frumv. því um Ræktunarsjóðinn, er fór hér frá deildinni, átti andvirði þeirra þjóðjarða, er seldar væru fyrir 31. des. 1898, að renna í sjóð þenna, en eftir þessu frumv. er söluheimildin til 31. des. 1902. Það á nú reyndar betur við að breyta þessu, þegar Ræktunarsjóðurinn kemur aftur til umræðu, en eg get ekki stilt mig um, að láta þá hugsun mína í ljósi, að ef andvirði allra seldra fasteigna landssjóðs um ókominn tíma ætti að renna í Ræktunarsjóðinn, þá virðist mér gefin svo mikil freisting til að selja fasteignir, — því margir vildu sjálfsagt auka Ræktunarsjóðinn — að hér sé komið út á viðsjála braut, — það orð hefir stundum heyrst hér í deildinni í sumar — og gæti þá farið fyrir þeim, er styrkja vilja Ræktunarsjóðinn, líkt og sagt var um suma biskupa í kaþólskum sið til forna, að þeim þætti ekki svo mikið á móti því, að borðað væri kjöt á föstunni, af því þeir fengju jarðir í staðinn.

Þórður Guðmundsson: Eg var ekki í þingsalnum á síðasta þingi, þegar talað var um þjóðjarðasöluna. Eg stend því upp að eins til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu, með því eg hafði ekki tækifæri til þess á síðasta þingi 1897. Eg skal þá lýsa því yfir, að eg get ekki verið með þeim, sem eru eindregið á móti þjóðjarðasölunni. Það, sem helzt er haft á móti sölu þessara jarða, er, að þær verði ver setnar, og að það fé, sem fyrir þær er goldið, verði eyðslufé. Hvað þessu síðast talda viðvíkur, þá þykja mér þingmenn illa treysta þinginu, ef þeir halda, að það geti ekki sett reglur um þetta; eg álít að þinginu sé trúandi fyrir að meðhöndla það, eða ráðstafa því sem öðru fé landsins. Í mínu kjördæmi eru táar þjóðjarðir, og á eg því bágt með að dæma um, hvernig þær alment eru setnar af leiguliðum, en hitt er víst, að eg hefi ekki séð aðrar jarðir betur setnar en sjálfseignarjarðir, enda er meiri ástæða fyrir eigendurna að sitja jörðina vel, en leiguliða. Halda menn að maður fari betur með annara gripi en sína eigin? Halda menn að ábúandi á jörð geri meira til að bæta hana, ef aðrir eiga hana, en ef hann á jörðina sjálfur? Eftir þeirri kenningu væri bezt að bændur byggi við leiguíénað, sérdeilis

vegna þess, að þeir hefðu ástæðu til að fara betur með hann en þann fénað sem þeir ættu sjálfir, en allir vita þó, að það er talið mjög óbúmannlegt, að bændur hafi mikið af leigufénaði á búi sínu. Það hefir verið minst á, að það væri gott, að sett hefði verið inn í fjárlagafrumv. ákvæði um að landssjóður legði fé til að byggja upp hús á þjóðjörðum, og að þær mundu verða betur setnar fyrir bragðið. Eg skal ekki segja neitt um það, hvort þetta er satt eða ekki, en í mínum augum er það ekkert glæsilegt, og eg efast um, að landssjóður græði á þessu. Jarðir eru nú í lágu verði og altaf að falla, og eg efast um að landssjóður hafi meir upp úr jörðum sínum, þótt hann leggi þetta í kostnaðinn.

Eg þekki ekki þessar jarðir, sem hér er um að ræða, en eg greiði atkvæði með, að þeir, sem vilja kaupa þær, fái þær keyptar, því að mínu áliti er fyrsta skilyrði fyrir, að landbúnaðurinn taki framförum, það, að sjálfseignarbændum fjölgi í landinu, enda sé eg ekki neitt hagræði fyrir landssjóð, að vera að burðast með margar jarðir, og borga stórfé fyrir að innheimta gjöldin og koma þeim í peninga, sem að mínu áliti er ekki nema til að skaffa einstökum mönnum atvinnu.

ATKVGR.: Brt. við 1. gr. á þingskjali 233 fyrst tekin til atkv.

Brt. við 1. lið á því þingskj.: »Horn í Nesjahr. etc.« á þingskj. 272 sþ. með 11:4 atkv.

1. liður á þingskj. 233, þannig breyttur, samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	J. J., þm. Eyf.,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sighv. Árnason,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thorodds.	
Þorl. Guðmundsson.	

2. liður á þingskj. 233 samþ. með 12:7 atkv.

3. liður á þingskj. 233 samþ. með 12:4 atkv.

4. liður á þingskj. 233 samþ. með 11:5 atkv.

Brt. á þskj. 233 við viðaukatill. á þskj. 153 sþ. með 15 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 153 feld með 12 gegn 9 atkv.

Orðabreyting á upphafi 1. gr. eftir till. nefndarinnar, á þingskj. 233, samþ. án atkvgr.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 11 gegn 8 atkv.

Orðabreyting við 2. gr. samþ. án atkvgr.

2. gr, þannig breytt, samþ. með 11 samhljóða atkv.

3. og 4. liður á þingskj. 153 tekinn aftur.

3. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

3. liður á þingskj. 233 sþ. með 13:1 atkv.

4. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögnin, eins og hún er breytt á þingskjali 233, samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Þriðja umr. (C. 333), 10. ágúst.

ATKVGR.: Frv. var felt með 12:10 atkvæðum.

Varúðarreglur gegn ósútuðum húðum.

FRUMVARP til laga um varúðarreglur gegn innflutningi á ósútuðum húðum (um bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum) (C. 141); 1. umr., 21. júlí.

Flutningsmaður (*Guðl. Guðmundsson*): Til stuðnings frumv. því, er hér liggur fyrir, vil eg leyfa mér að benda háttv. deild á ráðherrabréf frá 1. júní 1891 í Stjórnartíðindunum (B. 71). Þar er gerð ljós grein fyrir því, hvílík hætta geti stafað af því, að flytja ósútaðar húðir inn í landið, sem víða hafi komið á stað miltisbrandi í skepnum. Þá þegar (1891) vakti landshöfðingi máls á því, hvort ekki væri rétt, úr því svo mikið væri í húfi, að reyna með lögum að koma í veg fyrir innflutning ósútaðra skinna. Á sömu skoðun var heibrigðisráðið danska í bréfi frá 6. október 1891. Á síðari árum hefir þessi hætta verulega aukist, og kemur varla það ár fyrir, að ekki drepist eitthvað af skepnum úr miltisbrandi. Það er mjög ervitt að koma í veg fyrir þetta, því sóttin er svo næm, að ekki þarf meira til en að skepna biti gras, þar sem húð hefir legið eða drekki vatn, þar sem hún hefir verið bleytt í. Þetta er altaf stór skaði fyrir bóndann, sem missir skepnuna, því hann verður að grafa hana niður með húð og hári, án þess að hún komi að nokkurum notum. Það er ilt að einangra sjúkdóminn, og því öll líkindi til, að bann fari í vöxt; en það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann. Hér í þessu frumv. er farið fram á, að banna hreint og beint allan innflutning á ósútuðum húðum, og að minni hyggju eru öll önnur ráð ófullnægjandi. Þótt settar væru reglur um það, að láta húðirnar liggja einn sólarhring í sóttvarnarlegi, þá er alls eigi örugt að þeim reglum verði fylgt.

Eg fyrir mitt leyti get ekki séð, að það sé ókleyft eða óheppilegt, að banna innflutning á húðum, vegna þess, að við nauðsynlega þurfum að fá þær aðfluttar. Eftir minni skoðun höfum við næga skinnavöru í landinu, ef rétt er aðgætt. Samkvæmt verzlunarskýrslum frá síðasta ári voru flutt inn í landið skinn fyrir 111000 kr., en útflutningur á skinnum nam 102000 kr. En hér er þess að gæta, að í þessum 111000 kr. eru einnig talin sútuð skinn, svo það er augljóst að af ósútuðum skinnum flytjum við miklu meira út en flutt er inn, og við hljótum því að hafa nóga skinnavöru í landinu. Það er sérstaklega ein tegund skinna, sem við flytjum mikið út af, og meira en æskilegt er, nefnil. saltaðar sauðargærur. Útflutningur á þeim nemur árlega 90500 kr., vel að merkja: þessi 90500 kr. eru að eins fyrir skinnin, en ekki ullina, því útlendingar gefa ekki eyrisvirði fyrir ull af söltuðum gærum. Skinnin eru brúkuð t. d. í hanzka, en ullin er leyst af í kalkvatni og henni fleygt í sorpið, því húh er þeim að eins til trafala. Það má geta því nærri, hversu hyggilegt það er, að kaupa ósútaðar húðir, sem ekki eru betri en okkar skinn, og þar á ofan pestnæmar, en flytja aftur út úr landinu, ef ekki meira, þá að minsta kosti jafngildi þessara innfluttu húða. Þessar húðir munu ekki reynast betri til slits en okkar skinn, og hefi eg sjálfur reynsluna fyrir mér í því. Eg hefi tvöfalda ástæðu til að halda þessu frv. fram: fyrst og fremst það, að hinar útlendu húðir oft og tíðum eru pestnæmar, og hitt annað, að eg vil að fé það, sem nú gengur úr landinu fyrir útlenda skinnavöru, haldist í landinu sjálfu. Eg vil því fastlega mæla með, að frv. sé látið ganga til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og það væri æskilegt í alla staði, að banna

innflutning á ósútuðum húðum, þá held eg þó ekki að það sé gjörlegt, því eg efast stórkostlega um, að landið sjálft sé svo birgt að skinnavöru, að það geti fullnægt þörfum landsbúa í því efni. Eg skal ekki efast um, að það sé rétt, sem háttv. flutningsm. sagði um inn- og útflutninginn eftir verzlunarskýrslunum, og það er sömuleiðis rétt, að hin útlendu skinn eru mjög misjöfn og ekki betri, heldur verri, en okkar húðir, en þess er að gæta, að þar sem sérstaklega er lögð stund á sauðfjárrækt, þar er hart um skæðaskinn, það er að segja leður, því sauðskinnin eru úthaldslítil. Eg vil til dæmis taka það fram um smala í sveit, að það mætti æra óstöðugan að leggja þeim til sauðskinn á fæturna, þeir mundu sem oftast koma heim að kvöldi með botnlausa skó og berfættir. Að því er saltaðar gærur snertir, þá er það líklegt, að kaupmennirnir ættu að sjá sinn hag í því, að raka gærurnar og hirða ullina, ef skinnin þá væru jafnútgengileg verzlunarvara, því ullin slagar hátt upp í verð skinnanna. Aftur á móti er það ekki svo þægilegt fyrir sveitabændur, sem komnir eru langt að í kaupstaðinn með fé til slátrunar, að láta raka gærurnar og fá skinnin vel hirt. Eg skyldi fyrstur manna vera með frv., ef eg ekki væri fyllilega sannfærður um, að það mundi verða skortur á skæðaskinni í landinu, ef það næði fram að ganga. Öðru máli var að gegna áður en hrossasalan komst á, því þá var slátrað töluverðu af hrossum, og nautgriparæktin yfir höfuð meiri.

Eg álít ekki heppilegt að nota sútuð skinn, því þau eru dýr, ekki góð til slits og tæplega vatnsheld. Ef mögulegt væri að fyrirskipa með lagaákvörðunum um meðferð á aðfluttum ósútuðum húðum, svo engin hætta stæði af þeim, þá væri það gott og gagnlegt.

Skúli Thóroddsen: Eg tek undir með háttv. 2. þm. Árn., að það er ekki rétt að samþykkja þetta frumv. Tilgangurinn er góður að því leyti, sem hann er sagður miða til að fyrirbyggja miltisbrand í skepnum. En mér finst háttv. flutningsmaður gera of mikið úr hættunni. Sjúkdómstilfellin eru fremur fá, og það er ekki nema einstöku sinnum og úr einstöku sýslum að maður heyrir þeirra getið. Í Ísafjarðarsýslu hafa á 14 árum komið eitthvað 3 tilfelli fyrir alls, að því er eg minnist; og þar sem hættan er því tiltölulega lítil og lög eru til frá 11. desember 1891, sem gefa lögreglustjórum vald til að fyrirskipa sérstakar reglur til að fyrirbyggja sóttnæmið, þá álít eg ekki þörf á að koma með slíkt frumv. Háttv. flutningsmaður sagði, að það væri ekki nóg, þótt það væri fyrirskipað að láta húðirnar liggja í klórkalksuppleysingu, því það væri ekki hægt að hafa eftirlit með mönnum í því efni; en hér liggur svo stór hegning við, miklar sektir og fangelsi, að eg held að kaupmenn varla mundu hætta á að undanfella þessar varúðarreglur. Eg held að mér sé óhætt að fullyrða, að þessum reglum hafi altaf verið vel hlýtt í mínu kjördæmi, en einmitt þess vegna hefir þar líka verið kvartað um skort á skæðaskinni, því það er töluvert erfitt fyrir kaupmennina, einkum á vetrum, að fullnægja eftirspurninni, þegar þeir þurfa að láta húðirnar liggja í klórkalksuppleysingu. Þær þurfa þó að þorna, því enginn kaupir þær hráblautar upp úr leginum. Það er min skoðun, að víða mundu verða vandræði með skófatnað, ef þetta frumv. kæmist á. Það má kannske eftir skýrslum og samanburði á inn- og útflutningi sanna, að landið geti framleitt nóg af skinnavöru; en meðan nautgriparæktin er svo lítil, getur landið ekki framleitt

nóg af skæðaskinni, því eins og háttv. þm. Árn. tók fram, eru sauðskinn léleg til skæða. Ef litið er á verðið, þá kæmi það einnig í ljós, að það væri óheppilegt að banna aðflutning á húðum, því það mundi verða eins og nokkurskonar skattur á sjávarsveitirnar. Eg verð því að vera á móti þessu frumv., og hlýt að líta svo á, sem enn sé ekki kominn tími til slíkra bannlaga, meðan nautgriparækt vor stendur ekki á hærra stigi.

Flutnm., Guðl. Guðmundsson: Eg skal fyrst víkja að athugasemd háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), þar sem hann var hræddur um skæðaskinnsleysi í landinu, ef innflutningur þessi væri bannaður. Eg sýndi í inngangsræðu minni með órækum tölum, að hræðsla þessi er bábilja ein; hún stafar af því, að skæðaskinnsverzlun vor hefir farið í vitlausa átt. Þegar vér flytjum út sauðargærur fyrir 90,500 kr. og þess er að gæta, að hér er að eins talið verðið fyrir skinnið, en eigi ullina með, þegar þessa er gætt, og að vér flytjum eigi meira inn af skinni, sútuðu og ósútuðu, en fyrir 111,000 kr., og að ósútaða skinnið mun varla nema meiru en 30—40,000 kr., þá sést bezt, á hverjum rökum hræðslan um skæðaskinnsleysið í landinu er bygð.

Til þess að geta flutt út skinn fyrir 90,000 kr., fleygjum vér frá oss öðrum 90,000 kr. í ull fyrir ekki neitt. Er nú þetta háttalag svo heppilegt, að ekkert eigi að gera til að kippa því í lag? H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) kvað hættuna af útlendu húðunum minni en orð væri á gert; þetta er alveg rangt. Hættan er í raun og veru miklu meiri en menn gera sér í hugarlund. Aðrar þjóðir hafa nefnilega strangt eftirlit með því, að til sín séu ekki fluttar nema ósóttnæmar húðir; það má því búast við að hinum grunuðu húðum sé beint hingað, þangað sem eftirlitsleysið er. Það er því sízt að fortaka, að hver ein einasta húð sem hingað flyzt, kunni ekki að vera pestnæm, og það er hreinasta slimpilukka, að slysin af innfluttu húðunum skuli ekki hafa orðið margfalt fleiri en hingað til hefir orðið. En hvað lengi á þetta svona að ganga, hvað lengi viljum vér eiga það yfir höfðum vorum, að drepsótt sú, sem húðirnar flytja með sér, verði þegar minst varir landlæg hér? Mér finst sannarlega ekki ástæða til að taka mikið tillit til mótmælanna gegn frumv., þegar þetta tvent kemur á móti þeim: hin afaróheppilega skinnaverzlun vor og hættan, sem af henni stafar.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði enn fremur, að bæjarfógetinn á Ísafirði hefði fyrirskipað varúðarreglur viðvíkjandi útlendum húðum, og að þessum varúðarreglum hefði verið fylgt þar svo rækilega, að ekki hefði slys hlotist af hinum útlendu húðum í 14 ár. Eg skal fúslega játa það, að kaupmennirnir á Ísafirði kunni að vera ákaflega löghlýðnir; en það eru víðar kaupmenn á landinu en á Ísafirði, og ekki víst, að þeir séu allir jafn-löghlýðnir þeim.

Það er ekki nema lítil bót í því, þótt hæft sé að lögsækja kaupmann og máske fá hann sektaðan, þegar búfé bónda hefir drepist fyrir eitran af útlendum húðum. En við það bætist, að það er alt annað en auðvelt að koma fram ábyrgð á hendur kaupmanninum, því að til þess þarf tvent að sanna: fyrst, að hin pestnæma húð hafi einmitt verið frá honum, og í öðru lagi, að það hafi verið húðin og annað ekki, sem hefir orðið skepnunni að bana.

Það hefir verið sagt, að ef þetta frv. kæmist fram, þá yrðu Íslendingar að fara að ganga á tréklossum eða berfættir. Eg sé nú reyndar ekki mikið á móti því, þótt þeir brygðu fyrir sig tré-

skóm; vitanlega tækju þeir þar upp danskan sið; en væru Íslendingar ekki danskir í öðru, þá mundi þetta ekki stórskaða þá. En þetta er nú ekki einu sinni nauðsynlegt, því að ef sjávarbændur sneru sér að því, að kaupa sauðargærur af sveitabændum og rökuðu þær, þá fengju þeir ódýrara skinn en útlenda skinnið, sem þeir kaupa nú, og nærri því eins gott til slits eins og margar af hinum útlendu húðum; ullina af gærunum fengju þeir fyrir ómak sitt, og ætti það að koma sér vel við sjóinn, þar sem oftast er lítið um vinnuull; gætu svo sjávarmenn komið ullinni í fatnað handa sér.

Eg veit að vísu að segja má, að það sé engin von að þeir nenni að hafa alt þetta umstang; hitt sé mun umsvifaminna, að kaupa skinnið í kaupstaðnum. En þó efast eg um, að þingið kæri sig um að taka tillit til þessa. Þetta mál nær og beinlínis til sjávarbænda, sem skepnur eiga; þeim er engu minni hætta búin af útlendu húðunum en sveitabændunum. Þó svo kunni að vera, að ekki sé nægð af góðum skinnum hér á landi nú sem stendur, þá efast eg ekki um að nautsskinn kæmust í nokkurt verð — eg tel þau lítt seljandi nú —; þá mundi geldgriparækt brátt aukast í landinu, og það er sannarlega vert að styðja að því, að svo verði, því að skortur á geldgriparækt er einn þrepskjöldurinn í vegi fyrir því, að landið verði ræktað sem skyldi. Eg er viss um, að við mundum fá betri tök á, bæði að rækta landið betur en vér gerum nú, og að rækta meira land, ef geldgriparæktin kæmist í sama horf og hún var í byrjun aldarinnar, að eg ekki taki árinni dýpra í.

Mér finst annars, að hvenær sem talað er um að hlynna á einhvern hátt að landbúnaðinum, þá klingi altaf bjallan við, að nú sé verið að leggja skatt á sjávarútveginn.

Hér finst mér þó ekki þurfa annað en óbrjálaða skynsemi til að sjá, að um ekkert slíkt er að ræða. Það er er svo fjarri því, að ætlast sé til að sjávarbændum sé íþyngt, að þeim er einmitt gefin ein bending um það, hvernig þeir gætu farið að því að nota slórstundir sínar betur en nú gerist, og jafnframt sætt heppilegri kaupum á einni af sínum nauðsynjum.

Pétur Jónsson: Eg vildi óska að eg gæti veitt máli þessu eindregið fylgi mitt, en því er nú ver og miður, að eg get það ekki. Það er fjarri því, að eg hafi mætur á útlenda leðrinu, en eg sé ekki, að vér getum til fulls án þess verið sem stendur. Eg hefi töluvert fengist við vörukaup í Þingeyjarsýslu, og eftir þeirri reynslu er það rétt, sem eg segi, að því er þá sýslu snertir. Reyndar veit eg, að hesta- og kúasveitir muni standa betur að vígi en hún, en aftur munu sumar sjávarsveitir standa þar enn ver að vígi. Eg hefi hugsað um, hvort ekki væri hægt að fá betra skóleður en þetta útlenda skóleður vanalega gerist, og grenslast eftir því, hvort ekki væri hægt að fá innlent leður í stað þess; en hingað til hefi eg ekki rekist á það. Að undanförnu hefir verið flutt inn í Þingeyjarsýslu það sem svarar $^1/_3$ húð á heimili; þetta virðist ekki mikið, en þess er að gæta, að æði mörg heimili birgja sig sjálf að leðri, svo að þeim mun meira kemur á hin, og eg sé ekki, hvernig þau mundu komast af án þess að fá skæðaskinn að, og eg hefi aldrei orðið þess var, að vér hefðum skóleður til sölu, sem nokkuru nemi. Þetta þarf vel að athuga, áður en reglulegt bann er lagt á innflutning útlendra húða.

Eg hygg, að eg hafi eins mikla

reynslu í búskap, og meiri við smalamensku, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), og eg hygg, að það geti ekki komið til mála, að nota hið útflutta sauðskinn til skóleðurs í stað útlendu húðanna; verkatöfin við skógerðina yrði sjálfsagt meira virði en skinnið sjálft.

Á meðan ekki er hægt að sýna, að vér höfum sjálfir nóg af nýtilegu skóleðri, þá sýnist mér varúðarvert, að leggja bann á innflutning skóleðurs; yrði aftur á móti hægt að sýna með gildari rökum en enn hafa komið fram, að nægilegt skóleður fengist í landinu sjálfu, þá mundi eg ekki vera á móti algerðu innflutningsbanni, eða þá því, að mjög hár tollur yrði lagður á innflutt skóleður.

Þorlákur Guðmundsson: Það er að vísu ekki gott að segja nákvæmlega, hve mikið fluzt hafi inn af ósútuðum skinnum og hvað af sútuðum; en þó ætla eg að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafi sett verðið fyrir sútuðu skinnin heldur lágt, þar sem hann gerði ráð fyrir, að af því ósútaða hefði verið flutt inn fyrir 30—40,000 kr., því það er mjög mikið innflutt af sútuðum skinnum á ári. En þetta var nú ekki aðalefni málsins, heldur hitt, að hann taldi það bábylju, að eigi mundi nóg skóleður í landinu. Eg tek undir með h. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg tel mig hafa eins mikla bureynslu og eins mikla smalareynslu, og h. þm. (Guðl. G.), þótt eg að vísu játi að hann muni hafa hvorttveggja til að bera fram yfir marga aðra embættismenn vora; og óhætt mun vera að segja, að eg hafi gengið fleiri smalaspor en h. þm. (Guðl. G.), svo eg þykist hafa fulla reynslu við að styðjast, er eg segi, að eins og nú hagar til, þá mundi æði-erfitt að fá kvenfólk til að gera alla þá skó, sem þyrfti handa smölunum okkar, ef þeir ættu að ganga á tómum sauðskinnsskóm; þeim mundi oft og einatt ekki veita af að hafa 2—3 skó í smalaferðina, og það sjá allir, hvílíkan tíma það tæki, að gjöra alla þá skó, og hvað það kostaði, einkum um heyskapartímann. Sama er að segja um það, að brúka sauðskinn eins og þau gerast upp og niður handa engjafólki, þar sem engjar eru blautar. Eg ímynda mér að margir bændur í kjördæmi h. þm. (Guðl. G.) mundu verða mér samdóma um þetta, þótt eg viti að vísu, að Vestur-Skaftafellssýsla framleiðir meira skóleður en margar aðrar sýslur, og því get eg skilið, að kjósendur háttv. þm. (Guðl. G.) myndu ekki finna eins til innflutningsbannsins eins og margir aðrir.

Hér á Suðurlandi er varla unt að fá innlent leður, þótt boðið sé þriðjungi meira fyrir það en útlenda leðrið, því að það eru fæst heimili, sem framleiða nóg skóleður handa sér, og enn færri, sem eiga nokkuð aflögu; og eg ímynda mér, að meiri hlutinn hallist að þeirri skoðun, að landið framleiði ekki nóg skóleður nú sem stendur.

Þórður Guðmundsson: Eg vildi óska, að eg treysti mér að styðja mál þetta, því að eg álít að meiningin sé góð; en eg er sannfærður um, að það mundu stafa hrein vandræði af því, ef vér færum nú að banna með öllu innflutning leðurs, og það verður að ráða atkvæði mínu.

Að öðru leyti skal eg ekki leitast við að hrekja það, sem h. þm. (Guðl. G.) hefir sagt; það hafa aðrir þegar gjört. En þó skal eg geta þess, að sjálfsagt talaði h. þm. (Guðl. G.) ekki af fullri reynslu, er hann sagði að menn gætu gengið á tréskóm. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Við sjávarsíðuna). Hálfhræddur er eg um, að menn yrðu hálfstirðir að smala fénaði á þeim um

hraun og heiðar eða í blautum mýrum, og má það vera undarlegt, þegar þeir þm., sem búa í sveitum, skuli koma með þvílíka fjarstæðu.

Mér er kunnugt um, að í því kjördæmi, sem eg er fyrir, og sem þó er eitt af hinum helztu hesta og nautgripa héruðum landsins, þar er keypt töluvert af ósútuðum húðum frá útlöndum. Vér verðum líka að gæta þess, að það fækkar alt af hestum, sem slátrað er í landinu, því eftir því sem peningaþröngin eykst, eftir því er selt meira af hrossum út úr landinu. Það hefir verið talað mikið um hættuna af hinum útlendu húðum. Viðvíkjandi því skal eg geta þess, að undir eins fyrsta árið sem eg veitti forstöðu pöntunarfélagi því, sem eg stend enn fyrir, þá var gerð sú ákvörðun, að ekki mætti afhenda eitt pund af ósútuðum húðum fyr en búið væri að láta þær liggja í klórvatni. Eg bendi á þetta af því, að eg álít, að útlendu húðirnar geti verið hættulausar, ef aðgætni og samvizkusömu eftirliti er beitt.

Jens Pálsson: Eg skal leyfa mér að fara fám orðum um málið, og vil eg þegar í upphafi lýsa því yfir, að eg vil ganga í lið með flutningsmönnum máls þessa að því leyti, að eg vil ekki að frumv. sé felt nú þegar; mér þykir ofmikið varið í það til þess. Mér er í of fersku minni skaði sá, sem leiddi af miltisbrandi síðasta vetur, til þess að eg vilji ekki taka málið til sem allra rækilegastrar yfirvegunar, ef vera kynni, að hægt yrði að koma því í eitthvert viðunanlegt horf. Í Þingvallasveitinni gjördrápust gripir hjá einum bónda síðasta vetur úr miltisbrandi, og nokkuð drap hann á 2—3 bæjum öðrum þar í sveitinni. Þá er það og kunnugt um hrossapest þá, sem kom upp á Eyrarbakka, og hættu þá sem af henni stafaði, þar sem jafnmörg hross ganga saman sem þar. Í Garðahverfi drap og miltisbrandur hross í vetur. Dýralæknirinn var sóttur þangað og hafði eg tal af honum; virtist mér hann bera töluverða áhyggju fyrir því, að ef ekkert væri aðgjört, þá gæti pest þessi orðið hér landlæg áður en langt um liði. Nú mun það engum vafa bundið, að aðalhættan stafi af hinum útlendu húðum. Eg óska því að frumv. fengi að lifa, að minsta kosti þangað til tal hefði verið haft af hinum lærða dýralækni, því að vera má að hann geti gefið betri upplýsingar en enn eru framkomnar hér, um, hvort nauðsynlegt sé, að banna með öllu innflutning hinna ósútuðu húða. Eg fyrir mitt leyti er ekki mjög hræddur um, að tilfinnanlegan skort á skæðaskinni mundi leiða af innflutningsbanni þessu. Eitt vitum vér, að árlega eru seld út úr landinu mörg hundruð hrossa fyrir svo lágt verð, að víðast hvar er engin meining í að ala þau upp til sölu. En gætu menn losað sig við þann hleypidóm, að vilja ekki hafa hrossakjöt til neyzlu, þá er eg viss um að mönnum yrði miklu notadrýgra að slátra hrossunum en selja þau, og hafa kjötið af þeim til matar, en skinnið til skóa. Nú vitum vér að þessi hleypidómur er að þverra, svo að við því má búast, að innan skamms fari svo, að vér eigum töluvert meira af innlendu leðri til skófatnaðar en nú.

Hér um Faxaflóabygðirnar er gott innlent leður lítt seljanlegt, af því það á að keppa við hið ódýra og lélega útlenda leður. Væri nú bannaður innflutningur á útlenda leðrinu, þá mundi innlenda leðrið verða seljanlegra og hækka dálítið í verði, og menn þá leggja sig meir eftir að framleiða það. En það get eg ekki talið skaða fyrir

þá, sem skóleður kaupa, þótt innlenda leðrið hækkaði dálítið í verði: það reynist venjulega svo miklu haldbetra, að alt mundi á endanum vinna sig upp. Hér hefi eg þá bent á tvo möguleg-leika fyrir því, að framleiðsla innlends skóleðurs jykist, og er ekki gott að segja að óreyndu, hvað mikið það kynni að verða. Eg vona að við nánari íhugun finnist ráð til þess að laga frumv. þannig, að menn geti sætt sig betur við það en þeir virðast nú gjöra. Álít eg því að ráðlegt væri að nefnd væri skipuð til að íhuga það.

Hvað snertir lög um þetta efni, þá er eitt af tvennu, annaðhvort eru þau ónóg, eða það er torvelt að framfylgja þeim. Að minsta kosti veit eg ekki til að lögreglustjórar hér á Suðurlandi hafi beitt þeim, og hvergi hefi eg rekið mig á reglur frá lögreglustjórunum, er skipi fyrir, hvernig fara skuli með ósútaðar, útlendar húðir. En eigi held eg að þetta komi þó af vanrækt lögreglustjóranna, heldur af því, að þeir séu hræddir um að eigi sé til neins að nota sér heimild þá, sem veitt er í lögunum frá 11. des. 1891, um að setja reglur um það, hvernig fara skuli með ósútaðar aðfluttar húðir, því að þeir búast ekki við að hægt sé að hafa eftirlit með því, að reglunni sé hlýtt. Án þess að eg vilji hefta umræður málsins, þá leyfi eg mér, ef ekki taka fleiri til máls, að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sé skipuð í málið.

Klemens Jónsson: Eg er mjög hlyntur tilgangi frumv., sem er sá, að koma í veg fyrir miltisbrand af útlendum, ósútuðum húðum. Eg er það því fremur, sem nokkur hættuleg tilfelli hafa komið fyrir í minni sýslu, sem hafa drepið skepnur fyrir fátæklingum, og það getur ekki minsti vafi leikið á því, að þau tilfelli, að minsta kosti flest þeirra, hlutust af aðfluttum húðum, og það var að eins fyrir hepni, að það hefir tekist, að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins.

Eg stóð annars aðallega upp af því, að einn háttv. þingm. sagði áðan, að það væri hægt fyrir lögreglustjóra, að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins af aðfluttum húðum með því, að skipa kaupmönnum, að leggja húðirnar í sóttvarnarlög, og hinn háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að lögreglustjórinn á Ísafirði hefði gefið slíka fyrirskipun út, og lagt við sektir, og þeirri fyrirskipun hefði verið fylgt.

En eftir mínu viti er engin lagaheimild til fyrir því, að lögreglustjórar geti gefið út slíka skipun. Hún finst ekki í lögum frá 11. desember 1891, og heldur ekki í hegningarlögunum, því að minni meiningu á 294. gr. hegningarlaganna ekki hér við, heldur gæti komið til máls, að 292. grein eða analogia hennar ætti hér við.

Eg hefi hugsað þetta atriði vel, og jafnvel borið málið undir amtmanninn yfir Norður- og Austuramtinu, og við höfum báðir komist að sömu niðurstöðu um það. Ef þessu er öðru vísi háttað á Ísafirði, þá sýnir það einungis, að kaupmenn þar bera óvenjulega virðingu fyrir skipunum lögreglustjóra, og hlýtur það að gleðja alla.

Menn hafa látið þá skoðun í ljósi, að þeir væru hræddir um, að hörgull yrði á skæðaskinni, ef innflutningur yrði algjörlega bannaður, en til þess að fyrirgirða það, og tryggja þó húðirnar frá, að breiða sóttnæmi út, hefi eg hugsað mér, að koma fram með þá breyt.till., að kaupmenn væru skyldaðir að láta húðirnar liggja í klórkalksuppleysingu svo og svo lengi áður þær væri seldar, að viðlögðum sektum. — Með þessu væri hættunni að mestu leyti afstýrt, og um leið fengin sú laga-

heimild, sem háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) var að vitna til, og ættu báðir málsaðilar — meðmælendur og mótstöðumenn frumv. — að geta fallist á þetta. Með þessu féllu bara burtu 1. og 2. gr., auk þess sem þyrfti að breyta fyrirsögninni, en eigi að síður gæti það skoðast sem sama frumv.

Pétur Jónsson: Eg get að öllu leyti fallist á tillögu háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.). Mér gleymdist að geta þess áðan — sem eg hafði þó ætlað mér, þó ekki hafi það sérlega þýðingu —, að á síðari árum hafa verið fluttar árlega 100—200 húðir til þeirra sveita í Þingeyjarsýslu, sem til Húsavíkur sækja, en enginn miltisbrandur komið upp, sem ekki hefir verið augljóslega af öðrum orsökum en skóleðurs, að undanteknu einu tilfelli, sem þó er vafasamt, hvort hlotnast hefir af þeim orsökum.

Hér í Reykjavík var einu sinni auglýst svo kallað »garanterað« skóleður, og keypt norður í Þingeyjarsýslu, og var ekki öðru en þessu skóleðri til að dreifa í því tilfelli.

Sighvatur Árnason: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en eg lít svo á frumv., að meðmælendur þess hafi sterkari ástæður fyrir sér en hinir. Þessi ótti, sem menn bera fyrir því, að skæðaskinnsekla verði í landinu, ef frumv. kemst á, kemur til af því, að þeir festa augun blátt og bert á því, að það er kominn sá vani á og öfug verzlunaraðferð, að kaupa útlend skinn eða útlendar húðir til skófatnaðar, en ekki af því, að það í raun og veru sé skortur á skæðaskinni í landinu sjálfu. Eg veit um menn, sem hafa rekið naut til Reykjavíkur til slátrunar, og skilið skinnin eftir til sölu, og hafa þau annaðhvort ekki selst, eða þá fyrir sáralágt verð. Svo þetta kemur til af vana og ólagi eins og háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram. Þó getur verið, að tillaga háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) um að setja föst ákvæði um, að láta skinnin liggja í sóttvarnarlegi, gæti nægt til að afstýra hættunni. En þó kýs eg heldur hitt, að innflutningur á útlendum ósútuðum húðum sé bannaður, bæði vegna hættunnar og líka hins, að menn stundi sem bezt, að nota sínar eigin afurðir.

Björn Sigfússon: Eg get ekki betur séð en að rök háttv. þingm. V.-Skaftf. (Guðl. G.) séu góð og gild, og að hann hafi ekki gert of mikið úr þeirri hættu, sem geti stafað af innflutningi á útlendum húðum. Það er hreint og beint merkileg hepni, að miltisbrandurinn skuli ekki vera orðinn hér landfastur eða hafa útbreiðst meira en hann hefir gert. Það er víst, að hjá öðrum þjóðum ríkir mjög sterkur ótti fyrir þessum voðalega sjúdómi, t. d. hjá Frökkum, því þeir kalla þá staði, sem gripirnir eru grafnir á, »bölvaða jörð«. Það er ekki einu sinni óhult, að grafa skepnurnar í jörð með húð og hári, því að gerlar þeir, er sjúkdómnum valda, eru svo lífseigir, að þeir geta komið upp aftur eftir langan tíma, og er sízt fyrir að synja, að þeir á þann hátt geti komist niður í skepnur með grasinu og valdið dauða þeirra. Eg get bent á eitt tilfelli, sem sýnir, hver voðagestur þessi sjúkdómur er.

Það kom miltisbrandur á eitt heimili í Húnavatnssýslu og drap bæði hross og kýr. Eigandinn, fátækur barnamaður, vann sjálfur að því, að flá skepnurnar og rista upp. Það vildi svo til, að hann hafði skeinu á andliti, og að blóð kom í hana, en það dró manninn til dauða. Menn geta því séð, að hér er um mikla hættu að ræða. — Eg held því fyrir mitt leyti, að það sé

full ástæða til, að lofa frv. að ganga til 2. umr.

Það getur verið, að deildin komist að þeirri niðurstöðu, að breyta frumv. í þá átt, sem háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) stakk upp á, en slíkt getur verið álitamál, því sjái deildin sér ekki fært, að samþykkja algert aðflutningsbann á húðum, þá má þó vera, að skýr laga-ákvæði í þessu efni geti að nokkuru leyti afstýrt hættunni.

Einar Jónsson: Eg tek einungis til máls af því, að eg er hræddur um, að frumv. verði ekki leyft að ganga til 2. umræðu. Eg ætla því að leyfa mér, að taka fram nokkur atriði, sem ættu að hvetja menn til að sinna frumvarpinu. Það yrði sjálfsagt í byrjuninni hörgull á skæðaskinni, en ekki nema að eins fyrst í stað, af því gamlir sauðir eru ekki til. En það er sérstaklega eitt, sem eg er hræddur um, nefnilega, að sýkin verði hér innlend, ef hún ekki þegar er orðin það, og álít eg því nauðsynlegt, að hefta hana sem fyrst. — Í fyrra komu í Vopnafirði 3 tilfelli fyrir sitt á hverjum bæ, sem voru langt hvor frá öðrum, og héldu menn, þótt ekki væri hægt að sanna það, að þeir hefðu smittað hvor annan, og á einum bænum drapst síðast reiðhestur bóndans, af því hann hafði komist í bælið þar sem sjúk skepna hafði legið áður. Eg skal að síðustu færa til eitt tilfelli að austan. Þar drapst gripur í Fagradal og var fenginn maður úr Böðvarsdal til að gjöra hann til, en maðurinn sýktist af því og dó.

Mér finst sem sagt frumv. vera svo alvarlegt, að það sé ekki rétt, að kasta því frá sér strax.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla að eins að koma fram með örstutta athugasemd í tilefni af ræðu h. þingm. Eyf. (Kl. J.). Hann vill auðsjáanlega reyna að bjarga frv. frá dauða með því, að láta skipa nefnd, til að endurbæta lögin frá 11. des. 1891. En þessi lög eru alveg fullnægjandi, því eftir þeim er landsstjórninni heimilt, að gefa út reglugjörðir, og setja sektarákvæði, sem þörf þykir, svo að reglunum sé hlýtt, enda er þetta og fullkomlega heimilað í 294. gr. hegningarlaganna; og enn ljósara verður þetta, þegar litið er á meðferð alþingis á máli þessu 1891.

Í frumv. eins og það var þá afgreitt frá neðri deild til efri deildar, voru sektarákvæði, en þeim var kipt burt í efri deild af því þau voru álitin óþörf, og skal eg þessu til frekari stuðnings leyfa mér, að lesa upp kafla úr ræðu hæstv. landsh. á þinginu 1891, er frumv. kom til síðustu umræðu í neðri deild; sá kafli hljóðar svo:

»Eg skal stuttlega gera grein fyrir því, hvers vegna ein málsgrein var feld úr frumv. við umræðurnar í efri deild. Því var svo varið, að frumv. fór fram á, að leggja við sektir, ef brotið væri gegn ákvæðum frumv., en þetta þótti óþarft, með því það er heimilt eftir 294. grein hegningarlaganna, að hegna þeim, sem með því að brjóta á móti varúðarreglum, settum af yfirvaldinu, gefa tilefni til þess, að næmir sjúkdómar útbreiðast. Þetta er því í raun og veru engin breyting á frumvarpinu. — Í hinni fyrnefndu grein hegningarlaganna eru ekki að eins sektir lagðar við þessum brotum, heldur fangelsi, svo að ákvæðum frumv. hefði því ekki alveg borið saman við þessa grein hegningarlaganna, hvað þetta snerti, og var því fremur ástæða til, að nema þessa málsgrein þess alveg burtu«.

Eg get ekki séð annað, en að þetta sé alveg rétt, og að lögin frá 11. des. 1891 séu fullkomlega nægileg, svo að engin þörf sé á, að fara að koma með ný laga-ákvæði um þetta efni.

Það er því meiningarlaust, að fara

að setja málið í nefnd, eins og háttv. þingm. Eyf. (Kl. J.) stakk upp á; og þar sem eg hefi áður fært fullgildar sannanir fyrir því, að ekki tjái að banna algjörlega aðflutning á útlendum húðum, eins og nú stendur, sé eg ekki, að hér sé annað að gjöra en fella frumv.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal taka það fram, að það hjálpar lítið gagnvart miltisbrandinum, þó við höfum gömul laga ákvæði, sem aldrei er beitt. Það er spánýtt, ef landsstjórnin fer að gefa út fyrirskipanir í þessa átt og senda lögreglustjórunum.

Háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) þóttist hafa fært full-gildar sannanir fyrir því, að ekki dygði að banna aðflutning á þessari vöru, en það er svo langt frá því, að hann hafi gjört það, að eg hika mér ekki við að segja, að það sé maigbúið að sanna hið gagnstæða, nefnilega að aðflutningurinn sé með öllu óþarfur og stafi að eins af óvana.

Frumvarpið er á fullkomlega réttum grundvelli bygt, og má ekki seinna koma, því hættan vofir yfir.

Eg tel það stórmerkilegt atriði í sögu landsins, ef alþingi 1899 fer að fella þetta frumv.

Nefnd skoða eg óþarfa, en er samt ekki á móti henni.

Þó einstöku þingmenn af hreppapólitík ekki vilji sjá ástæðurnar, sem mæla með þessu frumvarpi, þá vona eg, að deildin sjái, að hér liggur nauðsyn við.

Ef frumv. ekki fær framgang, þá er það deildarinnar sök, og á hennar ábyrgð.

ATKV.GR.: Samþykt að láta frumv. ganga til 2. umr. með 12 atkv. gegn 2 atkv.

Önnur umr. (C. 141); 24. júlí.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg skal ekki halda langa ræðu í máli þessu nú, en strax taka það fram, að mér þykir breyt.till. sú, sem komin er fram við frumv., fara nokkuð langt í þá áttina, að slaka til, en eg ímynda mér eftir því, sem eg hefi talað við flutningsm. breytingartill., að finna megi milliveg, sem báðir geti unað við. Sé ekki gengið inn á innflutningsbann á ósútuðum húðum, vakir þar fyrir mér, að gjöra eftirlit með innflutningnum tryggara og sóttnæmishreinsun öruggari. Vildi eg þá ekki leyfa innflutning húðanna nema á einhverjum vissum kauptúnum, t. d. hinum 4 kaupstöðum landsins, og að sótthreinsunin færi þar fram undir tilsjón sérstaks ákveðins manns, er væri skipaður af lögreglustjóra, og að húðirnar væru merktar á einhvern hátt, t. d. með stimpli, áður en leyft væri að selja þær.

Þetta er mikilsvarðandi atriði, en til þess að geta komið þessu að, álít eg nauðsynlegt, að kjósa nefnd í málið, enda er það nauðsynlegt til þess, að geta fengið álit dýralæknisins um sóttnæmi húðanna.

Eg leyfi mér því að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með flestum atkv.

Kosnir voru:

Guðlaugur Guðmundsson	með	17 atkv.
Klemens Jónsson	—	14 —
Skúli Thoroddsen	—	9 —

2. umr. frestað.

Framh. 2. umr. (C. 141, 168, 411); 16. ágúst.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg vonast til að menn sjái, að meiri hluti nefndarinnar hefir viljað slaka til eftir bendingum þeim, sem komu fram við 1. umr. þessa máls, að banna ekki skilyrðislaust innflutning á

ósútuðum húðum, heldur setja tryggar varúðarreglur fyrir því, að sóttnæmi berist ekki inn í landið með þeim, en aftur gefa stjórninni heimild til þess, að banna skuli innflutning á ósútuðum húðum, þar sem hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnarvöld óska þess, í hlutaðeigandi héruðum eða kaupstöðum.

Breyt.till. við 2. gr. er dálítið óskýrt orðuð. En nefndin ætlaðist til, að 2 komi í staðin fyrir 2. og 3. gr.

Að öðru leyti ætla eg ekki að tala lengi, til þess að mæla fram með frv., en ætla að eins, með leyfi h. forseta, að lesa upp bréf frá dýralækninum í Reykjavík, til mín, dags. í gær.

»Mér er það kunnugt, að á síðastliðnum vetri hafa stórgripir drepist úr miltisbrandi, bæði í Reykjavík, Eyrarbakka, Garðahverfi á Álftanesi og 3—4 bæjum í Þingvallasveit; auk þess hefi eg heyrt, að miltisbrandur hafi gert allvíða vart við sig á Austurlandi og víðar.

Það lítur út fyrir, að miltisbrandur sé stöðugt að ágerast hér á landi, en auðvitað verður það ekki sannað með tölum, sökum þess, að hér eru engar skýrslur til um dýrasjúkdóma.

Árið 1865 kom, að því er menn vita, miltisbrandur fyrst upp hér á landi. Árið 1866 gerði hann talsverðan usla hér í nánd við Reykjavík, en aftur 1867 fór að bera enn meira og víðar á honum. Síðan hefir hann árlega komið upp hér og þar og gjört meiri eða minni skaða.

Árið 1864 voru ósútaðar húðir fyrst fluttar til landsins, en lítið kvað að innflutningnum fyr en eftir 1870; þá óx hann mjög, um leið og útflutningur lifandi hrossa fór í vöxt.

Miltisbrandurinn hefir þannig stöðugt fylgt útlendu húðunum. Húðirnar komu hingað árinu áður, og eftir því, sem innflutningur þeirra vex, eftir því hefir meira borið á sýkinni. Það er mjög eðlilegt, því að nú efast enginn um, að þær hafa hér á landi verið og eru enn aðaluppspretta sýkinnar.

Það getur ekki hjá því farið, ef haldið verður áfram að flytja miltisbrandssótt kveikjuna á þennan hátt til landsins að sýkin nái að festa hér rætur, og verða fyrr eða síðar alinnlend, og yrði það landinu til ómetanlegs tjóns í orðsins fylsta skilningi.

Reykjavík, 15. ág. 1899.

Magnús Einarsson«.

Frekari rök þykir mér ekki þurfa að leiða fyrir till. nefndarinnar.

ATKVGR. fór þannig:

Breyt.till. á þingskj. 168 voru teknar aftur.

Brt. á þskj. 411, við 1. gr., var borin upp í tvennu lagi.

1. gr., sem þar stendur, sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., sem þar stendur, sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. frv. þá fallin.

Brt. á þskj. 411, að í stað 2. og 3. gr. frv. komi ný gr. er verður 3. gr. í frv. sþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. frv. sþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkvæði.

Þriðja umr. (C. 446, 447), 17. ágúst.

Samþykt var að br.till. á þingskjali 464, er útbýtt var á fundinum, mætti koma til umr. og atkvgr.

Með því að eigi var nema einn sólarhringur síðan frumv. þetta var til 2. umr., var fengið leyfi hæstv. landsh. til þess að nú mætti þegar taka það til 3. umr., og það síðan borið undir deildina, og samþ. hún það.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmunds-

son): Eg skal að eins benda á, að br.-till. meiri hluta nefndarinnar eru orðabreytingar, sem einungis miða að því að skýra 2. og 3. gr. Að því er snertbreyt.till. á þingskj. 464. þá er fyrri liðurinn efnisbreyting, en síðari liðurinn orðabreyting. Nefndin leggur ekki á móti hinni fyrri breytingu, að í stað orðsins »hreppsnefndin« komi sýslunefnd.

Skúli Thoroddsen: Eins og eg áður hefi tekið fram álít eg, að lögin frá 1891, sbr. við ákvæði hinna almennu hegningarlaga, séu svo fullnægjandi, til þess að varna skaðlegum áhrifum af innflutningi á ósútuðum húðum, að frekari ákvæða sé ekki þörf að svo stöddu, meðan landsmenn ekki hafa komið stórgriparækt sinni í það horf, að landið geti komist af án útlends skæðaskinns. Eg býst nú ekki við að þessi skoðun mín hafi nein áhrif á atkv. h. þingd., en eg álít að þessi lög, sem hér er verið að fitja upp, séu ein af þeim ónýtu og ónauðsynlegu lögum, er að eins miða til að fylla Stjórnartíðindin, en gera ekkert praktiskt gagn.

Eg tek það sérstaklega fram, að ákvæðið um að banna innflutning í einstaka hreppi eða bæjarfélög verður mjög erfitt í framkvæmdinni; eg álít það, eins og lögreglustjórninni er háttað hér á landi, allsendis þýðingarlaust ákvæði. Hvernig á kaupmaðurinn t. d. að vita, hvort kaupandi, sem er honum ókunnugur, ætlar að brúka húðina þar á staðnum, eða flytja hana í annað hérað, þar sem innflutningur kann að vera bannaður? Á ábyrgðin að lenda á kaupmanni eða kaupanda eða á báðum? Og hvernig á að hafa eftirlit með slíku? Mér verður eflaust svarað, að ábyrgðarspurningunni verði dómstólarnir að skera úr. Þau svör hefir h. flutningsm. haft áður hér á þinginu; en eg hygg, að slík mál gætu orðið all-vafningasöm, og að reglan yrði sú, að lögunum yrði lítið framfylgt.

Eg verð svo fyrir mitt leyti að greiða atkvæði móti þessu frumv., bæði vegna þessa, og af ástæðum þeim, er eg tók fram við fyrri umræðu þessa máls.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg hefi eiginlega litlu að svara h framsögum. minni hlutans (Sk. Th.). Það er þegar fengin reynsla fyrir því, að þau ákvæði í gildandi lögum, sem snerta innflutning á ósútuðum húðum, eru öldungis ófullnægjandi og geta ekki veitt nægilega tryggingu.

Hitt atriðið, hvort það sé kaupmaðurinn, sem löglega selur húðirnar, sem á að sæta ábyrgð, séu þær fluttar inn í annað hérað, þar sem bann er á komið, eða það er kaupandinn þeirra, þá liggur það í augum uppi, að það er innflytjandinn, hver sem hann er, sem á að sæta ábyrgðinni fyrir ólöglegan innflutning. Mér finst það liggja öldungis opið fyrir.

Skúli Thoroddsen: Það er eitt atriði í ræðu h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.), sem eg ætla að gera athugasemdir við.

Hann sagði að reynslan hefði sýnt, að hin gildandi lög, er heimila að fyrirskipa sótthreinsan á ósútuðum húðum, væru ekki fullnægjandi, en þetta er ekki rétt, því að í því eina lögsagnarumdæmi, þar sem heimildarlagann hefir verið neytt, hefir það sýnt sig, að þau voru fullnægjandi. Hvað önnur héruð landsins snertir, hefir það aftur á móti sýnt sig, að almenningur hefir ekki álitið þörf á að gera neinar ráðstafanir út af innflutningi á ósútuðum húðum, og eru því öll líkindi til, að slík heimildarlög, sem hér ræðir um, mundu litla eða enga þýðingu hafa. Meðan frumv. var í því formi, að banna algjörlega innflutning á ósútuðum húðum, þá var nokkur meining í því, þótt

slík ráðstöfun hefði verið mjög óheppileg, en eins og frumv. nú liggur fyrir, sé eg ekki að sé nein meining í því, sérstaklega þar sem eftirlitið með því mundi vera því sem næst ókleyft, ef banna skyldi innflutning að eins í einstaka hreppi eða sýslur; og það, sem aðallega vakir fyrir h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) er að mínu áliti því að eins það, að fá eitthvað hamrað í gegn hér í deildinni, til þess að minna beri á því, að hann flutti hér inn á þingið vanhugsað frumv., sem fyrirsjáanlegt var, að fallið hefði hér í deildinni, ef honum hefði ekki með lægni tekist að pota því í nefnd; en hver sem verða kunna afdrif þessa máls hér í deildinni, vona eg að h. Ed. taki þessu frumv. eins og vert er að taka slíku lagasmíði.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Gagnvart því, sem háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) sagði, þá verð eg að taka það fram, að hann sannaði einmitt það, sem hann barðist á móti.

Eftir gildandi lögum hafa lögreglustjórar enga heimild til að geta út bann gegn innflutningi á ósútuðum húðum; það hefir að eins landsstjórnin. Það getur verið að h. þm. hafi álitið sig hluta af landsstjórninni, þegar hann var lögreglustjóri, en eg vona, að hann standi þar einn uppi. Lögreglustjórar hafa enga heimild til að geta út slíkt bann.

Það kemur þessu máli ekki við, hverja skoðun almenningur hefir haft á þessu, en eg vil taka það fram, að eg sýndi glögglega við 2. umr., að hér er voði á ferðum, og eg las upp bréf frá dýralæknunum um miltisbrandinn.

Að því er snertir slettur h. þm til mín, um að eg flytji nú meiningarlaust frumv., af því frumv., sem meining hafði verið í, hefði lognast út af, og að því er snertir ósk hans um, að Ed. taki þessu frumv. svo, að hún felli það, þá vil eg taka það fram, að þetta er nokkuð, sem mér finst ósæmandi fyrir háttv. þm. að koma með og mér ósamboðið að svara.

ATKVGR. fór þannig:

Brt. við 2. gr. á þskj. 464 sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. við 2. gr. á þskj. 446 sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. við 3. gr. á þskj. 446 og 464 sþ. sem orðabreyting.

Breyt. á fyrirsögn á þskj. 446 sþ. með 17 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni sþ. með 17 : 1 atkv. og verður sent til Ed.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

FRUMVARP til laga um botnvörpuveiðar í landhelgi (C. 238); 1. umr., 29. júlí.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það kom fram á síðasta þingi, að þeir, sem stunda botnvörpuveiðar hér við land, óskuðu að fá svæði í landhelgi til fiskiveiða sinna, gegn því að þeir létu nokkurn hluta af Faxaflóa, fyrir utan landhelgi, afskiftalausan. Sú ósk þeirra var auðvitað bygð á því, að þeir, sem stunda þessa veiði, meta það mjög mikils að fá að veiða í landhelgi, með því að þar er þeim veiðin arðsömust. Þessir menn veiða nú í landhelgi, eins og kunnugt er, þar sem þeir geta komið því við, og þótt gerðar séu ráðstafanir til að varna þeim að veiða þar, þá hefir reynslan sýnt, að það hefir ekki ávalt tekist vel, því tiltölulega fá af skipum þeim, sem veitt hafa í landhelgi, hafa náðst til þess að verða sektuð, og hafa því haft sitt fram án alls endurgjalds.

Það liggur í augum uppi, að það væri

æskilegt, að landið gæti fengið eitthvað endurgjald til uppbótar fyrir þann skaða, sem botnverpingar þannig gera landsmönnum. Þess vegna hefi eg komið fram með þetta frumv.

Í frumv. hefi eg farið fram á, að útlendum og innlendum mönnum væri leyft um næstu 4 ár að veiða með botnvörpum í landhelgi, á svæðinu milli Horns hins vestra og Hjörleifshöfða. Það geta verið skiftar skoðanir um, hvort þetta sé gerlegt eða ekki, en eg held að þetta gæti komið til greina, hættulaust fyrir landið. Þetta er sá hluti landsins, þar sem minst er um fiskiveiðar, og því finst mér helzt mætti reyna það þar. Það kann að vera, að sumum finnist að þetta sé sama sem að ofurselja þennan landshluta á vald ójafnaðarmönnum og til eyðileggingar, en eg vil taka það fram, að leyfið til veiða þarf eigi að veita nema um stuttan tíma, t. d. til eins árs. Og mætti þá hætta við það, ef það kæmi í ljós, að það yrði til verulegs skaða.

Mörg af þeim skipum, sem veiða hér við land, eru frá Englandi, og af því að Englendingum þykir þessi veiði mikils virði, mundi þeim einnig þykja mikið varið í það, ef vér sýndum þeim einhverja tilslökun í þessu efni.

Vér höfum og höfum haft mikil viðskifti við Englendinga. Helzt af þeim viðskiftum er fjársalan, að flutt hefir verið lifandi fé til Englands og selt þar á fæti. Eins og vér vitum, þá hefir verið bannað um hin síðustu ár að flytja þangað lifandi fé, nema til þess að slátra því strax, en það hefir hina mestu þýðingu fyrir oss og verzlun vora, ef það bann yrði upphafið. Ef vér nú gerðum einhverja tilslökun við Englendinga í botnvörpuveiðamálinu, sem er áhugamál þeirra, þá er vel hugsanlegt, að þeir mundu láta það hafa áhrif á afstöðu sína í þessu áhugamáli voru, fjársölumálinu. Ef Englendingar sjá tilhliðrun frá vorri hálfu, mundu þeir vera fúsari til þess að gera oss aðra tilslökun. Það er sérstök ástæða til þess, því það er í ráði að leyfa innflutning á lifandi fé til Englands frá Canada og ef til vill gætum vér þá líka fengið að selja vort fé þar á sama hátt, sem fyr var tíðkað. En um það getur engum blandast hugur, að það væri til hins mesta gagns fyrir þjóðina.

Það er að vísu frá litlum hluta Englands, sem botnvörpuveiðar eru stundaðar hér við land. Það er helzt frá 2 stöðum þar, sem þess konar skip ganga. En þó að það sé að eins lítill hluti Englands, sem gagn hefir af botnvörpuveiðum hér við land, þá er þó botnvörpumálið áhugamál Englendinga yfirhöfuð, og hefir verið lögð talsverð áherzla á það á þingi þeirra.

Það má nú auðvitað búast við því, að viðkomandi héröð í Skaftafellssýslu hefðu óhag af leyfi því, er hér ræðir um, og hefi eg því farið fram á það í frumv., að þau sýslufélög, sem hér er um að ræða, skyldu fá endurgjald fyrir þann skaða, sem landhelgisveiðin kynni að gera þeim.

Endurgjald þetta greiðist þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, Austur- og Vestur-Skaftafellssýslur, skuli fá til jafnra skifta helming af leyfisbréfagjaldinu af fjórum hinum fyrstu skipum, er leyfi kaupa á ári hverju, en 10% af gjaldinu, ef fleiri skip kaupa leyfið. Og þar sem búast mætti við, að það yrðu mörg skip, sem leystu leyfið, gæti það orðið all-álitleg upphæð. Þó skipin yrðu ekki nema 4, væri það þó talsvert fé á ári. En setjum svo, að skipin yrðu 100, sem leystu leyfið, þá yrðu þau að gjalda nærfelt 200,000 kr.,

svo það yrði mjög mikið fé, sem þá kæmi í hlut hlutaðeigandi sýslna, auk þess, sem í landssjóð rynni. Þessu fé gætu svo sýslufélögin varið á þann hátt, sem þeim sýndist.

Hvers vegna má þá eigi veita leyfið um 1—4 ár og sjá svo hverju fram vindur?

Ef til vill kann sumum að virðast óráðlegt, að veita þess konar leyfi, að hleypa útlendingum þannig að landi; þeir myndu ef til vill með landgöngum sínum gera landsmönnum ýmiskonar óskunda. En eg hefi ekki gert ráð fyrir því í frv., en það mætti hleypa inn í það, ef málið annars þykir þess vert, að það sé tekið til meðferðar, einhverju þess konar ákvæði og myndi eg vera með því.

Í frumv. er ennfremur gert ráð fyrir því, að ef skip brýtur með því að veiða í landhelgi, án þess að leysa leyfisbréf, þá skuli sektin tvöföld við það, sem annars gerist eftir gildandi lögum, og hlutaðeigandi skip þar að auki skylt að borga leyfisbréf, og helmingur sektanna renna í sýslusjóð Skaftafellssýslna. Svo mikilfengleg sekt myndi varna því mjög, að menn veiddu þar í landhelgi.

Eg býst við að stinga upp á nefnd í þessu máli, en eg ætla ekki að gera það strax, til þess að gefa mönnum færi á að ræða málið.

Guðlaugur Guðmundsson: Til að fyrirbyggja misskilning, þá ætla eg að geta þess, að þetta frumv. stendur alls ekki í neinu sambandi við mig, og er ekki flutt inn á þingið í samráði við mig. Að flytja slíkt frumv., sem miðar til að raska rétti einstakra héraða á landinu, og að ætlast til að löggjafarvaldið samþykki það að héraðsbúum fornspurðum, finst mér ganga ósvífni næst. Eg álít að þingið geri sér stóra minkun með því að fara að ræða þetta, úr því það ekki vill ræða sum velferðarmál landsins, og eg sé ekki betur en að h. flutnm. (E. J.) vilji ofurselja þau héröð, sem um er að ræða, til eyðileggingar. Hann verður að afsaka þó eg kunni að enda með stórum orðum. Mér finst hlægilegt að bera fram annað eins og það, að þetta muni geta haft áhrif á íslenzkan fjármarkað á Englandi, og eg kalla það veika von fyrir okkur að byggja á því, að ein ensk nýlenda máske á von um einhverja tilslökun í þessu efni. Eg álít það líka vafasamt að hið íslenzka löggjafarvald geti brotið almenn ríkislög með því að fara fram á önnur eins óréttindi og hér ræðir um, þar sem farið er fram á að ofurselja nokkurn hluta þegnanna útlendum yfirgangsmönnum. Getur nokkurn furðað á því, þótt við þingmenn þessara héraða berjumst með hnúum og hnefum móti tillögu h. þm. (E. J.), þar sem hún er komin fram að þessum héröðum fornspurðum? Mér þætti gaman að bera það undir héröðin sjálf, hvort þau væru samþykk slíku frumv. eða ekki, og meðan það hefir ekki verið gjört, mun eg mæla eindregið á móti því. Eg skal benda á það, að það má búast við að einmitt á svæðinu frá Vestur-Horni til Hjörleifshöfða verði krögt af botnverpingum, þegar göngur koma, og að sú þvaga mundi stemma stigu fyrir göngunni vestur með landi, og mundi það geta komið víða niður. Eg er því algerlega á móti því, að málið komi í nefnd, og eg mun eindregið greiða atkvæði á móti því, að málið gangi til 2. umr.

Sighvatur Arnason: Mér datt ekki í hug þegar eg sá þetta frumv. að það væri komið fram án þess Skaftfellingar vissu af. Nú er h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) búinn að skýra frá því, að svo er. En eg vildi að eins benda á í samræmi við þetta, að hér eiga fleiri

hlut að máli en héraðsbúar einir. Mér er ekki kunnugt um hvað margar jarðir liggja að sjó á þessu svæði frá Hornafirði til Hjörleifshöfða, en það veit eg, að margar af þeim jörðum eru þjóðjarðir, og sumar þeirra munu vera »prívat«eignir og finst mér það of langt farið, að leita heldur ekki samþykkis eiganda þeirra. Hér finst mér nauðsynlegt að leita samþykkis beggja aðila, því þótt landssjóður ætti allar jarðirnar, þá er það ekki rétt gagnvart ábúendunum að leita ekki einnig samþykkis þeirra, og álít eg að þingið eigi að gæta þess nákvæmlega, að ganga ekki of nærri rétti einstaklingsins.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eg skal strax taka það fram viðvíkjandi h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að menn kunna að ráða það af orðum hans, að eg hafi ekki átt tal við viðkomandi þm. um þetta, en eg skal þá lýsa því yfir, að eg hefi talað við báða þm. Skaftfellinga um það, og oftar en einu sinni talað við h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um þetta mál, þó hann ekki hafi viljað gerast flutnm. að frv. ásamt mér. Eg veit ekki hvort deildin trúir mér, en samt er það satt, að eg hefi talað rækilega við hann utan þings um málið, og eg skal meira að segja gefa þær upplýsingar, að hann sagðist vera fús til að fara austur í Skaftafellssýslu og bera þetta undir héraðsmenn. Því að án þess, að þeir ættu kost á því að segja álit sitt um málið, þótti honum varhugavert, að láta það ganga gegnum þingið, en kvað mega setja inn í frv. ákvörðun um, að ekki mætti staðfesta frumv. nema sýslufélög Skaftafellssýslu hefðu áður gefið samþykki sitt til þess. Það hefði nú máske verið réttara af mér, að taka þá ákvörðun strax upp í frv., en eg áleit að það gæti beðið þangað til nefnd væri kosin. H. þm. notaði þá alls ekki hin sterku orð um þetta atriði, sem hann áðan notaði. Hann áleit þá yfir höfuð að málið væri þess vert að það kæmi fram, þótt hann ekki vildi gjörast flutnm. að því.

Við ræddum þá einnig um það, hver áhrif þessar veiðar í landhelgi gætu haft á fiskigöngur frá því svæði vestur með landi og vorum hálfhræddir um, að botnverpingarnir mundu máske stemma stigu fyrir þeim og skaða með því, auk Skaftfellinga, bæði Rangvellinga og Árnesinga og kanske fleiri. Eg talaði því um þetta mál við mann, sem álitinn er færastur dómari í slíkum sökum, Bjarna Sæmundsson fiskifræðing, en hann hélt naumast að hér væri nein hætta búin, þótt hann reyndar bætti við, að ekki væri hægt að segja um það með vissu.

H. þm. fór sterkum orðum um frv., og ætla eg ekki að svara í sama tón. Eg vona að deildin líti rólega á málið, og sjái enga ástæðu til að væna mig því, að eg vilji misbjóða rétti einstakra manna með þessu frv.

Valtýr Guðmundsson: Eg get tekið undir með h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að það sé bíræfni næst að bera annað eins frv. og þetta upp á þinginu. Það sem hér er farið fram á er að ofurselja íslenzk landsréttindi eða hlut af þeim til útlendra skaðræðismanna. Og ekki nóg með það, heldur er hér jafnframt gengið enn þá lengra. Að vísu eru fiskiveiðamálin talin sérmál, en þau eru líka að vissu leyti sameiginleg mál, því eins og við höfum öll þegnréttindi í Danmörku, eins hafa Danir öll þegnréttindi hér. Hér er farið fram á að leyfa útlendingum að veiða með botnvörpum í landhelgi. Þetta snertir einnig þegnrétt Dana hér, þar sem þeir hafa jafnt og vér rétt til fiskiveiða í landhelgi, og mundi því að mínu áliti

þurfa samþykki hins almenna löggjafvalds að koma til. Mér þætti gaman að heyra álit hæstv. lh. um þetta.

Það er auðsætt, að þótt lítið séu stundaðar fiskiveiðar á því svæði, sem hér ræðir um, þá gætu botnvörpveiðar hér haft mikil áhrif á fiskiveiðar í Rangárvallasýslu, Arnessýslu og sérstaklega í Vestmannaeyjum. Einnig gætu þær haft skaðleg áhrif austur á bóginn; þær hafa því miklu víðtækari áhrif en hér er gert ráð fyrir í frv., þar sem þessar veiðar gætu ef til vill hatt stórkostleg áhrif á fiskigöngurnar, og eyðilagt aflabrögð í fiskisælum verstöðum, t. d. Eyrarbakka. Eitt er mér líka óskiljanlegt, og það er, hvernig menn hugsa sér að fara að hafa eftirlit með því, að ekki önnur skip fiski í landhelgi en þau, sem keypt hafa leyfi, og ef það er hægt fyrir botnverpinga að fiska óleyfilega á þessu svæði, hvers vegna skyldu þeir þá vera að ómaka sig með að kaupa leyfi? Nei, reyndin mundi verða sú, að að eins fáein skip yrðu látin kaupa leyfið, til þess að gera eftirlitið enn örðugra, en megnið af öllum hinum útlenda botnvörpuflota fiskaði þar leyfislaust, og án nokkurs endurgjalds. Hér er því alt á sömu bókina lært, öll ákvæði frumv. jafn-ótæk. Eg vona því að hin h. deild skeri þessa ómynd sem skjótast niður við trogið, því hún er sannarlega ekki á vetur setjandi.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að því hefir verið hreyft, að landssjóður eigi flestar jarðir, sem að sjó liggja á því svæði sem verið er að ræða um að heimila botnvörpuveiðar í landhelgi á, þá skal eg taka það fram, að þessu er alls eigi svo háttað; þvert á móti á hann tiltölulega lítinn hluta þeirra, og það því nær eingöngu á svæðinu milli Mýrdalssands og Skeiðarársands; þar mun hann eiga kringum $^2/_3$ hluta af jörðum, sem að sjó liggja. En frá Skaftárvör fyrir vestan Skeiðársand og alla leið austur að Hornarfjarðarósi á hann ekki eina einustu slíka jörð, og þaðan og austur að Vesturhorni á hann að eins sandtanga einn fyrir Hornslandi nokkur hundruð faðma langan.

Eg finn ekki ástæðu til að bæta við það, sem eg tók fram í fyrri ræðu minni um aðalefni frumv. En því verð eg að neita, að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hafi flutt mál þetta í nokkurs konar samráði við mig. Að vísu mintist hann einu sinni lauslega á málið við mig, og eg leit í svip á frv. áður en það kom hér fram, en eg verð að játa því um mig, að eg er ekki svo fljótgáfaður, að eg geti á svipstundu áttað mig á máli slíku sem þessu.

Það eitt er víst, að eg tók aldrei mjög líklega í mál þetta. Sérstaklega er alvel ófært að máli þessu sé ráðið til lykta án þess að hlutaðeigendum gefist fyrst kostur á að láta í ljósi álit sitt um það.

Eg játa það, að eg gat þess, að unt væri fá yfirlýsingar frá héraðsbúum þegar á meðan þetta þing stæði, og mun eg þá hafa varpað því fram — auðvitað í hálfgerðu gamni — að ef á mjög miklu stæði, mundi eg fáanlegur að ríða austur og halda fundi með héraðsbúum. En tók það skýrt fram við h. flutnm. (E J.), að ef frumv. ætti að ganga fram nú á þingi, án þess að héraðsbúar hefðu átt kost á að segja álit sitt um það, þá væri nauðsynlegt að taka upp í það ákvæði um það, að ætlast væri til að frumv. næði því að eins staðfestingu konungs, að héraðsbúar væru því samþykkir.

Eg neita því enn, að frv. þetta sé komið fram í samráði við mig, því hið lausa umtal okkar h. flutnm. (E. J.) um málið get eg varla kallað því nafni. Eg bjóst við að hann mundi ráðgast

miklu ítarlega um málið við mig, en hann gjörði það ekki. Eg verð kröftuglega að mótmæla aðferð þeirri, sem hér hefir verið höfð. Slík aðferð er vel löguð til að fleka menn til að gefa vilyrði um fylgi í málum, er svo er skotið inn á þing á bak við mann. Móti slíkri aðferð hlýtur hver ærlegur maður að rísa af öllum mætti.

Landshöfðingi: H. þm. Vestm. (V. G.) bar það upp, hvort þessu nýmæli væri svo háttað, að hér nægði samþ. alþingis eins saman til þess að frumv. þetta gæti orðið að lögum, eða það þyrfti einnig að koma undir úrslit ríkisþingsins. Var hann helzt á því að hér væri um alríkismál að ræða, og leiddi hann það af því, að öllum þegnum Danakonungs væri jafnheimilt að fiska hér í landhelgi. Eg get ekki sagt neitt eindregið af eða á um þetta, en þó held eg að hér þurfi eigi löggjafarvald alríkisins til að koma. En einmitt það atriði, sem h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að hér væri gengið nærri rétti fleiri þegna Danakonungs en Íslendinga einna, mundi leiða til þess, að slíkt frv., sem þetta, mundi trauðlega ná staðfestingu konungs: stjórnin mundi ekki ráða honum til að staðfesta það.

Eg hefi talað um mál þetta við foringjann á varðskipinu danska, sem er maður mjög kunnugur botnvörpuveiðum, og á líklega manna bezt að geta dæmt um ýmsar hliðar þessa máls. Hann áleit að ekki væri praktist að lögheimila botnvörpuveiðar í landhelgi á svæði því, sem hér ræðir um. Í fyrsta lagi bjóst hann við að ekki mundu margir verða til að kaupa leyfi þetta, það væri svo hægt að skjótast þar inn í landhelgi hættulítið, að botnvörpuveiðendurnir mundu heldur hætta á að veiða þar leyfislaust í landhelgi en að borga 100 pd. fyrir leyfi til þess. Í öðru lagi taldi hann eftirlitið mundi verða lítt mögulegt, því eins og eg drap á, kveður hann þetta svæði vera hið erfiðasta til þess að hafa upp á botnvörpuveiðendum í landhelgi, því til þess að varðskipið taki þá, þarf það að hafa komið við nákvæmum mælingum, til þess að geta sagt um með vissu, að þeir hafi verið í landhelgi. En svo stendur á á þessu svæði, að það er mjög erfitt að koma við því, sem sjómenn kalla pælingar, af því að þar er við svo litlar mishæðir að miða á landi. Kvaðst foringinn á varðskipinu aldrei í sumar hafa treyst sér til að taka botnverping um þessar slóðir, þótt sér hefði grunur á leikið að hann mundi í landhelgi, heldur orðið að láta sér nægja með aðvaranir einar. Vér vitum að ríkin sem skipin eru frá heimta fullar sannanir fyrir, að þau skip hafi verið í landhelgi, sem tekin hafa verið sem brotleg, en þær kvaðst foringinn á varðskipinu oftast eiga erfitt með að færa á þessu svæði sökum sanda og grynninga við land, en sléttlendis uppi á landi.

Í þriðja lagi gat hann þess, að flestir sem um þessar slóðir fiskuðu með botnvörpum væru Þjóðverjar, og kvaðst hann þekkja þá svo heiman frá Jótlandsströndum, að þeir mundu ekki láta sér detta í dug að kaupa leyfisbréf, þó væru menn, sem ekki væru fyrir stór útlát, og mundu þeir heldur eiga á hættu að skjótast inn í landhelgi og fiska þar í leyfisleysi, en að borga fé fyrir leyfi til þess. Hann áleit því að ekki væri rétt að gjöra frumv. slíkt sem þetta að lögum, og gat þess, að óliklegt væri að stjórnin mundi staðfesta slík lög, því að hvergi annarsstaðar væru til samsvarandi lög, er leyfðu útlendingum að fiska í landhelgi, og grípa þannig inn í atvinnuvegi landsmanna.

Að öllu þessu athuguðu verð eg að telja það rétt, að frv. þetta sé ekki samþykt hér á þingi.

Jón Jensson: Það gladdi mig að heyra upplýsingar hæstv. lh. í máli þessu. Hann tók það fram, að lítið útlit væri fyrir að leyfisbréfin mundu verða keypt vegna þess að botnverpingar gætu óhindrað að mestu komist inn á svæði það, sem hér ræðir um, eftirlitið væri svo erfitt um þær slóðir. En þá fer nú að verða lítið eftir af frv. þessu, þegar vonin um peningahagnaðinn er horfin. Jú, nokkuð er þó eftir, og hvað er það? Það er sú skömm að selja part af sjálfum sér, því að það ætlum vér að gjöra með frv., og er það nýstárlegt að nokkur þjóð semji lög um slíkt.

Þó eg hafi orðið þess var, að þetta þing beri ekki mikla virðing fyrir sér, eða traust til þroska síns, þar sem það nú er nýbúið að kasta frá sér tilboði, sem að því hefir verið rétt, um meira þólitískt frelsi, af því að það ekki treysti sjálfu sér og þjóðinni til að hagnýta sér það, þá datt mér þó sannast að segja ekki í hug, að það væri svo langt leitt, að daginn eftir að það gaf þessa sína pólitisku fallit-erklæring, færi það að manga og pranga með sjálft sig og landið, að það vildi fara að selja stykki af landinu sjálfu og setja með því skammarblett á þjóðina.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eg er þakklátur hæstv. lh. fyrir, að hann hefir tekið þannig í málið, að honum þykir það þó enginn ógjörningur að því hefir verið hreyft, eins og þeir þm. er talað hafa, hafa uppi látið. Hitt þótti mér aftur ilt að heyra, hvert álit foringinn á danska varðskipinu hefir á máli þessu, því miður hafði eg ekki átt kost á, að ráðgast við hann um málið áður en eg bar það hér fram, eins og eg þó hafði ætlað mér, en gat eigi frestað því, ef það hefði átt að hafa tíma til að ganga fram. Það er leitt, ef eins torvelt er að hafa eftirlit með botnvörpuskipum þar eystra eins og foringinn álítur, en það hygg eg orðum aukið, og nokkur bót hlyti það að verða í máli, að þau skip, sem leyfið hefðu keypt, mundu reyna að hafa eftirlit með, að ekki fiskuðu önnur skip í heimildarleysi á því svæði, sem þau ein hefðu heimild til að fiska á.

Eg get ekki látið vera að víkja fám orðum að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) Hann gaf það í skyn, að eg hefði talað mjög lítið um málið við sig. En þó átti eg tvisvar tal við hann um það. Í fyrra sinn talaði eg við hann um stefnu frumv. yfir höfuð, og tók hann málinu þá ekkert ólíklega. Síðar talaði eg nánar um málið við h. þm. (Guðl. G.) og sýndi honum þá frumv., og athugaði hann það þá talsvert nákvæmlega; lagði hann þá enga áherzlu á það, að ákvæðin um að leita skyldi atkvæðis héraðsbúa um málið áður en lögin yrðu staðfest af konungi, og að staðfesting eða synjun skyldi undir því komin, hvernig þetta álit félli, skyldu þá þegar sett inn í frumv. Eg fyrir mitt leyti taldi réttara að bíða með það þangað til málið yrði rætt í nefnd, sem eg bjóst við að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) mundi sjálfsagt verða í, og gæti hann þá ráðið miklu um það, hvernig því ákvæði yrði hagað. Eg taldi að þau mundu verða tryggilegust með því móti, að þau yrðu samin með sameiginlegu ráði nefndar.

Að öðru leyti ætla eg ekki að fara neinum orðum um aðdróttanir h. þm. (Guðl. G.) að mér. Það er í fyrsta sinn sem hinn gamli sessunautur minn úr latínuskólanum sakar mig um ódrengskap, og kemur mér það nokkuð undarlega fyrir. (*Guðlaugur Guðmundsson*: »Kaup kaups»). Eg skil ekki, hvað h.

þm. (Guðl. G.) á við, eg veit ekki til, að eg hafi nokkurn tíma reynt að meiða mannorð hans.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eg legg til að málinu sé vísað til nefndarinnar í málinu um botnvörpuveiðar.

ATKVGR.: Að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var nefndarkosning feld með 13 : 8 atkv. og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Kl. Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
J. Jónss. þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Pétur Jónsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Tryggvi Gunnarss.,	Ól. Briem,
Þorl. Guðmundss.	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.
	Þórður Guðmundss.,

Þá bar forseti upp hvort málinu skyldi vísað til 2. umr. og var það einnig felt með 15 : 6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr. og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Pétur Jónsson,	Jón Jensson,
Tr. Gunnarsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Sighv. Árnason,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyting á launum presta.

FRUMVARP til laga um breyting á launum presta; 1. umr. (C. 256), 5. ágúst.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eg vil fyrst geta þess, að þótt eg sé hér skrifaður framan á frv. sem flutningsmaður, þá erum við háttv. þingm. Dalam. báðir jafnt flutningsmenn að máli þessu.

Tilgangurinn með þessu frv. er að að breyta nokkrum hluta af launum presta sjálfum þeim til hagsmuna nokkurra og til að létta ójafnaðargjöldum á gjaldendum. Frumv. fer nfl. fram á að fella úr lögum tíund af fasteign og lausafé, lambsfóður, dagsverk, offur og lausamannsgjald. Það er alkunnugt að gjöld þessi hvíla á hlutfallslega röngum grundvelli, með því að þar er hvorki miðað við gjaldþol eða mannfjölda, og ætti þá að byggja á öðruhvoru þessu eða hvorutveggja, ef gjaldendur greiða gjöldin beint. Sumir telja hentugast að hafa fast persónugjald, en aðrir telja aftur agnúa á því, og sýnist okkur flutningsmönnum önnur leið hentugri, nfl. sú, að prestum sé greitt andvirði þessara tekna úr landssjóði. Reyndar er ekki tekið fram í frumv., hvernig landssjóður ætti að fá fé það, er þarf til þessara launa prestanna, og liggur því beint fyrir að segja, að hér séu lögð útgjöld á hann, án þess að nokkuð komi í mót, en hugsunin er sú, að láta ná þessu fé inn með því að leggja á tolla. Það virðist fara mjög í vöxt sú skoðun, að vinsælast muni, að láta menn greiða sem flest gjöld sín í óbeinum sköttum (tollum) heldur en beinum og ætlumst við því til að svo verði hér. Þessi stefna hefir víða komið í ljós á þingmálafundum í vor. Þótt þessi beinu gjöld séu ekki stór, eru þau oft tilfinnanleg, af því þau

verða venjulega að greiðast í peningum.

Reyndar er það satt, að hin vanalegu gjöld til prestanna eru ekki greidd í peningum, en þá er að líta á hitt, hve misjafnt þau koma niður og eru því ranglát. Það er t. a. m. auðvitað ekki rétt, þegar um tvo menn er að ræða og annar þeirra á 20 tjár, en hinn 600, að báðir gjaldi eitt lambsfóður, eða að 2 menn, þar sem annar á hálft hundrað og er skuldum vafinn, en hinn á 6—10 hundruð og máske meira skuldlaust, greiði báðir 1 dagsverk. Ætti að taka upp ákveðið persónugjald, yrði það að greiðast í peningum. En nú hafa nálega kaupmenn einir peninga og verður því almenningur að leita til þeirra, en kaupmönnum má á sama standa, hvort þeir borga peninga til landsmanna sjálfra eða í toll til landssjóðs. Við leggjum því til, að tollar séu lagðir á. Reyndar er orðinn lítill tími til að semja ný lög nú, en þá er þess að geta að nýir tollar eru á ferðinni, tóbakstollur og tollur af hvalaafurðum o. fl. og við það aukast tekjur landssjóðs. Hins vegar má, ef til vill, búast við því, að tekjur landssjóðsins minki að því er vínfangatollinn snertir, en það álíta margir mikilsverðir þingmenn þó tvísýnt; þó þetta frumv. yrði samþykt, bakar það landssjóðnum að líkindum engin útgjöld fyr en síðara ár fjárhagstímabilsins, og auk þess er sú upphæð, sem hér er um að ræða, ekki svo mikil, að landssjóður geti komist í neinn voða fyrir hana. Aðalatriðið er, hvort rétt muni að láta landssjóð taka þessi gjöld að sér. Það er nú með fram tilgangur þessa frumv. að bæta kjör prestanna; innheimta þessara gjalda er oft umsvifamikil og óþægileg og gjöldin víða stopul og óáreiðanleg. Presturinn getur aldrei með vissu vitað, hvernig þessi gjöld borgast, eða hvernig þau greiðast, og af því leiðir að allar útborganir hans verða óvissar. Það væri því mikill hagur að fá þennan hluta launanna vissan, greiddan í tiltekinn gjalddaga í bezta gjaldeyri, sem til er, enda þótt launin sé ekkert hækkuð; eins og nú er, kemur sumstaðar ýmislegt af þessum gjöldum aldrei í hendur prestanna, þó að eg þurfi eigi sérstaklega að kvarta um það.

Eftir brauðamatinu árið sem leið voru þær tekjur sem hér ræðir um 66,057 kr., en hér er farið fram á 65,200 kr. Við höfum álitið rétt að gjöra sem minst að því, að breyta upphæðum til hinna einstöku prestakalla; þó höfum við nokkuð jafnað upp brauðin. Höfum við tekið mest af þeim prestaköllum, þar sem þessar tekjur eru mestar, af því þar eru þær einnig prestinum óvísastar og hann því tiltölulega vel haldinn, þó að hann verði að sleppa nokkru, ef hann fær hitt í peningum En til þess að eigi komi þó ójöfnuður fram við þá presta, sem nú eru í þeim brauðum, er svo ákveðið í frv., að sá, sem missir meira en $^1/_{10}$ hluta af hinum eldri tekjum, getur gjört kröfur í landssjóð um mismuninn. Hve mikill sá munur getur orðið, höfum við ekki talið saman með vissu, en hann er mjög lítill og getur því ekki valdið landssjóði neinum sérlegum útgjöldum. En ætti að breyta mikið til, mundi það verða útdráttarsamara. Þótt einstakir prestar jafnvel mistu meira en $^1/_{10}$ af tekjunum, mundu þeir varla gjöra kröfur um lítinn mismun, þar sem hinn hlutinn verður þá viss, og greiddur í peningum.

Að öðru leyti skal eg ekki að sinni fjölyrða um þetta mál, en að eins óska, að það fái góðan byr í hinni háttv. þingdeild.

— Þá stakk Klemens Jónsson þingm.

Eyf. upp á 5 manna nefnd í málið og voru þessir kosnir:

Einar Jónsson . . . með 13 atkv.
Jens Pálsson . . . . með 14 atkv.
Þórður Guðmundsson með 7 atkv.

Þá höfðu eigi fleiri nægan atkvæðafjölda, og var þá á ný kosið óbundnum kosningum og hlaut þá kosningu

Ólafur Briem með 14 atkv.; Pétur Jónsson og Þorl. Guðmundsson höfðu 10 atkv. hvor og var varpað hlutkesti um þá og kom upp hlutur Péturs Jónssonar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 256, 460); 19. ágúst.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Eg treysti því að hinir háttv. þingdm. hafi kynt sér nefndarálitið, og með því að þar er tekið fram álit nefndarinnar á málinu sæmilega skýrt skal eg ekki fara langt út í það að sinni. Því miður hafa nefndarmenn ekki getað orðið sammála, og af því hefir það komið að málið hefir dregist svo lengi hjá nefndinni. 3 háttv. nefndarmenn hafa ekki viljað að það gæti komist í gegn á þessu þingi og auðvitað getur það ekki orðið héðan af, þótt við flutningsmenn vildum helzt óska þess. Það sem meiri hluti nefndarinnar einkum hefir haft á móti þessu frumv. er, að útgjöld þau, er leggjast á landssjóð, séu svo há að það sé ekki gjörlegt að leggja þau á án þess að bæta þau upp um leið með einhverri tekjugrein, og hins vegar vilja þeir ekki breyta tekjustofnunum, nema þjóðin hafi áður haft málið til umsagnar. Minni hlutinn álítur að ef til vill væri réttast að koma því svo fyrir, að prestar fengju allar sínar tekjur úr landssjóði, nema tekjurnar af prestsetrunum, en að stíga svo stórt spor hefi okkur flutningsmönnum ekki sýnst ráðlegt meðan málið hefir ekki verið rætt út um landið, því búast má við að menn yrðu ekki sammála um að fara svo langt fyrst um sinn.

En þar sem meiri hlutinn vill að tekjurnar af kirkjujörðum rynnu í landssjóð og að prestarnir fengju svo laun sín þaðan, þá skal eg geta þess til athugunar að tekjurnar af kirkjujörðunum eru um 44,500 kr., af útkirkjum um 8,600 kr. og af ítökum um 5 þús. kr. eða alls nálega 60 þús. kr. og hefði því orðið að leggja úr landssjóði alt að helmingi meira fé en nú er farið fram á, ef þessar tekjugreinar hefðu verið feldar burt. Að vísu ætlast meiri hlutinn til, að þær falli til landssjóðs, en þess ber að gæta, að með því fyrirkomulagi hefði landssjóður sérstakan kostnaðarauka af að innheimta þetta fé.

Eg hefi að eins drepið á þetta og ætla eigi að tala meira að sinni. Eg býst við að fleiri tali í þessu máli og býst þá við að taka aftur til máls.

Jens Pálsson: Eg vil fara fáeinum orðum um frv. þetta og minnast á, hvað það var, sem kom mér ásamt h. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) til að koma fram með það. Eftir vandlega íhugun, og sannfærður af reynslunni, hefi eg séð, hve afar- óhagkvæmt og í alla staði óeðlilegt það er, að prestar sæki tekjur sínar í hendur fjölda fólks, og verði að tína þær og reikna saman. Til að sjá, að þetta fyrirkomulag er öldungis óeðlilegt, þarf ekki lengra að fara en að hugsa sér, að kirkjan stæði ekki lengur í sambandi við ríkið, en væri orðin fríkirkja. Prestarnir mundu eins eftir sem áður heimta kaup fyrir starfa sinn; en engum mundi koma til hugar að hafa þetta gamla, úrelta fyrirkomulag, heldur mundi presturinn fá laun sín hjá söfnuðinum í heild sinni, og

yrðu þau þá ákveðin föst upphæð útborguð í einu lagi. Fyrirkomulagið er því löngu úrelt, stendur á gömlum vana, og er óeðlilegt.

Auðvitað kemur þetta misþungt niður á prestunum. Þar sem söfnuður er fámennur, bændur vel efnum búnir og litlar breytingar verða á gjaldendum, er innheimtan ekki eins erfið, en þar sem efnahagur er misjafn, söfnuðurinn fjölmennur og gjaldendur flytjast títt ýmist út úr prestaköllunum eða inn í þau, þar er þetta úrelta fyrirkomul. mjög miklum erfiðleikum og óþægindum bundið. Þar sem menn eru misjafnlega efnum búnir, verður presturinn oft að gjöra kröfur til manna, sem hann samkvæmt stöðu sinni á óhægt með að krefja; afleiðingin verður sú, að presturinn verður algjörlega að fara á mis við þær tekjur, eða þá að safnast fyrir skuld, sem gjaldandi finnur til og skemmir sambandið milli hans og prestsins.

Enn fremur má sjá, hve óeðlilegt þetta fyrirkomulag er, á því, að hvaða opinber staða, sem stofnuð er nú á tímum, er aldrei til þess ætlast, að hlutaðeigandi þurfi að sækja laun sín til margra. Eg verð og að álíta, að þetta sé til skaða fyrir ávöxtinn af störfum prestsins og rýri áhrif hans, og þó sumir haldi því fram, að það hafi einnig sína kosti og gjöri sambandið milli prestsins og safnaðarins nánara, þá mun sú reyndin, að óskostirnir séu yfirgnæfandi. Það er ekki lítið starf fyrir prestinn, sem at þessu rís. Honum er gjört að skyldu að færa reikning yfir viðskifti sín við sóknarbörnin, og hann verður að hugsa um, hvernig honum getur orðið sem mest úr hverju einu.

Auk þess sem það er óeðlilegt, að láta prestinn hafa slíkan starfa á hendi, dregur það mikið frá þeim tíma, sem hann ætti að nota til sinna kennimannlegu starfa, því að minsta kosti sumstaðar eru prestaköllin svo stór, að æríð er að vinna, þótt presturinn þyrfti ekki að standa í slíku. Það mun og óhætt að fullyrða, að þetta fyrirkomulag hefir oft orðið til skaða fyrir safnaðarlífið; það hefir linað það virðingar og kærleikans band, sem á að vera milli prests og safnaðar. Það eru dæmi til þess, að prestar, sem hafa verið mestu heiðursmenn, hafa orðið óvinsælir, ef þeir voru reglusamir með innheimtu á tekjum sínum, þótt þeir hafi ekki gengið hársbreidd út fyrir það sem rétt var. Fyrir söfnuðinn er þetta líka óhentugt, því að það er jafnan ógeðfelt fyrir sóknarbörnin, ef þau geta ekki staðið í skilum, og hefi eg oft heyrt menn tala um, að þeim fyndist samband þeirra við prestinn vera skert, er svo væri komið. Auk þess eru gjöldin svo ójafnaðarfull, að það er viðkvæmt fyrir prestinn að þurfa að ganga eftir þeim; þau koma þyngst niður á þeim, sem fátækir eru. Bóndi, sem er svo fénaðarfár, að hann nær ekki skiftitíund, hann greiðir hlutfallslega jafnháa tíund af fénaði sínum sem ríkisbóndinn; en presti dagsverk að auki. Eins er lambsfóðrið oft óheyrilega óréttlátt, þar sem maður, sem býr á beztu heyskaparjörð, greiðir að því leyti sama gjald og annar, sem varla getur haft eina kú. Þar sem nú þetta fyrirkomulag er svo úrelt og skaðlegt fyrir prestana og aðra, álít eg til stórra bóta að breyta þessu svo, að þessum samtíningsgjöldum yrði létt af alþýðu, en prestarnir fengju það sem því svarar af tekjum sínum úr landssjóði. Eg get tekið undir með háttv. framsm. (E. J.), að okkur hefði verið kærast að stíga sporið lengra, þannig, að prestarnir fengju öll sín laun úr landssjóði, en eins og háttv. framsm. tók fram, er

það sem stendur svo miklum annmörkum bundið, að við treystum okkur ekki til þess, því við töluverða rannsókn kom það í ljós, að ýms tengsli eru þar á, sem vandhæfi er á að leysa að svo stöddu; enda þyrfti rækilegan undirbúning til þess, ef vel ætti á öllu að fara. En það er praktiskt að taka fyrir nokkuð af þessm úreltu, beinu, persónulegu gjöldum, og afnema þau fyrst.

Þó ekki væri farið lengra en að taka þau gjöld burtu, sem þetta frumv. fer fram á, þá mundi mega jafna prestaköllin svo, að hin minni gætu orðið viðunanleg, og landssjóður þannig komist hjá knýjandi bænum presta og útgjöldum, sem varla verður hjá komist. Að vér komum fram með þetta frumv. sem eykur útgjöld landssjóðs um 60—70 þúsund kr., án þess að koma með frumv., sem yki tekjur hans að sama skapi, kom til af því, að þegar vér vorum að undirbúa þetta frumv. í byrjun þings, var kosin nefnd til að íhuga tollmálin, og vér héldum, að hún mundi taka tillit til þessara útgjalda. Okkur flutningsmönnum þessa frumv. þótti betra að bæta landssjóði hið væntanlega útgjald með óbeinum sköttum en beinum, því þótt óbeinu skattarnir séu dýrari, þá eru þeir vinsælli, því gjaldandi veit ekki af, hvenær hann lætur þá úti, og þarf ekki að svara þeim á ákveðnum tíma.

Eg skal ekki fara fleiri orðum um frumv. þetta, því fleiri hafa beðið um orðið og er mér kært að sem flestir þingmenn taki þátt í umræðum um málið, því það er gagnlegt fyrir það, að það sé rætt sem ítarlegast, þótt það komist að líkindum ekki í gegn á þessu þingi.

Jon Jónsson, þm. Eyf.: Eg get ekki neitað því, að þegar eg vissi um það í sumar, að þingm. höfðu á prjónunum frumvarp um breyting á launum presta, þá gladdi það mig. Það eru mörg ár síðan eg sannfærðist um, að þörf væri á að breyta þannig launakjörum prestanna, að þeir fengju laun sín úr landssjóði, eins og aðrir embættismennn.

Eg þarf ekki að taka fram þær ástæður sem flutningsmenn hafa talið upp, en eg álít 2 ástæður, sem þeir ekki hafa minst á, enn þýðingarmeiri en allar þeirra ástæður til samans. Eins og allir vita, er launafyrirkomulagið óhentugt, eins og það er; en ef því væri breytt þannig, að prestar fengju laun sín úr landssjóði, þá mundi mikilsvert spor í áttina til fríkirkju vera stigið; þetta er stærsta og merkilegasta ástæðan í mínum augum.

Eg skal ekki að þessu sinni fara frekar út í þetta, eða sýna fram á, hvernig þetta mundi verða til að hrinda fríkirkjumálinu áfram.

Hin ástæðan er sú, að það er til mikils skaða fyrir kirkjujarðir, að prestar hafa þær, eftir því sem nú háttar til. Það er ómögulegt fyrir ábúanda á kirkjujörð að fá endurgoldnar vel gerðar jarðabætur, því enginn veit, hvert hann á að snúa sér. Fari ábúandi til prestsins, segir hann auðvitað: »nei, eg á ekki að endurgjalda þetta«, og það verður heldur ekki heimtað af prestinum, að hann, sem nýtur þessa ef til vill að eins skamma stund, geri það; það væri ósanngjarnt. Ekki fær ábúandi þetta heldur endurgoldið af landssjóði, að minsta kosti þyrfti dóm til þess. Þetta finst mér næg ástæða til að taka kirkjujarðir frá prestunum og launa þá í þess stað af landssjóði, en þar að auki er það, að meiri freisting er til fyrir prestinn að leigja þær dýrara en aðrar jarðir eru

leigðar, þar eð hann á að fá tekjur sínar af þeim, en auðvitað að eins um sína tíð, og erfingjar hans njóta þess hvorki né gjalda, hvernig með jörðina hefir verið farið. Í sumum sveitum, þar sem eg þekki til, eru þessar jarðir helmingi dýrara leigðar en landssjóðsjarðir.

Þessar 2 ástæður gera það, að eg vil láta taka kirkjujarðirnar frá prestunum, en eg vil líka meira, eg vil láta taka prestssetrin líka frá þeim, og launa þeim algjörlega úr landssjóði. Eg segi þetta til bendingar flutningsm., sem eg vona að framfylgi þessu máli vel og rækilega, þó það komist ekki fram á þessu þingi. Þeir eiga þökk skilið fyrir að hafa komið þessu máli á dagskrá þings og þjóðmála fyrir enda aldarinnar.

Eg sagði í byrjun ræðu minnar, að það hefði glatt mig, að eg heyrði að menn hefðu á prjónunum frumv. um þetta efni, en eg verð að játa, að mér þótti minna til koma, þegar eg sá þetta lagasmíði, einkum þegar eg heyrði þá báða lýsa yfir því, að þeir hefðu helzt viljað taka sporið út til fulls, en hefðu ekki þorað eða ekki talið ráðlegt að gera það. Hvað kom til að þeir gerðu það ekki? Háttv. þingm. Dal. (J. P.) sagði, að þeir hefðu viljað taka það, sem var mest úrelt, en eg held því fram, að það launafyrirkomulag, sem nú er, sé alt jafn-úrelt, og að mínu áliti hefði verið réttara, að taka jarðirnar, fyrst en láta hitt halda sér í bráð, úr því þeir ekki treystu sér til að taka sporið fult.

Hver þingmaður, sem er á mínu máli um það, að nauðsynlegt sé að taka kirkjujarðirnar frá prestunum, verður að skoða huga sinn vandlega, áður en hann samþykkir þetta frumv., sem hér liggur fyrir. Í því er alt tekið burt, sem óhentugt er og leiðinlegt fyrir prestinn, en hin gjöldin eru látin halda sér óbreytt, og þó er miklu nauðsynlegra að fá þeim breytt. Et þetta frumv. kæmist í gegn, yrði minni hvöt fyrir prestana að fá þessu breytt, því þeir agnúar, sem óhentugastir eru fyrir þá, eru numdir burtu. Það gefur þeirri stétt manna, sem hefir kirkjujarðirnar undir höndum, mikið vald, og eg er á móti öllum breytingum á launakjörum prestanna, ef fasteignir kirkjunnar eru ekki dregnar inn.

Árangurinn af þessu starfi flutn.m. hefir orðið of lítill í þetta sinn, því frv. getur ekki orðið að lögum frá þinginu til þess er tíminn of naumur, en eg er þeim þakklátur fyrir að hafa hreyft þessu máli. Það væri gott, ef þeir vildu hugsa þetta mál rækilega til næsta þings, því það er mikið liðið af þingtímanum nú og menn eru orðnir sljóir að hugsa um þingmálin, en eg vildi óska, að þeir þá tækju sporið fult, því eg sé enga ástæðu til að gera það ekki.

Þórður Guðmundsson: Eins og þegar hefir verið tekið fram og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli.

Meiri hlutinn játaði að vísu, að þörf væri, að bæta launakjör prestanna, en vildi samt ekki ganga svo langt, að stíga sporið alt, án þess að tala um það við landsmenn, því þetta er fyrst og fremst héraðamál.

Það þarf að ræðast ítarlega bæði á safnaðarfundum og héraðsfundum, og að lokum á þingmálafundum.

Háttv. þingm. Dal. (J. P.) tók það fram, hversu bætandi áhrif það mundi hafa á samkomulagið milli prests og safnaðar, ef launum presta yrði breytt. Það geta verið deildar meiningar um þetta, en eg get nú samt ekki fallist á,

að það sé rétt, því margbreytt viðskifti milli prests og safnaðar gera samvinnuna jafnvel betri og innilegri.

Og þó því sé haldið fram, að gjaldendur greiði tekjur presta með illu, þá mótmæli eg því, að það sé alment, og á sér helzt ekki stað; það eru margir sem borga prestgjöld með ljúfu geði.

Viðvíkjandi spurningu háttv. þingm. Dal. (J. P.) skal eg taka það fram, að það hefir komið fram á prenti, þó það hafi ekki verið sagt hér í þingsalnum.

Háttv. þingm. Eyf. (J. J) furðaði sig á, að háttv. flutningsmenn þessa frumv. skyldu ekki hafa tekið sporið fyllra; en eg skal taka það fram, að eg álít það hyggilegt, og eg er þeim þakklátur fyrir, að þeir gerðu það ekki, því þetta, að fá sóknargjaldið á annan hátt en hingað til, er fyrsta sporið, og það mundi hafa sett málið aftur um mörg ár, ef þeir hefðu gert það.

Eg er samdóma háttv. þingm. Eyf. (J. J.) um það, að það sé þýðingarmikið fyrir fríkirkjuna, að prestar séu launaðir af landssjóði, og hann taki undir sig kirkjujarðirnar, því þá er sá hnútur leystur, hvernig ríki og kirkja eigi að skilja í fjárhagslegu tilliti.

En eg er ekki viss um, að það sé hollast fyrir kirkju og kristindóm hér á landi, að kirkja og ríki skilji.

Eg er þess vegna þakklátur háttv. flutningsmönnum fyrir, að þeir hafa ekki farið lengra, því eg álít þarflegt, að breyta sóknargjaldinu, en eg vil láta ræða það mál ítarlega.

Það þarf líka að hugsa um það, hvernig landssjóður fær gjöld í staðinn fyrir þau útgjöld, sem hann verður fyrir, ef prestar eru launaðir af honum, en eins og efnahagur hans er nú þolir hann ekki að borga 60—70 þúsund kr. án þess, að fá eitthvað í staðinn.

Halldór Daníelsson: Eg get tekið undir það, að nefndin hefir gjört mjög þarft verk með að hefja máls á þessu. Frumv. vill afnema sóknartekjur presta, en ákveða þeim gjald, reiknað út í krónum og aurum, svo maður sér, hvað það er.

Eg hygg það rætist, sem háttv. þm. Eyf. (Jón J.) sagði, — hann verður spámaður hér, — að hér sé stigið spor, og það stórt spor í áttina til gagngjörðrar breytingar á launakjörum presta.

En eg held samt, að það eigi ekki við nútímann, enda er auðsætt, að málið getur ekki gengið fram á þessu þingi, með því það stendur svo á þingtímanum, að hann er hér um bil úti.

Eg get tekið undir það með háttv. þingm. Eyf. (J. J.), að mér finst sporið ekki nærri nógu langt, nema að landssjóður tæki að sér allar jarðirnar, og borgaði svo prestum það, sem samsvarar afgjaldi; en að láta prestinn halda jörðunum, en hinum öðrum gjöldum prestsins yrði algjörlega breytt, eins og í frumv., og leggja það í landssjóð, það kann eg ekki við.

Mér finst presturinn eigi að vera embættismaður safnaðarins, en ekki ríkisins, og ríkið hafi ekki annað með hann að gjöra en að sjá um, að hann fái afgjald jarðanna, eða jafn-gildi þeirra.

Eg get ekki tekið undir með háttv. flutningsm. (E. J.), að þessir reikningar séu svo mjög erfiðir. Það er auðvitað, að þar sem eru stórir söfnuðir, þar er það töluverð fyrirhöfn, en þó ekki svo að hún ætti að hindra að mun andleg störf prestsins, og þar sem eg þekki til, veit eg ekki til, að þetta hafi valdið nokkuru ósamlyndi milli prests og safnaðar. Það kunna að vera nokkur vanskil á þessum gjöldum í fátækum sveitum, en presturinn er safnaðarins maður, og verður að taka þátt í kjörum safnaðarins, en það gjörir hann síður með því, að fá laun sín í peningum úr landssjóði, enda efast eg um, að hann

yrði að öllu leyti sælli fyrir það, þó hann fengi launin í krónum og aurum. Sem sagt vildi eg það kæmist einhvern tíma á, og það sem fyrst, að gjöldum til þeirra væri alveg breytt í eitt gjald, og að landssjóður fengi jarðirnar og gyldi svo prestinum aftur.

Því hefir verið hreyft, að það sé vafasamt, hvern rétt prestar hafi yfir kirkjujörðunum. En eitt er þó víst, að prestsekkjur hafa rétt til jarðanna, og eg þekki dæmi til þess, að ef prestsekkjur ekki hafa getað fengið jarðnæði, þá hafa menn verið drifnir burt at beztu jörðunum; þetta virðist mér með öllu óviðurkvæmilegt, svo þarna er það skýlaust, að landráð jarðanna væri betur komin hjá landssjóði, heldur en hjá prestunum.

Það er ekki af því, að eg álíti, að þeir beiti óréttri, til að ná launum sínum, eða séu harðdrægir í byggingu jarðanna; dæmi eru til þess, að prestar hafa sett afgjald jarða upp við ábúandaskifti, þó það sé nokkuð langt síðan, að eg vissi til þessa, þá hefir það þó komið fyrir, en það mundi síður koma fyrir, ef landssjóður hefði jarðirnar; og svo sé eg ekki, að það sé það keppikefli fyrir prestana, að hafa yfirráð yfir þessum jörðum.

Sem sagt, þykir mér það að þessu frumv., að mér þykir það ekki fara nógu langt; þó vildi eg að allir prestar héldi ábýlis-jörðum sínum, sem venja hefir verið til um afar-langan tíma.

Enn fremur verð eg að taka það fram, að mér lízt ekki á, að fleygja þessum 65,200 krónum upp á landssjóðinn, eg efast um, að hann gæti borið þetta án þess, að leggja nýja skatta á; og þó þetta næsta fjárhagstímabil gæti borið það, þá koma önnur á eftir með nýjum þörfum og nýjum fjárkröfum.

Eg vil því ekki, að prestar séu settir á landssjóðinn á þennan hátt, að leggja út 65,200 kr., og leggja ekkert á móti í tekjuliðinn.

Það er æskilegt, að sem flestir taki til máls, svo að málið skýrist sem bezt til undirbúnings undir næsta þing, eða þangað til það er borið upp aftur.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Það hafa ekki beinlínis komið fram mótbárur gegn frumv. þessu, hvað aðalhugsun þess snertir, nema frá háttv. þingm. Mýram. (H. D.). En eg vil þó svara nokkuru ræðum þeirra, sem fram eru komnar.

Háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) álítur, að frumv. fari of skamt, en gengur inn á aðal-stefnu þess, að prestar séu launaðir af landssjóði. Ástæður hans fyrir því áliti hans, fyrir utan þá, sem nefndin hefir tekið fram, og kom okkur flutningsmönnum til að koma með frumvarpið, eru þær, að hann vill með því undirbúa það, að hér geti komið upp fríkirkja, og svo að sjá kirkjujörðunum betur borgið frá því sjónarmiði, að þær geti verið sem gagnlegastar og verðmætastar fyrir landið. — Eg ætla nú ekki að fara mikið út í fríkirkju-spursmálið; eg hefi alt af álitið, að það eigi nokkuð langt í land. En á hinn bóginn hefi eg ekkert á móti því, sem sumir halda fram, að landssjóður taki við öllum eignum kirkjunnar, og hefir það ávalt staðið mér nærri skapi, en ekki af því, að eg álíti, að fríkirkja sé miklu nær fyrir það; hún kemur upp, þegar sá andi er orðinn nægilega ríkjandi meðal manna, að hún eigi að komast á, hvort sem núverandi skipulagi verður haldið eða hitt ákveðið, að landssjóður taki að sér, að launa prestunum. Hvorri aðferðinni, sem fylgt væri, hvort sem prestunum er launað eins og nú, eða þeim yrði launað úr landssjóði, þá breytist það ekki,

fyr en þjóðin, þingið og stjórnin eru orðin sammála um þá skoðun, að sú kirkja, sem nú er þjóðkirkja, eigi ekki meiri rétt á sér en aðrar kirkjur eða kirkjufélög, og þá vona eg, að sú trúarskoðun ráði þá mestu, sem mestan sannleik hefir í sér fólginn.

En hvað það snertir, að kirkjujarðir séu ver komnar í höndum prestanna, þá get eg ekki, eftir því sem eg þekki til, samsint því.

Þar sem eg þekki til, veit eg ekki betur en að kirkjujarðirnar standi fullkomlega jafnfætis öðrum jörðum að gæðum og meðferð; svo eg get ekki verið háttv. þingmönnum samdóma um það, að það sé frá því sjónarmiði lakara, að prestarnir hafi umráð yfir þeim. Eg þekki mjög lítið til þess, að prestar gjöri sér mjög far um, að setja svo upp eftirgjald eftir kirkjujarðir, að það sé hærra en tíðkast í sveitum umhverfis á öðrum jörðum. Auðvitað þekki eg einstaka dæmi til þess, að menn hafa hlaupið í kapp með að ná í jarðirnar, og eftirgjaldið þannig hækkað. En eg þekki líka dæmi til þess, að menn hafa hlaupið í kapp um landssjóðsjarðir og hleypt landskuldinni mjög upp, það er eins og hver önnur samkepni um hlut, sem mörgum leikur hugur á; en þar sem eg þekki til, eru kirkjujarðirnar bygðar heldur vægara en bændaeignir. Þær eru reyndar víða bygðar dýrara en landssjóðsjarðir, enda hefi eg heyrt menn segja, að þær væru sumstaðar óþarflega lágt bygðar, og þar mundi ekki koma minna til greina vinsemd umboðsmanns en hliðhollusta prestanna, þegar um kirkjujarðirnar er að ræða. (*Jón Jónsson*, 2. þingm. Eyf., bankar). Eg vona, að háttv. 2. þm. Eyf. (J. J). taki þetta ekki til sín, af því hann er umboðsmaður, því eg þekki ekkert til, hvernig hann fer með sínar jarðir. — Það væri, eins og eg hefi áður bent á, æskilegast frá mínu sjónarmiði fyrir presta, að losna við jarðirnar, en ef landssjóður á að taka við allri þeirri eign, þá kostar það landssjóð strax nokkurt fé, að innheimta tekjurnar af þeim, og þó að hann eigi ekki að borga til prestanna meiri upphæð en samsvarar afgjaldi jarðanna, þá tapar hann alveg innheimtulaununum, svo að þá hækkar gjaldið úr landssjóði um þann mun.

Þar sem háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) talaði um, að láta landssjóð einnig fá prestssetrin sjálf, þá er það enn meiri breyting en að taka kirkjujarðirnar, og enn athugaverðara mál. Auðvitað hefir það þann kost, sem háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) benti á, að eftir á verður því hægra að breyta til um takmörk prestakalla, t. d. ef menn vildu stækka prestaköllin. Þótt það sé ekki nema sumstaðar, sem það er tiltækilegt, þá er það þó á nokkurum stöðum. — En það er komin svo föst venja á með takmörk prestakallanna, að eg held, að almenningur mundi ekki fella sig eins bráðlega við miklar breytingar í þá átt.

Enn er líka á það að líta, að í prestakallinu þarf að vera einhver ákveðinn staður fyrir prestinn, til þess að hann geti vikið þar að, þá er hann kemur í kallið; en sé það ekki, getur hann átt örðugt með að koma sér fyrir; en látum það svo vera, að honum sé ekki vandara um en læknunum hefir verið til um undanfarandi tíma, enda má ætla, að honum mundi hægra að koma sér fyrir en þeim.

Ef prestar hefðu prestssetrin til ábúðar, mundi það draga talsvert frá þeirri upphæð, sem þyrfti til að launa þeim úr landssjóði. (*Jón Jónsson*, 2. þingm. Eyf.: Það spilar enga rullu). »Það spilar enga rullu«, segir háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.), en eg get ekki verið

honum samdóma um það, þar sem það nemur árlega 30—40,000 kr. á launum allra presta til samans. (*Jón Jónsson*, 2. þingm. Eyf.: Fækka þeim). Okkar landi er nú því miður þannig varið, að það er ekki svo gott, að fækka þeim til muna, án þess að gjöra þeim þjónustuna of örðuga.

Eg hefi stundum haft fleirum en einu prestakalli að þjóna, en hefði það átt að vera til jafnaðar svo, þá hefi eg fundið, að eg mundi ekki hrökkva til, nema meðan eg væri ungur.

Eg vil svo enn taka það fram, að það er langt frá því, að eg sé á móti því, að prestar fái öll laun sín úr landssjóði; en eg álít að svo stöddu sé varlegra, að fara ekki svo langt; það væri réttara að fara ekki lengra en við höfum farið.

Við flutningsmenn tókum það atriði rækilega til íhugunar, að launa presta alveg úr landssjóði, þegar við sömdum frumv., og unnum fyrst að því, að undirbúa frumv. í þá átt, en hurfum frá því við nánari íhugun, bæði af því, er eg hefi þegar tekið fram, og svo af því, að þá hefði orðið að jafna brauðin mikið og hækka mörg þeirra, en það hefði fyrst orðið að berast undir héruðin út um land.

Nú hugsuðum við okkur, að taka ekki meira fyrir en fram gæti farið á þessu þingi, og álitum þá réttast, að taka ekki fyrir til breytinga nema söknartekjurnar, eins og frumv. fer fram á, af því að með því eru bæði bætt að nokkuru kjör prestanna, og um leið numin burtu þau gjöld til prestanna, sem ójafnaðarfylst eru.

Eftir þessum tekjum mundu prestarnir ekki sjá, og almenningur heldur ekki hafa á móti, að losna við þessi gjöld.

En hvað kirkjujarðirnar snertir, þá hefði afleiðingin af, að taka þær undir landssjóð, orðið sú, að afgjöldunum hefði orðið breytt í peningagjald, og það er mikið tilfinnanlegra ábúendum heldur en að greiða það í landvöru, eins og nú er gjört; við þekkjum peninga-ekluna í landinu, og það hlýtur að vera talsvert tilfinnanlegt, ef afgjaldi jarðanna væri breytt í peningagjald.

Eg hefi orðið þess var, að þeim sem búa á landsjóðsjörðum þykir tilfinnanlegt að þurfa að borga í peningum, og það er kannske þess vegna, að þær jarðir eru vægara bygðar en aðrar jarðir. En að taka frá prestunum þær tekjur, sem eru beztar og áreiðanlegastar, eins og háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) vildi með því, að taka fyrst jarðirnar, en skilja hinar allar eftir, það álít eg alls ekki rétt að farið.

Hitt hlýtur að virðast réttara, að taka burtu þau gjöldin, sem ójafnast koma niður og óþægilegust eru til innheimtu fyrir prestana, enda þótt eg alls ekki mundi sjá eftir, þótt prestar slyppu einnig við kirkju-jarðirnar. Því að prestarnir hafa ábyrgð á þeim, og geta haft tilfinnanlegt tjón af þeirri ábyrgð, og hefir stundum til þess komið. — Ef t. d. verður stór skaði á einhverri kirkjujörð, t. d. húsbruni, þá mun það hafa verið úrskurðað af stiftsyfirvöldunum, að presti beri að taka þátt í því með tekjum prestakallsins.

Háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) mintist á ábúðarlögin, en eg veit ekki til, að þau gildi um kirkjujarðir, nema sem tillitslög, ef svo mætti að orði komast, það er að segja, að tekið væri tillit til þeirra í hinum einstöku tilfellum, eins og réttast þætti.

Hinn háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði líka, að kæmist þetta á, þá yrðu prestarnir lausir við verstu agnúana á launum sínum, og mundu þá þagna. —

Eg veit nú ekki, hvort ástæða væri til fyrir þingið, að hafa sérstaklega móti því, þó þeir þögnuðu, að því er laun þeirra snertir, og það játa eg, að prestar hefðu meiri ástæðu til að þegja um laun sín, ef þetta frumv. yrði að lögum, því annars næði það ekki tilgangi sínum, sem er, að bæta kjör prestastéttarinnar að nokkuru.

Háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) talaði líka um það, að með því að hafa umráð yfir kirkjujörðunum, hefði kirkjan svo mikið vald sem »institution«. Það er auðvitað, að hún hefir það, að svo miklu leyti, sem hún styðst við fasteignirnar, og eg sé heldur ekki svo mikið á móti því, að hún hafi vald sem institution. Hennar tilgangur er að efla kristilegt líf hjá þjóðinni, og það getur eigi annað en álitist gott starf og nauðsynlegt. En til þess þarf hún eitthvert fé til að styðjast við, og eg veit ekki, hvort að heppilegra er, að hún styðjist við peninga úr landssjóði eða jarðeignirnar. — Gamla klerkavaldið er horfið, nema hvað presturinn hefir auðvitað talsverð áhrif í söfnuðum sínum, og er það víst ekki aðallega vegna umráða yfir jarðeignunum, heldur miklu fremur af öðrum ástæðum, þar á meðal af því, að hann er venjulega með mentuðustu mönnunum í söfnuðum hans.

Háttv. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að ekki væri víst, að sambandið milli prests og safnaðar yrði innilegra, þó prestum væri slept við innheimtu á gjöldum þessum, og fengju þau greidd úr landssjóði.

Eg minnist á þetta af því, að það hefir stundum verið tekið fram, að þetta viðskiftasamband væri eitt með öðru, sem styrkti gott og innilegt samband milli prests og safnaðar.

Eg játa það, að innheimta á þessum gjöldum gjörir náið samband milli prests og safnaðar, en hvort það verður inni legra fyrir það, eða hvort það er svo holt, læt eg ósagt.

Mætti kannske líka segja, að einmitt þetta gæfi prestunum vald í söfnuðunum; innheimtan gjörir það að verkum, að söfnuðirnir standa í skulda-sambandi við þá.

Þar sem alt gengur vel með greiðslu á gjöldum þessum, þar er ekkert um að tala, en þegar misbrestur vill verða á borguninni, þá kinnoka einstöku menn sér máske við að koma fyrir augu lánardrottins síns, enda þótt þeim að öðru leyti sé vel við hann; þeir fyrirverða sig, ef til vill, fyrir að láta hann sjá sig, af því að þeir, einhverra hluta vegna, ekki hafa borgað honum.

Eg segi ekki, að mikið þurfi að gjöra úr þessu, en þó hefi eg heyrt um dæmi til þess.

Eg álít líka, að sambandið milli prests og safnaðar eigi að byggjast á alt öðrum grundvelli en peningum, nefnilega á kristilegum kærleikans grundvelli.

Háttv. þingm. Mýr. (H. D.) sagði, að presturinn ætti að vera safnaðarins maður, og taka þátt í öllum hans kjörum. Það er alveg satt, að presturinn á að taka þátt í kjörum safnaðarins, og það mundi hann gjöra, eftir sem áður, hvort heldur hann fengi laun sín úr landssjóði eður eigi, því naumast mundi presturinn verða beinlínis ríkur maður, þótt hann væri launaður úr landssjóði. Eins og nú er, þá tekur presturinn mikinn þátt í fjárhagslegum kjörum safnaðarins. Þegar vel lætur í ári og tekjur borgast vel, þá líður prestinum betur, hvað efnahag snertir, en aftur á móti, þegar illa árar, og illa gengur með innheimtu, þá líður prestinum sömuleiðis ver, og söfnuðurinn finnur til þess, og þykir leitt, að geta ekki staðið í skilum.

Þetta má segja, að gjöri sambandið innilegra milli prests og safnaðar, að þegar öðrum líður vel, þá líður hinum það einnig, og svo gagnstætt, og þetta var líka eitt atriðið, sem gjörði það að verkum, að við flutningsmenn ekki fórum lengra en frumv. þetta fer.

Væri prestum launað að öllu leyti úr landssjóði, þá gæti söfnuðurinn sagt sem svo: »Nú hefir presturinn önnur kjör en eg, þar sem hann hefir laun sín í peningum, hinum bezta gjaldeyri, sem til er«. Það gæti því máske vakið óánægju eða öfund, ef söfnuðurinn hefði ástæðu til að segja: »Þegar mér líður verst, þá líður prestinum bezt«. Því peningar hafa auðvitað mest gildi, þegar vörur landsmanna eru í lægsta verði, og illa árar. En þetta mundi einkum koma í ljós, ef prestar væru að öllu leyti launaðir úr landssjóði, en naumast þó þeir hefðu nokkur hundruð krónur í peningum, því þess mundu söfnuðirnir vel geta unt þeim. Ef að presturinn hefði peninga handa á milli, þá gæti líka verið, að hann ætti hægra með að liðsinna ýmsum mönnum í söfnuðum sínum, sem í þröng væru.

Eg álít þess vegna réttast, að fara ekki lengra en við höfum lagt til. — Rétt hefði máske verið, að jafna nokkuð meir laun prestakallanna en við höfum gert, en við vildum þó ekki nú gjöra mjög miklar breytingar í þá átt, en ætluðum þinginu að gjöra það, ef því sýndist svo, og álítum líka, að þjóðin þyrfti að íhuga málið áður en lengra væri farið.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg ætlaði eiginlega ekki að tala meira í þessu máli, en ætla nú þó að segja örfá orð, af því, að háttv. framsögum. (E. J.) bar brigður á það, sem eg sagði áðan, að kirkjujarðir væru sprengdar upp á móts við opinberar jarðir, en eg held því fram, að það sé alveg rétt.

Presturinn hefir ekki neina hvöt til þess að hugsa um, að jarðirnar séu vel setnar, heldur að eins að sæta hæsta boði.

Alt öðru máli er að gegna um umboðsmann opinberra jarða; hann hefir hvöt til þess að sjá um, að þær séu vel setnar, en síður að hugsa um, að fá afgjaldið sem hæst.

Þess vegna er það sjaldgæft, að leigumáli hækki að mun á landssjóðsjörðum, en alveg gagnstætt á kirkjujörðum.

Eg þekki dæmi til þess í Þingeyjarsýslu, að kirkjujarðir eru miklu hærra leigðar en landssjóðsjarðir, og það alt að því helmingi hærra, t. d. í Grenjaðarstaðarprestakalli, og er það þó alls ekki þeim presti að kenna, sem nú er þar, því hann hefir fremur fært það niður.

Í öðru litlu prestakalli í sömu sýslu var afgjaldið einnig mikið hækkað af kirkjujörðum á þessari öld, en varð svo til þess, þegar harðnaði í ári, að jafnvel heil torfa lagðist í eyði, og sjá allir, hvaða tjón það er.

Eg veit heldur ekki betur, en að í Fljótsdalshéraði sé einmitt nýlega búið að hækka afgjöld á kirkjujörðum í einu prestakalli, sem að vísu er ekki í prófastsdæmi háttv. þingm. N.-M. (E. J.). En hann hefir samt líklega heyrt þess getið, og leikur þar orð á, að þar hafi ýmsra ráða verið neytt til að losa jarðir, svo afgjaldið yrði hækkað.

Hann hálf-vegis hneykslaðist á því, að eg ekki vildi samþykkja þetta frv. af því, að prestarnir héldu þá betri hlutanum af tekjunum, en losnuðu við hið versta og erfiðasta, heldur hefði viljað fara hina leiðina.

Eg játa það, að það var meining mín, og skal eg að nokkuru leyti taka upp aftur ástæðurnar fyrir því.

Þegar prestarnir losna við hið versta og erfiðasta, þá missa þeir hvötina til

þess að starfa því, að koma á gagngjörðri breytingu á þessu máli, því að engin vissa er fyrir því, og jafnvel ekki líkur til, að jafnan verði svo frjálslyndir og ósérplægnir prestar á þingi og nú.

Og þar sem þeir, prestarnir, eru mentaðir og dugandi menn, og er þetta mál einna skyldast, þá er nauðsynlegt, að hafa þá með í bardaganum, og eg vil ekki, að þeir fái svona létt tækifæri til þess, að sleppa úr honum.

Þá fór hann nokkurum orðum um það, að eg ekki vildi, að kirkjan hefði svo mikið vald sem institution, en hann talaði reyndar mest um vald prestanna. Eg mintist ekkert á vald prestanna, heldur að eins kirkjunnar, og skal eg bæta við það nokkurum fleiri orðum en áðan.

Eg gæti hugsað mér þá breytingu, sem ekki er ólíkleg, að ef ekki kemst á regluleg fríkirkja, að þá mynduðust söfnuðir, sem meir eða minna víkja frá þeirri kirkju, sem við nú höfum, svo að á endanum yrði að eins lítill hluti í þjóðkirkjunni; og halda menn þá ekki, að það gæti verið hættulegt, að svo miklar jarðeignir væru komnar í hendur svo fárra manna?

Eg vil fyrir mitt leyti ekki vita það fyrir þjóðina á ókomnum árum.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Eg ætla að eins að bæta við fáeinum orð um út af hinni síðustu ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.). Þegar eg talaði áðan um kirkjujarðir, þá efaðist eg alls ekki um, að afgjaldið af þeim kynni sumstaðar að vera hærra en á þjóðjörðum, heldur sagði eg, að það mundi ekki vera hærra en á bændaeignum.

Og hvað því viðvíkur, að þær væru ver setnar en landssjóðsjarðir, þá efaðist eg heldur ekki um, að svo gæti verið á einstöku stöðum, heldur talaði eg að eins um, þar sem eg þekti til, en eg hygg líka, að það sé á fáum stöðum, að minsta kosti hefi eg heyrt lítið um það.

Hann nefndi Fljótsdalshérað sem dæmi upp á það, að prestar settu upp eftirgjald eftir jarðir sínar.

Eg veit nú til þess, að það hefir komið fyrir með sumar jarðir þar. — En eg veit líka um sumar þær jarðir, að þær höfðu lækkað að eftirgjaldi um tíma fyrir sérstök atvik og hækkuðu svo aftur, þegar það var horfið, sem olli lækkuninni, og þá var eigi ástæða til annars, en hækka þær þá aftur.

Háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði líka, að sú breyting gæti orðið á, að sú trúarskoðun, sem nú er ríkjandi, yrði í miklum minni hluta, og að þá væri hættulegt, að þjóðkirkjan hefði yfirráð yfir svo miklum jarðeignum, og það jafnvel í höndum fárra manna. Hann getur nú auðvitað haft sína sannfæringu, en eg hefi þá sannfæringu, að sú trúarskoðun hafi þann sannleika í sér fólginn, að hún standist gagnvart öðrum trúarskoðunum. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: En formið þá?) Hið ytra form getur að vísu breyzt, þó að trúarskoðunin haldist, og þó mun formið ekki breytast svo, að kirkjan ekki þurfi eitthvað til að launa starfsmönnum sínum.

Eg trúi því heldur ekki, að frumv. standi í vegi fyrir því, að landssjóður geti fengið jarðirnar síðar, því það er, eins og eg hefi tekið fram, talsverð ábyrgð sem hvílir á prestunum, að hafa þessar jarðeignir undir höndum, og bakar þeim ekki svo lítil umsvif að hafa umsjón yfir þeim.

Hann tók enn fremur fram, að prestarnir hefðu mikla hvöt til þess, að sæta hæsta boði í jarðirnar til byggingar, en síður hvöt til þess, að hugsa um

það, hvernig þær eru setnar. Þetta hefir auðvitað sinn sannleika fólginn í sér, en er engin algild regla. Flestir prestar munu jafnhliða hugsa um, að fá góða ábúendur á jarðir sínar. Svo er og þess að gæta, að ef einhver býður óhæfilega hátt í einhverja jörð, og stendur ekki í skilum, þá fellur jörðin aftur í hendur prestsins, og hann byggir hana öðrum, og mun þá gæta sín, að velja betri ábúanda.

Presturinn hefir því mikla hvöt til þess, að byggja jarðirnar ekki slóðum, og það því fremur, sem hann verður að svara úttekt á þeim aftur.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Önnur umr. (C. 256, 460, 505, 515), 24. ágúst.

Jens Pálsson: Eg skal fyrst geta þess, að í þessu frumv. eru 2 kirkjustaðarnöfn, sem sjálfsagt eru óheppileg; það eru Slyndurholt í Austurskaftafellssýslu og Skollhóll í Dalasýslu. Kirkjan, sem var í Einholti, hefir verið flutt á svo nefnt Slyndurholt, en það er að eins örnefni, og með því að kirkjan stendur enn í Einholtslandi, er rétt að láta hið gamla nafn halda sér. Sama er að segja um nafnið Skollhólssókn. Hvolskirkja og Staðarhólskirkja hafa verið sameinaðar og ný kirkja bygð á Skollhól, en af því hóll þessi stendur hálfur í Staðarhólslandi og þar er engin bygð, þykir réttara að láta nafnið Staðarhólskirkja halda sér. — Auk þess eru nokkurar prentvillur í frumv., en eg skal ekki eltast við þær, úr því frv. hefir ekki tíma fyrir sér gegnum þingið.

En það voru ekki þessar smávægu misfellur á frumv., sem komu mér til að taka til máls, heldur hinar kirkjupólitisku hugleiðingar h. 2. þm. Eyf. (J. J.), enda voru þær mikilsvirði í sjálfu sér og mjög íhugunarverðar. Aðalástæða hans á móti frumv. þessu var, að það gengi alt of stutt; vildi hann láta landssjóð taka við öllu kirkjugózi, ekki að eins kirkjujörðum og ítökum, heldur og prestssetrunum. Hann færði fram tvær ástæður fyrir þessu, aðalástæðu og aukaástæðu. Aukaástæðan var sú, að kirkjujarðir væru, að minsta kosti sumstaðar, leigðar við hærra verði en aðrar jarðir, og að mikil vandkvæði væru á með húsabyggingar og jarðabætá þeim, með því að leiguliðar ekki ættu heimting á endurgjaldi fyrir slíkar umbætur, eða að minsta kosti gætu ekki náð því endurgjaldi frá neinum, er lög um ábúð ákveða leiguliðum fyrir vel unnar jarðabætur, og gjöra jarðareigandanda að skyldu að inna af hendi, þegar öll lögmæt skilyrði eru til staðar. Að kirkjujarðir séu leigðar dýrar en aðrar, getur verið að eigi sér stað sumstaðar, en það er ekki þar, sem eg þekki til, heldur eru þær þar leigðar fyrir lægra gjald en bæði einstakra manna eignir og landssjóðsjarðir. Svo er t. d. í Útskálaprestakalli; þar eru kirkjuhjáleigur leigðar fyrir $1^1/_3$ minna en einstakra manna eignir og landssjóðsjarðir í sama prestakalli. Liggur munurinn aðallega í því, að eftirgjöldunum, sem til forna voru harðfiskur, hefir á landssjóðsjörðunum verið breytt í ákveðna peningaupphæð, og þá tekið nokkurt tillit til hins afarháa verðs á kaupstaðargengum harðfiski, en á kirkjuhjáleigunum er eftirgjaldið sama vættatal, saltfiskur, sem áður var harðfiskur. Þessi ástæða gildir því ekki alment. Aftur er meira varið í hina ástæðuna, að leiguliðar á kirkjujörðum eigi ekki hægt með að beita lögunum um ábúð jarða, og verði því af þeim hlunnindum, er þau lög veita. Reyndar mun þeim ákvæðum

ekki til muna hafa verið beitt hér enn, að því er prívat-jarðeigendur snertir. Aftur á móti munu einstakir jarðeigendur einatt hafa af frjálsum hvötum hlynt eitthvað að umbótasömum, dugandi leiguliðum. Aðstaða presta er óneitanlega sú, að síður verður ætlast til slíkra verðlauna af þeirra hendi; það játa eg fyllilega með h. 2. þm. Eyf. (J. J.). En þó mun það ekki fátítt, að presturinn sjái dugnaðinn við leiguliða, er gjörir verulegar umbætur á kirkjujörð. En auðvitað væri bezt að hafa einhver sérstök lög um þetta efni, ef jarðirnar eiga að halda áfram að vera undir prestanna umráðum, og þeim til afnota. En þessi ábúðar-vandkvæði bar þó h. þm. fram sem aukaástæðu fyrir þeirri kröfu sinni, að draga inn í landssjóð alt kirkjunnar góz. Aðalástæða h. þm. var kirkjupólitisk, og var hún fólgin í því, að landssjóður ætti að taka við kirkjujörðunum, prestsetrunum og öllum ítökum og hlunnindum, til þess að greiða fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, og hélt hann að þetta frumv. mundi spilla fyrir því máli, væri það lögtekið; mundi það vekja mótspyrnu prestanna gegn aðskilnaði ríkis og kirkju, því þeir mundu verða rólegir, þegar þeir hefðu fengið fastar tekjur, og vildi hann sigla fyrir það sker. Ennfremur hélt hann að kirkjan gæti með því að eiga kirkjueignir orðið skaðlegt afl í þjóðfélaginu. Að vísu gjörði hann ekki nákvæma grein fyrir því, en ef eg man rétt, sagði hann að ábúðin yrði þannig vaxin, að hún yrði til fjárhagslegs tjóns. (*Jón Jónsson*, 1 þm. Eyf.: Eg lagði áherzlu á, að kirkjueignirnar yrðu í fárra manna höndum). Já, en þó svo sé, þá er það jafnhættulaust og áður, því þær mundu verða í höndum sömu manna og nú, og þeir hafa aldrei sýnt sig í að beita valdi sínu yfir kirkjugózi í skaðsamlega eða ófrjálslynda átt. Eg veit ekki betur en að það sé viðurkent að íslenzka prestastéttin sé sérlega frjálslynd. En ef þm. hefir átt við, að þeir yrðu svo fáir, sem eftir yrðu í þjóðkirkjunni, að það væri skaðlegt að láta þá hafa yfirráð yfir svo miklum eignum, af því líka að það væri óréttlátt, þá á slíkt svo langt í land, og er því ekki rétt að taka svo mikið tillit til slíkra, að eins hugsanlegra, mögulegleika, og hins vegar skil eg ekki, að lengi verði haldið í það eignartilkall, þegar meiri hluti þjóðarinnar verður orðinn á móti því. Hvaða skilning, sem menn nú hafa á aðskilnaði ríkis og kirkju, þá álít eg að ríkið geti tekið undir sig kirkjueignirnar, hvenær sem það vill. Sú aðferð, að draga alt góz kirkjunnar í vetfangi inn í landssjóð, til að undirbúa eða jafnvel þröngva fram aðskilnaðinum, getur þótt glæsileg og verið girnileg fyrir þá menn, er vilja aðskilnað og fríkirkju fyrir hvern mun, skilyrðislaust.

Þetta mál er fullkomlega kirkjulegt mál; alþingi er í slíku máli, sem þessu, ekki að eins þjóðþing, heldur og kirkjuþing, — já, alþing er löggjafarþing kirkjunnar, og að því leyti kirkjunnar eina eiginlega þing, en þar af leiðir, að í slíku máli hefir hver og einn þingmaður rétt og skyldu til að skoða sig sem kirkjuþingsmann, og það býst eg við h. þm. Eyf. hafi gjört, er hann hélt ræðu sína; en þótt hann talaði röggsamlega, eins og hans er vandi, þá kom ekkert það fram í ræðu hans, er benti á að honum væri umhugað um viðhald kristilegrar kirkju sem slíkrar hér á landi.

Við 1. umræðu þessa máls lét samflutningsmaður minn í ljósi, að við hefðum líka helzt óskað, að láta landssjóð fá kirkjugózið, en borga prestum, en ekki séð okkur það fært, og færði hann fram ástæður fyrir því, enda standa þær

í nefndarálitinu. En eg man ekki að hann tæki fram eina ástæðu fyrir því að taka prestsetrin, og það eru lán þau, er landssjóður hefir veitt til húsabóta og jarðabóta á mörgum prestsetrum landsins. Ef prestsetrin væru tekin, þá er ósanngjarnt að láta prestana borga afborgun af þessum lánum af tekjum þeirra, þar sem þeir hvorki hafa afnot af húsunum né jörðinni. Þetta yrði því landssjóður að taka að sér, og mundi það íþyngja honum mjög. Auk þess þyrftu laun prestanna þá að vera miklum mun hærri, og yrði þetta fyrirkomulag miklu erfiðara fyrir landssjóð. Eg vildi minna á þessa ástæðu, svo hún kæmi fram. Reyndar get eg tekið undir með þeim, sem halda því fram, að fækka nokkuð prestaköllum hér á landi, einkum þar sem þéttbýlt er, en mjök mikil fækkun þeirra mundi verða skaðleg bæði fyrir þjóðlíf vort og kirkjulíf. Eg hefi marga og eindregna vitnisburði núlifandi merkismanna, ekki síður en látinna merkismanna, um það, að prestarnir bæði sem slíkir og sem menn, séu enn í dag mjög nauðsynlegir fyrir þjóð vora, séu enn sem fyrri aflgaugar þjóðlegs lífs og menningar hér á landi; og leiðir þar af, að því mundi verða unað illa, ef þeim yrði mikið fækkað. Eg ann fríkirkjuhugmyndinni sem fagurri og réttri hugsjón og stefnumarki, er kirkjan öll í víðri veröldu eigi að stefna að.

Eg ann þessari hugsjón, eg álít, að vér eigum að hafa tillit til hennar og keppa að henni. En það er annað en að vera fullráðinn í því, að leggja þeg ar út í framkvæmd þeirrar hugsjónar. Til þess getur vantað nægan undirbúning. Hvað eina þarf að hafa sinn tíma og sín skilyrði. Þetta mál þarf líka að hafa sín skilyrði og vér þurfum í þessu sem öðru að kaupa hentuga tímann. Eg vil taka til dæmis aðra fræga hugsjón, það er sameignarhugsjónin, »Kommunisme«. Í hinum fyrsta kristna söfnuði höfðu menn það fyrirkomulag í efnalegu tilliti. Sameignarhugsjónin þreifst þar, af því hin nauðsynlegu skilyrði voru fyrir hendi, sem voru nógur kærleikur og skyldurækt. Slíka hugsjón getur maður elskað sem »Ideal«, en skilyrðin fyrir framkvæmd þeirrar hugsjónar er fullkominn kærleiki og réttlæti, en ef þau skilyrði vantar, er hugsjónin óframkvæmanleg, og framkvæmdarviðleitnin skaðleg.

En nú vil eg spyrja: Eru nú uppi hjá oss þau nauðsynlegu skilyrði fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju? Svo mikið sem eg ann þeirri hugsjón, fríkirkjuhugsjóninni, þá get eg ekki skilið í því, að nú sé kominn tími til þess að taka sporið þegar fult út.

Eg tala þetta auðvitað ekki til þeirra, sem halda að engin skilyrði þurfi, og að kirkjan eigi að skilja við ríkið strax, án alls undirbúnings. En eg get ekki farið svo langt, að sleppa þeim skilyrðum, sem eg álít nauðsynleg. Ef vel á að fara, þá má ekki hafa það svo, til þess að ekki þurfi að sjá eftir því, sem slept var. Það skilyrði, sem gildir fyrir mér, til þess eg hiklaust gæti gengið að aðskilnaði ríkis og kirkju, til þess eg gæti gengið að því, að af kirkjunni væri tekinn hver einasti eyrir, og henni skipað að annast sig að öllu sjálf, er það, að í kirkjunni væri fjörugt trúarlíf, sterk frelsisþrá, og félagsandi svo sterkur, að hún fyndi til þess, að tengslin við ríkið væru sér skaðleg og hefðu sig í frammi. Ef í kirkjunni væri glæsilegt andlegt líf og kirkjan fyndi það, að henni mundi vegna betur í kristilegu tilliti, ef hún væri laus við ríkið, að kristindómsins ávextir mundu vaxa við það á greiðari hátt, þá mundu eg álíta skilnaðinn sjálfsagðan.

En eg mundi líka álíta aðskilnaðinn

æskilegan, ef eg sæi ekkert annað en dauða og svefn yfir kirkju landsins, því þá væri engu að tapa, en alt að vinna. — Fyrir 10—15 árum fanst mér ástand kirkjunnar einmitt þannig, að engu væri að tapa, en stórmikið að ávinna við skilnað milli ríkis og kirkju; eg þóttist sjá svo mikla svefnværð á kirkjulífinu hér, að eg vildi skilyrðislaust verða af með þjóðkirkjuna, en fá fríkirkju; eg vildi láta afnema þjóðkirkjuna sem slíka, svo að barátta, verkleg barátta gæti myndast, í trú á sigurkraft kristindómsins, barátta fyrir myndun sannrar, frjálsrar, vakandi, stríðandi kirkju. Eg áleit, að lítið mundi tapast við þá bylting, en árangurinn mundi verða yfirgnæfandi. Hefði eg þá átt að greiða atkvæði mitt í þessu máli, þá hefði eg kosið skilnað — tafarlaust og skilyrðislaust.

En síðan hefir margt breyzt á annan veg. Það hafa ýms atriði, sem ekki eru lítils virði, komið í ljós; það hafa komið fram ávextir af vaxandi trúarlífi, sem eg gat ekki hugsað mér né búist við, að kæmi svo fljótt fram. Þar til vil eg nefna sem dæmi nýju sálmabókina. Svo hafa komið fram ýms kirkjuleg, kristileg, uppbyggileg og vekjandi blöð og tímarit, ekki að eins frá fríkirkjunni fyrir vestan haf, heldur einnig úr þjóðkirkjunni hér heima. Svo vil eg nefna Biblíuljóð síra Valdimars Briem og Barnasálma og margt fleira, t. d. sunnudagaskóla og barnaguðsþjónustur, sem sérstaklega hefir verið komið á fót hér í Reykjavík. Þetta eru veruleg mörk á vakandi, starfandi kirkjulífi, og með þessu hefir verið sáð mörgum lífskröftugum fræ̈kornum bæði hjá söfnuðum og prestum. Í landinu hefir sést sýnilega vaknandi kristindómslíf á síðustu árum. Það er bersýnilega á þeim tíma kominn upp kristilegur gróður í lífi Íslendinga, og er að þróast sem nýgræðingur í þjóðkirkjunni. Þegar maður tekur íslenzkt fólk yfir höfuð, er því ekki að neita, að vöxturinn sé bráðari í fríkirkjunni fyrir vestan haf en hér í þjóðkirkjunni, en þess verðum vér vel að gæta, að fyrir vestan haf eru alt önnur skilyrði fyrir hendi, að landar þar lifa undir alt öðrum, ekki að eins andlegum heldur og »materiellum« skilyrðum, sem geta í góðra manna höndum orðið til þess að flýta gróðrinum.

En hér í þjóðkirkjunni er einnig sýnilegur gróður, þó hann sé ekki eins hraðfara og í fríkirkjunni vestan hafs, og komi ekki eins ört fram í safnaðarlífi og kirkjulegri starfsemi.

En nú vil eg spyrja: Hvort er hyggilegra að róta þessu öllu um eða láta þennan kristilega gróður þróast? Er ekki réttara að hlynna að þessum gróðri og skýla honum, þar sem hann er að myndast, heldur en að útsetja hann svo ungan, lítt þroskaðan og veikburða fyrir storma og haglél fríkirkjunnar, þó sólskin sé þar auðvitað á milli? Er ekki réttara að láta þennan andlega gróður þróast, þangað til hann er orðinn svo sterkur og rótgróinn, að hann þoli stríð fríkirkjunnar?

Ef nú svo færi, að stofnuð yrði fríkirkja þegar í stað, þá mundi það koma í ljós, að nokkur hluti landsmanna ekki vildi vera með af innri ástæðum, trúarlegum ástæðum. Þá kæmu upp »sektir«, sem ættu í baráttu við kirkjuna. Svo er annað: ef þjóðkirkjan ætti alt í einu að gerast fríkirkja og teknar væru allar þær eignir frá kirkjunni, sem hún á nú, þá mundi dóttirin, fríkirkjan, þurfa stórfé af hálfu meðlima sinna, til að reisa sinn kirkjulega búskap, og gæti þá svo farið, að mikill hluti landsmanna ekki þættist geta verið með sökum fá-

tæktar, þar sem þeir þyrftu að leggja svo mikið í sölurnar í peningalegu tilliti. Sakir alls þessa mundi hinn vaknandi andlegi gróður komast inn í annað veðurlag og er hæpið að hann gæti þolað það.

Eg álít æskilegast, að þessi vöxtur gæti þroskast, svo að hann yrði sterkur og almennur, þangað til hann á sínum tíma hefði gott af því að standa á eigin fótum, þangað til kirkjan finnur hjá sér brýna nauðsyn að sjá fyrir sér sjálf, án þess að njóta aðstoðar ríkisins.

Það er skoðun mín, eg get sagt af sannfæring, að á núlegum tíma sé verulega að lifna yfir kristindómi þjóðarinnar, — að það sé efnilegur, kristilegur nýgræðingur að spretta upp á ýmsum stöðum á þjóðlífsakrinum. Eg vil fara varlega með þennan nýgræðing; mér þykir áhætta að svifta hann því skjóli og þeirri stoð, er hann nú nýtur frá ríkisins hálfu, meðan hann ekki er þroskaðri orðinn, því eg vil að hann sem fyrst þroskist, svo að hann sái sér út með hraða, og leggi í siðferðislegu og andlegu tilliti undir sig hvern einasta blett á akri þjóðlífs vors.

En þegar kirkjan finnur hjá sér innri nauðsyn til að losna við ríkið, og finnur sig færa um það, þá á ríkið að sleppa kirkjunni, svo hún geti orðið sjálfstæð, frjáls kirkja Krists. Og því meir sem kristilegum gróðri fer fram, því fyr getur komið að því, að rétt sé að taka sporið fult út. En nú álít eg vafasamt, að kominn sé tími til þess, enda býst eg við, að aðskilnaður ríkis og kirkju hér á landi hljóti af öðrum ástæðum að vera langt undan. Eg á við stjórnarsambandið, sem Ísland er í við Danmörku. Að því stjórnarsambandi óbreyttu finst mér óhugsandi, að fríkirkja gæti komist á hér fyr en fríkirkja er komin á í Danmörku. Ef vér heimtuðum fríkirkju fyr, þá er varla hugsanlegt annað en vér yrðum að leggja út í langa baráttu, sem ef til vill gæti staðið jafn-lengi og orðið eins torsótt eins og sjálfsstjórnarbarátta vor. Þessi barátta gæti svo orðið til þess, að kæfa sumt af þeim andlega gróðri, sem nú er að vaxa, og þá mundu beztu menn, sem annars hefðu varið kröftum sínum kirkjunni til uppbyggingar, leggja sig með öllum sínum krafti út í pólitiska baráttu kirkjunnar gegn ríkisvaldinu. Mér finst því efasamt, að út í slíkt sé leggjandi.

Þetta eru almennar hugleiðingar út af orðum h. 2. þm. Eyf. (J. J.).

Spurningin um launakjör prestanna stendur að eins í mjög lausu sambandi við þær. Þetta frumv. fer að minsta kosti ekki fram á annað en að prestunum, sem vinna að eflingu kristindómsins, geti liðið betur í efnalegu tilliti, til þess þeir með því meiri áhuga geti gefið sig við sínu starfi, og unnið að umbótum á kristindómsins málefnum.

Sá er ekki samvizkusamur prestur, sem við slíka breytingu til hins betra, eigi fyndi sig skyldan til að vinna með því meiri áhuga að sínu starfi í kirkjunnar þjónustu, sem ekki hefði hug á að vera því ötulli og árvakrari, þegar löggjafarvaldið vill greiða götu hans og gera honum starf hans léttara.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Það er auðvitað að þetta mál muni ekki geta fengið framgang á þessu þingi, og ætla eg því ekki að tala margt um það. Það er ein breyttill., sem eg hefi skrifað, á þingskj. 505, sem fer fram á að breyta einu sóknarnafni, sem er á frv., nefnilega setja »Bjarnarnes og Einholtssóknir« fyrir »Bjarnarness- og Slyndurholtssóknir«. Eg kann ekki við að kenna kirkju við eyðiholt og móa, heldur við bygðan stað, og þessi kirkja hefir alt af heitið Einholtskirkja, jafnvel þó

hún hafi ekki um mörg ár staðið við bæinn Einholt heldur á bæaeigninni Holtum, en nú er hún nýbygð og flutt í Einholtsland.

Háttv. þingm. Dalam. mintist á líkt dæmi, þar sem hann nefndi eina kirkju í Dalasýslu.

Þá er önnur breyttill., sem annar hinna h. flutningsm. hefir komið fram með, að aftan við orðið »lambsfóður« komi: »þar með talin Maríu- og Péturslömb«. Eg ætla ekki að tala mikið um þetta mál, en að eins lýsa því yfir, að eg álít þetta vera nokkuð athugaverða tillögu, af því eg skoða þessi lambsfóður ekki sem eiginlegar sóknartekjur, heldur sem kvaðir á einstökum jörðum, sem hlutaðeigandi jarðeigendum væru gefnar upp, ef þær væru afnumnar.

Þá ætla eg að víkja fám orðum að frv. í heild sinni. Mér finst góð réttarbót að því fyrir prestana og jafnvel fyrir sóknarmenn líka, ef það væri samþykt eins og það liggur fyrir. En eg vildi óska, eins og háttv. 2. þm. Eyf. tók fram, að landssjóður tæki að sér jafnvel jarðirnar líka, svo maður gæti færst nær því að stofna fríkirkju. Eg hygg að víða sé farið vel með þær og landskuldir ekki of háar, en það munu líka vera dæmi til hins gagnstæða. En þó að eg skoði þetta svo, þá finst mér þetta frumv. vera að nokkuru leyti spor í sömu áttina, þar sem farið er fram á að taka sóknartekjurnar og leggja þau gjöld í landssjóð; það finst mér vera spor í fríkirkjuáttina, með því að eg hygg, að það hljóti að leiða til þess, að allar kirkjujarðir og prestsetrin með hverfi frá prestum og verði landssjóðseignir. Það eina, sem mér finst athugavert við það, er, að í fríkirkju eru prestarnir embættismenn safnaðanna, en eftir frumv. yrðu þeir fremur embættismenn landsins, er þeir fengju laun sín úr landssjóði. En þetta er ef til vill nauðsynlegt millibils-ástand, að laun prestanna greiðist úr landssjóði meðan verið er að koma hinu ástandinu í kring.

Það eru tvær skoðanir, sem menn geta haft á þessu máli, hvor annari ólíkar; önnur er sú, sem háttv. 2. þm. Eyf. hefir haldið fram, að fækka prestaköllum og láta prestana hafa sem mest að gera sem presta. Þá yrðu miklu fleiri, sem gæfu sig að prestskapnum með lífi og sál og væru eingöngu bundin við slík störf, en hefðu ekki tíma til að gegna veraldlegum störfum né að gefa sig við búskap; en hin er sú, að prestar megi ekki vera færri en nú er, og þeir eigi jafnframt að vera góðir bændur og búþegnar og verja kröftum sínum í þarfir þjóðfélagsins. Eg held nú, eins og háttv. þm. Dal. (J. P.), tók fram, að hugsunarháttur þjóðarinnar sé ekki kominn á þá leið, að fækka prestaköllum; menn munu heldur vilja fjölga þeim; seinast á þessu þingi hefir komið fram öflug bæn um það, en vera má, að þetta breyttist nokkuð, ef breytt yrði gjaldmátanum.

Af þessum ástæðum er eg hlyntur því, að haldið sé lengra á þeirri braut, sem þetta frumv. stefnir inn á, og að jarðirnar séu líka teknar inn á landssjóð, og jafnvel einnig ábýlisjarðir presta, vegna þess, að sumum þeirra fylgja hjáleigur; og það er oft ekki gott að skilja þær frá kirkjujörðunum.

Eg vil því gefa atkvæði mitt með því, að frumv. þetta fái að ganga til 3. umr.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Við 1. umr. þessa máls um daginn lýsti eg yfir

skoðun minni á því; er mér því nauðugt að taka til máls í því aftur, enda er eg þreyttur.

Eg hefði sem sagt helzt viljað leiða þetta mál hjá mér nú; en eg get það ekki alveg, af því háttv. þm. Dalam. hefir ekki að öllu leyti skilið mig rétt. Að vísu get eg verið stuttorður, af því háttv. þm. A.-Sk. hefir tekið í sama strenginn og eg, að það sé nauðsyn að taka kirkjujarðirnar með. Háttv. þm. Dalam. byrjaði á því að lýsa yfir, að sú ástæða mín fyrir að taka kirkjujarðirnar undir landssjóð, að þær væru leigðar frekar en aðrar jarðir, sú ástæða mín væri ekki á rökum bygð. Þetta var ekki aðalástæða mín; en hann mælti á móti því að þessi ástæða væri rétt. Eg og háttv. þm. getum nú deilt um það um aldur og æfi, og alt af sagt »klipt« »skorið« og aldrei komist að neinni niðurstöðu. Eg drap á það um daginn, að þetta hlyti að vera eftir hlutarins eðli; eg sagði það og skýrði, að það hlyti að vera, af því að freistingin til að hafa sem mest afgjald væri meiri með þær jarðir, en nokkrar aðrar jarðir, þar sem presturinn hefir þær að eins fyrir sína tíð, og það gjörir hvorki honum né afkomendum hans neitt, þó þær séu ordnar helmingi minna virði, þegar hann fer frá. Altsvo verð eg að halda því fram, að það liggi í hlutarins eðli, að það hljóti að vera, að jarðirnar séu ver komnar undir umsjón prestanna en landssjóðs. (*Jens. P.*: Þeir hafa ábyrgð). Það hvílir að vísu stórkostleg siðferðisleg ábyrgð á prestinum, eins og hverjum, sem hefir land til umráða; en lögábyrgðin, sem háttv. þm. Dalam. benti á, er til að nafninu, en í framkvæmdinni er hún ekki mikil, og alls engin. Eg hygg það hljóti að vera að jörðin niðist niður fyrir það, að byggingarskilmálarnir eru þannig lagaðir, að þeir fæla góða leiguliða frá að taka hana. Þetta tók eg nokkurn veginn fram um daginn, og eg hygg að það sé gersamlega ómögulegt, að mótmæla því algerlega: Háttv. þingm. sagði, að margir prestar gæfu verðlaun fyrir jarðabætur; eg þekki að vísu dæmi til þess, en eg er hræddur um að það sé undantekning; og þeir gera það þá að eins fyrir sérstaka mannkosti sína, en ekki knúðir fram af vanalegum hvötum.

Þá sagði hinn háttv. þingm., að hann gæti ekki skilið það, á hvern hátt kirkjueignin gæti orðið skaðleg fyrir þjóðfélagið. Það getur verið, að eg hafi ekki útlistað það nákvæmlega eða rækilega; en mér finst það algjörlega ómótmælanlegt, að sú »confession« og þeir kirkjusiðir, sem nú gilda, hafi ekki lengur fylgi manna, hugsunarhátturinn geti smám saman breyzt og smátt og smátt fleiri og fleiri gengið úr þjóðkirkjunni. Eftir því sem menn verða þroskaðri og sjálfstæðari, því ver þola menn svoleiðis siði, og þurfa minni orsakir til að víkja frá þeim, ef þeim líkar ekki að einhverju leyti. Þannig get eg hugsað mér að þeir yrðu fleiri og fleiri, er gengju úr þjóðkirkjunni, og loks svo margir, að þjóðkirkjumenn yrðu mjög í minni hluta, og máske mjög fáir; og þá kemur að því, sem eg benti á, að fáeinir menn hafa til umráða ekki svo lítinn part af þjóðeigninni, og nota hann til að halda fram sínu félagsmáli; en það gerir misrétti í framsóknarbaráttu þjóðarinnar.

Háttv. þm. sagði, að hver þingmaður yrði að skoða sig sem kirkjumann, af því hann væri við þingið, sem væri eini staðurinn, þar sem hægt væri að setja kirkjunni lög. Þetta er að vissu leyti satt, og að sumu leyti ekki satt. Það er ekki satt, að hver þingm. verði að skoða sig sem kirkjuþingsmann, án tillits til annara málefna þjóðfélagsins

og altsvo hugsa eingöngu um kirkjuna sem slíka, því að kirkjan sem slík verður að lúta í lægra haldi fyrir þjóðfélaginu, og hún stendur gagnvart ríkinu eins og hver önnur stofnun, hvort sem það er skóli eða hvað annað, sem ríkið kostar. Þingið er skyldugt að taka tillit til þarfa hennar og hugsa um alt, sem kirkjuna snertir, en einungis að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við gagn þjóðfélagsins; það má ekki laga alt eftir agnúum kirkjunnar, ef þeir vilja reka sig á, heldur sníða agnúana af kirkjunni. Kirkjan hefir ekki hóti meiri rétt gagnvart þinginu en aðrar stofnanir.

Eg skal um leið og eg minnist á þetta drepa á eitt, sem eg held að ekki sé rétt skilið hjá honum. Eg sagði, að þjóðin kynni að skiftast í mörg kirkjufélög, og sagði hann þá, að það ætti svo langt í land, að ekki þyrfti að gjöra ráð fyrir því nú strax. En eg álít, að það sé skylda hvers þess þingm., sem annars hugsar sér þenna mögulegleika, að taka ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það tjón, sem af því kynni að leiða. Eg verð þess vegna að skoða svo, sem þetta mál sé fullkomlega tímabært, að kirkjan sleppi fasteignunum í hendur landssjóði.

H. þm. Dalam. (J. P.) taldi það annmörkum bundið, því að víða hvildu lán á prestaköllunum, og væri því hætta á, að landssjóður misti peninga sína. Eg er nú ekki svo vel kunnugur þessum lánum, að eg viti vel, með hvaða kjörum þau eru veitt, en ímynda mér þó, að þau hljóti að verða hlutaðeigandi jörð til þeirra bóta, að jörðin sé engu óaðgengilegri fyrir það. Eg álít að í þeim prestaköllum, sem lán hvíla á jörðum, eigi og hljóti jarðirnar að hafa tekið þeim bótum, að það vegi fullkomlega móti því, sem eftir stendur af lánum. Eg vil líka minnast á það, af því eg man ekki, hvort eg tók það fram um daginn, að eg tel sjálfsagt, að prestar hafi forgangsrétt að því, að setjast að á prestssetrunum, og kæmi það þá upp í laun þeirra.

Ein setning er það enn, sem hinn h. þingm. tók fram, og sem eg vildi minnast ofurlítið á. Hann sagði, að það væri skaði að því að fækka prestum, ekki sízt vegna þess, að þá fækkaði um leið mentuðum og hæfum mönnum í sveitarfélögunum. Þessi setning klingir oft, að nauðsynlegt sé að hafa að minsta kosti einn mentaðan mann í sveitarfélaginu; en eg held að sú setnsetnig ætti að fara að hverfa. Það kann að vísu ekki að þurfa að fara langt til baka í tímann, til þess að þessi setning væri rétt, en nú hefir mentunarfýsnin aukist svo, að nú eru í hverju sveitarfélagi margir menn, sem eru eins hæfir til þess að gegna borgaralegum störfum og prestarnir, því það er ekki lærdómur prestanna sem slíkra, sem gjörir þá hæfari borgara. Þó prestunum fækki, þá höfum við eins marga mentaða borgara fyrir því, og eg álít þá ekki þeim mun verri borgara, eða óhæfari til að gegna borgaralegum skyldum, þó þá vanti það eitt, að vera prestar. Mennina höfum við eftir sem áður, þó þeir ekki séu prestar, svo eg álít að sú ástæða sé léttvæg. Í þessu efni segi eg það, sem eg meina, enda þó eg ekki segi þar með, að eg segi alt sem eg meina, og á því ætla eg að enda orð min nú. Eg skal að eins minnast á nýgræðinginn, sem h. þm. Dal. (J. P.) var að tala um, og sem eg játa að er til. Eg er alls ekkert hræddur við sólina eða loftslagið, eða jafnvel stormana, stríðið og baráttuna fyrir þann nýgræðing, og held enda, að hann hefði vaxið og dafnað engu

miður við ljós, loft og þá einnig storma andlegs frelsis, en í skuggaskjóli þjóðkirkjunnar.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Eg ætla ekki að fara langt út í þetta mál að þessu sinni; eg gjörði það nokkuð ítarlega við 1. og 2. umr. Það er auðséð, að mál þetta kemst ekki út úr þinginu nú, svo það mundi þýða lítið. Við höfum einungis fengið það fram, sem við vildum, að málið yrði rætt, og álít eg að það gæti orðið til góðrar leiðbeiningar, fremur en ef engar umræður hefðu orðið um það. Eg veit ekki, hvort h. þm. sýnist að greiða atkvæði um einstakar greinar frumv., en hugsa þó fremur, að þeir vilji alt eins vera lausir við atkvæðagreiðslu., enda álít eg hana hafa litla þýðingu. Mér hefir því komið til hugar að enda málið með rökstuddri dagskrá, sem fer fram á að leita álits safnaðanna og héraðsfundanna um þær breytingar á launum presta, sem hér er farið fram á, og er það æskilegt að vita álit almennings í því efni. Eg hefi átt tal við hæstv. landsh. um hina rökstuddu dagskrá, og hafði hann ekkert sérstakt á móti henni, en áleit að prenta þyrfti stórstök eintök af frumv. til þess að senda út um land, þá er málið yrði sent til umsagnar.

Eg ætla heldur ekki að fara út í ræðu háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) að þessu sinni; hann tók það að eins skýrar fram nú, sem hann sagði um málið um daginn. Eg svaraði honum þá, og finn því ekki ástæðu til þess nú. Svo afhendi eg forseta hérmeð hina rökstuddu dagskrá.

Jens Pálsson: Eg gat þess, að eg hélt ræðuna áðan, ekki í því skyni að fara beint að hrekja háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.), heldur til þess að gera athugasemdir við athugasemdir hans, og til þess að leiða í ljós ýmislegt, sem vert væri að athuga við hinar stórpólitisku hugleiðingar, sem hann meðfram kom fram með. Eg býst við að mál þetta verði í heild sinni hugsað og rætt á næsta þingi, og er því rétt að ræða það nú frá sem flestum hliðum, draga fram sem flest atriði málsins.

Mér virtist h. þm. leggja of mikla áherzlu á ákveðna »konfession« og ákveðna kirkjusiðu í sambandi við þetta mál, og skoða hvorttveggja sem óbreytanlegt form. En eg skoða, að kirkjan sem slík hafi köllun og skyldu til að reformera sig.

Eg er á því, að rítúalið og hið ytra form hafi ekki yfirgnæfandi þýðingu, en festi augun á kjarnanum og álít, að kirkjan geti rekið erindi sitt, samkvæmt tilgangi sínum, þótt menn þykist geta sett út á trúarjátningar og formur, enda er komin fram hreyfing í því efni, að breyta rítúalinu og umbæta það.

Háttv. þingmaður taldi það athugavert, er eg sagði, að þegar þingmenn ræddu bein kirkjumál, þá ættu þeir að skoða sig sem kirkjuþingsmenn. Eg held að eg hafi ekki sagt of mikið, því af því leiðir ekki, að eg hafi eingöngu hagsmuni kirkjunnar fyrir augum, heldur jafnframt heill og hagsmuni og gagn þjóðfélagsins, því eg skoða kirkjuna sem »institution«, sem eigi að hafa heill þjóðfélagsins fyrir augum og hvers einstaks manns í þjóðfélaginu, og eg skil ekki, að þó þingmaður skoði sig í kirkjumálum sem kirkjuþingsmann, þá geti það verið hættulegt eða skaðlegt, úr því kirkjan sem kristileg kirkja á að hafa heill hvers einstaklings og þjóðfélagsins fyrir augum.

Eg er samdóma háttv. þm. um, að það væri æskilegt í sjálfu sér fyrir kirkjuna og þjóna hennar og þjóðfélagið í heild sinni, að kirknagóssin rynnu til þjóðfélagsins, svo það gæti

administrerað þeim eftir sinni vild, því ábyrgð á kirknagóssi,umsjón og bygging kirknajarða er nokkuð »heterogent« við störf presta og dregur þá frá aðalstörfunum. Eg er samdóma h. þingm. í því, að vilja losa kirkju og presta við þau veraldlegu umsvif, er af þessu kirknagóssi leiðir. Þangað getum við orðið samferða; en ef hann vill taka jarðagóssið til þess að kasta þjóðkirkjunni út á hjarn, tafarlaust og skilyrðislaust, þá get eg ekki fylgt honum.

Eg álít ekkert efamál, að ef prestar losnuðu við kirknagóssin, þá gætu þeir betur notið krafta sinna til kennimannlegrar starfsemi, og að við það ætti að þróast andlegt og kirkjulegt líf í söfnuðunum. Hitt álít eg ólíklegt, að rétt sé að halda áfram alla leið að aðskilnaði ríkis og kirkju, en það fanst mér háttv. þingm. meina, — þó hann ekki beint segði það. Eg réð það af orðum hans, skildi hann svo. En eg treystist ekki til að kveða upp dóm um það nú þegar, hvort sé meira virði, það sem maður sleppir, eða það sem maður fær við aðskilnað, og þarf vandlega að íhuga það. Enda er það mín ósk og von, að áður langt um líður verði komnir þeir tímar, að skilyrði þau verði fyrir hendi, er rými burt öllum vafa og hættu við þann skilnað.

ATKVGR.: Rökstudd dagskrá frá Einari Jónssyni samþ. með 14 samhlj. atkv., svo hljóðandi:

»Með þeirri ósk, að landshöfðingi hlutist til um, að leitað verði álits safnaða þjóðkirkjunnar og héraðsfunda prófastsdæmanna um frumv. þetta, og um það, hvort breyta skuli launum presta yfir höfuð, eða á hvern hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Sala á laxveiði undan Valdastöðum.

FRUMVARP til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til (C. 416); 1. umr. 16. ágúst.

Þórður Guðmundsson: Eg get ekki greitt atkv. með þessu frumv., meðan eg ekki fæ frekari upplýsingar en þær, sem í frumv. eru, því þær eru svo gott sem engar. Það er að eins tekið fram, að það eigi að selja veiðina og þar með búið. Það er ekkert getið um, hvort þetta sé gert í samráði við ábúanda eða ekki; mér finst það þó hafa talsverða þýðingu. Það er ráðgert, að selja veiðina fyrir 4000 kr. og 4% vextir af því eru 160 kr. Þó líklega eigi að selja Englendingum þessa laxveiði, geri eg ráð fyrir að hún sé 4000 kr. virði, því eg ímynda mér ekki, að landssjóður ætli að pranga á þessu og selja við okurverði. Eg geri því ráð fyrir, að arðurinn af veiðinni sé hér um bil 160 kr. á ári. Það væri þess vegna mjög tilfinnanlegt fyrir ábúandann, ef hann væri sviftur þessum hlunnindum, og þótt ef til vill eigi að bæta ábúandanum þetta að einhverju leyti, þá er eg á móti því að jarðir séu sviftar kostulegum hlunnindum. Veiði er arðsöm tekjugrein og þar að auki mjög skemtileg hlunnindi, og mér finst ekki rétt að svifta jarðir slíku, jafnvel þó landssjóður eigi þær.

Ef til vill kunna þær upplýsingar, sem koma fram við umr. um þetta mál, að verða þannig, að eg gæti gefið þessu atkvæði mitt, en á meðan eg ekki hefi annað fyrir mér en frumv., eins og það er nú, get eg það ekki.

Landshöfðingi: Af því að eg heyrði umræður um þetta mál í háttv. Ed., skal eg skýra nokkuð frá því, hvernig á frumv. stendur.

Þá er frumv. kom fram, var það eftir ósk bænda í Kjósinni, sem eiga veiði í ánni, Laxá. Fyrir nokkuð mörgum árum, eg vil segja 30—40 árum, var mikil veiði í þessari á, en eftir að það var farið að tíðkast að selja lax hér til kaupmanna, var farið að veiða með svo miklu kappi, að veiðin minkaði svo mjög, að kunnugir menn segja nú, að það muni ekki borga sig að veiða lengur í henni, og flutningsmaður málsins í háttv. Ed., sem er einn af veiðieigendum, kvað það eigi lengur borga sig fyrir sig að veiða í ánni. Þeir, sem eiga veiðina, hafa ekki séð annað ráð, til að missa ekki alveg allan arð af henni, en að áin væri friðuð í mörg ár; en nú er það eins í Kjósinni eins og víða, að menn eiga ekki gott með að koma sér saman um slíkar ráðstafanir. Hið eina ráð, sem þeim virðist tiltækilegt, er að selja ána einstökum mönnum, sérstaklega útlendingum, sem brúka stangaveiði. Það hefir komið tilboð um að kaupa þessa á fyrir einar 24,000 kr., og það er álitið, að veiðin fyrir landi jarðarinnar Valdastaða sé hér um bil 1/6 af allri veiðinni í ánni, og því er söluverðið á þeirri veiði sett 4000 kr. En nú verður veiðin í Laxá ekki seld, nema sú sala nái til allrar veiðarinnar, og því er það alveg nauðsynlegt fyrir hina aðra veiðieigendur, að fá samþykki þingsins til að selja veiðina, er tilheyrir Valdastöðum, sem er þjóðjörð, svo að hægt sé að selja veiðina fyrir hinum öðrum jörðum, því það vill enginn maður kaupa veiðina í ánni, nema því að eins, að hann fái alla veiðina. Þess vegna hafa þeir farið fram á, að fá lög um, að selja megi veiðina, er tilheyrir Valdastöðum, til þess að öll veiðin geti orðið seld í einu lagi. Eg verð að álíta, að það væri mjög góð sala fyrir landssjóð, ef hann gæti selt veiðina fyrir þeirri jörð á 4000 kr. Eftir því sem nú stendur, mundi jörðin ekki geta selst fyrir 4000 kr., svo að ef landssjóður fengi 4000 kr. fyrir veiðina, þá hefði hann jörðina fyrir ekki neitt

Það var þetta, sem vakti fyrir flutningsm., að fá heimild til þess fyrir jarðeigendur í Kjósinni, að þeir gætu selt veiðina í ánni, af því hún væri orðin einskis virði, en gæti orðið mikils virði, ef áin væri friðuð um tíma. Eg býst við því, að það komi sú mótbára, að þessi sala komi í bága við annað frv., sem hefir verið samþykt hér í háttv. deild, þar sem bannað er að selja jarðir og jarðarafnot hér á landi í hendur útlendingum. Það er þetta atriði, sem eg er hræddur um að frumvarpið muni stranda á í háttv. deild, en að öðru leyti álít eg að það sé gott fyrir landssjóðinn og hina aðra veiðieigendur, að þeir gætu haft veiðina á boðstólum í Englandi.

Ólafur Briem: Eg vil taka það fram fyrir hönd nefndar þeirrar, sem kom fram með bann gegn því að utanríkismenn megi eiga fasteignir hér á landi, að þetta frumv. kemur að hennar áliti ekki í bága við það; þar er einmitt gjört ráð fyrir, að það verði gjörðar undantekningar frá þeirri reglu, að selja ekki utanríkismönnum jarðeignir, og að því leyti er þetta frumv. alveg í samræmi við hitt frv. (*Klemens Jónsson*: Það er ekki öll veiði).

Hvort sem þeir veiðieigendur, sem hér eiga hlut að máli, selja veiðina eða ekki, þá virðist mér að það geta ekki hindrað landssjóð í að selja sinn veiðirétt, og það finst mér ekki koma neitt í bága við grundvallarhugsun þess frv., sem landbúnaðarnefndin kom fram með, þó að áin yrði síðan öll seld útlendingum, því að nefndin viðurkennir fullkomlega að það getur staðið svo á, að

það sé haganlegt að selja utanríkismönnum jarðir eða jarðarafnot, t. d. að það geti átt sér stað, að landsmenn hafi ekki kraft til að nota einhverjar auðsuppsprettur landsins, og þó að hér kannske sé nú ekki um svo mikið fjárframlag að ræða, þá eru þó kringumstæðurnar þannig vaxnar, að æskilegt væri, að einn væri eigandi allrar veiðinnar. Það finst mér einmitt heppilegast, ekki að eins í þessu tilfelli, heldur ætti það að vera gildandi regla, að öll veiði í sömu ánni væri sameign, þvert á móti því, sem h. þm. Rangv. hélt fram sem sinni skoðun, að hver maður hefði veiðirétt fyrir sínu landi.

Það eru svo miklir agnúar á að setja haganlegar friðunarreglur um veiði, sérstaklega laxveiði, að þegar hefir átt að gjöra einhver ákvæði um veiðiskap, hefir maður rekið sig á, að sumpart hefir það reynst ómögulegt að koma lögum á um slíkt, sakir þess, hve ólíkt hefir staðið á, og margir hafa átt hlut að máli, og sumpart ómögulegt að framfylgja þeim lögum, sem hafa verið sett.

Eg verð að lýsa því yfir, að mér fyrir mitt leyti finst, að þetta frumv. sé ekki að neinu leyti gagnstætt grundvallarhugsun laganna um bann gegn því að útlendingar eigi fasteignir hér á landi, og eftir upplýsingum hæstv. landsh. verð eg að vera meðmæltur þessu frumv.

Klemens Jónsson: Eg get ekki verið samdóma h. þm. Skagf. (Ól. Br.), að þetta frumv. komi ekki í bága við lögin um bann gegn því að utanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi. Eftir skýringu hæstv. landsh., þá á það að vera meining þeirra bænda í Kjósinni, sem hér eiga hlut að máli, að selja veiðina í allri ánni, en í 1. gr. frumv. um bann gegn því að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi, er það gert að skilyrði fyrir sölunni, að um það séu gefin út sérstök lög. Hér er nú einmitt farið fram á þetta fyrir þjóðjörðina Valdastaði, en hina bændurna vantar þá heimild, nema því að eins að þetta frumv. yrði samþykt á undan hinu frumv. Það mundi heldur enginn kaupandi fást, nema því að eins, að þetta frumv. yrði samþ. fyrst. Það er því hætt við að þessi 2 frumv. gætu rekist á, og þó ekki væri svo, þá finst mér það »princip«-brot af þinginu og ósamkvæmni, að fara annan daginn að samþykkja, að ekki megi selja útlendingum jarðeignir eða jarðarafnot, en samþykkja svo hinn daginn, að það megi selja þeim það. Eg er því algerlega á móti þessu frumv.

Jón Jensson: Eg skal bæta því við ræðu h. þm. Eyf. (Kl. J.), að mér finst enn ljósara en hann tók fram, að þetta frumv. ríði í bága við frumv., sem hér var samþykt í deildinni áður. Þetta frumv., eins og það liggur fyrir hér, leyfir alls eigi að selja utanríkismanni laxveiðina, og þó er það tilætlunin með frumv., að Englendingar kaupi hana. Í frumv. er því eigi fólgin nein undanþága frá lögunum um bann gegn því, að utanríkismenn eigi jarðeignir hér eða jarðarítök, og þó væri sú undanþága nauðsynleg, ef frv. ætti að koma að notum, þar sem tilgangurinn er að selja utanríkismanni.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að gera þá athugasemd, að eftir því sem mér hefir verið skýrt frá um þessa veiði, þá liggur spursmálið í því, hvort betra sé, að þar sé alls engin veiði eða að utanríkismaður eigi hana. Mér finst það betra, að þessi hlunnindi héldust, þó að utanríkismaður hefði þeirra not, heldur en að þau eyðilegðust. Að því er snertir frumv. um að banna utanríkismönnum að eiga jarðeignir á Íslandi, þá er alls eigi víst, að það nái

fram að ganga hér á þinginu, því nú er orðið áliðið og málið er í nefnd í Ed. Það væri því leiðinlegt, ef það frv., þó það nái aldrei fram að ganga, yrði til að eyðileggja þetta frumv. Eg vildi heldur, að einhver utanríkismaður ætti þessa laxveiði, en að hún yrði að engum notum, og eg veit að þetta er meining h. flutnm., sem kom fram með frumv. í Ed.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að taka undir með h. þm. Rangv. (Þ. G.), að hér í frumv. felast svo litlar upplýsingar, að eg get varla verið með því. Hér er alls ekki tekið fram um ábúandann, hvaða skaðabætur hann eigi að fá fyrir að missa veiðina. Það getur verið, að ábúandinn hafi lífsábúð eða jafnvel líka fyrir erfingja sína; eg veit það ekki og vantar upplýsingar um það, en það getur orðið talsverður skaði fyrir hann, og mér finst það ófært, að láta hann líða hann bótalaust. Mér finst líka, eins og h. þm. Eyf. (Kl. J.), þetta frumv. koma í bága við stefnuna í hinu fyrra frumv., þó hér sé ekki tekið fram að kaupandinn sé utanríkismaður. Það væri betra að hlutaðeigendur gætu komið sér saman um að leigja ána, og ef það væri fyrir lengri tíma, t. d. 20—25 ár, þá næðist sami tilgangurinn, og eg get varla trúað öðru en að útlendingar gengu að því. Eg get ekki séð annað en að jörðin græddi við þetta. Ef veiðin er seld, þá gengi hún alveg úr höndum Íslendinga, en eg er alveg á móti því að selja útlendingum jarðeignir, og yfir höfuð að tala á móti allri þjóðjarðasölu, og því síður vil eg selja hlunnindi frá jörðum. Eg er þess vegna að eins með því að leigja veiðina.

Þorlákur Guðmundsson: Eg verð að segja, að eg er ekki á því hreina með þetta frumv., því mér finst það, eins og fleirum h. þm., koma í bága við frv. um bann gegn því að utanríkismenn mættu eiga jarðeignir hér. Auk þess skal eg geta þess hér, að það var í vor borin fram uppástunga í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu, af einum af sýslunefndarmönnunum, sýslunefndarmanni Kjósarhrepps, um að selja þjóðjörðina Valdastaði í Kjós, en nefndin vildi ekki sinna þessu, af því bæði var hér um þá þjóðjörð að ræða, sem er ein hin bezta af þjóðjörðum í Kjósar- og Gullbringusýslu, og þar á ofan sérstaka hlunnindajörð. Hlutaðeigandi sýslunefndarmaður lét það þá í ljósi, að hann mundi bera frumv. í þessa átt fyrir þingið, og hér er það nú komið. Eg er á sömu skoðun og h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að það sé nóg að veita heimild til að leigja veiðina. Að selja hana fyrir aldur og æfi gæti orðið eyðilegging fyrir jörðina, þar sem veiðin aftur á móti, eftir nokkur ár, gæti verið orðin góð, ef áin væri friðuð um lengri tíma; eg tel rétt, að málið fái að ganga til 2. umr., og mætti þá breyta því í þá átt, sem h. þm. Vestm. (V. G.) benti á.

— Var þá lagt til að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar, en það felt og umr. haldið áfram.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Af því eg býst við að þetta verði fyrsta og síðasta umræðan um þetta mál, eftir þeim undirtektum, sem það hefir fengið, þá ætla eg að minnast á það örfáum orðum. Eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. landsh. gaf, þá er þetta mikilsvarðandi mál, en það virðist ætla að verða því að fjörlesti, að búið er að samþykkja annað frumv., sem bannar að selja utanríkismönnum jarðeignir. Væri nú þetta álitið þýðingarmikið mál, og hitt frumv. yrði því til fyrirstöðu, að þetta næði að ganga fram, þá er þegar sýnt, að það frumv. hefir verið vanhugsað. Eg hefi áður bent á, að það

væri varhugavert, að það gat naumast komið fyr í ljós en þetta, að svo væri.

Pétur Jónsson: Það er sagt um suma menn, að þeir stígi ekki í vitið, en það verður ekki sagt um h. þm. Eyf. (Kl. J. og J. J.), því þeir bókstaflega stiga í vitið í þessu máli. Eg get ekki séð, hvaða »princip«-brot það væri af landbúnaðarnefndinni, þó hún væri með fyrirliggjandi frumv., þar sem einmitt er tekið fram í 1. gr. hins sítjeraða frumv., að slíkt megi leyfa með sérstökum lögum. (*Klemens Jónsson*: En hina aðra veiðieigendur vantar heimild). Hér er nú að eins um landssjóðseign að ræða, og um sölu á henni út af fyrir sig að ræða. Tilgangur frumv. um bann gegn sölu á fasteignum til utanríkismanna er í 1. gr., og er nú einmitt sá, að banna sölu jarða eða jarðarnot til útlendinga, nema með sérstökum lögum. Er hér því gert ráð fyrir, að sala til utanríkismanna geti verið svo auðsælega til hagnaðar í einstökum tilfellum, að löggjafarvaldið hafi ástæðu til að heimila hana. Ef einhverjir af þeim þm., sem voru með hinu frumv., eru einnig með þessu, þá er það af því, að þeim sýnist það vera auðsær hagur, að selja veiðina í Laxá, og mér dylst það ekki, að hér er um hag að ræða. Það hefir verið tekið fram, að ekki væri hægt að selja þessa veiði, því að hinir aðrir veiðieigendur gætu ekki selt, ef salan til utanríkismanna verður bönnuð. En nú veit enginn, hvernig frumv. um það reiðir af, og þó það yrði samþykt, þá er þó einn vegur, sem eg ímynda mér að framvegis verði farinn í líkum kringumstæðum.

Eg ímynda mér, að ef útlendingur vildi fá keypta veiði í á, þá mundi hann fara til ráðaneytisins og biðja það um að leggja sérstök lög fyrir þingið, sem heimiluðu að selja veiðina, og þá mundi þingið fara eftir því, hvort það áliti það hag eða ekki. Eg hefði að vísu fremur kosið, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að frumv. hefði verið í þá átt, að leigja veiðina um ákveðinn tíma, eða þar hefði staðið, að selja eða leigja, en veit ekki, hvort það þýðir, að fara nú að setja slíkt ákvæði inn.

Einar Jónsson: Eg verð að vera samdóma h. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að þetta frumv. komi ekki í bága við frumv. um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir hér á landi, sem þegar er búið að samþ. hér í deildinni, því að þar er í fyrsta hluta 1. gr. leyft að selja slíkar eignir með sérstökum lögum. Það má nú líta svo á, sem þetta sé í fyrsta skifti, sem frv. kemur í þá átt, að leyfa þess háttar sölu. Það kemur að vísu fram, áður en hið fyrra frumv. hefir verið staðfest, jafnvel áður en það hefir komist út úr þinginu; en eg get eigi séð neitt á móti því. Það getur skoðast sem bygt á því, að gert sé ráð fyrir, að bannfrumv. komist gegnum þingið og verði staðfest. En færi nú svo, að það frumv. kæmist ekki gegnum þingið, væri óheppilegt, að vera búinn að fella þetta frumv., svo framarlega sem það annars er bygt á réttum grundvelli. Að vísu er í þessu frumv. ekki beinlínis tekið fram, að það eigi að vera utanríkismaður, sem selt er, en það má telja víst, eftir því sem fram hefir komið. Og þegar nú 1. gr. hins fyrra frv. heimilar að selja jarðeignir með sérstökum lögum, því má þá ekki eins byrja á því nú þegar, eins og síðar?

En setjum nú svo, að búið væri að selja veiði þá, er hér ræðir um, áður en frv. um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir hér, yrði

samþ., þá væri veiðieignin auðvitað komin í eign utanríkismanns, og gæti þá engan veginn heyrt undir fyrri hluta 1. gr. bannfrumv., heldur heyrði þá mál þetta undir síðari hluta 1. gr. í bannlögunum, sem segir: »Jarðeignir þær, sem utanríkismenn eiga nú, eru undan þegnar þessu ákvæði, þangað til eigendaskifti verða á þeim«. Þess vegna gæti veiðin verið í eign kaupanda óhindrað, meðan hann lifði, en svo ekki lengur. Þá ætti eftir bannfrumv. að selja veiðina, og gæti þá landssjóður keypt, ekki einungis þessa veiðieign aftur, sem hér um ræðir, heldur alla veiðina í Laxá. Sérstaklega gæti þetta komið til greina, ef inn í bannlögin væri tekin sú ákvörðun, sem nú hefir verið hreyft á þinginu, að þegar eignir utanríkismanna væru seldar, skyldi landssjóður hafa forkaupsrétt að þeim.

Björn Sigfússon: Eg er því samdóma, að það sé rétt, sem sagt hefir verið, að þótt frv. þetta sé samþykt, þá komi það alls ekki í bága við frv. landbúnaðarnefndarinnar um að utanríkismenn megi ekki eiga jarðeignir hér í landi, af því að í því frumv. er einmitt gjört ráð fyrir, að undanþágur frá þessu geti orðið veittar með sérstökum lögum, og hér er um slík sérstök lög að ræða. Það er sannarlega vandræðalegt að svo skuli vera komið, að vér þurfum að selja útlendingum rétt til laxveiði í ám vorum, til þess að bjarga henni frá eyðileggingu. Það sýnir bezt, hvað laxafriðunarlög vor eru ótullkomin, að þingið skuli engin önnur ráð sjá til að bjarga veiði þeirri, sem hér ræðir um, en að selja hana útlendingum í hendur. Þetta er, því miður, engan veginn fyrsta tilfellið, að Íslendingar séu að tæma laxárnar; það er búið að því allvíða á landinu, til hinnar mestu vanvirðu og skaða. Eins og nú stendur, er ekki annað sýnna en að laxveiði muni smáeyðast hér í landi, ef ekki eru sett tryggari laxafriðunarlög. Það gat varla fyr komið fram en þetta, hvílíkt vanhyggjuráð h. deild tók, er hún hafnaði tillögunni um að skora á stjórnina að undirbúa ný laxafriðunarlög, og leggja þau fyrir þingið. Þetta dæmi ætti að sannfæra friðunarmótmælendur um, að þeir hafa þar gjört mikið glappaskot. Það liggur hér svo ljóst fyrir, hvert stefnir í þessu máli, að eins og hæstv. landsh. tók fram, er að eins um tvent að velja, annaðhvort að selja veiðina í þessari á, eða lofa henni að eyðileggjast, því að eigi er unt að friða hana, eins og þörf er á, meðan vér lifum undir hinum núgildandi friðunarlögum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Önnur umr., (C. 416, 457, 482); 18. ágúst.

Valtýr Guðmundsson: Eins og eg tók fram við 1. umr. þessa máls, finst mér það brjóta bág við stefnu þingsins, að selja útlendingum þó ekki sé nema ítök í þjóðjörðum, og eg tók þá jafnframt fram, að hægt væri að ná sama takmarkinu með því að leigja jarðirnar um marga ára bil. Eg skil ekki, að útlendingum sé það ekki sama, þó þeir fái ekki jarðirnar keyptar, ef þeir fá þær leigðar upp á lífstíð. Þegar nú er að ræða um fullorðna menn, því börn fara naumast að leigja ána, virðist hæfilegt að ákvarða leigutímann milli 10—30 ára, og mun hann þá hrökkva til á við lífstíð fullorðins manns. Eg hefi því leyft mér að koma með breyt.till. í þessa átt.

Þar sem gjört hefir verið ráð fyrir í frumv., að jörðin yrði seld fyrir að minsta kosti 4,000 kr., áleit eg hæfilegt að ákveða leigugjaldið 50—200 kr.

á ári, og að öðru leyti fela hæstv. lh., hvað um semdist, ef jörðin leigðist, þó með þeim fyrirvara, að eftir því sem leigutíminn yrði lengri, væri leigan ákveðin hærri. Eg álít þetta heppilegri veg.

Að því er breyt.till. við mína breyt.till. snertir, sem sé að leigja ána alt að 99 ár í senn, þá sé eg ekki, að hún svari betur tilgangi. Þeir, sem vilja leigja ána, munu naumast hugsa svo fram í tímann, að þeir fari að leigja hana fyrir börn og barnabörn, og á hinn bóginn skil eg ekki, að þurfi 99 ár til að koma laxveiðinni í gott horf. Seinni till. er alveg eins góð og mín upphaflega breyt.till., og ef til vill heppilegt að ákveða að eins lægsta takmarkið fyrir leigunni.

Það getur verið, að því er fyrri breyt.till. snertir, að annað hafi vakað fyrir hinum h. þm. en eg sé, og getur verið að eg fallist á málstað hans, ef eg heyri hann skýrðan ítarlegar.

Ólafur Briem: Það sem vakti fyrir mér, þegar eg samdi brtill. á þingskj. 482 um að veita stjórninni heimild til að leigja hina umræddu veiði í Laxá í Kjós lengur en 10—30 ár, var það, að eg vildi ekki að farið væri að semja lög, sem ekki gætu komið að fullum notum, og þannig var með leiguna á þessari á, að eg vildi að leigjandi hefði sem mest upp úr henni; en skilyrði fyrir því er það, að hann geti samið um nógu langan tíma. Eg er á sama máli og háttv. þingm. Vestm. (V. G.), að betra sé að leigja ítök en selja, ef hægt er að komast að góðum samningum í því efni. Þó álít eg að það þurfi ekki að vera óbrigðul regla, og einmitt í þessu tilfelli verð eg að hallast að því, að óhætt væri að leyfa sölu og það mætti koma því til leiðar, ef sett væri inn í frumv. sérstök grein, sem leyfði sölu þessa með þeim fyrirvara, að lagafrumv. það, sem nú er til meðferðar í efri deild, um bann gegn því að utanríkismenn megi eiga jarðeignir hér á landi, öðlist gildi. Ef menn nú að eins vilja leyfa leigu, vil eg að landsstjórnin hafi sem frjálsastar hendur, og uppástunga mín fer í þá átt að lengja leigutímann alt að 99 árum, enda er oft hægt að ná betri samningum, þegar leigt er til lengri tíma. Eg er í efa um, hvort nokkura lagaheimild þurfi til að leigja fyrir þann tíma, sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) tiltekur, 10—30 ár; eg held stjórninni sé heimilt að gera það án laga. Það er að eins tryggilegra fyrir landsstjórnina, að hafa lagaheimildina, ef um langan tíma er að ræða.

Hina seinni breytingartill. hefi eg komið fram með í því skyni, að landsdrottinn gæti sætt því boði, er bezt býðst, án þess að vera bundinn við hámarkið í brtill. þm. Vestm. (V. G.), 200 kr.

Valtýr Guðmundsson: Mér er það náttúrlega ekkert kappsmál, hvort till. mín eða háttv. þingm. Skagf. (Ó. B.) verður samþykt, en mér finst, að landsstjórninni séu gefnar nokkuð frían hendur eftir breytingartill. hins háttv. þm. Samkvæmt henni getur stjórnin, ef hún vill, leigt ána fyrir að eins 50 kr. í 90 ár; henni er enginn skildagi settur með það. Þar á móti er til ætlast með minni, að stjórnin leigi ána 10—30 ár, en gjaldið fari hækkandi eftir því, sem árin eru fleiri, fyrir 10 ár t. d. 50 kr. á ári og svo tiltölulega hækkandi úr því, alt að 200 kr. Eg veit ekki, hvort sá skilningur minn er réttur, en mér finst mega leggja þann skilning í brt. þingm. Skagf. (Ó. B.), að stjórninni sé heimilt að leigja ána fyrir að eins 50 kr. á ári í 99 ár.

ATKVGR.: 1. brt. á þingskj. 482 við 1. brt. á 457 feld með 11 : 10 atkv.

2. brt. á þingskj. 482 við 1. brt. á 457 samþ. með 13 samhlj. atkv.

1. brt. á þingskj. 457 þannig breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. þannig fallin.

2. brt. á þingskj. 457 samþ. án atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 492) 21. ágúst.

Frumv. var samþ. með 15 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Umsjón og fjárhald tveggja landssjóðskirkna.

FRUMVARP til laga um að umsjón og fjárhald tveggja landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur (C. 80); 1. umr., 18. júlí.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Eins og háttv. þingdeild er kunnugt, lá fyrir þinginu 1897 tillaga um, að söfnuðurinn í Munkaþverársókn tæki að sér fjárhald kirkjunnar þar, ef hann fengi 5500 kr. ofanálag, og var málið um þessa kirkju og fleiri landssjóðskirkjur sett í nefnd. Nefndin í þessu máli lagði það til, að söfnuðurinn í Munkaþverársókn fengi 4000 kr. með kirkjunni. Eg lýsti þá yfir því, að mér væri kunnugt, að söfnuðurinn tæki ekki að sér kirkjuna með þessum kjörum, en taldi líklegt, að hann mundi gera það, ef farið væri meðalveg. Nefndin hækkaði þá upphæðina í 4500 kr., og var það samþykt hér í þinginu, en söfnuðurinn í Munkaþverársókn hefir neitað að ganga að þessu álagi, og heldur fram sama 5500 kr. álagi og áður. Þetta tilboð frá sóknarnefndinni fyrir ir hönd safnaðarins fekk eg eftir að eg var kominn hér á þing og áleit eg mér skylt að bera það fram í frumv.-formi, til þess að þinginu gæfist kostur á því á ný að íhuga málið, en til að fyrirbyggja allan vafa, skal eg taka það þegar fram, að mér stendur sjálfum á sama, hvort frumv. verður samþ. eða ekki, en þar sem sú stefna mun ríkjandi hjá þinginu, að vilja helzt losna við landssjóðskirkjur, þá virðist mér rétt að samþykkja þetta álag á kirkjuna, því eg get ekki skilið í því, að þingið geri að kappsmáli litla upphæð, og eftir því sem eg hefi talað við málsmetandi menn í þessari sókn, er ekki til neins að hugsa til að miðla málum eða færa álagið niður í t. d. 5000 kr., svo ef þingið getur ekki gengið að álagsupphæðinni óskertri, er sjálfsagt að fella málið nú þegar. Það er tekið fram í skjali sóknarnefndarinnar, að kirkjan sé orðin gömul og óbrúkandi (yfir 50 ára), og get eg ekki annað en undirskrifað það, að hún er naumast fær til messugjörðar að vetrarlagi, og að fyrirsjáanlegt er, að landssjóður verður innan skamms að leggja henni töluvert fé. Álít eg því rétt fyrir þingið að taka tilboði safnaðarins; en sjálfum stendur mér sem sagt á sama, hvort það er gert eða ekki, og sama er að segja um söfnuðinn í Munkaþverársókn.

Valtýr Guðmundsson: Þetta frumv. um Vestmannaeyakirkju á sér dálitla sögu, sem eg verð að drepa á. Svo stóð á, að á síðasta þingi var í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar tillaga um að að leggja harmonium til kirkjunnar í Vestmannaeyum, en fjárveitingin til þess var strikuð út hér í nefndinni, og framsögumaður nefndarinnar sagði meðal annars, að nefndin vildi ekki veita söfnuðinum hljóðfærið, af því

hann vildi ekki taka að sér kirkjuna, og undirskrifaði nefndin þetta í áliti sínu, og átti það auðsjáanlega að vera til þess að hefna sín á Vestmannaeyingum. Það var því sjálfsagt, að leita betur fyrir sér um samninga við söfnuðinn í Vestmannaeyum, hvort hann vildi taka að sér fjárhald kirkjunnar; var málið því aftur borið fyrir söfnuðinn samkvæmt vilja þingsins; en þar sem oft stendur nokkuð lengi á því, að fá saman lögmætan safnaðarfund, dróst það þangað til 11. desbr. 1898. Var þar lagt fram álitsskjal tveggja smiða þar á eyjunum um ástand kirkjunnar og nákvæm áætlun um, hvað kosta mundi að gera við hana, svo hún gæti orðið sómasamlegt guðshús. Er reikningur þeirra nákvæmlega sundurliðaður, og sýnir hann, að ekki muni hægt að komast af með minni upphæð til aðgerðarinnar en um 5000 kr. Þegar á safnaðarfundinn kom, virtist sumum sóknarmönnum, að hér væri ekki tekið nærri alt með í áætlunina, er þyrfti, svo sem þrumuleiðari á kirkjuna, þar sem hún stæði hátt og á bersvæði, ofn í hana o. s frv., og væri því ekki hægt fyrir söfnuðinn að taka hana að sér með 5000 kr. álagi. Eftir langar umræður var borin upp tillaga um, að söfnuðurinn tæki að sér kirkjuna með 6000 kr. álagi. Var það felt, og sömuleiðis 6500 kr. álag. Loks var borin upp tillaga, að söfnuðurinn tæki að sér fjárhald kirkjunnar með 7000 kr. álagi, og var það samþykt í einu hljóði. Á safnaðarfundinum voru 64 atkvæðisbærir menn af 93 alls.

Prófasturinn í Rangárvalla-prófastsdæmi hefir þvínæst skrifað stiftsyfirvöldunum um málið 20. marz 1899, og ræður hann til, að boði safnaðarins verði tekið, að hann taki að sér fjárhald kirkjunnar. Reyndar sé álagið nokkuð hátt, en skoðunargjörð smiðanna bendi líka á, að kirkjan muni þurfa mikla aðgerð. Enda hafi sér virst það sama, þá er hann hafi skoðað kirkjuna 1897, og muni því boð safnaðarins ekki vera óaðgengilegt fyrir landssjóð. Síðan hefir amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu skrifað landshöfðingja um málið 28. apríl þ. á. og álítur hann tilboð safnaðarins óaðgengilega hátt, og hefir það líklega orðið þess valdandi, að stjórnin hefir ekki lagt frumv. fyrir þingið um, að söfnuðurinn tæki að sér fjárhald kirkjunnar.

Söfnuðinum á Vestmannaeyjum er alls enginn áhugi á því, að taka að sér kirkjuna. Var málið rætt þar á þingmálafundinum í vor, og heyrðist mér illur kurr í mönnum, og þeir iðrast eftir samþyktina á fundinum í vetur, og er eg viss um, að málið hefði fallið þar þá, hefði það verið borið undir atkvæði, og væri þeim því víst langkærast, að málið félli hér í deildinni, svo að þeir þurfi ekki að taka að sér kirkjuna, en þá má þingið reiða sig á, að margar bænir koma frá Vestmannaeyingum um aðgjörð á kirkjunni, og þar sem landssjóður er skyldur að láta gera við hana, þá held eg sé fyrirsjáanlegt, að það mundi kosta meir en 5000 kr. fyrir hann, að láta gera við hana, og hver veit hvað það verður síðar?

Tekjur kirkjunnar 1896 voru 101 kr. netto, og 113 kr. 1897, svo það hlýtur ekki að vera neinn gróðavegur fyrir landssjóð að eiga hana, og þingið má verða guðsfegið að losna við hana með 7000 kr. álagi.

Eg ætla ekki að tala frekara um þetta mál að sinni, og legg það á vald háttv. deildar, hvernig hún fer með það, en verði það felt, getur þingið átt von á töluverðum fjárkröfum til kirkjunnar og það jafnvel á þessu þingi.

Sighvatur Árnason: Eg ætla að tala

fáein orð ekki um Munkaþverárkirkju, því þar er eg ekki kunnugur, en hvað Landakirkju í Vestmannaeyjum snertir, þá þykir mér fara að verða »dýrt drottins orðið«, ef þessu er sint, sem hér er farið fram á.

Eg verð að líta svo á, sem krafa safnaðarins sé nokkuð frek, þar sem háttv. flutningsm. (V. G.) tekur fram, að söfnuðirnir vilji að eins taka að sér kirkjuna með 7000 króna álagi, og aðgjörð kirkjunnar, er eftir dómi skoðunarmanna muni nema 5000 kr.

Þegar þetta er athugað, finst mér ástæða til, að yfirvega málið vel og vandlega, áður en því er ráðið til lykta eða hlaupið til með hvert þúsundið af öðru til Landakirkju.

Eg er nokkuð kunnugur því, hvað dýr ný kirkja mundi verða í Vestmannaeyjum, því nú er nýbygð kirkja í Rangárvallaprófastsdæmi, öll úr timbri og járnklædd, sem væri nægilega stór fyrir söfnuðinn í Vestmannaeyjum. — Er hún fullgjör, nema að eins eftir að mála hana innan, og hið veglegasta hús í alla staði, og þó kostar hún ekki nema nálægt 7000 kr.

Virðist mér því liggja næst fyrir landssjóð, að byggja nýja timburkirkju handa Vestmannaeyja-söfnuðinum, því söfnuðurinn mundi ekki geta neitað að taka á móti henni án álags, en landssjóður ætti svo gömlu kirkjuna, sem mikið verð hlýtur að liggja í.

En mér þykir það nokkuð djarft, að hugsa sér, að fleygja út 5000 kr., til að gjöra við Landakirkju, eftir skamman tíma síðan hún fekk viðgerð, eða 7000 kr. til að losna við hana.

Eg held það ætti betur við, ef menn vildu ekki taka hinn kostinn, að alveg óviðkomandi menn væri látnir meta álag á kirkjuna eða aðgjörð á henni, ef til þeirra kasta kæmi; því mér þykir eitthvað bogið við það, að nú þurfi 5000 kr. til að gjöra við hana, því að seinast, þegar fyrir nokkurum árum eg sá Landakirkju, sýndist mér hún vænlegt hús og varanlegt, sem að sönnu þyrfti nokkurrar aðgjörðar, og hana er hún búin að fá síðan.

Eg get því ekki gengið inn á, að leggja 7000 kr. til kirkjunnar, því það væri hið sama sem að gefa söfnuðinum gömlu kirkjuna, í stað þess, að landssjóður bygði söfnuðinum nýja kirkju og tæki svo sjálfur hina gömlu, og ekki heldur get eg samþykt það, að leggja henni 5000 kr. til aðgjörðar. Eg hefi að vísu ekki kynt mér nógu nákvæmlega ástand Landakirkju, eins og það er nú, en eg vildi vekja athygli háttv. deildar á því, að eg efa mjög, að jafn-mikið fé, 5000 krónur, þurfi til aðgjörðar hennar og hér er farið fram á, eða að sanngjarnt álag á hana nemi 7000 kr.

Pétur Jónsson: Eg er á sama máli og háttv. þingm. Vestm. (V. G.), að það mundi borga sig bezt fyrir landssjóð, að láta söfnuðinn í Vestmannaeyjum taka að sér umsjón og fjárhald kirkjunnar þar, og jafnvel þó það kostaði landssjóð meira en 7000 krónur, það er að segja, að kaupa Vestmannaeyjasöfnuð af höndum sér, þegar litið er á hvað söfnuðurinn hefir verið kostnaðarsamur hingað til.

En þegar litið er á það, að samkvæmt athugasemdum þeim, sem gjörðar hafa verið, og sýnt fram á, að þetta 7000 kr. ofan-álag, sem Vestmanna-eyingar þykjast þurfa með kirkjunni, muni vera meir en nægilegt til þess, að byggja nýja kirkju, þá verð eg að álíta, að söfnuðurinn sé varla fær um, að taka að sér fjárhald og umsjón kirkjunnar, og mun eg því leggja til, að skipuð sé nefnd í málið við lok umræðunnar.

Halldór Daníelsson: Eg get nú verið stuttorður, og skal að eins geta þess, að háttv. þingm. Vestm. (V. G.) hefir ekki hrætt mig með hótunum sínum. Vestmannaeyjar eru ekki stór hluti landsins, en þær kosta samt mikið, það er að segja: landssjóður verður að leggja ærið fé til þeirra.

Þetta kjördæmi liggur langt úti í hafi, og þarf þó að kosta svona mikið, miklu meira en til annara sýslna. — Þær hafa bæði dýran lækni og sýslumann, og það eina, sem þær ættu nú að sýna tilhliðrun í við landssjóð, er að taka að sér kirkjuna; en í stað þess, að sýna tilslökun, þá heimtar þetta kjördæmi ætíð meira og meira.

Fyrir nokkurum árum var lagt járnþak á kirkjuna, sem með annari viðgjörð kostaði um 1200 kr. Nokkuru síðar kostaði aðgjörð á turninum 500 krónur, og nú kemur það upp úr kafinu, að járnþakið sé orðið ónýtt, af því það hafi verið flutt á saltskipi.

Eg vil auðvitað ekki, að réttur Vestmannaeyinga sé að neinu leyti fyrir borð borinn, enda hygg eg, að þeir verði tilslökunarsamari, þegar af þeim er mesti móðurinn, og mér liggur við að vera á sama máli og þeir háttv. þingm., sem talað hafa um, að byggja nýja kirkju.

En heldur vil eg að þeim sé bygð ný og sæmileg kirkja, heldur en að sinna þessum kröfum þeirra, sem eru mjög freklegar, að eg ekki segi ósanngjarnar.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi ekki miklu við að bæta við það, sem búið er að taka fram, en tek undir með h. þm Vestm. (V. G.), að heppilegt væri fyrir landssjóð, að losna við Landakotskirkju, en álít aftur á móti, að varhugavert sé fyrir þingið, að ganga að kröfum, sem ganga langt fram yfir það, sem þörf er á og sennilegar eru. — En það er auðséð, að þessi krafa gengur langt fram yfir þörf.

Eg hefi sjálfur staðið fyrir kirkjubyggingu, þar sem kirkjan rúmar um 400 manns, og er hún að dómi þeirra, er til þekkja, og þar á meðal biskups sjálfs, ein með snotrari sveitakirkjum. Sú kirkja kostaði 3500 kr, og eftir því ætti maður nokkurn veginn að geta séð, hvað ný kirkja í Vestmannaeyjum þyrfti sennilega að kosta.

Út af orðum háttv. þingm. Vestm. (V. G.), þar sem hann sagði, að þingið 1897 hefði eins og verið að hefna sín með því, að neita að borga orgel í kirkjuna, þá mætti eins vel segja, að Vestmanneyingar væru nú að hefna sín með því, að krefjast 7000 kr. heimanmunds frá landssjóði.

Eg hefi heldur aldrei vitað, að svo væri álitið, að kirkjur þyrftu þrumuleiðara til þess, að vera álitnar í góðu standi, og eg skil ekki, að Vestmannaeyingum sé hættara við þrumum og eldingum en öðrum söfnuðum, eða að minsta kosti hafa eldingar ekki orðið kirkju þessari að slysi mér vitanlega.

Mér finst þetta dæmi upp á að vilja níðast á landssjóði, og eg tek þetta einkum fram í tilefni af orðum háttv. þingm. Vestm. (V. G.), þar sem hann sagði, að þingið 1897 hefði eins og viljað hefna sín á Vestmannaeyingum með því, að vilja ekki kaupa handa þeim orgel.

En ef krafan væri sanngjörn, mundi eg greiða atkvæði með málinu.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Af því að eg var einn í nefndinni 1897, þá skal eg leyfa mér að segja fáein orð. — Eg var því þá samþykkur, að gjöra þessi tilboð, en játa þó, að eg varð nokkuð efablandinn, þá er háttv. þm. N.-M. (E. J.) tók fram í ræðum sínum, að efasamt væri, hvort landssjóður hefði nokkurn hag af því.

Í vor fekk eg að vita hjá landshöfðingja, að enginn söfnuður hefði tekið að sér kirkju sína enn, og sýnist því áhuginn ekki mikill.

En nú bjóðast tveir söfnuðir til að taka að sér kirkjur sínar fyrir 7000 kr. og 5500 kr. Um Vestmannaeyjakirkju er nú þegar búið að ræða svo mikið, að eg þarf þar ekki neinu við að bæta, en um hina, eða um Munkaþverárkirkju, vil eg geta þess, að mig minnir, að þar sé fremur fámenn sókn. Og þegar eg svo gæti að því, að háttv. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) hefir bygt kirkju, sem þykir í alla staði sæmileg, og rúmar 400 manns, fyrir 3500 krónur, þá dylst mér ekki, að þessi krafa er mjög há.

Mér hefir því dottið í hug, hvort ekki væri annar vegur, t. d. að fækka kirkjum, eða leggja niður, þar sem þær eru þétt settar á fjölbygðum svæðum, eða þá að leggja kirkju með jörðinni til prestakalls, því prestum yrði æfinlega ódýrara að byggja en landssjóði.

Eg vildi að eins benda á, hvort þetta gæti ekki verið tiltækilegur vegur.

Halldór Daníelsson: Eg stend að eins upp til þess, að stinga upp á að kosin sé 3 manna nefnd, í von um, að Vestmannaeyingar séu skynsamir og góðir drengir, en engir þrákálfar.

ATKVGR.: Nefnd samþykt með 16 atkv.

Kosningu hlutu:

Halldór Daníelsson	með	10 atkv.
Jón Jónsson, þm. A.-Sk.	—	9 —
Valtýr Guðmundsson	—	8 —

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 80, 266); 5. ágúst.

Framsögumaður (*Halldór Daníelsson*): Eg vona, að nefndarálitið sé nokkurnveginn ítarlegt, eftir því, sem kostur er á, og að ekki sé miklu þar við að bæta. Eins og eg tók fram við fyrri hluta þessarar umræðu, þá þótti oss kirkjurnar heldur háar í kröfum sínum, einkum Vestmannaeyjakirkja, og höfum vér því stungið upp á, að landssjóður skili Vestmannaeyjakirkju með 6000 kr. Eftir áætlun, er 2 smiðir í Vestmannaeyjum gerðu í síðastliðnum desembermánuði, þá ætti gagngjörð aðgjörð á kirkjunni að kosta 4040 krónur. — Annar þessara smiða dvelur nú hér í Reykjavík, og hefir hann látið í ljósi við mig, að áætlunin mundi heldur lág, með sérstöku tilliti til þess, sem að nokkuru leyti er tekið fram í áætluninni, að ýmsir fleiri gallar kynnu að koma í ljós, þegar farið væri að rífa, sem ekki sæist nú, og því væri ekki hægt að gjöra áætlun um.

En þó hygg eg, eftir því, sem eg hefi kynt mér málið og talað við ýmsa kunnuga menn, að fullnægjandi viðgjörð á kirkjunni mundi ekki fara mikið fram úr 5000 kr.

Eg vona, að háttv. þingdeildarm. geti sannfærst um af nefndarálitinu, að það sé síður en svo ágóði fyrir landssjóð, að hafa fjárhald kirkju þessarar, og þá álít eg Vestmannaeyinga vel sæmda af, að fá kirkjuna í góðu standi, og með nálægt 1000 kr. sjóð, en eftir því sem eg hefi nákvæmlega kynt mér, þá munu þeir alls ekki ganga að minna.

En hins vegar álít eg, að landssjóður ætti að sjá sóma sinn, að leggja sinn hlut til þess nú, að þessu sinni, að kirkja þessi verði í góðu standi, því hún er steinkirkja, eins og allir vita, og eitt af hinum sárfáu mannvirkjum, sem hér eru til frá fyrri tímum, þó að sorglegt sé að játa það um þjóð, sem búin er að hokra um þúsund ár.

Fer eg svo ekki fleiri orðum um þetta, en vona, að málið fái að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 80, 266); 9. ágúst.

Framsögumaður (*Halldór Daníelsson*): Eg hefi litlu við það að bæta, sem eg sagði við 1. umræðu málsins. Eg skal að eins geta þess viðvíkjandi Munkaþverárkirkju, að kirkjan er orðin mjög gömul, hún er bygð 1844. Netto-tekjur af henni eru 52 kr. 16 aur., svo gróðinn er ekki mikill fyrir landssjóð, og þegar þess er gætt, að hún er svo hrörleg, að alt af þarf að vera að gjöra við hana, eða, að öðrum kosti, að byggja nýja kirkju.

Hvað álaginu viðvíkur hefir söfnuðurinn farið fram á, að það væri 5500 kr., en nefndin hefir stungið upp á 5000 kr. álagi, og álítur, að söfnuðurinn sé full-sæmdur af því.

Sóknarmenn eru nefnilega 244, og nefndin álítur, að þeir þurfi ekki eins stóra kirkju og þá, sem þeir hafa nú, hún er 12 álna breið og 20 álna löng.

Deildinni þykir ef til vill þetta 5000 króna álag nokkuð hátt, en eg ímynda mér, að kirkjan fari með það.

Eg skal til dæmis geta þess, að nýlega hefir verið gert við þakið fyrir 600 kr., og altarisklæði var henni lagt; það kostaði 400 kr. Hún býr nú ef til vill að þessu, en þetta er ákaflega dýrt fyrir landssjóðinn.

Sama máli er að gegna með Vestmannaeyjakirkju, hún er dýr landssjóðnum.

Af nefndarálitinu sést, að á árunum 1885—1895 hefir verið varið til hennar 2500 kr., en tekjur af henni hafa á ári verið netto 104 krónur og 26 aurar. — Þar við bætist, að búast má við fjárframlögum til hennar framvegis, og hefir því nefndin álitið, að það gæti borgað sig fyrir landssjóð, að láta 6000 kr. fyrir að losna við hana.

Það er nú einu sinni svo, að þegar húsbóndinn er ríkur, þá heimta menn margt, sem þeir mundu spara, ef þeir ættu að skaffa það sjálfir.

Alt af er verið að biðja um fé til þessara kirkna.

Auðvitað getur þingið neitað, en það gjörir það ekki, að minsta kosti veitir það féð í smá-skömtum, og það dregur sig saman.

Eg held því, að það væri hreinn gróði fyrir landssjóð, að ganga að þessu.

Þorlákur Guðmundsson: Það er ekki tilgangur minn, þó eg standi upp, að vekja ófrið við minn góða sessunaut, enda heyrðist mér á orðum hans, að hann mundi líta nokkuð líkt á þetta og eg, og þykja söfnuðirnir harðir í kröfum sínum.

Nefndin kallar Vestmannaeyjakirkju forngrip, og telur það kost, en eg get nú ekki verið á sama máli um það; kirkjan mætti fyrir mér gjarnan vera yngri, enda verður hún ekki flutt hér á Forngripasafnið eða á annan hátt á almannafæri, þar sem hún geti verið til skoðunar innlendum og útlendum. Eg fyrir mitt leyti byggi ekki mikið á því, sem smiðirnir hafa látið uppi um kostnaðinn, því að þeir eru víst í söfnuðinum, og þess vegna er mikil ástæða til að halda, að þeir séu ekki alveg óhlutdrægir.

Eg skil ekki í, að kostnaðurinn verði svona mikill, því þetta er steinkirkja, og má því brúka veggina.

Eg vil láta senda byggingarfróðan

mann héðan úr Reykjavík til eyanna og skoða, hvað mikið þurfi að gjöra við, og gjöra áætlun um kostnaðinn.

Þegar svo er búið að gjöra við kirkjuna, vil eg að söfnuðinum sé fengin hún í hendur.

Ef Vestmannaeyjakirkja hefði verið í höndum safnaðarins, mundi hún hafa verið í betra standi og minna til hennar kostað.

Það dugar ekki fyrir þingið að láta söfnuðina kúga sig, því kröfur þeirra geta gengið í það óendanlega; það á að gera vel við söfnuðina og heiðarlega, og það álít eg gjört, ef húsin eru endurbætt eða bygð upp að nýju, og svo löghelguð söfnuðunum til ævarandi umsjónar og eignar.

Klemens Jónsson: Nefndin í þessu máli hefir lagt það til, að hvað Vestmannaeyja kirkju snertir, sé tillagið fært úr 7000 kr. niður í 6000 kr.; hefir alt svo lækkað það um 1000 kr. En eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls, er þetta alt of hátt í sjálfu sér, þar sem hefir verið gjörð áætlun um að 5000 krónur mundu nægja til að gjöra við þetta musteri, og það með því að gjöra það fremur ríkulega úr garði. Eg þarf því ekki að taka það fram, að eg álít tillagið óhæfilega hátt, og þó það sé fært niður í 6000 kr.

Hvað snertir Muunkaþverárkirkju, þá neitar söfnuðurinn að taka við henni, nema henni fylgi 5500 kr. A síðasta þingi var álagið á þessa kirkju gjört 4500 kr., nú hefir nefndin farið meðalveg., nefnil. 5000 kr. Eg verð að álíta, að söfnuðurinn gæti tekið kirkjuna að sér með þessu álagi, ef honum væri þetta nokkuð áhugamál, en það er síður en svo sé, og eg tel það vafasamt, að hann vilji sinna þessu boði. Eg hygg því, að það muni ekki vera til mikils að halda þessu frumv. lengur áfram, það muni hvorki vera h. deild geðþekt, og muni heldur ekki verða þegið af söfnuðinum sjálfum. Það, sem kom mér aðallega til að standa upp, voru ummæli h. þm. A.-Sk. (J. J.) við síðustu umræðu þessa máls. Hann er nú í minni hluta í nefndinni, og get eg hugsað mér, að fyrir honum hafi vakað, að sameina Munkaþverárkirkju við einhverja aðra kirkju, eins og hann lét í veðri vaka við fyrri umræðu þessa máls. Eg er honum samdóma um, að það væri mjög æskilegt, einkum þegar þess er gætt, að frá Akureyri inn á instu bæi í Eyjafirði er 6 tíma reið. Á þessu svæði, sem er aðallega einn, ekki ýkja breiður dalur, með 2—3 afdölum, eru 7 kirkjur, og er því, sem nærri má geta, skamt á milli. Presturinn við Saurbæjarkirkju hefir 4 kirkjur. Það er örstutt reið á eina, svo sem hálftíma reið á aðra, og á hina þriðju er alt að því klukkutíma reið.

Hvað hinar þrjár kirkjurnar snertir, Grundar, Munkaþverár og Kaupangskirkja, þá er einnig örskamt á milli þeirra. Eg álít nú að það eigi að fækka þessum kirknasæg, og byggja færri og álitlegri kirkjur í þeirra stað; en þær kirkjur, sem helzt eru tök á að sameina við Munkaþverárkirkju, það eru Kaupangskirkja og Grundarkirkja, en þær eru bændakirkjur. Mér er eigi vel ljóst, hvernig slík sameining getur komist á; af því h. þm. A.-Sk. (J. J.), er slíku eðlilega miklu kunnugri en eg, þá vildi eg gjarnan fá að heyra hans álit um það, hvernig koma eigi slíkri sameiningu á, því þá vil eg gjarnan stuðla að því eftir fremsta megni. Þrátt fyrir það, þó nefndin hafi sýnt mikinn dugnað í þessu máli, og skrifað ítarlegt nefndarálit, og þrátt fyrir snjalla framsögu, þá verð eg þó að leggja það til, að málið sé felt að þessu sinni, því

eg hygg það hvorki geðfelt fyrir deildina, né hlutaðeigandi söfnuði.

Tryggvi Gunnarsson: Eg verð að vera h. 1 þm. Eyf. (Kl. J.) samdóma um, að það sé óþarflega hátt álag 6000 kr. á Vestmannaeyjakirkju, en eigi að síður ætla eg að greiða atkvæði með því, vegna þess mér þykir miklu til þess kostandi fyrir landssjóð, að vera laus við þessar sífeldu bænir Vestmannaeyinga.

Að því er Munkaþverárkirkju snertir, leggur nefndin til, að til hennar sé lagt 5000 kr, en eg álít að það sé óþarflega hátt. Fyrir 4000 kr. og það sem gamla kirkjan leggur til álít eg að mætti byggja laglega kirkju fyrir ekki stærri sókn en til þeirrar kirkju á að sækja. Gamla kirkjan var upphaflega bygð vönduð og viðamikil, svo það hlýtur að vera enn þá talsvert af nýtum viðum í henni. Eg man eftir, þegar eg kom í kirkjuna, að það var t. d. nærri óprýði, hvað margir bitar voru í henni. Flutningsm. hefir skýrt frá, að sóknarmenn muni ekki vilja taka við kirkjunni með minna álagi en 5000 kr., álít eg því réttast að þingið hætti við þá samninga, en veiti 4000 kr. til að byggja kirkjuna að nýju, og landsstjórninni sé svo falið að láta byggja kirkjuna, og skila henni þá í fullgildu standi. Eg tel líklegt, að trésmiðir á Akureyri verði fúsir á, að byggja kirkjuna upp á »akkord« fyrir þetta verð, þegar þeir um leið fá gömlu kirkjuna. Eg ætla þess vegna að greiða atkv. móti tillögunni.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Eg hefi ekki getað orðið h. meðnefndarmönnum mínum samdóma í öllu; eg hefi helzt verið á því, að of mikið væri að leggja 5000 kr., auk heldur 5500 kr, til Munkaþverárkirkju. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að sú kirkja geti sameinast við aðra kirkju í Grundarprestakalli, nefnil. Kaupangskirkju. Það er að vísu, eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, bændakirkja, en eg veit dæmi til, að bændakirkjum hefir verið steypt saman við aðrar kirkjur, t. d. Skóga og Steina kirkjum undir Eyjafjöllum við Eyvindarhólakirkju; eg man ekki svo glögt nú, með hvaða skilmálum það var gert, en það er hægt að fá upplýsingar um það, enda geta skilmálarnir verið nokkuð misjafnir, eftir því sem á stendur.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem er kunnugur í Eyjafirði, hefir sagt mér, að þessar tvær kirkjur væri sjálfsagt hægt að sameina, og eg ímynda mér því, að það mætti takast með samþykki hlutaðeigandi sóknarmanna. En geti það ekki fengið framgang, þá er eg fyrir mitt leyti samþykkur því, sem h. 1. þm. Árn (Tr. G.) hefir tekið fram, að það muni vera bezt að landssjóður byggi Munkaþverárkirkju að nýu, heldur en að ganga að því, sem hér er um að ræða, eða samþykkja þær till., sem hér liggja fyrir. En eg skal ekki eyða fleirum orðum að þessu, og verður auðvitað hver um sig að ráða, hvernig hann greiðir atkv.

Framsögumaður (*Halldór Daníelsson*): Eg sé að mál þetta ætlar að eiga erfitt uppdráttar, því þeir h. þm., sem talað hafa, hafa allir fremur talað móti því.

Hvað Munkaþverárkirkju áhrærir, þá verð eg að segja það, að verði ekki 5000 kr. tillag samþ., þá er það sama og fella málið; að minsta kosti er það samkvæmt bréfi safnaðarins fráleitt til neins að bjóða minna, en hitt er eg sannfærður um, að landssjóður sleppur líklega aldrei betur við þessa kirkju en fyrir þetta tillag.

Um áætlun á viðgerð á Vestmannaeyjakirkju get eg sagt það, að mér virðist hún ekki í neinum atriðum of há

enda þótt eg hljóti að álíta, að gjöra mætti við hana fyrir þessa upphæð, svo framarlega, sem ekki kæmu frekari skemdir í ljós, þegar farið er að rífa hana, en sem sjáltsagt verður, því það vita allir, að þannig gengur það, þegar á að fara að rífa og gjöra við það sem gamalt er, að þá koma ýmsar skemdir í ljós, sem menn áður höfðu ekki hugmynd um. Eins og kunnugt er, og búið er að taka fram, þá er kirkjan gamalt steinhús, og þarf þar af leiðandi mikið árlegt viðhald, til þess að líta vel út, og ekki mun kosta svo lítið hið árlega viðhald á dómkirkjunni hér í Reykjavík, og hefir hún þó ekki alls fyrir löngu fengið gagngjörða endurbót, og mig furðar stórlega, ef h. þingdeildarm. greiða atkv. móti því, að afhenda kirkjuna með þessum 6000 kr, þegar þess er gætt, hvað dýrar aðgjörðir á Vestmannaeyjakirkju hafa orðið, og í hvaða ástandi hún er eftir lýsingunni. Og gæti eg vel trúað, að þessi upphæð færi á næstkomandi árum í kákviðgjörðir, sem þá yrðu, sem maður segir, hvorki heilt né hálft.

ATKVGR.: Brt. við 1. lið samþ. með 10:4 atkv.

1. liður með breyt. samþ. með 11:8 atkv.

Brt. nefndarinnar við 2. lið sþ. með 10 atkv.

2. liður með breyt. feldur með 12:4 atkv.

Frv. þannig breytt samþ. með 10:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
Tr. Gunnarsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þórður Thorodds.	

Frv. síðan felt frá 3. umr. með 10:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Skifting Kjósar- og Gullbringusýslu.

FRUMVARP til laga um að skifta Kjósarsýslu og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög (C. 156); 1. umr., 22. júlí.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Þetta mál hefir áður verið fyrir þinginu og verið samþykt í þessari deild, þó að það yrði þá ekki að lögum. Hafa verið lögð fram á lestrarsalinn skjöl, er snerta þetta mál, sögu þess og ýmsar aðrar nauðsynlegar upplýsingar; eg sé ekki ástæðu til að fara nánar út í efni skjala þessara, en vona að háttv. þingm. kynni sér þau. Ástæður manna fyrir því, að æskja eftir, að skifting þessa sýslufélags fari fram, er auðvitað sú, að atvinnuvegir í hinu núverandi sýslufélagi eru mjög ólíkir, þar sem annar hluti sýslufélagsins stundar nær því eingöngu fiskiveiðar, en hinn hlutinn stundar landbúnað. Eg get ekki séð, að það hafi mikla þýðingu að ræða málið nú; hið eina, sem gæti orðið ágreingsefni, er það, hvort mér hefir tekist vel eða ekki að ákveða, eftir hvaða hlutfalli ber að skifta eigum

og skuldum hins núverandi sýslufélags; en það atriði mætti rannsaka nákvæmar, einkum ef nefnd yrði skipuð í málið, en það geri eg ekki að minni uppástungu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 156), 25. júlí.

Skúli Thoroddsen: Eg stend að eins upp til þess, að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, því eg álít að mál þetta þurfi rækilegrar íhugunar við, þar sem ástand sumra hreppa sýslunnar er fremur ískyggilegt.

Nefnd kosin, og hlutu kosningu:

Skúli Thóroddsen . með 13 atkv.
Jón Þórarinsson . . með 12 atkv.
Jens Pálsson . . . . með 7 atkv.

2. umr. frestað.

Breyting á fátækrareglugjörðinni.

I.

FRUMVARP til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl. (C. 47); 1. umr., 12. júlí.

Sighvatur Arnason: Svo sem kunnugt er, er áður búið að skipa nefnd hér í deildinni til að fjalla um fátækramálefni, og lít eg því svo á, að ekki sé ástæða til að ræða þetta frumv. í þetta sinn, og sting eg því upp á að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem kosin var nýlega hér í h. deild til að íhuga fátækramálið.

ATKVGR.: Málinu vísað til fátækramálanefndarinnar með 20 samhljóða atkvæðum.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 47, 410); 16. ág.

Framsögumaður (*Sighvatur Arnason*): Eg vil fyrst minnast á dálitla hroðvirkni við prentun og prófarkalestur, stafvillur o. fl. þess háttar á nefndarálitinu. 1. síðu 2. línu neðan, »þar« les: »því«, svo kemur í næstu grein 5 línu ofan, orðið »þess« ofaukið; svo enn í sömu grein, vantar í orð, þar sem segir, »að bíða enn eitt árið« vantar »að verða betur«. 2. síðu líka villa, í 4. línu ofan, »sundurskilinn« les: »sundurslitinn«.

Það sést á nefndarálitinu, að nefndin hefir ekki öll getað orðið sammála; það er einn háttv. nefndarmaður í minni hluta, sem ekki vill gjöra neinar breytingar á fátækralöggjöfinni. Meðferð meiri hlutans á málinu og ástæður fyrir breytingum hans og viðaukum við frumvarpið eru ljóslega teknar fram í nefndarálitinu, svo ekki þarf að fjölyrða um það á þessu stigi máls. Meiri hlutinn sá sér ekki fært að fara lengra útí fátækramálið en hér er farið, sökum naums tíma og annríkis á þinginu, en hún lét sér annast um framfærslurétt þurfamanna. Við vitum það, að bæði á þingmálafundum út um land og á þinginu sjálfu hafa oft komið fram raddir um að breyta fátækralöggjöfinni 8. jan. 1834 í haganlegra og betra horf, einkum 6. gr. reglugjörðarinnar, sem hljóðar um framfærslurétt þurfamanna, eins og nefndin nú hefir leitast við að ráða bót á. Spyrji menn þennan eða hinn, hverju eigi að breyta í reglugjörðinni þá er svarið: 6. gr., sem einmitt er um framfærslurétt þurfamanna, og öllum kemur saman um, að nauðsyn sé að breyta. Og þegar þessar raddir koma ár eftir ár og hafa aftur og aftur rekið sig á hinar sorglegu afleiðingar af þessari 6. gr., þá er von að menn vilji fá umbót á því. Aðalmergurinn í breytingum meiri hlutans

er sá, að koma í veg fyrir hina miklu hrakninga og hinn illræmda undirróður hreppsnefnda með að hrekja þurfamenn úr einum hreppi í annan. Eg er á því, að það, sem nefndin hefir gert, sé mikil umbót. Eg hefi nú átt við fátækramálefni í 40 ár og hefi séð og vitað gamalt fólk lúið og uppgefið vera hrakið á 9. dvalarári þess úr hreppnum fyrir undirróður hreppsnefndar, og eg veit mörg sorgleg dæmi þessa. Eftir frumv. þessu fá menn nú að vera óáreittir eftir sextugt, af því að þeir, samkvæmt því sem hér er sett, geta ekki áunnið sér sveitfesti eftir þann aldur, og þá er líklegt, að hrakningar á hinu eldra fólki hverfi að öllu leyti. Dæmin upp á þessa hrakninga hafa gefið mér sterka hvöt til að ráða bót á þeim, og eg hefi velt málinu fyrir mér á ýmsar lundir, og eftir mínum veika skilningi álít eg, að sé vandfundið betra ráð en þetta. Meiningin er, eins og minst er á í nefndarálitinu, að helzti vinnutími mannsins sé frá 16.—60. aldursárs og að hann sé lagður til grundvallar fyrir framfærsluréttinum.

Auðvitað er mikið eftir, þó þessu sé kipt í lið inn. Eg tek til dæmis hrakninga á fjölskyldum og heilsubiluðu fólki, sem ekki hefir náð 60 ára aldri, en nokkur bót er einnig ráðin á því í frv., að ekki skuli flytja neinn mann fyr en hann er búinn að þiggja 100 kr. sveitarstyrk, sem meiri hlutinn hefir fært niður í 70 kr. Slíkt mundi talsvert tryggja veru manns, svo að hann gæti dregið tímann og máske fundið einhver ráð til þess að geta setið eftir sem áður í dvalarhreppi sínum og greitt sveitarskuld sína. Það er margreynt, að þegar einu sinni er farið að flytja þessa þurfamenn eða hrinda þeim úr dvalarhreppnum, þrátt fyrir það þó þeir hefðu annars getað dvalið þar lengur, að þá lenda þeir gagngjört á fátækrafé.

Eg skal nú ekki tefja hina háttv. deild á því að fara lengra út í þetta mál að sinni; eg ætla að eins, áður en eg sezt niður, að minnast á álit minni hlutans, þ. e. háttv. þingm. Rvk. Þó þessi háttv. þingm. sé álitinn að vera glöggskygn, þá hefir það nú stundum gefist svo, að glöggskygnin ein dugar ekki, reynslan þarf að vera með, en þessi háttv. þingm. mun vera lítt reyndur í slíkum málum. Hann sér enga nauðsyn til að breyta 6. gr. reglugjörðarinnar, og það má vera af því, að hann þekkir ekki hin mörgu sorglegu dæmi um gamalt fólk, sem verið er að hrekja úr einni sveit í aðra. Ef hann þekti þau, er eg sannfærður um, að hann hefði skoðað sig um hönd áður en hann hafnaði þessum umbótum. Það fer eins hér sem oftar, að reynslan er ólygnust, menn geta ekki lagt mikið til þessa máls, án þess að hafa reynsluna fyrir sér.

Eg vona nú að hin háttv. deild fari mjúkum höndum um þetta frv., og að hún skoði huga sinn með að fella það; en ef hún vill breyta því á einhvern annan hátt, þá er að yfirvega það; eg fer svo ekki fleiri orðum um málið að þessu sinni.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhljóða atkvæðum.

Önnur umr. (C. 47, 410, 463, 493), 19. ágúst.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Meðan engin mótmæli koma fram móti þessu máli eða áliti meiri hluta nefndarinnar, skal eg ekki vera langorður um þetta mál, en að eins taka fram, að í nefndarálitinu eru nokkurnveginn ljóslega teknar fram ástæðurnar fyrir hverju og einu, sem nefndin

hefir viljað breyta í frumv., og ástæðurnar fyrir því, sem hún vill láta bæta inn í það. Eg vil taka það fram og legg mikla áherzlu á, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, og að óskandi væri, að háttv. deild yrði málinu fylgjandi, því eg er í engum efa um, að ef tillögur meiri hluta nefndarinnar verða samþyktar, þá eru þar með gjörðar miklar umbætur á fátækralöggjöf vorri, og eg fyrir mitt leyti er handviss um, að óhætt er að ganga að tillögu meiri hluta nefndarinnar, og reynslan mun sýna, að það verður að verulegum notum. Þetta mál er að vísu vandamál og það sem fram hefir komið um það frá ýmsum héruðum landsins hefir verið talsvert margbreytt, enda geta orðið misjafnar skoðanir um, hvort þetta eða hitt sé heppilegt eða ekki í einstökum atriðum. Eg hygg að vandfundinn muni vera heppilegri vegur í þessu efni, sérstaklega við breyting á 6. gr. hinnar gömlu reglugjörðar, heldur en sá vegur, sem nefndin hefir valið: nefnilega að leggja til grundvallar gagn mannsins eða vinnu á bezta skeiði. Það er eins og gefur að skilja með hvaða mál sem er, með einstök atriði, að þegar menn eru í vafa um þetta eða hitt, þá er það reynslan, sem á sínum tíma verður að skera úr því, hvort það á vel við eða ekki.

Hér eru komnar fram breyttill. við frumv. og vil eg fyrst minnast á brtill. háttv. 2. þm. Árn. (Þ. G.) á þingskj. 463. Nefndin hefir borið sig saman um hana, en ekki getað fallist á hana, því hún víkur að nokkru leyti frá grundvelli þeim, sem nefndin bygði álit sitt á, þar sem þessi tillaga bindur framfærsluréttinn við 6 ára dvöl, og er að að því leyti ólík tillögu meiri hluta nefndarinnar, þar sem árabilið til að ávinna sér hreppshelgi er styttra, og ekkert tillit tekið til þess, þó maðurinn sé búinn að vera 12, 18 eða jafnvel 30 ár í sama hreppi, og eftir því, sem stendur í tillögunni, hefir sá maður ekki meiri rétt í þeim hreppi, sem hann hefir dvalið í 10 til 30 ár, en þar sem hann hefir dvalið að eins 6 ár.

Þetta er 1. liður till.; en 2 liður hennar fer fram á, að það nægi til að ávinna sér sveitfesti, að hafa dvalið 3 ár í einum hreppi og önnur 3 ár í öðrum hreppi, þannig samtals 6 ár. Það er sama að segja um þessa till. sem hina, að meiri hlutinn getur alls ekki fallist á hana, og að mínu áliti er þessi tillaga enn þá óaðgengilegri en hin, því að hún mundi valda æði-miklum vafningum og töf í framkvæmdinni.

Þá verð eg að minnast á 2 breyttill. miklu víðtækari frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), á þgskj. 493. Í 1. gr. er þar tekið fram, að grundvöllurinn fyrir framfærsluréttinn sé fæðingarhreppurinn, hvernig sem á stendur, hvar sem maðurinn hefir dvalið, og hvort sem hann er yngri eða eldri. Tökum til dæmis mann, sem elst upp í hreppi þeim, er hann fæðist í, þar til hann er 16 ára að aldri, en flyzt þá í annað hreppsfélag og dvelur þar og máske býr þar búi sínu 20—30 ár og geldur þar til allra stétta og sveitarþarfa; en fari nú svo, að þegar hann er kominn um sextugt, að efni hans rýrni, svo hann verði upp á aðra kominn á efri árum, þá er þessi hreppur, sem hann hefir unnið í alt sitt gagn, ekki skyldur að framfæra hann, heldur hreppur sá, þar sem hann er fæddur og uppalinn ómagaárin. Þessi tillaga liggur því enn þá fjær áliti meiri hluta nefndarinnar. Eg tek þetta til dæmis, án þess að fara lengra út í það, hve fjarstætt það er, að láta mann hafa þar rétt til fátækraframfærslu, sem hann hefir unnið minst gagn.

Eg held eg hafi um daginn tekið fram ástæður minni hluta nefndarinnar, þar sem hann vildi ekki fylgja meiri hlutanum, og láta sitja við það sem er, en þó hann máske þykist hafa reynslu í þessu máli, þá er ekki nóg að hafa hana á pappírnum, því eg hygg, að h. minni hluti hafi ekki kynst máli þessu af annari reynslu en þeirri, að hann var landritari um nokkur ár. En þó einhver hafi kynst þessu máli á pappírnum, er það annað en vera í sveit og þekkja þá flutninga og hrakninga, sem fátæklingar verða fyrir, sem oft er sorglegt að sjá, sem hefir gefið mér og mörgum öðrum ástæðu til að leitast við, að koma í veg fyrir þessa hrakninga. Og eg er handviss um, að margur mundi verða þinginu þakklátur, ef það kæmi fram einhverju til umbóta í þessu máli. Og þar sem sífelt heyrast umkvartanir um fátækralöggjöfina, og það síðast á þingmálafundum í vor, þá væri leiðinlegt, ef þetta þing gæti ekkert gert í málinu. Eg vil líka lofa landsmönnum að reyna annan veg og aðra stefnu en hingað til, hvað fátækraflutninginn snertir, eins og farið er fram á í frumv., og sem nefndin leggur til að skifta jafnt í milli dvalarhreppsins og framfærsluhreppsins, að kostnaðinum til.

Eg hefi heyrt h. þm. segja, að ekki væri hægt að leiða þetta mál til lykta á þessu þingi. Eg veit ekki, hvað lengi það á að ganga með ekki stærra mál en hér liggur fyrir, að eins 2 atriði í löggjöfinni. Eg verð að segja, að þingið hefir hætt á að lögleiða stærri mál, en þó það samþykki það, sem meiri hluti nefndarinnar fer fram á, og að þingið hafi oft lagt út á hálara svell en þetta, og verð eg því að leggja sterka áherzlu á, að þingið láti málið ganga fram í þetta sinn, og h. þm. leggi nú til það, er þeim þykir nauðsynlegt til umbóta á grundvelli þeim, sem breyt.till. nefndarinnar benda á. En að fara að rekja hvert atriði í till. meiri hluta nefndarinnar ætla eg ekki að gera, því það yrði að eins til að tefja tímann á þessu stigi málsins, fyr en eg finn, hvað h. þm. finna að till. meiri hluta nefndarinnar. En meðan mótbárur koma ekki fram um einstök atriði, ætla eg þess ekki þurfa að taka meira fram, en vísa að eins til nefndarálitsins.

Einar Jónsson: Frumv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefir sérstaklega tekið fyrir að breyta 2 atriðum í fátækralöggjöfinni, nefnilega framfærsluréttinum og fátækraflutningnum. Þriðja atriðinu er að vísu líka breytt, nefnilega að mönnum sé leyft að giftast, ef þeir hafa ekki þegið af sveit um hin síðustu 5 ár; en hitt eru aðalatriðin. Þá eru önnur atriði ný, svo sem að leggja vissar prósentur af tekjum hreppasjóðanna til að mynda af sjóð fyrir þurfamenn í framtíðinni. Nefndin hefir sérstaklega breytt frumv. í öðru höfuðatriðinu, nefnilega atriðinu um framfærslurétt þurfamanna, að síðasta dvalarárið gæfi manni framfærslurétt, og hefir hún viljað í þess stað láta menn vinna sér sveit á þann hátt, að framfærsluhreppurinn sé þar, sem maðurinn hefir dvalið lengst, jafnvel þó að dvölin hafi verið sundur slitin. Þessi grundvöllur fyrir framfærsluréttinum er að vísu mjög skynsamlegur, en hefir ýmsa agnúa, eins og fleiri tillögur um framfærslurétt.

Breyt.till. h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) fer í sömu átt, að vinna þurfi sér framfærslurétt, en ákveður að eins styttri tíma til þess, nefnilega 6 ár, þar sem nefndin ætlast til að styzti tíminn sé 10 ár. Undir núgildandi fátækralöggjöf er oft örðugt að vita, hvar maður hafi unnið í 10 ár sam-

fleytt, en eftir þessum tillögum mundi það þó enn þá örðugra, að vita, hvar maður hefir dvalið lengst, og þar af leiðandi unnið sér sveit.

Eg gizka á, að frumv. komist ekki út úr þinginu í þetta sinn, og því hefi eg komið með breyt.till., sem bygð er á alt öðrum grundvelli, svo hægt væri að athuga hana, jafnframt öðrum till. í málinu. Framfærsluréttur inn í henni er aðallega bygður á fæðingarhreppnum, en dvalarsveitin á þó að hafa hlut í framfærslu þurfalingsins, nefnilega framfæra hann 2 fyrstu árin, sem hann verður hjálparþurfi, án þess að dvalarhreppurinn geti krafist endurgjalds fyrir það.

Enginn efi er á því, að vér allir viljum sýna þurfamanninum mannúð, og láta hann njóta sinna mannréttinda sem bezt, en þó vér séum samdóma um þetta, þá getur það verið vafasamt, hvernig því verði fyrir komið, að hann geti bezt notið sín. Í raun og veru ætti hann að dvelja þar, sem hann nýtur bezt krafta sinna, sér og sínum og öðrum til gagns, og er um leið ánægðastur. En oft er svo, að ekki er auðvelt að fá því framgengt. Hver maður sækist auðvitað eftir því, að sér geti liðið sem bezt, og hann orðið sem ánægðastur, og til þess leita menn úr einum stað í annan. Þannig gengur æfiferillinn áfram, og menn flytjast úr einum stað í annan með þeirri hugsun, að leita að betri og betri ástæðum. Það tekst auðvitað ekki ætíð, og ekki nærri ætíð, að ná í betri kjör, þó að breytt sé um dvalarstað, vonirnar bregðast ýmislega, og svo fer stundum að lokum, að maðurinn verður að leita hjálpar vandalausra manna. Eigi að síður má álíta, að maðurinn hafi jafnan haft í huga, að ná þangað, sem sér geti liðið bezt, og hann álítur þægilegast fyrir sig. Þessi sannleiki virðist mæla með því, að dvalarsveitin ein kosti framfærslu þurfamannsins, eða sá staður, þar sem hann verður fyrst styrks þurfi. Sumir halda því líka fram, að réttastur grundvöllur fyrir framfærsluréttinum sé dvalarsveitin. En það hefir líka sína galla. Hallæri getur komið og atvinnubrestur í einni sveit, og svo margir orðið þurfandi sveitarstyrks í senn, að dvalarhreppurinn geti tæplega undir risið, ef til lengdar léki. Þess vegna hefi eg stungið upp á því, að dvalarhreppurinn annist þurfamanninn að eins í fyrstu 2 árin eftir að hann verður sveitarstyrks þurfandi, og það bætir mikið úr; því komi hallæri eða atvinnubrestur upp í hrepp, er sú bót í máli, að hann getur losnað við alla þurfamenn að 2 árum liðnum, sem ekki eru fæddir í hreppnum, og getur svo staðið tiltölulega vel að vígi á eftir. En þeir, sem styrkinn hafa þegið, mundu líka undir svo bágum kringumstæðum fegnir að fara burtu og í annan hrepp, þar sem bjargvænlegra væri. Þess vegna finst mér rétt, að skifta framfærslunni milli framfærslu-hrepps og dvalarhrepps.

Það er ýmislegt fleira, sem mælir með þessum breyt.till mínum. Þegar litið er á, hvað það hefir að segja, að dvalarhreppurinn á að ala þurfamanninn í 2 ár, þá er það auðsætt, að hann, svo framarlega sem hann vill vera lengur í hreppnum en þessi 2 ár, leggur fram alla krafta, sem hann á til, til þess að bjarga sér frá að verða fluttur burt. Þetta ákvæði hefir líka í sér fólgið ekki einungis sterka hvöt fyrir manninn, til þess að leggja fram sína krafta, heldur getur hann líka fengið styrk annarsstaðar frá, t. d. frá fæðingarhreppnum, sem mundi vera fús til að liðsinna honum á einhvern

hátt, svo að hann fengi að vera kyrr í dvalarhreppnum. Þeir sem þannig styrkja þurfalinginn, hjálpa líka jafnframt dvalarhrepp hans frá því, að þurfa að styrkja hann öll 2 árin. Það getur oft komið fyrir, að menn missi heilsuna um tíma, og verði þurfandi styrks í bráð, en fái hana þó aftur áður en langt líður. Það þarf oft ekki nema 1—2 ár til þess, eða jafnvel styttri tíma, og þá gefst honum kostur á að komast undan sveitaflutningi. Ef það er fjölskyldumaður, sem einhverra hluta vegna hefir orðið fyrir atvinnutjóni, og þess vegna þarf sveitarstyrks, þá getur einnig 2 ára tíminn verið nægur til þess, að hann þurfi ekki að lenda á fæðingarhreppnum. Þegar það er athugað, hve afarmikla þýðingu þessi 2 ára dvöl hefir, hljóta menn að sjá, að breyt.till. mín hefir talsverða kosti í för með sér.

Það getur þar að auki orðið lengur en 2 ár, sem dvalarhreppurinn þarf að framfæra manninn. Ef sveitastyrkurinn nemur ekki 150 kr. eftir fyrstu 2 árin, þá er samkvæmt breyt.till. minni dvalarhreppurinn skyldugur til að leggja honum, þangað til þessari upphæð er náð. Hún er miðuð við einhleypan mann og samsvarar tveim ómagameðlögum. Nú, ef þessi einhleypi maður þarf kannske ekki meira en 30—40 kr. á ári, þá getur hann notið þessa sama styrks í 4—5 ár, án þess að vera fluttur á fæðingarhreppinn. Það er ef til vill ungur maður, sem er svo heilsutæpur, að hann þurfi nokkurn styrk um nokkur ár, en hann vill ekki fara burt með neinu móti, og er þannig hlíft við því með breyt.till. minni, ef styrkurinn alls hleypur ekki hærra en 150 kr. Það mætti nefna svo fleiri dæmi, er miðuðu til góðs eins og mannúðlegrar meðferðar á þurfamönnum.

Þegar þar er komið, að 2 ár eru liðin, sem þurfamaður hefir notið styrks, og styrkurinn nemur 150 kr., en maðurinn verður áfram bjargarþurfi, má flytja hann á fæðingarhreppinn, og þá kemur fram annar kostur á breyt.till. mínum, nefnilega, hve óbrotið er að vita, hvar maðurinn á sér framfærslueða fæðingarhrepp, þegar dvalahreppurinn er búinn að halda hann hinn áskildu 2 ár. Það er full-ljóst, að auðvelt er, meðan þessi 2 ár eru að líða, að útvega allar upplýsingar viðvíkjandi sveitfesti hans, og þá er hægt að senda hann beina leið tafarlaust. Ennfremur er svo, að þegar dvalarhreppurinn á að standa allan straum af manninum þessi tvö ár, þá hverfur, með því fyrirkomulagi, allur reksturinn um endurgjald á sveitarstyrknum, sem oft hefir lent í svo miklum vafningum.

Einn aðalkosturinn við breyt.till. mína er sá, að dvalarhreppurinn á að kosta allan flutninginn; það verður til þess, að hann fer ekki að flytja manninn fyr en brýn nauðsyn ber til. Sé styrkurinn lítill, mun horft í flutninginn í lengstu lög, ef hann hlyti að verða mikill, og ákvæði þetta getur því orðið til þess, að dvalarhreppurinn liðsinni manninum lengur en tvö ár, ef hann sér sér nokkurn hag í því.

Þetta eru nú aðalatriðin í breyt.till. mínum; eg skal ekki neita því, að enn vanti inn í ýms atriði, ef þessar aðalbreyt.till. mínar væru teknar upp í frv. Eg hefi ekki haft nægilegan tíma til, síðan nefndarálitið kom, að semja þær svo nákvæmar sem skyldi, né heldur að setja inn öll þau ákvæði, sem hefðu átt að fylgja þeim.

Eitt atriði hafði eg þó hugsað mér, sem ekki stendur í breyt.till. — Það getur komið fyrir, að maður verði styrkþurfi í hrepp, sem ekki er dvalarhreppur hans, eða þar, sem hann hefir ekki lögheimili sitt, og þarf þá að semja

sérstaka ákvörðun um það. Eg hafði nú hugsað mér, í hverja átt hún ætti að fara, en eg hafði ekki tíma til að koma henni svo fyrir sem þurfti, því að hún hefði orðið að koma víðar við en á einum stað. Eg hafði hugsað mér, að ef maðurinn ætti vísan dvalarhrepp, þá ætti að flytja hann þangað eins fljótt og tök væru á, en ef það væri flækingur, sem ekkert heimili ætti, þá skyldi flytja hann beina leið á fæðingarhreppinn.

Eg vil svo nefna eitt atriði í breyt.-till. nefndarinnar; það er um útlendinga, sem óðlast hafa hér landsréttindi, en ekki unnið sér sveit. Um þá er svo fyrir mælt í breyt.till. nefndarinnar, að þeir séu sveitlægir þar, sem þeir fyrst hafa átt lögheimili hér á landi, en mér finst ekki rétt að gjöra útlendum manni hærra undir höfði en hérlendum. Ef hann hefir ekki dvalið 10 ár í sama hreppi, á að flytja hann til þeirrar sveitar, sem hann á í sínu landi. —

Verði breyt.till. mínar samþ. nú við 2. umr., þyrfti að koma með nýjar ákvarðanir um þetta hvorttveggja, sem eg nú hefi nefnt, til 3. umr. Eg hefi komið fram með breyt.till. mínar, eins og eg hefi þegar minst á, til þess, að sem flest kæmi til athugunar, og hægt væri að sjá málið frá ýmsum hliðum, því mál þetta er vandamál og skiftar skoðanir manna á því, þess vegna bezt, að sem flestar skoðanir komi fram í því, áður en því er ráðið til lykta. Eg býst að vísu ekki við, að það komist fram á þinginu nú, enda hafa margir þingmálafundir út um land farið fram á, að milliþinganefnd yrði sett í þessu máli; þessu hefir raunar ekki verið haldið fram á þinginu sjálfu, í ár, en ósamræmið í skoðununum virðist þó að gjöra það nauðsynlegt.

Háttv. flutnm. sagði það ósanngjarnt, að ef unglingur 16 ára gamall flytur úr fæðingarhrepp sínum og í annan hrepp, og er þar 40 ár samfleytt, að hann samt sem áður skuli álítast sveitlægur í fæðingarhrepp sínum, og skuli fluttur þangað, þegar hann hefir verið hin tilteknu 2 ár í dvalarhrepp sínum. Það er auðvitað rétt, að þetta er ósanngjarnt, en það má finna líka agnúa á öllu framfærslu-fyrirkomulagi, eins að því fyrirkomulagi, er kemur fram í áliti nefndarinnar; það getur verið alveg eins óréttlátt. Maður hefir t. d. dvalið 30 ár í einum hrepp og liðið þar illa; þá flytur hann í annan hrepp og unir sér vel þar, en sökum þess að krafta hans þrýtur þá af einhverjum ástæðum, þarf hann sveitarstyrks. Eftir till. nefndarinnar á nu að flytja hann tafarlaust aftur þangað, er honum leið miklu ver. Slík óþægileg tilfelli geta alt af komið fyrir. En ef á að fara eftir því lögmáli, að hver maður fái að vera þar, sem honum líður bezt, þá eru þó meiri kostir á minni breyt.till. Það má þó ekki samkvæmt henni flæma manninn burt fyr en eftir tvö ár, og það getur verið, að hann lifi ekki lengur. Eins getur verið, ef mála er leitað við fæðingarhrepp hans á því tímabili, að hann styrki manninn til að vera áfram í dvalarhreppnum, og því hefi eg sett orðin: »nema öðruvísi um semjist». Það er vonandi, að mannúðin hér á landi komist einhvern tíma á svo hátt sig, að fæðingarhreppur og dvalarhreppur geti komið sér saman um þurfalinga sína, og séu ekki að hrekja þá á milli sín að óþörfu. Það er bezt, að hver eigi þar heimili, sem hann helzt vill, og þessi skoðun kemur líka fram hjá nefndinni, sem sé, að ef fleiri hreppar eiga að kosta sama þurfamanninn, að hann þá fái að dvelja í þeim hreppi, er hann helzt kýs.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg stend að eins upp til þess að láta í ljós, hve óheppilegt það er, að rétt fyrir síðustu umr. koma breyt.till., er gersamlega breyta stefnu málsins. Breyt.till. á þgskj. 493 mætti kallast nýtt frv. Eg fyrir mitt leyti vil ekki greiða atkv. mitt vanhugsað, og svo býst eg við að sé um fleiri. Eg sting því upp á, að málinu sé vísað aftur til nefndarinnar til frekari íhugunar, eða í öllu falli að umræðunni verði frestað.

ATKV.GR.: Málinu vísað aftur til nefndarinnar.

Framhald 2. umr.; 22. ágúst.

Þorlákur Guðmundsson: Það verður nú ekki sagt, að þetta frumvarp hafi komið með öllu óundirbúið til h. þingdeildar; því eins og kunnugt er, gekk það í gegnum háttv. Ed. þingsins 1897, var það flutt þar af hinum háttv. 6. konungkjörna þingmanni, og er það maður, sem er bæði er gætinn og glöggur, og sem hefir skrifað um fátækramálefni; einnig var unnið að því af h. 3. kgkj. þm., sem viðurkendur er að vera mikill lagamaður, en nefndin, sem var sett í málið, hefir ekki getað gengið inn á þýðingarmesta atriði þess, nefnilega 1. grein, sem felur í sér mesta breytingu frá því sem nú er. Þegar maður að gætir, þá er framfærsluréttur inn bundinn að eins við eins árs dvöl eftir 16 ára aldur, alt svo get eg ekki betur skilið, en þó einhver færi að þiggja sveitarstyrk, þá hefir það engin áhrif á framfærsluréttinn. Undir flestum kringumstæðum mundi sveitarstyrkurinn verða endurgoldinn. Það er ekki talað um það, hvort hann mundi goldinn af manninum sjálfum eða af öðrum. Það er ekki tekið fram í greininni, hvort styrkurinn ætti að endurgjaldast af manninum sjálfum, ellegar hans framfærsluhrepp, ellegar það má vera hvort sem vill. Nefndin sem kosin var í deildinni, hefir breytt þessari grein og sett í hana ýmisleg nýmæli, töluverð nýmæli að mínu áliti. Þegar nefndin var kosin hér í deildinni, og í hana kosinn háttv. þingm. Reykv. (J. Jónss.), því hann er lögfróður maður, gætinn og glöggur eins og samdómandi hans í Ed., mun það hafa gefið fleirum en mér beztu vonir, að mál þetta mundi græða fljótt og mikið, og fá góðan undirbúning. Þessi von brást samnefndarmönnum hans og öllum, því hann hefir ekkert gert fyrir þetta mál. Eg verð þó að álíta, að þetta mál sé meira virði en ýms smá mál, sem hafa verið rædd hér í háttv. deild, bæði af honum og öðrum, af miklu kappi. En hinn háttv. þm. verður að ráða því sjálfur, hvort hann leggur nokkuð til þessa máls, eða skiftir sér ekkert af því.

Eg kem nú að 1. gr. í frumv. Ed. Þá er það eins árs dvölin, sem fyrst verður fyrir manni. Þetta er stór breyting frá því sem nú er, og mundi reynast viðsjál. Að vísu drægi hún úr hrakningum; aftur á móti mundi hún að mun hindra atvinnufrelsi, og verða misbrúkuð. Það er annað nýmæli, að sveitarstyrkur hafi engin áhrif, ef hann er endurgoldinn. Þetta mun líka vera viðsjált. Það má fara marga millibilsvegi, hvað dvalarárin skuli vera mörg til að vinna sér sveit.

Nefndin vill halda fast við hinn gamla 10 ára hrepp, en eftir því sem tímabilið er lengra, eftir því munu þeir verða færri, sem vinna sér hrepp, heldur en ef tíminn er stuttur.

Þá hefir nefndinn breytt 1. gr. í þá átt, að binda réttinn til að vinna sér sveit við tímann frá 16 til 60 ára aldurs; það álít eg fremur til bóta, en eg fyrir mitt leyti álít þó, að maður geti verið eins þarfur sveit sinni og mann-

félaginu eftir 60 ára aldur, eins og hann var 16—20 eða 21 árs; þó vill nefndin halda því ákvæði úr Ed.-frumvarpinu, að sveitarstyrkur hafi því að eins áhrif, að hann sé óendurgoldinn, en eftir því getur maður unnið sér hrepp, þó hann þiggi styrk í 10 ár, ef hann er endurgoldinn áður en þau 10 ár eru liðin, enda mundi þá oftast svo fara, að framfærsluhreppur mundi endurgjalda, til að vera laus við þurfaling, og eg sé ekki betur en að það geti gengið, að gera það opinberlega, og þurfa ekki að beita hrekkjum.

Þetta mundi sem oftast verða sem mjög ósanngjarnt, því þeir sem liggja við sveit eða þiggja árlega, hljóta að vera næsta óuppbyggilegir og fremur til þyngsla því bygðarlagi, sem þeir dvelja í.

Svo kemur nú hjá nefndinni það nýmæli, að maður á framfærslurétt í fleiri sveitarfélögum; ef hann hefi dvalið jafnlengi í þeim öllum, hvað mörg sem þau verða, t. a. m. 10, þá hygg eg að framfærslan færi fyrst að verða all-flókin, og ekki minkaði það bréfaskriftir og þráttanir milli sveitarstjórna.

Eg fór raunar fram hjá einu atriði, og það er, að þurfamaður skuli eiga þar framfærslurétt, sem hann hefir dvalið lengst. Ef hann t. d. hefir dvalið 11 ár eða meira í einhverjum hreppi, þá á hann að hrekjast burt úr þeim hreppi, sem hann dvaldi í síðast, enda þótt hann hafi dvalið þar full 10 ár. Við þetta koma nýir vafningar, og hér lagt út á nýar brautir, sem eg álít til engra bóta, og tel eg þetta ákvæði alls ekki heppilegt. Eg skal samt ekki fara fleiri orðum um það að svo stöddu.

En svo er brtill. um það, að á eftir 13. gr. komi ný grein, sem hljóði svo:

»Hver sem flytur sig í annan hrepp eða bæjarfélag, skal skyldur til að skýra hreppstjóra eða bæjarfógeta bréflega frá því« o. s. frv.

Háttv. nefnd vill skylda hvern þann, er flytur sig í annan hrepp eða bæjarfélag, til þess að skýra hreppstjóra eða bæjarfógeta frá því, en þá ætti líka að skylda hreppstjóra og bæjarfógeta til þess, að hafa löggilta bók til að innfæra slíkt í, því annars mundi það ekki koma að tilætluðum notum, að minsta kosti hvað hreppstjórana snertir. Eg játa að þetta ákvæði gæti orðið til bóta, en þó einkum ef þetta væri gert að skyldu.

Þá hefir nefndin enn komið með nýa grein, sem á að verða 15. grein, viðvíkjandi útlendingum, sem hér setjast að. Mér er nú ekki ljóst, hvort hér er átt að eins við utanríkismenn, eða alla útlendinga yfir höfuð, þar með taldir danskir þegnar; en hvort sem er, þá álít eg þetta ákvæði viðsjált. Eg álít, að þeir útlendingar, sem hér setjast að, ættu að vinna sér sveitfesti, eins og aðrir. Væru þeir danskir þegnar og yrðu styrks þurfandi, þá ætti að vera mögulegt að fá meðlag með þeim sent hingað, eða þá flutta; því ekki hlífa Danir Íslendingum, ef einhver þeirra verður styrks þurfandi í Danmörku. Við utanríkismenn yrði líklega erfiðara að koma því við. Eins og eg tók fram áðan, þá hefi eg með minni breytingartill. viljað miðla málum, með því að færa framfærsluréttinn, eða réttara sagt dvalartímann, úr 10 árum niður í 6 ár, og svo á hinn bóginn með því, að færa aldurstakmarkið upp úr 60 árum í 65 ár, og það af þeim ástæðum, sem eg þegar hefi tekið fram. Margur maður getur verið uppbyggilegri frá því hann er sextugur og til þess hann er hálfsjötugur, en unglingur frá 16 ára aldri og til þess hann hefir einn um tvítugt.

Nefndin minnist á í nefndarálitinu,

að ekki sé rétt að stuðla að því, að þeim tilfellum fjölgi, að þurfamenn séu hraktir úr einu sveitarfélagi í annað, og álít eg það alveg rétt, að því leyti er því verður við komið.

Eg hefi komið með breytingartill. í þá átt, að miða dvölina í fleiri sveitarfélögum við 3 ár, því eg álít réttara að takmarka það með einhverri tölu, og svo að þurfamaðurinn megi dvelja þar sem hann verður styrksþurfi, ef hann er búandi maður. (*Sighvatur Arnason*: Það var líka meining nefndarinnar). Getur vel verið, að það hafi verið meiningin; en þá er líka réttara að taka það fram.

Þá hefi eg lagt til að bæta við nýrri málsgrein, viðvíkjandi því, ef barn fæðist, án þess móðirin eigi neitt lögheimili. Þó það sé ólöglegt, að hún eigi ekkert heimili, þá munu þess þó dæmi, og vel má gera ráð fyrir því á þessum tímum, þegar svo mikið los er á fólki, og svo getur líka verið, að kona fæði barn á ferðareisu. Undir þeim kringumstæðum væri réttast, að maðurinn eigi þar framfærslurétt, þar sem móðirin átti framfærslurétt og fæðingin skeði.

Eg verð að segja sama og h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um brt. á þingskj. 493, að þær eru fremur nýtt frumv. en br.-till. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þær; en ekki get eg aðhylst það, að fæðingarhreppur sé tekinn upp sem aðal-framfærsluhreppur, því hann verður undir flestum kringumstæðum hinn óeðlilegasti. Við vitum, að tilveran og fæðing hvers manns er honum ósjálfráð, og eins hitt, að fæðingarhreppurinn getur ekki átt honum neitt upp að inna, þó hann fæðist þar, eða einhver í hreppnum hefir þyngsli af fæðingunni. Það getur ekki talist neinn hagur fyrir hreppinn, þó maðurinn fæðist þar, því alt af er þó einhver kostnaður því samfara, sem legst á einhvern, og að minsta kosti mun hreppsnefndin ekki leggja meira útsvar á þann húsráðanda sem barnið fæðist hjá, og eg álít því, að ekki eigi að íþyngja fæðingarhreppnum meira en nauðsyn krefur, og að hann eigi ekki að gjalda, nema þegar annað eðlilegra og réttara ekki verður fundið.

Framsögumaður (*Sighvatur Arnason*): Það lítur út fyrir, að líkt eigi að fara með þetta mál nú, sem á undanförnum þingum, að það verði fyrir þeim meiningamun, sem ónýti það.

Eg vil enn á ný víkja að breyt.till. nefndarinnar við frumv. efri deildar, sem hér liggja fyrir; þar sem að það (frumv.) miðar framfærslusveitina við eins árs dvöl í hreppi ársins áður en sveitarstyrkurinn var þeginn, þá hefir háttv. 2. þingm. Árn. (Þorl. G.) tekið það fram, að þetta er óaðgengilegt ákvæði, því að þess eru fá dæmi, að maður ný-kominn í sveit fari þegar að þiggja sveitarstyrk; hann mun reyna að klífa þrítugan hamarinn til þess, að sneiða hjá því fyrsta dvalar-árið í hreppnum, ef ekki koma forföll til. — En frumv. bindur sig einmitt við árið áður en styrkurinn er veittur.

Svo mundi nú líka eitt leiða af ákvæði þessu, eftir því, sem nú gengur með lausafólk, að það flæmist landshornanna á milli, og ef til vill án þess, að eiga lögheimili, að það mundi verða erfitt oft og einatt, að finna þetta síðasta ár, þar sem engar fyrirskipanir eru til um, að það skuli jafnan hafa í höndum skirteini um, hvar það hafi dvalið.

Eg og nefndin öll er nú alveg á móti því, að byggja framfærsluréttinn á þessu eina ári, og þó það nú fyndist, hvar fólkið hefði dvalið þetta eina ár, þá mundi ákvæðið ekki verða til að fyrirbyggja hrakninga á því.

Eins og búið er að taka fram, og eins og sést á breyt.till. nefndarinnar, vill hún leggja alt annað til grundvallar fyrir framfærsluréttinum; hún vill að maður eigi framfærslurétt í þeim hreppi, sem hann hefir dvalið lengst í, enda eigi styttri tíma en 10 ár samtals, á þeim tíma, er hann er á bezta skeiði.

Eg vil um leið minnast á orð háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), þar sem honum þótti ákvæði nefndarinnar ekki nógu ljós og skilmerkileg um þetta; honum fanst mega tína saman þessi ár, sem maður hefði dvalið í mörgum hreppum. Það er misskilningur.

Meiningin er, að það eigi að telja saman þau ár, er hann hafi dvalið í sama hreppi, þótt hann hafi ekki dvalið þau þar öll samfleytt.

Sé svo, að þetta geti verið misskilningi undirorpið, þá er ekki annað en að leiðrétta það til 3. umræðu.

Nú er þessi árafjöldi lagður til grundvallar fyrir framfærsluréttinum, hvort sem það nú eru 10, 20 eða 30 ár, og er þá með því fyrirbygður braknirgur á gömlu fólki, og við það er mikið unnið.

Eg gjöri það ekki að neinu kappsmáli, hvort heldur er ákveðið, að menn geti unnið sér sveit á árabilinu frá 16—60 ára eða 16—65 ára. Þó vil eg heldur halla mér að 60 ára hámarkinu, því að margir erfiðismenn eru orðnir lúnir og slitnir, þegar þeir eru 60 ára. Þess vegna tók eg það aldurstakmark til upprunalega í mínu frumvarpi. — Það er eðlilegt, að maður, sem t. d. er orðinn 60 ára og er fátækur, að hann þá fari í þann hrepp, sem hann hefir dvalið lengst æfinnar, máske 10—20 ár, eða máske miklu lengur, að hann þá leiti í þann hrepp, og reyni að hafa þar ofan af fyrir sér, og má gjöra ráð fyrir, að honum takist einatt að hitta veg til þess.

Vér vitum, að þegar fer að líða að sveitfestistímanum, þá vilja nú oft fara að koma undiröldur og alls konar ráðum beitt, til að hrinda fátæklingum burtu. Væri nú svo, að þessi maður flytti inn í hrepp á sjötugsaldri eða þaðan af eldri, þá kemur eftir tillögu vorri ekki til mála, að nein hreppsnefnd reyndi að hrekja hann í burtu af þeirri ástæðu, að hún væri hrædd um, að hann mundi verða þar sveitlægur, og þetta, að hann þyrfti ekki að flytja úr hreppnum, gæti frelsað hann frá því, að fara á sveitina. Eg hefi oft orðið fyrir því, að fólk, sem komið er yfir sextugt, hefir sagt grátandi við mig: »Eg hefði mátt vera lengur hjá Pétri eða Páli, ef hreppsnefndin hefði ekki verið að róa í því, að eg færi burtu; húsbóndi minn hefði ekki amast við mér«. Þetta er gangurinn.

Eg veit ekki, hvað tár slíkra gamalmenna verka á aðra; þau verka á mig. Það er svo fyrir að þakka, að það er komið í margra hug, að vilja ekki vera þurfamenn fyr en í fulla hnefana, og það getur gengið nærri þessum mönnum sjálfum, að verða það fyrir hrakninga eina.

Það er sem sagt: þetta ákvæði um aldursskeiðið, sem menn geta unnið sér sveit á, það á að koma í veg fyrir hrakninga á gömlu fólki, og mundi gjöra það, ef þetta yrði að lögum, og ef ekki er breytt til umbóta í fátækralöggjöfinni með þessu ákvæði, þá veit eg ekki, hvernig það getur orðið. — Það kann að vera, að menn finni annað betra ráð til þess, en það er ekki í mínum huga.

Þá skal eg minnast á breytingartill. nefndarinnar við 12. gr.

Meiri hlutanum virðist heppilegt ákvæðið í 12. gr., eins og hún kom frá háttv. efri deild, um að bráðabirgðarstyrkur, veittur í dvalarhrepp, eigi ekki

að verða til þess, að maður sé undir eins hrakinn á sveit sína, og hefir hann því aðhylst það.

Ákvæðið er auðsjáanlega bygt á því, að ræzt geti úr fyrir manninum, þótt hann komist í kröggur í bráð, og það máske svo, að engin ástæða verði yfir höfuð til að brekja hann nokkuru sinni úr hreppnum.

Meiri hlutanum þótti þó réttara, að færa styrk þann, sem ræðir um í þessari grein, úr 100 kr. niður í 70 krónur. Því að oss var það kunnugt, að háttv. efri deild vildi miða styrk þennan við eins árs ómaga-meðlag, og virtist oss það heldur hátt sett, að setja það 100 krónur.

Þá kemur breyt.till. nefndarinnar við 13. gr.

Sú grein er nú um flutning þurfamanna. Það er ekki langt síðan, að borið var upp á þingi, að breyta ákvæðunum um hann, enda er full þörf á að breyta þeim, því að sá flutningur er venjulega óþarflega dýr. Reyndar lít eg svo á, að hann komi í sjálfu sér félagslega niður nú, þar sem hann er skoðaður sem eins konar félagsbyrði hverrar sýslu, og hver hreppur er látinn bera sinn hlutfallslega skerf af honum. En þó hefir þessi niðurjöfnun ýmsa galla, og því fer bæði frumv. og nefndin fram á breytingu.

Samkvæmt framfærslu-skyldu hvers hrepps á þurfamönnum sínum væri það hinn rétti grundvöllur, að framfærsluhreppurinn borgaði allan kostnað við flutning þurfamanna sinna, en það mundi að vonum oft verða stórkostlegur kostnaður fyrir hann, og til að létta þessum kostnaði, og til að hamla nokkuð óþarfa flutningum þurfamanna, höfum við gripið til þess ráðs, að skifta flutningskostnaðinum til helminga milli framfærsluhreppsins og dvalarhreppsins; þetta á að geta orðið til þess, að halda dvalarsveitinni nokkuð til baka frá því, að reka fólk strax í burtu og að fer að kreppa.

Þetta ákvæði höfum við sem sagt tekið sökum þess óvanda, hvað menn eru óhlífnir, að reka fólk burt úr sveitinni, þrátt fyrir það, þótt það sé í sjálfu sér ekki sem eðlilegast.

Svo ætla eg að minnast á tvær nýjar greinir, sem nefndin leggur til, að bætt sé inn í frumv.

Fyrri greinin, sem ætti að verða 14. gr. frumv., miðar að því, að hægt verði að komast að því, hvar hver einstakur maður hefir dvalið, og hvað lengi í hverjum stað.

Eg vona, að háttv. deild samþykki þessa grein, því að hún miðar að því, að tryggja gagnið að lögum þessum.

Síðari greinin miðar að því, að fá skýr ákvæði um það, hvar útlendingur, sem öðlast hefir hér landsréttindi, skuli eiga framfærslurétt, ef dvöl hans nemur ekki 10 árum í sama hreppi.

Út af orðum háttv. 2. þingm. Árn. (Þorl. G.) um það, hvað eg skildi við landsréttindi útlendinga, þá hefir mér ekki blandast hugur um það, að það séu utanríkismenn, og í kosningarlögunum tekur það sig svo út, að utanríkismenn eigi að hafa dvalið 5 ár hér á landi, áður en þeir öðlast hér kjörgengi.

Það verður þá meiningin í þessari nýju grein, að ef útlendingurinn hefir ekki náð svo langri dvöl í einhverjum hreppi, sem gjört er ráð fyrir að þurfi til þess, að öðlast sveitfesti, það er að segja 10 ár, en hann sé þó búinn að vera 5 ár hér á landi, nefnilega vinna sér landsréttindi, þá þurfi að koma ný ákvæði inn í lögin, er svo stendur á. Nefndin komst þar að þeirri niðurstöðu, að miða framfærslurétt þess manns við

þann hrepp, sem hann átti lögheimili fyrsta dvalarár sitt hér á landi. Það er eins og tekið er fram í nefndarálitinu. Nefndin vill skoða þennan hrepp sem fæðingarhrepp hans hér á landi. Það getur nú verið, að aðrir finni annað betra ráð, og þá verður það sjálfsagt tekið.

Út af orðum háttv. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) skal eg taka það fram, að mér finst ýmsu bregða fyrir hér á þingi í þessu máli, sem bendir á, að menn séu hálf-gert að leitast við að eyðileggja það. Eg veit ekki, að hverju öðru það getur miðað, eftir alla þá meðferð, sem málið hefir fengið bæði í háttv. efri deild og hér í deild, að fara nú fyrst að koma með aðrar eins breyt.till. og háttv. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.), breytingartillögur, sem gjörhagga grundvelli frumvarpsins.

Eg segi eins og háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði í öðru máli hér um daginn, að það væri alt annað frumv., sem kæmi til að liggja hér fyrir. — Því segi eg, að það mætti helzt leggja það svo út, að það væri verið að koma með svona lagaðar breyt.till. til þess, að eyðileggja málið.

Það er langt síðan fæðingarhreppurinn var numinn úr lögum sem framfærsluhreppur; það var gjört af því, að hann þótti óbrúkandi, og nú er þó verið að hugsa um, að innleiða hann aftur.

Það er ekki von að vel fari, þegar svona er að farið, og eg skal bæta því við, að þegar fátækrareglugjörðin var samin, — og hún hefir sannarlega verið vel úr garði gjörð á þeim tímum — þá féll fæðingarhreppurinn úr lögum.

Enn skal eg bæta því við viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (E J.) sagði, að hann var að tala um, að réttast mundi að setja milliþinganefnd í þessu máli. Þetta er nú gott ráð til að sýna ráðlag þingsins með þetta mál. Því slík tillaga hefir verið borin upp hér áður og þá var eg með því, en þá komu þær raddir fram og urðu yfirgnæfandi, að það væri ekki til neins, að setja þessa milliþinganefnd, henni væri ekki treystandi til, að ráða málinu til góðra lykta, og það væri of kostbært, hitt væri miklu réttara, að þingið tæki fátækramálið fyrir í smápörtum og afgreiddi það þannig. Nú, þegar á því er byrjað, þá kemur aftur fram tillaga um, að setja milliþinganefnd. Liggur nú ekki við að segja, að þetta sé hálf-gjört taktleysi? Og sýnir það ekki, að uppástungumennirnir vilji helzt ekkert gjöra í málinu.

Það lítur út fyrir, að þeir sem stinga upp á þessu, hafi ekki orðið fyrir því, að flytja hrakta, gamla og sorgmædda menn nauðuga sveitarflutningi.

Svo liggur nú hér fyrir tillaga um, að kasta þessu máli alveg frá sér nú á þessu þingi, og leggjast á fjóra fætur fyrir stjórnina, og biðja hana að búa til frumvarp, og leggja það fyrir þingið 1901; það er tillagan á þingskj. 512, sem eg á við.

Það á þá að draga málið á langinn tvö ár enn.

Eg vil ekki fara út í það, að stjórninni sé svo mjög vantreystandi til þess, að undirbúa málið; en löðurmannlegt þykir mér það frá þingsins hálfu, að vera að fjalla svo og svo lengi um þetta mál, og telja það nauðsynjamál, en leggja það svo í miðjum klíðum á hilluna, og lýsa því hátíðlega yfir, að það sé ráðalaust með það.

Mun nú næsta og næst-næsta þing verða stórum ráðabetra, enda þótt þau

hafi stjórnarfrumvarp við að styðjast, ef þau hafa ekki meiri áhuga á málinu en þetta þing virðist hafa?

Þegar þingið er búið að veifjast í þessu máli nú, þá lýsir það óbeinlínis yfir með því, að hætta við það hálfgjört, og biðja landsstjórnina að segja eitthvað um það, að það treysti sér ekki, að eiga við málið.

Já, eg kann nú ekki við þessa aðferð. Eg álít, að vér þingmenn, komnir úr öllum hornum landsins, ættum að vera færir um, að lagfæra málið. Einmitt í þessu máli höfum vér flestir svo mikla reynslu, miklu meiri reynslu í því en í nokkuru öðru máli. Hvernig skyldum vér þá treysta oss til að fást við og útkljá á þessu þingi stórmál, sem vér höfum sáralitla þekkingu á eða reynslu? Eg veit það ekki. Máske það sé nú orðið bezt, að ganga út frá engri reynslu, en fara eftir því, sem einn eða annar rær undir í þann svipinn, þó að vér játum, að oss vanti reynsluna og skiljum ekki málið, svo sem í bankamálinu stóra.

Það þykir mögulegt, að halda því áfram og leiða það til lykta á þessu þingi, þótt það hafi þotið upp eins og bóla, eftir að meir en hálfur þingtíminn er liðinn.

En þetta mál, sem vér höfum reynsluna fyrir oss í, við það treystum vér oss ekki að fást, heldur viljum knékrjúpa stjórninni til að hjálpa oss.

Eg skal að eins bæta því við, að eins og sjá má af framhalds nefndarálitinu á þingskjali 513, ræður meiri hluti nefndarinnar frá að samþykkja breytingartill. háttv. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.), enda víkur hún algerlega frá grundvelli frumv. og breyt.till. meiri hlutans.

Eigi getur nefndin heldur fundið ástæðu til, að aðhyllast breyt.till. háttv. 2. þingm. Arn. (Þorl. G.), því að þótt hún víki að vísu ekki eins mikið frá grundvelli frumv., þá sýnist hún að minsta kosti ekki taka fram tillögu nefndarinnar.

Eg held það líka, að það sé t. d. öllu óheppilegra, að miða aldurstakmarkið við 65 ár en 60 ár, en það sem þó aðallega hrindir mér og nefndinni frá að aðhyllast hana, er þetta 6 ára dvalartakmark; þar er meðal annars við það að athuga, að ekkert er tekið til greina, þó um tvenn eða þrenn 6 ár væri að ræða í sama hreppi; yfir höfuð er ákvæðið of óákveðið til þess, að hægt sé að aðhyllast það.

Með því væri brotið niður að miða sveitfesti við þann hrepp, þar sem maðurinn hefir verið lengst í, á sínu bezta skeiði, og það ákvæði vil eg ekki missa; framfærslurétturinn er bygður á því, þar sem maðurinn hefir unnið lengst, en sú meining hverfur, þegar bundið er við 6 ár.

Það er þetta aðalatriði, sem fælir mig frá, að fallast á breyt.till.

Þar sem háttv. þm. Arn. (Þorl. G.) mintist á, að maðurinn lenti á fæðingarhrepp sínum, ef hann hvergi hefði unnið sér hrepp annarsstaðar með 10 ára dvöl, þá sé oft ilt að ákveða, hver sé hinn rétti fæðingarhreppur.

Það hefir fallið úrskurður um það, að þó kona ali barn á ferðalagi, þá eigi sá staður, er hún ól barnið á, ekki að álítast fæðingarhreppur þess, enda er það tekið fram hjá nefndinni, að fæðingarhreppur manns skuli vera lögheimilishreppur móðurinnar.

Í breytingartill. sinni víkur háttv. 2. þingm. Arn. (Þorl. G.) frá þessu, og getur það verið álitamál, hvort framfærsluhreppurinn eða fæðingarhreppurinn eigi að ala önn fyrir manninum, en það getur oft verið meiri vafningum bundið, að leita uppi framfærsluhreppinn en dvalarhreppinn. En þessi

ákvörðun hjá honum og nefndinni þykir sumum máske óþörf.

Í fátækrareglugjörðinni er svo fyrirmælt, að barn skilgetið fylgi framfærsluhreppi föðurins, en ef óskilgetið, þá framfærsluhreppi móðurinnar. — Getur verið, að dvalarhreppurinn finnist ekki það árið, sem konan elur barnið, og þess vegna vissara, að hafa ákvæði um það, en það er smá-atriði, og ekki vert að þræta um það.

Háttv. 2. þingm. Arn. (Þorl. G.) tók það líka fram, að því fleiri ár, sem menn væri að vinna sér hrepp, því fleiri hrakningar kæmust á, en mér skilst það gagnstæða, að því skemri sem tíminn er, því fyrr vakni óróinn og óttinn fyrir því, að maður verði sveitlægur, og þá verði hann því fyrr flæmdur úr hreppnum.

Það voru 5 ár áður, en því var einmitt breytt af þeim ástæðum, að hættara var við tíðum flutningum.

Við verðum að fara eftir ganginum í sökinni; 5 ár þóttu ekki nóg, og svo var því breytt með opnu bréfi frá 6. júlí 1848, og þá var 10 ára bilið lögleitt, til þess að hrakningur á þurfamönnum yrði minni.

Svo mér þykir háttv. 2. þingm. Arn. (Þorl. Guðm.) hafa tekið þar í ötugan strenginn.

Þórður Guðmundsson: Eg skal strax taka það fram, að eg býst ekki við það svari kostnaði, að lengja umræðurnar um þetta mál, úr því það kemst ekki fram á þinginu. Menn hafa ekki viljað láta eyrun opin fyrir því, þó málinu í gær tækist að ljúka þeim upp; það hefir sjálfsagt verið álitið pólitiskara. Mér virðist þó þetta mál öllu þýðingarmeira, og það hefir verið til umræðu á 5 þingum, en alt af farið öllu ver frá þinginu en það kom. A 4 þingum hefir verið nefnd milliþinganefnd, en þá var mótbáran sú gegn því, að það væri of kostnaðarsamt og borgaði sig ekki. En það er eins og það borgi sig betur, að vera altaf að rífast um það og komast aldrei að neinni niðurstöðu. Hafi nefndin komið með eitthvað, sem gæti staðið, þá rífa menn það niður hver um annan þveran.

Eg ætla nú ekki að ganga inn á einstök atriði, en taka fram þá skoðun mína, að nefndartillögurnar eru þó betri en það sem er, og eg vildi óska, að h. þingd. tæki þær betur til íhugunar en nefndin hafði ráð á. Breyt.till. vil eg ekki fara út í; eg skal að eins geta þess, að því er snertir breyttill. h. þm. N.-Múl. (E. J.), að þær eru svo vaxnar, að það er fjarst mér að taka þær til greina. Hann gat þess, að þær hefðu ekki fyr komið fram, en þó hafa þær komið áður á þessu þingi, og eitthvað í líka átt í blöðunum, skrifað úr Húnavatnssýslu, um að láta fátækrahrepp ná yfir heilar sýslur; en það er mesta fjarstæða.

H. samþingismaður minn benti á, hve lítið gagn væri að, að koma fram nú með þingsályktun til stjórnarinnar, en eg álít tíma til kominn. Þingið er búið að reyna sig á þessu máli, og annaðhvort er það því ofurefli, eða það vill ekki leggja fram krafta sína við það, þó fátækraskatturinn sé einmitt það farg, er þyngst hefir legið á þjóð vorri. Þó við semdum ný lög, mundu þau að vísu ekki alveg lyfta farginu af oss eða svona í fljótu bragði, en þau mundi hjálpa til að breyta hugsunarhættinum, enda er þörf á í sjálfu sér að breyta 65 ára gömlum lögum; hugsunarhátturinn breytist á skemri tíma. Eg álít það því mjög nauðsynlega tilraun, að skora nú á stjórnina að leggja frumv. fyrir næsta þing. Milliþinganefndatilraunin er fallin, þingið er búið að reyna sig á

að rífa hana niður, það borgar sig ekki, að eyða tímanum til slíks lengur.

Einar Jónsson: Mig furðar á því, að h. framsm. skuli segja, að eg hafi komið með breyt.till. mínar í þeim tilgangi að eyðileggja málið; eg kom með þær af góðum hug, og áleit þær hafa eins mikinn rétt á sér og tillögur nefndarinnar. Það hafa fleiri h. þm. sagt, að mínar tillögur fari svo fjarri steinu frv., og að þær sé að skoða sem nýtt frv., en eg sé ekki, að mínar till. fari lengra frá frv., í aðalefninu, en breyttill. nefndinnar. Eg skifti framfærslunni milli fæðingarhrepps og dvalarhrepps., en frumv. vill leggja hann sem næst því á dvalarhreppinn eingöngu. Aftur á móti vill nefndin hafa vinnuhreppinn fyrir framfærsluhrepp, sem er miklu fjær frv.

Framsögum. gerði mikið úr, að till. nefndarinnar kæmi alveg í veg fyrir hrakninga gamalmenna, og honum féllu svo orð, að ástæða var til að ætla, að hann áliti, að eg væri ekki sérlega viðkvæmur fyrir gamalmennum; eg skal nú ekki dæma neitt um það, en eg ímynda mér, að eg sé engu óviðkvæmari fyrir réttlátum tárum gamalmenna en hann. En það sem mestu varðar er það, að nefndinni hafi tekist, að fyrirbyggja þessa hrakninga með tillögum sínum. Og það sé eg ekki, að hafi tekist. Eg sé ekki, að nefndartillögurnar fyrirbyggi hrakninga, nema hvað hvötin fyrir hreppsn. til að ýta burtu gamalmennum fellur mikið til burtu að því er snertir sextuga menn og þar yfir. Á tímanum 16—60 ára aldurs eiga menn að vinna sér sveit, og eftir þann tíma þarf ekki að óttast að þeir vinni sér sveit, og því þarf ekki ýta þeim burtu fyrir þá sök; þetta er það eina í nefndarálitinu, sem fyrirbyggir hrakninga gamalmenna. En svo getur mjög vel komið fyrir samt, að menn verði að sæta flutningum eftir 60 ára aldur. Ef maður á 61. ári þarf á styrk að halda, þá á eftir nefndarálitinu að flytja hann á vinnuhreppinn, þó hann sé honum afar-ógeðfeldur til dvalar, og hann verður að fara þangað, hvað nauðugur sem hann kann að vera. En setjum nú svo, að maður eftir mínum tillögum þyrfti styrks eftir sextugt, þá á þáverandi dvalarhreppur hans að halda hann í 2 ár, og þyrfti hann ekki fult ómagamedlag á ári, þá lengur; því minni styrk sem hann fær, því lengur getur hann dvalið, þó það væru 5—6 ár, ef styrkurinn alls fer ekki fram úr 150 kr. Gæti oft farið svo, að maðurinn þyrfti ekki meira styrks. Eftir mínum till. hljóta því hrakningar að koma miklu síður fyrir. En eg vil við þetta tækifæri kasta fram þeirri hugsun, að til er sanngjarnt ráð, til þess að fyrirbyggja alveg hrakninga gamalmenna frá hrepp til hrepps, og það er að láta þá hafa framfæri af amtssjóði; ef nefndin vildi fallast á það, skyldi eg fljótt vera með, því að það getur oft orðið tilfinnanlegt fyrir gamlan mann, að þurfa á sveitarstyrk að halda. Eg tek t. d. gamlan og vel metinn bónda, sem verður fyrir einhver atvik hreppsþurfi á endanum; væri hann nú styrktur svo, að hann fyndi sem minst til, að það væri sveitarstyrkur, heldur lægi styrkurinn á miklum hluta lands, þá gæti hann eins vel álitið það sem viðurkenningu fyrir langt og dyggilegt starf í þjóðfélaginu eins og sveitarstyrk, og það væri æði-mikið mannúðlegra. Framsögum. sagði, að fæðingarhreppurinn væri úr gildi numinn, en eg veit ekki betur en að fæðingarhreppur sé enn í fullu gildi og komi oft til greina. Auðvitað kemur hann oftar til greina eftir mínum till., og er þó ekki víst, ef þau 2 ár

eru notuð vel, sem dvalarhreppurinn á að annast þurfamanninn; ef bóndinn sæi sér hag í að vera ekki fluttur burtu, mundi hann reyna að fyrirbyggja það með því að útvega sér styrk, sumpart hjá vinum sínum og vandamönnum, sumpart hjá fæðingarhreppnum, og þessir aðstandendur munu reyna að hjálpa, ef maðurinn er betur kominn í dvalarhreppnum. Með þessu þykist eg einnig hafa svarað h. 2. þm. Arn. (Þorl. G.). Eg viðurkenni mótbárurnar móti fæðingarhreppnum, þær hafa sitt gildi, og vildi nauðugur taka fæðingarhreppinn, ef annað væri hægt; eg sé vel gallana á því. En hinar aðrar breyt till. hafa líka sína galla, einnig till. nefndarinnar; maður, sem hefir t. d. unnið 10 ár í einum hrepp, hefir kannske unnið minna í honum en í öðrum hrepp, sem hann hefir að eins verið 9 ár í, eða jafnvel skemur. Eg tek t. d. mann, sem fer að vinna fyrir sér frá 16 ára aldri; hann hefir auðvitað ekki nærri eins mikinn vinnuþrótt og 20—30 ára maður. Hann vinnur nú í sama hrepp 10 ár, og á þar svo hrepp. En svo flytur hann í annan hrepp, og vinnur þar meira á hverju ári, er þar til meira gagns, af því hann er betur þroskaður, og hafi hann unnið þar 6—8 ár, á hann meira tilkall í rauninni til framfærslu þar en í fyrri hreppnum, ef miða ætti framfærsluna við vinnuna, gagnið sem hann gjörir, hlutfallslega. Eg veit vel, að það er ilt að ákveða takmörkin í þessu efni, eins og víða annarsstaðar, en einhversstaðar hljóta þau að vera; það er bara að leita þau takmörkin uppi, er hafa sem minsta galla. Hefðu tillögur nefndarinnar verið óaðfinnanlegar, þá hefðu mínar till. auðvitað ekki átt rétt á sér; en eins og málið nú er vaxið, finnast mér mínar hafa fleiri kosti til að bera en tillögur nefndarinnar.

Það er nú vert að athuga, hverjir verða helzt þurfamenn. Það eru fyrst og fremst einstakir menn, sem þrýtur krafta til vinnu, sökum heilsubrests eða elli. Sumir af þeim eru menn, sem flytjast mjög úr einum stað í annan, úr einum hrepp í annan og jafnvel landsfjórðunga milli, og meðal þeirra jafnvel menn, sem sumir mundu vilja kalla úrkastið úr mannfélaginu. Þeim stendur vanalega á sama um það, hvar þeir lenda og hvar þeir eru framfærðir; og flutningur á fæðingarhrepp sinn er þeim máske ekkert tilfinnanlegur; með aðra er það auðvitað ekki ætið svo.

Eg hefi áður talað um það atriði, þegar menn verða þurfam. sökum ellilasleika; en vil nú dálítið minnast á þá menn, sem verða styrksþurfi fyrir heilsubrest, áður en ellin kemur yfir. Þá er því oftast svo varið, að ef þeir annars fá heilsuna aftur, þá nægja til þess 2 ár, og kemur þá eigi til flutninga, en þeim gefst færi á að greiða skuld sína, og halda áfram að vera þar sem þeir kjósa.

Í annan stað verða þurfamenn þeir fjölskyldumenn, sem þrýtur atvinnu, til þess að bjarga nægilega sér og sínum. Fyrir þá eru einnig 2 ára tími oft nægilegur til þess þeir geti borgað skuld sína, og þurfi ekki að hrekjast burt úr þeim hreppi, eins og eg hefi bent á.

Í þriðja lagi verða þurfamenn börn, sem verða munaðarlaus. Vitanlega eiga þau að vera á fæðingarhrepp sínum til 16 ára aldurs, ef foreldrarnir eiga þar hrepp; annars verður að flytja þau í annan hrepp, og það getur verið óþægilegt og óheppilegt. Og vil eg því varpa því fram, hvað þau snertir, að til álita gæti komið, hvort eigi væri rétt, að framfæra munaðarlaus börn yngri en 10 eða 8 ára, á kostnað sýslusjóðs eða amtssjóðs. I sjávarsveitum

getur það komið fyrir, að munaðarlaus börn verði þung á einstökum hreppum, t. d. þegar það kemur fyrir, að margar skipshafnir farast í senn, og getur þá orðið þungt fyrir einstaka hreppa, að taka á móti þeim börnum, sem þannig verða munaðarlaus og styrksþurfar. Og í sambandi við þetta vil eg taka það fram, að eg þekki til um einn hrepp, sem fyrir þess konar slys varð að taka til framfærslu 24 munaðarlaus börn á sama ári.

Eg vil aftur taka það fram, að eg heti komið fram með breyt.till. mínar, ekki til þess að spilla fyrir málinu, heldur til þess að gefa mönnum kost á að íhuga málið frá nýrri hlið. Og það tel eg til góðs, en ekki málinu til ógagns. Það gengur aldrei fram á þinginu hvort sem er, og má þá athuga breyt.till. mínar betur síðar. Eg vil eigi halda þeim fram með neinu kappi.

ATKVGR.: 1. brt. á þingskj. 493 við 1. gr. feld með 11 : 5 atkv.

Hinar brt. á þingskj. 493 þá teknar aftur.

1. breyt.till. á þingskj. 410 feld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jens Pálsson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Jón Jensson,
Ól. Briem,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Þórður Guðmundss.,	Sig. Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen.	Skúli Thoroddsen,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. á þingskj. 463 feld með 12 gegn 2 atkv.

1. gr. frv. feld með 12 : 4 atkv.

Brt. nefndarinnar teknar aftur og síðari brt. á þskj. 463 sjálffallin.

2. gr. frumv. samþ. með 11 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Halldór Daníelss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Thoroddsen,
Tr. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundss.	

J. Jónss., þm. Eyf., greiddi ekki atkv., og var því talinn með meiri hlutanum.

3. gr. frv. feld með 11 : 7 atkv.

4. og 5. gr. þar með fallnar.

6. gr. feld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Kl. Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Björn Sigfússon,	Jón Jensson,
Guðl. Guðmundsson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Halldór Daníelsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Jens Pálsson,	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Sig. Gunnarsson,
Ól. Briem,	Valtýr Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss,
Tr. Gunnarsson.	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

7. gr. feld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Halldór Daníelss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðj. Guðlaugsson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Valtýr Guðmundss.,

já:	*nei:*
Tr. Gunnarsson.	Þórður Guðmundss., Þórður Thoroddsen, Þorl. Guðmundss.

Jón Jónsson, þm. Eyf., greiddi eigi atkv. og var því talinn í meiri hluta.

8. gr. til 12. gr. feldar með 11 : 5 atkv.

13. gr. feld með 10 : 5 atkv.

14. gr. feld með 10 : 5 atkv.

15. gr. og 16. gr. feldar með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. var felt frá 3. umr. með 14 gegn 3 atkv.

Breyting á fátækrareglugjörðinni.

II.

FRUMVARP til laga um breyting á 3. gr. í reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834 (C. 124); 1. umr., 20. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eg leyfi mér að eins að óska þess, að máli þessu verði vísað til fátækramálanefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til fátækramálanefndarinnar með 18 shlj. atkv.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 124, 316), 12. ágúst.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Ástæður þær, sem nefndin, er þetta mál hefir haft til meðferðar, færir fyrir því, að ráða h. deild til að fella þetta frumv., eru svo ljósar í nefndarálitinu, að ekki er ástæða til að vera langorður um þær. Margir kunna að álíta ástæðu til, að breyta þessari grein, en eg álít það ekki beinlínis nauðsynlegt. Það eru mörg önnur atriði í fátækrareglugjörðinni, sem betur færi að breyta, en sem ekki eru beinlínis knýjandi ástæður fyrir að breyta. Það eru ýms smáatriði önnur, sem þurfa umbóta við eftir minni meiningu í reglugjörðinni, svo það verður að litlum notum, að draga eitt af þeim út úr hópnum. Jafnvel hætt við að verði bara kák, ef þau eru ekki tekin í einni heild. Eins og menn vita, liggja fyrir nefndinni 2 frv. Annað frá Ed. um þetta stóra atriði, sveitfestina, og annað frumv., sem eg flutti í þessari h. deild, nefnilega um framfærslurétt þurfamanna. Þetta er það eina aðalatriði, sem umkvartanir koma yfir úr hverju horni. Svo er frv. um þurfamannaflutning. Vitanlega er þurfamannaflutningur óþarflega dýr, eins og honum er fyrir komið, en sá kostnaður kemur félagslega niður, og hver ber þar annars byrði í þeim sökum, eftir þeirri venju, sem viðgengst. En væri máske réttara að breyta þessu í annað horf. Þetta er eitt af því smáa, sem þarf að laga í reglugjörðinni frá 8. jan 1834. Þetta frv. um sveitfesti eða framfærslurétt þurfamanna er aðalatriðið í þessu máli, og það þarf nauðsynlega umbóta við, sem er 6. gr. reglugjörðarinnar, en hitt alt er mjög smátt og óverulegt, og úr því það ekki er tekið fyrir í einni heild, vil eg láta geyma það til seinni tíma, því þótt atriðin séu nokkuð mörg, álít eg það ekki ofvaxið einu þingi, að draga þau saman í eina heild, til íhugunar og umbóta. Ef fátækralögin eru ekki tekin fyrir í einni heild, vil eg ekki láta hreyfa við þeim nema í þessu aðalatriði um framfærslurétt þurfamanna. Af þessari ástæðu ræður nefndin til að fella þetta frumv., sem hér er um að ræða, með því það er efasamt, hvort breytingin væri til bóta. Eg skal svo ekki fara

lengra út í þetta mál, meðan ekki koma mótmæli.

ATKVGR.: Málið var felt frá 2. umr. með 14 : 6 atkv.

Framfærsluréttur þurfamanna.

FRUMARP til laga um framfærslurétt þurfamanna (C. 40); 1. umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Sighvatur Arnason*): Mér finst ekki ástæða til að hefja umræður um þetta frumv. nú á þessu stigi málsins, en vil gjöra þá uppástungu, að málinu sé vísað til nefndar þeirrar, sem þegar hefir verið skipuð, til að íhuga fátækramál landsins.

ATKV.GR.: Samþ. að vísa málinu til nefndarinnar í fátækramálunum með 14 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr., 16. ágúst (C. 409).

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Eins og hinni h. deild er kunnugt, var borin upp sú till. í þessari h. deild, að skipa 5 manna nefnd til að íhuga fátækralöggjöf landsins; nefndin var skipuð, og þar næst vísað til nefndarinnar frumv. um framfærslurétt þurfamanna, og aftur síðar kom frumv. um sama efni frá Ed., og var því einnig vísað til nefndarinnar. Nú hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að sameina bæði frumv. í eitt, þannig, að hún leggur frv. Ed. til grundvallar, en tekur höfuðatriði Nd.-frumv. upp í það. Þar sem nú svo stendur á, hefir nefndin komið með þá tillögu, að fella frv. Nd., en sjálfur leyfi eg mér sem upphaflegur flutningsmaður frumv., að stinga upp á annari aðferð; mér þykir nefnilega dálítið óviðkunnanlegt, að frv. sé felt, þegar þó aðalefni þess er tekið upp í hitt frumv.; eg vil heldur taka frv. aftur sem formaður nefndarinnar.

Frumv. tekið aftur.

Afnám lausafjártíundar, m. m.

FRUMVARP til laga um afnám framtals á lausafé til tíundar, og um breyting á gjöldum þeim, sem bundin eru við lausafjártíund (C. 19); 1. umr., 5. júlí.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg sé ekki, að það hafi verulega þýðingu, að fara að ræða þetta mál mikið eða ítarlega við 1. umr. þess, enda er örðugt og jafnvel ekki hægt að ræða það, nema með því, að ganga inn á einstök atriði þess. Vona eg að það fái að ganga til 2. umr., og að nefnd verði sett í það, og þá er tími til að ræða það nákvæmar. Tilefnið til frumv. þessa er, að eg hreyfði máli þessu opinberlega í vetur, og eftir það fekk eg áskoranir úr ýmsum áttum um, að flytja það í frv.-formi á þingi. Gjöri eg ráð fyrir, að margir muni vera hlyntir stefnu frumv., en hitt getur et til vill valdið ágreiningi, hversu það hefir hepnast í einstökum atriðum, að setja nýtt í stað þess, sem ætlast er til að nema burt. Aðalstefna frv. er, að gjöra gjöld þau, sem hér er um að ræða, einfaldari og þægilegri en áður, og alt fyrirkomulag við þau auðveldara. Eg ímynda mér, að allir játi, að gjöld þau, sem bygð eru á lausafjártíundinni, séu bygð á ranglátum grundvelli, og ágreiningurinn geti því að eins orðið um það, hvaða grundvelli verður bygt á í hennar stað. Sé eg ekki ástæðu til að ræða málið frekara að sinni, en óska að eins, að frv. fái að ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Eg skal játa það með h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að þetta

mál er mjög mikið vandamál; líka skal eg játa það, að stefna frv. er í sjálfu sér góð, en eg tek það aftur upp, að málið virðist vera bæði vandasamt og margbrotið, en það er þannig vaxið, að mér virðist örðugt að fara nokkuð verulega út í það, nema með því að minnast á sérstakar greinar, en slíkt er ekki leyfilegt við þessa umræðu. Vil eg því stinga upp á því, að þegar sé skipuð 5 manna nefnd í það.

ATKVGR.: Nefndarkosning sþ. með 13 atkv.

Kosningu hlutu:

Guðlaugur Guðmundsson með 15 atkv.
Ólafur Briem — 9 —
Sighvatur Árnason — 8 —

Fleiri fengu ekki næg atkv. og varð því kosning að fara fram að nýju; hlutu þá kosningu

Klemenz Jónsson með 12 atkv. og
Guðjón Guðlaugsson — 9 —

1. umr. frestað.

Gróðrartilraunastöð.

FRUMVARP til laga um stofnun gróðrartilraunastöðvar á Íslandi (C. 77); 1. umr.

Flutningsmaður (*Pétur Jónsson*): Eg geri ráð fyrir, að framsaga mín í þessu máli muni þykja sumum þm. óviðkunnanleg, en eg skal reyna að skýra hana fyrir mönnum, með því að segja frá sögu málsins og tilefni því, er eg hafði til að taka málið að mér.

Orsökin er sú, að maður nokkur, sem hefir mikinn áhuga á þessu máli, sneri sér til manna í búnaðarmálanefndinni, til þess að reyna að koma þessu frumv., er hér liggur fyrir deildinni, inn á þing. Nefndin vildi ekki aðhyllast frumv., og þar sem hlutaðeigandi maður var farinn úr bænum, svo hann gat ekki haft nein afskifti af málinu, þá tók eg að mér ásamt öðrum h. þm., að koma málinu inn á þing, jafnvel þótt eg sé ekki sjálfur fyllilega samþykkur frumv., því eg vildi gefa öðrum kost á að kynna sér það, ef einhver væri, sem vildi halda því í því formi eða líku, sem það nú hefir.

Mönnum þykir þetta ef til vill kynlegt, að vera að flytja frv., sem maður er ekki algjörlega með, en eg vona menn sjái, að það geti þó verið ástæða til þess. Hvað málið sjálft snertir, þá skal eg leyfa mér að benda á, að mér finst að hér sé um 3 vegi að velja. — Fyrsti vegurinn er að aðhyllast frumv. eins og það liggur fyrir, eða með litlum breytingum. Annar vegurinn er að taka málið upp í öðrum og minni stýl, og loks er þriðji vegurinn að fella frv. Eg hallast nú fyrir mitt leyti helzt að þeim veginum, sem liggur mitt á milli; eg vil gjarnan styðja að því, að eitthvað sé gert í þá átt, sem frumv. fer í, en eg vil helzt ekki, að við gerum það með því að gefa út sérstök lög, og ef deildin væri á sama máli sem eg, þá mundi hún að líkindum vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar; eg vil þó ekki gera það strax að tillögu minni, ef einhver kynni að vilja taka frumv. að sér, því þá lægi næst að kjósa sérstaka nefnd í málið.

Skúli Thoroddsen: Eg stend upp að eins til þess, að leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 12 atkv.

1. umr. þannig frestað.

Alþýðustyrktarsjóðir.

FRUMVARP til laga um breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 (C. 129); 1. umr., 20. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Það er ekki umfangsmikið frv., sem hér liggur fyrir, en þó vona eg að ekki taki langan tíma til meðferðar þess hér í h. þingd., en eg held að það hafi ekki litla þýðingu í efnalégu tilliti, hvernig það er meðhöndlað, þar sem það fer fram á breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki frá 11. júlí 1890. Eftir því, sem mér er kunnugt, eru styrkjarsjóðir þeir, sem lagðir eru í Söfnunarsjóðinn, alls 191, og upphæð sú, sem þar er á vöxtum, nú 61,094 kr. 53 a., svo hver hreppur á að meðaltali í sjóði 324 kr. 30 a. Eftir undanfarandi reynslu má búast við því, að við árslok 1901, þegar útgjöld eiga að byrja úr sjóðunum, sé fjárupphæðin í þeim orðin um 94 þús. kr., eða að meðaltali 490 kr. á hvern hrepp, eða með öðrum orðum nál. 500 kr. Við árslok 1898 voru að eins 9 hreppar á landinu, þar sem sjóðirnir voru orðnir yfir 700 kr. Var Reykjavík þar auðvitað fremst á blaði með 2914 kr. Þá Vopnafjarðarhreppur með 884 kr. Reyðafjarðarhreppur með 861 kr.

Aftur eru 10 hreppar, þar sem fjáreignin er ekki orðin 100 kr. Það sýnist að vísu, að þessir 9 hreppar, sem mest eiga í sjóðunum, hefðu tekjuauka af því, að mega fara að taka út aftur úr sjóðunum árið 1901, eins og lögheimilað er; en þegar litið er yfir land alt, er það auðsætt, eftir skýrslunum um tölu hreppanna og innieign þeirra í Söfnunarsjóðnum, að ekki kæmi nema tæpar 30 kr. á hvern hrepp að meðaltali, þó notað væri hálft innlag á árinu og hálfir vextir af höfuðstól.

Eg hefi komið með þetta frv. til þess að vita, hvort h. deild vilji semja lög um það, að styrktarsjóðir alþýðufólks yrðu ekki notaðir fyr en eftir önnur 10 ár, eða ekki fyr en 20 árum eftir það, að styrktarsjóðirnir byrjuðu. Vér höfum lengur beðið eftir þessu fé, þó vér gerum það enn nokkur ár. Væri farið að brúka það 1901, þá mundi það nema svo lítilli upphæð víðast hvar, að slíks gætti ekki, og menn fengju með því minni trú á slíkum sjóðsstofnunum.

Enn er einn kostur, sem það hefir í för með sér, að byrja ekki nú þegar að eyða fé styrktarsjóðanna. Hann er sá, að þegar farið verður að nota féð árið 1911, þá verða vextirnir orðnir svo miklir, að ekki þarf að senda neitt fé úr hreppunum til Söfnunarsjóðsins, því hálfir vextir nema eins miklu og hálf innlögin eða jafnvel meiru, svo það þarf jafnvel að senda afganginn úr Söfnunarsjóðnum út til hreppanna.

Þorlákur Guðmundsson: Eg ætti sízt að verða til þess, að mæla móti þessu frumv., því eg álít æskilegt að draga það, að nota styrktarsjóðina, þar til vextirnir nema svo mikilli upphæð, að þeir geti orðið að töluverðum notum, og helzt þangað til ekki þarf að senda árstekjurnar úr hreppunum til Söfnunarsjóðsins, sem ætti að verða nálægt 1917. En eg vildi skjóta því til h. flutnm., hvort hér ekki kemur einnig breyting á 5. gr. laga 26. febr. 1897 um breyting á lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki, og hvort ekki þarf að taka það fram í frumv. þessu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Önnur umr., 25. júlí (C. 129).

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Eg hefi litlu að bæta við það, sem eg tók fram við 1. umr. málsins. Eg sýndi þá ljóslega, hve lítill tekju auki fyrir sveitarsjóðina styrktarsjóðsgjaldið yrði, ef ætti að fara að skerða það þegar eftir 10 ár. Eiginlega sé eg ekki, að frumv. þetta muni að neinu geta komið í bága við lög 8. desbr. 1897; þó mun eg athuga það betur, og koma með breyt.till. til 3. umr., ef mér finst nokkur ástæða til. Skal eg svo ekki fjölyrða meir um málið, en vona að það fái að ganga eins greiðlega til 3. umr., eins og það gekk til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv.greinin sþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 27. júní, (C. 129).

ATKV.GR.: Frumv. var samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Sóttvarnarhús.

FRUMVARP til laga um bygging sóttvarnarhúsa í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði (C. 208); 1. umr., 28. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og menn vita, var á síðasta þingi samþykt áskorun til stjórnarinnar um að útvega áætlun um kostnað, sem leiða mundi af byggingu sóttvarnarhúsa, og veitt fé í fjárlögunum til þessa. Stjórnin hefir orðið vel við þeirri áskorun og útvegað hjá arkitekt í Kaupmannahöfn, þeim sama, sem gerði uppdráttinn af holdsveikraspítalanum, Thuren, áætlun um byggingu sóttvarnarhúsa. Hann hefir sent stjórninni áætlun og yfirlit og stjórnin aftur sent það hingað til þingsins. Eins og menn geta séð af þeirri áætlun, þá hefir hann gert yfirlit yfir sóttvarnarhús handa 10 sjúklingum og áætlar að það muni kosta um 20,000 kr. með öllum áhöldum, sé það trébygging með múruðum grunni og kjallara. Jafnframt hefir hann og sent stjórninni tilboð frá félagi, sem verzlar með svokölluð döckersk tjöld, sem oft eru brúkuð erlendis, þegar fljótt þarf að grípa til sóttvarnarhúsa, og segist félagið geta skaffað slíkt hús fyrir 10915 kr., það er að segja pakkað niður í kassa og komið um borð í skip í Kaupmannahöfn, en svo legðist auðvitað á það flutningskostnaður hingað upp. Það er ekki ætlast til að neinn grunnmúr sé búinn til undir slík hús, heldur sé jarðvegurinn að eins jafnaður og lagður á hann pappi, til þess meðal annannars að varna súg að neðan, og segja þeir, að það megi koma upp húsinu á 2—3 dögum svo, að þá megi fara að brúka það.

Þetta eru svörin, sem þingið hefir fengið upp á áskorun sína til stjórnarinnar um þetta efni.

Jafnframt hefir hæstv. landsh. lagt fram erindi frá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu, þar sem hann skorar á landshöfðingja að sjá um, að komið verði upp sóttvarnarhúsi á Akureyri, og þessi áskorun er svo undirkomin, að héraðslæknirinn á Akureyri, Guðm. Hannesson, hefir skrifað amtmanninum og skorað á hann að gera gangskör að því, að sóttvarnarhús yrði reist þar. Guðm. læknir Hannesson getur þess, að það hafi oftar en einu sinni komið fyrir, að skip með sýktum mönnum hafi leitað hafnar á Akureyri, bæði af því sérstaklega, að það er einn sá staður, sem skipum er boðið að koma til, hafi

þau sótt innanborðs, og af því, að þau hafa ekki getað leitað annað, en þá hafi ekkert hús verið til og ekkert hús verið hægt að fá, og í sjúkrahúsið hafi ekki verið hægt að flytja þá, bæði af því að það hafi verið fult, og eins hinu, að hætt væri við, að hinir aðrir sjúklingar sýktust líka, enda engin trygging fyrir að sýkin ekki breiddist út þaðan, þar sem engin sótthreinsunarverkfæri væru til. Jafnframt hefir læknirinn sent teikningu af trébyggingu til sóttvarna handa 10 sjúklingum, sem hann áætlar að kosta muni um 6,500 kr. Út af þessu hefir svo amtmaðurinn skrifað bæjarstjórninni á Akureyri og skorað á hana að segja álit sitt um, hvort hún sæi ráð til að útvega eða hafa til taks hús, ef næmir sjúkdómar bærust þangað, og því hefir bæjarstjórnin svarað neitandi. Bæjarfógetinn á Akureyri tekur það sérstaklega fram í svari sínu, að vorið 1895 hafi komið þar skip, þar sem 1 háseti hafi dáið úr diphteritis og annar verið þunglega haldinn af sömu veiki; þá hafi staðið svo á, að engist hafi auður húskofi með vægum kjörum, og þar varð þessum eina manni komið fyrir, en það hefði verið ómögulegt að hýsa þar fleiri, þó legið hefði á. Enn fremur tekur bæjarfógetinn það fram í áminstu bréfi, að sumarið áður hafi barnaveiki gengið í héraðinu. Þá hafi þurft að einangra tvö börn, og hafi þá tekist með eftirgangsmunum, að fá eitt minsta húsið leigt fyrir afarverð, 80 kr. um 2 mánuði. Þetta tek eg fram til að sýna, hversu nauðsynlegt það er, að fá sóttvarnarhús bygð á þeim stöðum, sem nefndir eru í frumv., og efast eg ekki um, að h. deild verði mér samdóma um það. Það er skylda þingsins, að gera eitthvað í þá átt á þessum stöðum, þar sem sóttvarnarlögin gera skipum það að skyldu, að koma á þessar hafnir, ef þau hafi veikindi innanborðs, og þar að auki er í sóttvarnarlögunum frá 1895, sem staðfest eru 31. jan. 1896, gert ráð fyrir, að læknar flytji menn með næmum sjúkdómum á sóttvarnarhús, en sá lagastafur er dauður bókstafur, meðan engin sóttvarnarhús eru til, og engin sótthreinsunarverkfæri. Eg vil að lokum benda á það, að eg hefi ekki viljað taka upp í frumv. fleiri staði en þessa fjóra í bráðina, af því að eg álít heppilegra, að koma sóttvarnarhúsum upp smátt og smátt, betra fyrir landssjóðinn, að taka fyrir þessa fáu staði í einu, heldur en alla þá, sem lögin gera ráð fyrir.

Af þessum 3 áætlunum, sem fyrir liggja, skal eg ekki segja, hver bezt er, að svo komnu. Eg hygg að það sé óþarflega mikið, að verja 20 þús. kr. til sóttvarnarhúss fyrir 10 sjúklinga, eins og Thuren gerir ráð fyrir. Aftur á móti getur mér ekki dulist, að sóttvarnarhús fyrir 10 sjúklinga hljóti að kosta meir en tæp 7000 kr. með öllum áhöldum, eins og Guðm. Hannesson gerir ráð fyrir. Eg hefi því farið meðalveginn og legg til, að 10 þús. kr. séu áætlaðar til hvers húss, og geta menn þá, hvort sem menn vilja heldur, valið um döckersk tjöld eða tréhús. Eg skal ekki fara fleiri orðum um málið að sinni; eg álít nauðsynlegt, að nefnd sé skipuð í það, en eg vil þó ekki stinga upp á henni strax, til þess að taka ekki orðið af h. þdm., sem kynnu að vilja tala um það.

Valtýr Guðmundsson: Mér þykir heilbrigðismálin ætla nú að fara að kosta nokkuð mikið. Nýlega hafa verið sþ. af þinginu ný læknalög, er fjölga að miklum mun læknunum; á þinginu er komið fram frv. um að byggja landspítala, verja til þess yfir 100 þús. kr. og loks kemur nú þetta frumv. fram; og eftir ræða háttv. flutningsm. (Þ. Th.) er

þetta að eins byrjun á bygging sóttvarnarhúsa, þetta sem frumv. fer fram á; það er víst hugsunin að setja heila röð af sóttvarnarhúsum umhverfis alt land. Eg hygg að nauðsynlegt væri, áður en lagt er út í þessa byrjun á bygging sóttvarnarhúsa, að hafa einhverja hugmynd um, hvar það ætti að enda, og mun því vera æskilegt, að sett sé nefnd til að íhuga frumv., eins og háttvirtur flutningsm. (Þ. Th.) tók fram.

Eg vil leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. og þessir kosnir:

Valtýr Guðmundsson með 18 atkv.
Þórður Thóroddsen . með 17 atkv.
Jón Jensson . . . með 13 atkv.

1. umr. frestað.

Nefndarálit: C. 467.

Kennaraskóli í Flensborg.

FRUMVARP til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. 169); 1. umr., 25. júlí.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Þetta frumv. er háttv. þingd. talsvert kunnugt. Það var borið hér fram 1897 og urðu þá allítarlegar umræður um það. Það álit hefir verið látið í ljósi af fjölda manna, að nauðsynlegt sé að fá sem öflugastan og beztan kennaraskóla, og í minu kjördæmi voru menn eindregið á því, að rétt væri að stofna reglulegan kennaraskóla. Við álitum réttast að láta frumv. koma fram orðrétt, eins og það gekk í gegn hér í deildinni síðast, þótt það að vísu félli í Ed., með því að 1 þm. var fjarverandi, er atkvæðagreiðsla fór fram. Okkur hefði að vísu máske fundist ástæða til að gjöra ofurlitar breytingar, t. d. að bæta við undirstöðuatriði heilsufræðinnar, og eins kannske líka, að viðkunnanlegra hefði verið að setja: »fyrst um sinn í Flensborg«. En nú sem stendur getur naumast verið um annað að tala en að setja hann í Flensborg, því það verður langódýrast, því þar hefir hann verið áður, og áhöld og útbúnaður til. Eg skal að þessu sinni ekki tala langt mál; mér gefst máske kostur á að tala við síðari umr., en eg álít sem sagt rétt að tryggja sér þá kennara, sem nú eru þar, og álitnir eru sérlega vel hæfir.

Eg fel svo málið nú sem áður góðvilja h. þingd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 8 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	J. J., þm. A.-Sk.,
Jens Pálsson,	J. J., þm. Eyf.,
Jón Jensson,	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Þorl. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Önnur umr. (C. 169); 27. júlí.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Eins og minst var á við 1. umr., þá er búið að ræða þetta mál allrækilega í deildingi áður. Við flutningsmenn höfum komið fram með það óbreytt frá síðasta þingi, af því við sáum ekki neina ástæðu til að breyta afstöðuatriðum málsins. Málið er svo kunnugt deildinni, að eg finn enga ástæðu til að fjölyrða um það.

Eg skal að eins geta þess, að okkur flutningsm. hefir hugkvæmst að koma

með dálitla breytingartill. við næstu umræðu, þó það þyki kannske nokkuð seint. Breytingin er í því innifalin að orðin í 3. gr. »ókeypis bústaður etc«, falli burt, og er sprottin af því, að Flensborg er sjálfstæð stofnun út af fyrir sig, svo okkur þótti ekki þessi ákvæði greinarinnar eiga vel við. Eg vona, að ef háttv. þingm. hafa eitthvað að athuga við einstakar gr. frumv., þá komi þeir fram með það nú við þessa umræðu, svo við getum íhugað mótbárurnar rækilega, því ef einhver hefði einhver smærri atriði fram að færa, t. d. viðvíkjandi kostnaðinum, þá erum við flutningsmenn fúsir á að taka þau til greina og ekki gera það að kappsmáli, því það er vegna málefnisins sjálfs, að við höfum komið fram með frumv. Við viljum gjarna taka til greina t. d. skynsamlega lækkun á launum, og viljum sýna með því, að okkur liggur málefnið sjálft meira á hjarta en það, að hlynna að prívat efnahag einstakra manna, enda hafa þeir menn, sem hér er um að ræða, þann kost, að þeir eru nægjusamir. Að svo stöddu skal eg ekki fara frekari orðum um málið.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Þetta frv sem hér liggur fyrir, gekk í hitteð fyrra með litlum umræðum í gegn hér í háttv. deild, en féll í háttv. Ed; en eg held, að margur, sem greiddi hér atkvæði með því þá, hafi gert það með hálfum huga. Hið fyrsta, sem ber að athuga í þessu máli, er það, hver nauðsyn er á þessu frumvarpi, eða hvort hún er eins mikil og háttv. flutningsm. vildu vera láta. Er nú sem stendur svo mikill skortur á kennurum og svo mikil eftirspurn eftir þeim, að stofna þurfi kennaraskóla vegna þess? Eru ekki nægilega margir menn í sveitum, sem bjóðast til kenslu, og geta fullnægt þeim kröfum, sem gjörðar eru að því er barnafræðslu snertir? Eg efast ekki um, að nægilegt muni til af kennurum, sem geta fullnægt núverandi kröfum, þótt eigi hafi þeir notið kennarafræðslu, og séu fullfærir til kenslu þeirrar, sem heimtuð er. En þótt kennaraskólinn væri stofnaður, mætti búast við því, að komið gætu menn útskrifaðir frá honum, sem ekki væru fullkomnir til kenslunnar. Auk þess er ekki víst, að kennaraskólinn nái tilgangi sínum með því að nægilega margir sæki hann, þar sem kennarafræðslan er enn í litlum metum. Eg skal fúslega játa, að þetta er mjög athugavert mál, játa, að það þyrfti að auka alþýðumentunina og koma upp barnaskólum víða í sveitum; en hversu æskilegt, sem slíkt kann að vera í sjálfu sér, sé eg ekki, að það sé hægt, meðan efnahagur þjóðarinnar er í jafnbágu standi og nú er, að íþyngja mönnum með því, að kosta miklu meira til alþýðufræðslu en nú er gjört, heldur hygg eg að slíkt verði að bíða þar til horfurnar verða eitthvað vænlegri. Eg lít því svo á, að í þessu máli verðum vér að færa oss áfram smám saman hægt og hægt, og reyna, hvernig kennarafræðslan gefst um nokkur ár. Eg hefi heyrt sagt, að einn þeirra manna, sem notið hafði kennarafræðslunnar, hafi fengist við kenslu austur í Fljótsdalshéraði, og reynst ágætlega vel; en eitt dæmi sannar ekki, að allir reynist eins, sem njóta fræðslu þessarar, því að þessi maður hefir getað haft óvenjulega góða kennarahæfileika. Eg álít ekki tímann kominn til að stofna fastan kennaraskóla, en vil láta reynsluna skera úr, hvort menn vilja hagnýta sér kennarafræðsluna, sem nú er, og hvort þeir, sem hennar hafa notið, reynast betur en aðrir kennarar. Mér

virðist rétt, eins í þessu sem öðrum framfaramálum, að taka ekki stökk alt í einu, heldur láta þau þróast smám saman á eðlilegan hátt, eins og dýr og jurtir dafna og þroskast.

Hér í Reykjavík hefir mikið verið talað um mentunarástandið á Íslandi og hefir stundum verið gert mjög lítið úr því, og því haldið fram, að það væri á mjög lágu stigi. Þetta frumv. sem hér liggur fyrir miðar að því að efla alþýðumentunina með því að útvega betri kennara en áður; en þegar litið er á það, hvað margar námsgreinar á að kenna í kennaraskólanum, þá getur manni blöskrað, að sjá það, að 12—13 fræðigreinar eigi að kenna á stuttum tíma, líklega 2 árum; því að naumast er von þess, að skólinn verði sóttur, eigi námstíminn að verða lengri, og er þá hætt við, að lærdómurinn verði hálfgjört kák, því að þegar menn geta ekki átt von á nema mjög litlum launum, er þeir hafa lokið námi, verða þeir að láta sér nægja sem minstan lærdóm.

Það hefir verið gjörð tilraun af Kennarafélaginu til að styðja að því, að laun barnakennara yrði hækkuð, svo að fleiri yrðu til þess að nota kennarafræðsluna; en menn hafa ekki séð sér fært að ganga að því, vegna þess, að efnahagur þjóðarinnar þolir það ekki.

Eg held að það hefði miklu meiri þýðingu fyrir menningu þjóðarinnar og andlegar framfarir og þroska, að hin æðri mentun væri aukin og styrkt með því, að haldnir væru fyrirlestrar í sögu landsins og bókmentum, sem gæti aukið og ávaxtað vorn þjóðlega arf. Mér finst ekki liggja þinginu eins nærri, að styrkja alþýðufræðsluna, eins og hennier nú hagað, sem bókmentir vorar að því leyti, sem þær miða til að göfga og bæta hugsunarhátt þjóðarinnar, og eg hygg að alþingi veiti svo mikið fé, sem vænta má, til eflingar barnakenslunni. Eg get því ekki gefið frumv. þessu atkvæði mitt, og bið háttv. deild að hugsa sig vel um, áður hún stígur þetta spor.

Valtýr Guðmundsson: Þetta frumv. hefir verið áður hér á þingi og fengið allgóðar undirtektir. Eg verð og fremur að vera því hlyntur, því eins og eg vil koma kenslumálum vorum í það horf, að hvert sveitarfélag kosti barnakensluna hjá sér, eins finst mér eðlilegt, að landssjóður leggi fram það fé, er þarf til þess, að kennararnir geti fengið nægilega mentun. Eg er því frumv. hlyntur í aðalefninu, og þar að auki sé eg ekki, að farið sé fram á ofmikil laun til kennaranna við hinn fyrirhugaða skóla. En mér finst eitt vera á móti því, að samþykkja frumv. þetta nú, og það er, að mér virðist ekki vaknaður nægilegur áhugi á því að nota kennarafræðslu þá, sem nú býðst, því eftir síðustu skýrslu frá Flensborgarskólanum nutu að eins 3 kennarar fræðslu þar árið sem leið: 1 karlmaður og 2 konur, og er þó kostað töluverðu til kennarafræðslunnar nú, svo hún verður nokkuð dýr í samanburði við það, sem hún er notuð. Það getur þó alt at verið álitamál, hvenær vér eigum að stofna fastan kennaraskóla, en það sem einkum vakir fyrir mér, að eðlilegt sé að vér frestum þessu um hríð, er það, að mér finst það liggi í loftinu, að gerðar verði breytingar á öllum æðri skólum vorum, latínuskólanum, Möðruvallaskólanum og Flensborgarskólanum, og þá vakir fyrir mér, að það væri miður heppilegt, að hafa stofnað kennaraskóla í Flensborg, því að réttast mundi að setja kennaraskólann í samband við gagnfræðaskóla í Reykjavík, og væri þá óheppilegt, að hafa ákveðið kennaraskóla í Flensborg

með lögum, ef gagnfræðakensla yrði sett á stofn í Reykjavík. Mun því heppilegra að fresta þessum lögum, þangað til séð er fyrir endann á því, hvernig eigi að haga fyrirkomulagi gagnfræðaskólanna og annara skóla. Þó vil eg geta þess, að mér mundi þykja verra, ef fella þyrfti frumv. þetta hér í h. deild, og því datt mér í hug, hvort ekki væri vert að stinga upp á nefnd í málinu, svo athugað yrði, hvort heppilegur tími væri nú til að stofna kennaraskólann, eða hvort hann ætti að bíða eftir því, að umsteypt yrði kenslustofnunum vorum. Eg vil þó ekki koma með beina uppástungu um nefndarkosningu að þessu sinni, heldur að eins vekja máls á því.

Jón Jónsson, 2. þingm. Eyf.: Eg get tekið undir með háttv. þingm. Vestm. (V. G.), að minsta kosti í aðalatriðinu; en það sem eg ætlaði sérstaklega að benda á er það, að eg álít að ekki sé kominn tími til að stofna þennan skóla, þar sem það liggur í loftinu breyting á gagnfræðaskólum landsins, sérstaklega í því að setja á stofn gagnfræðaskóla í Reykjavík, enda get eg ekki betur séð, en að kennaraskólinnn væri betur settur í Reykjavík en Hafnarfirði (*Þórður Thoroddsen*: Ástæður!). Eg skal leitast við að koma með þær, og ein ástæðan er, að hægt væri að nota betur kenslukraftana, þegar fleiri skólar yrðu sameinaðir, eins og mundi verða hér í Reykjavík, og æfingarskólar fyrir kennaraefnin hljóta jafnan að verða betri hér en á öðrum stöðum. Auðvitað er fleira að athuga, en eg get látið þetta nægja að sinni. En eg get tekið undir með háttv. þm. A.-Sk. (J. J.), að það sé ástæða til að brýna alvarlega fyrir háttv. deild, að athuga þetta frumv. vel, áður en hún greiðir atkvæði með því, því að verið getur, að mönnum sé ekki svo kunnugt fyrirkomulag þessa skóla, sem vera skyldi. Það sést t. d. ekki af frumv., hvað námstíminn á að vera langur, og margt fleira, sem nauðsynlegt væri að vita. Gerum ráð fyrir, að námstíminn væri t. d. 3 ár, til þess að þeir, sem skólann sæktu, gætu fengið hæfilega mentun, og gerum ráð fyrir, að ekki færri en 10 menn útskrifuðust þaðan á ári. Þegar litið er á málið frá almennu sjónarmiði, þá kemur tvent til greina: 1, hvort skólans sé þörf, eða hann sé nauðsynlegur, og 2., hvort möguleiki sé á því, að koma honum á fót. Sé litið á þessa hliðina, mun enginn neita því, að þörf sé á skóla þessum; þarfir vorar eru svo undur-margar, bæði andlegar og líkamlegar, og því verður að líta á hina hliðina, hvort mögulegt sé að fullnægja þessum þörfum. Það er því ekki nóg að segja, að eitthvað sé nauðsynlegt, heldur verður einnig að gera sér grein fyrir því, hvað það kostar, bæði beinlínis og óbeinlínis. Eg bygði áðan á því, að námstíminn mundi verða 3 ár, og 10 nemendur útskrifast úr skólanum á ári. Arlegan kostnað við skólann er ekki hægt að sýna. Laun kennara er ekki hægt að segja að séu of há, nl. 6000 kr, en þar við bætist allur annar kostnaður við skólann, viðhald hússins, áhöld o. s. frv., og má því gera ráð fyrir, að allur kostnaður við skólann verði 10,000 kr. árlega, og þá kostaði hver nemandi hið opinbera 1000 kr., fyrir utan það, sem hann yrði að leggja til sjálfur, bæði tíma sinn og fé. En hvaða kjör á svo að bjóða þessum mönnum? Hvernig á skólinn að laða þá að sér fremur en nú er? Eg get tekið undir með h þingm. Vestm. (V. G.), að reynslan mundi sýna, að það yrði sorglega lítil aðsókn að skólanum.

Hér á landi mun þurfa 150—250 barnakennara, en eg ætla að taka

lægstu töluna, og gera ekki ráð fyrir, að fleiri en 150 mundu vilja kosta sig til kennaranáms. En til þess þeir ættu að hafa nokkurn veginn lífvænlegt líf á eftir, þyrfti hver þeirra að hafa 1000 kr. laun á ári, eða allir til samans 150 þúsund kr. á ári að launum, og það getur ekki verið minna. Mér stendur á sama, hvort landssjóður eða hreppafélög bera þennan kostnað; hann er jafnmikill hvort sem er. Mér dettur ekki í hug að segja, að slíkum kostnaði væri illa varið. En eg vil spyrja: höfum vér efni á að stofna slíkan skóla? og kosta svo dýra kennara um land alt? og er vaknaður sá hugsunarháttur hjá þjóðinni, að hún óski að fá og vilji nota hann, og kosta jafnmiklu fé til alþýðumentunar og hér yrði raunin á? Eg get ekki annað en svarað þessu neitandi, og get því ekki gefið þessu frumv. atkv. mitt.

Þorlákur Guðmundsson: Eg mun hafa greitt atkv. á móti líku frumv. og þessu á síðasta þingi og er sömu skoðunar enn. Eg játa það, að frumv. hefir sínar góðu hliðar; en það eru líka til aðrar hliðar, sem vert er að minnast. Það er satt, »að skólar eru settir að skerpa næmi« og menningu þjóðanna, en flest er það sem vanbrúka má, og svo er hér, því að eg hygg, að skólahljómurinn geti gengið of langt, og að svo sé hér, þegar litið er á efnahag vorn, því að vér getum ekki sniðið alt hjá oss eftir miklu fjölmennari og ríkari þjóðum. Það er heldur ekki lítið fjárspursmál, sem hér er um að ræða, þar sem farið er fram á að stofna 3 ný embætti með alls 6000 kr. launum, fyrir utan ýmislegan annan kostnað. Háttv. flm. (J. P.) gat þess, að hann feldi sig við, þó launin væru lækkuð lítið eitt, en þó mundi það varla verða mikið. Eg vildi leyfa mér að benda á efnahag manna, þar sem stöðugt koma andvörp frá þjóðinni, að fækka heldur en fjölga embættum. Þetta eru að vísu ekki eftirlaunaembætti, svo það er þó nokkur bót í máli, en samt sem áður vil eg láta það bíða fyrst um sinn.

Það er spá mín, að embættum muni heldur fjölga en að þau verði afnumin; slíkt fylgir framförum og mentun. Stundum er það óumflýjanlegt, en stundum má aftur fresta því, og þar á meðal þessum embættum. Viðvíkjandi efnahag manna vildi eg benda h. flutn.m. á, að efnahagurinn er mjög bágur nú. Eg vil ekki gera ráð fyrir, að hallæri komi í landinu, svo landssjóður verði að hlaupa undir bagga, og vil biðja, að það komi ekki fyrir; en landssjóður hefir í mörg horn að líta og margt þarf að gera til þess að hlaupa undir bagga með atvinnuvegunum. Eg vil benda háttv. flutn.m. (J. P.) á, hvernig ástandið er í Gullbringu- og Kjósarsýslu, því þm. munu kunnugir því kjördæmi. Má gera ráð fyrir, að sýslusjóður skuldi þar fast að 20,000 kr., og að ári er skuldin ef til vill komin upp í 40,000 kr. í hallærislánum. Vér sýslunefndarmenn þar erum reknir saman hvað eftir annað til að íhuga ástandið, og loks skipar amtmaður okkur að gera eitthvað til þess að hjálpa sýslubúum, svo að þeir haldi lífi og heilsu sinni óskertri, og gera ofurlitla úrlausn, þó hún verði líklega alt of lítil, ef ekki batnar með aflabrögð. Skuldir sýslubúa til landsbankans eru 1894 komnar upp í 94,000 kr., en 4 árum seinna eru þær orðnar 148,700 kr.; en hvað kaupstaðarskuldirnar eru orðnar miklar í sýslunnni, veit enginn dauðlegur maður með vissu, og þess utan ýmsar skuldir við menn utanhéraðs. Þetta er sú sýsla á landinu, sem verst er stödd; en halda menn nú að þetta frumvarp

verði til að bjarga sýslunni í bráð eða lengd? Enga trú hefi eg á því. Mér virðist sýsla þessi hafa svo mikið af barnaskólum, að eg ætla að oss muni vera borgið með það, sem er í þessu efni, þangað til ástandið batnar dálítið; auðvitað er þessi margnefnda kennarafræðsla ekki hugsuð fyrir eina sýslu, heldur landið alt.

Eg vil því benda þeim háttv. þm. á, sem ekki eru orðnir »animeraðir« af þessari skólahugmynd, og deildinni í heild sinni á, að taka til íhugunar, hvort rétt sé að stofna ný embætti, meðan ástandið er eins og það er nú. Eg játa, að hugmyndin er mjög góð, en vér verðum að halda vorum glæsilegu hugmyndum nokkuð í skefjum, því þó að það sé rétt, að maðurinn lifi ekki á einu saman brauði, þá er það þó víst, að án brauðs getur hann ekki lifað.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Það hafa þegar komið fram talsverð andmæli gegn þessu frumv. Fyrst andmælti því háttv. þingm. A.-Sk. (J. J.) Hann efaðist um, að þörf væri á þessari stofnun, af þeirri ástæðu skildist mér, að í hverri sveit væri nóg af mönnum, sem bæði vildu kenna og væru hæfir til þess. Eg neita því alls ekki, að nógir bjóðist; þeir eru jafnvel svo margir, að þeir flækjast hver fyrir öðrum, sökum þess, að um þann tíma árs er ekki völ á nema lélegri og arðlítilli atvinnu. Sumir gangast og fyrir hægðinni; þeir ætla að kenslustarfið sé ekki erfitt, og framkvæma það líka þannig, að það kostar þá ekki mikla áreynslu. Afleiðingin er sú, að þeir bjóðast, sem eru öldungis óhæfir, því það þarf meira en að sækjast eftir að kenna og bjóðast til þess. Þeir sem bjóðast þurfa að vera hæfir. Okkur skortir menn, sem eru færir til að kenna; bæði kunna að kenna, og kenna í þeim anda, að fræðslan verði sönn og holl og komi að notum, og sem jafnframt hafi þá aðferð við kensluna, að náminu skili sæmilega áfram, eins og ætlast má til hjá þeim, sem kunna að kenna. Slíka menn vantar okkur. Til þess að bæta úr þessari vöntun, höfum vér um nokkur ár veitt fé til kennarafræðslu; og höfum verið svo hepnir, að sérlega vel fallnir og þar til sérstaklega mentaðir menn hafa sem stendur kennarafræðsluna á hendi. Til þess að tryggja þjóðinni það, að þessir menn, sem sýnt hafa ágæta frammistöðu í þessu starfi, að menta barnakennara, og hafa aflað sér til þess sérmentunar, — til þess að tryggja það, að þeir geti framvegis haldið áfram við þetta starf og gjört það framvegis að lífsstarfi sínu, þjóðinni til gagns, til þess er þetta frumv. fram komið.

Sami háttv. þm. (J. J., þm. A.-Sk.) sagði, að hann vildi láta kennarafræðsluna framþróast stig fyrir stig. Eg er honum samdóma í þessu atriði; enda hefir hún framþróast stig af stigi. Fyrsta stigið var 6 vikna kenslutími, næsta stigið 7½ mánaðar kensla í kennarafræðum; á því stigi stendur kennarafræðslan nú; en nú fer eg fram á að þoka henni á fullkomnara stig með þessu frv.; það verður þriðja stigið, og er þá ætlast til, að barnakennarar fái tveggja ára undirbúningsmentun í kenslufræðum og kensluaðferðum.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) lögðu allmikla áherzlu á kostnaðinn, sem frumv. mundi valda; en haldi sú kennarafræðsla áfram, sem nú er, og með örýrðu fjárframlagi, þá verður kostnaðaraukinn ekki mikill. Ef nú t. d. að launaupphæð sú, sem stungið er upp á í frumv., væri lækkuð um 600 kr., hvað yrði þá kostnaðaraukinn mikill? Hann yrði ekki telj-

andi. Og eg og háttv. meðflutningsm. minn mundum tilleiðanlegir til að færa launin niður, ef háttv. þingdeild sýndist svo.

Háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að kostnaðurinn við þessa stofnun mundi verða 10,000 kr. á ári; en það nær engri átt. Við höfum áætlað laun kennaranna 6000 kr., og engin ástæða er til að ætla, að mikið þurfi að leggja til þessa skóla fyrst um sinn, svo að þó að örlátlega væri veitt til kensluáhalda eða þvíuml., þá er varla hugsanlegt að kostnaðurinn yrði meiri en 7—8000 kr. Þegar um það er að ræða, að veita sérfræðslu, sem hinn stóri alþýðukennaraflokkur nauðsynlega þarf að hafa, þá er kostnaðurinn tiltölulega lítill.

Háttv. þingm. Vestm. (V. G.) talaði um, að svo fáir hefðu sótt skólann undanfarið. Síðastliðin þrjú ár hafa þeir, er próf hafa tekið í kennarafræðum, verið fæstir 3, en flestir 6, á ári. Þegar þess er gætt, að þessir menn áttu ekki von neinna forréttinda fyrir öðrum, þá er það furða, að þeir skuli þó hafa sótt skólann svona margir, og það er eg viss um, að undir eins og kennaraskóli kemst á, og þeir, sem á hann ganga, fá einhver forréttindi, þá sækja hann margir efnilegir ungir menn og konur. Þingm. Vestm. (V. G.) áleit líka, að óheppilegt væri að hafa skólann í Hafnarfirði, en að áliti okkar flutningsm., þá er hann betur settur þar en í Reykjavík, því skilyrðin eru þar betri. Þar er barnaskóli með 50 börnum í 3 deildum, og svo er þar líka næði og kyrð, sem nauðsynlegt er að þessir menn njóti. Þar eru þeir lausir við ýmsar hættur, sem fremur leggjast fyrir unga menn í Reykjavík, og lausir við ýms miður holl áhrif, og mun það fyllilega vega upp á móti þeim hag, sem það kynni að hafa í för með sér, ef skólinn væri í Reykjavík. Í öðrum löndum er það algild regla, að hafa kennaraskóla ekki í stórborgum, heldur utanborgar. Ef síðar meir þætti ástæða til að breyta um og flytja skólann til Reykjavíkur, þá þyrfti ekki nema eina örstutta lagagrein til þess, svo hljóðandi: »Kennaraskólinn í Flensborg skal fluttur til Reykjavíkur«, og mundi auðvelt að fá þessu framgengt, ef gildar ástæður þættu til flutningsins. En nú sem stendur er vafalaust hentugast og ódýrast að hafa hann í Flensborg, því þar má gera ráð fyrir, að húsrúm verði ókeypis að svo stöddu.

Háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) sagði, að þetta mál væri ekki tímabært, þar eð breyting á skólamálum lægi í loftinu, en þó svo væri, að breyting á hinum æðri mentastofnunum lægi í loftinu, þá fæ eg ekki séð, að það þyrfti að hafa mikil áhrif á þessa stofnun, því hún mundi ekki koma til að standa í sambandi við þær, og svo er heldur ekki að vita, hve fljótt sú breyting kemst á. Hann gjörði sömuleiðis áætlun um kostnaðinn. Hann áleit að þessi stofnun ekki borgaði sig nema því að eins, að 10 nemendur útskrifuðust árlega, en hann miðaði líka við 10,000 kr. kostnað. En mér þykir hann heimta helzt til mikla kennaraviðkomu; t. d. eftir 20 ár væru þeir orðnir 200, eftir 30 ár 300 o. s. frv., og virðist það fullmikið. En að miða virði þessarar stofnunar við það, hve margir útskrifist, er ekki alls kostar rétt, heldur ber að miða við það gagn, sem leiðir af þeirri mentun, sem nemendurnir fá, en sú mentun fer aftur mikið eftir því, hverjir veita hana og í hvaða anda. Eg álít, að ef þessi stofnun kemst á fót og mentar og gerir hæfa þó ekki væri nema 5 menn á ári,

þá væri gagnið svo mikið, að hún borgaði sig vel, einkum þegar gengið er út frá, að fé sé nú veitt hátt upp í þessa upphæð, án nokkurrar aðhlynningar fyrir nemendur, og líkindi því lítil til, að menn færi sér þessa fræðslu í nyt.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) játaði, að frumv. hefði sína kosti, en sagði þó, að það hefði meiri ókosti. Hann tók fram, að mentun og skólar kostaði mikið, og að skólar væru settir til að skerpa næmi. En eg vil benda honum á, að skólar eru líka settir í öðrum og yfirgripsmeiri tilgangi. Það væru aumir skólar, sem ekki gerðu annað gagn en að skerpa næmi. Þeir eiga að menta manninn. Hann gat þess líka, að kostnaðurinn við þessa skóla væri of mikill í samanburði við annað, en það mætti kannske lækka hann eitthvað. Í sambandi við þetta vildi eg spyrja hann: Hvernig eru laun eins kennarans þar nú? Þau eru sannarlega ónóg. Hann mintist líka á að hallæri væri í þessari sýslu, og setti það þannig í samband við þetta mál, að eg hlýt að mótmæla þeim ummælum. En þó harðæri í einni sýslu eigi ekki að hafa áhrif og geti ekki haft þau á úrslit þessa máls, skal eg benda á; að endingarbezta meðalið til að koma í veg fyrir kröggur og vandræði manna og þjóða er að menta vel æskulýðinn, og að vekja sómatilfinningu manna fyrir því, að verða ekki sér og sínum að vandræðum. Holl og góð mentun er bezta meðalið til sóma og framfara. Það er að vísu rétt og auð sætt, að óblíða náttúrunnar gjörir sitt til; en eg fyrir mitt leyti álít, að hallærið stafi eins mikið af skorti á mentun og vantrausti á sjálfum sér, eins og því, hvað hart er í ári.

Eg vil ekki skilja svo við þetta mál, að eg ekki geti þess, að eg er talsvert kunnugur þessari stofnun og kennurum hennar, þar sem eg hefi verið skipaður prófdómandi við hana 3 síðustu árin. Kynni mín á kenslunni og kennurunum gjörir mér sárt um að missa þá frá kennarafræðslunni, því eg veit að þeir eru allir gagnhæfir menn, hver á sinn hátt. Eg tel ekki þessum skóla það til gildis, að nemendunum sé kent svo mikið, að þeir séu gjörðir svo lærðir, heldur það, að þeir eru látnir tileinka sér fræðsluna, og að mentunin sem þeir fá, er sönn, heilbrigð. Eg veit að hinir núverandi kennarar leggja áherzlu á, að kenslan sé heilbrigð, sönn og góð. Þetta hafa líka margir merkir menn út um land séð, og látið í ljósi, og hafa þeirra ummæli hvatt okkur til þess að koma fram með þetta frumv., til þess að tryggja þjóðinni starf þessara kennara. Einn af þessum kennurum er án efa einna færastur allra manna á Íslandi hvað praktiskri kenslu við kemur. Hann hefir 1000 kr. í laun, og hefir jafnvel í hyggju, ef hann verður að búa við sömu laun og áður, að leita fyrir sér með stöðu í útlöndum, og tel eg líklegt að honum tækist að fá hana. —

Þórður Thoroddsen: Mér finst tvenskonar misskilningur hafa komið fram við umræðurnar. Annar sá, að ekki þurfi mentun til þess, að vera barnakennari. Reyndar hefir sú skoðun ekki komið fremur nú, en þegar rædd hafa verið önnur mentamál; menn álíta kensluna hjá barnakennurum góða eins og hún er nú, og að kennarar batni ekki þó þeir njóti sérstakrar mentunar í kensluaðferð. En það verð eg að segja, að vér Íslendingar erum þá vitrari en flestar aðrar þjóðir, því að þær leggja áherzlu á að menta kennarana sem bezt.

Hinn misskilningurinn er sá, og sem hefir komið fram hjá öllum þeim, sem

talað hafa móti frumv., og það er, að kostnaðurinn sé svo mikill, fái þetta frumv. framgang. Sérstaklega tók h. sessunautur minn (J. J., þm. Eyf.) djúpt í árinni í því efni. Ef litið er á fjárlögin nú, og aðgætt, hve mikið lagt er til Flensborgarskólans, þá er ekki að eins gjört ráð fyrir 3300 kr. til kennarafræðslu þar, heldur einnig 2500 kr. til gagnfræðakenslu; þessi síðari upphæð mundi falla burt, ef þetta frumv. yrði samþ., því að þá gjöri eg ráð fyrir að gagnfræðakenslunni yrði slept. Þetta frumv. fer fram á 6000 kr. útgjöld úr landssjóði, og þar sem útgjöldin nú eru samtals 5800 kr., þá er það ekki meira en 200 kr. á ári, sem þetta frumv. hækkar útgjöldin, og það getur þó naumast kallast ókleifur kostnaður. Auðvitað yrði að áætla einhverja upphæð til eldiviðar og ljósa, og ef til vill fleira, en það mundi aldrei nema mjög mikilli upphæð. Við flutnm. höfum líka boðist til að færa laun kennaranna niður, ef það gæti orðið til samkomulags; og þá yrði alls enginn kostnaðarauki fyrir landssjóð. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að kostnaðurinu mundi verða 10000 kr.; en slíkt nær varla neinni átt. Það er gjört ráð fyrir 6000 kr. til kennaranna, og þá ættu 4000 kr. að vera til annara útgjalda, en mér er ekki ljóst til hvers. Getur naumast verið að svo mikið þurfi til eldiviðarkaupa og ljóss. Tilgangur þessa frv. er, eins og h. meðflm. minn tók fram, ekki sá, að íþyngja landssjóði, heldur sá að koma kennarafræðslunni í betra horf en það er nú. H. sami þm. hafði það sem ástæðu á móti frv., að það mundi í afleiðingum sínum verða of kostnaðarsamt fyrir landið í heild sinni. Hann taldi til, að ef t. d. 10 kennaraefni útskrifuðust árlega, þá mundu þeir kosta landið 10,000 kr. á ári, þar sem þeir mundu fá í laun 1000 kr. hver. Eg held að það séu lítil líkindi til, að þetta verði, að þeir menn, sem nú vinna fyrir 300 kr., færu, ef kennaraskóli kæmist á, að heimta 1000 kr., enda mundu sveitirnar bráðlega setja þeim stólinn fyrir dyrnar. Eg álít, að þetta hafi við engin rök að styðjast.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði um, að hallæri væri nú í Gullbringusýslu, og mér skildist helzt, að hann væri að benda mér, að það sæti ekki á mér, að koma fram með svona dýrt frumv. En þó að sýslusjóður Gullbringusýslu sé í skuld, og þó að hallæri sé í þeirri sýslu, þá get eg ekki séð, að það komi þessu máli við, eða þessari stofnun, sem ætlast er til að kostuð sé úr landssjóði, enda hefir aldrei komist til tals að kosta kennaraskóla af sjóði Gullbringusýslu. Eg skal svo ekki tala frekara að þessu sinni, en að eins taka undir með h. þm. Vestm. (V. G.), að úr því ágreiningurinn er svona mikill um jafn-einfalt mál, að þá muni bezt að setja í það nefnd, til þess að íhuga það betur, þó að eg ekki stingi upp á nefnd að svo stöddu.

Björn Sigfússon: Það er svo fjarri því, að eg vilji lengja mikið umr., að eg skal láta mér nægja, að minnast að eins á eitt atriði málsins, en að öðru leyti geta þess, að eg er yfir höfuð samdóma ástæðum mótmælendanna. Það sem eg ætlaði að minnast á, voru ummæli h. þm. Dal. (J. P.), þar sem hann vildi gjöra svo ákaflega lítið úr kostnaðaraukanum, sem frumv. mundi hafa í för með sér. En eg held, að h. þm. Dal. (J. P.) hafi ekki hugsað þá hlið málsins vandlega. Hann gat þess í fyrri ræðu sinni, að nefndin mundi ekki ófús á ganga inn á, að laun kennaranna væru sett lægri en í frv., ef það gæti orðið til þess að gjöra frumv. aðgengilegra, og í síðari ræðunni reyndi

hann að gjöra grein fyrir, að kostnaðaraukinn væri ekki mikill. Það er satt að tölurnar, sem standa í frv., fara ekki mikið fram úr þeirri upphæð, sem skólanum er ætluð á fjárlagafrv., ef hún á annað borð verður samþykt.

Fyrst skal eg þá taka það fram viðvíkjandi launununum, að fáir munu álíta þau í sjálfu sér óhæfilega hátt sett, svo að frá því sjónarmiði er ekki sérleg á stæða til, að setja þau niður. En væri það nú samt sem áður gjört, þá dettur mér í hug, að því meiri vissa sé fyrir því, að þegar skólinn á annan borð væri settur á stofn, mundu fljótt koma fram óskir um launaviðbót. H. deild veit, að slíkt er svo vanalegt við flestar sýslanir og embætti, að strax á fyrstu árum kemur sífelt kvabb um launaviðbætur, og því fremur, ef laun þykja hafa verið lágt sett í fyrstu. Síðari hlutinn af síðari ræðu h. þm. Dal. (J. P.) var einmitt ágætt sýnishorn af ræðunum, sem þá yrðu haldnar fyrir launabótaþörfinni til kennara kennaraskólans, þar sem h. þm. var að sýna fram á, hve hætt væri við að skólinn misti kennara þá, sem hann hefði nú, ef kjör þeirra væru ekki bætt eða staða þeirra trygð; það mætti jafnvel búast við að þeir færu af landi burt. Yfir höfuð held eg, að frv. verði ekki stórum aðgengilegra fyrir það, þótt kennaralaunin verði sett eitthvað lægri í því. Hér verður að líta á fleira en hin fastákveðnu laun kennaranna. Í 4. gr. er það tekið fram, að öll önnur gjöld skólans skuli greidd úr landssjóði; og hver getur fyrir fram sagt, hvað sú upphæð yrði mikil? Vér vitum það, að þessi önnur gjöld, sem hvíla á skólum yfir höfuð, nema árlega miklu, og það verður landssjóður að borga, eins og launin. Eg held því, að þar sem h. þm. (J. P.) var að reyna að sýna fram á, hvað hið nýja fyrirkomulag mundi verða litlu dýrara en hið núveranda, þá sé óhætt að skoða það sem skinástæður.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): H. flutnm. báðir hafa reynt til að vefengja það, sem eg tók fram um kostnaðinn við skóla þennan, og gagnvart því, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði um þetta, þá hygg eg, að með fullum rökum megi segja, að sú hafi reynd á orðið hingað til, og með miklum líkum megi segja, að sama mundi reyndin verða eftirleiðis, að framþróun eigi sér eflaust stað á kostnaði við stofnun þessa eigi síður en við aðrar slíkar stofnanir. Það getur verið, að þess mundi ekki gæta mikið á næsta eða máske næstu fjárhagstímabilum; en langt mundi ekki líða þangað til kostnaður ykist að mun við hana. Eg skal skýra þetta með einu. H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að jafnan væri hægt að flytja skólan síðan til Reykjavíkur, ef sýndist. En hvað ætli að það kostaði? Eg hygg það, að þótt kennaraskólinn byrji í Flensborg, þá muni sú sannfæring verða svo rík, að í Reykjavík eigi hann að standa, að eigi verði um annað að ræða en að hann yrði brátt fluttur þangað. En þá er búið að slá því föstu, að landssjóður eigi að annast hann, yrði frumv. þetta að lögum, og landssjóður yrði að sjálfsögðu að borga allan kostnaðinn við flutninginn og breytinguna alla. Manni gæti dottið í hug, að það væri af diplomati gjört, að stofna skólann á þessum stað og svona ódýran; þá mundi síðar kostur á að fá hann fullkomnari, og um leið dýrari.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að menn mættu ekki láta sér kostnaðinn svo mjög í augum vaxa, þar sem af annari hálfu væri um svo mikið gagn að ræða. Slíkt getur nú jafnan verið álitamál, sem lengi má um þrátta.

Þá var það ein ástæða, sem h. þm. Dal. (J. P.) bar fram, að við skólann

væru nýtir kennarar, sem skaði væri að missa. Þetta get eg undirskrifað, en mótsögn verð eg að telja það hjá h. þm. Dal. (J. P.), að skólinn sé vissari eftir en áður að halda þessum kennurum, ef laun þeirra eiga ekki að hækka, og hækkað geta þau naumast, fyrst kostnaðurinn við skólann á ekki að vaxa. Það er annars ákaflega margt, sem okkur ber á milli í þessu máli, þar á meðal það, að hann telur það óþarflega margt, að 10 útskrifist úr kennaradeildinni á ári; en þá skal eg benda á það, að því færri sem útskrifast árlega, því dýrari verður hver þeirra fyrir landið. Það sem er þó aðalatriðið í þessu máli, er þó það, að hér er farið fram á að gjöra þá gagngjörðu breytingu, að löggjafarvaldið taki að sér að öllu leyti að hafa veg og vanda af skóla, sem það hingað til hefir að eins veitt fé á fjárlögunum. Þetta gefur oss rétt til að halda því fram, að h. deild eigi að hugsa sig vandlega um, áður en hún samþ. þessa breytingu, og í sjálfu sér tel eg það eitt nóg til þess að vera algjörlega móti málinu, hvað sem töluupphæðunum líður, og tel eg þær þó líka athugaverðar.

Jens Pálsson: Þar sem h. 2. þm. Húnv. (Bj. S.) sagði, að kostnaðurinn við kennaraskólann hlyti að verða afarmikill, þá verð eg að mótmæla því, að svo geti orðið, að minsta kosti alllengi fyrst um sinn; það er ætlast til að skólinn standi á sama stað og hann er nú, og að kenslan fari fram í sama húsinu sem nú, og að þau áhöld séu notuð við kensluna, sem skólinn þegar hefir eignast. Það hlýtur því að vera, að h. þm. (Bj. S.) hugsi sér einhverja stórkostlega viðbót við skólann, eða umbót á honum, sem okkur flutnm. hefir ekki komið til hugar að gjörð yrði. Og því verð eg algjörlega að vísa heim, að við séum að koma með skinástæður, til þess að gjöra kostnaðinn sem minstan í augum h. deildar. Þetta mál er of alvarlegt, til þess, að við eigi að bera slíkt fram.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) gengur út frá sem sjálfsögðu, að skólinn eigi að réttu lagi að vera í Reykjavík, og því muni þessi skóli verða fluttur þangað innan skamms, og spyr hann að, hvað kostnaðurinn við það muni verða. Til þessa er því að svara, að þegar sú skoðun er orðin almenn og sannfæring sterk fyrir því, að réttara muni að flytja skólann til Reykjavíkur, þá kemur það til löggjafarvaldsins kasta, að íhuga það, hvort flutningurinn muni borga sig eða ekki, og undir því verður það komið, hvort hann verður fluttur þangað eða ekki. Mér finst það alls eigi liggja fyrir, að athuga þetta mál nú, því að það getur vel komið fyrir, að því verði ekki ráðið til lykta eða flutningurinn ákveðinn fyr en eftir hálfa öld.

H. þm. (J. J.) áleit, að það gæti verið at diplomati, að farið væri fram á, að skólinn byrjaði í Hafnarfirði, það gjört af spekulation, til þess að festa hann. Eg get fullvissað h. þm. (J. J.) um, að ekkert slíkt á sér stað. Það var ekki rétt haft eftir mér, að eg hefði sagt, að kostnaður við skólann yxi ekkert, þótt frv. þetta yrði samþ.; en hitt sagði eg, að hann yxi tiltölulega mjög lítið í samanburði við það gagn, sem eg álít, að lögin mundu hafa í för með sér. Ennfremur sagði hann, að eg hefði sagt, að ekki ætti við að tala hér um tölur, heldur um gagn. Það, sem eg sagði, var, að ekki ætti að eins að einblína á tölur, heldur líka taka tillit til þess gagns, er sérfræðsla til að gjörast leiðtogar hins uppvaxandi æskulýðs hlyti að hafa í för með sér.

Valtýr Guðmundsson: Mér virðast umr. um mál þetta benda á, að ýmis-

legt sé við það að athuga, og því sé ráðlegt, að nefnd sé skipuð í það, og leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónss., 2. þm. Eyf.
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. sjálft síðan felt, 1. gr. með 12 : 10 atkv; frv. þar með alt fallið.

Vinnuhjú og daglaunamenn.

FRUMVARP til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (C. 517); 1. umr., 23. ág.

ATKV.GR.: Stungið var upp á 3. manna nefnd og það samþ. með 16 atkv.

Kosnir voru:

Jón Jensson	með 12 atkv.
Guðlaugur Guðmundsson	— 11 —
Klemens Jónsson	— 7 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Nefndarskipun um hvalveiðamál.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um hvalveiðar við strendur Íslands (C. 17); ein umr., 7. júlí.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það munu nú vera liðin 10—12 ár síðan Norðmenn byrjuðu fyrir alvöru að reka hvalaveiðar hér við land, eða settust hér að fyrir fult og alt. Tóku þeir sér fyrst bústað við Ísafjarðardjúp og skutu fyrst hvali þá er þeir fundu á Djúpinu eða á næstu stöðvum í kringum sig; en af því viðkoma hvala er ekki mikil, urðu þeir brátt að leita á aðra staði, og færðu þeir sig því smámsaman austur með Norðurlandi, og skutu þá hvali um nokkur ár út af Eyjafirði, í Grímseyjarsundi og á Skjálfanda og alt austur að Langanesi, og nú er svo komið, að þeir fá varla hvali annarsstaðar en fyrir austan Langanes.

Norðmenn höfðu ekki lengi stundað hvalaveiðarnar hér, áður fór að brydda á óánægju meðal sjómanna út af veiði þessari, er héldu, að hvaladrápið mundi spilla fyrir fiskiveiðum. Byrjaði þetta fyrst meðal sjómanna við Djúpið, en þar var það að eins bóla, sem víst hjaðnaði brátt aftur. Aftur á móti hefir óánægja þessi breiðst út meðal sjómanna um allan austurhluta Norðurlands. Hefir þar hizt svo á, að fiskiaflinn og síldaraflinn við Eyjafjörð, sem er einhver fiskisælasti fjörður landsins, hefir brugðist mjög á hinum síðustu árum, einmitt síðan hvaladrápið byrjaði þar; og þar sem áður var ákaflega mikil síldargengd, hefir síld ekki sést þar til muna á hinum síðustu árum. Alíta sjómenn, að síldin sé horfin, af því að hvalurinn sé horfinn, sem hafi rekið hana að landinu, og þetta hafi aftur spillandi áhrif á fiskiveiðarnar. Skoðun þessi er ríkjandi meðal sjómanna á öllu svæðinu frá Siglufirði austur fyrir Vopnafjörð, og jafnvel lengra suður með Austurlandi, sbr. þingmálafundargjörðir frá Bakkagerði í Borgarfirði í Norðurmúlasýslu. Samkvæmt þessu hafa sjómenn á öllu þessu langa svæði, frá Siglufirði til Vopnafjarðar, eða Eyfirðingar, Suður-

og Norðurþingeyingar og nokkur hluti Norðmýlinga gjört áskoranir til þingsins um að banna hvalaveiðar. Hafa 293 formenn og aðrir, er gera út báta, skrifað undir áskoranir þessar, og fara þeir fram á: »að alþingi semji lög, er banni alt hvaladráp í landhelgi við strendur Íslands, og hvalveiðamönnunum að flytja í landhelgi hvali þá, er þeir skjóta úti fyrir ströndum Íslands eða hagnýta sér afurðir þeirra innan landhelgi».

Eða til vara: »að leggja svo háan útflutningstoll á lýsi og aðrar afurðir hvalsins, að ekki geti svarað kostnaði að reka þessa atvinnu framvegis hér við land«.

Eins og sést af þingsályktunartill., hefi eg og samflytjendur mínir ekki séð oss fært að koma fram með frumv. í þá átt, sem hér er farið fram á; því við erum ekki sannfærðir um, að slíkt frv. hafi við næg rök að styðjast; en þar sem fjöldi sjómanna þykist sannfærður um, að svo sé, þá er það skylda þingsins, að íhuga mál þetta svo vandlega, sem það sér sér frekast fært. Það getur verið, að nefnd sú, sem yrði skipuð í málið, komist ekki að þeirri niðurstöðu, að ástæða sé til að banna hvalaveiðarnar en geti hún hins vegar sýnt fram á það, að hræðsla sjómanna í þessu efni hafi ekki við rök að styðjast, og geti sefað hugi þeirra, þá er mikið unnið. Eg veit, að sumir vísindamenn eru nokkuð á öðru máli en að hér sé hætta á ferðum, en þá stendur gagnvart vísindunum reynsla sjómanna í þessu efni, og eg fyrir mitt leyti álít eigi vafasamt, að reynslan eigi að sigra á vísindunum, einkum þar sem hinar vísindalegu skoðanir munu vera mjög skiftar. Eg hefi talað við hér um bil alla útvegsbændur að vestanverðu við Eyjafjörð, og marga að austanverðu, og eru þeir allir þeirrar skoðunar, að hvaladrápið spilli fyrir síldargöngu og fiskiveiðum, og því álítum við flutningsmennirnir það skyldu okkar, að bera þetta mál undir álit þingsins, og eg er sannfærður um, að það muni vilja setja nefnd í annað eins velferðarmál og þetta er. Ímynda eg mér, að þó nefndin kunni ekki að komast að óyggjandi vissu í því, að ótti sjómanna sé á rökum bygður, þá muni hún þó taka til yfirvegunar, hvort ekki sé ástæða til, að hækka gjöld á Norðmönnum þeim, sem reka hér hvalaveiðarnar, sem allir vita, að bera stórkostlega mikinn arð úr býtum, án þess að borga verulega mikið til almennra þarfa. Eg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að ástæða sé til, að láta þá greiða meira til almennra þarfa en nú á sér stað. Það gjörir auðvitað minna til, hvort því væri komið á með tekjuskatti eða hækkuðu útflutningsgjaldi; en þó mundi eg heldur hallast að tekjuskatti, ef hann yrði nokkurn tíma á þá lagður af hlutaðeigandi skattanefndum, því eg er yfir höfuð á móti útflutningsgjaldi af íslenzkum afurðum.

Ætlunarverk hinnar fyrirhuguðu nefndar í máli þessu yrði því tvent: 1. að íhuga, hvort ótti sjómanna um hættu fyrir fiskiveiðarnar af hvaladrápinu væri á rökum bygður, og 2. hvort ekki væri ástæða til, að leggja meiri opinber gjöld á hvalveiðamenn hér við land en nú á sér stað.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg er úr því kjördæmi, þar sem hvalveiðamenn hingað til hafa einkum sezt að í, þá skal eg leyfa mér að fara fáum orðum um málið. Það er eðlilegt, þótt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) beri fram tillögu þessa, þar sem um mikið áhugamál er að ræða fyrir kjördæmi hans og 2—3 önnur kjördæmi.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gat þess að það væru 10—12 ár síðan hvalveiðar

hafi byrjað hér við land. Þetta er ekki alls kostar rétt, því að nú eru liðin 16—17 ár síðan þær byrjuðu hér. Allra fyrst var byrjað á þeim 1882, en fyrir alvöru byrjuðu þær árið eftir eða 1883 (*Klemens Jónsson*: Þær byrjuðu eigi fyrir alvöru fyr en 1887). Eigi er það rétt, því að Amlie hvalveiðamaður fekk skip sín nationaliseruð hér sem íslenzka eign árið 1885. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gat þess, að menn hefðu verið hræddir við veiðar þessar við Ísafjarðardjúp og haft ímugust á þeim. Þetta er satt. Tvö eða þrjú fyrstu árin bólaði töluvert á þessu við Djúpið. Komu þá fram ýmsar kynlegar kenningar hjá sjómönnum. Þá var því haldið fram, að hvalir rækju síldina inn á firðina; sumir töldu það víst, að gufuskipaferðirnar um sjóinn, reykurinn og askan frá þeim hlyti að gjöra það að verkum, að fiskurinn héldist ekki við á fjörðum inni, heldur hlypi út á haf. En nú held eg að óhætt sé að fullyrða, að allir séu orðnir sannfærðir um það, að hvaladráp hafi engin áhrif á fiskiveiðarnar. Og vér Ísfirðingar höfum fengið ágæt fiskiár síðan hvalveiðar Norðmanna byrjuðu hjá oss, og síðast nú í ár hefir verið bezti afli á báta, frá því í byrjun júnímánaðar, og var svo alt þangað til eg lagði af stað á þing, og all-líklegt að hann haldist enn; hefir þó verið fjöldi hvalabáta á ferðinni. Einnig var síld inni í Djúpinu, og kváðust sjómenn þó enga hvali hafa séð þar. Það má telja það eigi all-litla heimsku, að ætla að hvalurinn reki síldina inn á undan sér. Væri nú svo, að hann gerði það, því mætti þá ekki eins búast við, að hann ræki hana á haf út, eins og inn á firði og upp á grynningar? Það er ofur-skiljanlegt, að þetta uppþot hefir orðið hjá Eyfirðingum. Það hefir nú viljað svo til, að þeir hafa orðið fyrir fiskileysisárum, og það gengur alt af svo, að þegar eitthvað mótdrægt ber að höndum, þá er reynt að finna sökudólginn, til þess að kasta á hann skuldinni, og nú eru það hvalaveiðarnar, sem þeir telja valda fiskileysinu. Það er kunnugt, að sumir Norðmenn hafa líka skoðun á máli þessu og Eyfirðingar, og heyrst hefir að það hafi verið Norðmaður, sem skotið hafi Eyfirðingum skelkinn í bringu við hvalaveiðarnar. Að hvalur sé ekki alveg hættur að reka síld inn á Eyjafjörð eða öllu heldur hitt, að síld sé ekki alveg hætt að ganga inn þangað, sést bezt á því, að á síðasta vetri hefir verið ágætur síldarafli á Eyjafirði, og þar veiðst mörg hundruð tunnur bæði í vörpur og lagnet. Vér Ísfirðingar höfum því jafnan þráð skipaferðir þaðan, því að vér höfum jafnan mátt eiga von á nýrri síld með þeim. Eg kom frá útlöndum til Akureyrar í febrúar í vetur, og lá þá fjöldi síldarneta þar á Pollinum, og mér gefst kostur á að kaupa þar mikið af síld til beitu handa oss Ísfirðingum. Svona var háttað í vetur á Eyjafirði og mér finst það ekki ná neinni átt, að þingið fari að hlaupa eftir órökstuddu hræðsluuppþoti.

Kjósendur h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vilja láta banna allar hvalveiðar. Þetta þykir mér vera að taka muninn nokkuð fullan, þótt þeim hafi brugðist afli um tíma, en sem vona má að rætist bráðlega úr, svo að þeir ef til vill fái mokfiski þegar á næsta hausti; þetta þykir mér, segi eg, nokkuð djúpt tekið í árinni, að vilja svifta landssjóð miklum tekjum, og fjölda íslenzkra manna atvinnu. Eftir skýrslu sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu borguðu norskir hvalaveiðamenn síðasta ár 24400 kr. í landssjóð. Þetta er ekki lítil upphæð, og mundi hafa komið sér betur að halda henni til frambúðar, ef frumv. þeirra h. 2 þm. Rangv. (Þ. G.) og h. 2. þm.

Árn. (Þorl. G.) um að smella launum yfirsetukvenna yfir á landssjóð hefði fengið framgang. Auk þessa eru hinir norsku hvalveiðamenn sveitastoðir í héruðum sínum. Síðasta ár munu þeir hafa goldið um 6000 kr. í sveitarsjóð, eða 7—800 kr. hver að meðaltali. Þó er ótalinn allur hinn óbeini hagnaður, sem héruðin hafa af því að hafa svo góða og sterka borgara í sveitarfélögunum. Eg skal geta þess að Ellefsen á Önundarfirði hefir reynst hinn mesti og bezti styrktarmaður sveitarinnar Hann hefir fyrir eigið fé lagt veg frá Flateyri inn eftir firðinum, og auk þess gefið 2000 kr. í vegasjóð handa sveitinni. Þessir menn veita og mörgum mönnum atvinnu, og sú atvinna hefir það til síns ágætis, að kaupið er ekki borgað út í uppskrúfuðum búðarvörum, heldur alt í peningum. Ellefsen hefir undanfarna vetur sent skip til Reykjavíkur til að flytja fólk til sín úr atvinnuskortinum og bjargarleysinu á Suðurlandi, og þessu fólki hefir hann svo fengið langa og hagkvæma vinnu. Þetta alt eru atriði, sem vert er að taka til greina í þessu máli. Auðvitað játa eg því, að yrði það sannað, að hvaladrápið væri til niðurdreps fiskiveiðum, þá ætti ekki eitt augnablik að hugsa sig um að banna það. En þegar vér nú höfum þá reynslu, að síld og fiskur gengur eins inn á firði nú og áður, og að vér höfum haft eins góð fiskiár síðan hvaladráp byrjaði, eins og fyr, þá sýnist ástæðulaust og að mörgu leyti harla athugavert, að fara nú að banna það. Í Önundarfirði og Dýrafirði þykir sú raun komin á, að hafi hvalaveiðar haft nokkur áhrif á fiskiveiðar þar, þá hafi þau áhrif heldur verið bætandi en spillandi, með því að fiskur hafi sótt meira inn á firðina sökum hins mikla ætis, sem borist hafi út frá hvalastöðvunum.

Eg tek það því enn fram: Þingið ætti að hugsa sig vel um áður en það fer að leggja bann fyrir hvalaveiðar. (*Klemens Jónsson*: Það er ekki farið fram á það í tillögunni). Það er rétt, að slíkt er ekki tekið fram með berum orðum þar, því að væntanlega mun hinni fyrirhuguðu nefnd ætlað að láta uppi álit sitt í málinu; en verði það í samræmi við áskoranir þær, sem fram hafa komið, hlýtur það að stefna í þá átt.

Eg sé yfir höfuð ekki, hvað nefnd getur gjört í þessu máli. Vér höfum því miður ekki þá fiskifræðinga hér á þingi eða hvalfræðinga, að líklegt sé að komist verði að nokkurri fastri niðurstöðu um áhrif hvalveiðanna á fiskiveiðar vorar, og það er þó aðalatriðið.

Ef vér viljum gjöra eitthvað í málinu, þá ættum vér að fara að dæmi Norðmanna. Þeir hafa falið beztu vísindamönnum sínum á hendur, að rannsaka alt, sem geti orðið málinu til upplýsingar. Þetta er líka eini rétti vegurinn, því að hér ætti ekki að fara eftir órökstuddum hleypidómum, heldur eftir skynsamlegum ályktunum, leiddum út af vandlegum rannsóknum. Að því er snertir þá tillögu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að leggja hærra gjald á hvalveiðmenn en nú gjörist, þá gæti hún verið svo úr garði gjörð, að eg sæi ekki neitt viðsjárvert við að hneigjast að henni. En þó er það hálf-óviðfeldið, að beinast að einni stétt manna, og íþyngja henni meira og gjöra henni örðugra fyrir en öðrum. Það bæri æðimikinn keim af sveitakritnum gamla íslenzka, sem oftast bólar um of á, eins og líka að mörgu leyti er eðlilegt, þar sem alt er svo smátt, og allir svo gjörkunnugir hver annars högum. Eg tek það að endingu fram, að eg sé ekki, hvaða þýðingu það geti haft, að skipa nefnd þá, sem hér ræðir um.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Eg þarf að svara nokkuru ræðu háttv. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.). Hann byrjar á því, að lagfæra það, sem honum þótti rangt hjá mér, að ekki væru nema 10—12 ár síðan Norðmenn hefðu byrjað hér hvalveiðar; hann leiðréttir það með því, að segja, að þeir hafi fyrir alvöru byrjað þær fyrir 2 árum fyr en eg sagði; það er harla þýðingarlítið atriði í þessu máli, hvort réttara kann að vera, og ekki þess vert að þrátta um.

Eg drap fullkomlega hlutdrægnislaust á það, að í fyrstu hefði verið kurr yfir hvalveiðunum í Ísafjarðarsýslu, en gat þess einnig, að sá kurr hefði hjaðnað, að miklu leyti, þegar fram í sótti. — Háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) gekk enn lengra þar en eg, því að hann sagði, að nú mundi ekki einn einasti maður þar hneigjast lengur að kenningu þeirra Eyfirðinganna um skaðsemi hvaladráps-ins.

En þess skal eg geta, þótt eg játi, að það geti ekki haft bein áhrif á úrslit málsins, að nú rétt nýlega sagði maður af Ísafirði — og gjörkunnugur þar vestra — mér, að þeir mundu margir þar um slóðir, sem enn væru á skoðun Eyfirðinga, þótt eigi færu þeir máske hátt með það, því að þeir hvorki gætu komist upp með þessa skoðun, né vildu það, sökum hins mikla stundarhags, sem margir hefðu þar af hvalveiðunum.

Háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) ræddi um málið alveg eins og hér lægi frv. fyrir, sem færi fram á, að banna algjörlega hvaladráp; ef svo hefði verið, þá hefði hann getað talað eins og hann gerði, en naumast nú, þar sem einungis er um það að ræða, að skipa nefnd til þess, að íhuga vandamál þetta; og fyrst svo er, þá finst mér það satt að segja alveg meiningarlaust, að taka í málið eins og háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.) gerði. Auðvitað þóttist h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa hér mikinn kunnugleik til brunns að bera, og því maður til að knésetja oss, hina smælingjana.

En þrátt fyrir fullyrðingar hans er vafasamt, hvort hann er öllu sannfróðari um áhrif hvalveiðanna á fiskigöngur en við hinir.

Eg get ekki dulist þess, að mér þótti skörin fremur fara upp í bekkinn, er háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) brúkaði svo sterk orð, að það væri heimska, að segja, að hvalir færi út í sjávardjúpið til að smala síldinni upp að landinu. Fyrir það fyrsta er kenningin þannig fram sett fremur kenning háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) en andstæðinga hans, og í öðru lagi þykir mér það sitja miður á honum, að vera að bregða þeim mönnum um heimsku, sem áður fyr sýndu honum þá tiltrú, að senda hann sem fulltrúa sinn á þing.

Eg verð að halda því fram, að Eyfirðingar hafi fullan rétt á, að bera fram skoðanir sínar, og á meðan málið er jafn-ósannað, eins og það því miður enn er á báða bóga, þá finst mér það óviðurkvæmilegt, að bregða þeim um heimsku, þótt þeir haldi fram skoðun sinni; það mætti með líkum rétti segja, að háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) fylgdi svo fast máli hvalveiðamanna af því, að einstöku hreppar í Ísafjarðarsýslu og einstöku menn þar hafa afar-mikinn hagnað af hvalaveiðum Norðmanna.

Háttv. þingm. Ísf. (Sk. Th.) gerði mikið úr síldveiðinni á Eyjafirði í vetur. Eg játa það, að enn getur það komið fyrir, að þar veiðist nokkur hundruð tunnur á ári, en þegar þess er gætt, að áður veiddust þar tugir þúsunda, þá er þó afturförin auðsæ.

Það er rétt, að reytingur af síld var

á Pollinum annað veifið í vetur, einkum þó um það leyti, sem háttv þm. Isf. (Sk. Th.) kom til Akureyrar, sem að vísu var eigi í febrúar, heldur í marz, en sem reyndar hefir viðlíka þýðingu fyrir málið eins og hitt, hvort Norðmenn hafi byrjað hvalveiðar sínar hér 1885 eða 1887.

Fyrir mér er það aðal-ástæðan fyrir því, að máli þessu sé gaumur gefinn, að allur þorri sjómanna vestan frá Siglufirði og austur í Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu eru þeirrar skoðunar, að hvalveiðar spilli fiskiafla þeirra, og það eru meira að segja töluverð líkindi fyrir, að þessi skoðun þeirra sé á rökum bygð.

Eg veit, að háttv. deild muni taka þetta svo til greina, að hún muni vilja taka málið til sem rækilegastrar yfirvegunar, og ekki taka tillit til, þótt hún kunni að komast að þeirri niðurstöðu, að ekki sé í það horfandi, að svifta landssjóð þeim rúmum 20,000 kr. tekjum, sem hann hefir nú af hvalveiðunum, né heldur hins, þó hún hljóti að svifta 2—3 hreppa þeim mönnum, er leggja vegi af eigin fé fyrir þá, og eru stoð og stytta þeirra í ýmsum greinum. Eg er sannfærður um, að háttv. deild muni ekki meta meir hagsmuni þessara örfáu hreppa, en hagsmuni fjölda annara hreppa ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að þeir geti ekki samrýmst.

Háttv. þingm. Isf. (Sk. Th.) tók það fram, að til þess að skipa nefndina forsvaranlega þyrftum vér að hafa hvalafræðing á að skipa hér á þingi, en því væri nú ekki að fagna. Hér komst hann í mótsögn við sjálfan sig, því að í ræðu sinni sýndi hann, að oss skortir hann ekki; hann sýndi, að hann sjálfur er finasti hvalafræðingur; allar fullyrðingarnar í ræðu hans báru þess órækan vott.

Það eru 3—4 ár síðan að hreyfingin gegn hvaladrápinu byrjaði í Eyjafirði, og það er eigi rétt, að andróðurinn gegn hvaladrápinu hafi hafist þar fyrir innblástur einhverra Norðmanna. Það liggja alt aðrar orsakir til hans. Sú reynd þótti nefnilega verða á, að jafnskjótt og hvalveiðamenn færðu sig austur á bóginn, þá þvarr fiskurinn þar, og menn þykjast hafa reynslu fyrir sér, að þar sem hvalveiðamönnum hefir tekist að eyða hvölunum eða fæla þá burt, þar hverfi fiskivonin inn á fjörðum. Þessi skoðun er sterk bæði á Norðurlandi og all-víða um Austurland, og ekki ólíklegt, að hún muni breiðast víðara út, ef hinu sama heldur fram; og vel má svo fara, að á endanum kenni reynslan jafnvel þeim, sem nú mæla kröftuglega með hvaladrápi, að það muni þó meira en lítið viðsjárvert; en því miður er hætt við, að það verði þó eigi fyr en of seint er orðið að byrgja brunninn.

Það er kunnugt, að við Faxaflóa hafa menn borið sig illa undan botnvörpuveiðunum, talið þær mundu stór-spilla fiskiveiðunum. Þetta hefir verið tekið trúanlegt, án þess það þó hafi verið vísindalega sannað; þar hafa menn látið sér nægja að styðjast við reynsluna og sterkar líkur, og eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það var rétt.

Satt að segja hygg eg, ef reynsla og vísindi standa hvað gegn öðru, þá sé það hyggilegra, að halda sér við reynsluna, einkum þar sem vísindin þykjast alls eigi viss í sinni sök. Hér stendur þannig á. Vísindin hafa enn eigi fullsannað, hver áhrif hvalir hafi á fiskigöngur, og á meðan svo er, þá er sjálfsagt lang-hyggilegast, að fara mjög varlega að öllu, og líta ekki mjög smám augum á reynsluna, þó aldrei sé nema sjómanna-reynsla.

Eg hefi nú reynt að tala um málið

svo hlutdrægnislaust, sem unt er, og varast allar fullyrðingar í því; en vil að eins enn brýna fyrir háttv. deild, að taka það til svo rækilegrar yfirvegunar, sem unt er, því að hér er í sannleika um mikilvægt mál að ræða, og hvert spor mikilvægt, sem stigið er í þá átt, að leiða það til heppilegra úrslita.

Valtýr Guðmundsson: Þótt eigi sé eg hvalafræðingur, skal eg leyfa mér að taka hér til máls. Er þess þá fyrst að geta, að það er eldgömul skoðun, að hvaladráp spilli fiskiveiðum. Í fornlögum Norðmanna er lögð hörð refsing við því, að drepa »síldreka« eða »fiskreka«, og er það ákvæði sjálfsagt sprottið af sömu skoðuninni og nú hefir komið fram hjá Eyfirðingum og fleirum. — Vér vitum af reynslunni, að enginn lýður er eins hjátrúarfullur og sjómannalýðurinn, og er því all varúðarvert, að byggja mikið í blindni á ýmsum skoðunum hans. Hin sama trú á afleiðingum á hvaladrápi og hér drotnar hefir líka verið ríkjandi í Noregi, og er jafnvel enn ríkjandi þar hjá sumum. — Þar hefir málið verið rannsakað af vísindamönnum, og þeir hafa engan veginn getað fundið sannanir fyrir því, að skoðanir fiskimannanna væru á rökum bygðar. Fiskifræðingur vor segir og, að enginn af hvölum þeim, sem Norðmenn drepa hér, lifi á síld, heldur séu það alt aðrar hvalategundir, sem þeir veiða.

Að því er aðferðina við mál þetta snertir tel eg það hefði legið beinast við, að farið hefði verið með það beint til stjórnarinnar, og að hún svo hefði látið rannsaka það, og að það að því búnu hefði þá fyrst verið lagt fyrir þingið af henni. Eg sé ekki, hvernig þingið á að geta svona undirbúningslaust dæmt um, hvort hér sé um tóma hjátrú að ræða hjá fiskimönnum eða ekki. Eg vil því ráðleggja háttv. flutningsm. (Kl. J.) að koma með tillögu um það, að skorað sé á stjórnina, að hún láti rannsaka málið.

Þetta var nú annað atriðið, sem h. flutningsm. (Kl. J.) gerði ráð fyrir, að yrði hlutverk nefndar að fjalla um. — Hitt atriðið var það, hvort ekki mundi ástæða til, að íþyngja hvalveiðamönnunum. Hér finst mér brydda á hinu sama, sem oft kemur fram hjá oss, að þegar vakni öfund, ef einhverjum tekst að græða fé á fyrirtækjum sínum. — Eg skal ekki neita því, að hvalveiðamenn kunni að hafa komist nokkuð létt út af gjöldum sínum hér á landi. En eg hefi fengið vitneskju um það hjá hinni íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn, að það muni að nokkuru leyti að kenna stjórnarvöldunum á Íslandi, og að þau beiti lögunum mildilegar gagnvart hvalveiðamönnunum en ástæða sé til.

Eg játa það, að nokkur ástæða geti verið til, að athuga þetta atriði, og eg veit að ýmsir háttv. þingm. eru færir um að gjöra það. En eg fæ alls eigi séð, að þingið sé fært um, að athuga eða leggja nokkurn rökstuddan dóm á áhrif hvalveiðanna á fiskiveiðar vorar, og því sé réttast, að beina því máli til stjórnarinnar.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Þar sem háttv. þingm. Vestm. (V. G.) sagði, að enginn af þeim hvölum, sem Norðmenn veiða hér, ætu síld, þá skal eg leyfa mér að skýra frá því, að eg átti tal við Norðmann, sem sagði mér, að fyrst framan af hefðu þeir eigi veitt slíka hvali, en nú væru þeir farnir að skjóta alla hvali, sem þeir hittu, auk þess, sem hinir ekki síld-étandi hvalir munu nærast á sömu ætu og síldin, svo alt jafnar sig.

Eg sé ekki betur en það sé langeðlilegast, að mál þetta sé borið fyrst fram hér á þingi, og að það sé þingið,

sem svo skjóti því til stjórnarinnar, ef þörf gjörist; hitt er lítilsvirðing á þinginu, að ganga fram hjá því með það, og fara með það beina leið til stjórnarinnar.

Eg skal ekki fara neitt út í það, hvort þetta mál sé sprottið af hrepparíg eða öfund; eg álít slíkt málinu, eins og það liggur nú fyrir, alveg óviðkomandi, en tek það að eins fram, að mér sýnast umræðurnar um málið bera þess ljósan vott, að full ástæða sé til, að skipa nefnd í því.

Jón Jónsson, þingm. A.-Sk.: Það er ekki af því, að eg sé hvalatræðingur, að eg tek til máls, heldur af því, að þegar eg lít á dagskrána í dag, að þá blöskrar mér, fram á hve margar nefndarskipanir er farið. Það lítur út eins og háttv. þingm. treysti sér ekki til að koma fram með áhugamál sín í frumvarpsformi, heldur ætli þingnefndum að gjöra það; þessar nefndir sitja svo lengi á rökstólum, en vita ekki heldur, hvað þær eiga að segja, því að málin eru einatt lítt undirbúin og mjög í lausu lofti, og verður svo alt nefndarstarfið að lokum tóm endileysa, en þó eytt miklum tíma fyrir þinginu. — Þessi mála-undirbúningur sýnir, hve brýn þörf oss er á stjórn, sem beinist fyrir atvinnu- og áhugamálum vorum, og búi þau undir þingið. Það er eðlilegt, þótt þingmenn vanti bæði tíma og þekkingu til þeirra hluta.

Það hefir þegar verið tekið fram, að þingmenn hefðu ekki næga þekking á máli því, sem hér ræðir um, og þá sé eg ekki heldur, hvaða gagn er að því, að vera að skipa nefnd í því. Hið eina, sem nefnd mundi geta gjört, væri líklega það, að skora á stjórnina, að taka málið að sér. En hvaða gagn mundi vera að slíku? Vér höfum áður reynt að skora á stjórnina og þekkjum árangurinn af því; að minsta kosti má háttv. flutningsm. þessa máls (Kl. J.) vera minnisstætt, hvernig var að leita til stjórnarinnar með undirbúning á lögum um vátrygging húsa.

Eg tek það aftur upp, að mér finst tíma þingsins illa varið, að vera að skipa einlægar nefndir í málum, sem þingið sjálft veit lítt um, hvað gjöra skuli við, og engan undirbúning hafa fengið. Slíkt er að eins fálm út loftið. Þó verð eg að undantaka það, að vorkunn er, þótt þingið reyni að grípa til þeirra úrræða í málum, sem eru brennandi áhugamál allrar þjóðarinnar, svo sem eins og í landbúnaðarmálinu.

Þórður Guðmundsson: Eg get verið samdóma ræðu háttv. þingm. A.-Skaft. (J. J.), að þingið hefir ærið verkefni fyrir hendi, og að öll þörf er á, að gjalda varhuga við, að það ofhlaði ekki á sig störfum. En að öðru leyti er það ekki að undra, þótt landsmenn leiti til þingsins með þau mál, sem þeim liggja þungt á hjarta, og það er skylda þingsins, að gjöra alt, sem það getur, til þess, að greiða úr þeim og verða að óskum landsmanna.

Þingið þarf að ljá sína ítrustu krafta til að skoða slík mál, og er eg því eindregið með því, að nefnd sé skipuð í máli þessu, því að það er óneitanlega eitt af hinum mikilsverðu landsmálum, og hér stendur auk þess svo á, að fram koma í því tvær gagnstæðar skoðanir, svo að þörfin er einmitt enn meiri fyrir þá sök á nefnd, ef vera mætti að störf hennar gæti leitt til þess, að flokkarnir nálguðust eitthvað hver annan, og að rannsakað yrði, hvort umkvartanir þær, sem hér koma fram, séu á rökum bygðar.

ATKV.GR.: Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með 16 atkv.

Kosningu hlutu:

Klemens Jónsson	með 20 atkv.
Tryggvi Gunnarsson	— 18 —

Benedikt Sveinsson	með 12	atkv.
Þórður Guðmundsson	— 12	—
Þórður Thoroddsen	— 12	—

Nefndarálit: C. 78.

Rannsókn á áhrifum hvaladráps.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps við strendur landsins á síld- og þorskgöngur á firði inn (C. 78, 79, 96); ein umr., 27. júlí.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Eg finn ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál, en vil leyfa mér að vísa til nefndarálitsins að öllu leyti. Eg gjöri það því fremur, sem nefndin hefir fengið þann mann, sem hér má álítast færastur til að dæma um það mál, Bjarna Sæmundsson fiskifræðing, til að leiðbeina henni í því efni, og er álit hans tekið upp í nefndarálitið, og eins og það ber með sér höfum við ekki séð næga ástæðu til að verða við óskum frá Norður- og Austurlandinu í þá átt, sem þær hafa stýrt, að banna algjörlega hvalaveiðar í landhelgi, heldur virðist oss réttara að þessu sinni, að fara til stjórnarinnar og biðja hana að gjöra gangskör að því, að þetta mál verði rannsakað.

Það eru aðallega 2 liðir, sem hér koma til greina: 1. Að stjórnin fái þann mann, sem við höfum á að skipa og sem hefir styrk á fjárlögunum til slíkra rannsókna, Bjarna Sæmundsson, til þessa starfs. Ef svo færi, að meiri styrk en hann hefir þyrfti til þess, þá finst mér rétt, að veita hann á fjárlögunum, en annars veldur þetta eigi í rauninni annari breytingu, en að þessi maður að sjálfsögðu færi til Eyjafjarðar næsta sumar, 1 eða 2 árum áður en hann annars mundi fara þargað.

Hinn liðurinn er sá, að skora á stjórnina, að leita upplýsinga um sams konar rannsóknir í Noregi.

Að sinni er ekki hægt að gjöra annað en þetta, og verður það að bíða næsta þings, áður útgjört verði um málið, því þá fyrst verður árangurinn kominn af rannsókninni.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um þetta mál, en óska, að deildin samþykki frumv.

Að því er breyt.till. snertir, þá er hún að eins sjálfsögð orðabreyting.

ATKV.GR.: Tillagan var samþykt með 12 atkvæðum og afgreidd til efri deildar.

Mentamálanefnd.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um mentamál. (C. 18); ein umr., 7. júlí.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Það er orðið svo framorðið, að synd er að lengja mjög umræður að þessu sinni. Eg býst heldur ekki við, að slíks gjörist þörf, því að eg tel víst, að háttv. deild muni telja það sjálfsagt, að skipa nefnd í máli þessu.

Að því er verksvið nefndarinnar snertir, þá vakti það einkum fyrir okkur flutningsmönnum, að hún tæki sérstaklega til meðferðar hin lægri mentamál vor.

En þó er þar með engan veginn loku skotið fyrir það, að ástæða verði fyrir hana að taka einnig til meðferðar æðri mentamálin, einkum að því leyti, sem snertir samband þeirra við hin lægri.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. með 16 atkv.

Kosningu hlutu:

Jón Þórarinsson	með 20	atkv.
Sigurður Gunnarsson	— 15	—
Eiríkur Gíslason	— 14	—

Valtýr Guðmundsson með 13 atkv.
Einar Jónsson — 8 —
og var varpað hlutkesti milli hans og Jens Pálssonar, sem hafði hlotið jafnmörg atkvæði.

Nefndarálit: C. 84.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu.

(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (C. 85); fyrri umræða.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Þegar mentamálanefndin fór að íhuga hin lægri mentamál vor, þá lágu fyrir henni ýmsir vegir til að stinga upp á ýmsu til endurbótar, en hún áleit ráðlegra að halda sér við jörðina og fara ekki fram á annað en líklegt væri að samþykt yrði hér í deildinni. Það er annars illa farið, að þingið hefir ár eftir ár þurft að bollaleggja um þetta efni, án þess að fá nokkra leiðbeining frá stjórninni í því; því það er varla við því að búast, að þingið geti leyst eins vel af hendi og stjórnin þær umbætur, er koma þyrfti á mentamálin.

Nefndin hefir í öllum höfuðatriðum haldið sömu skilyrðunum fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu og áður, en að eins breytt þeim í ýmsum smáatriðum.

Fyrsta breyttill. er við skilyrðin fyrir landssjóðsstyrk til barnaskólanna. Það er gjört ráð fyrir, að skólinn standi undir 3 manna nefnd, en hreppsnefndin kjósi 2 nefndarmanna, en 3. maður sé presturinn, sem sé sjálfkjörin í nefndina. Þótti nefndinni eðlilegt, að þeir, sem hafa fjárveitingarvald til skólanna, hafi líka hönd í bagga með, hvernig þeim sé stjórnað. Aftur á móti er það venja, að presturinn hafi aðalumsjón með fræðslu barna, og það eins þótt um engan skóla sé að ræða.

Sömuleiðis áleit nefndin rétt, að prófdómandi við árspróf skólans sé annaðhvort maður úr skólanefndinni, eða hún kjósi mann til þess; það virðist eðlilegra, að skólanefndin gjöri það en sýslunefndin, eins og nú á að eiga sér stað, enda veit eg ekki, hvort því ákvæði er hlýtt.

6. skilyrðið vona eg að háttv. deild fallist fúslega á, að nauðsynleg kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna, og það er í rauninni óþarft að lýsa fyrir háttv. deild, hve nauðsynlegt það er, að hver skóli hafi kensluáhöld, og hve ósanngjarnt það er, að ætlast til, að kennari kenni án þeirra, því það er líkt að fá kennara börn til kenslu án kensluáhalda og að senda fólk út á engjar til sláttar og fá því hvorki orf né hrífu til heyverkanna. Nefndin hefir leyft sér í nefndarálitinu að nefna nokkur af hinum helztu kennsluáhöldum, er hún hafði hugsað sér, og má lesa það á þingskj. 84, og þarf eg því ekki að fara frekara út í það. En eg finn ástæðu til að taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að þessi upptalning kensluáhalda er að eins gerð til bendingar, en úr því verður kenslumálastjórnin að skera, hvað af verkfærum telja má nægilegt.

Á skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til sveitakenslu hefir nefndin líka leyft sér að gjöra nokkrar breytingar, og eru aðalbreytingarnar tvær.

Hin fyrri þeirra er sú, að sveitarsjóðirnir leggi að minsta kosti jafnmikið fé til kenslunnar og landssjóðsstyrknum nemur, og hin síðari sú, að ekki sé tekin önnur börn til greina, þegar útblutað er landssjóðsstyrknum, en þau, sem notið hafa kenslu að minsta kosti

2 mánuði; því nefndin gekk út frá því, að tiltölulega lítið gagn yrði að þeirri kenslu, sem barn nyti skemri tíma, og ekki væri vert fyrir landið að styðja hana. Að öðru leyti eru litlar breytingar gjörðar á hinum núverandi skilyrðum.

Nefndin taldi æskilegt, að til stjórnarinnar kæmu glöggar kennsluskýrslur, og þar sem sæist greinilega kenslufyrirkomulag við hvern skóla, og því hefir nefndin farið fram á, að nákvæmar skýrslur fylgi öllum styrkbeiðnum, bæði frá skólunum og umgangskennurunum, um alt fyrirkomulag kenslunnar, og alt, sem þar að lítur; því það má ekki lengur svo til ganga, að kenslumálastjórnin hér í Reykjavík hafi enga hugmynd um kenslumálefnin í landinu, að undantekinni prófskýrslunni og um nemendafjölda; því stjórnin ætti að fá að vita sem flest, sem þar að lýtur. Nokkrir úr mentamálanefndinni hafa átt kost á, að kynna sér skýrslur þær, sem stiftsyfirvöldunum eru sendar; en það er ekki hægt að sjá af skýrslum þessum, að fáeinum undanteknum, hvernig kenslunni er hagað, og oft eru þær ekki annað en registur yfir börnin og vitnisburði þeirra við vorprófið. Eg hefi átt kost á að kynna mér nokkur skólahús, og veit, að kennsluáhöld í sumum þeirra eru hér um bil engin. Skólahúsin eru mjög ófullkomin og óhentug; oft ekki af því, að fé hafi ekki verið nægilegt, heldur af því, að húsin hafa verið bygð eftirlitslaust og bendingalaust af hálfu hins opinbera, bygð af mönnum, sem enga hugmynd hafa um það, hvernig skólahús eiga að vera. Væri æskilegt, að stjórn landsins gæti séð um, að bætt yrði úr því, og mætti oft gjöra það með litlum tilkostnaði. Þegar ný skólahús eru reist, mætti laga margt í þeim eldri, að minsta kosti borð og bekki, svo húsin yrðu notadrýgri. En þetta er ekki gjört, og hygg eg að það komi af því, að kenslustjórnin eða stiftsyfirvöldin hafi ekki nægilega glögga hugmynd um ástand skólanna.

Nefndin hefir leyft sér að koma með ákvæði viðvíkjandi ráðningu kennaranna, sem fer fram á, að þeir séu ráðnir með skriflegum samningi, með 3 mánaða uppsagnarfresti. Því það vakti fyrir nefndinni, að það gæti verið óþægilegt fyrir báða hlutaðeigendur, að ástandið væri svo, sem nú er; því nú fer kennarinn burt á sumrum til að leyta sér atvinnu annarsstaðar, og ímyndar sér oft, að hann verði næsta vetur kyr við sama skóla og áður; en þegar hann kemur heim á haustin, er búið að ráða annan mann í stað hans og þar að auki hefir hann ef til vill átt kost á kenslu við annan skóla, sem hann hefir setið af sér vegna þess, að hann reiddi sig á, að hann gæti orðið kyr. Á sama hátt getur kennari einnig brugðist skólanefnd, sem hefir reitt sig á, að hann mundi halda áfram kenslu hjá sér, og gæti slíkt enda leitt til þess, að enginn nýtur maður fengist fyrir kennara, þegar í ótíma væri komið. Þetta vill nefndin nú koma í veg fyrir með því, að það sé landssjóðsstyrksskilyrði, að ráðning kennara hafi verið gjörð með skriflegum samning, og álítur hún 3 mánaða uppsagnarfrest hæfilega langan á báðar hliðar.

Þá er eitt atriði, sem nefndin álítur að rétt sé að taka til greina, nefnilega, að bjóðist 2 menn til kenslu á sama stað, er óreyndir séu, og annar þeirra hafi gengið á kennaraskóla, þá skuli hann að öðru jöfnu tekinn fram yfir hinn, sem ekki hefir notið kennarafræðslu. Hér er farið svo hóflega í sakirnar, að ekki er hægt að segja, að eldri kennurum sé gjört með því rangt

til, og vona eg því, að háttv. deild verði með þeirri tillögu; því þar sem hér er farið fram á svo lítil réttindi handa mentuðum kennurum, þá væri eftirtektavert, ef þingið samþykti þetta ekki; því að þá liti það svo út, sem deildin álíti, að menn yrðu ekkert færari til kenslu fyrir það, að hafa notið kennarafræðslu, því að það væri einkennileg mótsögn í slíku, þar sem hin háttv. deild þó í hinu orðinu veitir nokkurt fé til að halda uppi kenslu handa þessum mönnum. Álitið er og, að þörf sé á sérkunnáttu til að takast á hendur önnur störf í lífinu. Þannig er talið nauðsynlegt, að prestsefni gangi á prestaskóla, skipstjórar á sjómannaskóla o. s. frv.; og á sama hátt munu menn verða að játa, að nauðsynlegt sé, að kennaraefni gangi á kennaraskóla, og engum dettur í hug að efast um, að allir þessir menn hljóti fyrir það að verða færari til að takast á hendur þau störf, sem skólar þessir búa þá undir.

Eg ætla ekki að tala fleira um þessi skilyrði að sinni, heldur fela þau velvild og íhugun háttv. deildar; og þó einhver finni eitthvað út á þau að setja, vona eg að hann athugi það með gætni og velvild, og beri sig saman við nefndina um breytingar þær, er hann óskar að gjörðar séu; því það er ekki þýðingarlaust, hvernig þessi skilyrði eru samin, þar sem þau eru hin einu kenslulög vor, og ekki er með öðru móti hægt að sjá um, að landssjóðsstyrk til barnakenslu sé varið heppilega.

Sighvatur Arnason: Eg ætla ekki að verða margorður um tillögur þær, sem hér liggja fyrir, heldur að eins minna á eitt atriði í síðari kaflanum viðvíkjandi sveitakennurum, þar sem svo er ákveðið í 4. till., að kennarinn kenni að minsta kosti 6 mánuði af árinu, en svo er háttað mínu héraði, að kennarar vilja og þurfa að leita sér atvinnu við sjóróðra á vertíðum, og á hinn bóginn er mörgum bagalegt, að missa börnin frá snúningum á heimilunum um þann tímann, þegar karlmenn eru farnir til sjóróðra. Vildi eg því óska, að ekki væri ákveðinn lengri kenslutími en 5 mánuðir, sem yrði frá okóber-byrjun til þorra-loka. Því slíkt er nauðsynlegt bæði vegna kennaranna sjálfra og foreldra eða húsbænda barnanna í þeim héruðum, er eg þekki til. En kenslutímann, sem er tiltekinn fyrir hvert barn, 2 mánuðir, álít eg hæfilegan.

Vil eg skjóta þessu til háttv. nefndar, að hún taki þetta til íhugunar, svo löggjöfin komi ekki í bága við hagsmuni manna og kringumstæður í þessu efni.

Jón Jensson: Það er eitt atriði í tillögunni, sem verður að lagast, ef það á að koma að tilætluðum notum. Í tillögunni segir nefnilega svo: »sé kostur á kennara, sem staðist hefir próf við kennaraskóla, skal hann tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennarar eru ráðnir«. Eins og háttv. framsögum. útlagði þessa ákvörðun, þá getur þetta verið góð bending; en hann bætti líka inn í ákvörðunina orðunum: »að öðru jöfnu«. Sé þessum orðum »að öðru jöfnu« bætt við, kannast eg við, að það er rétt, að taka mann til kennara fram yfir annan, sem tekið hefir kennarapróf; en reyndar verður þá þessi ákvörðun fjarskalega lítilsverð, að eins hrein bending, þar eð skólanefndirnar geta alt af sagt, að umsækjendurnir séu ekki jafnir að öðru leyti. En eins og skilyrðið er nú orðað í tillögunni, að taka skuli þá menn, sem tekið hafa próf við kennaraskóla, fram yfir alla

aðra menn til barnafræðslu, þá er það beinlínis skaðlegt, að setja slíkt ákvæði. Eg bendi á þetta til þess, að háttv. nefnd geti lagað það til síðari umræðu. En um leið vildi eg spyrja að því, hvað meint er með kennaraskóla. Eins og menn vita, þá er hér til kennarafræðsla, en ekki kennaraskóli. En sé hér með þessum mönnum átt við þá, sem notið hafa kennarafræðslunnar í Flensborg, þá vil eg spyrja, hvort ekki er ætlast til, að þetta skilyrði nái líka til þeirra kvenna, sem notið hafa kennarafræðslu við kvennaskólann í Reykjavík, sem byrjað var að veita í vetur sem leið og haldið mun áfram eftirleiðis.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Nefndin er að sjálfsögðu þakklát fyrir bendingar þær, er hafa komið fram frá háttv. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) viðvíkjandi því ákvæði fyrir styrk til sveitakennara, að þeir yrðu að kenna að minsta kosti 6 mánuði, þar sem hann tók fram, að í sínu héraði væri þannig háttað, að ekki væri hægt, að koma börnum saman til kenslu um vertíðina, og mun nefndin taka til íhugunar, hvort gjörlegt sé að breyta úr 6 mán. í 5 mánuði.

Hvað snertir annað atriði í tillögu nefndarinnar, sem háttv. þingm. Rvk. (J. J.) mintist á, að sé kostur á kennara, sem staðist hefir próf við kennaraskóla, skuli hann tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennarar séu ráðnir, þá held eg athugasemd hans sé bygð á dálitlum misskilningi á tillögunni. Nefndin þóttist taka af öll tvímæli með því, að segja, að sá er tekið hefði próf við kennaraskóla, yrði tekinn fram yfir óæfðan kennara, þ. e. mann, sem ekki hefði kent áður eða átt við barnakenslu fyr. Meining till. er, að þegar samkepni er um kensluna, eða tveir sækja, sem ekki hafa kent áður, annar ekkert próf hefir hlotið og hinn með prófi, þá gangi sá fyrir, er prófið hefir hlotið, án þess þó að nefndinni detti í hug að neita því, að það geti komið fyrir, að sá, er prófið hefir, geti reynst ver en hinn.

Þar sem sami h. þm. (J. J.) mintist á, hvað nefndin meinti með orðinu »kennaraskóli«, þá vil eg svara því, að nefndin hafði kennarakensluna í Flensborg fyrir augum. Þær kröfur, sem þar eru gerðar, eru hinar minstu, sem nefndin telur að heimta megi. En að því er þá kensluleiðbeining snertir, sem fram kvað hafa farið síðastliðinn vetur við kvennaskólann í Reykjavík, þá er það svo mjór vísir, að mér fyrir mitt leyti datt hann ekki í hug, og nefndinni víst heldur ekki; en það er sjálfsagt, að vaxi sá vísir, svo að hann standi jafnfætis kennarakenslunni í Flensborg, þá verða nemendur frá báðum þeim skólum að standa jafnt að vígi.

Jón Jensson: Eg skal játa, að eg skildi »óæfðan« kennara í till. í mótsetning við mann, sem gengið hefði á kennaraskóla, en að það er ekki rétt, eftir því, sem h. framsm. (J. Þ.) benti á. En það gjörir lítinn mun á agnúunum, sem mér finnast á till. Með þessum skilningi standa þá í mótsetningu hvorir við aðra annars vegar æfðir kennarar og þeir sem gengið hafa á kennaraskóla, og hins vegar þeir, sem ekki hafa kent áður eða gengið á kennaraskóla; það verður eins rangt fyrir það, eins og till. gjörir, að binda aðgang að barnakenslu, að því er þá snertir, er eigi hafa verið kennarar áður, við það, að hafa gengið á kennaraskóla; því að maðurinn getur fyrst og fremst á annan hátt hafa aflað sér ágætrar mentunar; hugsum oss t. d. efnilegan stúdent, eða kandidat frá prestaskólanum; og í annan stað getur sá maður, er gengið hefir á kennaraskóla, haft stór-

galla, verið drykkjumaður og óreglumaður, og haft ýmsa aðra annmarka. Mér fanst h. framsögum. ganga út frá, að mennirnir hlyti að vera jafnir að öðru leyti en kennaramentuninni; en þetta þarf ekki að eiga sér stað, og á sér sjaldnast stað. Ákvæðið getur aldrei orðið annað en bending til skólastjórnanna, en hefir ekkert bindandi gildi. Og eg er viss, um að hver skólastjórn gjörir það, sem hún getur, til þess að fá sem hæfastan og sem mentaðastan mann fyrir kennara, svo bendingin getur jafnvel verið óþörf.

Guðjón Guðlaugsson: Eg verð að vera mótfallinn því, eins og áður, að sveitirnar leggi fram fé til sveitakenslu. Ef eg þarf heimiliskennara á annað borð, þá held eg sveitakennara. Eg held að það sé margur, sem alls ekki kærir sig um, að sveitin leggi fé til. En að einstakir menn leggi fé til, þá getur oft verið vandhæfi á að ákveða, hversu mikið það skuli vera, meðan ekki er víst, hversu mikinn styrk kennarinn fær úr landssjóði, eða hvort hann fær nokkurn styrk. Eg álít réttast, að þetta atriði sé strikað út.

Að kennarinn kenni endilega 6 mánuði af árinu, álít eg einnig óþarft, og er því ákvæði mótfallinn; aðalatriðið er, að kennarinn sé vel hæfur, en hitt hefir aftur á móti litla þýðingu, hvort hann kennir lengur eða skemur. En hitt er sjálfsagt að taka fram, að hver unglingur ekki njóti kenslu skemur en 2 mánuði af árinu. En setjum svo, að í einni sveit séu 3 sveitakennarar, sem hver kennir 2 mánuði, þá fæ eg ekki séð, að sú sveit sé óverðugri fyrir að fá styrk en sú sveit, sem hefir einn kennara um lengri tíma. Mér skilst, sem menn álíti, að þetta sé styrkur til kennarans sjálfs; en aðgætandi er, að þetta er ekki styrkur til kennarans sjálfs, heldur til þeirra, sem hann kennir hjá. Ef kennarinn fær styrk úr landssjóði, þá græði eg það, að hann verður ódýrari við mig. Hitt atriðið, sem h. þm. Rvk. (J. Jens.) tók fram viðvíkjandi forgangsréttinum, þá er eg honum þar alveg samdóma.

Valtýr Guðmundsson: Það var einungis stutt athugasemd, sem eg vildi gera út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.), þar sem hann hafði það á móti tölulið 2, að sveitir ættu að leggja fé til, og áleit það illa til fallið, þá vakti það fyrir nefndinni, að sveitirnar ættu að réttu lagi, eins og í öðrum löndum, að bera allan kostnaðinn við barnakensluna, og að því marki ættum við að stefna, þó það verði svo að vera fyrst um sinn, að landssjóður hlaupi undir bagga. Vilji einhver sveit ekki leggja fram fé til jafns við landssjóð, þá er hún ekki verð fyrir styrk. En svo gætu menn sagt sem svo, að þetta gæti orðið til þess, að sumar sveitir létu vera að ráða nokkurn kennara. En við því getur presturinn spornað. Presturinn getur heimtað, að börnin hafi notið svo og svo mikillar kenslu, til þess að börnin verði fermd, og því heimtað sveitakennara, ef uppfræðingin fæst ekki á annan hátt.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, um að kennarinn kenni 6 mán., þá er það nauðsynlegt, þó ekki væri vegna sveitarinnar, þá samt vegna kennarans, því þess er ekki að vænta, að almennilegir menn ráði sig til skemri tíma, t. d. 3 mán. Sé styttri tími ákveðinn, er hætta á, að ekki fáist nema ónýtir kennarar. Það er því miklu betra að hafa þetta ákvæði um 1 mann í 6 mán., heldur en t. d. 3 menn í 2 mán. Það gefur tryggingu bæði fyrir kennarann, og eins fyrir sveitina að fá betri kennara.

Guðjón Guðlaugsson: Það getur verið, að það sé rétt, að þær sveitir, sem

ekki vilja leggja til fé, séu ekki verðar að fá styrk, en þá því að eins, að það komi fram sem sveitarmáletni. Þó ein hreppsnefnd vilji ekki, þá get eg og nágranni minn tekið kennara, án þess að það komi neitt við tilhlutun sveitarstjórnarinnar; þess vegna álít eg ekki rétt, að binda styrkinn við sveitir. H. þm. Vestm. (V. G.) er ekki kunnugur í sveit, að minsta kosti hefir hann ekki verið í hreppsnefnd, og veit þar af leiðandi ekki, hversu þægilegt er að eiga við sveitarmáletni, og fá samþykki fyrir greiðslum úr sveitarsjóði, sem ekki eru beinlínis ákveðnar með föstum lögum.

Viðvíkjandi því, hvort betra sé að hafa 1 mann sem kennara í 6 mánuði, eða 3 menn í 2 mánuði, þá er það að eins undir því komið, hvort þeir eru góðir kennarar. Það má líka vel fá kennara í 4–5 mán., og er það hentugri tími, því börnin þurfa oftast að notast til vinnu, t. d. að smala á vorin, og þá er ekki hentugt fyrir menn að missa þau þá frá vinnu.

Aftur á móti er eg vel ánægður með skilyrðið um 2 mánuðina, því það er skilyrði fyrir því, að börnin njóti einhverrar kenslu; en álít 6 mánaða takmarkið óþarft

ATKVGR.: I. hluti tillögunnar með 6 undirliðum og athugas. samþ. með 13 atkv.

II. hluti, 1. liður samþ. með 13 atkv. 2. liður samþ. með 13:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Kl. Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelss.,
Jón Jensson,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
J. J., þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þórarinsson,	Þórður Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

3 liður sþ. með 15 atkv.

4. liður feldur með 14:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Þórarinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Sigurður Gunnarss.,	Halldór Daníelss.,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jensson,
Þórður Thoroddsen.	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
	J. Jónss., þm. Eyf.,
	Ólafur Briem,
	Sighv. Árnason,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.
	Þorl. Guðmundsson.

5. liður sþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrri athugas. á eftir samþ. með 11 shlj. atkv.

Síðari athugas. feld með 13:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Sig. Gunnarss.,	Halldór Daníelsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Jón Jensson,
Valtýr Guðmundss.,	J. Jónss. þm. A.-Sk.,
Þórður Thoroddsen.	J. Jónss. þm. Eyf.,
	Ól. Briem,
	Sighv. Árnason,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Málinu vísað til síðari umr. með 18 samhlj. atkv.

Síðari umr. (C. 202, 223, 232), 28. júlí.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Eg skal fyrir hönd nefndarinnar í þessu máli lýsa því yfir, að hún hefir ákveðið, að ganga að breyt.till. þeirri, sem er á þingskj. 223, að til sveitakenslunnar sé lagt annaðhvort úr sveitarsjóði eða frá einstökum mönnum jafnmikið fé og greitt er úr landssjóði. Nefndin ætlaðist einmitt til, að þessi skilningur yrði lagður í till., eins og hún var orðuð, en hún sér, að hér í breyt.till. eru tekin af öll tvímæli.

Annars vegar hefir nefndin sjálf komið með tvær lítils háttar breyt.till. til þess að verða við ósk h. deildarm. 1. er það, að kenslutíminn hjá sveitakennurum sé styttur úr 6 mánuðum í 5 mánuði, þar sem einn h. þm. benti á, að 6 mánaða skilyrðið væri of langur tími á sumum stöðum. 2. hefir athugasemdinni um ráðning kennara verið breytt þannig, að inn í hana er bætt: »að öðru jöfnu« samkv. bending h. þm. Rvk. (J. Jens.), því nefndin vildi ekki halda því fast fram, að sá, er tekið hefir kennarapróf, skyldi undantekningarlaust tekinn fram yfir þann, er próflaus er. En hins vænti nefndin, að h. deild viðurkenni, að þeir, sem tekið hafa kennarapróf, sé að öðru jöfnu hinum færari. Þar sem nefndin hefir hér farið að ósk h. þm., er ekki ástæða til að efast um, að h. deild samþykki tillögurnar eins og þær liggja fyrir.

Sighvatur Árnason: Eg skal fúslega játa það, að eg get betur felt mig við að kenslutími sveitakennara sé fremur 5 mánuðir en 6 mánuðir. En þó eg láti það í ljósi við fyrri umræðu málsins, að eg vildi heldur 5 mánaða en 6 mánaða tímatakmarkið, þá vildi eg þó helzt af öllu, að ekkert tímatakmark um það væri sett í till., því eg vil, að hvert hreppsfélag ráði því, hvað kenslan standi lengi yfir; en hinu er eg hlyntur, að ekki sé miðaður styrkurinn við önnur börn en þau, sem notið hafa kenslu að minsta kosti í 2 mánuði, en eg vildi fremur halda því föstu, að kenslutímalengdin í heild sinni væri ekki ákveðin, því það er hart að binda sveitarfélögin svo, að þau megi ekki ráða því, að hafa heldur 2 kennara skemri tíma en 1 lengri tíma, þar sem svo stendur á, að það álízt haganlegra; því að þar sem erfitt er um samgöngur milli bæja, vegna vatnsfalla eða vegalengdar, þá getur verið óhentugt, að hafa kensluna þegar komið er fram á þorra eða vertíð, og er vanalega hentugastur til þess fyrri hluti vetrar fram að jólum. Eg álít því óhentugt og koma í bága við hagsmuni manna, að binda hendur á sveitahreppsbúum í þessu efni, og kenslan getur orðið að eins góðum notum fyrir því, þótt kenslutíminn í heild sinni verði styttri, og vildi eg því, að feld væri till. um tímalengd kenslunnar, en 2 mánaða ákvæðið látið standa.

ATKVGR.: Breyt till. á þingskj. 223 fyrri liður sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 232 fyrri liður sþ. með 14 : 2 atkv.

Brt. á þskj. 223 síðari liður þar með fallinn.

Brt. á þskj. 232 síðari liður sþ. með 13 shlj. atkv.

Till. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv. og send Ed.

Réttur til barnakenslu.

(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um rétt til að taka að sér barnakenslu (C. 86); fyrri umr., 25. júlí.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*:)

Það mætti virðast svo eftir atkv.gr. um hið síðasta mál, einkum síðasta lið, sem háttv. þingdeild þætti ekki enn kominn tími til að taka þau ákvæði, sem hér er farið fram á; en eg hygg þó, að háttv. deild vilji, að þeir einir hafi barnakenslu á hendi, sem hæfir eru til þess. Á vetrum ganga hér kring um 200 manns, sem hafa styrk til barnakenslu, og það þætti víst undarlegt í flestum öðrum löndum en á Íslandi, ef ekkert eftirlit væri haft með því af hálfu stjórnarinnar eða þingsins, hvaða menn framkvæmdu þetta starf, og að við kærðum okkur ekkert um, hvernig það væri gjört. Nefndin hefir þá skoðun, að hér sé nauðsynlegt fyrir þing og stjórn að hafa hönd í bagga, og hefir því stungið upp á, að eftir ákveðinn tíma kenni enginn börnum annar en sá, sem hefir tekið próf, eða hafi sýnt sig vel hæfan til þess, og álít eg rétt fyrir þingið, að stefna að því.

Eg heyrði áðan talað um, að stúdentar og jafnvel kandídatar frá prestaskólanum gæfu sig oft við barnakenslu, og það væri hart, ef þeir mættu ekki takast barnakenslu á hendur til móts við þá, sem tekið hafa kennarapróf. Eftir minni skoðun er það ekki harðara fyrir prestaskólakandídat að vera neitað um barnaskólakennarastarf móti kennaraskólakandídat, heldur en það er fyrir kennaraskólakandídat að vera neitað um prestsembætti móti prestaskólakandídat. Um stúdenta frá latínuskólanum tala eg ekki í þessu sambandi. Ekkert af þeirri mentun, sem þeir hafa aflað sér, fer í þá áttina, að gera þá hæfa barnakennara. Ætli hinum háttv. þingm. þætti ekki líka hart — líkl. harðast af öllu — að neita lögfræðiskandídötum frá Kaupmannahafnarháskóla um barnakennarastarf, ef maður með kennaramentun sækir á móti honum?

Aðalatriðið er, að fá efnilega unga menn og einmitt með kennaramentun til þessa starfs, því annars verður það helbert kák. Árangurinn af starfinu stendur og fellur með kennaranum sjálfum. Og viðurkennandi það, að kennaraskólamentun sé hin eina heppilega mentun fyrir slíka menn, hefir nefndin komið fram með þessa tillögu. Þingið hefir þegar um nokkur ár viðurkent það í verkinu, að það sé á sömu skoðun og nefndin um þetta, þar sem það hefir lagt árlega fram tugi þúsunda til barnakennarafræðslu. En um leið og þingið viðurkennir, að þessi kensla sé nauðsynleg til að útvega góða barnakennara, um leið verður það að sýna, að það meti þessa góðu kennara meira en aðra lakari, með því að veita þeim réttindi umfram hina.

Eg vil biðja menn að athuga það, að tillagan fer alls ekki fram á, að eftir 1905 séu allir útilokaðir frá barnakenslu aðrir en þeir, sem tekið hafa kennarapróf. Hún gerir þvert á móti ráð fyrir, að allir kennarar, sem búast má við að séu að nokkuru liði, ɔ: allir þeir, sem hafa sýnt sig svo dugandi, að menn hafa viljað halda þá við kenslu í 5 ár, verða kennarar eftir sem áður.

Ef tillagan verður samþykt, sem eg efast ekki um, þá mundi aukast aðsókn að kennaraskólanum við það, að framtíðarhorfurnar yrðu betri fyrir nemendur hans.

Eg álít, að með því að samþykkja frumv. ,sé stigið nauðsynlegt spor. Eg treysti því, að háttv. deild hugsi vel um og yfirvegi, hvað mælir með málinu og móti, áður en hún greiðir atkvæði á móti því. Og eg vona, að hún samþykki það að þessu sinni, og

þeir sem hafa eitthvað á móti því, beri sig saman við nefndina áður en þeir fella það, því vel mætti vera, að nefndin gæti breytt því að einhverju leyti.

Eg skal taka fram, að nú er sjómannamálið komið í það horf, að engum er eftirleiðis leyfilegt að færa skip, nema hann hafi gengið í sjómannaskóla og náð þar prófi, og þessi góði rekspölur þess máls er mestmegnis því að þakka, að stjórnin varð sannfærð um nauðsyn þess og undirbjó það undir þingið. Það þótti þá hart, að aðrir mættu ekki færa skip en þeir menn, sem próf höfðu tekið. En nú þykir öllum það sjálfsagður hlutur. Hvernig sem fer um tillögu þessa nú, getur hin háttv. deild verið viss um, að þess verður ekki mjög lengi að bíða, að stjórnin og þingið og þjóðin viðurkenni nauðsyn slíkra ákvæða, og þeim, sem þá eiga kost á að sjá þá mótspyrnu, sem frumvarpið fær hér, mun geta á að lítast um skilning þingsins og tillögur um barnafræðsluna.

Jón Jensson: Eg skal játa það, að það er í sjáltu sér meining í því, að setja skilyrði í þá átt, sem hér er farið fram á fyrir því, að geta fengið stöðu sem barnakennari; það er ekki nema eðlilegt og líkt því, sem á sér stað í öðrum efnum, að menn vilji tryggja sér, að sá sem tekst barnakenslustarf á hendur sé fær um það. Og eg álít, að þegar nóg er orðið af lærðum barnakennurum í landinu, þá sé sjálfsagt að setja þetta skilyrði. En það var ekki aðallega þetta, sem eg ætlaði að tala um, heldur form tillögunnar. Hér liggur fyrir þingsályktun, sem fyrst á að koma til framkvæmda 1905. Eg skil ekki í því, hvernig menn hugsa sér að slík ályktun geti gert nokkurt gagn eða hafi nokkura þýðingu. Það er eðlilegt og alt öðru máli að gegna, þótt þingið búi til skilyrði í þingsályktunarformi fyrir útborgun á styrk til barnakenslu, sem hið sama þing ályktar að veita skuli. Sú tillaga kemur til framkvæmda þegar á næsta tveggja ára tímabili. En hér er um tillögu að ræða, sem fyrst á að taka til greina eftir 1905. Eg skil ekki í, að þingið geti gert nokkura slíka tillögu, því að eg ætla, að hún verði orðin dauð og kraftlaus eftir tvö ár, og getur þá stjórnin ekki heldur farið að taka hana til greina að þeim tíma liðnum. Vér vitum það, að lög, sem samþykt hafa verið á einhverju þingi, verða að hafa náð staðfestingu konungs, áður en þing kemur saman að tveim árum liðnum; annars eru þau dottin úr sögunni; og og eg skil ekki í því, að þessi tillaga eigi að geta verið lífseigari en lög frá þinginu. Tilgangurinn með tillögunni ætti þá að vera sá, að hún bindi hendur eftirfarandi þinga, en slíkt sjáum vér að í raun réttri yrði heldur ekki. Næsta þing gæti búið til ályktun þvert ofan í þessa, þótt hún væri þá til, og ónýtt hana með því. Tillagan er því í raun og veru meiningarlaus.

Eg veit eigi heldur, hvort hægt verður að fullnægja ákvæðum tillögunnar árið 1905, þótt hún héldi gildi þangaðtil; það er ekki víst, að þá verði nóg til af kennaraskólastúdentum eða mönnum, sem verið hafa þá barnakennarar í samfleytt 5 ár, til þess að fullnægja kennaraþörfinni. Og þó nú svo kynni að verða, þá þykir mér það hart, að ágætiskennari skuli eiga það á hættu, að vera útilokaður frá opinberri kennarastöðu, af því að hann hefir ekki tekið kennarapróf eða verið barnakennari 5 undanfarin ár. (*Einar Jónsson*: Athugasemdin aftan við tillöguna!) Það getur verið, að hún bæti nokkuð

úr skák, enda er það aðallega formhlið tillögunnar, sem eg hefi á móti, og hennar einnar vegna finst mér ekki vera hægt að samþykkja hana.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Athugasemdir h. þingm. Reykv. (J. Jenss.) um formhlið tillögunnar mun verða tekin til íhugunar. En aftur á móti virðist ekki mikil ástæða til að taka til greina athugasemdir hans um efni hennar, enda játaði háttv. þingm. (J. Jens.), að minsta kosti óbeinlínis, að sjálfsagt væri að ráða fyrir kennara þá menn, sem kennarafræðslu hefðu notið, þegar nóg væri orðið til af þeim.

Nefndin sá, að það voru að eins tveir vegir fyrir hendi til að reyna að flýta fyrir því, að landið fengi sem bezta kennara; annar sá, að búa til lög líks efnis og tillagan, eða þá koma með þingsályktunartillögu. Hún valdi nú tillöguveginn, bæði af því að hún ætlaði, að öllu vænlegra væri að koma málinu eftir þeim vegi gegnum þingið, og af því að hún hafði þá trú, að tillagan mundi vera svo lífseig, að hægt væri að halda í henni líftórunni fram til 1905. Nefndin áleit, að vildi stjórnin sinna tillögunni, þá mundi hún sjá ráð til að tilkynna fólkinu með stjórnarbréfi eða á annan hátt, að það væri vilji hennar og þingsins, að eftir 1905 yrðu ekki aðrir ráðnir til kennarastarfa en þeir, sem fullnægðu ákvæðum tillögu þessarar, og að tillagan komist þannig að því leyti í flokk með lögum, sem stjórnin staðfestir, að hún hafi ekki tapað þýðingu sinni eftir tvö ár, heldur komi hún til framkvæmda á sínum tíma, nema því að eins, að alþingi breyti ákvæðum hennar.

Að öðru leyti leyfi eg mér að leita álits hæstv. landsh. um það, hvort réttari muni skilningur minn og nefndarinnar á máli þessu eða skilningur h. þingm. Reykv. (J. Jenss.).

Landshöfðingi: Eg verð að lýsa því yfir, að eg álít að ákvæðin um það, hve nær lög þau, sem stjórnin staðfestir ekki, missa þýðingu sína, geti ekki náð til þingsályktana, og þótt svo væri, getur stjórnin áður en næsta þing kemur saman tekið tillögu þessa til greina með því, að láta í ljósi vilja sinn um að framfylgja henni á sínum tíma, ef til kemur; mundi þá þessi yfirlýsing hafa svipaða þýðingu að því er tillöguna snertir, eins og staðfestingin að því lög snertir. En sjálfsagt er það, að tillagan getur ekki verið rétthærri en lög, og að þingið því getur breytt henni eða afturkallað hana, hvenær sem því sýnist. Það hefir sjálfsagt verið meining nefndarinnar, að yrði tillagan samþykt af báðum deildum þingsins, og ef stjórnin aðhyltist hana, þá mundi hún vel geta lifað þangað til 1905, verði henni ekki breytt af þinginu fyrir þann tíma; og fæ eg ekki betur séð en að sú skoðun háttv. nefndar sé rétt.

Jón Jensson: Mér var það sönn ánægja, að heyra hæstv. landsh. lýsa yfir því, að þessi tillaga gæti haft von um að lifa þangað til 1905. Reyndar hefi eg aldrei vitað dæmi til, að þingsályktunartillaga hafi sem slík lifað fram yfir tveggja ára tíma, án þess að hafa komist í framkvæmd á því tímabili. En hitt þykist eg skilja, að stjórnin geti tekið upp innihald tillögu þessarar, og gefið það út sem auglýsingu um, að hún muni framfylgja henni 1905. En þótt nú stjórnin geti þetta, þá þykir mér mjög ólíklegt, að hún vilji það, þar sem hún veit, að hún getur á engan hátt bundið þingið í þessu efni, og getur því átt á hættu, að skjal hennar verði orðið marklaust

1905, eða fyr, engu síður en tillagan, sem hún vildi dubba upp eða gjöra ódauðlega.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er á sama máli og h. þm. Rvk. (J. Jenss.) um það, að tillaga þessi geti ekki verið mjög kraftmikil 1905, og eg verð að segja það, að eg álít þingið gjöra ofmikið spaug að sjálfu sér, ef það fer að samþykkja slíka tillögu, sem er aldeildis þýðingarlaus. Sér í lagi væri það nokkuð spaugilegt, ef það kæmi upp úr kafinu, að á því herrans ári 1905 væri enginn kennaraskóli til, og enginn styrkur úr landssjóði veittur til umgangskenslu eða barnaskóla; þá gæti eg búist við, að þingið yrði ræki lega að athlægi fyrir aðgerðir sínar nú. Auk þessa er tillaga þessi ósanngjörn, og skal eg þar nefna ákvæðið undir staflið b., þar sem gjört er að skilyrði, að kennari, sem ekki hefir gengið á kennaraskóla, verði að hafa kent í samfleytt 5 undanfarin ár, til þess að mega halda kenslu áfram eftir 1905. Þó hann því væri búinn að kenna 10 ár eða lengur, að eins ef hann hefði hætt kenslunni um stund, svo að hann hefði ekki kent 5 samfleytt ár á undan 1905, þá ætti hann ekki að geta staðist í samkepninni móti einum nýgræðingi frá þessum svo kallaða kennaraskóla.

Eg veit, að það má segja, að þessi maður þurfi ekki annað en leita leyfis stifsyfirvaldanna til þess að fá að halda kenslunni áfram. En eg býst við að sumir séu svo stórir upp á sig, að hafi þeir sýnt sig sem góða kennara, þá geti þeir ekki fengið af sér að skríða að fótum stiftsyfirvaldanna til að fá kensluleyfið, en kjósi heldur að hætta með öllu að vera kennarar.

Einar Jónsson: Það sem kom nefndinni til að koma með tillögu þessa var það, að hún hélt, að þingið mundi álíta það rétt, að koma hér upp kennaraskóla sem fyrst, og að það mundi hafa trú á því, að slíkur skóli mundi reynast gagnleg stofnun hér eigi síður en annarstaðar í heiminum. Hún treysti því ennfremur, að þingið mundi hafa þá trú, að það væri gagn, en eigi ógagn fyrir landið, að meira væri reynt til að tryggja sér góða barnakennara yfir höfuð en hingað til hefir verið gjört, hvernig sem því yrði við komið. Nú er nefndin á þeirri skoðun, að þeir kennarar séu yfir höfuð betri, sem notið hafa kennarafræðslu, en aðrir kennarar, og þótti henni þá liggja beint við, að þeim væru trygð einhver forréttindi fram yfir aðra. Það getur nú verið, að nefndin hafi ekki þekt fullvel skoðun og vilja þingsins í þessu efni, og að margir þeirra, sem nú sitja á þingmannabekkjunum, sjái enga nauðsyn á kennaraskóla fyrir barnakennara; en hvað sem því líður, má telja það víst, að næsta þing eða næst-næsta þing sjái hana betur. Það er lítt hugsandi, að þingið komist að annari niðurstöðu, þegar fram líða stundir. Af sannfæringunni um nytsemd og nauðsyn kennaraskólans leiddi það aftur, að nefndin áleit rétt, að frá þinginu kæmi að minsta kosti bending um það, að þegar fram í sækti, mættu þeir, sem gengið hefðu á kennaraskóla eða notið kennarafræðslu, búast við því, að eiga forgangsrétt að barnakenslunni. Eg treysti því nú, að þingið muni vera á sömu skoðun sem nefndin um það, að komist kennaraskóli í gott lag hér á landi, þá muni óhætt að treysta því, að þeir, sem á hann hafa gengið, verði yfir höfuð hæfari til að kenna börnum en aðrir, sem eigi hafa notið kennarafræðslu. En af því að búast má við, að aðsókn að kennaraskóla verði ekki

nægileg fyrst í stað, til að fullnægja barnakennara-þörfinni, þó að hann kæmist nú þegar á, þá hefir nefndin sett það ákvæði í tillögu sína, að þeir sem hafa haft barnakenslu í samfleytt 5 ár, annaðhvort við fasta skóla eða sem sveitakennarar, skuli eftir 1905 hafa rétt til að taka að sér barnakenslu jafnhliða þeim, sem á kennaraskóla hafa gengið; og til þess að fyrirbyggja kennaravandræði, ef ekki yrði hægt að fá nóga kennara úr þessum tveim flokkum, eða einhver önnur atvik mæltu með því, þá hefir nefndin enntremur slegið þann varnagla, að undantekningu megi fá frá hötuðreglunni, eins og tillagan ber með sér; það getur vel verið, að það hefði mátt orða tillöguna öðru vísi, án þess tilgangi hennar væri spilt, og bæta með því úr ósanngirni þeirri, er háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) fanst koma fram í henni; en athugasemdin bætir í rauninni fyllilega úr því. Það, sem vakti fyrir nefndinni, var, að setja ekki jafnhliða þeim, sem á kennaraskóla hefðu gengið, menn, sem að eins hefðu kent 1—2 ár, heldur þá eina, sem töluverða kensluæfingu hefðu fengið. Það er kunnugt, að fram að þessum tíma hafa verið teknir ýmsir menn til barnakenslu, sem ekki hafa verið vel hæfir til þess starfa, því að menn hafa einatt orðið að nota hvað sem í boði var, að eins að kennarinn væri lítið eitt færari um að kenna en heimilið sjálft. Heldur nú h. deild, að það væri svo lítilsvert fyrir þjóðina, að þetta kæmist í betra horf? Eða heldur hún, að eigi sé unt að kippa því í betra horf? Nefndin þykist nú fyrir sitt leyti hafa farið svo gætilega í sakirnar í tillögu sinni, að hún vonar, að hver sá geti aðhylst hana, sem ekki hefir bitið sig fastan í þá trú, að bezt sé, að þingið skifti sér ekkert af því, hverjir kennarar gegni unglingafræðslunni. Nefndin hefir nefnilega, eins og sést á tillögunni, og eg þegar hefi bent á, lagt það til, að eftir 1905 skyldu þeir einir hafa rétt til barnakenslu, sem á kennaraskóla hefðu gengið, eða þá kent börnum um nokkurra ára tíma; en þó bætt því við, að með leyfi stiftsyfirvalda eða hverrar þeirrar kenslustjórnar, er um það ætti að sýsla, gætu einnig aðrir fengið kensluleyfi. Hér er svo vægt farið í sakir, að það virðist undarleg viðkvæmni, að telja hér rétt manna borinn fyrir borð, og dálítið einkennileg stórmenska væri það hjá kennurunum, að geta ekki fengið af sér að sækja um kenslustarfið, ef þörf gerðist; að minsta kosti bæri það ekki mikinn vott um kærleika til verksins sjálfs, eða löngun til að stunda það. Það vakti fyrir nefndinni, að ef einhver maður hefði verið notaður 5 ár samfleytt fyrir kennara, þá væri með því fengin töluverð trygging fyrir því, að hann væri hæfur til kennarastarfsins. Hvort þeir hefðu fengið kensluæfinguna á þeim 5 árum, er nú líða til 1905, eða fyr, gjörir auðvitað minna til; nefndin batt sig nú við þetta af því, að það benti á, að þeir menn væru einmitt á þeim tíma (1905) viðurkendir sem hæfir kennarar, og mundu þá einnig standa til boða. En bak við tillöguna liggur sú hugsun, að fyrir barnakennara eigum vér að eins að velja vel hæfa menn, og að smátt og smátt muni þekking vaxa svo í landinu, að heimilin muni geta tekið sjálf að sér þá fræðslu, sem til fermingar er heimtuð, en kennarar kendu að eins það, sem þar væri farið fram yfir; en þá leiðir af sjálfu sér, að meiri kröfur verður að gjöra til þekkingar kennarans, þegar þetta er haft á bak við eyrað. Eg vona að h. deild geti ekki mótmælt, að þessi skoðun og stefna

nefndarinnar sé rétt, og að það eigi miður við, að gjöra hálfgjört gys að þessum gjörðum hennar.

Það kom til tals í nefndinni, hvort líklegra væri að fá framgang í deildinni frumv. eða tillaga um þetta efni, og var það álit nefndarinnar, að líklegt væri, að tillaga mundi mæta betri byr en frumv. til laga, því að vér sem sérstaklega höfum fengist við hin lægri kenslumál hér á þingi að undanförnu, höfum orðið þess varir, að hér ríkir æði-sterk íhaldsstefna í þeim málum, og að menn eru tregir á, að gjöra nokkuð verulegt til þess að hrinda þeim áfram, en reyna að komast af með hið minsta, sem þeir sjá sér fært. Af þessu leizt nefndinni óráðlegra að bera fram frumv. en tillögu; hún var hrædd um, að ýmsum þætti lög um þetta efni of bindandi; en leit svo á, að tillagan gjörði það gagn, að vera sem bending fyrir þá, sem barnakenslu ætla að takast á hendur hér eftir, um betri kjör og meira álit á þýðingu þeirra, og sem yfirlýsing frá þinginu um skoðun þess á þessari hlið kennaraspursmálsins, yfirlýsing um þær kröfur, sem það vildi, að gjörðar sé í nálægri framtíð til barnakennara. Ef það sýnast komin einhver dauðamök á tillöguna 1901, þá er alt af hægurinn á fyrir þingið, að endurlifga hana. Eg get annars ekki annað en furðað mig á því, hve mikil deyfð ríkir í þinginu viðvíkjandi alþýðufræðslumálunum, og einhvern tíma síðar meir hlýtur að því að reka, að menn undrist yfir því, að þessi deyfð sýnist allra rótgrónust hjá sjálfum alþýðuflokki þingsins, hjá þeim flokkinum, sem að einu leytinu hefði mátt búast við, að væri allra sjálfsagðastur að vilja berjast fyrir meiri alþýðufræðslu.

Vér verðum þó að játa það, að fyrsti stofninn undir mentun þjóðarinnar er alþýðufræðslan, og líka hitt, að það er næsta þýðingarmikið, hvernig sú fræðsla er veitt. Það er auðvitað, að eg gjöri ekki lítið úr heimiliskenslunni, heldur óska að hún fari æ meir og meir í vöxt; en yfir höfuð má alls eigi búast við, að hún geti orðið einhlít, því að öll reynsla mentaþjóðanna sýnir oss það, að nú á síðustu áratugum aukast þekkingarkröfur þær, sem verður að gjöra til hinnar uppvaxandi alþýðu, engu minna en þær kröfur, sem gjörðar eru til þeirra, sem leggja stund á hærri mentun. Það er yfir höfuð svo margt, miklu fleira en hér er hægt að fara út í, sem gerir það að verkum, að ef þjóð vor vill reyna að fljóta í kjölfar nágrannaþjóðanna, og eiga einhvern þátt í framfaralífi heimsins, þá er ekki sýnilegt, að hún muni geta komist af með þá fræðslu, sem heimilin ein geta alment veitt, heldur þurfi hún einnig á sérstökum kennurum að halda, og þeim auðvitað helzt sem allra beztum. Með þetta fyrir augum er tillaga nefndarinnar komin fram.

Björn Sigfússon: Eg skal ekki taka þátt í umræðum um formið á þessari tillögu, sem menn hafa verið að henda gaman að. Eg játa það, að nefndinni hefir sjálfsagt gengið gott eitt til að koma fram með hana, en eg er hræddur um, að þessum góða tilgangi hennar verði ekki náð með því, að veita öllum, sem taka próf í kennarafræðslu, einkarétt til barnakenslu eftir 1905. — Það eitt getur ekki orðið næg trygging fyrir góðum barnakennurum, að veita þeim sem á kennaraskóla hafa gengið forréttindi. Þvert á móti.

Eg er hræddur um, að ýmsir, sem hafa litla eða enga kennarahæfileika, mundu einmitt fara að ganga á kennaraskóla, ef þeir fyrir fram vita, að þeir eftir á verði einir um hituna, hvernig sem þeir reynast.

Margir kennarar, sem ekki hafa notið

kennarafræðslu, hafa hingað til reynst vel, en hvötin hjá þeim mundi fljótt falla burt, þegar þeir vissu, að þeir yrðu að lúta í lægra haldi.

Þessi skólasótt hér á landi er nú orðin ákaflega mikil og alþekt, sumpart af því að mönnum þykir fýsilegt að ná í þennan skólastimpil, og sumpart af því, að þeir vilja reyna að koma sér hjá líkamlegri vinnu. Þetta gæti leitt til þess, að óefnilegir menn söfnuðust um of að kennaraskólanum. — Hvort prófið mundi líka verða svo strangt, þegar til kæmi, að full trygging væri fengin fyrir góðum kennurum, efast eg um, og eg veit ekki til, að nokkur hafi fallið í gegn við Flensborgarskólann enn sem komið er. — (*Jón Þórarinsson*: Það kemur til af ókunnugleik háttv. þingm. Húnv. (B. S.); dæmin eru til þess, og það sami maðurinn oftar en einu sinni).

Eg get sem sagt viðurkent hinn góða tilgang í tillögunni, en eg er eins og eg tók fram áðan hræddur um, að honum verði ekki náð með þessu. — Eg álít ekki holt, að auka aðsókn að skólanum með því, að veita lærisveinunum þessi forréttindi; en þeir munu sjálfir ryðja sér til rúms, ef þeir reynast vel.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Ef þessi ástæða, sem h. þm. Húnv. (B. S.) kom fram með, ætti að gilda sem veruleg ástæða gegn tillögunni, þá verð eg að segja það, að ástæðurnar eru farnar að gjörast nokkuð óvandfundnar. — Hann vildi ekki láta þá menn, sem á kennaraskólann ganga, njóta neinna forréttinda; það mundi að eins verða til þess, að fylla hann af ónytjungum, og að menn mundu sækja hann til að koma sér undan líkamlegri vinnu. — Eg verð að segja það, að mér finst þessi mótbára h. þingm. Húnv. (B. S.) alveg ómöguleg.

Ef að það þyrfti að óttast það, að skólinn fyltist af ónytjungum með því, að veita nemendum hans einhver forréttindi, þá ætti eftir sömu reglu að afnema öll forréttindi við alla vora sérskóla, og menn ættu þá að segja: burt með prestaskólann, burt með læknaskólann, burt með stýrimannaskólann o. s. frv.

Háttv. þingm. A.-Skaftf. (Jón J.) gat þess, að honum væri að vísu kunnugt um, að góðir kennarar hefðu komið frá Flensborgarskólanum, en hann hefði líka heyrt, að lakir kennarar hefðu komið þaðan. Er þetta eina eða merkasta ástæðan fyrir háttv. þingm. til að vera móti tillögunni?

Er nú nokkurt vit í því, að áfellast stofnun fyrir það, og dæma hana óþarfa, af því að einhvern tíma hefði einhver slakur nemandi komið þaðan? Hvað mætti þá segja um prestaskólann okkar, eða læknaskólann, eða sjálfan háskólann?

Jens Pálsson: Eg vil taka undir með háttv. þingm. Gullbr.-K. (J. Þór.), að mig furðar á því, hvað þetta mál á erfitt uppdráttar hér á þinginu. Mig furðar á því, að háttv. deild skuli ganga svo seint að gjöra sér grein fyrir, að þar sem alt að 200 manns fást við alþýðukenslu hér, þá sé það nauðsynlegt, að tryggja sér það sem bezt, að þeir verði hæfir verkamenn.

Háttv. þingm. Húnv. (B. S.) óttaðist, að það gæti orðið hættulegt, að veita námsmönnum af kennaraskólanum nokkur forréttindi; en eg get ekki skilið þá hugsun. Eg álít einmitt hættuna meiri hinum megin. Þetta starf er enn ekki svo borgað, og verður líklega ekki fyrst í stað, að menn vilji verja bæði tíma og kostnaði til að undirbúa sig til þess, ef ekki fylgir því einhver hvöt. — Það er alveg óaðgengilegt fyrir efnilega unga menn og konur, að búa sig

undir þetta starf, ef þessi kennaraefni svo ekki á eftir mætti búast við því, að vera tekin fram yfir þá, er enga sérmentun hefðu fengið til kenslu. — Eg lít svo á, sem slík forréttindi ekki mundu verða til þess, að menn færu að leika sér að því, að taka kennarapróf, því launahvötin er hér svo sáralítil, en það sem mestu varðar í mínum augum, er að fá efnilegt fólk til að sinna þessu starfi.

Eg hefi litlu að bæta við þetta, því háttv. framsögum. (J. Þór.) hefir svo vel og röksamlega tekið fram þær ástæður, sem mæla fram með málinu; en eg skal að eins leyfa mér að bæta því við, að í öllum löndum er alþýðumentun talið þýðingarmikið atriði, og mikil áherzla lögð á það.

Skyldi það þá ekki vera augljóst, að það hlýtur einnig að vera mikilsvarðandi máleíni hér á landi?

ATKV.GR.: Tillagan var síðan, að viðhöfðu nafnakalli, feld með 10 atkv. móti 10, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Tryggvi Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Gagnfræðakensla m. m.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík. (C. 499); ein umr., 23. ágúst.

Valtýr Guðmundsson: Eins og háttv. deild er kunnugt, kom fyrst fram í efri deild frumv. sams konar og samþykt var hér 1897, þar sem samþykt var að minka kenslu í latínu og afnema grísku í lærða skólanum í Reykjavík. Þetta frumv. mætti þá nokkurri mótspyrnu, og ráðaneytið sá sér ekki fært að samþykkja það, sökum mótstöðu af hálfu kennaranna og stiftsyfirvaldanna.

Eg hefi nú kynt mér skjölin þessu viðvíkjandi, og er ekki að sjá, að mótstaðan hafi verið svo mikil hér heiman að.

Það var skipuð hér kennara-nefnd til þess að íhuga þetta mál, og voru í henni 3 af kennurum lærða skólans. Tveir af þeim voru mótfallnir þessari breytingu, enda voru þeir báðir klassiskir málfræðingar; en einn þeirra hafði það á móti henni, að tíminn var ákveðinn 3 ár, en hann vildi hafa hann 4 ár. En svo, þegar almennur kennarafundur var haldinn, þá aðhyltust 2 álit meiri hluta nefndarinnar, en einn álit minni hlutans, og einn tók sérstöðu í málinu. Atkvæðin voru þannig nokkuð jöfn. — Þegar svo kom til stiftsyfirvaldanna, þá vildu þau ekki samþykkja frumv., einkum af ótta fyrir því, að það mundi hindra aðgang stúdenta að háskólanum. Í Danmörku kom í vetur fram beiðni frá öllum skólastjórum við privatskólana um, að stofna 3. deildina við þá skóla.

Eins og menn vita, þá eru 2 deildir við þá skóla, náttúrufræðisdeild, og sögu- og máladeild.

Þessi 3. deild átti að verða til þess, að auka praktisku kensluna, en minka kenslu í latínu og afnema grísku. — Öllum foreldrum átti svo að vera frjálst, í hverja deildina þeir kæmu börnum sínum, og var það talið víst, að flestir eða allir foreldrar mundu koma börn-

um sínum í þessa 3. deild, svo hinar yrðu afnumdar af sjálfu sér.

En þó að öll stjórnin væri þessari beiðni meðmælt, þá þorði ráðgjafinn fyrir kenslu- og kirkjumálin þó ekki að leggja frumv. fyrir ríkisþingið í þá átt, einkum vegna þess, að klerkastéttin setti sig á móti því, sökum afnáms grískunnar, en ráðgjafinn var sjálfur biskup.

En hvað háskólanum viðvíkur, þá mundi ekkert því til fyrirstöðu, að stúdentar hefðu jafnt aðgang að honum eftir sem áður.

Að vísu liggur ekki fyrir nein yfirlýsing frá háskólaráðinu, en það stafar af því, að engin beiðni hefir komið um það frá kirkju- og kenslumálaráðaneytinu.

Það er enginn vafi á því, að það lætur uppi álit sitt, þegar beiðni kemur frá Kultusministeriinu. Og mér er kunnugt um, að meiri hluti háskólaráðsins er þessari breytingu meðmæltur, og hefi eg orð rektors sjálfs fyrir mér í því.

En meðan þessi breyting er ekki komin á í Danmörku, hefir háttv. efri deild ekki þótt rétt, að samþykkja frumv. í þá átt, heldur álitið heppilegra, að fara þenna veg, sem tekinn er fram í þingsályktunartillögunni, sem sé að leita álits háskólans gegn um kirkju- og kenslumálastjórnina í Kaupmannahöfn, og verði háskólinn ekki á móti breytingunni, að biðja stjórnina að leggja frumv. fyrir næsta þing um þetta efni. Vona eg að þetta beri góðan árangur, þar sem stiftsyfirvöldin hafa bæði verið í nefndinni í háttv. efri deild, sem komið hefir með þessa tillögu, og fallist á hana.

Eg fjölyrði svo ekki meira, en þykist vita, að háttv. deild muni vera sömu skoðunar og áður í þessu máli, og samþykki tillöguna.

ATKV.GR.: 1. liður tillögunnar samþyktur í einu hljóði.

2. liður tillögunnar samþyktur með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Tillagan þar með samþykt og afgreidd til landshöfðingja sem þingsályktun *frá báðum deildum alþingis.*

Nefndarskipan um landbúnaðarmál.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um landbúnaðarmálið (C. 20 og 35); ein umr., 7. júlí.

Flutningsmaður (*Pétur Jónsson*): Eg vona, að eg þurfi ekki að tala mikið fyrir tillögu þessari. Eins og kunnugt er, liggja hér fyrir þinginu svo margar tillögur um landbúnaðarmálið frá þingmálafundunum, að það virðist full ástæða til þess, að skipa sérstaka nefnd til þess, að íhuga tillögur þessar og landbúnaðarmálið í heild sinni.

Það má búast við, að nefnd þessi verði sumpart fjárlaganefndinni til aðstoðar, og sumpart má og gjöra ráð fyrir, að hún muni hafa til meðferðar sérstakar tillögur í lagaformi.

Eins og eg drap á, þá liggja þegar fyrir þinginu ýmsar tillögur í máli þessu frá þingmálafundum í vor; en auk þess mun í vændum, að enn fleiri tillögur í því muni koma inn á þingið. Eg gjöri t. d. ráð fyrir, að fram muni koma tillaga um nýtt fyrirkomulag á búnaðarkenslunni, og enn önnur tillaga um gróðrartilraunir í landinu; að minsta kosti hefir það mál verið á dagskrá í blöðunum.

En það, sem einkum mun vera eftirvænt af þinginu, er það, að það leitist

við að gjöra einhverjar hagkvæmar ráðstafanir viðvíkjandi verzluninni, að því er landbúnaðinn snertir.

Það getur vel verið, að þingið geti ekki bent þar á mörg góð ráð, því að líklega er ekki auðvelt að ráða skjótar bætur á þessu. En eitthvert spor kann það þó að geta stigið í áttina.

Það hefir t. d. komið fram í blöðunum ósk um það, að landsmenn ættu verzlunarerendreka í útlöndum, er reyndi að greiða fyrir verzlun vorri þar. — Menn hafa hugsað sér, að það hlyti að mega koma á markaði fyrir sauðfé vort víðar en á Englandi, ef fyrir því væri beizt; sumum hefir þótt ólíklegt, að ekki væri hægt að selja fé all-arðvænlega í Belgíu og jafnvel á Frakklandi. Eg ætla ekki að dæma neitt um þetta, en býst þó við, að tillagan um verzlunarerindrekann muni meðal annars koma til íhugunar á þessu þingi.

Enn er eitt mál, sem líklegt er að verði tekið þar til meðferðar, mál, sem eg hefi sérstaklega vakið máls á í blöðunum; það er að gjöra oss mjólkina að verzlunarvöru.

Reyndar er þetta ekki beinlínis nýmæli; en eg þykist hafa leitt rök að því, að landbúnað vorn muni muna einna mest um það, ef mjólkin yrði gjörð að nokkurn veginn arðberandi verzlunarvöru.

Eg þykist líka hafa bent á, hverja þýðing sú breyting mundi hafa fyrir verulegar umbætur á landbúnaðinum. En eigi dylst mér það, að þess muni vart að vænta, að mjólkin geti orðið verzlunarvara, nema því að eins, að meiri þekking á meðferð hennar breiðist út, og að fólk fáist til að vanda sem bezt meðferðina, og geti eignast nauðsynleg áhöld til þess, að gjöra sér hana vel úr garði.

Alt þetta, ásamt svo mörgu öðru, þarf að koma til íhugunar í nefndinni.

Eg hefi að eins lauslega bent á fáein atriði, sem eg gjöri ráð fyrir, að hin fyrirhugaða nefnd muni taka til meðferðar.

Verkefni hennar er nóg og meira en það, og eg vona, að nefndarkosningin muni engri mótspyrnu sæta; hitt tel eg minstu skifta, hvort 5 menn eða 7 eru kosnir í nefndina, þótt eg í sjálfu sér álíti 5 manna nefnd nógu fjölskipaða.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal leyfa mér að taka hér í sama strenginn og h. þm. A.-Sk. (J. J.) í öðru máli. Það er í sjálfu sér dálítið varhugavert, að vera að skipa almennar nefndir í önnur eins stórmál og þetta er. — Eg hygg það miklu hyggilegra, að þeir menn, sem þykjast hafa öðrum fremur þekkingu á þeim málum, sem um er að ræða, að þeir reyni að koma fram með þau í frumv.formi. Það er hætt við, að þessar almennu nefndir verði til að dreifa áhuganum og spilla fyrir framkvæmdunum. Eg skal taka til um landbúnaðarnefndina; hún hefir nú svo stórt verkefni fyrir höndum, að hún getur varla vitað, hvar hún á helzt að byrja; hún byrjar því einhversstaðar mjög af handahófi, og ekki ólíklegt, að eins fari og á þinginu 1897, að hún komist ekki á enda með störf sín. — Þessi orð mín miða þó eigi svo mjög að því, að mæla hér á móti nefndarkosningu; fremur að hinu, að benda á, hvernig hér horfir máli við.

Eg gat þess, að nú eru komin fram hér á þingi nokkur stórmál, sem snerta landbúnaðinn, t. d. málið um afnám framtals lausafjár til tíundar og breyting á gjöldum þeim, er bundin eru við lausafjártíund, um toll á smjörlíki og um klæðaverksmiðju.

Ef nefnd þessi hefði verið skipuð þegar í þingbyrjun, og hægt hefði ver-

ið að vísa öllum þessum málum til hennar, þá hefði það ef til vill getað orðið tíma-sparnaður; en, eins og nú horfir öllu við, efast eg um, að svo geti orðið.

Flutningsmaður (*Pétur Jónsson*): Eg er ekki á sama máli og háttv. þingm. V.-Skaftf. (Guðl. G.) um, að vanséð sé gagnið af því, að skipa nefnd þessa.— Þar sem svo margar tillögur liggja fyrir um landbúnaðinn sem hér, þá sýnist mér hér um bil sjálfsagt, að kjósa nefnd manna, til þess að taka þær allar til yfirvegunar og færa þær saman í heild, að því leyti sem unt er, og eg sé eigi betur en að til þessarar nefndar megi einnig vísa þeim sérstöku frumv., sem fram kunna að koma snertandi landbúnaðinn.

Það er satt, að þegar er búið að kjósa full-margar nefndir hér í deildinni, einkum þegar litið er til þess, að enn mun verða að bæta nokkrum nefndum við. En mér sýnist þessi verkaskifting milli nefnda eiga að geta reynst vel og hafa reynst fremur vel, það sem af er. Allra sízt finst mér landbúnaðarmálin mega sitja á hakanum hér á þingi, því þar er sá flokkur mála, sem mér finst þingið eiga flestu fremur að leggja alúð við.

Björn Sigfússon: Eg get að mestu leyti fallið frá orðinu, eftir að háttv. meðflutningsm. minn (P. J.) hefir talað. Að eins til viðbótar því vil eg taka það skarpt fram, að við flutningsmenn höfum sérstaklega hugsað oss nefnd kosna í þeim tilgangi, að sameina sem flestar af tillögunum um landbúnaðinn, sem komið hafa fram í þingmálafundargjörðunum og öðrum skjölum til þingsins, og koma þeim í form og samræmi. Það er víst, að sumir þeir, sem haft hafa í huga að koma með sérstök frv. áhrærandi vissar greinar landbúnaðarins, hafa frestað því, og beðið eftir nefndarkosningunni.

Eg játa það, að nefndinni er ætlað mikið starf og vandasamt; en mér hefir ekki dottið í hug, að hún mundi geta annað því, að fást við alt landbúnaðarmálið í heild sinni, heldur að eins þau sérstöku atriði þess, sem brýnust væri þörfin á að reyna að ráða skjótar bætur á.

Reyndar held eg, að ekki standi á mjög miklu, hvort heldur að 5 eða 7 menn eru kosnir í nefndina; en af því að nú er þegar búið að hrúga allmiklum nefndarstörfum á háttv. deild, þá er þó máske ráðlegast, að eyða ekki fleiri en 5 mönnum í nefnd þessa.

ATKV.GR.: Breyt.till. 35 samþykt með 14 atkv.

Nefndarkosning samþ. í einu hlj.

Kosnir voru:

Pétur Jónsson	með 23	atkv.
Ólafur Briem	— 20	—
Þorlákur Guðmundsson	— 20	—
Guðjón Guðlaugsson	— 18	—
Einar Jónsson	— 15	—
Benedikt Sveinsson	— 13	—
Björn Sigfússon	— 13	—

Styrkveiting til búnaðarfélaga.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfélaga (C. 97, 150); fyrri umr., 26. júlí.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg skal ekki halda langar umr. um þetta mál, en að eins leyfa mér að geta þess, að búnaðarnefndin ætlaðist ekki til þess, að gerðar séu neinar gagngerðar breytingar að sinni á þessum reglum, heldur færa þær til meira samræmis til bráðabirgða, þangað til búnaðarfélag landsins væri komið á fastan fót.

Eg skal þá minnast á breyt.till. þá, sem komið hefir frá h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) við till. nefndarinnar, og vil eg geta þess, þó mér sé það ekkert kappsmál, að eg hlýt að verða á móti henni. Búnaðarnefndin var búin að ræða þetta og komast að þeirri niðurstöðu, að 12 □ í dagsláttu væri sízt of hátt í samræmi við önnur ákvæðisverk í reglunum. Viðvíkjandi hinni síðari breyt.till. á sama þgskj. skal eg taka það fram, að nefndin var búin að íhuga þetta atriði, en vildi í þessu efni láta sitja við gömlu reglurnar, og áleit, að réttast væri að miða við það, að grjót er ekki fyrir hendinni, heldur þyrfti, eins og oftast er, að flytja það að, og þótti því of mikið að leggja 4 faðma í dagsverk. Grjótgarðar eru að jafnaði miklu kostnaðarmeiri en torfgarðar, og langtum ósvikulli jarðabót, því grjótið er eilíf eign. Eg veit að það má kannske fá faðminn ódýrari en hér er gert ráð fyrir, þar sem hraun er eða grjót alveg við hendina; en það er ekki sérlega víða.

Sighvatur Árnason: Eftir þeim reglum, er nú gilda, þá er túna-sléttun á 10 □ föðmum lögð í dagsverk, en h. nefnd vill breyta þessu í 12 □ faðma. Eg skal játa, að ekkert er þessu til fyrirstöðu, þar sem hvorki er mjög grýtt né mýrlendur jarðvegur, og að 12 □ faðmar sé þar alls ekki of mikið; en sé jörðin aftur á móti grýtt eða mýrlend, verður verkið ervitt og þreytandi, og þá vil eg ekki fremur, ef ekki síður, slétta þar 8 □ faðma en 12 □ faðma í góðri jörð, og því kom eg með breyt.till. þá, er hér liggur fyrir, til þess að fá meðalveg í þessu efni. Eg þykist þekkja til túnasléttana á borð við marga aðra, því eg hefi átt við þær fram undir þennan dag, svo að eg þekki mismuninn á góðri og vondri jörð til sléttunar, og álít eg því rétt, að láta 10 faðma ákvæðið standa óbreytt, til þess að fá sem bezt jafnvægi milli manna, þar sem svo stendur á, að einn á við grýtta jörð, en annar við góða jörð til sléttunar.

Í 2. lagi hefi eg komið með þá breyt.till, að 4 faðmar komi í stað 3 faðma í einhlöðnum grjótgarði. Einfaldur grjótgarður er ekki mikils virði, sé hann ekki hlaðinn úr stóru grjóti, heldur hreint og beint hrófatildur, og aðalkosturinn við hann er það, að búið er að draga saman hálft efni í tvíhlaðinn garð. Það er rétt, sem háttv. framsm. (P. J.) sagði, að grjótgarðar eru venjulega ekki bygðir, nema grjótið sé við hendina, og þá eru 4 faðmar sannarlega alls ekki of mikið dagsverk; en þurfi að draga grjótið að, þá skal eg játa, að 3 faðmar er nægilega mikið, í samanburði við annað, sem lagt er í dagsverk.

Að endingu skal eg minnast á áveituskurði; þó eg hafi ekki gjört breyt.till. við þá, þá álít eg að regla sú, að einstunginn skurður sé 1 fet á dýpt og breidd, 400 teningsfet á lengd, sé ekki röng út af fyrir sig; en þar á móti verður þrístunginn skurður, 3 feta djúpur, sem sé 200 teningsfet, margfalt erfiðara verk, og ekki rétt hlutfall, því það er töluvert meira en helmingi verra verk við hvert teningsfet í þrístungnum skurði en einstungnum, og því mun verra, sem hann er dýpri, eða er grafinn í mýrlendi, þar sem vatn sækir að, því þá er gröfturinn mjög örðugt verk. Einstunginn skurður er því varla, þegar svo stendur á eða þar á móti, ekki of talinn 500 teningsfet. Eg kem þó með breyt.till. við þetta, en vil að eins benda á það, ef h. nefnd vildi taka það til yfirvegunar.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg er hræddur um, að það sé dálítill misskilningur hjá h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) með áveituskurðina, og að hann hafi ekki gætt að teningsfetatölunni í hvorri tegund skurðanna fyrir sig. Það er ósannað, að það sé helmingi meira verk, að lyfta teningsfetinu úr þrístungnum en einstungnum skurði; nefndin mun þó gjarna taka tillit til þessara bendinga. Eg held, að h. þm. hafi ekki heldur gætt þess, að hér er yfirleitt freklega lagt í dagsverkið, og þótti nefndinni það rétt, að setja ákvæðið heldur hátt, því þetta er hvort sem er skoðað eins og ákvæðisverk, og er eg sannfærður um, að það heldur brýnir menn til, að inna meira verk af hendi, að gjöra kröfurnar nokkuð háar, en verður til að draga úr vinnu, að ákveða dagsverkið of lágt. Og viðvíkjandi því, að 12 □ faðma sléttun sé of hátt dagsverk að meðaltali, þá er eg algjörlega mótfallinn því. Að vísu verður sumstaðar, þar sem grýtt og óþýð jörð er, eigi sléttað svo mikið; en aftur á móti má sumstaðar slétta 20 □ faðma á dag. Dagsverkið í grjótgörðum er einnig sennilegt, þótt út af geti borið, eftir því sem hagar til á hverjum stað, enda geta allar jarðabætur verið ákaflega mismunandi örðugar, nema ef til vill skurðir og flóðgarðar.

Sighvatur Arnason: Eg skal geta þess, út af orðum h. framsm. (P. J.), að það var alls ekki meining mín, að draga dagsverkin niður, heldur að hlutfallið milli hinna einstöku dagsverka verði sem réttast og sanngjarnast, og að sjálfsagt sé, að gjöra þetta svo nákvæmt, sem auðið er, úr því verið er að fást við það á annað borð.

Guðjón Guðlaugsson: Það gengur yfir mig, að jafn-gamall og reyndur búmaður og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) er, hefir þá reynslu af vinnumönnum sínum, að þeir geti ekki sléttað í góðu túni nema 10—12 □ faðma á dag, því að slétta 10—12 □ faðma í grjótlausu og góðu túni verð eg að álíta ómagaverk, sem ekki sé gefandi nema matur fyrir. Það er engin vorkunn, þar sem ekki er um hreinasta óðáðahraun að ræða, að rista ofan af 50—60 □ föðmum á dag; þótt flag sé pælt með skóflum — sem eg verð reyndar að álíta mjög óheppilegt — þá tekur það ekki nema rúman dag, og loks er ekki verið lengur en liðlega hálfan dag að þekja þessa 60 □ faðma. Með þessu móti má slétta 60 □ faðma á 3 dögum eða 20 □ faðma á dag. En þar er aðgætandi, að þar með tel eg ekki að bera áburðinn undir þökurnar; því eg álít rangt að telja það með jarðabótum, heldur jarðrækt, eins og þegar borið er á tún; það er að eins betri máti til fjótrar ræktunar, að bera undir þökur, en að bera alt ofan á; en jarðabót er það ekki. Eg hefi reynt, að mögulegt er í grjótlausri jörðu og fremur smáu þýfi að rista ofan af 100 □ föðmum á dag; svo er og hægt að plægja og herfa 300 □ faðma á dag, og þekja 120—150 □ faðma, og gjörir þetta miklu meira dagsverk en hér er farið fram á í þessum ákvæðum.

Eg álít það mjög óheppilegt, að of lítið sé ætlað í dagsverkið; því það má búast við, að af þeirri aðferð leiði sá hugsunarháttur hjá mörgum verkamanni, að nægilegt sé, ef þetta ákveðna dagsverk næst, þótt kringumstæður séu svo góðar, að miklu meira megi gjöra.

Vitanlega er líklegt, að ef of mikið verk er ætlast til að gjört sé yfir daginn, að þá verði verkið ekki eins vel af hendi leyst; en að því er þetta dagsverk snertir, er langt frá því, að það sé of hátt, nema í einstökum til-

fellum, og þegar svo er, verður að líta á það við verkamanninn og sýna honum ekki ósanngirni, en í tilliti til styrksins verður að setja eitthvað fast, og þá að reyna að þræða meðalveginn. Þar sem farið er fram á að færa dagsverkið á einhlöðnum grjótgarði úr 3 föðmum upp í 4 faðma, þá játa eg, að það er oftast ekki of mikið dagsverk; en einmitt af því, að svo lítið er lagt í dagsverk af öðrum jarðabótum, er ekki ástæða til þess að færa þetta dagsverk upp, til þess að hlutföllin raskist ekki, sem er aðalatriðið. Grjótgarðar, hvort heldur einhlaðnir eða tvíhlaðnir, eru einhver hin dýrmætasta jarðabót, sem ætti að hlynna að öllum jarðabótum fremur, því þeir eru sú eina jarðabót, sem aldrei getur eyðilagst með öllu, þótt garðurinn hrynji, þá er efnið ávalt óskemt við hendina, og það er fyrir mestu. Grjótgarðar eru ævarandi jarðabót, sem ekki verður sagt um neina aðra, að minsta kosti ekki um opna skurði né torfgarða, og sama vill verða með þúfnasléttur, séu þær ekki því betur hirtar og varðar, bæði fyrir ágangi og vatni. Eg skil ekki þá ástæðu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) fyrir því, að meira megi leggja í dagsverk en gjört hefir verið af einhlöðnum grjótgarði, af því að þeir séu ekki hlaðnir nema þar, sem grjót er við hendina. Eg álít þetta gagnstætt því eðlilega, því eina ástæðan fyrir því, að nokkur einhlaðinn grjótgarður er hlaðinn, er eflaust sú, að spara efnið einmitt þar, sem erfitt er að ná því, en þar sem það er við hendina, er hreint engin ástæða til þess að hafa einhlaðinn garð. Reyndar er reynsla fyrir því, að einhlaðnir grjótgarðar verja betur fyrir fénaði en jafnháir tvíhlaðnir grjótgarðar, af því að fénaður á verra með að fóta sig á þeim; en vegna þess, að þeir skýla lakar, og þurfa tíðari endurbóta, munu þeir ávalt vera taldir síðri hinum tvíhlöðnu.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. A.) vildi ekki kannast við, að það væri misskilningur með áveituskurðina; en eg held það þó, að meta beri tekningsfetið meira en helmingi meira í þrístungnum skurði en einstungnum; en þó hlutfallið kunni að vera ekki alveg jafnt, þá gat nefndin ekki verið að hnitmiða það svo niður, að láta það ekki standa á heilum hundruðum.

Mér var kappsmál um, að reglunum um skurðina væri breytt, því áður var í dagsverki 400 fet af einstungnum, en 300 fet af þrístungum skurði; en það var óhæfilega hátt, því eg hefi beinlínis reynt það sjálfur, og vil miklu heldur slétta 20 □ faðma.

Annars er þetta ekki stórt mál, og eg vona, að h. deild samþykki það, því að það miðar að því, að gera rétt hluttall milli hinna einstöku dagsverka, og þar sem hækkað er á einstökum stöðum, vona eg að menn sjái, að það hafi ekki óheppilegar afleiðingar.

ATKVGR.: A. 1—3 samþ. með 19 samhlj. atkv.

1. breyt.till. á þgskj. 150 við B. feld með 11 : 6 atkv.

2. breyt till. á þgskj. 150 við B. feld með 14 : 5 atkv.

B. óbreytt sþ. með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til síðari umr. með 19 samhlj. atkv.

Síðari umr., 28. júlí (C. 97, 271).

ATKV.GR.: Breyt.till. (271) sþ. án atkv.gr.

Till. samþ. með 17 atkv. og afgreidd til Ed.

Smjörlíkisverksmiðja.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um smjörlíkisverksmiðju (C. 83); ein umr., 24. júlí.

Framsögumaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Nefndin í landbúnaðarmálinu hefir hefir haft smjörverkunarmálið sérstaklega til íhugunar, og komist að þeirri niðurstöðu, að hið fyrsta, sem þyrfti að gera í því efni, væri að koma upp smjörgjörðarkenslu við búnaðarskólana, eða á öðrum stöðum, þar sem það yrði álitið hentugast, og að lán yrði veitt til þess að koma upp smjörgjörðarbúum, þar sem tiltækilegast þætti og nautpeningsrækt væri mest. Ef þetta fengist, sem nefndin vonar, yrði það spor í áttina til hagsmuna fyrir landbúnaðinn, og til þess að gjöra smjör að verzlunarvöru. En nefndin sá einnig í anda, að þó þetta kæmist á, þá gæti það ekki orðið einhlítt, eftir því, sem staðháttum hagar hér á landi; hér er margur bóndinn smár, og strjálbygt, svo örðugt er að ná saman, og það er ljóst, að smábændum er of dýrt að kaupa þau smjörverkunaráhöld, sem útheimtast til þess að gjöra smjörið að góðri verzlunarvöru. Nefndinni hefir því hugkvæmst, að bæta úr þessu, og kemur því með þessa uppástungu, að rannsakað sé, hvort smjörlíkisverksmiðja muni ekki geta þrifist hér á landi, því að enginn hér mun geta dæmt um það. Nefndin hélt, að það mundi til mikilla hagsmuna fyrir smærri bændur, svo þeir geti flutt á einn stað það sem þeir hafa aflögum af tólg og ýmsu rýrara feitmeti, sem svo yrði gjört að verzlunarvöru með konst og kunnáttu, en ætti að fylla upp í skarðið fyrir það smjör, sem flyttist út úr landinu, og yrði sú smjörvara, er sjávarmenn keyptu, en yrði til að fyrirbyggja mikinn innflutning á margarine. Eg vona, að h. þingd. verði málinu hlynt, og að það fái framgang. Auðvitað mundi rannsókn sú, sem hér er farið fram á, kosta nokkrar fjárframlögur, en það fé verður að borga úr landssjóði.

Sighvatur Arnason: Eg ætla mér ekki fyrir mitt leyti að lasta þessa till. í sjálfu sér, en mér finst hún ótímabær, sökum þess, að hér liggur fyrir þinginu frumv. um aðflutningstoll á margarine, sem maður veit ekki, hvort verður í þetta sinn að lögum; því verði það ekki að lögum, þá finst mér ekki kominn tími til að stofna smjörlíkisverksmiðju hér á landi, því eg get ekki skilið í því, að hún geti kept við útlent margarine án verndartolls. Get eg því ekki verið með till., og vil að málið bíði til næsta þings, svo menn sjái, hverju fram vindur með smjörlíkistollinn.

Þórður Thoroddsen: Eg skal játa, að nú er eg hættur að skilja landbúnaðarnefndina. Nýlega kemur hún með frv. um aðflutningstoll á smjörlíki, af þeirri ástæðu, að hún segir nóg smjör í landinu, vill hefta aðflutning á smjörlíki og neyða menn til að kaupa íslenzkt smjör; telur hún líka, að tollurinn muni auka smjörframleiðsluna í landinu. Landbændur eiga að fá markað hjá sjávarbændum fyrir innlenda smjörið. En í sömu andránni kemur nefndin með till. um, að stofnuð sé smjörlíkisverksmiðja hér í landinu. Eg sé ekki, hvernig á að samrýma þetta: að fá markað fyrir íslenzkt smjör í landinu sjálfu með því að loka smjörlíkismarkaðinum fyrir sjávarbændum, og um leið að stofna smjörlíkisverksmiðju, sem á að selja smjörlíki sitt innanlands. Þetta hlýtur því að stríða hvort á móti öðru.

Af því að eg vil landbændum og landb.-

nefndinni vel, þá get eg ekki verið með þessari till., og þar að auki finst mér það dálítið óviðkunnanlegt, að fara að biðja stjórnina að fara að vasast í þessu, og ættum vér helzt að halda þessu máli lausu við stjórnina. Annað mál væri það, ef landið sjálft ætti að koma smjörlíkisverksmiðjunni á fót; þá væri ekkert að því, að skjóta þessu til stjórnarinnar; en það mun þó ekki meining nefndarinnar, að láta landssjóð spekúlera í smjörlíkisgjörð.

Eg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vill ekki taka till. aftur; því mér þykir hún bæði óviðkunnanleg og fara í þverötuga átt við þá stefnu, sem kemur fram í smjörlíkistollsfrv.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði um till., að hún væri ótímabær; en svo má um margt segja, sem ekki er komið á fót. Eg hugði aldrei að mótbára gegn till. þessari kæmi frá landbændunum; eg skil fremur í því frá sjónarmiði sjávarmanna, og þó ekki. Eg get ekki skilið í því, að till. komi í bága við frumv. um toll á margarine, enda munu þeir menn, sem vilja ekki að það gangi fram, geta huggað sig við það, að það muni ekki komast í gegnum þingið, því það mun falla í Ed., eins og 1897. Þeir, sem virða till. nokkurs, hefðu þá kannske haft ástæðu til að geta sagt, að hún hefði átt að bíða þangað til með að koma upp margarinefabríku hér, að búið væri að tolla margarine. Eg skil þó ekki, að sjávarmönnmundi þykja neitt lakara að borða íslenzkt tilberasmjör, en þó það kæmi frá útlöndum. Eg hygg, að hinar mörgu sögur um tilberana hér séu spádómar um það, að margarine-verksmiðja muni rísa upp hér á landi, og sé eg ekki, að hún yrði til óhagnaðar fyrir sjávarmenn. Það er sagt, að sumt íslenzkt smjör sé ekki gott; en ef margarinefabrikan kæmi upp, mundu menn ekki þurfa að kaupa miður vel verkað smjör, og geti það orðið til þess, að verkun á því batnaði. Má gjöra ráð fyrir, að verksmiðjan keypti bæði smjör og tólg til margarine-gjörðar, en þá mundi hún ekki vilja kaupa nema bærilega vöru. Þar sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að margarine-verksmiðja mundi ekki geta kept við útlendar verksmiðjur, þá þykir mér slíkt ótrúlegt í landi, þar sem mest er lifað á landbúnaði og framleiðslan á fituefnum er mikil í landinu, og svo yrði flutningskostnaður minni en á margarine, sem flutt væri frá útlöndum.

Eg held margt hafi verið gleggra í höfði h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) en það, sem hann sagði í þessu máli, að svo miklu leyti, sem eg heyrði ræðu hans, því mér skildist svo, sem hann héldi því fram, að stofnun þessarar margarineverksmiðju væri til þess, að vér fengjum margarine með vægara verði hér í landinu, þegar tollurinn væri kominn á margarine; en mér fanst hann flétta svo saman smjörtollum og verksmiðjuhugsunum, að sjálfum honum mundi verða erfitt að rekja það reipi upp. Það er annars undarleg móða, sem sækir á augu sumra, annars skarpskygnra manna, að þeir sjá ljón og birni á vegi, þegar um það er að ræða, að koma hér á fót verksmiðjuiðnaði.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: Það er fyrir mér, eins h. 2. þm. G.-K. (Þ. Th.), að það er öldungis óljóst fyrir mér, hvernig nefndin hefir hugsað sér, að smjörgjörð mundi batna, ef hér kæmi upp smjörlíkisverksmiðja í landinu, og játa eg, að eg skil ekki ástæður h. framsm. (Þorl. G.). Fyrir mér standa þessar tvær tillögur hvor á móti annari. Ef bæta á smjörgerð í landinu, þá er fyrst

að taka burtu það, sem aðallega hefir staðið smjörinu fyrir þrifum, og það er ekki sízt það, hvað þeir, sem keypt hafa, hafa gjört lítinn mun á góðu og slæmu smjöri, en eg skal nú ekki fara um þetta mörgum orðum. En mér finst, ef margarine er tollað, þá sé það ívilnun fyrir vonda smjörið, þar sem þá ætti að vera hægra að selja það, og það sé því gagnstætt tilgangi sínum, ef hann er sá, að bæta smjörgerð í landinu, og í alveg sömu átt gengur þessi tillaga um að koma á fót innlendri smjörlíkisverksmiðju, að hin spillir fyrir bættri smjörgerð. Mér finst hún hafa sömu annmarka og hin, og þar að auki aðra stóra og athugaverða. Að fyrir nefndinni vaki aukin innlend smjörgerð, það get eg vel skilið út af fyrir sig, en í sambandi við tollafrumv., þá skil eg ekki, að innlend smjörlíkisgerð gefi tilefni til að vanda smjörið.

Mér skildist á h. framsm. (Þorl. G.), að þetta yrði til að efla landbúnaðinn, hafi eg heyrt rétt, og að ýmsar afurðir hækkuðu í verði. Mér finst hann blanda hér saman, líkt og á dögunum, þegar talað var um tóvinnuvélar. Þá var blandað saman landbúnaði og iðnaði, og talið, að ullariðnaður yrði til að styrkja landbúnaðinn. En þetta er ekki rétt; þeir, sem ekki framleiða efni þau, er margarine er búið til úr, mundu ekki hafa neitt upp úr verksmiðjunni, heldur að eins verksmiðjueigendurnir einir. Ekki er heldur að tala um, að samkepni geti átt sér stað við önnur lönd. Þá er þetta fyrirkomulag, sem ávalt er að fara meira og meira í vöxt, en sem eg ekki get alls kostar felt mig við, og það er að vera ávalt að skora á stjórnina, að rannsaka og undirbúa alla skapaða hluti, sem við höfum ekki sjálfir vit á; ekki af því, að það í sjálfu sér geti ekki verið rétt; en alt getur gengið of langt, og við megum ekki vera að skora á stjórnina að undirbúa það, sem litlar eða engar líkur eru til að geti komið til framkvæmda. Það getur farið svo langt, að það verði hreinasta fjarstæða. Ef við t. d. skoruðum á stjórnina, að rannsaka, hvort ekki mætti framleiða hér kaffi og sykur, jú, það mætti kannske með nógu mörgum miljónum og rafmagni. Nei, alt má yfirdrífa.

Eg efast um, að flutningsm. sé ljóst, hve mikið fé þarf til að koma á fót fullkominni smjörlíkisverksmiðju, og eg hefi fyrir satt, að sú stofnun sé afardýr. — Samkv. þeim athugas., sem eg hefi nú gert, verð eg að svo stöddu að vera mótfallinn tillögunni.

Tryggvi Gunnarsson: Eg þarf ekki að bera hönd fyrir höfuð landbúnaðarnefndinni, því eg er ekki í henni, en mér finst auðskilið, hvað meint er með þessum tveim tillögum, og get vel samrýmt þær. Eg hefi í öðru máli spurt, hvernig stæði á því, að landið komst af með viðbit áður en smjörlíkið fluttist til landsins. Svarið til þess er, að það kom af því, að þá notuðu menn tólg og önnur fituefni til viðbits, sem menn eru nú orðnir of fínir til að leggja sér til munns, og kaupa því heldur margarine. Að því leyti er það því rétt, að koma á fót verksmiðju í landinu sjálfu, til þess að búa til viðunandi viðbit úr því fituefni, sem hér er til í landinu sjálfu. Þegar verið er að tala um að bæta smjörgerð, þá hlýtur meiningin að vera sú, að koma á útflutningi á smjöri til annara landa; en afleiðingin af því verður sú, að þá verður enn meiri skortur á smjöri, svo innflutningur af margarine hlýtur stórum að aukast, ef ekki er í landinu sjálfu verksmiðja til að birgja landið með það smjör og margarine, sem þörfin útheimtir. En þó eg segi þetta, þá er ekki þar með sagt, að eg sé samþykkur

þessari tillögu, sem hér liggur fyrir, því eg er samþykkur háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.), að ekki sé rétt að vera alt af að skora á stjórnina að rannsaka alla hluti. Vér eigum sjálfir að rannsaka alt það, sem er við okkar hæfi, og við eigum fult svo hægt með að gera eins og stjórnin.

Eg álít að það hefði verið miklu nær, að biðja hið unga og volduga Búnaðarfélag Íslands að rannsaka þetta heldur en ókunnuga, útlenda stjórn. Eg hefi haft áhuga á þessu máli, en mér hefir ekki dottið í hug, að snúa mér til stjórnarinnar í því, heldur leitaði upplýsinga hjá manni, sem stendur fyrir margarineverksmiðja norðarlega í Noregi; eg áleit, að þar væri ástandið líkt okkar. Eg hefi staðið í bréfaskiftum við hann síðan í fyrra sumar og get sýnt heilan bunka af bréfum frá honum, ef þess væri óskað.

Sem sagt, mér þykir réttara og heppilegra, að okkar eigin menn fáist við slíkar rannsóknir, en að snúa sér í þessu efni til stjórnarinnar, sem hlýtur að vera mjög illa að sér í tilbúningi margarines.

Pétur Jónsson: Mér er ekki kappsmál, að þessi tillaga verði samþykt; en mér er kappsmál, að svo verði álitið, sem landbúnaðarnefndin væri með heilbrigðri skynsemi, en það heyrist mér sumir vilja efa. Eg held líka að það væri til æði-mikils mælst af einum manni, að koma þeim háttv. þm. 2. þm. Eyf. (J. J.) og 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) í réttan skilning á þessu máli, þó báðir séu gáfumenn.

Eg held, að það sé ekki neinn misskilningur né ósamkvæmni hjá nefndinni, að vilja tolla útlent smjör, og jafnframt koma á margarine í landinu sjálfu. Mér sýnist það einmitt miða í sömu áttina, en ekki koma í neinn bága. Það væri auðvitað fávizka, að setja á stofn margarineverksmiðju til þess að keppa við innlent smjör. En mér hefir ekki dulist það, að hér er um verndartoll að ræða, toll, sem getur verndað bæði smjörframleiðslu og margarineframleiðslu í landinu. Þetta er full samkvæmni.

En eg játa, að eg er samdóma háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) um eitt: eg geri mér ekki stórar vonir um að hér verði framleitt smjörlíki, og einmitt af sviputum ástæðum og hann; en að ekki megi skora á stjórnina að gera rannsóknir því viðvíkjandi, get eg ekki vel skilið; eg hygg miklu fremur, að landsstjórnir séu skyldar til að rannsaka og undirbúa sérhvað það, er verða mætti til gagns og heilla.

Jens Pálsson: Eg er samdóma háttv. 1. þingm. Rangv. (S. Á.) um, að þessi tillaga sé of snemma fram komin, meðan ekki er útséð um, hvernig fer með aðflutningstoll á smjörlíkinu. Því þótt þeir háttv. nefndarmenn, sem talað hafa, ekki vilji játa, að hér sé um neina mótsögn að ræða, þá hefir þeim eigi hepnast að sýna fram á, að samræmi sé á milli þessarar tillögu og frumv. um innflutningstoll á smjörlíki, enda er auðsætt og ómótmælanlegt, að nái aðflutningstollurinn fram að ganga, þá er þessi tillaga allsendis óþörf.

Hinn fyrirhugaði tollur á smjörlíki er hreinn og beinn verndartollur. Áhrif hans hljóta því að verða sams konar og allra verndartolla, á hverjum iðnaði sem vera skal. Og áhrif verndartollanna verða aðallega þau, að auðga þá, sem iðnaðinn reka, á kostnað þeirra, sem iðnaðinn kaupa. 15 aura aðflutningsgjald af smjörlíki mundi leiða það af sér, að hin innlenda smjörlíkisverksmiðja gæti selt sitt smjörlíki alt

að 15 aurum dýrara en aðflutt smjörlíki jafngott gæti selst, og eru það svo mikil hlunnindi, að þau mundu vekja spekulationsandann, og verða peningamönnum langsamlega nógu sterk hvöt til að reisa á stofn innlenda margarineverksmiðju. Tollurinn mundi knýa fram slíka verksmiðju, svo framarlega sem hér á landi væru fyrir hendi þolanleg almenn skilyrði fyrir viðgangi slíkrar verksmiðju.

Það er vel athugandi, að komist smjörlíkisverksmiðja á fót og þrífist, þá missir landssjóður af smjörlíkistollinum í vasa verksmiðjueigandans, og vegna þess, að 15 aurar á pund hvert er hár tollur, þá yrði um verulegt fé að ræða, er tíu fyrir einn mundu vilja slægjast eftir.

Af þessu tel eg auðsætt, að engar sérstakar ráðstafanir þurfi að gera, og engan kostnað að leggja út, til þess að koma upp smjörlíkisverksmiðju. Komist tollurinn á, kemur hún af sjálfu sér.

Með aðflutningstollinum yrðu þá einstakir menn auðgaðir á kostnað þeirra, sem þurfa smjörlíki. Þessar yrðu afleiðingaarnar af þessum aðflutningstolli, ef verksmiðjan yrði reist á stofn.

En þessar ráðstafanir munu og eiga að færa upp verðlag á óvönduðu íslenzku smjöri. Þeim, sem nú kaupa margarin, er ætlað að kaupa bæði smjör og margarin hærra verði. Með tilliti til þessa er vel athugandi, hvaða fólk einkum kaupir margarin eða neytir þess sem viðbits; það eru vitanlega einkum hásetar á þilskipum og þurrabúðarmenn, vanalega bláfátækir menn, sem ekki geta borgað með peningum, heldur fá sitt viðbit lánað upp á vinnu sína eða vöru. En er nú líklegt, að þessir menn verði notadrjúgir kaupendur að íslenzku smjöri? Eg býst ekki við því; því þeir mundu ekki treystast til að kaupa neitt feitmeti mun dýrara en þeir nú um skeið hafa átt að venjast.

Svo skal eg ekki fara lengra út í þessa sálma. En um tillögu þessa finst mér ómögulegt að greiða atkvæði. Til þess að mér væri það unt, þyrfti og að vita um afdrif smjörlíkistollsins, og um það, hvort landssjóður ætti að reka þessa stofnun; því ef það er ekki meiningin, þá er þessi tillaga meira en óþörf; því undir eins og aðflutningstollur er kominn á smjörlíki, er eg viss um að það verða 10 fyrir 1 til þess að spekúlera í því, að setja á fót innlenda verksmiðju, og það verður bráðlega gjört, ef önnur skilyrði fyrir þrifum hennar eru fyrir hendi.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Eg get skilið mótbárur háttv. 2. þm. Eyf. (J. J.) gegn tillögu þessari, sérstaklega þegar eg ber þær saman við framkomu hans í klæðaverksmiðjumálinu. En jafn-erfitt átti eg með að skilja rökleiðslu hans þá og nú, og furðu-óskýrt fanst mér hann tala um bæði þessi mál, svo skýrar og ljósar sem ræður hans annars eru vanar að vera.

Hann talaði um það, að þingið gæti farið of langt í því að leita til stjórnarinnar og senda hana á stað til að afla upplýsinga um hitt og þetta. Það getur verið, að svo geti orðið; en hér held eg að þó liggi beinast við að biðja stjórnina að afla upplýsinga þeirra, sem þarf í þessu máli. Hér er um nokkuð að ræða, sem er óþekt hér á landi, og sýnist því ekki nema um tvent að ræða: annaðhvort að biðja stjórnina að afla nauðsynlegra upplýsinga í málinu erlendis, eða þá að senda einhvern efnilegan og áreiðanlegan Íslending utan, til að kynna sér það.

Háttv. þm. (J. J.) sagði, að það mundi vera ærið dýrt, að koma upp smjörlíkis-

verksmiðju; eg veit að þetta muni að vísu vera satt; en þó er það sjálfsagt mjög undir því komið, í hvað stórum stíl hún er reist.

Háttv. þm. Dal. (J. P.) mælti líka á móti tillögunni, og kvað hana óþarfa og setti hana í samband við smjörlíkistollinn. En eg sá ekki betur en hjá honum kæmi fram alveg sami misskilningurinn á málinu, sem hjá háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) og 2. þm. Eyf. (J. J.), og þarf eg því ekki að svara því sérstaklega. Hann áleit að það mundi verða stórkostlegt gróðafyrirtæki, að koma upp smjörlíkisverksmiðju hér í landi, ef tollur yrði lagður á útlent smjörlíki. Eftir þessari setningu vill hann fyrir hvern mun, að útlendingar hafi land þetta fyrir féþúfu í þessu sem öðru. Að þetta, þó málið sé rannsakað, verði skattur á þiskipaháseta og fátæklinga, munu fáir sjá nema hann; að minsta kosti mun það ekki hættulegt, að stíga fyrst það spor, sem hér er farið fram á, það spor, að leita sér nauðsynlegra upplýsinga í málinu. En þótt þingið hlutaðist til um, að þessara upplýsinga sé aflað, geri eg ekki ráð fyrir, að verksmiðjan verði sett upp og rekin fyrir landssjóðsfé.

Þá hefir það verið haft á móti till.. að óviðkunnanlegt sé að láta stjórnina vera að vasast í þessu, og að hún muni ekki bera mikið skynbragð á það. Svo mikið skynbragð ber hún þó á það, að hún veit, að smjör er nauðsynjavara, og það mun allhægt að leita upplýsinga í Danmörku sjálfri í málinu; því að eins og við vitum eru Danir smjörgerðarmenn miklir, sem flytja ógrynni smjörs úr landi burt, en bæði flytja inn og búa til smjörlíki í þess stað í landinu sjálfu.

Svipað ætti að geta orðið hjá oss; vér ættum að geta flutt út smjör, en notað aftur í þess stað margarin, búið til hér á landi. Tólg er í lágu verði og einkum síðan sauðasalan teptist, en allmikið af góðu efni í smjörlíki hér til í landinu. Eg held annars að háttv. þingm. (J. P.) hafi skoðað þetta mál fult svo mikið frá sjónarmiði sjávarmanna og sóknarbarna sinna, eins og frá sjónarmiði kjósenda sinna í Dalasýslu.

Jens Pálsson: Eg á bágt með að skilja undirtektir háttv. framsögumanns (Þorl. G.) undir ræðu mína. Eg var aðallega að sýna fram á, að þessi tillaga væri óþörf, ef smjörlíkistollurinn yrði leiddur í lög, og því þætti mér hún of snemma borin upp, á meðan ekki væri séð fyrir endann á því máli; því að auðvitað horfði þessu máli töluvert öðruvísi við, ef smjörlíkistollurinn kæmist ekki á. Eins og nú stendur er eg því í vandræðum með, hvernig eg á að greiða atkvæði um tillöguna. En því verð eg að mótmæla, að eg hafi haft sérstaklega fyrir augum hag eða óhag sjávarbænda eða sveitabænda. Eg talaði að eins um málið frá almennu sjónarmiði; og eg held enn fram þeirri skoðun, að það geti ekki verið meining í þessari tillögu samfara frv. um toll á smjörlíki, nema ef vera skyldi, að sú væri tilætlunin, að reka smjörlíkisverksmiðju á kostnað landssjóð í gróðaskyni fyrir hann.

ATKVGR.: Tillagan feld með 10: 10 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Jón Jensson,
Klemens Jónsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Benedikt Sveinsson,	J. J., þm. Eyf.,
Björn Sigfússon,	Jón Þórarinsson,
Eiríkur Gíslason,	Sighv. Árnason,
Guðj. Guðlaugsson,	Ólafur Briem,
Guðl. Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,

já:	*nei*:
Halldór Daníelsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Pétur Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
Þorl. Guðmundsson.	Þórður Thoroddsen.

Jens Pálsson greiddi ekki atkvæði sakir þess, að hann sæi ekki að hægt væri að greiða atkvæði um þetta mál meðan eigi væri séð fyrir endann á, hvernig færi um toll á smjörlíki á, þinginu. Astæður hans voru að vísu ekki teknar gildar; en með því að atkvæðin urðu jöfn, varð hann eigi talinn með meiri hluta, og féll málið þannig með 10 : 10 atkv.

Skipun ábúðarlaganefndar.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um bygging, ábúð og úttekt jarða (C. 31); ein umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*). Eg skal leyfa mér að taka til athugunar fáein atriði úr lögum 12. jan. 1884 um ábúð og úttekt jarða. Það eru nefnilega einkum 3 gr. í téðum lögum, sem mér hefir dottið í hug að breyta mætti til batnaðar, nfl. 19., 20. og 21. gr., er hljóða um jarðabætur leiguliða.

Eins og kunnugt er, þá er landbúnaðurinn nú á mjög tæpri tröppu, og er nauðsyn nú fremur en nokkru sinni fyrir að leitast við með öllum ráðum, að styðja hann, svo að hann fari ekki í kaldakol. Meðal annars þurfum vér að reyna að hjálpa honum við með því, að leggja enn meiri stund á jarðabætur en vér höfum hingað til gjört; því að þótt það komi vitanlega ekki til að auka framleiðsluna í bráð, þá gjörir það slíkt þó síðar og þá varanlega. Eg hef raunar þózt sjá, að lög þau, sem hér er um að ræða, þurfi gagngjörðrar endurskoðunar við; en mér datt í hug, að því gæti ekki orðið við komið að þessu sinni, af því að svo mikið hleðst á þingið af öðrum störfum. Eins og betur fer, er nú vaknaður mikill áhugi fyrir jarðabótum, og því álít eg að rétt sé að grípa nú tækifærið til þess að styðja þennan áhuga og glæða frá löggjafarvaldsins hálfu. Meðal annars ætti landssjóður að ganga á undan með góðu eftirdæmi, að því er jarðir hans snertir, fremur en hingað til hefir verið. Eg álít að töluvert megi hjálpa jarðabótum við með því að setja laga- ákvæði, sem gæfu sterka hvöt til að leggja stund á þær, og af annari hálfu gæfu duglegum leiguliðum, sem héldu jarðabótum kröftuglega áfram, trygging fyrir ábúðarrétti um lengri tíma; því eg álít það mjög óheppilegt, að leiguliðar, sem leggja stund á jarðabætur, verði að láta af þeim, þegar minst varir og víkja frá ábúðarjörð sinni; þetta mætti lagfæra og ýmislegt fleira. En síðan þessi tillaga kom fram, hafa ýmsir háttv. þingdm. átt tal við mig um þetta mál; þeir hafa að vísu játað, að það sé þarflegt og nauðsyn að kippa því í lag, og taka þessi lög til gagngerðrar skoðunar; en jafnframt hafa þeir tekið það fram, að nú væri naumast tími til þess. Eg játa, að endurskoðunin mundi hafa mikinn tíma í för með sér, og að þingið sé þegar mjög störfum hlaðið, eg vil jafnvel segja ofhlaðið. Mér hefir því komið til hugar að fallast á tillögu, sem fram hefir komið, um að láta málið hvíla sig í bráð; því að eg vil sízt af öllu eiga undir því, að þessu vandamáli sé flaustrað af; þó óska eg þess, að sú hreyfing, sem nú hefir komist á það, verði bending fyrir landsstjórnina til þess að undirbúa það undir næsta þing. Eins og eg hefi tekið fram, þarf nauðsynlega að vernda betur rétt leguliða en nú er gjört, það er að segja þeirra

leigulíða, sem sitja jarðir sínar vel, og leggja fram krafta sína til jarðabóta. Góðar jarðabætur hafa það í för með sér, að minka nauðsynlegan vinnukraft; en eins og vér vitum er hann nú dýr og ot dýr, eftir afurðum búnaðarins eða í samanburði við þær, og því bráð nauðsyn, að hann geti orðið sparaður sem mest.

Skal eg svo ekki orðlengja meir um málið, en leyfi mér af ástæðum þeim, sem eg hefi til fært, að taka tillöguna aftur.

Horfellislaganefnd.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsál. um breytingar á lögum um horfelli á skepnum 26. febr. 1898 (C. 33); ein umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Eg skal strax taka það fram, að mér þykir mjög leiðinlegt, að þurfa að koma með þessa tillögu, þar sem hún fer fram á að fara þegar að breyta lögum, sem afgreidd voru frá síðasta þingi með allmiklum atkvæðafjölda. En eg tek það líka fram, að, að því er lögin sjálf snertir, þykir mér ekki neitt að, þótt þau komi hér til umræðu nú, því að þau hafa stórgalla, eins og eg sá þegar frá upphafi; því að eg varð fyrstur til að andmæla því á þingi 1897 og sýna fram á galla þessa. Eg tek það aftur upp, að það er leiðinlegt gagnvart þinginu sjálfu, að þurfa að fara að breyta svona ungum lögum; það sýnir glögglega, að þingið hefir alt of nauman tíma til að athuga málin rækilega og verður því meira og minna fljótfærnisverk á mörgum lögum, sem frá því koma; en það tjáir ekki um það að tala. Þingið getur ekki leitt málið hjá sér, því að óhætt mun mega segja, að engin lög hafi á seinni árum valdið eins mikilli óánægju og fengið jafnmikla mótspyrnu sem horfellislögin.

Ur flestum kjördæmum landsins hafa komið fram sterkar raddir um að nema þau annaðhvort með öllu úr gildi, eða þá að breyta þeim, og þessar raddir hafa við sterk rök að styðjast. Raddirnar hafa ekki einungis komið frá bændunum, heldur einnig frá þeim mönnum, sem mjög góða þekkingu hafa á lögum, og skal eg þar nefna amtmanninn yfir Norður- og Austuramtinu, sem ritað hefir í Ísafold rækilegustu og greinilegustu ritgerðirnar, sem komið hafa fram í málinu. Eg álít, að, eins og á stendur, sé það sjálfsagt, að þingið kjósi nefnd til að íhuga málið. Eg vildi ekki koma fram með það í frumv.-formi, því að eg álít sjáltsagt, að nefndin yrði skipuð, og gat það þá hafa orðið til þess eins, að tefja fyrir henni. Eg ætla ekki að fara að telja upp gallana á horfellislögunum; eg gerði það 1897, og hef eigi breytt skoðun minni síðan; eg sýndi þá fram á, hve óhagkvæm og óframkvæmanleg ýms ákvæði laganna væru, og að þau mundu verða fyrsta sporið til að veikja sjálfstæði bænda, með því að þeim væri gefið undir fótinn með að hætta að bera sjálfir umhyggju fyrir ásetningi sínum, en gætu varpað allri ábyrgðinni yfir á einstaka menn, skoðunarmennina; einnig þótti mér það nokkuð viðsjárvert, að hægt var að ákveða bændum harðar refsingar að eins eftir áliti tveggja manna, um að þeir mundu hafa felt skepnur úr hor. Að öðru leyti skal eg leiða hjá mér að fara út í einstök atriði málsins nú við fyrstu umræðu.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er dálítið einkennilegt, hvílíku moldviðri hefir verið þyrlað upp út af lögunum

frá 26. febr. 1898; það er dálítið einkennilegt að því leyti, sem þetta moldviðri er að mestu leyti sprottið af misskilningi á lögunum og af því að menn hafa ekki kunnað að beita þeim. Það er ekki til neins að búa til góð og viturleg lög, ef þeir, sem eiga að framfylgja þeim og hlýða þeim, kunna ekki að hagnýta sér þau samkvæmt anda þeirra.

Þegar á að fara að meta gildi laganna frá 27. júlí 1898, þá er að líta á ástandið áður en þau voru gefin út, líta á það, hvernig eftirlitinu með því, að menn horfeldu eigi fénað sinn, var þá hagað. Eftir áðurgildandi lögum hvíldi eftirlitsskyldan á hreppsnefndum og hreppstjórum. En vér höfðum þegar fengið 13 ára reynslu fyrir því, hve ónógt það eftirlit var.

Þá var yfirvöldunum legið á hálsi fyrir það, að þau framfylgdu eigi lögunum, þrátt fyrir það, þótt þeim væri í raun og veru lang-oftast ómögulegt að beita þeim.

Árið 1897 býr svo þingið til lög, sem gera það mögulegra fyrir hið opinbera að hafa eftirlit með meðferðinni á fénaði manna; og það er ekki nema sjálfsagt, að það hljóti að hafa fullan rétt til að beita þessu eftirliti, já, meira að segja, að það sé skylda þess, að gjöra það.

Það hefir alt of mikla þýðingu fyrir landbúnað vorn og landshagi vora yfir höfuð, að alt sé gert, sem auðið er, til þess, að tryggja það, að fénaðurinn falli ekki fyrir heyskort eða úr hor; þetta hefir alt of mikla þýðingu, segi eg, fyrir efnahag þjóðarinnar, þótt aldrei væri tekið tillit til mannúðarspursmálsins, til þess, að hið opinbera hafi ekki fullkominn rétt og skyldu til að hafa rækilegt eftirlit, ekki pappírseftirlit tómt, með kæruleysingjum, slóðum og búskussum, sem leika sér að því, að drepa úr hor og rýra þannig bústofn sinn og um leið þjóðareignina. Spurningin er að eins um það, hvernig þessu eftirliti verði haganlegast fyrir komið.

Þingið 1897 komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri, að kosnir væru menn í héraði hverju til þess, að vera lögskipaðir ráðanautar einstaklinganna að því er snerti ásetning og skepnuhirðing; það ætlaðist til, að þeir kæmu í stað nefndanna, sem sannreynt var orðið, að ekkert gagn höfðu gjört.

Hinir lögskipuðu ráðanautar hafa að eins rétt til að gefa ráð, en eigi rétt til að valdbjóða. Auðvitað hafa þeir rétt á, að gjöra skoðanir hjá mönnum, svo að þeir, sem hingað til hafa getað skákað í því hróksvaldi, að drepa úr hor, svo enginn vissi, geta það nú ekki lengur, eða eiga að minsta kosti langt um verra með það.

Þetta er að vísu dálítið aðhald; en alls eigi meira band á persónulegu frelsi einstaklinganna en nauðsyn er að leggja á það í ýmsum greinum í hverju lögskipuðu félagi.

Menn hafa skilið lögin svo, að skoðunarmennirnir hefðu vald til að gjöra fyrirskipanir; en það er hreinasti misskilningur.

Eftir eldri lögunum varð auðvitað að heimta lögfulla sönnun fyrir, að úr hor hefði verið drepið, ef hægt átti að vera, að koma refsing við; en það var ómögulegt nema með því, að fá dánarvottorð hjá dýralæknunum fyrir hverja einstaka horrollu, sem »lognaðist út af«; en nú er spurningin um hordauðann lögð undir álit skoðunarmannanna, sem kunnugir eru öllum málavöxtum; þeir eiga að ganga til bókar og vinna eið að því, að skepnan hafi að sinni beztu vitund dáið úr hor.

Þetta er býsna-hörð krafa og sterk

trygging fyrir því, að skoðunarmennirnir muni ekki kveða upp það álit nema þeir séu alveg vissir í sinni sök; það þarf víst varla að óttast mikið gjörræði hér, og eg gæti bezt trúað því, að það mundi ekki verða svo mjög oft, sem skoðunarmenn mundu treysta sér til að vinna eið að því, að skepna hefði fallið úr hor; en þó mundu koma við og við fyrir svo augljós dæmi, að þeir mundu ekki hika við það.

Takmörkin eru sett hér svo rúm, að það þarf í raun og veru fjarska-illa meðferð á skepnum til þess, að hún geti komist inn undir hegningarákvæði laganna. Það þarf varla að gjöra ráð fyrir, eins og sumir hafa kastað fram, að hegningar-ákvæðum laganna yrði beitt, þegar almennur skepnufellir verður eða önnur alveg sérstök atvik eru fyrir hendi. Þegar svo fer, þá má gjöra ráð fyrir, að skoðunarmennirnir sjálfir hafi ekki fremur en aðrir búist við hinum óvenjulegu atvikum, hvort sem það nú eru fádæma-harðindi eða annað, og þess vegna ekki ámint um fénaðarfækkun eða ráðið til að setja færra á.

En eins og menn vita er eg sýkn eftir lögum þessum, þótt eg drepi úr hor, ef eg hefi fylgt ráðum skoðunarmanna. Eg er líka sýkn eftir lögunum, þótt eg óhlýðnist ráðum þeirra, et eg að eins drep ekki úr hor, og loks er eg einnig sýkn eftir þeim, þó eg drepi úr hor, að eins ef skoðunarmennirnir treysta sér ekki til að staðfesta með eiði, að eg hafi gjört það.

Það er því æði-mikið svigrúm, sem lögin gefa, svo mikið, að það er synd að segja, að þau gangi mjög nærri persónulegu frelsi manna; hitt væri fremur ástæða til að segja, að þau gættu varla full-vel hagsmuna þjóðfélagsins eða uppfyltu nægilega mannúðarkröfurnar um góða meðferð á skepnum.

Það er sjálfsögð saga, að þar sem verstu horkóngar sveitarinnar hafa verið kosnir fyrir skoðunarmenn, og þeir verið að snápa einar 3 vikur við skoðunina, og ekkert gagn gjört, en tekið fult gjald fyrir, þar er von, að óánægjuraddir hafi heyrst gegn lögunum. En það sannar ekki, að lögin séu ekki góð og hentug, nei, það er eitt meðal annars að eins sorglegur vottur þess, hve mjög þjóð vora vantar þroska til að stjórna sér sjálf, þó að ekki sé í meiru en þessu.

Þorlákur Guðmundsson: Mál þetta eða frumvarp til laga þessara versnaði fremur en batnaði við meðferðina hér í deild á síðasta þingi. Eg vildi þá koma að breyt.till. einni lítilli, sem mundi hafa verið fremur til bóta; en hún komst ekki að. Eg hefi alt af verið því fylgjandi, að eitthvað þyrfti að gjöra til þess, að bæta meðferð á fénaði og fyrirbyggja horfelli. Og af því að eg hygg eftirlit nauðsynlegt, þá er eg ekki með því, að lög þessi séu afnumin, nema því að eins, að eitthvað annað komi í staðinn fyrir þau. En svo sterkar raddir hafa komið fram gegn lögunum, að eg tel alveg nauðsynlegt, að taka þau til yfirvegunar.

Eg er samdóma háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að mótspyrnan gegn lögunum sé sumpart sprottin af þroskaleysi þjóðarinnar og oftrausti á sjálfri sér, en það traust er oftraust, enda virðist sem einstöku menn leggi alla sína krafta fram til að vekja mótþróa gegn lögunum, og er slíkt óviturlega gjört.

Það er tvent ólíkt, að finna eitthvað að einstökum atriðum í einhverjum lögum, og hitt, að vilja afnema þau með

öllu, og það finst mér of langt farið, að því er þessi lög snertir; hin ranga tilvitnun til greinanna viðvíkjandi borgun til skoðunarmanna mætti helzt ætla að væri ritvilla eða prentvilla.

Eg tek það aftur upp, að eg álít alls eigi hyggilegt, að afnema þessi lög, á meðan vér erum ekki lengra á veg komnir en reynslan sýnir að enn er, nema þá því að eins, að hepnaðist að setja annað betra í þeirra stað.

Þar, sem eg þekki bezt til, veit eg, að ýmsir höfðu þó hita í haldi af skoðunargjörðinni á síðasta vetri, og að þeir höfðu ekki nema gott af því; veturinn sjálfur sannaði það bezt; því þó víða stæði tæpt, mundi þó ver hafa farið, ef þau hefðu ekki verið til.

ATKV.GR.: Nefndarkosning í málinu samþykt með 13 : 2 atkv.

Kosnir voru:

Þórður Guðmundsson	með 14	atkv.
Þorlákur Guðmundsson	— 13	—
Björn Sigfússon	— 11	—
Guðlaugur Guðmundsson	— 11	—
Ólafur Briem	— 14	—

Nefndarálit: C. 148.

Friðun á laxi.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um friðun á laxi (C. 288); ein umr., 12. ágúst.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eg bjóst við, að einhver háttv. þingdeildarmanna mundi taka til máls um þessa tillögu, því mér finst hún þannig löguð að efni og formi, að ekki sé æskilegt, að hún sé samþykt eins og hún liggur fyrir, enda verð eg að lýsa yfir því, að eg get alls eigi fallist á hana, hvorki að efni né formi. Fyrst er formið eða niðurskipun efnisins óheppileg, sú greinin fyr, er ætti að vera síðar, og sú síðar, er ætti að vera fyr. En það er þó ekki aðal-atriðið, heldur er það aðal atriðið, að eftir atvikum er það ekki ráðlegt, að skora á stjórnina nú, að semja frumv. um friðun á laxi, því eg ætla henni það ómögulegt. Það væri æskilegt, að greinar tillögunnar stæðu þannig í sambandi sín á milli, að fiskifræðingur landsins væri fyrst látinn safna skýrslum, og frumv. síðan bygt á þeim. En þegar litið er á skoðanir manna um friðunar-ákvæðin, þá er ekki nóg með það, að skoðanirnar séu misjafnar í hverju héraði, heldur eru menn innan sama héraða misjafnra skoðana, og bændur við sömu laxána hafa jafnvel sína skoðunina hver, og gæti eg búist við því, að ef skýrslum væri safnað um þetta, að þá mundu skoðanirnar og tillögurnar verða eins margar og laxveiðieigendurnir.

Eg hygg reyndar, að það gæti verið »curiöst« og skrítið, að heyra tillögur þessar, og hvað skoðanirnar verða marg-breyttar; en eg held, að það verði fremur til gamans en gagns.

Jón Þórarinsson: Hinn h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) mælti á móti tillögu þessari einkum frá formsins hlið; en efni hennar er líka athugavert, þar sem skorað er á stjórnina, að semja frumv. »um friðun á laxi«.

Það er ekki auðið að skilja tillöguna öðru vísi en svo, að út skuli gefa hrein og bein friðunarlög, þannig, að ekki megi drepa nokkurn lax héðan í frá. En hvernig sem á tillöguna er litið, get eg ekki séð, að neitt sé unnið við, að samþykkja hana.

Skýrslur um veiði og tillögur um veiði aðferðir frá hinum ýmsu laxveiðendum mundu verða svo sundurleitar, að það mundi allsendis ómögulegt fyrir stjórnina, að byggja á þeim neina löggjöf um laxfriðun.

Eg vildi því mælast til, að háttv. þingdeild eyddi ekki um tillögu þessa

mörgum orðum, heldur lofaði henni að deyja umsvifalaust.

Björn Sigfússon: Eg get ekki verið samdóma því, sem að 2 háttv. þingm. hafa talað um tillögu þessa. Að vísu játa eg, að form hennar sé ekki sem heppilegast; en þó finst mér það ekki vera svo, að það eigi að verða þess valdandi, að tillagan sé feld fyrir það. Það er að vísu nokkuð til í því, sem háttv. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.) sagði, að fyrri grein tillögunnar bendir á, að aðal-atriðið í frumv. því, sem ætlast er til, að stjórnin leggi fyrir þingið, sé um meiri og ítarlegri friðun á laxi en í núgildandi lögum. Þetta er svo eðlilegt, þar sem aðal-gallinn er nú of-lítil friðun. Hitt er fjarstæða, og stendur ekki í tillögunni, að hér eftir skuli ekki drepa nokkurn lax.

Auðvitað er það ekki meiningin, að stjórnin eigi eingöngu að binda sig við ný friðunar-ákvæði, heldur taka sem mest tillit til, hvaða tillögur koma frá laxveiðieigendum sjálfum víðsvegar um land, sem bent er á í síðari greininni, að fiskifræðingur landsins á að útvega. Það er svo auðsætt; því engin meining væri í, að heimta slíkar skýrslur og tillögur, ef ekkert ætti að byggja á þeim.

Eg veit ekki betur en að allur þorri þeirra, sem hafa látið í ljósi álit sitt á núgildandi laxafriðunarlögum, hafi talið, að friðunin væri ónóg, og fiskifræðingurinn er á sömu skoðun.

Eg ímynda mér, að flestum háttv. þingmönnum sé kunnugt, að fiskifræðingur landsins hefir gert töluvert að því, að safna skýrslum um þetta mál. Hefir hann skrifað laxveiðieigendum víða um land og lagt fyrir þá spurningar til andsvara, og leitað álits þeirra. Hefir hann fengið svar frá all-mörgum þeirra, þó fleiri eigi enn ósvarað, en svör þau, er komin eru, lúta yfir höfuð að því, eftir því, sem mér er kunnugt, að hér þurfi meiri friðun.

Nú sé eg ekki betur, en að ef þessu er haldið áfram, að fá skýrslur hjá sem flestum laxveiðieigendum á landinu, og leita álits þeirra, þá sé komin góð undirstaða til að byggja á ný og hagkvæm lög.

Eg get ekki trúað því, að skoðanir manna verði svo á víð og dreif, að ekki sé hægt að byggja neitt á þeim, og eg held að meira samræmi verði í þeim en háttv. 2. þingm. Eyf. (J. J.) bjóst við.

Eg er sannfærður um, að full þörf er á því, að setja ný lög um friðun á laxi, þar sem reynslan er búin að sýna, að laxveiðin gengur til þurðar, og eg fæ ekki betur séð en að þetta, sem hér er bent á, sé hyggilegur undirbúningur: að fiskifræðingur landsins leiti fyrst álits um þetta mál, og undirbúi það — en hann er áhugamikill og honum ant um málið —; en þegar hann hefir undirbúið það, semur stjórnin eftir því frumv., er hún leggur fyrir næsta þing.

Þórður Guðmundsson: Eg get hér ekki verið á sama máli sem h. 2. þm. Húnv. (B. S.) um, að heppilegt sé að samþykkja þessa tillögu, af því að gott muni af henni leiða. Eg held hið sama og h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að ekki muni vera mikið gagn að henni. Það hafa þegar verið teknir fram gallar tillögunnar frá formsins hlið skoðað, en það er líka við efnið að athuga, eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sagði, að það lítur út eins og hún ætlist til að menn setji til baka laxveiðina, nefnilega eigi að veiða minna.

Eg hygg að þingið megi vera þakklátt, á meðan ekki er rótað við hinum núgildandi laxafriðunarlögum. Vér vit-

um, að á fyrri þingum hefir mikið verið um þau rætt, og margar lagaákvarðanir gjörðar, en árangur hefir ekki sést af öllu því þrasi. Það mundi kvikna nýr eldur og nýtt ósamlyndi, ef farið væri að hreyfa við málinu, með því að safna skýrslum og semja lagafrumv. Eg held það sé rétt mælt af h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að skýrslurnar og álit manna um málið mundi verða æðisundurleitt. Eg er viss um, að þá mundu koma svo margar bænarskrár til þingsins, er sín færi fram á hvað, að eg vildi ekki eiga að vera með að ráða málinu til lykta.

Það kemur fram í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum þingmálum um þessar mundir, að reynt er til að kreppa að frelsi einstaklinganna. Það lítur svo út eins og einstaklingsfrelsið ætli ekki að fara að eiga upp á háborðið hjá löggjöfum vorum, og eg er farinn að verða hræddur um, að brátt megi fara að heimfæra upp á oss þetta, að sú stjórn, sem stjórnar mest, stjórni vest.

Þorlákur Guðmundsson: Eg skal ekki mæla á móti því, að tillagan sé ekki sem allra formlegust; það hefði legið beinast við, að fara fyrst fram á að skýrslum væri safnað, og síðan að frv. væri samið, er skýrslunum hefði verið safnað.

Það er rétt, sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) tók fram, að talsvert hefir áður verið rætt um mál þetta og lög samin um það; en það sýnir ekki annað en það, að málið er vandasamt, og umræðurnar um það, síðan lögin voru samin, að enn séu menn ekki komnir að fastri eða heppilegri niðurstöðu í því. Það getur vel verið, að tillögur manna fari í ýmsar áttir, og reki sig á; en eigi að síður má telja víst, að þær gefi ýmsar bendingar og þarfar skýringar málinu til gagns. Það getur ekki verið rétt, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) varpaði fram, að hugmyndin í tillögunni virtist vera sú, að friða laxinn alveg. Vér höfum nú laxfriðunarlög, og ekki banna þau þó með öllu að drepa lax, og eins er auðsjáanlega tilætlunin með laxafriðun þá, sem tillagan fer fram á, að hún á að miða að því, að fá skynsamlegri friðunarlög en þau, sem nú eru í gildi. Hér er í rauninni um stórvægilegt mál að ræða, og því viðsjárvert fyrir þingið, að snara því frá sér; og þó það gjöri það nú, þá þykist eg viss um, að bænir muni koma fram um, að taka málið upp að nýju.

Það er skoðun flestra kunnugra manna, að laxveiði sé að þverra, að minsta kosti hefir sú verið reyndin síðustu árin; þetta bendir á það, að laxafriðunarlög vor muni á einhvern hátt vera ófullnægjandi eða óheppileg.

Með því að fella tillögu þessa mundi því verða hnekt, að glöggar skýrslur söfnuðust um það, og gæti þó orðið meira en lítið gagn að því.

Bæði er það, að fiskifræðingur vor mundi eiga erfiðara með að ná í skýrslurnar, og svo ekki nema eðlilegt, að hann trénaðist heldur upp við að safna þeim, þegar hann hefði enga hvöt til þess frá þingi og stjórn, þvert á móti hefði tillaga um það verið feld á þingi.

Mál þetta horfir þó nokkuð öðru vísi og betur við fyrir oss en áður. Nú hötum vér fiskifræðing, sem launaður er af landsins fé, og eg sé ekki betur en rétt sé að nota hans krafta, og hann mun þegar hafa safnað nokkuru af skýrslum, og er harla líklegt, að hann gæti gefið þær upplýsingar, að þingið hefði traustari grundvöll til að byggja á en nokkuru sinni áður.

Ef einhverjir h. þm. vildu sameina sig um að breyta forminu á tillögunni, þá er það hægt enn þá, með því að

fresta umræðunni um hana; en vilji meiri hluti þingdeildarinnar hafna till., þá er það á hennar valdi og ábyrgð.

Björn Sigfússon: Eg fann engin gild rök koma fram í ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) gegn tillögunni. Mér skildist h. þm. (Þ. G.) komast að þeirri niðurstöðu, að í þessu máli og öðrum væru afskifti laganna skaðleg, því hann sagði, að því meira, sem stjórnað væri, því verri væri stjórnin. Mér fanst það koma fram hjá honum, að hann vildi hafa fullkomið sjálfræði í öllum greinum. (*Klemens Jónsson*: Anarkisti!). En eg hélt, að h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) mundi vita það og viðurkenna, að engin þjóðfélagsskipun getur staðist án laga, og án þess að ýms höft sé lögð á sjálfræði einstaklinganna og frelsi. Eg verð að skoða það, sem talað hefir verið um form tillögunnar, fremur sem hártogun en sem svo, að sérleg vandræði séu að samþykkja hana eins og hún er.

Það er satt, að það er látið ganga á undan að skora á stjórnina að leggja fyrir þingið frumv. um friðun á laxi. En það er auðvitað, að þegar jafnframt er skorað á hana að annast um, að útvegaðar séu skýrslur um, hvaða friðunarákvarðanir álitnar séu nauðsynlegar og tiltækilegar, þá muni þessar skýrslur verða hagnýttar og lagðar til grundvallar við samning laganna, og tekið svo mikið tillit til þeirra, sem tiltækilegt þykir, að því er friðunina snertir. En þess má og vænta, að önnur atriði málsins verði og tekin til greina, eftir því sem þörf sýnist. En að höfuðáherzlan er lögð á friðunina, kemur til af því, að flestir eru nú sammála um það, að höfuðgallinn á núgildandi lögum sé sá, að þau heimili of litla friðun. Eg sé ekki að það geti verið hættulaust, að láta þetta mál liggja afskiftalaust, og gjöra engan undirbúning til þess, að vér fáum samið betri friðunarlög. En sú verður afleiðingin, ef tillagan er feld, að málið liggur í salti um óákveðinn tíma. Fiskifræðingur vor, sem sýnt hefir lofsverðan áhuga á málinu, fær sannarlega enga hvöt til að veita því liðsinni framvegis og halda áfram undirbúningi þess, ef tillagan er feld. Þvert á móti: hann getur miklu fremur litið svo á, að þingið álíti öll afskifti hans af málinu óþörf, og mér finst það vera nokkurn veginn það sama sem að setja ofan í við hann fyrir það, sem hann þegar hefir gjört. En verði sá undirbúningur gjörður á málinu, sem tillagan bendir á, og málsgögnin lögð fyrir þingið, þá er það á þess valdi, að sníða það í hendi sinni eftir eigin vild; þætti t. d. h. þm. (Þ. G.) friðunin of mikil, þá gæti hann varað þingið við því, og ef hann sýndi fram á það með glöggum rökum, er ekki ólíklegt, að hann fengi það lagfært.

Það er satt, að töluverðum tíma hefir verið eytt hér á þingi til að tala um laxafriðunarlögin, og nokkurt þras verið um þau; en máske er þetta einmitt vegurinn til að leiða þrasið til lykta, því eg verð að álíta, að þetta mál sé ekki svo vaxið, að ómögulegt sé að ráða bætur á því.

Það er enginn efi á því, að á liðinni tíð hefir laxveiði verið eyðilögð í allmörgum ám á landi voru, sumpart af óheppilegum friðunarákvörðunum, síðan núgildandi laxafriðunarlög urðu til, og sumpart af algerðu hugsunarleysi og vanþekkingu, á meðan engin friðunarlög voru til. Eg hygg, að það þurfi ekki að leiða rök að því, að áður var laxveiði í ýmsum ám, þar sem hún nú er horfin; má það vafalaust telja, að hún hafi verið eyðilögð með óhyggilegri veiðiaðferð, og þó minni brögð muni vera að eyðileggingunni, síðan hin nú-

gildandi laxafriðunarlög komu, þá vantar þó mikið á, að vel sé enn. Laxveiðin getur verið svo arðsamur atvinnuvegur, að full þörf er á, að reyna að tryggja hana fyrir framtíðina, og eg sé ekki annan heppilegri veg til að fá málið skynsamlega undirbúið samkvæmt vilja landsmanna en einmitt þann, sem tillagan fer fram á.

Pétur Jónsson: Eg held að þetta, sem hér er farið fram á, gæti náðst með öðru móti en ítarlegri friðun á laxi. Eg tek undir með h. þm. Rangv., að það er ekki nóg að semja lög, og lagagjörðin getur komist inn á það svæði, að ekki sé við bætandi. Laxafriðunin kemst nú einmitt inn á það svæði, að menn fara að togast á um rétt sinn, sökum þess, að hún eykur hagsmuni eins á kostnað annars. Grundvallaratriðin fyrir laxafriðun eru þegar komin í lög. Eg hygg því, að heldur en að senda stjórninni þingsál. í þessa átt, væri annað enn kröftugra og betra, nefnilega, að senda selnum þingsályktun, helzt í byssukúluformi; því það er víst óhætt að fullyrða, að selurinn gjörir laxinum meiri óskunda en mennirnir, og að hann gjörir öllum þorra laxveiðenda mikinn skaða. Það eru að eins einstakir menn, sem af þráa sporna við því, að selurinn er ekki alstaðar álitinn vargur í véum og réttdræpur. Nú, ef það skerti stórum hag einstakra manna, að drepa selinn, þá mætti bæta þeim það upp úr landssjóði. Er það ekki selnum að kenna, að Breiðifjörður er eins og dauður sjór, og árnar þar svo að segja laxlausar? Það átti einmitt að koma með tilllögu um dráp á selnum; sé hann drepinn, er þar kröftugri laxafriðun en lögin geta gert.

ATKVGR.: Þá var gengið til atkv. og fyrri liður þingsál.till. feldur með 14 gegn 6 atkv.

Síðari liðurinn feldur með 12 gegn 7 atkv., og þar með öll till. fallin.

Tollmálanefnd.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um tollmál (C. 28); ein umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Það er þegar búið að skipa allmargar nefndir á þessu þingi, og má enda búast við, að þeim fjölgi enn meir; en þrátt fyrir þetta álít eg nauðsyn að skipa nefnd til að íhuga mál þau, er hér ræðir um.

Eins og kunnugt er, hefir oft á undanfarandi þingum verið um það talað, að breyta tollmálum landsins á ýmsan hátt, og á þingmálafundum þeim, sem fram hafa verið lagðir á lestrarsalnum, má víða sjá ákvarðanir um, að taka tollmál landsins til yfirvegunar.

Nú sem stendur eru aðflutningstollar á áfengum drykkjum, kaffi, sykri og tóbaki, og útflutningsgjald á ýmsum sjávarafurðum, en tillögurnar hafa gengið í þá átt, sumpart að leggja toll á fleiri vörutegundir, sérstaklega smjörlíki, gosdrykki, kynjalyf og jafnvel álnavöru, og sumpart í þá átt, að breyta þeim tollum, sem þegar hafa verið á lagðir. Það verður ekki einungis þetta, sem hin fyrirhugaða nefnd fær að athuga, hvort rétt muni að leggja aðflutningstoll á fleiri vörur en nú er, heldur og hitt, hvort ekki muni ástæða til að breyta tolleftirlitinu, sérstaklega ef snúið verður sér inn á þá leið, að fjölga að nokkurum mun tollskyldum vörum. Eitt meðal annars, sem gjörir nefndarkosning þessa nauðsynlega, er það, ef stjórnarfrumv. um gjöld fyrir söluleyfi áfengra drykkja fær framgang á þessu

þingi, eða þá frumv. um sölubann á-fengra drykkja, sem eg hefi heyrt, að muni að öllum líkindum lagt fyrir þetta þing. Nái annaðhvort þetta frumv. fram að ganga, þá er líklegt, að afleiðingin af því mundi verða sú, að tekjur landssjóðs mundu rýrna að mun; mundi því þurfa að leita að nýum tolltekju-stofnum og mundi það á hinn bóginn gjöra tolleftirlitið enn örðugra en það er nú. Það getur vel verið, að nefndin geti ekki komið miklu til leiðar á þessu þingi, því að varla mun veita af, að öll tolllögjöfin sé tekin fyrir frá rótum, ef vel ætti að vera; en slíkt er yfir-gripsmeira en svo, að einni þingnefnd sé ætlandi að ljúka því af; eigi að síð-ur verð eg að telja það æskilegt, að nefnd sé nú kosin, því hún ætti þó að geta undirbúið málið og flýtt fyrir því síðar meir.

Pétur Jónsson: Eg hafði eiginlega ekki ætlað að tala mikið í þessu máli, en þó vil eg geta þess, að eg er yfir höfuð fremur mótfallinn tollum, að minsta kosti ef þeir ganga mikið fram yfir það sem nú er. Það eru ónauðsynlegu og skaðlegu vörurnar, sem mér finst að einkum geti komið til greina að tollur sé lagður á, ef eitthvað á að tolla. Þeg-ar kaffitollurinn var lagður á, þá hygg eg að mátt hefði tolla nokkurar fleiri nýlenduvörur, sem lítil nauðsyn er á, en sneiða aftur hjá sykurtollinum, eða þá hafa hann mun lægri en hann er, því að sykur verð eg að telja jafnvel eins nauðsynlegan og kornvöru. Verð-artolla verð eg að skoða neyðarúrræði, þótt vér ef til vill verðum að grípa til þeirra, sökum utanaðkomandi kring-umstæðna.

Það er fjarri því, að eg sé mótfallinn því, að nefnd sé sett til þess að íhuga tollmálin; þau eru fyllilega íhugunar-verð. En meðal annars, sem hún gæti tekið til íhugunar, er hugsun ein, sem eg vildi kasta fram; það er sú hugsun, að vér skyldum helzt eigi fara mikið lengra í það að falla einstakar vörutegundir, heldur leggja toll á allar aðfluttar vörur í heild sinni, ef vér þykjumst þurfa á meiri tolltekjum að halda. Á þann veg mundi tolleftirlitið hægra, og eg held að óhætt væri að trúa kaupmönnum fyrir að jafna tollinum niður á vörurnar, eftir því sem þeim sýndist haganlegast. Að þessu sinni ætla eg ekki að rekja þessa hugsun ítarlegar í sundur, en skýt henni að eins fram til athugunar fyrir tilvonandi nefnd.

ATKVGR.: Samkvæmt tillögu flutn-ingsm. var nefndarkosning samþ. með með 18 atkv.

Kosningu hlutu:

Þóður Thoroddsen	með	19 atkv.
Pétur Jónsson	—	12 —
Klemens Jónsson	—	8 —
Einar Jónsson	—	19 —
J. Jónss., þm. Eyf.	—	9 —

Fátækramálanefnd.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um fá-tækramálefni (C. 24); ein umr., 8. júlí.

Flutningsmaður (*Sighvatur Arnason*): Eins og kunnugt er, hefir mál þetta verið á dagskrá á næst-undanförnum þing-um, en þó á annan hátt en nú, því áður hefir verið farið fram á, að skipa milli-þinganefnd til að fjalla um málið, til undirbúnings milli þinga, en eins og kunnugt er hefir sú tillaga fallið á undanfarandi þingum. Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, er ólík hinum fyrri tillögum að því leyti, að þar sem áð-ur var farið fram á milliþinganefnd, er tæki allan fátækralöggjafarbálkinn fyr-ir í einu lagi, er nú farið fram á, að nefnd sé kosin, er að eins vinni meðan á þinginu stendur, en slíkri nefnd verð-

ur sökum annríkis ómögulegt að taka allan þennan löggjafarbálk fyrir í einu, og verður því að láta sér nægja að taka hann fyrir í pörtum, því hitt mundi ofvaxið, að eiga við svo flókna löggjöf, og naumast að ætla að svo umfangsmikið mál geti gengið í gegn í þinginu. Svo sem kunnugt er gildir fátækrareglugjörðin frá 8. jan. 1834 enn þá að nokkru leyti, en sumir hlutar hennar eru fallnir úr gildi, og sumu að mörgu leyti breytt, og mundi þinginu ofvaxið að botna í því öllu á stuttum tíma, nefnilega hvað muni vera enn í gildi og hvað ekki. Eg mundi því óska, að hún sneri sér að einstökum greinum, sem þurfa mestra umbóta við, og vildi því ráða til, að hún tæki fyrst fyrir 6. gr. reglugjörðarinnar, um sveitfestina, sem vera mun mestur ásteitingarsteinn í þeirri löggjöf, því eg veit, að margir eru mjög óánægðir með það fyrirkomulag, sem nú er í því efni.

Eg fjölyrði svo ekki meira um þetta efni, og vona að þessi tillaga mín verði tekin til greina, og að deildin skipi nú þegar 5 manna nefnd í málið, sem eg ímynda mér að fái líka til meðferðar frumv. það um þetta efni, sem nú liggur fyrir h. Ed., ásamt frumv. því frá mér, sem nú liggur hér samstundis fyrir deildinni.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins skjóta því til hinnar tilvonandi nefndar, hvort það væri eigi rétt, að hún tæki þegar til íhugunar frumv. það, sem h. Ed. hefir til meðferðar, þótt ekki sé búið að leggja það hér fyrir deildina, svo hún hefði bæði málin í einu til íhugunar. Væri æskilegt, að nefndin væri kosin með tilliti til þessa.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 samhlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Sighvatur Árnason	með 18 atkv.
Jón Jensson	— 15 —
Guðjón Guðlaugsson	með 11 atkv.
Þórður Guðmundsson	— 11 —

og Björn Sigfússon, eftir hlutkesti milli hans og Þorláks Guðmundssonar, er báðir fengu 10 atkv.

Fátækraframfæri
(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um fátækramál (C. 512); ein umr., 23. ág.

Flutningsmaður (*Halldór Daníelsson*) tók tillöguna aftur.

Landssjóðslán handa prestakalli
(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um lán úr landssjóði til prestakalls (C. 221); ein umr., 12. ágúst.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Eins og h. þm. er kunnugt, hefir legið frammi á lestrarstofunni beiðni frá prestinum í Efriholtaþingum í Rangárvallaprófastdæmi um lán til prestakallsins í viðbót við áður fengið lán. Beiðni þessari hefir áður verið vísað til h. fjárlaganefndar, en það er svo að sjá, sem hún álíti, að ekki beri að taka hana til greina.

Umsóknin er svo ýtarleg, að í henni standa allar málsástæður, og fylgja henni meðmæli stiftsyfirvaldanna. Eg skal þó leyfa mér að koma fram með nokkrar skýringar. Presturinn kom 1893, að eg ætla, að prestakallinu, prestsetrið var þá hrörlegt, og hann sjálfur fátækur maður, en varð þó að byggja. Þá komu landskjálftarnir '96 og hrundi þá bærinn, og alt sem hann hafði bygt, til grunna. Hann hafði bygt sæmilegt íveruhús, en þar stóð ekki steinn yfir steini. Réðst hann þá

strax í að endurreisa það, sem féll, sem kostaði mikið fé; svo kom síðari landskjálftinn, sem gjöreyðilagði allan bæinn og öll mannvirki á jörðinni; sá hann sér þá ekki annað fært en ráðast í að byggja timburhús. Vitanlega fekk hann fé af landskjálftagjöfunum, og það heldur ríflega, 600 kr., og síðan var honum veitt 1000 kr. embættislán. Hann hugði þetta vera nægilegt fé; en þegar til kom, þurfti meira, og stiftsyfirvöldin gáfu honum beztu vonir um lánviðbót. Tekur hann þá prívatlán, í von um að hann fái viðbótina; en þegar til kemur, vill landsh. ekki veita lánið. Nú er þetta prívatlán heimtað af honum, og ef þingið nú ekki vill sinna beiðni hans, þá verður hann að skerða bústól sinn. Hér er því um nauðsyn að ræða, og það er að eins farið fram á lán, svo að mér jafnvel finst það siðferðisleg skylda þingsins, af því málsástæður eru þessar, að bregðast vel við. Það er engin hætta á, að lánið borgist ekki aftur með skilum; því jörðin er framfærslumikil. Eg skal geta þess, að prestur hefir bygt hið nýja hús sitt á haganlegri stað en áður, og að hann nú þegar hefir flutt þangað hin önnur hús, heyhlöðu og fjós.

Að endingu skal eg taka það fram, að þó eg sé ekki hlyntur prestakallalánum yfirhöfuð, þá er eg þessu láni meðmæltur, af því prestur þessi hefir svo miklu brýnni þörf á því en aðrir, og að mínu áliti sanngirniskröfu gagnvart þinginu.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eg get ekki verið meðmæltur þessari tillögu. Ef hún er ekki þýðingarlaus, þá er hún skaðleg. Eins og sést á orðalaginu, veitist stjórninni heimild til að veita þetta lán; en hún hefir, eins og raun er á orðin, talið sig að hafa þá heimild. Því segi eg: ef þetta ekki er þýðingarlaust, þá er tilgangurinn sá, að knýja stjórnina til að veita þetta lán. En það má h. deild ekki fallast á, því það er skaðlegt. Prestakallalánin í seinni tíð eru svo mörg og mikil, að ekki ber að knýja stjórnina til að auka þau, né heldur gefa mönnum nýjar hvatir til að sækja um þau. Heldur ætti að fara í gagnstæða átt, og benda heldur landsstjórninni til íhalds og varfærni í því efni. Eg leyfi mér því að koma fram með rökstudda dagskrá:

»Í því trausti, að landsstjórnin fari varlega í, að veita lán til prestakalla, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Sighvatur Arnason: Eg óska að koma með aðra dagskrá:

»Í því trausti, að landsstjórnin veiti hið umrædda lán, eins og vandi er til, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Eg vona, að till. mín nái fram að ganga, þrátt fyrir mótmæli þau, er fram hafa komið; því prestinum er ekki um að kenna, þótt hann sé kominn inn á þessa braut; því hefðu ekki stiftsyfirvöldin gefið honum von um lánið, mundi hann ekki hafa ráðist í að byggja. Þar sem ekki er heldur nein hætta á að hann geti ekki borgað, og húsið hins vegar mikið mannvirki, að dómi skyndærra manna, þá vona eg, að hinir h. þingdm. samþykki till. Hér er um nauðsynjamál að ræða; því það er hart, að presturinn þurfi að selja af bústofni sínum eða yfirgefa brauðið ella. Hann er og sannur reglumaður, og því engin hætta á því, að hann muni ekki borga afborgun og vexti. Eg vil því eindregið mæla með till.

Sighvatur Arnason: Eg vil að eins bæta einu atriði við það, sem sagt hefir verið. Húsið á að heyra prestsetr-

inu Guttormshaga til framvegis, og mér er kunnugt um, að það er í alla staði traust og vandað. Vil eg leyfa mér að biðja hæstv. forseta, að taka svo látandi rökstudda dagskrá til greina:

»Í því trausti, að landsstjórnin veiti hið umbeðna lán, eftir því sem venja er til, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Eg vil eindregið mæla fram með rökstuddri dagskrá hins háttv. samþingismanns míns.

ATKVGR.: Þá var borin upp hin rökstudda dagskrá Jóns Jónssonar, þm. Eyf., og hún samþ. með 12 : 5 atkv. Málinu þar með lokið.

Um frímerki.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um frímerki (C. 500); ein umr., 23. ágúst.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Till. í heild sinni þar næst samþ., og afgreidd til landshöfðinga sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Hafnarstæði við Lagarfljótsós.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um að rannnsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós (C. 53); fyrri umræða., 15. júlí.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og kunnugt er hefir því verið hreyft, að þess mundi eigi langt að bíða, að farið yrði fram á, að akbraut yrði lögð frá Reyðarfirði eftir Fagradal, til þess að koma Héraðinu í greiðara samband við sjó. Þótt hér sé tiltölulega hentugt fyrir akveg, þá má eigi að síður búast við, að hann mundi kosta mikið fé, því að vegalengdin er allmikil, og þótt akvegurinn kæmist á, mundi flutningar frá sjó og upp á Hérað samt sem áður verða æði-dýrir og erfiðir, og árlegt viðhald vegarins kostar mjög mikið, og sami galli mundi fylgja þessum vegi og öðrum vegum í Norður- og Austuramtinu að minsta kosti, að lítt mundi hægt að nota hann fyrir akveg á vetrum sökum snjóþyngsla. Það mundi því stór hagnaður, ef hægt væri að gjöra höfn einhversstaðar við Héraðsflóa fyrir svipaða peninga og vegurinn yfir Fagradal mundi kosta, og enda þótt nokkuð meira væri; því að þá kæmist Héraðið í beint samband við sjó, og meðal annars hagnaðar við það ætti því að vera þá hægt að hafa sjávarútveg. Ef hægt væri að koma höfn á við ósinn eða öllu heldur koma skipum upp í hann, þá er Lagarfljót sjálft hin bezta flutningabraut eftir Héraðinu. Reyndar eru eins og kunnugt eru töluverðar torfærur í fljótinu, þar sem er fossinn og steinboginn; en þó mundi mega yfirstíga þær torfærur, svo að þær yrðu ekki til stórhindrunar fyrir flutninga eftir fljótinu.

Ef ætti að gera reglulega höfn við Lagarfljótsós, þá mundi það hafa geysikostnað í för með sér. En hugsunin í þingsályktunartillögunni, sem því miður er ekki sem heppilegast orðuð, er ekki það að byggja höfn út í sjó, heldur það, að búa ósinn þannig út, að hægt sé að komast hættulaust inn um hann á smærri hafskipum.

Þegar litið er á landslag umhverfis ósinn, þá er því svo háttað, að þar er flatneskja mikil og land svo lágt, að flóð gengur nálega eina mílu upp í landið eftir fljótinu. Báðum megin við ósinn er ægissandur, og er þar ekki til hnefastór steinn á öllu svæðinu fjall-

anna á milli. Að vísu er talsverður straumur í fljótinu með útfalli, en vegna flatneskjunnar er ósinn nokkuð reikull og færist dálítið til árlega, og hefir hann jafnvel færst yfir mikinn hluta af sandinum fyrir austan sig á löngum tíma; það er þó ekki nema stuttur kafli af fljótinu, sem er undirorpinn þessum breytingum. Það sem eg hefi hér í huga í þingsályktunartillögunni er, að fljótinu sé gefin bein og ákveðin stefna til sjávar, og tekinn af því bugur, sá sem er á því nú úti við sjóinn, því að það má ganga að því vísu, að það leitaði þá með meira afli til sjávar. Helzt hefir þeim mönnum, er bezt skyn bera á, þótt reynandi með eins konar trjágörðum að varna því, að fljótið breytti stefnu sinni. Eg hefi hér ekki skilríki fyrir höndum um það, hve langur sá vegur er, sem garðarnir mundu þurfa að ná yfir, en þó er það ekki alveg út í bláinn, sem eg segi um þetta mál, því að fenginn hefir verið sá maður, sem menn treystu bezt þar eystra til að rannsaka ósinn, til að skoða hann og gjöra áætlun um kostnaðinn; það var maður nokkur, Sigurður að nafni, múrari á Seyðisfirði, maður vel að sér í sinni iðn, og þótt rannsókn á því að gjöra ósa skipgenga heyri ekki til aðalstarfi hans, þá hefir hann þó reynt að setja sig inn í það, sem að því lýtur, eftir því sem hann hefir átt kost á. Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu fekk mann þennan til að athuga Lagarfljótsósinn, en skýrsla hans er ekki í mínum höndum; hún mun vera hjá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu. Mig minnir að hann áætlaði kostnaðinn 2—300,000 kr. Hugsun hans var sú, að ósinn væri grafinn beint fram til sjávar og dýpkaður, og stólparöð sett báðum megin við rennuna svo langt upp eftir, sem menn byggjust við að fljótið gæti breytt stefnu, og að á bak við þessa stólpa væri svo bygður stuðningsgarður; var svo tilætlunin, að fljótið rynni fram til sjávar eftir rennunni milli stólpanna.

Áður en mæling þessi fór fram, átti eg tal við Otto Wathne um sigling inn í Lagarfljótsós, og áleit hann helzta ráðið til að tryggja hana þessa aðferð, sem eg hefi minst á. Auðvitað er þessi skoðun Sigurðar ekki fullnæg til þess að byggja á henni fjárveitingu til viðgjörðar ósnum. Eg hefi því farið fram á í þingsályktunartillögu þessari, að fé sé veitt til þess að gjöra rækilega rannsókn þess, hvað viðgjörðin mundi kosta, sem og bera viðgjörðarkostnaðinn við ósinn saman við kostnaðinn við það, að leggja veg yfir Fagradal, og athuga viðhaldskostnað hvorstveggja. Hvorttveggja þetta mundi hafa dálítið svipaða þýðingu fyrir Héraðið; þó mundi greið leið eftir fljótinu hafa hana meiri og margbreyttari en akvegurinn og því meiru kostandi til að koma henni á en til vegarins.

Eg hefi sérstaklega nefnt rannsókn á Lagarfljótsós; en yrði svo álitið, að það yrði langt of dýrt að gjöra svo við hann, að hann gæti orðið skipgengur, þá er tilætlun mín, að hinum sama manni yrði og á hendur falið að rannsaka aðra staði við Héraðsflóa, og athuga, hvort ekki væri tiltækilegt að gjöra þar einhversstaðar annarsstaðar höfn með minna tilkostnaði. Nú sem stendur eru þar til smálendingar fyrir báta við fjöllin báðum megin, en eigi fyrir stærri skip. Mönnum er alveg ókunnugt um, hvort eigi mætti koma þar upp einhversstaðar sæmilega tryggri sumarhöfn, án þess að afarfé þyrfti til. Það mundi ekki kosta mjög mikið, þótt þessari skoðun væri bætt við hina, en mikill hagnaður fyrir Héraðið, ef höfn

fengist einhversstaðar við flóann, þó að eigi væri við ósinn, eða í honum, einkum þó væri hún við austurfjöllin.

Hèr er komin fram viðaukatillaga frá h. þm. Ísf. (Sk. Th.) og hefi eg ekkert á móti henni; því að yrði verkfræðingur fenginn hingað á annað borð, þá mundi réttast að fá honum nóg verkefni alt sumarið.

Skúli Thoroddsen: Eg skal leyfa mér að tala fáein orð til þess að gjöra grein fyrir viðaukatill. þeirri, sem eg hefi komið með, og sem fer fram á, að verkfræðingur sá, sem lagt er til að útvegaður sé til þess að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós, rannsaki einnig lendinguna í verstöðinni Bolungarvík og gjöri áætlun um kostnað við byggingu brimgarðs, er gjöri lendinguna tryggari og hættuminni. Eg gjöri ráð fyrir, að háttv. deild sé það kunnugt, að Bolungarvík er aðalverstöðin í Norður-Ísafjarðar- sýslu, og líklega ein hin stærsta verstöð á öllu Íslandi. Verstöð þessi hefir sérstaka þýðingu fyrir Ísafjarðardjúp að því leyti, að þegar veiði bregst við inndjúpið, þá færist útvegurinn þaðan út í Bolungarvík. En því miður er þar lending mjög slæm og stórgrýti mikið; en þegar hafgarðar koma á haustum og vetrum, rífa þeir upp grjótið, eyðileggja varir sjómanna, og brjóta einatt varargarðana, svo það verður jafnan fyrsta verk sjómannanna, eftir hvern hafgarð, að nota fyrsta góðviðrisdaginn til þess að ryðja varirnar á ný, svo að þar sé lendandi. Við þetta missa sjómenn af róðri, og bíða við það tjón mikið, og það því fremur, sem reynsla manna er sú, að mest sé fiskvonin eftir norðvestangarða.

Þegar rýkur upp með garð, meðan skip eru á sjó, er lítt lendandi í Bolungarvík, eins og nú stendur, svo að skip verða þá að hleypa í aðrar veiðistöður, eftir því, hver veðurstaðan er. En menn líta svo á, að töluvert mætti fyrirbyggja þessar sífeldu skemdir og bæta lendinguna með því að byggja brimgarð utarlega í víkinni, því að garður þessi mundi lægja svo báruna á víkinni, að bæði mundi vörunum minni hætta búin af brimróti í hafgörðum og að bátar mundu eiga stórum hægra með að leita þar lendingar, þótt ilt væri í sjóinn. Það er ekki gott að segja, hvað garður þessi mundi kosta; en verkhygnir menn hafa þó álitið, að kostnaðurinn við að byggja hann mundi vart fara fram úr 15—20,000 kr.

Ef álitið yrði hægt að koma garði þessum upp, mundi sýslunefnd Ísafjarðarsýslu að sjálfsögðu fús á, að leggja töluvert fé fram til fyrirtækisins, gegn því, að landssjóður styrkti það að góðum mun, og það því fremur, sem hér er um beint fjárspursmál fyrir landssjóð að ræða, því að það er auðsætt, að útflutningsgjald af fiski mundi aukast við það, ef róðrardögum gæti fjölgað í verstöð þeirri, sem hér ræðir um.

Eg vona því, að háttv. deild taki máli þessu vel, og það því fremur, sem ætla má, að skoðun þessi hafi engan sérlegan kostnað í för með sér, ef að sami maðurinn er látinn rannsaka lendinguna í Bolungarvík og hafnarstæði við Lagarfljótsós, eins og hér er farið fram á.

Landshöfðingi: Eg hefi oft tekið það fram áður, að mér þykir það koma hálf-illa við, að alþingi sé að skora á stjórnina, að framkvæma dýrar ráðstafanir, án þess, að ákveða nokkura sérstaka fjárupphæð til framkvæmda þessara. En þegar svo er ákveðið, að einhverjar framkvæmdir skuli fara fram á kostnað landssjóðs, án þess, að tiltekin upphæð sé veitt til þeirra, þá getur ekki komið til mála, að stjórnin

verði krafin til reikningsskapar fyrir það, þótt hún taki óákveðið fé úr landssjóði til framkvæmda þessara. — Mér sýnist það ekki rétt af þinginu, að fleygja fjárveitingarvaldinu þannig að nokkuru leyti úr höndum sér, og eg veit eigi, hvort háttv. flutningsm. (E. J.) er ljóst, hvað það muni kosta landssjóð, að framkvæma það, sem hann hér fer fram á; eg veit eigi, hvort honum er það kunnugt, að verkfræðingar þeir, sem fást við hafnargjörðir, eru verkfræðinga dýrastir á starfi sínu. — Reykjavík hefir fengið að súpa á þessu; 1896 fekk hún upp verkfræðing til þess að rannsaka, hvað mundi kosta, að koma hér upp skipakví. Hann dvaldi hér um mánaðartíma, og varð þá kostnaðurinn við komu hans um 4000 kr. — Og hver varð svo árangurinn? Í sjálfu sér ekki neinn; og eins er eg hræddur um, að hér mundi fara, því að sé það ókleift fyrir oss, að byggja höfn hér í Reykjavík, hvað mun þá vera fyrir ósi Lagarfljóts?

Hér í Reykjavík var gjörð áætlun um, að hafnarbyggingin mundi kosta talsvert yfir 4 miljónir króna, en eg gæti ímyndað mér, að þar eystra mundi hún kosta 40 miljónir. Það er betur heima setið en að fleygja úr landssjóði fé til þess, sem vér þykjumst fyrir fram sjá, að ekki geti orðið að nokkuru haldi.

Hér í Reykjavík er töluvert öðru máli að skifta að því leyti, að siglingar eru svo miklar hingað, að líklega hefir ekki verið of mikið í lagt, þótt gjört væri ráð fyrir, að skip mundu vilja borga alt að $^1/_2$ miljón króna á ári fyrir það, að mega leggjast hér að hafnarbryggju til að ferma og afferma. Þar eystra mundi ekki mega búast við svo sem neinum slíkum tekjum. Það mundi því lenda á landssjóði, að leggja fram peningana, án þess, að fá svo sem nokkuð í aðra hönd.

Það er nokkuð öðru máli að skifta með tillöguna um Bolungarvík; þar er farið fram á, að gjöra svo miklu minna, byggja þar að eins einfaldan brimgarð. En sé ekki um annað eða meira að gjöra, þá hygg eg, að hinir innlendu verkfræðingar vorir gætu gjört þær áætlanir og lagt ráð á; en verði sú niðurstaðan, að meira þurfi að gjöra til þess, að tryggja lendinguna, þá er hætt við, að reki að hinu sama og með Lagarfljótsós, að það verði of dýrt.

Eg tek það enn fram, að eg er tillögu þessari mótfallinn af því, að eg býst ekki við árangri af því, sem hún fer fram á, en hún hefir þó annars vegar töluverðan kostnað í för með sér; því að fyrst það kostaði 4000 kr., að fá verkfræðing að eins til Reykjavíkur til að dvelja þar rúman mánaðartíma, þá er eg hræddur um, að það mundi ekki kosta minna en 6000 krónur, að framkvæma það, sem hér er farið fram á.

Mér finst annars Lagarfljót ætla að fara að verða nokkuð dýrt, þar sem nú er gjört ráð fyrir, að byggja brú yfir það fyrir 45,000 kr., og setja ferju á það fyrir 3000 kr., og ef svo á að bætast þar á ofan hafnargjörð þar fyrir margar miljónir króna.

Það fer að verða nokkuð mikið í sölur lagt, enda þótt fjölbygt hérað eigi að njóta góðs af.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það er leiðinlegt, að mér hefir ekki hepnast, að tala svo ljóst, að hæstv. landsh. gæti skilist, hvað eiginlega er farið fram á í þingsályktunartillögunni, því að eg vil ætla, að svo hafi fremur verið en hitt, að hann hafi ekki viljað taka tillit til orða minna. (*Landshöfðingi*: Í tillögunni er að eins farið fram á, að

rannsaka, hvað kosti að byggja höfn við Lagarfljótsós).

Það hefir einatt áður verið tekið til greina, þegar getnar hafa verið skýringar á því, hvað meint væri með orðalagi, sem eigi hefir verið sem ljósast eða heppilegast.

En þess gleymdi eg að geta áður í ræðu minni, að þótt eigi sé tekin fram nein viss fjárupphæð til rannsóknarinnar í tillögunni, þá væri tilætlunin sú, að ef tillögunni yrði sint, þá skyldi veitt í fjárlögunum ákveðin upphæð til starfa þessa.

Eg vissi það eigi, að þeir menn, sem rannsaka hafnarstæði, væru dýrari á starfi sínu en aðrir verkfræðingar. — Eg hugsaði, að kostnaðurinn við rannsókn, sem hér er farið fram á, mundi ekki verða öllu meiri en kostnaðurinn varð við, að fá norska verkfræðinginn til að rannsaka brúarstæðið á Lagarfljóti og víðar. Til þess voru veittar 3500 krón., og hæstv. landsh. skýrði mér frá því í gær, að þegar hann hefði síðast vitað til, að þá hefði ekki verið búið að eyða þessu fé öllu.

Mín hugsun var auðvitað ekki sú, að höfn yrði bygð úti í hafi fyrir utan Lagarfljótsós; eg vissi, að það mundi verða alt of dýrt. En til að sýna, að eg hefi ekki komið með tillöguna alveg út í bláinn eða af ásælni við landssjóð, skal eg geta þess, að á Seyðisfirði hafa verið bygðar bryggjur á þann hátt, að staurar hafa verið reknir ofan í sjávarbotninn hver nálægt öðrum og svo sameinaðir og bygt yfir. Þessar bryggjur ná svo langt út, að hafskip geta lagst við þær; hafa þær þegar staðið nokkur ár og ekki haggast.

Þetta hefir vakið þá hugsun hjá mér og fleirum, að all-tryggilega mundi mega búa um staura við fljótsósinn á þann veg, sem eg gat áðan um.

Að sjálfsögðu má gjöra ráð fyrir því, að staurar þessir fúni með tímanum; en takist að gjöra fljótið skipgengt, þá mun það hafa slíka hagsmuni í för með sér, að það muni vel borga sig, að halda rennunni við.

Eg hefi þegar áður tekið það fram, að hugsunin sé, að gjöra fljótsósinn skipgengan á þann hátt, að beina fljótinu beina leið til sjávar og þrengja rensli þess neðanverðs; þá má vænta nægilegs dýpis í því fyrir skip, og hættan mundi verða miklu minni á því, að sandur bærist í ósinn.

Mér finst ekki mega kasta þungum steini á oss austfirzku þingmennina, þótt vér óskum, að eitthvað sé gjört við Lagarfljót, eina fljótið á landinu, sem líklegt er til að gjöra megi skipgengt til muna, til ómetanlegra hagsbóta fyrir eitt hið fjölbygðasta hérað landsins, sem eins og nú stendur getur eigi náð til hafna við sjó, nema yfir örðuga fjallgarða sé farið.

Það eru annars ekki þau ósköp, sem Austuramtið hefir hingað til fengið úr landssjóði til samgöngubóta, að þegar þurfi að fara að telja það eftir því. — Að vísu var fyrir nokkuru síðan veitt dálítið fé til uppsiglingar í Lagarfljótsós, og þá var það O. Wathne, sem tilraunina gjörði, og taldi hann það höfuð-ókostinn, hve óviss lega óssins væri.

Það er fyrst nú, að á að fara að veita töluvert fé til samgöngubóta fyrir austan, þar sem ráðgjört er að byggja brú á Lagarfljót, og ferju yfir það fyrir landsfé.

En þegar litið er til þess, hve afskiftir Austfirðir hafa hingað til verið í vegamálum, þá virðist það varla sæma að telja eftir þær 2—3000 krónur, sem búast má við að gangi til rannsókna þeirra, sem hér er farið fram á að gjörðar séu.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að

taka undir með hæstv. landsh., að mér finst tillagan ekki heppilega orðuð, þar sem hún fer fram á, að rannsakað sé hafnarstæði við Lagarfljótsós, en meiningin þó sú, að gjöra alt annað. — En það er þó einkum annað atriði, sem eg vildi athuga. Ef verkfræðingur er fenginn á annað borð til rannsókna, þá vil eg spyrja, hví einungis sé farið fram á, að hann rannsaki, hvað mikið muni kosta að leggja akveg yfir Fagradal? Mundi ekki hitt vera heppilegra, að fela honum á hendur að rannsaka, hvar heppilegast mundi að leggja akveg af Héraðinu til sjávar, þar sem höfn er fyrir?

Eg kem með þessa athugasemd af því, að eg hefi heyrt verkfræðing segja, að minna mundi kosta að leggja veg upp á Héraðið frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði en frá Reyðarfirði yfir Fagradal, því að þótt Fjarðarheiði væri ærið brött, þá væri þess að gæta, að sú leiðin væri svo miklu styttri en hin.

Vil eg leyfa mér að skjóta því til háttv. flutningsm. (E. J.), hvort hann vilji ekki taka þessa athugasemd til greina, og koma með breytingartill. í þá átt til síðari umræðu.

Tryggvi Gunnarsson: Eg ætlaði mér ekki að tala í þessu máli, en þegar eg heyrði háttv. flutningsm. (E. J.) sækja málið með þessu kappi, þykir mér rétt að geta þess, að eg hefi fyrir nokkurum árum töluvert rannsakað þetta pláss, sem hér ræðir um og hefi líklega lagt miklu meira í sölurnar til þess en h. flutningsm. (E. J.) hefir sjálfur gert; eg hefi teiknað í bók mína kort yfir Lagarfljótsós, sem eg get sýnt hinum háttv. þingmönnum, og get sagt þeim, hvernig hann þá leit út um 2—3 ára bil.

Það er satt, að það væri mikilsvert fyrir Héraðsbúa, ef hægt væri að hafa skipagöngur um ósinn; en náttúruhindranir eru svo miklar á því, að eg skil ekki í, að hygnir menn skuli geta látið sér detta í hug, að það muni bera ávöxt að ætla að reyna að yfirstíga þær.

Þegar eg rannsakaði fljótsósinn, sem eg gat um áðan, fekk eg mér bæði menn og bát til þess að mæla dýpið þaðan, sem fljótið fellur í sjóinn, og upp að svonefndum Steinboga, sem er löng bæjarleið. Uti við sjóinn hagar svo til, að brimgarðurinn mokar sandi upp í fljótsmynnið, og myndar þar rif og grynningar í löngum sveig þvert fyrir fljótsósnum, sem þó breytast á ýmsa vegu, eftir því, hvar og hvernig fljótið brýzt fram gegnum brimgarðinn og sandrifin; þessa sá eg ljósan vott við rannsóknir mínar. Þegar eg var að skoða mig þar um, gekk eg þar þurum fótum árið fyrir á sandgranda einum, sem fljótið árið eftir var búið að grafa í sundur og mynda djúpan ós, einmitt þar, sem þurt hafði verið árið áður; þá hafði fljótið víst flutt sig um eina 50 faðma vestur.

Þar sem eins er háttað og við Lagarfljótsósinn, er lítt sjáanlegt, hvernig hafa ætti svo tryggilegan umbúnað, að staðist gæti aðfarir brimsins og straumþunga fljótsins, sem hvorttveggja vinnur að því að grafa upp og þyrla til ægissandinum. Eg get því alls eigi gjört ráð fyrir, að bygging sú geti staðið, sem háttv. flutningsm. (E. J.) talaði um. Og þótt hún væri svo vel gerð og traust, að hún gæti staðið, þá er ómögulegt að girða fyrir það, að fljótið í vexti og brimgangi brytist í gegnum sandrifið á öðrum stað, og rynni svo þar til sjávar ári síðar en ósbyggingin væri fullgerð.

Þegar eg kom inn fyrir sandrifið og grynningarnar, fann eg, að undanskildum tveim hyljum, hvergi meira en 6—9 feta dýpi; virðist ekki meira en 6—7 feta dýpi þar með hálffölnum sjó við

smástreymi, og sjá allir, að slíkt dýpi er ekki nóg til þess, að hlaðið vöruskip geti flotið.

Það er satt, sem sagt hefir verið, að hafnfræðingar eru dýrari á vinnu sinni en vegfræðingar, og í Danmörku mun vera svo mikil samheldni milli þeirra, að varla sé til þess að hugsa að fá einn öðrum ódýrari. Þeir reikna kaup sitt ekki eftir dögum eða vegalengd, heldur eftir því, hvað verkið eftir áætlun kostar; þeir reikna sér víst hundraðsgjald af þeirri upphæð. Þannig áætlaði hafnfræðingurinn, sem fenginn var til að skoða Reykjavíkurhöfn, að aðgjörðin mundi kosta 4 miljónir kr., og tók 4000 kr. fyrir verk sitt.

Mér getur ekki annað en fundist það varúðarvert, að vera að veita töluvert fé út í bláinn til þess að rannsaka það, sem mér sýnist engin von um að hægt sé að framkvæma; hitt er annað mál, þótt Héraðsbúar æski þess. Fyrst er þeim það stórt hagræði, ef fljótið gæti orðið skipgengt, og svo ætla þeir landssjóði að borga kostnaðinn, svo þeim er engin peningaútgjöld, þótt skoðunin verði árangurslaus, en hagn aður, ef hún hepnaðist.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Í fyrra lagði háttv. þm. (Tr. G.) á móti Lagarfljótsbrúnni, og áleit ómögulegt að koma henni á. Nú er, sem betur fer, annað orðið ofan á. Nú setur hann sig á líkan hátt á móti rannsókninni á Lagarfljótsós, og óska eg að það mál standi líkt af sér á næsta þingi, einsog brúarmálið nú.

Það er ofurhægt að kasta því fram, að furða sé að nokkurir skynberandi menn skuli vera fylgjandi þessu og þessu máli, en út af fyrir sig hefir það afarlítið sönnunargildi. Hér vill nú svo vel til, að maður, sem bæði mátti telja skynsaman og framkvæmdarsaman, Otto Wathne, hefir töluvert fengist við þetta mál; hann gerði þó nokkurar tilraunir til að sigla upp í Lagarfljótsós, og taldi hann höfuð-torveldleikana vera þá, hve fljótið væri reikult í rás sinni. Kvað hann sig að eins bresta fé til þess að gera við ósinn; annars mundi hann þegar ráðast í það. Þetta sagði hann, og eg verð að ætla, að hann hafi verið fult eins »skynbær« að dæma um þetta mál, eins og háttv. 1. þm. Árn. (Tr. G.)

Það getur vel verið, að ekki þurfi reglulegan hafnfræðing til að rannsaka þetta, um það skal eg ekki segja með vissu; en eg hefi álitið það nauðsynlegt, því að slíkur maður hlyti þó að geta bezt um það dæmt. Það er óheppilegt, að hér skuli ekki vera fyrir hendi nákvæmur uppdráttur af fljótinu neðanverðu; en þess skal eg geta, að fyrir innan krókinn á því eru háar sandöldur beggja vegna, sem ekki hafa breytst nú langa lengi, líklega óhætt að segja svo öldum skiftir; það eru því harla lítil líkindi til, að það breyti rensli sínu fyrir ofan öldurnar. Það er fyrst þegar kemur út fyrir þessar öldur, að rensli fljótsins verður á reiki, og það er sérstaklega sá kaflinn, sem mundi þurfa viðgerðar.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Eftir undirtektum hæstv. landsh. og háttv. 1. þm., Árn. (Tr. G.) undir mál þetta sýnist liggja við borð, að þeir af háttv. þm., sem lítt eru kunnir málavöxtum, muni hika við að greiða atkv. með till., og gæti svo farið, að hún yrði feld nú þegar, en það óska eg að eigi verði, ekki þó af því, að eg hafi sérlega trú á því að rannsókn Lagarfljótsóss muni bera mikinn árangur, þótt eg að vísu sé þar ekki fullkunnugur. En það er annar liður tillögunnar, sem gerir það að verkum, að mér er ant um hana, sá liðurinn, sem gerir ráð fyrir því, að rannsökuð sé leiðin frá sjó og upp í Héraðið. Reyndar er þar sá galli á, að eins og tillagan er nú orðuð, er

gert ráð fyrir að rannsaka að eins eina leið, en eg hefi hugsað mér að sameina mig við háttv. þm. Vestm. (V. G.) um, að koma með brtill. um það, að rannsóknin færi fram á fleiri stöðum. Eg segi eins og háttv. þm. Vestm. (V. G.), að mér er vel kunnugt um það, að verkfræðingur, sem farið hefir um á þessum stöðum, hefir látið í ljósi, að hann teldi álitlegra að leggja veg yfir Fjarðarheiði en eftir Fagradal. Þegar svo er, að um tvo eða fleiri staði er að ræða til að leggja veginn á, þá er nauðsynlegt, að vandleg skoðun fari fram á stöðum þessum, áður en byrjað er á vegagjörðinni. Það mundi vera mjög heppilegt, að fá norskan vegfræðing til þess að gera skoðun þessa; það er svo svipað háttað í Noregi sumstaðar og þar, sem skoðunin á að fara fram: brött fjöll og snjókyngi á vetrum. Að því er fannfergjuna snertir, er annars komið svo, að Norðmenn telja hana ekki lengur neinn voðalegan farartálma á vegum, því að þeir hafa áhöld til að jafna snjóinn og þétta hann á vegunum.

Barth, verkfræðingur sá, er skoðaði brúarstæðið á Lagarfljóti, sagði mér t. d, að hann sæi enga sérlega örðugleika á því, að hafa akveg á vetrum yfir Öxnadalsheiði, og þekkja þó kunnugir menn til, hvernig hún er þá yfirferðar.

Eftir þessu að dæma er alls eigi ólíklegt, að gera megi akveg yfir Fjarðarheiði frá Seyðisfirði, aðalhafnarstöðinni á Austurlandi; akveg, sem megi nota bæði um sumar og líklega líka á vetrum.

Landshöfðingi: Ef það er meiningin, að breyta tillögu þessari þannig, að að eins sé farið fram á að rannsaka, hvort heldur skuli leggja akveg yfir Fjarðarheiði eða Fagradal, þá sé eg ekki, að til þess þurfi útlendan verkfræðing; eg sé ekki betur en að það ætti að vera hægt að fela verkfræðing þeim, sem launaður er af landsins fé, það starf á hendur. Eg er ekki svo kunnugur þeim stöðum, sem hér er um að ræða, að eg geti af eigin sjón eða reynd dæmt um þá; en eg hefi fyrir mér frásögn kunnugs verkfræðings um það, að varla geti verið um að tala, að fær akvegur geti verið yfir Fjarðarheiði, nema 2—3 mánuði af árinu. Vér höfum líka fyrir oss dæmið af Hellisheiðarveginum; þar eru sjálfsagt miklu minni snjóþyngsli að jafnaði, og er þar þó eins og kunnugt er ekki fær akvegur nándarnærri allan veturinn. Það skyldi vera, að það væri tilætlunin, að byggja yfir þessa nýu vetrarakvegi nokkurs konar þök, þar sem hætt er við snjóflóðum og snjókyngi, eins og gjört er sumstaðar í Ameríku og í Sviss, en það mundi verða nokkuð dýrt.

ATKVGR: Málinu vísað til síðari umr. með 18 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Kl. Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
Bened. Sveinsson,	Þórður Thoroddsen.
Björn Sigfússon,	
Guðj. Guðlaugsson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Halldór Daníelss.,	
Jens Pálsson,	
Jón Jensson,	
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundss.	

Síðari umr, 19. júlí (C. 91, 102, 114, 118, 131).

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Við

fyrri umr. málsins tók eg fram ástæðurnar fyrir því, að tillaga þessi er komin hér fram, og vona eg að háttv. deild líti með sanngirni á þær, og að hún taki sérstaklega tillit til þess, hve illa hérað það, sem hér ræðir um, er sett, að því er snertir samgöngur til sjávar.

Eg hefi nú komið fram með brtill. í þá átt, sem eg gerði ráð fyrir við fyrri umræðuna, til þess að skýra tilætlun tillögunnar, og vona eg að hún geri hana aðgengilegri til atkvæða.

En svo hafa og komið fram fleiri br.-till., sumar líkar brtill. minni, en sumar nokkuð ólíkar, og skal eg sérstaklega víkja mér að brtill. á þingskj. 114, er fer fram á það, að verkfræðingur landsins sé látinn rannsaka Lagarfljótsósinn. Eg get ekki mælt með þessari brtill., því að eg get ekki neitað því, að eg hefi meiri trú á því, að útlendur verkfræðingur framkvæmi rannsóknina, með því að eg gjöri ráð fyrir, að til þess verði fenginn maður, sem kann að hafnagjörð og að því, að gera ár og ósa skipgenga; en eg veit ekki, hvort verkfræðingur vor hefir næga þekkingu á slíku. Af þessu er eg brtill. mótfallinn, og vildi heldur óska, að till. mín fengi framgang. Eg hafði að vísu upphaflega orðað till. svo, að verkfræðingurinn skyldi rannsaka, hvort dýrara mundi verða að byggja höfn við Lagarfljótsós eða leggja veg yfir Fagradal. En nú hefir komið fram brtill. um það, að eigi skuli að eins rannsaka þennan eina veg, heldur skuli verkfræðingurinn rannsaka, hvar tiltækilegast muni yfir höfuð að legga akveg frá sjó til Héraðsins.

Í sjálfu sér hefi eg ekkert á móti þessu; en fyrir mitt leyti hygg eg að Fagridalur muni reynast heppilegasta leiðin til að leggja akveg yfir frá sjó til Héraðs. Eg hefi ekki mikla trú á því, að akvegur yfir Vestdalsheiði eða Fjarðarheiði geti komið að nándarnærri fullum notum, og hlyti auk þess að verða mjög dýr. Þær eru báðar svo brattar, að erfitt mun að leggja veg upp eftir þeim, og auk þess liggja þær undir djúpum snjó svo langan tíma ársins.

Það er enn eitt atriði, sem eg vil minnast á viðvíkjandi þessu máli. Í Lagarfljóti er foss einn, eigi mjög langt frá sjó, hjá Kirkjubæ, foss, sem er talinn all-álitlegur til að framleiða afl til notkunar við verksmiðjurekstur. Það mundi því hafa mikla þýðingu, ef hægt væri að flytja verkefni til verksmiðju og vinnu frá henni gegnum ósinn að og frá fossinum; flutningurinn yrði svo margfalt ódýrari á þann hátt en eftir akbraut annars staðar. Sá flutningur getur orðið svo dýr, að hans eins vegna þætti það ókleift að reka verksmiðju við fossinn.

Björn Sigfússon: Mér skildist svo á háttv. flutningsm. (E. J.) við fyrri umr. þessa máls, að það væri ekki meiningin, að fá verkfræðing til að rannsaka hafnarstæði við Lagarfljótsós, heldur til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að leiða ósinn á einum og sama stað til sjávar, og láta hann grafa sig þar niður, svo að hann gæti orðið skipgengur. Þetta er alt annað en að rannsaka hafnarstæði, og mér skilst ekki, að það geti verið vandasamara verk en svo, að verkfræðing landsins ætti ekki að vera ofætlun að leysa það fullvel af hendi, og að til þess þyrfti ekki sérstakan hafnaverkfræðing. Og hvað því viðvíkur, að rannsaka lagningu akvegar yfir Fagradal og kostnaðinn við það, þá efast eg ekki um, að verkfræðingur landsins sé fær um það. Það er auðsætt, að það mundi verða marg-

falt dýrara, að fá útlendan verkfræðing, en að nota innlenda verkfræðinginn, og eg veit ekki, af hverju menn vilja ganga á snið við hann, þar sem það mun þó vilji manna, að hann hafi nóg að starfa.

Það er engan veginn meiningin að vilja spilla fyrir málinu, en vér skoðum svo, að hægt sé að ná sama tilganginum á eins praktiskan hátt eftir till. vorri, en með miklu minna tilkostnaði. Eg sé því ekki, að nokkur ástæða geti verið til þess, að setja sig móti breytingartill. vorri.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Eg efast ekki um, að verkfræðingur vor mundi geta reiknað út, hvað kostaði að gera við Lagarfljótsósinn á þann hátt, er eg benti til við fyrri umr.; en eg veit ekki, hvort hann hefir næga þekkingu til að geta sagt um, hvort verkið væri tiltækilegt eða ekki; eg veit ekki, hvort hann þekkir staði erlendis, þar sem líkt stendur á eða hvort hann þekkir, hvernig gengið hefir að gera við þá. Hér er nl. ekki einungis um það að gera, að fá að vita, hvað verkið sjálft muni kosta, heldur líka, hvort leggjandi sé út í að byrja á verkinu, þar sem svo stendur á eins og hér, að gjöra þarf fastan farveg fyrir fljót gegnum ægissand til sjávar. Þar ætti reynsla annarstaðar að geta verið til leiðbeiningar um það, hvort leggjandi sé út í hinn mikla kostnað, sem verkið hlýtur að hafa í för með sér. Ennfremur þarf að rannsaka það, hvort fljótið muni hafa nægilegt afl til þess að halda skurðinum skipgengum til frambúðar, með því að sporna við því, að sandur safnist í hann. Eg veit nú ekki, hvort verkfræðingur landsins er vaxinn þessum rannsóknum. En aðalatriðið er þó þetta: Er hægt að gera ósinn skipgengan? og þar næst: Hvað mun það kosta?

Jens Pálsson: Síðan þessi tillaga var hér til fyrri umræðu, hefi eg reynt að leita mér þeirra upplýsinga, sem eg hefi átt kost á viðvíkjandi staðháttum við Lagarfjótsós; meðal annars hefi eg útvegað mér kort yfir ósinn. Þetta hefir nú orðið til þess, að eg hefi mist alla trú á, að hann geti orðið notaður sem hafnarstæði, nema þá með þeim afarkostnaði, sem ekki getur komið til greina fyrir oss að leggja út í nú.

En hvað viðvíkur framræslu óssins, svo að hann verði skipgengur fyrir smærri skip, þá hygg eg, að af því að um verk er að ræða, sem á að vinna á landi, þá muni verkfræðingur vor geta sagt um, hvort það muni tiltækilegt eða ekki. Að minsta kosti getur hann sagt um það, þegar hann hefir kynt sér málavöxtu, hvort hann treysti sér til að leggja ráðin á með framræsluna. Gæti umsögn hans svo legið fyrir næsta þingi. Auðvitað gæti þetta orðið til þess að fresta málinu um tveggja ára bil, en þess er að gæta, að um töluverða fjárupphæð er að ræða, ef á að fara að útvega útlendan hafngjörðarfræðing. Hæstv. landsh. gjörði ráð fyrir, að það mundi aldrei verða undir 6000 kr., og það er svo mikið fé að ekki er vert að kasta því út, ef ekki ber brýna nauðsyn til.

Það sem háttv. flutningsm. (E. J.) talaði um fossinn í fljótinu og að hann væri líklegur til þess að knýja fram vinnuvélar, þá er það fremur ástæða móti því en með, að vér hröðum mjög málinu; því að það er auðsætt, að varla munu aðrir taka fossinn í sína þjónustu en útlendir auðmenn, menn, sem hafa bein í hendi til að ryðja burt tálmunum við iðnrekstur sinn, og tel

eg það alveg víst, að þeir meðal annars mundu, ef tiltækilegt þætti, gjöra fljótið skipgengt til sjávar; hitt gæti auðvitað komið til mála, að landssjóður legði eitthvert fé fram til þess, ef til kæmi.

Frá þessu sjónarmiði hlýt eg að líta á málið, og tek eg það þó nærri mér sökum hins góða vinar míns 1. þingm. N.-Múl. (E. J.), að geta ekki fylgt honum að þessu máli; en það hlýtur nú svo að vera.

ATKVGR.: Breyttill. við breyttill. á þingskj. 114 samþykt með 16 samhlj. atkv.

Brt. á þgskj 114 samþ. með 13 shlj. atkv.

Tillagan með áorðnum breytingum samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreidd til Ed.

Skipaleið inn á Hornafjörð og Papós.

(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um að skipaleið inn á Hornafjörð og Papós verði mæld, (C. 462, 483); ein umræða.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Þessi tillaga stendur í nánu sambandi við þá tillögu, sem var til meðferðar næst á undan. Eg skal geta þess, að þessi höfn, sem liggur næst hinni hafnarlausu suðurströnd landsins, hefir aldrei verið mæld upp af herskipum, en hún liggur svo nærri leið þeirra, að það mundi ekki kosta mikla fyrirhöfn. Eg hefi jafnframt mælst til, að Papós yrði mældur upp. Sú höfn er að sumu leyti laus við þá annmarka, sem Hornafjörður hefir, straumur er þar minni, en höfnin er þar grynnri og innsiglingin þröng, en að öðru leyti hættulaus. Eina tilraunin, sem gjörð hefir verið til að komast þangað með strandferðabát (»Bremnæs« árið 1896) mishepnaðist, af því menn fóru skakka leið. Eg býst við að skip Tuliniusar mundu koma á þessa höfn, ef hann tæki að sér strandferðir til Hornafjarðar. Vona eg að háttv. þing og hæstv. landsh. taki þessa tillögu til greina.

Jens Pálsson: Eg hefi leyft mér með till. á þingskjali 483 að fara fram á, að einnig yrði mæld innsigling á Salthólmavík við Gilsfjörð, sem ekki fyrir löngu er orðin verzlunarstaður. Ástæðan, er sú að það er sannreynt, að innsiglingin er fær allstórum gufuskipum; þannig hafa tvisvar komið þangað gufuskip frá Zöllner og Vídalín, en strandferðaskipin hafa ekki fengist þangað, af því að leiðin er ómæld. Það væri til mikils hagnaðar bæði fyrir Saurbæjarsveit og Geirdalshrepp, ef strandferðaskipin gætu komið þar við, þó ekki væri nema tvisvar á ári. Eg vona að þessi viðaukatillaga mín fái að fylgjast með og verði samþykt.

ATKVGR.: Þá var borin upp breytingar- og viðaukatillaga á þingskjali 483 og samþykt með 14 atkv.

Tillaga á þingskj. 462 samþ. með 14 atkv.

Málið síðan afgreitt til Ed.

Strandferðir. I.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsál. um um strandferðir (C. 308, 329); fyrri umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Sk.): Af því eg er upphafsmaður till. á þingskj 308, skal eg leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum. Það er kunnugt, að Hornafjörður er syðsta höfn á austurhluta landsins og sú höfnin, sem næst er hinni hafnalausu suðurströnd. Þar hagar svo til, að inn-

siglingin er um ós, sem allmikill straumur er í, og liggja sandeyrar beggja megin við ósinn; þegar inn fyrir kemur, er höfnin djúp, enda er leiðin inn hvergi grunn, en þröng, og ekki skerjalaust fyrir utan. Það þykir því annmörkum bundið, að komast þar inn, og verður að sæta sjávarföllum vegna straumsins í ósnum. Það voru liðin um 20 ár frá því er strandferðir hófust hér við land, þegar gufuskip kom fyrst reglulegar ferðir á þessa höfn. »Brimnes« kom þar fyrst 1896; þessi bátur kom því nær ætlið, þegar hann átti að koma, og fór hann innar á fjörðinn, þangað sem straumur er lítill og lægi betra. Það kom að eins einu sinni fyrir að haustlagi, að báturinn fór fram hjá. Með »Hóla« hefir þetta verið nokkuð á annan veg. Reyndar komu þeir oftast í fyrra sumar, og fóru ekki fram hjá frá því um vorið og þar til í september í haust er var, en þá fóru þeir hjá, og hefir hafnsögumaðurinn, sem er reyndur og gætinn sjómaður, sagt mér, að vel hefði verið fært fyrir veður sakir, en skipstjóra þótti það að eins of tafasamt. Í sumar hefir það borið við hvað eftir annað, að »Hólar« hafa farið fram hjá, og munu ekki æfinlega hafa verið fullgildar ástæður til þess.

Gufuskipafélagið fylgir ekki samningum, ef það tekur þessa höfn undan. Það er varla eins áríðandi að strandferðir komi reglulega á neina höfn og einmitt á þessa, og væri því betra að hafa ferðirnar færri og vissari, t. d. að hafa að eins 3 ferðir hvora leið, því að hafa ferðirnar svo óvissar getur orðið til mikils tjóns. Þegar »Hólar« fóru 1. ferð sína í vor, fóru þeir fram hjá Hornafirði og var þá bjart veður. Þá voru mjög margir farþegar, sem ætluðu með skipinu, og mundi þetta hafa valdið þeim miklum kostnaði og óhagræði, ef ekki hefði staðið svo á, að þeir gátu komist með öðrum skipum; því einmitt um sama leyti fóru 3 gufuskip út frá Hornafirði. Þar sem nú höfnin er svona sett, eins og eg hefi bent á, vona eg að þingið finni ástæðu til að herða að gufuskipafélaginu með að halda samninga sína og láta skip koma svo oft og reglulega, sem verða má á þessa höfn. Í tillögunni hefi eg að eins farið fram á, að skipið komi að minsta kosti þrisvar við á suðurleið og þrisvar á austurleið á hverju sumri, en að þær ferðir væru vissar og áreiðanlegar, og ekki farið fram hjá höfninni, ef unt væri að koma. En sé ekki þannig tekið í taumana af þingi og stjórn, er hætt við að »Hólar« gjöri þetta oftar og oftar, og hætti svo ef til vill að koma nokkurn tíma á Hornafjörð.

Vilji Gufuskipafélagið ekki fallast á þessa tillögu eða taka Hornafjörð í tölu hinna föstu viðkomustaða, ætti það að láta af hendi svo sem 1000 kr., sem þá mætti greiða Thor E. Tulinius til að halda uppi ferðum á þessa höfn, og mundi hann eflaust taka það að sér. Á aðrar breytingartill. skal eg ekki minnast, en að eins geta þess, að eg hef ekkert á móti brt. h. þm. N.-Múl. (E. J.)

Einar Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breytingartill. við till. þá er hér liggur fyrir, ásamt viðaukatillögu. Eg hefi ekkert að athuga við sjálfa tillöguna og þarf heldur ekki að fara mörgum orðum um breyttill. mína, þar sem flutningsm. hafa lýst því yfir að þeir væru henni meðmæltir. Aftur á móti vil eg leyfa mér að skýra viðaukatill. með nokkrum orðum.

Á þingi 1897 var það ákveðið, að strandferðabáturinn skyldi koma við á Lagarfljótsós, ef þess væri óskað af Héraðsbúum. Þetta var gert á sýslu-

fundi strax um haustið '97 og ítrekað síðar; það var óskað eftir, að báturinn kæmi við á vorin, helzt í maí, og svo um sumarið í júní og júlí; en þessi ósk hefir hingað til ekki borið neinn ávöxt og hefir því verið barið við, að hér væri engin höfn, sem skip gætu lagt til; en ósk Héraðsbúa studdist aftur við það, að af Seyðisfirði má oftast sjá, hvernig hagar til með veður og sjó á flóanum, hvort logn er þar og kyrt í sjó eða ekki. Það hefir oft komið fyrir, að ýmsar vörur hafa verið fluttar á bátum og skipum bæði upp að söndunum og eins upp að ósnum, og yfirleitt tekist vel. T. d. var í fyrra vor sett upp á söndunum hjá ósnum timbur af gufuskipi frá Noregi og tókst vel. Það sem hér er farið fram á, er ekki að gera það að skyldu að taka þennan stað upp á ferðaáætlunina, heldur að áætlunin sé höfð svo rúm, að kostur sé fyrir skipið að koma hér við, ef þess er óskað og veður og vindur leyfir. Þetta hefir afarmikla þýðingu fyrir alla flutninga á Héraðinu; en eins og kunnugt er, þá eru allir aðflutningar þangað mjög örðugir, og gæti það orðið til mikils hags fyrir útsveitir Fljótsdaldshéraðs, ef strandferðabáturinn fengist til að koma þar við, þó ekki væri nema í þau skifti, er hér ræðir um.

Að þetta er ekki nein frágangssök, jafnvel með þeirri áætlun, sem er, ef skipstjóri annars vill vel gjöra, sést bezt á því, að í vor er leið voru frá Vopnafirði sendar 60 tunnur af korni að Keri, sem er vestanvert við Jökulsá yzt í Jökulsárhlíð, og þeim skipað upp þar, og tókst vel, án þess að strandbáturinn teföist nokkuð til meins. Aftur var þess síðar farið á leit við sama skipstjóra, að flytja vörur frá Seyðisfirði að Héraðssöndum, en þá neitaði hann því, þótt tími og veður leyfði. Af þessu sést, að það er full ástæða til, að herða á, að flutningar þessir gætu tekist, og í þeim tilgangi er þessi viðaukatillaga komin fram.

Síðari hluti till. er kominn fram af þeirri ástæðu, að flutningsgjald fyrir þetta korn, sem eg gat um að í vor hefði verið flutt að Keri, var sett hærra en annars hafna á milli þar eystra, og er þá tilgangur þessa síðari hluta till., að koma því til leiðar, að flutningseyrir til þessa staðar sé í réttu hlutfalli við flutningseyri milli annara hafna á sömu stöðvum, af því að það er engin ástæða til, að hann sé tiltölulega dýrari, ef tími og veður annars leyfir að koma þar við.

Eg treysti háttv. þingd. til að líta svo sanngjörnum augum á þetta mál, að hún gefi þessum till. mínum atkv. sitt.

Klemens Jónsson: Eg á hér eina viðaukatill., um að bæta við tveim viðkomustöðum í Eyjafirði, og skal eg leyfa mér að fara örfáum orðum um hana. Annar viðkomustaðurinn, er eg óska að bæta inn á áætlunina, er Hrísey, en hinn er Ólafsfjörður. Eg skal geta þess, að það er svo sem enginn krókur að koma við á þessum stöðum. Hvað Hrísey snertir, þá er krókurinn alls enginn, því leið gufubátsins liggur nú rétt við suðurendann á Hrísey yfir seglskipaleguna, og töfin yrði því alls engin, enda hefir Skálholt flutt bæði farþega og flutning út í eyjuna, þegar þess hefir verið óskað; en vegna þess, að eyjan hefir ekki staðið á áætluninni, þá hefir fólk ekki þorað að treysta á þessar ferðir, og þær því ekki verið eins almennt notaðar, eins og æskilegt væri, því Hrísey er, eins og allir vita, miðdepill Eyjafjarðar. Til þess að koma við á Ólafsfirði þarf báturinn að krækja fyrir Ólafsfjarðarmúla, og kostar sá krókur svo sem 15 mínútur; en á hinn bóginn hefir það mikla þýðingu, að báturinn komi þar við, sér-

staklega af því, að í Ólafsfjarðarhorni hefir um nokkur ár verið rekin sveitaverzlun. Þetta kemur líka því ver niður á Ólafsfirðingum, sem þeir eru vanir því frá því að Brimnes hafði strandferðirnar norður og austur um land, að fá gufubátinn inn á fjörðinn, en ástæðan til þess, að firðinum hefir verið slept sem viðkomustað, er víst tómur misgáningur, því hann stóð í till. h. Nd., en hefir fallið úr í Ed. á síðasta þingi. Eins og h. þingdm. sjá, þá er það að eins lítil töf fyrir strandferðabátinn að koma hér við, en hins vegar er þetta innileg ósk almennings, sem hvað eftir annað hefir verið tekin fram við mig á manntalsþingum, og vonast eg því til, að h. þingd. fallist á þessa viðaukatill. mína. Eg skal taka það fram, að Ólafsfirðingar hafa ekki nema um tvo staði að velja til aðflutninga, annaðhvort Siglufjörð eða Akureyri, og leiðin til Akureyrar er þeim mun hægri og notadrýgri, ef þeir gætu notað hana; en það verður því að eins, að Skálholt komi við á firðinum fram og aftur.

Eg skal að endingu drepa á það, hvort ekki væri ástæða til að beita hér 39. gr. þingskapanna; hún hefir mér vitanlega ekki verið mikið notuð, en virðist einmitt eiga mjög vel við hér. Greinin hljóðar svo: »Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans«. Eg er sem sé hræddur um, að þessum viðaukatill. geti fjölgað um of, bæði hér í deildinni og eins þegar till. kemur til h. Ed., og eg álít það mikið spursmál, hvort þingd. geti tekið þannig ákvarðanir um einstakar hafnir; mér finst því langréttast fyrir deildina, að vísa þessu máli í heild sinni til landsh. Eg vil þó ekki gera þetta að uppástungu minni nú við þessa umr., en mun seinna koma að því aftur, en eg vildi þó hreyfa því nú, svo menn gætu athugað það, og eg gæti fengið að heyra ástæður manna með og móti.

Jens Pálsson: Eg vil minnast lítið eitt á breyt.till., sem eg á, breyt.till. á þgskj. 360. Hún er fram komin hér, sú tillaga, eftir almennri ósk í kjördæmi mínu; það kom fram á þingmálafundi í vor ósk um, annaðhvort að fá litinn bát sérstakan, til að bæta úr samgönguskortinum hafna á milli á Breiðaflóa, og til vara áskorun um að fjölga ferðum strandferðabátsins á Hvammsfjörð og Skarðsstöð. Eg veit, að það er áhugi á þessu máli í kjördæmi mínu, og ekki að ástæðulausu, því að Breiðiflói er stór flói, og á við tilfinnanlegan samgönguskort á sjónum að búa. Nú sem stendur kemur strandferðabáturinn á þessa tvo staði að eins í 2 af þeim 6 ferðum, er hann fer vestur um land, fram og aftur. Tillaga mín fer nú fram á, að strandferðabáturinn komi þar við í 4 ferðum af þeim 6, er hann fer vestur og norður. Það eru mikil héröð, er hefðu not af þessum ferðum, öll Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og næstu hreppar Strandasýslu, jafnvel í almennum árum, þegar ekki bannar ís, auk heldur þegar ísinn liggur fyrir landi. Fyrir því er það mjög svo mikilsvert, að fjölga ferðunum. Vitanlega er nokkur krókur inn á þessa staði, og á Hvammsfirði er nokkur annmarki, sá, að ekki er hægt að komast inn um innsiglinguna á hann, sem Röst er nefnd, nema um flóð. Vegna þess að eg vissi af þessum vandkvæðum talaði eg um þetta, einmitt nú í sumar, við skipstjórann á »Laura«, Christiansen, tjáði honum þessar óskir þeirra vestanmanna, og spurði hann, hvort þessi vandkvæði væru svo mikil, að ekki væri unt að fjölga ferðunum þeirra vegna. Hugði hann það

enga frágangssök; hann var málinu hlyntur, fanst þörf vera á því, og jafnvel hét að mæla með því. Hann bjóst við, að þar sem sá báturinn, er vestanlands gengur, fer 6 ferðir, meðan hinn fer 7, þá mundi hann hafa nægan tíma til þess, að bæta þessum stöðum við sig. En hann tók það sérstaklega fram, að hann gæti ekki gengið inn á, að bátnum yrði gert að skyldu, að koma á Hvammsfjörð á haustin, því þar getur staðið svo á, að ekki verði komist inn nema með því að sæta lagi og bíða, þegar flóðliggjandi er á morgnana áður en bjart er orðið, eða á kvöldin, þegar dimt er; en á öðrum tímum áleit hann ekki nein vandkvæði á því, og tjáði sig hlyntan því, en gat þess, að heppilegast væri, að óskir um þetta kæmu gegnum stjórnina annaðhvort frá þinginu eða sýslufélögunum.

Frá þessum málavöxtum vildi eg skýra, og hversu sem um þetta mál fer, vona eg að h. þingdm. geti litið svo á þetta, sem eg, að þetta hérað, sem liggur við þann hinn breiða flóa, sé nokkuð afskift, og fari öðrum fremur á mis við strandferðirnar, þar sem þeir hafa not að eins af 2 ferðunum, og að þeir geti verið hlyntir einhverri viðbót, sem ekki fer í bága við ferðir bátsins að öðru leyti, svo að honum verði veruleg töf að.

Tryggvi Gunnarsson: Eg hefi eina fram að bera af hinum mörgu breyt.-till. við strandferðirnar, og er hún fram komin eftir ósk kjósenda minna, að skipið komi við á Stokkseyri og Eyrarbakka; — en satt að segja — á eg bágt með að mæla sérstaklega með henni, meðan ekki er gjört við höfnina á Stokkseyri, og það er ein aðalhvötin fyrir mig, að mæla með fjárveitingu til aðgjörðar á Stokkseyrarhöfn, að mögulegt sé að strandferðaskipið geti komið þangað.

Í öðru lagi get eg ekki neitað því, að eg hefi að undanförnu haft þá skoðun, að það væri ekki heppilegt að fjölga um of viðkomustöðum póstskipanna. Það er tvent, sem alt af ber að líta á, þegar um ferðaáætlanir skipa er að ræða. Í fyrsta lagi verður að haga ferðunum svo, að farþegar, vegna tíma og kostnaðar, geti komist sem fljótast til þeirra staða, sem þeir ætla til, og að skipið sé ekki að krækja á of margar víkur og voga. Eg hefi heyrt marga segja, síðan strandferðabátarnir hófu ferðir sínar, að það sé ófært að fara með þeim, þeir séu svo lengi á leiðinni; og það er vitanlegt, að margir sæta öðrum ferðum nú, ef þeir geta, einmitt vegna þess, hve viðkomustaðirnir eru margir og ferðatíminn langur. Í öðru lagi hafa þeir, sem senda póst með skipum eða vörur, heimtingu á, að skipin komi ekki á svo illar hafnir, að farmi, og einkum mönnum og pósti, sé hætta búin. Eg get tekið undir það, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það sé betra að ákveða skipi að koma sjaldnar, og eiga þá víst að það komi, heldur en að því sé ætlað að koma oft, og eiga það svo í óvissu að það komi. Að skip kemur sjaldan á einhvern stað, getur verið bagalegt fyrir bygðarlagið að vísu, en hitt er þó miklu verra, að skipið kemur ekki þar, sem því er ætlað að koma; menn eiga þá von á því, og hafa búið sig undir að fara með því; eða senda vörur, eða fá vörur með því; aðrir hafa lagt á stað heiman að frá sér, til að ferðast með því, en skipið kemur ekki, svo þeir verða að snúa heim aftur, og allir verða blektir og margir skaðast. En aftur á hinn bóginn hefir skipið eytt tíma til að reyna að komast á þennan stað, en orðið frá að hverfa, af því veður hefir bannað eða hafrót, eða dimmviðri. Af þeim tillögum, sem hér

liggja fyrir, álít eg tillögu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hættulausa, og mun eg greiða atkv. með henni, af því höfnin er góð og beint í leið skipsins; sömuleiðis greiði eg sjálfsagt atkvæði með minni eigin breyt.till.; en þá fer það að fækka, sem eg get greitt atkvæði með. Tillöguna um Hornafjörð er mér ekki um; eg vildi helzt að Hornafjörður væri dreginn út úr ferðaáætlun strandskipsins, en Gufuskipafélagið skili aftur 3000 kr. af tillaginu, sem landssjóður greiðir, og stórkaupmaður Tulinius síðan fái það, og honum svo falið að annast þann stað. Tillöguna um, að fjölga viðkomum á Hvammstjörð, álít eg ekki heppilega, þegar á alt er litið, þó hún kunni að vera hentug fyrir héraðsbúa þar, því af því mundi leiða mikla tímatöf fyrir farþega. Að öðru leyti er eg samþykkur uppástungu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að heppilegast sé, að ljúka þessu máli með rökstuddri dagskrá, og fela landsstjórninni að ráða fram úr og vinza úr þessum mörgu tillögum.

Valtýr Guðmundsson: Eg var framsm. nefndar þeirrar, er hafði þetta mál til meðferðar á síðasta þingi, og verð eg að geta þess, að mér þótti þá nóg um það, hve margir viðkomustaðir voru tilteknir; en þó þeir væru margir þá, þá færist nú skörin upp í bekkinn, þar sem hér liggja fyrir tillögur um 11 nýja viðkomustaði, auk fjölgunar á ferðum til þeirra staða, er skipin hafa áður komið við á. Og eg segi fyrir mitt leyti, að mér lízt ekki á ferðaáætlun skipanna, ef þetta á alt fram að komast, sem hér er farið fram á. Afleiðingin verður eflaust sú, að ferðirnar verða svo seinar, að þær koma ekki að hálfu gangi, og seinast kemst líklega svo langt, að báturinn, sem fer vestur um land, nær ekki að fara fleiri ferðir en 4 í stað 6, sem hann nú fer.

Að því er snertir Eyjafjörð, þá held eg, að það sé þegar svo vel fyrir honum séð, að hann þurfi ekki viðbót. Viðkomustaðirnir eru nú orðnir 4 alls á firðinum, og ætti það að geta nægt Eg álít stjórnina í þessum greinum hlífast of mikið við félagið. Stjórninni er í lófa lagið, að koma hverjum stað inn í ferðaáætlunina, sem hún vill, því að hún á að veita samþykki sitt til, að styrkurinn til þess sé útborgaður, og getur gert það að skilyrði, að hver sá staður sé tekinn á áætlun, er hún tekur til, og þingið hefir til nefnt. Þess vegna er það heppilegasti vegurinn, að viðkomandi héröð sneru sér til stjórnarinnar, og miklu réttara, heldur en að hver einstakur þm. sé að reyna að pota inn einni og einni höfn. Það er líklegt, að miklu meiri jöfnuður næðist, með því að leggja þetta í hönd stjórnarinnar. Þeir sem kvíða ókunnugleik stjórnarinnar í Höfn, þurfa ekki að bera kvíðboga fyrir, að hann verði að baga; því að áætlunin mun ævinlega vera borin undir landsh., áður en hún er samþykt.

Viðvíkjandi Hornafirði verð eg að játa það, að mér finst full ástæða til að þar sé fastur viðkomustaður, þó að skipið komi þar sjaldnar við en nú er tiltekið. Það er ákaflega óþægilegt, að skipið fari þar fram hjá, þegar það á að koma þar við samkvæmt áætluninni, og það er ófært og óþolandi, að það skuli vera komið undir geðþekni skipstjórans, hvort ferðaáætluninni er fylgt eða ekki. Annaðhvort er, að stjórnin sjái um að ferðaáætluninni sé fylgt að því er Hornafjörð snertir, eða að félagið afsali sér nokkrum hluta tillagsins, og leggi niður ferðirnar til Hornafjarðar, svo að hægt sé að semja við annan.

Það er annað atriði til, sem sýnir

gjörræði félagsins og eftirlitsleysi stjórnarinnar með gjörðum þess. Félagið lætur strandferðaskipið alt af koma við á Skagaströnd, þvert ofan í það, sem alþingi hafði tiltekið, því að það hafði ætlast til, að Blönduós yrði miðpunktur héraðsins; og þetta gerir félagið eingöngu af því, að það heldur upp á kaupmann á Skagaströnd. Þetta þyrfti að laga, og sjórninni er innan handar að laga það, ef hún kærir sig um það.

Af því að eg ímynda mér, að til vandræða muni horfa, þegar til atkv. kemur um tillögurnar allar saman, leyfi eg mér að koma fram með dagskrá með ástæðum, er eg leyfi mér að afhenda forseta.

Björn Sigfússon: Eg vildi, um leið og þessi tillaga er rædd, minnast á eitt atriði viðvíkjandi strandferðunum. Eins og kunnugt er, þá var það meining þingsins '97, eða að minsta kosti samgöngumálanefndar þeirrar, sem þingið þá skipaði, að strandbátarnir að austan og vestan skyldu mætast á Akureyri. En nú hefir gufuskipafélagið breytt þessu þannig, að strandbátarnir hittast eigi á Akureyri í fyrstu ferðunum á árinu. Eg hefi orðið þess var, að margir hafa álitið þetta fyrirkomulag óheppilegt, og að mönnum sé gerður ógreiði með þessu; en mér er ekki fullkunnugt um, hvað reynslan hefir sýnt í þessu efni, hvort þessi ruglingur hafi ekki orðið til ills. Ef nú reynslan, eins og eg hygg, hefði sýnt, að þetta fyrirkomulag væri óheppilegt, þá ætti að breyta því og reyna að knýja stjórn gufuskipafélagsins til að fylgja vilja þingsins, eins og upphaflega var ætlast til. Eg vildi óska, að einhverjir, sem því eru kunnugri, vildu skýra frá þessu, t. d. h. þm. Eyf., og láta skoðun sína í ljósi um þetta atriði.

Eg er því samþykkur, að óheppilegt sé, að viðkomustaðir bátanna séu mjög margir; það verður til að seinka ferð unum um of, og þær koma mönnum síður að notum. Að gufuskipafélagið hafi ekki farið eftir því, sem síðasta þing ætlaðist til og því er skylt eftir samningi, sést t. d. af því, að það hefir á áætlunina sett Skagaströnd í fyrsta flokk, í staðinn fyrir Blönduós; þar er um beint samningsbrot að ræða. Eg verð að vera samþykkur h. þm. Vestm. (V. G.) um, að þetta og fl. mætti laga, með því að viðkomandi héruð sneru sér til landsstjórnarinnar, og eg get þess vegna fallist á, að samþykkja hina rökstuddu dagskrá, sem hann kom með.

Jens Pálsson: Mig furðar stórlega á þeim mótmælum, sem breyt.till. mín fekk hjá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Hann gerði mjög mikið úr því, fyrst, að strandbáturinn mundi tefjast við að fara svo stóran krók, og svo, að hann mundi eyða of miklu af kolum, ef hann færi þann krók. Eg skil ekki í því, að einstakur þingm. skuli koma hér fram sem ráðsmaður gufuskipafélagsins; mér finst það óþarfa hlutsemi, að telja eftir því félagi, að leggja kol til strandbátanna; eg ímynda mér, að bátarnir eyði ekki svo miklum kolum, að gufuskipafélagið fari á höfuðið fyrir það.

En að því er hitt atriðið áhrærir, að skipin mundu tefjast við að taka á sig krók, og sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að mundi verða til þess, að yrði fyrir þá skuld að fækka ferðunum, þá held eg, að h. þm. geri of mikið úr þeim tíma, sem til þess færi, þó þessar 2 ferðir bættust við. Og svo skildi eg kaptein Christiansen á Lauru, að ekki þurfi að fækka ferðunum fyrir þetta, og er hann víst eins kunnugur þessu máli, eins og h. þm. En að ekki megi tefja bátana, getur ekki komið til mála. Vorum við ekki einmitt að fá bátana til þess að láta þá koma þangað, sem aðalskipin koma ekki, til þess að greiða fyrir

þeim héruðum, sem ekki gátu fengið aðrar ferðir? Má ekki langferðamönnunum vera sama, þó þeir ferðist með aðalskipunum? Eigum við að sleppa þeim tilgangi, sem við höfðum með strandbátana, og ganga fram hjá honum, án þess honum verði náð? Eigum við að ganga fram hjá tilganginum, til þess að einstöku langferðafarþegar fái fljótari ferð?

Að Hvammsfirði og Gilsfirði liggja svo margar og mannmargar sveitir, að mannferðir mundu verða talsverðar þaðan og þangað, ef viðkomum væri þar fjölgað. Jafnvel menn úr Strandasýslu mundu einatt kjósa að taka far á þessum höfnum, er þeir ferðast til Suðurlandsins, og eins fara þar af skipi á heimleið.

Ef t. d. h. þm. Strand. (Guðj. G.) vildi fara heim til sín, mundi hann heldur vilja fara á land á Breiðafirði, t. d. í Skarðstöð, heldur en ferðast fyrir Vestfirði og Strendur.

Það er mótsögn, að ætla sér að keyra strandferðaskipin undir sömu reglu og aðalskipin. Tilgangur með strandbátunum er sá, að bæta úr ferðaþörf sérhvers héraðs.

Þá vil eg minnast á hina rökstuddu dagskrá frá h. þm. Vestm. (V. G.). Eg er henni algerlega mótfallinn. Mér finst það undarlegt, að þegar héruð hafa borið sig upp undan þessu ólagi, og vilja fá hjálp þingsins, að þá skuli þingið segja: Nei, við viljum ekkert skifta okkur af þessu; annist þið það sjálfir. Mér finst það harla óviðurkvæmilegt af þinginu, að snúast þannig við réttlátri beiðni. Að vísa málinu til héraðanna aftur, finst mér vera sama og að segja: Við viljum ekkert með þetta hafa; þið getið séð fyrir því sjálfir.

Klemens Jónsson: Viðvíkjandi því, sem h. þm. Húnv. (B. S.) beindi til mín, þá hefi eg engu við það að bæta, sem hann sagði, því eg er honum þar alveg samdóma. Ætlun samgöngumálanefndarinnar á síðasta þingi var sú, að strandbátarnir að austan og vestan mættust á Akureyri. En gufuskipafélagið hefir gengið fram hjá þessum vilja þingsins. Þeir mætast að eins í tveimur ferðum, sem sjálfsagt stafar af því, að á vesturleiðinni eru 32 viðkomustaðir, en einungis 27 á austurleið, og auk þess tefst Skálholt mjög við ferðir sínar inn í Hvammsfjörð. Þó nú séu miklu fleiri viðkomustaðir hjá skipinu, sem fer vestur um land, þá vil eg samt sem áður ekki vera á móti því, að fjölgað verði ferðum til Hvammsfjarðar; því nauðsyn á samgöngum er þar víst engu minni en annarsstaðar.

Eg er á sama máli og h. þm. Dal. (J. P.) um það, að ferðamenn, sem fara langan spöl með bátunum, verði að sætta sig við, þó þeir séu lengi á leiðinni, því að strandbátarnir eru aðallega ætlaðir til flutninga á milli hafna, en ekki til að vera ferðaskip lengra á milli; þeir eiga ekki að vera fyrir langferðamenn, svo þeir verða að gera sér að góðu, þó þeir tefjist með þeim.

Eg álít það einkar-nauðsynlegt, að fá strandferðaskipin til að koma við í Hrísey á Eyjafirði; eg vildi vinna til að sleppa heldur öðrum viðkomustöðum við Eyjafjörð. Hrísey er í miðjum firðinum, og væri svo vel fallin til að vera viðkomustaður fyrir alla, bæði austan og vestan fjarðarins.

Það er ætlun mín, að ferðaáætlun seinasta þings ætti að vera tekin til íhugunar. Margir staðir hafa verið teknir inn í áætlunina, sem eru óþarfir; aftur hefir sumum stöðum verið slept, sem meiri þörf hefði verið á, að staðið hefðu þar. Eg vil láta kippa þeim

stöðum burtu, sem reynslan hefir sýnt, að eru óþarfir, en setja aðra í staðinn.

Eg er mótfallinn hinni rökstuddu dagskrá frá h. þm. Vestm. (V. G.) að þessu sinni, og vildi eg óska, að hann vildi taka hana aftur. Held, að þetta kynni að mega laga við næstu umr. þessa máls.

Eg er samþ. hinum sama h. þm. um Skagaströnd og Blönduós. Samgöngumálanefndin í hitt eð fyrra vildi hafa aðalviðkomustaðinn á Blönduósi, og mig furðar á, að Húnvetningar skuli þegjandi hafa sætt sig við, að Skagaströnd er tekin fram yfir Blönduós; en til þess að bæta úr þessu, yrði það áhrifameira, að alþingi fyndi að því, heldur en að láta stjórnina sjá um það, því eg hefi reynslu fyrir því, að þó maður snúi sér til gufuskipafélagsins um breytingar, þá hefir það ekki mikið upp á sig; þannig vil eg geta þess, að eg átti tal við kaptein Christiansen, og vildi láta hann breyta til um Grímseyjarferðirnar, fara 2 ferðir þangað, aðra í júnímánuði og hina á haustin, sem Grímseyingum var hentugra, og fór að eins fram á, að breytt væri til um tíma. Hann sagði, að það væri sjálfsagt að breyta til um tímann, en þegar til kom, þá var ekki nema önnur óskin tekin til greina. Þó t. d. kæmi frá mér, sem embættismanni og yfirvaldi, ósk um breyting á viðkomustöðum til stjórnarinnar, þá er hætt við, að það hefði minni áhrif en ef þingið tiltæki beinlínis viðkomustaði. Eg er þess vegna á því, að það mundi hafa meiri þýðingu, ef þingið gæti lagað þetta en sé það ekki hægt, þá er að leita til stjórnararinnar.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla að tala fáein orð út að því, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði. Hann hélt að eg hefði gert ráð fyrir, að fjölgun ferðanna á Hvammsfjörð mundi verða til að fækka ferðum bátanna milli Akureyrar og Reykjavíkur; en eg átti ekki þá við Hvammsfjörð og Skarðsstöð að eins, heldur alla fjölgunina á viðkomustöðunum yfir höfuð. Eg held, að það, að fjölga svo mjög viðkomustöðunum, hlyti að verða til þess, að ferðunum yrði að fækka, en þær mega ekki vera færri. Annaðhvort verða ferðirnar að fækka, eða að það verður að sleppa úr mörgum öðrum stöðum, að minsta kosti í sumum ferðunum.

Eg get fallið frá minni rökstuddu dagskrá að sinni; en mér virðist nauðsynlegt að koma reglu á þetta. Vil eg því stinga uppá 5 manna nefnd til þess að fjalla um þetta mál.

ATKVGR.: 5 manna nefnd sþ.

Kosnir voru í nefndina:

Valtýr Guðmundsson með 13 atkv.

Klemens Jónsson með 10 atkv.

Jens Pálsson með 10 atkv.

Þá höfðu þeir Einar Jónsson, Björn Sigfússon og Skúli Thoroddsen 7 atkv. hver; var þá einn dreginn út úr nefndinni, og varð Björn Sigfússon fyrir því.

Fyrri umr. frestað.

Framh. fyrri umr. (C. 308, 329, 353, 357, 360), 19. ágúst.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Þegar nefndin í þessu máli fór að athuga till., sem kom frá h. þm. A.-Sk. (J. J.), á þingskj. 606, ásamt hinum mörgu breytingar- og viðaukatillögum við hana, þá áleit nefndin það sjálfsagt og rétt, að þingið gæfi því glöggar gætur, hvort gufuskipafélagið hefði uppfylt þau skilyrði, sem þingið setti í fjárlögunum 1898 og 1899 fyrir fjárveiting til gufuskipaferða, og það kom í ljós, þegar nefndin fór að rannsaka þetta, að því fór fjarri; gufuskipafélagið hefir

ekki uppfylt skilyrðið viðvikjandi viðkomustöðum í neinum af þeim þremur flokkum, sem þeim stöðum var skift í á alþingi 1897, sem skipin áttu að koma við á.

Af þeim viðkomustöðum, sem þingið hafði í fyrsta flokki, hefir félagið slept úr 5 stöðum, ýmist 1 sinni eða 2 sinnum, og einum stað, nefnilega Vík, hefir verið slept úr 4 sinnum; þó þar sé að vísu slæm höfn, og ill til aðstöðu, þá virðist það vera alveg að ástæðulausu, að sleppa staðnum svo oft. Meðal þessara viðkomustaða, sem slept hefir verið úr, er Blönduós, sem að tilætlun þingsins ætti að vera viðkomustaður í hvert sinni, en Blönduós er aðalverzlunarstaður Húnvetninga, og liggur bezt við allri verzlun þeirra og viðskiftum; aftur á móti hefir gufuskipafélagið tekið ástfóstri við Skagaströnd, sem þingið hafði að eins í öðrum flokki; þar hefir strandbáturinn komið í hverri ferð; en Húnvetningum er það ekki hið sama, hvort báturinn kemur á Skagaströnd eða Blönduós; það vita þeir, sem kunnugir eru, og hinir, sem ekki eru kunnugir, geta sannfærst um það með því, að líta á kortið. Af þeim stöðum, sem nefndir eru í öðrum flokki, þá er Papós, sem hefir verið slept algerlega úr; má geta þess til, að það sé af því, að það þyki ilt að komast þar inn, og á það virðist það benda, að hér liggur fyrir till. til þingsályktunar frá h. þm. A.-Sk. (J. J.), um að mæla skipaleið inn á Papós. En hvernig sem á þetta er litið, þá hefði gufuskipafélagið átt að gjöra einhverja grein fyrir, hvers vegna það hafði að engu ákvæði þingsins um þennan stað. Í þriðja lagi er þess að gæta, hvað snertir þá viðkomustaði, sem voru í 3. flokki, og sem bátarnir áttu að koma á, ef héraðsbúar færu þess á leit, þá hefir gufuskipafélagið ekki sint slíkum málaleitunum, og er það alveg víst, hvað Lagarfljótsós snertir, þrátt fyrir það, þó tvívegis hafi verið send áskorun um það. Ennfremur er, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, kært yfir því, að strandbáturinn hafi farið fram hjá Hornafirði, þó skipið hafi haft bæði farþega og vörur til Hornafjarðar. Það er sagt að skip Tuliníusar fari inn á Hornafjörð í hverri ferð, og þar sem á skipum Tuliníusar, að minsta kosti einu þeirra, enginn ofdirfskumaður er skipstjóri, sem lýsti sér í apríl í vor, er hann sá tvo hafísjaka fyrir Langanesi og flúði fyrir þeim, á sama tíma, sem önnur skip fóru fyrirhafnarlaust leiðar sinnar, þá ætti strandbátunum ekki að vera vorkunn að koma þar.

Enn verður að taka það fram, að bátarnir hafa einungis 3 fyrstu ferðirnar mætst á Akureyri, eins og þingið ætlaðist til að þeir skyldu gera, svo að væri sem bezt samband milli austur- og vesturlandsins. En úr því að þeir gátu mætst þar í 3 fyrstu ferðunum, þá ættu þeir eins að geta það í hinum, en það gjöra þeir ekki, og má án efa að nokkuru leyti kenna það því, að bátarnir standa ákaflega lengi við á viðkomustöðunum, og einkum er það einkennilegt, að því er þannig varið með Skálholt, þann bátinn, sem einmitt þyrfti að vera fljótur í förum, af því að hann kemur á fleiri hafnir en Hólar. Þannig átti Skálholt í þessari ferð að koma hingað 19. ágúst, en fara héðan 26. ágúst. Auk þess var áætlanin svo rúm, að báturinn gat komið 17. ágúst, og gjörði það líka, svo að hann kemur til að liggja hér nú eina 9 daga. Slíkt eru óhæfilega langar viðstöður og ástæðulausar. Bátarnir þurfa auðvitað einhvern tíma til að hreinsa katla sína, en tíminn er ekki svo langur, þó hann

sé 5—6 mánuðir, að þeir þurfi að gjöra það nema einu sinni, og þá gætu þeir legið saman á Akureyri eða í Reykjavík.

Þar sem komið hafa fram ýmsar uppástungur um, að bæta inn í áætlanirnar nýjum viðkomustöðum, og fjölga ferðum á einstaka hafnir, sem þegar standa á áætlun, þá áleit nefndin að slíkt væri ógjörningur. Í fyrsta lagi er það álit nefndarinnar, að það sé ekki fært, nema þá að fella úr aðra staði, eða að fækka þar ferðum, en bæði áleit hún það varhugavert, að viðkomandi héruðum fornspurðum, og hins vegar er á það að líta, að það hefði þá orðið að búa til nýja ferðaáætlun, en til þess hafði nefndin engin tök og engan tíma. Nefndin áleit að það væri réttara og hyggilegra að fela stjórninni þetta með rökstuddri dagskrá, eins og hafði verið farið fram á við fyrri umr. þessa máls af h. þm. Vestm. (V. G.). Úr því nefndin komst að þessari niðurstöðu, finn eg enga ástæðu til að tala um hinar einstöku tillögur, nema hvað snertir tillögu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) á þingskj. 359, um að strandbáturinn verði látinn koma við á Eyrarbakka og Stokkseyri, þá er það álit nefndarinnar, að það sé hreint og beint ógjörningur, ettir því sem þessar hafnir eru, og að minsta kosti mundi það verða til mikillar tafar fyrir ferðamennn. (*Ir. Gunnarsson*: Bæta höfnina). Hv. 1. þm. Árn. (Tr. G.) segir, að það eigi að bæta höfnina, en eg efast um, að að bætt verði höfnin að þessu sinni; það mundi verða að bæta að minsta kosti einu núlli við þá upphæð, sem farið hefir verið fram á að veita til að bæta innsiglingu á Stokkseyri.

Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki mundi hægt að undirbúa ferðaáætlun fyrir 1900—1901, með því að fá álit hjá öllum sýslum landsins, á hvaða hafnir helzt skyldi koma, og hve oft; en nefndin féll þó frá því að þessu sinni, að því er kemur til ársins 1900, með því tíminn mundi of stuttur til þess. En hins vegar þótti nefndinni rétt að undirbúa áætlunina fyrir 1901, og hefir komið fram með sérstaka tilllögu um það, sem eg nánar mun minnast á, þegar hún liggur fyrir til umræðu.

Eg hefi svo engu hér við að bæta, en leyfi mér að afhenda háttv. forseta rökstudda dagskrá frá nefndinni, en undirskrifaða einungis af formanni nefndarinnar.

Guðjón Guðlaugsson: Eg játa það, að hin háttv. nefnd hefir farið mjög skynsamlega í málið, og hitt á hinn rétta veg. Það hefði verið athugavert fyrir þingið, að samþykkja ýmsar af þeim þingsályktunartillögum, sem komið hafa fram í þessu máli.

Hvað snertir breytingartill. á þingskj. 308, þá er þar við að athuga, að það vantar upplýsingar því máli viðvíkjandi.

En hvað snertir viðaukatill. á þingskj. 329, sem fer fram á, að strandferðabáturinn, sem fer vestur og norður um land, komi jafnan í báðum leiðum við í Bolungarvík og á Ísafjarðardjúpi, þá skal eg viðurkenna, að það mælir talsvert með því, að strandbáturinn komi þar við í 2. og 3. ferð að vorinu, en það álít eg alveg óþarft, að hann komi við í hverri ferð, því að það veldur bæði töf á leiðinni, og er til mikilla tálmana fyrir flesta farþega.

Eg skal geta þess, að eg álít, að mestu notin af þessum ferðum yrðu þau, að gjöra greiðari viðskifti Bolvíkinga við Steingrímsfjörð, því þar eru viðskifti talsverð, og margir sjómenn úr Steingrímsfirði, sem stunda sjóróðra í Bolungarvík.

En eg álít þó efasamt, hvort Bolungarvík eða Steingrímsfjörður mundu nota þessar ferðir, því að sá sparnaður, sem sýnist vera við þetta hjá báðum málsaðilum (Bolungarvík og Steingrímsfirði) — þar eð flutningarnir á og af strandbátnum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar hverfur — étst upp að meiru eður minna leyti við það, að fargjaldið verður helmingi hærra milli Steingrímsfjarðar og Bolungarvíkur en Steingrímsfjarðar og Ísafjarðar.

Bendir þetta á, að ekki er að öllu leyti ávalt heppilegt eða til hagnaðar, að fjölga höfnum og viðkomustöðum strandbátanna.

Eg skal játa, að þessi agnúi stafar af þeirri ósanngirni hins sameinaða gufuskipafélags, að hækka farmgjaldið til helminga við fjórðu höfn, sem að stendur á áætlun, eins í þeim ferðum, sem skipið kemur ekki á sumar þeirra, og því hefði verið ástæða til þess fyrir þingið, að skora á landsstjórnina, að koma því til leiðar, að ekki væru teknar til greina í þessu tilliti nema þær hafnir, sem skipin koma á í hverri ferð út af fyrir sig.

Hvað Aðalvík snertir, þá get eg ekki verið með því, að fjölga viðkomum á þá höfn, þar sem skipstjóri Skálholts álítur, að hún eigi að strikast út, og þar sem að Aðalvíkingar hafa ekkert notað strandbátinn þessi árin; og síðast hefi eg heyrt, að þangað hafi verið fluttur að eins einn hestur og einn prestur.

Það er ekki svo að skilja, að eg sé neitt sérstaklega á móti sumum af þessum stöðum, t. a. m. Bolungarvík; en eg álít samt rétt, að benda á það, sem ekki er rétt.

Eg verð að álíta, að af öllum þeim breytingartillögum, sem fram hafa komið, sé engin á eins miklum rökum bygð og breytingartill. á þingskjali 360.

Eg álít brýna nauðsyn til, að fjölga viðkomum í Skarðsstöð og á Hvammsfirði. Hér er um stóra sýslu og mikið uppland að ræða, og til þessara staða eiga margir að sækja. Hér er því um verulega framför að ræða, að fjölga viðkomum strandbátsins framvegis á þessum stöðum, og að engin not verða yfirleitt að þessum ferðum, ef þeim verður ekki fjölgað að mun.

Auðvitað er það lengsti krókurinn á leið strandbátsins, og því hefði verið heppilegast, að sérstakur bátur væri fenginn til að taka að sér þessar ferðir; en þar sem svo er ekki, álít eg það í alla staði sanngjarnt, að stjórnin taki þessa tillögu til greina.

En eins og hinn háttv. þingm. Dal. (Jens P.) tók fram hér um daginn, þá mundu ferðalögin að vestan aukast um helming hingað til Reykjavíkur, ef báturinn kæmi á þessar hafnir oftar. Menn úr Dalasýslu, Strandasýslu og víðar færu nú heldur landveg heldur en á skipi kringum alla Vestfirði. — Það borgar sig jafnvel betur, að fara úr Stykkishólmi en næstu höfnum.

Eg get fallist á þá skoðun, sem kom hér fram við 1. umr. þessa máls, að ekki bæri að taka tillit til ferðalaga, þegar ræða væri um strandbátana. Menn þurfa alveg eins að hraða sér, sem eiga heima í þeim héruðum, sem stóru skipin koma ekki á, eins og þeir, sem eiga heima á viðkomustöðum stóru skipanna, og svo ber þess að gæta, að fólk verður að ferðast, þegar það hefir tíma og hentugleika til þess, og verður því oft að ferðast með strandbátunum til dæmis hér úr Reykjavík til Akureyrar eða á aðra staði, sem stærri skipin koma þó á.

Í vor t. d. fóru margir vegabótamenn

með Skálholti héðan úr Reykjavík til Sauðárkróks, að eg meina af því, að þá átti atvinna þeirra þar nyrðra að byrja, en hvorki löngu undan né eftir. Og þá menn ergði það mjög, hvað krókarnir voru margir og viðstöðurnar margar.

Menn verða líka að gæta þess, að gjöra ekki þessar strandferðir erfiðari né óaðgengilegri fyrir félagið en nauðsyn ber til. Skaðist félagið mjög mikið á þeim, hættir það við þær eftir þessi 5 ár, nema vér leggjum því stórfé fram yfir það, sem nú er, og það verður þingið neytt til, heldur en að hætta ferðunum; því stærri afturför í augum almennings en það væri er ómögulegt að hugsa sér; svo eru þessar strandferðir vinsælar, og enda stór-nytsamar fyrir almenning.

Pétur Jónsson: Eg lít svo á, að álit nefndarinnar í þessu máli eigi að vera til athugunar og hvatningar fyrir stjórnina til þess að gæta að því, að gufuskipafélagið fylgi ákvæðum fjárlaganna viðvíkjandi viðkomustöðum strandbátanna, að minsta kosti í aðal-atriðunum, eða þar sem það varðar verulegu fyrir landsmenn.

Eins og nefndarálitið ber með sér, eru þrjár af þeim höfnum, sem gufuskipafélagið hefir ekki fullnægt skilyrðum fjárlaganna með, einmitt í sömu sýslu, lítilli sýslu; þ. e. Norður-Þingeyjarsýslu.

Af því kjördæmi þetta er þingmannslaust nú, þá vil eg leyfa mér að vekja athygli hins hæstv. landsh. á þessu. — Vel getur hugsast, að gufuskipafélaginu finnist ferðir þeirra Wathnes og Tuliníusar á þessar hafnir útboli sig. — Eg get ekki um það dæmt. En þessar ferðir sanna það, að hafnirnar eru óaðfinnanlegar og flutningaþörfin talsverð.

Og á hinn bóginn er eg á því, að héraðsbúum sé haganlegra, að hafa hinar vissu ferðir gufuskipafélagsins, heldur en hinar aðrar ferðir, sem eg nefndi.

Þetta þarf landsstjórnin að athuga, svo að héraðið missi ekki ferðirnar að orsakalausu.

Viðvíkjandi fjölgun ferðanna inn á Hvammsfjörð vil eg benda á, að það seinkar svo mjög ferðum þess báts, að hann getur enn síður en áður mætt bátnum sunnan um landið á Akureyri; en það væri þó mjög nauðsynlegt.

Þetta bendir á, hve nauðsynlegt það væri, að það væri sérstakur bátur á Breiðafirði, og hefi eg verið því máli fylgjandi.

Þórður Guðmundsson: Mér þykir það mjög leiðinlegt, að svo skuli vera komið, að háttv. deild treystir sér ekki til, að greiða atkvæði um hinar einstöku breytingartill, sem hér liggja fyrir, en vill með hinni rökstuddu dagskrá kasta öllum vandræðunum yfir á stjórnina. Eg sé ekki betur en að vér þurfum að kosta til viðbótarbáts eða viðbótarbáta, til þess að fullnægja þörfunum; því að eg get ails eigi láð landsmönnum það, þótt þeir vilji njóta hagsmunanna af því, að fá sem flesta viðkomustaði, en eigi mun auðvelt að fjölga þeim eins og þörfin heimtar, ef ekki eru hafðir nema þessir tveir bátar í förum kringum landið.

Eg skal ekki fara út í það, hvað heppilegir allir þessir viðkomustaðir eru, sem fram á er farið; en sjálfsagt eru þó allar þessar óskir sprotnar af meiri eða minni þörf.

Eg sannfærðist af ræðu háttv. framsögum. (Kl. J.) um það, að bátarnir gætu komið víðar við en nú gera þeir, þar sem hann kvað þá liggja eina 6 daga á Akureyri í hverri ferð (*Klemens Jónsson*: 3—6 daga), og að Skálholt

lægi hér 9 daga nú aðgjörðalaust. — Þetta sýnir, að bátarnir eru ekki notaðir svo vel sem skyldi.

Þetta ætti þingið að taka til íhugunar, og mér sýnist landsstjórnin engu hæfari en þingið til að ákveða, hvar bátarnir þurfi og eigi að koma.

Það var ein viðaukatillagan, sem háttv. framsögum. (Kl. J.) sá einna mesta agnúa á, það er að segja viðaukatillagan á þingskjali 357 um að strandferðabátarnir skyldu koma við í Þorlákshöfn og á Stokkseyri.

Eins og kunnugt er, er suðurströnd landsins olnbogabarn forsjónarinnar, að því er hafnir snertir. Við þessu verður ekki gjört, en því óskiljanlegra er það, að hún skuli þó enn frekar vera olnbogabarn þingsins, að því er samgöngur á sjó snertir, því að oft geta þó skip komið þar við á þó nokkurum stöðum.

Háttv. framsögum. (Kl. J.) tók það fram, að þar væru engar hafnir, sem unt væri að fara inn á, og talaði allmikið um Stokkseyri, og hversu örðugt væri að komast þar inn á skipaleguna. En þess er að gæta, að meiningin er ekki, að strandferðabáturinn fari endilega þangað inn á höfnina, heldur hafi það eins og Reykjavíkin, að hann afgreiði sig úti fyrir.

Eg hefi ekki orðið annars var, en aðferðir hennar hafi gengið fremur vel austur eftir.

Þeir eiga og mest á hættunni, sem skipin eiga að nota, ef eitthvað ber út af, og er auðsætt, að þeir mundu ekki biðja um, að skipin kæmu við hjá sér, nema því að eins, að þeir hefðu töluverða von um, að geta notað þau. — En til þess að gjöra þau enn óbundnari, mætti bæta inn í tillöguna: »þegar veður leyfir«, því að oftast mundi svo fara, að báturinn gæti komið við, að minsta kosti í annari leiðinni, annaðhvort fram eða til baka.

Eg vildi mikillega mæla með, að tillaga þessi yrði tekin til greina, því að eins og eg hefi áður bent á, þá er nú sannarlega full þörf á, að suðurströnd landsins geti að einhverju leyti orðið aðnjótandi hins mikla kostnaðar, sem gengur til strandferðanna.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla að leyfa mér að minnast fám orðum á tillögur mínar, því það er áskilið í samningum þingsins í hitt eð fyrra, að strandferðabáturinn skyldi koma við á tveim af stöðum þeim, sem eg nefni í tillögunni: Aðalvík og Skálavík ytri; en að því er fyrri staðinn snertir, kemur báturinn þar sjaldan við, og aldrei á hinum síðarnefnda.

Í Skálavík ytri er höfn að vísu eigi góð, en þó er ekkert því til fyrirstöðu, að strandbáturinn kæmi þangað, ef veður leyfir.

Öllum þessum þrem stöðum, Bolungarvík, Skálavík ytri og Aðalvík, er svo háttað, að það er mjög lítil töf fyrir strandferðabátinn að koma þar við, því að hann skríður þar rétt fram hjá.

Eg kannast við það, að háttv. þm. Strandam. (Guðj. G.) er mjög kunnugur í Bolungarvík, og þó að eg hafi farið fram á, að strandferðabáturinn komi þar við í hverri ferð, þá mun eg ekki halda því stranglega fram, enda mun óhætt mega gjöra ráð fyrir, að hið sameinaða gufuskipafélag sjái um, að svo verði eigi.

Allra nauðsynlegast er, að báturinn komi við í Bolungarvík í fyrstu ferðinni, því að þá sækir þangað fjöldi manna úr Skagafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu og Strandasýslu til róðra; og í annað skifti þyrfti hann svo að koma þar í júnímánuði, til þess að taka þar fisk-

æti fyrir vermennina, og flytja það norður.

Háttv. þingm. Strandam. (Guðj. G.) tók það fram, að hann efaðist um, að ferðir strandferðabátanna yrðu notaðar mikið úr Bolungarvík af því, að farið kostaði dálítið meira þaðan norður en af Ísafirði.

En eg held, að háttv. þingm. Strand. (Guðj. G.) hafi ekki gætt þess, að það er síður en svo, að þeir sem róðra stunda í Bolungarvík fái að jafnaði fisk sinn fluttan ókeypis úr Bolungarvík til Ísafjarðar; það kemur auðvitað fyrir, að þeir geta komið fiskætinu með, en þráfaldlega verða útróðrarmennirnir að leigja sér skip, og kaupa sér mannhjálp líka, til að flytja fiskinn, og þá er það ekki lengi að dragast saman upp í það, sem farið kostar meira úr Bolungarvík en af Ísafirði, og meira en það.

Flestir mundu því miklu fremur kjósa, að geta farið á skip með farangur sinn í Bolungarvíkinni, en að þurfa að flytja sig með hann til Ísafjarðar.

Í þriðja sinn þyrfti svo báturinn að koma við í Bolungarvík í síðustu ferðinni að norðan, því að um þær mundir kemur fjöldi manna þaðan til að stunda vetrarróðra í verstöð þessari.— Bolungarvík var að vísu ekki nefnd á ferðaáætlunar-uppkasti því, sem þingið gjörði í hitt eð fyrra. En þó get eg ekki öðru trúað en að félagið mundi fást til að láta bátinn koma þar við, ef stjórnin færi fram á það, þar sem staðurinn liggur svo ágætlega við.

Háttv. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) kvað það ekki nauðsynlegt, að strandferðabáturinn kæmi oftar við í Aðalvík en nú gjörir hann.

Viðvíkjandi því skal eg taka það fram, að eg hefi komið með tillögu mína um, að ferðunum yrði fjölgað einmitt eftir ósk Aðalvíkinga sjálfra. Aðalvík er all-fjölbygð, og ferðirnar þangað eigi að eins nauðsynlegar til flutninga til norðurlandsins og þaðan, heldur og til mann- og vöru-flutninga milli Aðalvíkur og Ísafjarðarkaupstaðar og fyrir vörur þangað með bátnum frá Ísafirði; verzlunin á Hesteyri er eina verzlunin þar nyrðra, og þykir allörðug, og því þægilegt, að hafa í annað hús að venda, en vera ekki upp á hana eina kominn; en bátaferðir þaðan að norðan til Ísafjarðar mega heita nær ókleifar, kostnaðarins vegna, enda löng og hættuleg sjóleið á opnum bátum fyrir Rit á Ísafjörð.

Það má ekki byggja alt of mikið á því, hve lítið ferðirnar hafa enn verið notaðar frá þessum eða hinum staðnum; það er svo skamt síðan að þær hófust, og menn þeim enn óvanir; þeir þurfa tíma til þess, að læra að hagnýta sér þær.

Eg gjöri ráð fyrir, að sá tími komi vonum bráðar, að skipstjórinn á Skálholti verði mjög fús á, að koma á Aðalvík, bæði af því, að þar er höfn hin bezta, og bygðin all-fjölmenn og fremur blómleg, að því er sjávarútveg snertir, þótt eigi sé þar mikill landbúnaður.

Þetta er þá hið helzta, sem eg vildi taka fram um staði þá, sem eg nefndi í tillögu minni.

Skálavík ytri er auðvitað lakasti staðurinn af þessum þremur. En menn eru þar olbogabörn að því leyti, að þangað eru engar skipaferðir, nema þegar verzlun Ásgeirsons sendir þangað skip að sumrinu, til þess að sækja fisk þeirra og til annara veruflutninga; en, eins og liggur í augum uppi, er ó-þægilegt, að vera þannig bundinn við borð, og að hagkvæmara væri, að hafa fleiri til að snúa sér til.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Úr því að byrjað er að tala um hinar einstöku tillögur, þá mun eg og gjöra hið sama.

Hvað tillöguna á þingskj. 308 snertir, þá er hún svo högvær, sem unt er; þar er farið fram á, að strandferðabáturinn komi að eins við í þrem ferðunum á Hornafirði, en eftir áætluninni 1897 var gjört ráð fyrir, að hann kæmi þar í öllum ferðum.

Hér er því hreint og beint lagt til, að ferðunum þangað sé fækkað, en aftur á móti farið fram á, að viðkomurnar verði áreiðanlegri en þær hafa reynst hingað til.

Háttv. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) mintist á Eyrarbakka og Stokkseyri, og hann gat þess, að suðurströnd landsins væri hafnalaus, og þeir, sem þar byggju, hefðu lítið gagn af strandferðunum.

Vér höfum heyrt þetta áður hér á þingi; það er svo sem ekkert nýnæmi, og flestir menn vita, að þetta er satt; en flestir vita líka það, að sá hluti landsins hefir ekki farið varhluta af fé því, sem veitt hefir verið til samgöngubóta á landi.

Þó er það sjálfsagt fjarri skapi þingsins, að vilja ekki reyna að ráða bót á samgöngu-örðugleikunum með suðausturströnd landsins, svo sem unt er. — En það sjá allir menn, að það er meiningarlaust, að gjöra það á þann hátt, er mundi tefja of mikið fyrir fjölda ferðamanna, svo sem verða mundi, ef ætlast væri til, að strandferðabáturinn sætti lagi með að komast inn á aðrar eins hafnir og Eyrarbakka og Stokkseyri. (*Þórður Guðmundsson*: Það er ekki ætlast til þess, að hann fari inn á þessar hafnir, fremur en verkast vill). Annað sést ekki á tillögunni, og háttv. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) verður að orða hana betur, ef á að skilja hana þannig.

Hvað snertir tillögu háttv. þm. Dal. (J. P.), þá verður ekki annað sagt en að þar sé farið fram á nauðsynjamál. Hvammsfjörður hefir þangað til fyrir skemstu orðið mjög út undan með samgöngur á sjó, þótt þeirra hafi verið full þörf. En því miður eru æði-miklir örðugleikar á siglingum þangað, og það er einmitt förin inn á hann, sem ekki á lítinn þátt í því, að seinka för bátsins, sem norður fer vestan um land. — Þrátt fyrir það er nauðsynin á siglingum um Hvammsfjörð svo mikil, að eg legg til, að tillaga háttv. þingm. Dal. (J. P.) fái framgang.

Háttv. þingm. Strand. (Guðj. G.) gat þess, um leið og hann mælti þó með tillögunni, að þessir sífeldu krókar og tafir gæfu mönnum ástæðu til, að kveina og kvarta og verða ergilegir. Eg sé ekki, að í raun réttri sé nokkur ástæða til þessa, þegar menn vita um krókana og tafirnar fyrir fram.

Eg get ekki játað því, að strandferðabátarnir séu heldur farkostur fyrir langferðamenn; þeir eiga aðallega að vera handa þeim, sem ætlað er að ferðast skamt eitt hafna á milli; hin strandferðaskipin eru handa langferðamönnunum.

Eg get ekki séð neitt á móti því, að farið sé fram á, að Bolungarvík sé bætt við sem viðkomustað strandferðabátanna; það má heita enginn krókur að koma þangað, og þarf sjálfsagt að verða lítil töf að því.

Það sýnist aftur minni ástæða með hina staðina, sem háttv. 2. þingm. Ísf. (Sk. Th.) fer fram á, að báturinn komi á; þó gæti komið til greina, að þar væri komið við, ef eigi væri oftar en 2—3 sinnum á ári.

Þá skal eg minnast á minar eigin

tillögur. Eg verð að leggja áherzlu á, að báturinn komi jafnan við í Hrísey, því að hún má heita miðpunktur fyrir samgöngur á Eyjafirði, og yrði viðkoma bátsins þar til hagsmuna bæði fyrir Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu.

Aftur á móti mundi mega við það una, að hann kæmi við í Ólafsfirði aðra hverja ferð, og að viðkomum væri fækkað við Hjalteyri; mundi þá breytingin hafa litla töf í för með sér.

Háttv. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að það væri ekki rétt af þinginu, að kasta frá sér rétti sínum til að greiða atkvæði um hina einstöku viðkomustaði bátanna.

Við þetta er þess að gæta, að hver einstakur þingmaður er ekki nándarnærri nógu kunnugur um land alt, og ef þingmenn ættu að fara að greiða atkvæði um hina einstöku viðkomustaði, þá er hætt við, að úr félli einhverjir af hinum nauðsynlegri, en miður nauðsynlegir yrðu teknir í þeirra stað.

Nefndinni finst, að eins og málið horfir við, sé ráðlegast, að fara þann veg, sem lagt er til í þingsályktunartillögu hennar, að skora á landsstjórnina, að leita álits allra sýslunefnda um það, á hvaða staði brýnust þörf sé að strandbátarnir komi, hve oft og á hvaða tíma árs, og að hún hlutist svo til um, að tekið sé tillit til hinna framkomnu óska við samning ferða-áætlunar strandbátanna 1901.

Á þennan hátt virðist einna mest trygging fyrir, að einstakir landshlutar og einstakir viðkomustaðir verði ekki mjög afskiftir.

Það er engin ástæða að ætla annað en að teknar muni verða til greina óskir þær, sem þá koma fram, og umræðurnar, sem nú hafa orðið í málinu, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, og í því trausti legg eg til, að samþykt sé rökstudda dagskráin, sem eg hefi komið með.

Jens Pálsson: Eg ætla að leyfa mér að tala fá orð út af ræðu háttv. þm. N.-Þing. (P. J.) um viðkomu strandferðabátsins á Breiðafjörð.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) skýrði röksamlega frá því, hver þörf væri á því, að ferðunum yrði fjölgað þangað, og kann eg honum þakkir fyrir það; sömuleiðis háttv. framsögum. (Kl. J.) fyrir undirtektir hans.

Aftur á móti kvað háttv. þingm. N.-Þing. (P. J.) viðkomu bátsins á Breiðafjörð einmitt mundu vera því valdandi, að bátarnir gætu ekki jafnan mætst á Akureyri.

En eg vil benda á það, að í tveim fyrstu ferðunum, sem Skálholt á að koma við á Breiðafirði, er bátunum ætlað eigi að síður að mætast á Akureyri, og það munu þeir hafa gjört. — En að því búnu hætta bátarnir að mætast þar, sjálfsagt af því, að öðrum þeirra er ætlað að fara 6 ferðir, en hinum 7, en ekki af því, að vestanbáturinn á að koma við á Breiðafirði; ferðaáætlunin framan af sumrinu sýnir það, að bæði er svo álitið, og enda hefir það komið fram, að bátarnir geta mætst á Akureyri, þrátt fyrir viðkomuna á Breiðafirði.

Þar sem háttv. þingm. Strand. (Guðj. G.) mintist á það, að eg hefði sagt, að eg teldi, að bátarnir ættu að koma við á sem flestum stöðum, þá stend eg við það.

Eg tel það hlutverk þeirra, að koma svo víða, sem unt er og þörf gjörist, og þó sérstaklega á þá staði, þar sem hin strandferðaskipin koma alls eigi, þó með því skilyrði, að þeir komi helzt á þá staði, þar sem vöruflutningar og mannflutningar eru mestir, og í þann flokk má eflaust skipa Breiðafjarðarviðkomustöðunum.

Björn Sigfússon: Það er fátt, sem eg þarf að segja, því að háttv. framsögum. (Kl. J.) hefir skýrt málið svo ítarlega fyrir nefndarinnar hönd, og talað um það, hvað óheppilegt það hafi verið, að eigi hafi verið fylgt tillögum síðasta þings um strandferðirnar bæði að því er snertir Blönduós og fleiri staði.

En eftir skýringar þær og umræður, sem fram hafa komið, full-treysti eg því, að hér eftir verði Blönduós settur í fyrsta flokk viðkomustaða strandbátanna, og sömuleiðis bætt úr öðrum göllum, sem bent hefir verið á.

En svo vildi eg minnast á annað atriði; því að þótt það snerti ekki beinlínis strandbátaferðirnar, þá snertir það strandferðir hinna stærri skipa.

Í þriðja kafla undir staflið c. í samningi þeim, sem prentaður er í síðustu fjárlögum, og gjörður var við umboðsmann hins sameinaða gufuskipafélags, þar er það tekið fram, að félagið skuli gjöra ferð norður um land sérstaklega fyrir kaupafólk í byrjun júlímánaðar, og suður aftur um 20. september. — Þessu hefir verið svo illa fylgt, að eg sé ekki betur en að þar komi fram beint samningsrof af hálfu félagsins. — Í fyrra hófst ferð þessi suður frá Blönduós ekki fyr en í október, og nú í ár á skipið að fara þaðan 27. september. Hér er svo mikið vikið frá því, sem var eitt af skilyrðum þingsins fyrir fjárveitingunni, að eg álít það hreint og beint samningsrof frá hálfu gufuskipafélagsins.

Þessi flokkur manna, kaupafólkið, getur ekki haft not af suðurferðinni svona seint; það fær ekki atvinnu við heyskap svo lengi, og það þarf að komast fyr til heimila sinna.

Ferðin er einnig of sein fyrir skólapilta, sem líka átti að hafa tillit til.

Þetta er næsta leitt og bagalegt; því að þótt fyrri ferðin sé farin á hentugum tíma, þá kemur hún ekki að neinum notum fyrir kaupafólkið, á meðan síðari ferðinni er hagað svo, að það neyðist til að fara landveg til baka; það munu allir skilja.

Eg vil sérstaklega vekja athygli hæstv. landsh. á þessu, og vona og treysti því, að hann gjöri sitt hið bezta til, að fá því kipt í lag.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Háttv. framsögum. og hin háttv. nefnd í heild sinni hafa tekið svo vel í till. mína, að eg þarf ekki að fjölyrða um hana. Að eins vil eg taka það fram, að hún fer fram á að gjöra Hornafjörð að föstum viðkomustað strandferðabátanna, og er það einkar-áríðandi, að hafa þessar ferðir vissar, sakir fólksflutninga og vöruflutninga og annara viðskifta.

Nú getur það verið, að gufuskipafélagið sameinaða vilji ekki með nokkru móti gjöra Hornafjörð að föstum viðkomustað, og vil eg þá að farið sé fram á, að það láti af hendi rakna svo sem 1000 kr., er veita megi hr. kaupm. Thor. E. Tulinius, sem mundi taka að sér, að halda uppi ferðum á þessa höfn. Skip hans eru minni en skip gufuskipafélagsins og mundu þau því geta komið á Papós líka. Vil eg leyfa mér að beina þessu til hins hæstv. landshöfðingja.

ATKVGR.: Þá var borin upp rökstudd dagskrá frá þm. Dalam., Jens Pálssyni, svo hljóðandi: »Í því trausti, að landsstjórnin taki svo mikið tillit sem unt er til hinnar framkomnu till. til þingsál. um strandferðir, ásamt viðaukum og breytingartillögum, er hún semur um ferðaáætlun strandbátanna við stjórn hins sameinaða gufuskipafélags fyrir árið 1900, tekur deildin fyrnæsta mál á dagskránni«.

Var dagskráin samþykt með 17 samhljóða atkvæðum og tillagan þar með fallin.

Ferðir strandbátanna.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um ferðir strandbátanna (C. 478); ein umræða, 22. ágúst.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Eg hefi litlu við það að bæta sem þegar hefir verið tekið fram, er þingál. till. um strandferðir var til umræðu.

Nefndinni þótti eigi að þessu sinni nægileg ástæða til að fjölga viðkomustöðum eða ferðum á ýmsar hafnir, með því að nægilegar upplýsingar væru ekki fyrir hendi, og vill hún því láta landstjórnina annast um að útvega þær, með því að leita álits sýslunefnda um að leita álits sýslunefnda um hvar brýnust sé þörfin. Þetta verður varla komið í kring næsta ár, en 1901 getur legið fyrir þeinn vilji þjóðarinnar um þetta. Þannig geta þá legið fyrir þinginu yfirlýsingar frá sýslunefndunum, og þó hver þeirra vilji að líkindum skara eld að sinni köku, þá ætti þinginu ekki að vera um megn að lagfæra það.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, meðan eg heyri engar mótbárur.

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþykt án atkvæðagreiðslu.

Tillagan afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Strandgæzlubátur á Faxaflóa.

(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um strandgæzlubát á Faxaflóa (C. 383); ein umr., 15. ágúst.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Það vill svo vel til, að það margott áður hefir verið tekið fram, hvílíkur voði stendur af útlendum og innlendum botnvörpuveiðum hér við land, svo það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því. Það hafa enda komið fram raddir um, að hugsa ekki framar um neina vörn, fiskisviðin væru ónýtt og enginn smábátaútvegur lengur, svo bezt væri að láta hvern skara eld að sinni köku. En þetta er ekki svo; það fiskast enn á opnum bátum, þegar róið er, og Heimdallur er hér í grendinni, en þegar Heimdallur fer, þá vaða botnverpingar uppi í landhelgi og sópa sviðin. Í sumar hafa verið talsvert meiri brögð að þessu en endranær. Það er því mikil ástæða til, að strandgæzlubátur sé fenginn fyrir þennan flóa; það er hvergi meiri ástæða til þess en einmitt hér, að hafa stöðugt eftirlit með botnverpingum. Þegar við athugum, hve örðugt er að ná rétti sínum gagnv. þessum mönnum og hve óskammfeilni þeirra er mikil fyrir rétti, þá er augljóst, að það verður að grípa til þeirra einu ráða, sem duga, til hervaldsins, því þessir menn virða alt annað lítils en einmitt fallbyssukjaftana.

Þó tíminn sé naumur, vil eg minnast á eitt atvik, máli mínu til sönnunar, sem hefir borið við rétt nýskeð. Það voru 4 af þessum skipum, sem óðu hér svo að segja uppi á þurru landi; forstjóri stýrimannaskólans mældi fjarlægðina, og það reyndist, að þeir voru 1 kvartmílu undan landi. Eitt skipið

kom hingað inn á höfnina skömmu síðar, skjöl þess voru tekin og rannsókn hafin. Það var vitanlegt, að það hafði legið í landhelgi, og menn þar suðurfrá vissu, að það hafði ásamt 3 öðrum skipum legið þar lengi. Formanni stýrimanna skólans var fulltrúandi til að hafa gjört réttar mælingar, og það var annar maður, sem hafði reiknað þær út með honum. Alt að eina neitar formaður blátt áfram og þverskallast. Markús skólastjóri, sem mælingarnar hafði gert ásamt útlendum, lærðum skipstjóra, var fyrir rétti látinn vinna eið að mælingunni, og hinn útlendi skipstjóri sem með honum var — en ekki hafði mælt líka — vildi vinna eið að því, að mælingin væri að sínu áliti rétt. Amtmanni þótti samt sem áður þessar rannsóknir ónógar gegn neitun skipstjóra, og málið móti þessum óskammfeilna sökudólg var látið niður falla. Skip þetta heitir »See-king« og skipstjóri John Denison.

Af þessu atviki má sjá, að það er alveg lífsnauðsyn að fá fallbyssubát, sem heldur þessum mönnum fyrir utan landhelgi, og það er auðvelt að gera, svo framarlega sem báturinn þarf ekki annara miða að gæta en þeirra í Faxaflóa.

Það er ekki að eins fyrir þessum útlendu óvinum, sem við verðum að verja okkur; það þarf líka að verja okkur fyrir innlendum óvinum, mönnum, sem í eigin ábata skyni fylgja botnverpingum dag eftir dag og viku eftir viku og næla í fiskinn hjá þeim, en aðvara þá svo í þakkarskyni.

Þriðjudaginn 8. ágúst voru 4 skip í landhelgi í Garðsjó; aftan í þeim voru 4 íslenzk fiskiskip, en formenn hinna íslenzku þilskipa eða útgerðarmenn voru hver í sínum útlenda botnverpingi að veiðum í landhelgi. Það voru heiðursmennirnir *Guðmundur í Nesi*, *Arnbjörn í Keflavík*, *Einar í Sandgerði* og *Finnbogi*, sveitaprangari í Garði. Það er alveg rétt, að þeir njóti þess heiðurs að standa í þingtíðindunum fullum stöfum. Veiðiaðferð þessara manna, að taka fisk hjá útlendingum, er brjóta lög landsins, og hagnýta sér hann, mun ef til vill af sumum hér í Rvk. kölluð dugnaður, en er rétt nefnt sví-virðilegt athæfi.

Meðan eitt af þessum 4 skipum, sem eg áður um gat og Markús skólastjóri hafði athugað, var í höftum hér á höfninni, þá kom annað af þeim hér inn og ætlaði að fá sér kol. En viti menn, þegar það ætlar að fara að kasta akkeri, þá fer einn vinurinn, Guðmundur í Nesi, út í skipið, og eftir að þessi Íslendingur og ættjarðarvinur hafði haft tal af mönnum á skipinu, þá snýr það óðara aftur til hafs.

Eg veit ekki, hvort nokkurt ráð er til gegn þessum mönnum, en ef það væri til, þá ætti að beita því með fullum strangleika, því að þeir demoralísera fólkið; það fer að trúa því, að þetta sé leyfilegt og rétt og ekkert ófagurt í því.

Það er sérandi, að þurfa að tala um slíkt, en eg vona að hinni háttv. þingdeild skiljist, að það er ástæða til að gjöra eitthvað, og að það er nauðsyn að bæta eitthvað úr því neyðarástandi, sem nú er.

Tryggvi Gunnarsson: Eg get ekki verið þessari þingsál. till. samþykkur, hversu mikil sem sú nauðsyn kann að vera, sem hér er úr að bæta; eg álít það fjarskalega heimtufrekju, að fara nú þegar að biðja Dani um annað skip ofan á eins stórt og dýrt skip og Heimdallur er. Það hefði verið miklu manndómslegra, að þingið hefði sett inn í fjárlögin og veitt peninga til þess, að við sjálfir landsmenn reyndum til að verja dálitinn

skika af ströndum okkar með einum litlum fallbyssubát. Úr því neyðin og þörfin er svo mikil, þá átti þingið að reyna að bæta úr henni af eigin ramleik, en ekki vera að betla um fé hjá öðrum, til þess, sem oss sjálfum er ekki um megn að gjöra. Eg hafði fyrir þing hugsað mér að koma fram með tillögu í þessa átt, en þegar eg sá, hverju fram fór, ætlaði eg ekki að koma með hana; undirballansinn á fjárlögunum kom mér til að hverfa frá því. Heldur en að samþykkja þessa þingsál.till. nú strax, vil eg stinga upp á því, að sett sé nefnd til að íhuga, hvort við ekki með eigin kröftum getum styrkt að því að verja vor eigin fiskimið fyrir ágangi útlendra ofríkismanna, þó aldrei væri á stærra svæði en Faxaflóa. Eg álít okkur ekki sæmandi, að vera nú að biðja Dani um meira en komið er, ef vér sjálfir ekkert viljum leggja fram.

Svo má skilja ræðu hins háttv. þm., sem hann væri að færa ástæður fyrir tillögu sinni, að þetta frv. ætti líka að vera vörn gegn yfirgangi innlendra manna. Hann ætlar þó líklega ekki að fara að biðja um fé úr ríkissjóði Dana til þess að verja okkur gegn okkar eigin landsmönnum?! Það ætti þó að vera mögulegt fyrir yfirvöld landsins að ná í innlenda lögbrotsmenn án annara hjálpar og að koma þeim undir landslög og rétt.

Eg ætla að stinga upp á nefnd, þegar fleiri eru búnir að segja álit um málið.

Þórður Thoroddsen: Eg get ekki verið á sama máli og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að við séum að biðja Dani um nokkra gjöf; eg veit ekki betur en að þeir séu skyldir til að gæta landhelginnar um alt land og á einstökum pörtum þess. Á hinu ráðinu, sem h. þm. stakk upp, á hefi eg enga trú. Eftir því sem eg þekki, að þingið er í fjárframlögunum, býst eg ekki við, að það vilji verja tugum þús. til þess að gæta nokkurra hreppa á landinu; eg er viss um, að slík tillaga yrði feld, óðar en hún væri upp borin. Eina ráðið er að mínu áliti, að þingið skori á stjórnina, og hefi eg þá von um nokkurn árangur. Til þess að gjöra það ljóst, að þingsályktunartillaga þessi er ekki gjörð að óþörfu, skal eg upplýsa, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þessu máli er hreyft. Bæði einstakir menn, og sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hafa farið hins sama á leit við stjórnina gegnum landsh., en árangurinn af því hefir enginn orðið, annar en sá, að Heimdallur hélt sig nokkuð meira á þessum stöðvum síðastliðna vetrarvertíð. Eg hefi heyrt, að stjórnin hefði borið það fyrir sig, að hún hefði ekki á takteinum neinn hentugan bát handa Faxaflóa.

Eg er samdóma flutningsmanni um það, að það dugar ekki annað en hervald gegn þessum óaldarlýð; það er svo oft búið að kæra það af innlendum, og svo oft búið að sverja upp á þá brot, og þrátt fyrir það hafa yfirvöldin ekki séð sér fært, að dæma þá seka. Það er ekki hægt nema þeir séu staðnir að verkinu. Það er því augljóst, að það dugar ekki annað en að hafa sérstakt skip. Eg efast ekki um, að það hefði gott í för með sér, af því að svo til hagar í sunnanverðum Faxaflóa, að öll helztu fiskimiðin eru fyrir innan landhelgi, og ef þau væru óáreitt, eru líkur til, að fiskiríið lagaðist. Eg er ekki með því, að nefnd sé sett í málið; það er ekki til neins, málið er svo ljóst, eins og það liggur fyrir, og eg sé ekki annað en till. h. þm. Árn. (Tr. G.) yrði til þess að sálga málinu.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Eg verð algjörlega að mæla á móti því,

að kosin verði nefnd í málið; það er enginn annar tilgangur með því en að sálga málinu, enda er það ljóst, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), kemur fram sem prókúrator þeirra manna, sem einna helzt hefir verið beinst að hér. Hvað getur nefnd líka gert? Þarf að útvega nokkrar sérstakar upplýsingar? Eru ekki fiskiveiðarnar þegar eyðilagðar? Þetta veit h. þm. fullvel, og því get eg ekki skilið, að hann skuli andmæla því eina ráði, sem hægt er að beita til að bjarga þeim við aftur; — það er búið að reyna allar aðrar leiðir. H. þm. kallaði þetta »betl« úr okkur. Það er merkilegt, að hann skuli láta þessi orð frá sér fara, eins og við eigum ekki heimting á þessu. Eg frábið mér að minsta kosti öll betlara ummæli. Það er hart, að 1. þm. Árn. (Tr. G.) skuli taka ver í þetta mál en sjálfir Danir. Það hefir verið reynt svo margt til að reisa hér rönd við. Menn hafa snúið sér til stjórnarinnar aftur og aftur. Einstakir menn hafa skrifað í dönsk blöð. Danir sjálfir hafa viðurkent nauðsynina á tryggari strandgæzlu, og skrifað vingjarnlega um málið. Af þessu hefir að vísu ekki orðið neinn sýnilegur árangur enn; en maður, sem hér er kunnugur, og sem flestum er talinn merkari að mörgu því, er að siglingum og fiskiveiðum lýtur, — Langberg heitir hann — hefir skrifað, að í ráði muni vera að byggja tvo fallbyssubáta, er komi í staðinn fyrir Heimdal einan. Þetta eru að vísu eintómar bollaleggingar enn sem komið er, en það gefur mér þó von um, að Danir taki betur í þetta mál en einstaka þm. hér í deild. Eg vona að tillagan um nefndina verði feld; það álít eg hinni h. deild sæmilegast; en auðvitað verð eg að sætta mig við, ef henni þykir annað betur hæfa.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Eg veit ekki betur en að löggæzla gagnvart útlendum skipum í landhelgisveiðum sé eitt af hinum sameiginlegu málum ríkisins, og sé það rétt, eiga Danir að sjá um hana að öllu leyti, því Íslendingar eru ekki skyldugir til að leggja nokkurt fé til hinna sameinlegu mála. Tillagan er því rétt, og á fullum rökum bygð. Eins er það rétt, að Englendingar viðurkenna ekki, að brot sé sannað, nema fyrir liggi hornmælingar gjörðar af 2 sjófróðum kennurum, og okkar dómstólar geta ekki dæmt eftir einu vitni gegn neitun kærða. Svo stóð einmitt á í því tilfelli, sem háttv. flutnm. tilfærði. Eitt vitni að eins hafði gjört mælinguna og bauðst til að vinna eið að henni, en það var ekki nóg til að fella hinn kærða, hina lagalegu sönnun, 2 vitni, er sjálf hefði mælt, vantaði. Fengist fallbyssubáturinn, þá væri mikið bætt úr því, sem nú er. Það er sagt að Íslendingar styðji þessa lagabrjóta, en við það verð eg að athuga, að það ætti þó að vera hægt að halda þeim í skefjum. Yfirvöldunum ætti að vera það innan handar, að koma héraðsbúum á þessu svæði undir ábyrgð fyrir viðskifti þeirra við botnverpinga, enda mætti setja sérstök lög um það.

Tryggvi Gunnarsson: Eg verð að lýsa yfir því, að það er misskilningur hjá h. flutnm. og öðrum, ef þeir halda, að eg hafi viljað eyðileggja málið með því, að setja það í nefnd. Eg meinti það alls ekki, en mér virðist ekki annar vegur mögulegur til þess, að fá tillöguna öðruvísi orðaða. Það er ekki svo áliðið þingtímann enn, að ekki sé óhætt að setja mál í nefnd; að minsta kosti var það álitið óhætt í gær, þegar rætt var um frumv. til laga um stofn-

un landsspítala í Reykjavík. Það er langt frá mér, að vilja aftra því, að strandgæzlan verði sem bezt: en eg vil þar fyrir ekki greiða atkvæði með svona lagaðri tillögu; mér er það ómögulegt. Ef hún væri orðuð þannig, að farið væri fram á að fá tvo kanónubáta í stað Heimdalls, sem báðir hefðu ekki meiri kostnað í för með sér en hann einn, og annar væri hér á Faxaflóa, en hinn væri annarsstaðar við landið, þá gæti eg greitt atkvæði með henni; því það álít eg hentugra en það sem nú er. Hvað viðvíkur orðum flutningsmanns um, að eg væri eins og að prokúrera fyrir yfirgangsseggjunum, þá finst mér það ekki svaravert, því það var aldrei tilgangur minn, heldur hitt, að varna því, að þjóðin gerði sér minkun með takmarkalausri heimtufrekju og betli. Eg lít nefnilega svo á, að varnarskylda Dana hafi sín takmörk. Hve mörg herskip þyrftu Danir að hafa hér við land til þess að hún yrði álitin fullkomlega fullnægjandi? Eg álít, að þó hér væru 4 eða 6 herskip, þá gætu þau ekki varið svo, að trollbátarnir aldrei skytust í landhelgi; því veldur bæði stærð landsins og þokur, einkum við austurlandið. Eg sé því ekki ástæðu til fyrir flutningsmann, að gera mér getsakir um illan tilgang, þó eg gerði minna úr þessari varnarskyldu Dana en hann. Það er langt frá því að eg vildi drepa málið, en eg vil fá önnur orð og aðra stefnu inn í tillöguna, sem ekki er hægt að koma við nema í nefnd; hún gæti lokið starfi sínu í kvöld, og sting því upp á þriggja manna nefnd.

ATKV.GR. um nefnd. Nefnd feld með 11 : 5 atkv.

Jens Pálsson: Eg vildi að eins skýra frá því í fáum orðum, hversu mikið atvinna manna á þessu svæði líður við það, að þessi yfirgangur trawlaranna á sér stað. Það skal að eins vera stutt viðbót við það, sem þm. G.-K. hafa sagt.

Mér finst þeir menn, sem ekki vilja styðja þetta mál, ekki hafa gert sér glögga grein fyrir því, hversu mikið er í húfi, ef þessum yfirgangi heldur áfram til lengdar. Á þessu svæði, sem útlendingar veiða í landhelgi, eru 7 hreppar, sem eiga allir heill sína undir því, að fiskiveiðar hepnist á opnum bátum. Í Útskálaprestakalli eru 3 hreppar með nær 1600 íbúum, í Kálfatjarnarprestakalli 2 hreppar með nær 1200 íbúum, og í Garðaprestakalli 2 hreppar með nær 1400 íbúum. Þar að auki stunda Seltirningar og nokkurir Reykvíkingar fiskiveiðar á þessum miðum, svo það eru alls alt að c. 5000 manna, þ. e. c $^1/_{15}$ landslýðsins, sem hafa fiskiveiðar á opnum bátum að atvinnu á þessu svæði. Ef þessum yfirgangi heldur áfram, verður $^1/_{15}$ hluti allra Íslendinga sviftur atvinnu sinni. En auk héraðsbúa sjálfra, sem flestir hafa fram að þessum síðustu og verstu tímum haft fiskiveiðar á opnum bátum ýmist að aðalatvinnu eða einkaatvinnu, hafa menn úr öðrum héröðum hópum saman sótt þangað sjóróðra alt til þess, er þessir útlendu yfirgangsseggir tóku að eyðileggja þessa aðalatvinnu manna á nefndu svæði. Eg vildi geta þessa til þess, að benda á, hve mikið er í húfi, ef það er látið viðgangast, að atvinna svo margra manna sé látin gjöreyðileggjast; en enginn vafi er á, að svo fari, ef ekki verður betri strandgæzla á þessu svæði en hingað til hefir verið. Þetta er sönnun fyrir því, að ástæða sé til að fara þess á leit við stjórnina, að fá sérstakan bát einmitt fyrir Faxaflóa. En hvað viðvíkur þeim Íslendingum, sem beint og óbeint taka þátt í hinum ólöglega veiðiskap trollara í landhelgi, sé eg ekkert annað ráð en að

semja sérstök lög, og leggja hegningu við slíku atferli; en héðan af er ekki tími til, að koma slíkum lögum fram á þessu þingi.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að fallast á það með þm. Árn. (Tr. G.), að það sé óviðkunnanlegt, að senda þessa áskorun þannig orðaða, og það væri óneitanlega myndarlegra af oss, að bjóðast til að taka þátt í kostnaðinum. Þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók það fram, að hann vissi ekki, hvernig því tilboði yrði tekið af hálfu stjórnarinnar; en í því sambandi skal eg leyfa mér að minna á það, að þegar Færeyingar í fyrra sendu amtmann sinn til að útvega strandgæzlubát handa sér, buðust þeir til að taka þátt í kostnaðinum. (*Margir*: Úr hvaða sjóði? Þó ekki landssjóði (!!) Færeyinga. Fengu það borgað aftur). Færeyingar borguðu það fé úr amtssjóði; en eg skal ekki þrátta um það. En ef þessi tillaga verður send, sem eg eiginlega hefi ekki á móti, því Danir eru skyldir að verja oss, þá álít eg með þm. Dal., að það verði að semja ný lög viðvíkjandi þeim innlendu óvinum, sem eiga mök við botnverpingana og leiðbeina þeim og aðvara, ef ekki er hægt að koma ábyrgð á hendur þeim eftir núgildandi lögum; því það er megn óánægja í Danmörku einmitt út af þessu. Þegar sú fregn kom í dönsku blöðunum, að botnverpingar hefðu verið aðvaraðir af Íslendingum, þá kom upp illur kurr meðal Dana, og var nærri við búið, að styrkurinn til Heimdalls yrði feldur á ríkisþinginu. Ef vér ekki gerum neitt í þessu máli, þá mun kveða við þann tón, að þessir menn heimti og heimti, en vilji ekkert gera sjálfir. Og þegar stjórnin sér það, er ekki víst að hún hlaupi af sér tærnar til þess að verða við tilmælum okkar. Vér verðum því að gera eitthvað í þessu máli, og reyna að hindra þessa innlendu óvini frá að gera þetta.

Jón Þórarinsson: Eg verð að gera litla athugasemd við ræðu h. þm. Vestm. (V. G.). Hann áleit nauðsynlegt að semja lög til þess, að koma ábyrgð á hendur þeim Íslendingum, sem færu út í botnverpinga og þæðu þar fisk, sem veiddur væri í landhelgi, eða aðvöruðu þá, ef hætta væri á ferðum. Eg get verið honum fyllilega samdóma um þetta. En hitt er víst, að ef varðbátur væri hér, þá mundu engir þora að veiða í landhelgi; það er reynsla fyrir þessu; þegar Heimdallur er hér á ferðinni, sést ekki einn einasti botnverpingur í landhelgi.

Þó að það sé æskilegt, að geta hegnt þeim mönnum, sem gera sig seka í lagabroti, þá er hitt æskilegra, að varna því að lagabrotin séu framin, og að því er þetta mál snertir, þá er það víst, að ólöglegur veiðiskapur í landhelgi mundi ekki eiga sér stað í Faxaflóa, ef hér væri stöðug strandgæzla. En vegna þess, hvernig hér hagar til, verður hún að vera stöðug. Eg vona því, að málið verði látið ganga sinn eðlilega gang; en eg skyldi vera þakklátur háttv. þm. Árn. og Vestm., ef þeir vildu vera hjálplegir þeim, sem vilja finna eitthvert ráð til þess að taka duglega í lurginn á þeim mönnum, sem ganga í lið með þessum útlendu óvinum vorum.

ATKVGR.: Till. samþ. með 16 atkv. gegn 1 og afgr. til Ed.

Bráðabirgðalög.

(Til athugunar).

BRÁÐABIRGÐALØG fyrir Ísland, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ótriði eiga, dags.

29. apríl 1898, og bráðabirgðalög, er nema úr gildi bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga, dags. 24. maí 1899.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg gat þess um daginn, þegar skýrt var frá, að þetta mál mundi koma hér fram, að eg mundi koma fram með rökstudda dagskrá viðvíkjandi lögunum.

Vitaskuld er þetta ekki neitt þýðingarmikið mál, nema einungis með tilliti til þess, ef slíkt kæmi oftar fyrir, og í þessu tilfelli finst mér ekkert vera við aðgjörðir stjórnarinnar að athuga; og tillaga sú, sem eg leyfi mér að afhenda h. forseta, fer fram á að lýsa yfir því, að aðferð stjórnarinnar hafi verið lögmæt ráðstöfun og heppileg eftir kringumstæðunum.

ATKVGR.: Að svo mæltu afhenti þingm. forseta svohljóðandi rökstudda dagskrá:

»Deildin álítur að útgáfa bráðabirgðalaganna 29. apríl 1898 og 24. maí 1899 hafi verið lögmæt ráðstöfun og heppileg af hendi stjórnarinnar, og tekur því næst fyrir næsta mál á dagskrá«;

og var hún sþ. með 18 samhlj. atkv.

Þingdeildin kýs starfsmenn,

21. ágúst.

a. Yfirskoðunarmann landsreikninganna:

Jón Jensson yfirdómara
með 14 atkvæðum.

b. Gæzlustjóra við Landsbankann:

Eirík Briem prestaskólakennara
með 18 atkvæðum.

c. Gæzlustjóra við Söfnunarsjóðinn:

Björn Jensson adjunkt
með 21 atkvæði.

Prentun alþingistíðinda 1899.

Skýrsla forseta á fundi 19. júlí.

Forseti: Áður en gengið er að dagskránni, vildi eg skýra h. deild frá ráðstöfunum til prentunar þingtíðindanna 1899.

Prentsmiðjueigandi ritstjóri Björn Jónsson tekur að sér prentun allra þingtíðindanna, C-deild með sömu kjörum og áður, en A- og B-deild fyrir 37 kr. örkina, og felst þar alt í: ritstjórn og prófarkalestur eigi síður en annað. Til samanburðar skal þess getið, að kostnaður við A- og B-deild nam áður framt að 40 kr. örkin. Eftir nokkurar skriftir milli okkar forsetanna og þeirra manna, er buðust að prenta tíðindin, stóðu sakir svo um síðustu helgi, að bóksali Sigfús Eymundsson bauðst til að prenta A- og B-deildina fyrir 33 kr. örkina, en Björn ritstjóri Jónsson fyri 39 kr. Um C-deildina var engin samkepni. Við forsetarnir vildum þá vinna til að lækka kröfur okkur um prentaðan arkafjölda á viku, til þess að geta sætt lægra boðinu á umræðupörtunum; en þá barst okkur bréf frá Birni ritstjóra Jónssyni þess efnis, að hann tæki alls ekki að sér prentun C deildarinnar, nema hann hefði einnig umræðupartana. Bóksali Sigfús Eymundsson var þá aðspurður um prentun C-deildar, og bauðst hann þá til að taka hana fyrir líkt verð og áður.

Björn ritstjóri Jónsson bauð þannig annars vegar í alt fyrir sig og umráðamann Félagsprentsmiðjunnar. Bóksali Sigfús Eymundsson bauð einnig í alt, og hafði umráð yfir eða samninga við hinar tvær prentsmiðjur bæjarins.

Til prentunar á C-deildinni þurfa prenttæki að vera mjög mikil og vinnukraftur eigi síður, og vildum við forsetarnir

ekki upp á okkar eindæmi tefla á tvær hættur með það, hvort þingvinnan gæti gengið með sínum nauðsynlega hraða, þegar tvær hinar eldri prentsmiðjur væru frá gengnar, og stefndum við þá öllum embættismönnum þingsins til fundar um þetta mál — eru þeir þriðji hluti þingsins — og leituðum við þeirra úrræða í þessum vanda. Við lögðum fram fyrir þá öll bréf, sem gengið höfðu um þetta, og eru þau h. þingdm. einnig til sýnis á skrifstofunni.

En embættismennirnir voru sammála um það, að betra væri að borga nokkuru meir í þetta sinn fyrir prentun þingtíðindanna, en að eiga á hættu að stæði á prentun C deildar eða þingskjalanna, og réðu af að ganga að kostum ritstjóra Björns Jónssonar, ef hann vildi færa prentun A og B deildarinnar niður um 2 kr. á örkinni; og gjörði hann það. Niðurfærsla á kostnaði umræðupartanna nemur þá framt að 300 kr. með sama arkafjölda og síðast.

En í annan stað bárum við forsetarnir upp, og embættismenn þingsins samþyktu þá tillögu, að forsetar deildanna fái umboð til þess milli þinga, að halda undirboð á prentun þingtíðindanna, samkvæmt settum skilmálum, og gjöra eftir þeim bindandi samning um prentun allra deildanna, og það svo tímanlega — heilu eða hálfu ári fyrir næsta þing, — að hver, sem vill og hefir kraftinn til þess, geti aflað sér áhalda og vinnuafls, og sé þegar í þingbyrjun fær um að taka að sér ekki einungis umræðupartana, heldur og þingskjalapartinn; því að, eins og átt hefir sér stað hingað til, hefir samkepni um hann vart getað átt sér stað.

Prentun næstu alþingistíðinda.

(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um prentun næstu þingtíðinda (C. 480); ein umr., 22. ágúst.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það er hinni háttv. deild kunnugt, að í byrjun þings komu tilboð úr 2 áttum um prentun þingtíðindanna, en að ekki var hægt að sinna þessu sökum þess, hvað þau komu seint. Það væri þess vegna gott, að tilboð kæmi fram fyrir þing, og hægt væri að semja um prentun tíðindanna. Að þessu stefnir þessi tillaga, sem, þótt nöfn okkar 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og mitt standi á henni, ekki eiginlega er komin frá okkur, heldur forseta, sem auðvitað mest hefir fengið að kenna á því, hversu óþægilegt er að fá tilboðin um prentunina svo seint. Tillagan fer fram á, að samningar séu gerðir milli þinga, og slíkir samningar ættu að fara fram á miðju ári, til þess að sá sem fær prentunina hafi nægan tíma til að búa sig út og nægileg trygging sé fyrir, að hann hafi nægan mannafla o. s. frv.

Það hefir oft verið kvartað yfir, að prentun þingtíðindanna væri nokkuð dýr; en það, að fleiri en einn verða um boðið, ætti að verða til þess, að prentunarkostnaðurinn yrði svo lítill, sem unt væri.

Þegar þetta mál var til umræðu í gær í Ed., var það tekið út af dagskrá með rökstuddri dagskrá, af því það þótti ekki viðurkvæmilegt, að þingmál væri lagt undir úrskurð landshöfðingja. Oss flutningsmönnum stendur auðvitað á sama um, þó þetta verði einnig gert hér, og eg hefi hér rökstudda dagskrá, sem fer í sömu átt og sú, er samþykt var í Ed. í gær; en eg ætla ekki að bera hana upp strax.

Valtýr Guðmundsson: Mig furðaði á

þessari tillögu, þegar eg sá hana; því að mínu áliti hefir deildin enga heimild til að samþykkja hana, því hún fer í bága við gildandi lög. 5. gr. þingskapanna tekur það skýrt fram, að þetta heyri undir forseta; og ef menn halda, að vald forseta vari ekki nema á meðan þing stendur yfir, þá skal eg benda mönnum á, að þeir þurfa ekki að lesa langt til þess að sjá það, að forsetar balda sínu valdi þangað til næsta þing kemur saman. Það verður því að breyta gildandi lögum, ef þessi tillaga á að verða samþykt. Mér finst þess vegna, að forseti ætti að vísa tillögunni frá. Mér er þetta ekki kappsmál, en þetta er mín skoðun á málinu. Þingið á ekki að afsala sér neinu valdi í hendur stjórnarinnar, og það væri víst eins dæmi, ef þetta þing gerði það; en það er varhugaverð braut að leggja inn á.

Forseti (*Þórhallur Bjarnarson*): Það, sem kann að vera athugavert við þessa þingsál.till., er formið; en efni hennar er bein afleiðing af því, sem embættismenn þingsins komu sér saman um á fundi, sem þeir héldu í miðjum júlí og skýrt var frá í báðum deildum. Niðurstaðan á þeim fundi varð, að nauðsynlegt væri að gera samning um prentun þingtíðindanna milli þinga.

Sem stendur er lítt mögulegt ef ekki ómögulegt nema fyrir eina prentsmiðju hér að prenta C-deild alþingistíðindanna. Ef einhver annar vildi bjóða í það, þyrfti hanu að vita það hálfu eða heilu ári áður, til þess að hann gæti búið sig undir það; prentun þingskjalanna þarf mikinn viðbúnað, og enginn leggur í þann stórkostnað nema hann eigi prentunina vísa samkvæmt settum skilyrðum og lægsta boði. Forsetar þingsins vildu fá heimild til að gera slíkan samning í tæka tíð fyrir næsta þing, en treystu sér tæplega til að gera það án samþykkis þingsins.

Hinn háttv. forseti Ed. taldi það hæpið formsins vegna, að þingið sneri sér að forsetunum, heldur yrði að beina till. til hins hæstv. landsh.; landshöfðingi sá fyrir sitt leyti heldur ekkert á móti því, en treysti því, að forsetarnir ynnu alt verkið.

Ed. þótti þetta ekki heyra undir landsstjórnina og mun hafa í huga rökstudda dagskrá, að láta forsetana vita, að þeir hefðu heimild þingsins til að gera samning um prentun þingtíðindanna. Háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) er fús á að bera upp þannig lagaða rökstudda dagskrá, og þar með er tilganginum náð.

Það er þægilegt fyrir væntanlega forseta, að eiga ekki yfir höfði sér í þingbyrjun alla þá rekistefnu, sem vanalega er út af prentun þingtíðindanna. Þegar svo búið væri að fá prentunina svo ódýra, sem auðið er, með því að gefa kost á samkepni, mætti búast við því, að þingið hefði á næstu árum jafnan að vísum að ganga, sem væri bezt fyrir báða parta.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal lýsa því yfir, að eg er samþykkur því, að þetta sé gert á milli þinga, til þess að menn hafi nægan tíma til umhugsunar, og það þurfi ekki að ganga í þessum rekistefnum, sem það hefir gengið á undanfarandi þingum. En eg álít, að forsetarnir hafi fullkomna heimild til þessa samkvæmt þingsköpunum. Og þeir eru alveg eins settir, eins og hverjir aðrir stjórnendur; t. a. m. þegar landshöfðingi eða ráðgjafi gerir einhvern samning, þá er hann bindandi fyrir þeirra eftirkomendur. Eins hlýtur það, sem forsetar þingsins gera í þessu efni, að vera bindandi að minsta kosti fyrir næsta þing á eftir. Eg álít

rangt, að fela landshöfðingja nokkuð í þessu efni; því það er mjög varhugavert, að þingið fari að afsala sér nokkuru af því valdi, sem það hefir, í hendur umboðsvaldsins; en sé tillögunni snúið upp í rökstudda dagskrá — eg hefi ekki séð þessa rökstuddu dagskrá, og veit ekki, hvernig hún er — í þá átt, að forsetarnir geri þetta ef þeir óska að fá yfirlýsingu um, að deildin feli þeim það á hendur, þá hefi eg ekkert á móti því. Þar á móti finst mér það óþarfi, að fela stjórninni slíkt, sem full lagaheimild er til að forsetar þingsins geri, og mér finst, að þar sem það er beinlínis lögákveðið, megi það nægja.

Forseti (*Þórhallur Bjarnarson*): Eg ætla að eins að bæta einu orði við það, sem eg sagði áðan, er eg lýsti því yfir, að það væri sérstaklega háttv. forseti efri deildar, sem hefir óskað að fá yfirlýsingu um þetta frá þinginu, að eg hefði fyrir mitt leyti ekki álitið þörf á henni, heldur treyst mér til að ráða málinu til lykta sem forseti samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 5. gr. þingskapanna, sem eg var vel vitandi um, þegar eg talaði við forseta efri deildar um þessa tillögu.

Fleira hefi eg ekki að segja, nema eg bið deildina að afsaka, að eg fór að ómaka hana af þingbekknum, af því þessu máli er svo sérstaklega varið.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og eg gat um áðan, þá er það okkur flutningsmönnum ekkert kappsmál, að þetta sé fremur falið landsh. en forsetunum; því vér treystum þeim til að gera það sem nauðsynlegt er í þessu efni, því fremur sem mótmæli hafa komið á móti því bæði í Ed. og hér, að fela landsstjórninni þetta á hendur. Eg leyfi mér því að koma með rökstudda dagskrá í þá átt, er eg tók fram áðan.

ATKVGR: Að svo mæltu afhenti þingmaðurinnn forseta rökstudda dagskrá svolátandi:

»Deildin felur núverandi deildaforsetum að gera samninga milli þinga um prentun næstu þingtíðinda og tekur fyrir næsta mál á dagskrá«.

Og var hún samþykt með 20 samhlj. atkv.

Lenging þingtímans.

(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um framlenging þingtímans 1899 (C. 165); ein umr. 24. júlí.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Eg hefi leyft mér að koma fram með þessa tillögu á þingskj. 165 í tilefni af því, að málefni þau, sem liggja fyrir þinginu, hafa aukist svo og margfaldast, að afleiðingin hlýtur að verða sú, að bætta verður við ýms mál óútrædd, eins og reynslan sýnir að orðið hefir á undanförnum þingum, og mun slíkt ekki verða síður nú, þar sem nú eru óvanalega mörg og einkanlega stór mál fyrir þinginu. Það hefir og sýnt sig, að sumum málum hefir verið helzt til mikið flaustrað af vegna tímaskorts, og hefir slíkt ekki heppilegar afleiðingar. Eg skal játa það, að í þetta sinn verður að hraða málum, eins og að undanförnu, sökum þess, að þó tillagan verði samþykt, fáum vér ekki leyfi stjórnarinnar fyr en komið er að venjulegum þingslitum; en samt sem áður álít eg brýna ástæðu til þess, að fá leyfi til að bæta við þingtímann að minsta kosti nokkurum dögum, og þó að farið sé fram á 2 vikur í till. framyfir hinn vanalega þingtíma, þá er eg sannfærður um, að slíkt leyfi verður ekki brúkað um skör fram. Eins og tillagan er orðuð, er ekki farið fram á, að þingið endilega sitji 2 vikum leng-

ur, þar sem sagt er sama sem alt að hálfum mánuði.

Eg vona, að hæstv. landsh. verði hlyntur tillögunni, því auðvitað gerir það mjög mikið til, bæði með þetta og annað, hvernig hann tekur í málið.

Eg hygg, eftir þeirri þekkingu, sem eg hefi um gang mála hér á þinginu, að ekki muni veita af því að fá þingið lengt eins og hér er farið fram á, eftir því hvað mikið er óafgreitt af málum nú, og vona því, að háttv. þingd. sjái ástæðu til, að málið strandi ekki fyrir hennar sök. Með því líka að það er kunnugt, að þegar líður á þingtímann, þá fara málin að vefjast á milli deildanna og taka ýmsum breytingum, sem tefja tímann.

Eg skal svo ekki tala meira á þessu stigi málsins, en vona, að háttv. deild taki mjúkum höndum á till.

Landshöfðingi: Mér fellur illa að eg verð að bregðast vonum míns gamla sýslunga og fornkunningja, háttv. 1 þingm. Rangv. (S. Á.), þar sem eg sé mér ekki fært að leggja með tillögu hans við stjórnina, því eg sé ekki sérstaka ástæðu til þess fremur nú en á undanförnum þingum, að lengja þingtímann fram yfir þann hálfa mánuð, sem eg hefi umboð til að lengja hann, en það mun verða notað, ef þörf gerist. Eftir því, sem mér er kunnugt um, hvað málum er komið áleiðis í þinginu, mun ekki hætta á, að nein stórmál þurfi að deyja út. Fjármálanefnd þingsins mun vera eins langt komin nú og á undanförnum þingum um sama leyti, svo engin hætta er á því, að fjárlögin komist ekki af. Hvað önnur stórmál snertir, eru þau líka komin langt. Stjórnarskráin er nú í dag til 3. umr. í Ed., og 2 merkileg mál, er snerta bankann, eru komin þaðan og verða hér til 1. umr. í dag, og verður þeim væntanlega vísað til nefndar.

Yfir höfuð álít eg till. of seint komna fram; en eg hefði ekkert á móti því, að ákvæði yrðu gjörð um það framvegis, að lengja mætti þingtímann fram úr því sem nú er. En mér finst, að háttv. þingmenn eigi heimting á að vita það fyrirfram, áður en þeir fara til þings, hve lengi þeir munu þurfa að vera burtu frá heimilum sínum, svo þeir geti búið sig undir það og ráðstafað heimilum sínum eftir því; og því er sennilegt, að þeir geti ekki verið nú lengur burtu en þeir hafa gjört ráð fyrir áður en þeir fóru að heiman, nema að gjöra það sér í óhag.

Eg get því ekki verið meðmæltur þessari tillögu; en aftur á móti sé eg ekkert á móti því, að landsh. verði veitt leyfi til að lengja framvegis þingtímann, ef þörf er á, í þá átt, sem hér er farið fram á.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg leyfi mér að leggja hér fram till. til rökstuddrar dagskrár, sem eg óska að h. forseti beri undir atkv. þegar umr. þessari er lokið, en til stuðnings till. vil eg vitna í ræðu hæstv. landsh., þar sem hann tók fram, að það væri of seint að koma með þinglengingartill. nú; því mjög margir h. þm. geti ekki verið miklum mun lengur frá heimili sínu að þessu sinni. Yrði það ofan á, mundu margir þurfa að biðja um heimfararleyfi, svo loks mundu ekki nægur fjöldi eftir, svo þingfært yrði. Eg vona því, að háttv. þingd. sjái, að það er engin meining í því, að senda áskorun um það, að fá þingið lengt nú um hálfan mánuð eða að miklum mun fram yfir hinn vanalega tíma.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Eg sé að till. minni muni ekki ætla að blása byrlega, eftir umræðum þeim, sem komnar eru. En út af orðum h. landsh. og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) skal eg taka það fram, að hér er ekki farið fram á

mikla lengingu þingtímans, og þörf tillögunnar er mikið komin undir því, hvort h. landsh. vildi lengja þingið um 3—4 daga upp á sína ábyrgð, ef nauðsyn krefði, fram yfir þann tíma, sem honum er beinlínis leyft, og þætti mér vænt að fá svar hans þar að lútandi.

Annars blýt eg að furða mig á undirtektum hæstv. landsh., og að hann skuli hafa á móti till.; því að það hlýtur að vera töluverður ábyrgðarhluti fyrir hann, ef eitthvert áríðandi mál stæði svo illa að vígi í þinglok, að það yrði ekki útrætt sökum tímaskorts; og þar sem hann sagði, að sér væri kunnugt, að hin helztu mál væru komin svo langt áleiðis í þinginu, að þau mundu komast af í tækan tíma, þá þekkjum vér, að oft hafa komið tafir og vafningar komið á mál, þegar fram í hefir sótt, þótt álitlega hafi gengið í fyrstu.

Eg skal gjarna játa, að það geti verið óþægilegt fyrir h. þingm., sem langt eru að, að vera lengur burtu frá heimilum sínum en þeir hafa gert ráð fyrir áður þeir fóru að heiman; en úr því að þeir hafa gefið sig að þingstörfum, álít eg að þeim sé skylt að vera ekki of bráðir að skunda af þingi, sé nauðsyn á, að þeir dvelji þar lengur, og það jafnvel þó heimili þeirra kunni að bíða baga af.

Að öðru leyti er eg þakklátur hæstv. landsh. fyrir orð hans að því leyti, að æskilegt væri væri að fá heimild til að lengja þingið framvegis, ef þörf væri á, og ef till. þessi gæti haft þann árangur, er betur farið en heima setið. Því eins og hann sagði, lít eg svo á, að það muni fást, ef farið er fram á það. En hvað till. snertir, játa eg, að hún hefði átt að koma fyr, svo þingið hefði getað fengið svar stjórnarinnar um hana töluvert fyrir þinglok.

Landshöfðingi: Eg skal samkvæmt ósk h. flutningsm (S. Á.) geta þess, að þar sem eg hefi áður leyft mér, upp á væntanlegt æðra samþykki, að lengja þingið um 1 eða 2 daga fram yfir þann tíma, sem mér er beinlínis heimilað, ef eg hefi séð það bráðnauðsynlegt, þá mun eg voga mér að gjöra það einnig nú, ef brýn nauðsyn krefur, sérstaklega vegna fjárlaganna; en eins og eg hefi áður tekið fram, þá er svo langt komið helztu málunum, að eg ímynda mér, að ekki muni til þess koma, að þurfa að gjöra það. Auðvitað geta komið ný frumv. fram eftir öllu þingi, og ætti að bíða eftir, að þau væri öll útkljáð, gætu menn setið fram til jóla á þingi; en vafasamt er, hvort öll slík frumv. eru nauðsynleg; og þar sem talað er í till. um mál, sem séu landinu til viðreisnar, þá veit eg ekki, að nein slík mál séu á ferðinni, sem nauðsynlegt sé að útkljá á þessu þingi.

ATKVGR.: Þá var borin upp til atkvæða svo látandi tillaga til rökstuddrar dagskrár frá þm. V.-Sk., Guðlaugi Guðmundssyni:

»Deildin lætur þá ósk sína í ljósi, að samverutími þingsins verði á svipaðan hátt og venja er til lengdur um fáeina daga, ef það reynist nauðsynlegt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá«.

Og var hún samþykt.

Á fundi deildarinnar 11. ágúst tók

Forseti þannig til máls: Áður en næsta mál á dagskrá er tekið fyrir, vil eg nota tækifærið, er hæstv. landsh. er staddur í salnum, til að minna á, að í dag hefir þingið staðið yfir hinn lögbundna 6 vikna tíma; leyfi eg mér að beina þeirri ósk til hæstv. landsh., að hann lengi þingtímann, eins og venja hefir verið til, svo að ráða megi til lykta þeim málum, sem enn eru óútkljáð á þessu þingi.

Landshöfðingi: Samkvæmt ósk hins hæstv. forseta og heimild þeirri, er

mér er veitt með konungsbréfi dags. 17. maí þ. á., lengi eg hér með þingtímann til 25. þ. m., að þeim degi meðtöldum.

Ávarp til konungs.

TILLAGA til þingsályktunar um ávarp til konungs (C. 568); ein umræða, 26. ágúst.

ATKV.GR.: Tillagan var samþ. í e. hlj. og þar með ávarpið (C. 568). Landshöfðingja síðan falið á hendur að afgreiða það til konungs.

Þinglok í neðri deild,

26. ágúst kl. 12 á hád.

Forseti: Fundir deildar þessarar eru nú á enda, og skrá yfir það, sem afkastað er, mun verða útbýtt meðal h. þm. í sameinuðu þingi í dag. Afgreidd lög frá þinginu eru hér um bil jafn mörg og frá undangengnum þingum. Málafjöldinn hefir ekki verið meiri á þessu þingi en áður, en mörg hafa málin verið yfirgripsmikil og vandasöm, og sennilega höfum vér aldrei fundið til þess eins berlega og nú, hve ónógur þingtíminn er, til að sinna svo mörgum og mikilsverðum málum, ef alt á að vera í góðu lagi, og er það orðið alvarlegt íhugunarefni fyrir stjórn og þing. Vér göngum frá störfum vorum með þeirri von, að margt af því, er vér höfum gjört, muni verða þjóðinni til heilla og þrifa, og vér getum borið það hver með öðrum, að vér höfum lagt fram mikla vinnu þennan stutta tíma, og einlægan vilja.

Að svo mæltu þakka eg persónulega háttv. þingdm. fyrir allan greiðleik sinn og góðan huga við mig, og sérstaklega skrifurunum mér til beggja handa fyrir alla þá velvild og leiðbeiningar, er þeir hafa látið mér í té.

Þá var gjörðabók þess fundar upp lesin og samþykt, og að því búnu var *fundi slitið*.